
Tímarit

LÖGRÉTTU

1. hefti - 14. árg. 2018

Íslenskur bótaréttur

Dr. Guðmundur Sigurðsson og Anna Lilja
Ragnarsdóttir
Skattaleg meðferð bótagreiðslna

Dr. Guðmundur Sigurðsson og Guðrún Lilja
Sigurðardóttir
*Tímabundið og varanlegt fjártjón heimavinnandi
einstaklinga*

Dr. Guðmundur Sigurðsson og Helga
Sæmundsdóttir
Slysatrygging launþega

Dr. Guðmundur Sigurðsson, Sigrún
Ísleifsdóttir og Bergþóra Ingólfssdóttir
Sjúkerasjóðir stéttarfélagi

Dr. Guðmundur Sigurðsson og Sveinbjörn
Claessen
*Ákvörðun bóta vegna varanlegrar örorku barna og
námsmanna*

Annað efni

Svala Ísfeld Ólafsdóttir
*#MeToo-byltingin: Konur innan réttarvörslukerfisins
rjúfa þögnina*

Nýtt fræðirit á sviði fjölmiðlaréttar

Sindri M. Stephensen
Réttaradstoðarváttryggingar

Pétur Hrafn Hafstein
Sáttamiðlum í sakamálu

Ábyrgðarmaður: *Arnar Þór Jónsson*

Útgefandi: *Tímarit Lögrétta*

Prentvinnsla: *Litlaprent ehf.*

ritstjorn@timarit.logretta.is

www.timarit.logretta.is

ISBN 978-9979-72-750-7

ISSN 1670-5300

Ritryndar greinar í tölublaði þessu hafa staðist þær fræðilegu kröfur sem gerðar eru samkvæmt leiðbeiningar- og ritrýnireglum Tímarits Lögrétta.

Ritstjórn

Arnar Þór Jónsson ritstjóri

Svala Ísfeld Ólafsdóttir ritstjóri

Eiríkur Elís Þorláksson

Sigríður Árnadóttir

Stefán Eiríksson

Framkvæmdastjóri

Þór Jónsson

Heiðursritnefnd

Bryndís Hlöðversdóttir

Davíð Þór Björgvinsson

Guðmundur Alfreðsson

Ingibjörg Benediksdóttir

Ingveldur Einarsdóttir

Jakob Þ. Möller

Jóhann Hjartarson

Ragnar Aðalsteinsson

Ragnheiður Harðardóttir

Ragnhildur Helgadóttir

Sigríður Friðjónsdóttir

Símon Sigvaldason

Útgáfustjóri

Brynjar Freyr Garðarsson

Útgáfunefnd

Esther Ýr Óskarsdóttir

Óttar Ásbjörnsson

Björn Róbert Sigurðarson

Umbrot

Litlaprent ehf.

Ljósmyndari

Hjalti Þór Davíðsson

Myndir frá Lagadegi 2018 koma frá Lögmannafélagi Íslands

Mynd af Sindra M. Stephensen kemur frá honum sjálfum

Prentvinnsla

Litlaprent ehf.

Efnisyfirlit



4 » Frá ritstjóra
#MeToo-byltingin: Konur innan réttarvörslukerfisins rjúfa þögnina

Íslenskur bótaréttur

18 » Dr. Guðmundur Sigurðsson
Greinar um íslenskan bótarétt

22 » Dr. Guðmundur Sigurðsson og Anna Lilja Ragnarsdóttir
Skattaleg meðferð bótagreiðslna

70 » Dr. Guðmundur Sigurðsson og Guðrún Lilja Sigurðardóttir
Tímabundið og varanlegt fjártjón heimavinnandi einstaklinga

106 » Dr. Guðmundur Sigurðsson og Helga Sæmundsdóttir
Slysatrygging launþega

158 » Dr. Guðmundur Sigurðsson, Sigrún Ísleifsdóttir og
Bergþóra Ingólfsdóttir
Sjúkra sjóðir stéttarfélaganna

210 » Dr. Guðmundur Sigurðsson og Sveinbjörn Claessen
Ákvörðun bóta vegna varanlegrar örorku barna og námsmanna



Annað efni

266 » Nýtt fræðirit á sviði fjölmiðlaréttar eftir Halldóru Þorsteinsdóttur og dr. Eirík Jónsson

270 » Sindri M. Stephensen
Réttaraðstoðarváttryggingar

324 » Pétur Hrafn Hafstein
Sáttamiðlun í sakamálum

Frá ritstjóra

#MeToo-byltingin

Konur innan réttarvörslukerfisins

rjúfa þögnina

» **Svala Ísfeld Ólafsdóttir** sérfræðingur í dómsmálaráðuneytinu og dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík

Hinn 5. október 2017 var skýrt frá því í New York Times að hinn sextíu og fimm ára gamli kvikmyndaframleiðandi og Óskarsverðlaunahafi, Harvey Weinstein, væri sakaður um kynferðisbrot gegn tugum kvenna á þrjátíu ára tímabili.¹

Ásakanirnar á hendur Weinstein opnuðu flóðgáttir. Konur í öðrum löndum hófu að deila reynslusögum af kynferðisofbeldi og kynferðislegri áreitni undir myllumerkinu #metoo. Konur, sem tilheyrðu sömu starfsstétt eða voru í sömu stöðu, stofnuðu með sér hópa á samfélagsmiðlum þar sem þær sögðu hver annarri frá ofríki, kynbundnu eða kynferðislegu áreitni eða ofbeldi sem þær höfðu orðið fyrir. Í skjóli trúnaðar fengu konurnar útrás fyrir sárar minningar,

¹ Pistill þessi er að stofni til erindi sem ritstjóri flutti á Lagadaginn 2018 í Hörpu, sem félög lögfræðinga, dómara og lögmanna stóðu að, í málstofu undir yfirskriftinni: *#metoo byltingin og hvað svo?*



DAGURINN 2018

*Á Lagadaginn í Hörpu
27. apríl 2018.*

erfiðar tilfinningar, lítillækkun, ósanngirni og niðurlægingu. Þær gátu verið öðrum konum til hughreystingar og uppörvunar og sýnt kynsyrstrum sínum skilning og samkennd.

Á Íslandi mynduðust margir hópar kvenna á örskömmum tíma. Þögnin var rofin, sögurnar og dæmin streymdu fram. Á lokuðum síðum á Facebook skiptust konur á dæmisögum. Frásagnirnar birtust undir nafni. Ef kona vildi ekki láta rekja sögu til sín gat hún sent hana á ábyrgðarmann innan hópsins sem kom henni á framfæri.

Margir hópar stigu fram opinberlega og gáfu út yfirlýsingar þar sem afhjúpaður var óþægilegur veruleiki. Yfirlýsingarnar voru studdar sláandi dæmum. Konur í stjórn málum riðu á vaðið 24. nóvember 2017, sögðust vera hættar að þegja og birtu 136 sögur úr sínum hópi. Á næstu tveimur mánuðum birtu til viðbótar fjórtán hópar kvenna sögur sínar opinberlega, ásamt yfirlýsingu og ákalli um breytingar. Sextándi hópurinn, #metoo fjölskyldutengsl, bættist síðan við 23. apríl 2018. Samkvæmt tölum frá Jafnréttisstofu 31. janúar 2018 höfðu yfir fimm þúsund konur á Íslandi skrifað undir yfirlýsingar og frásagnir 776 kvenna birst.² Enn fleiri konur hafa skrifað undir yfirlýsingar og frásögnum fjölgað síðan þær tölur voru teknar saman.

Birting frásagna kvenna í stjórn málum varð Kolbrúnu Gardarsdóttur, lögmanni og formanni Félags kvenna í lögmennsku, hvatning til að stofna lokaðan hóp á Facebook fyrir konur innan íslenska réttarvörslukerfisins.³ Hún bjó til hópinn 22. nóvember 2017, en viku fyrr höfðu 4455 konur innan sænska réttarkerfisins gefið út yfirlýsingu og lýst rótgróinni menningu ofbeldis og kynjamisréttis innan sænska dómskerfisins. Yfirlýsingin var innblásin af #metoo byltingunni og kom í kjölfar yfirlýsingar 578 sænskra leikkvenna sem lýstu kynferðisofbeldi í sinni stétt.

² #Metoo – Áfram gegn ofbeldi. Frétt á vefsíðu Jafnréttisstofu 31. janúar 2018, <http://www.jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=ReadNews3&ID=1413&CI=0>

³ Í þessu sambandi má benda á pistil eftir Kolbrúnu Gardarsdóttur í Lögmannsblaðinu undir fyrirsögninni: *Hugleiðingar um #metoo byltinguna*, 4. tbl. 2017, bls. 28.

#MeToo hópar kvenna sem hafa birt yfirlýsingar opinberlega

- 1) Konur í stjórn málum, 24. nóvember 2017
- 2) Konur í sviðslistum og kvikmyndagerð, 27. nóvember 2017
- 3) Konur í vísindum, 30. nóvember 2017
- 4) Konur í réttarvörslukerfinu, 7. desember 2017
- 5) Konur í tækni-, upplýsinga- og hugbúnaðariðnaði, 7. desember 2017
- 6) Konur í tónlist, 7. desember 2017
- 7) Konur í fjölmiðlum, 11. desember 2017
- 8) Konur í flugi, 11. desember 2017
- 9) Konur í læknastétt, 11. desember 2017
- 10) Konur í heilbrigðisþjónustu, 15. desember 2017
- 11) Konur innan menntageirans, 15. desember 2017
- 12) Konur í iðngreinum, 22. desember 2017
- 13) Konur í íþróttum, 11. janúar 2018
- 14) Konur í prestastétt, 15. janúar 2018
- 15) Konur af erlendum uppruna, 25. janúar 2018
- 16) Fjölskyldutengsl, 23. apríl 2018

Íslenski hópurinn varð strax mjög virkur og fjölgaði í honum dag frá degi. Hann telur nú 731 konu. Fjöldi frásagna og dæma barst. Hópurinn sendi síðan frá sér sameiginlega yfirlýsingu, aðeins tveimur vikum eftir að hann var stofnaður, undir yfirskriftinni „Þögnin rofin“.⁴ Þar er fullyrt að kynbundin og kynferðisleg áreitni og ofbeldi sé vandamál innan réttarvörslukerfisins – eins og í öllum lögum samfélagsins – og kallað eftir því að vinna við að uppræta þá menningu sem það þrífst í verði sett í forgang. Alls skrifuðu 156 konur undir yfirlýsinguna og henni fylgdu 45 dæmisögur.

⁴ *Þögnin rofin: Konur úr réttarvörslukerfinu segja frá ofbeldi, áreitni, niðurlægingu og smámun.* Visir.is 7. des. 2017, <http://www.visir.is/g/2017171209026>

Daginn eftir að yfirlýsing kvenna í réttarvörslukerfinu var birt barst stuðningur frá nýstofnuðu femínistafélagi stúdentna við lagadeild Háskóla Íslands, sem heitir Auður, eftir Auði Auðuns, fyrstu konunni sem lauk lagaprófi árið 1935, en hún varð síðar borgarstjóri og okkar fyrsti kvenráðherra. Þar er krafist breytinga á viðhorfum og hegðun innan lögfræðingastéttarinnar, réttarvörslukerfisins og lagadeildar Háskóla Íslands.⁵

Sögurnar innan #metoo hóps kvenna í réttarvörslukerfinu eiga samhljóm í niðurstöðum rannsóknar sem Katrín Johnson mannfræðingur gerði á þremur lögmannsstofum 2016. Markmið rannsóknarinnar var annars vegar að kanna hvort kynjahlutfall hefði áhrif á vinnustaðamenningu, vinnustadasamskipti og andrúmsloft á lögmannsstofu og hins vegar hvort kyn og kyngervi hefði áhrif á persónulegt vald lögmanna.⁶ Niðurstöðurnar eru skýrar: Konur í lögmannastétt þurfa að hafa meira fyrir trúverðugleika og fagmannlegri ímynd út á við en karlar. Þær þurfa að berjast fyrir sínu að öllu leyti. Karlar í lögmannastétt hafa sjálfkrafa trúverðugleika í krafti kyns síns og upplifa ákveðna virðingu. Í krafti kyns síns hafa karlar jafnframt meira vald en konur í sömu stöðu og það án nokkurrar fyrirhafnar.

Í viðtali við Lögmannablaðið var Katrín spurð að því hvað hefði komið henni mest á óvart í rannsókninni. Hún svarar: „Hvað karllæg gildi og gamaldags, steriótýpískar hugmyndir um kynin eru enn ráðandi þrátt fyrir að konum í lögmennsku hafi fjölgað jafn mikið og raun ber vitni. Það kom mér líka á óvart hvað konur glíma oft við mikið rugl og vanvirðingu – þær mæta oft allt öðru viðmóti en karlar í sömu stöðu og búa því í raun við annan veruleika.“⁷

⁵ *Femínískir laganemar krefjast breytinga*. Ruv.is 8. des. 2017, <http://www.ruv.is/frett/feminiskir-laganemar-krefjast-breytinga>

⁶ Katrín Johnson: *Persónulegt og pólitískt. Kynjapólitík og hversdagsleiki á þremur lögmannsstofum*. Lokaverkefni til MA-gráðu í mannfræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Febrúar 2017. Ritgerðina má finna á slóðinni <https://skemman.is/bitstream/1946/26586/1/Katr%c3%adn%20Johnson%20nytt.pdf>

⁷ *Vinnustadasamskipti og kynjapólitík*. Viðtal við Katrínu Johnson í Lögmannablaðinu, 1. tbl. 2018, bls. 20–24.

Konur í lögmennsku búa því í raun við annan veruleika en karlar, er meðal niðurstaðna Katrínar. Þessi niðurstaða staðfestir og rammur inn allt það sem #metoo afhjúpaði. Konur búa enn þann dag í dag við annan veruleika en karlar þótt þær njóti sömu verndar og réttinda og þeir samkvæmt lögum. #Metoo byltingin hefur dregið fram þá staðreynd að konur, sem verða fyrir kynbundnu ofbeldi, áreitni, niðurlægingu eða fyrirlitningu, tilheyra ekki fámennum jaðarhópi heldur koma úr öllum stéttum samfélagsins og starfsgreinum.

#Metoo byltingin felur í sér ákall um breytingar og viðbrögðin hafa ekki látið á sér standa. Allir láta sig þetta varða. Fjölmíðlar flytja fréttir af baráttu kvenna héraðs og erlendis, halda okkur upplýstum og umræðunni lifandi. Vinnustaðir, félagsamtök og stjórnvöld hafa svo sannarlega tekið við sér og boða breytingar. Yfirlýsingar hafa komið um aðgerðir frá háskólasamfélaginu, Alþingi, Landspítalanum, samtökum atvinnuveitenda í sviðslistum, forsætisráðherra, sveitastjórnnum, vinnueftirlitinu, sambandi atvinnurekenda og félagi kvenna í atvinnurekstri svo fátt eitt sé nefnt. Grasrótarhreyfingar eins og Stígamót bjóða upp á ókeypis námskeið fyrir karla sem vilja beita sér í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi. Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála innan Háskóla Íslands bauð upp á námskeið, um réttarstöðuna í málum um kynferðislega áreitni í tilefni af #metoo, sem Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari stóð fyrir.

Í ljós hefur komið að staða kvenna, sem starfa innan réttarvörslu-kerfisins, er í engu frábrugðin stöðu kvenna í öðrum starfsgreinum. Hún einkennist af vanmætti og valdaójafnvægi. Þó að konum í lögfræðingastétt fjölgi hratt og örugglega starfa þær og búa við annan veruleika en karlar. Það tekur á til lengdar að þurfa sífellt að gjalda fyrir kyn sitt og að kyn skuli eitt og sér vera ávísun á ótrúverðugleika og virðingarleysi.

#Metoo byltingin felur í sér ákall um breytingar og félög lögfræðinga eiga að bregðast við og leggja sitt af mörkum til að uppræta þá djúpstæðu og rótgrónu menningu sem ríkt hefur, standa við bakið á konum innan sinna vébanda og grípa til aðgerða. Fyrsta skrefið er að viðurkenna vandann, rjúfa þögnina. Næsta skref hlýtur að vera



Eggert Páll Ólason fundarstjóri og Svala Ísfeld Ólafsdóttir á Lagadaginn í Hörpu 27. apríl 2018.

fræðsla, bæði í laganáminu og í réttindanámi lögmanna. Þá þurfa einstök fagfélög innan lögfræðingasamfélagsins, eins og Dómarafélagið, Lögfræðingafélagið, Lögmannafélagið, Ákærendafélagið, Lögreglustjórafélagið, Félag kvenna í lögmennsku og önnur sambærileg félög að ræða þessi mál eftir því sem tilefni er til. Þessi vandi er ekki lögfræðilegur, hann snýst um uppeldi og menningu og djúpstæð og rótgróin viðhorf til kvenna. Lögin eru varla tæki til að leysa það mál þótt lagaumgjörð geti hjálpað til.

Jafnréttislög kveða skýrt á um að atvinnurekendur, yfirmenn stofnana og félagasamtaka skuli gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni.⁸ Þá er gert ráð fyrir því í vinnuverndarlöggjöfinni að ráðherra setji reglur um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum og það hefur hann gert með reglugerð

⁸ Sbr. 22. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

frá 2015.⁹ Þar er gert ráð fyrir að atvinnurekandi geri áætlun um forvarnir þar sem m.a. kemur fram til hvaða aðgerða skuli gripið í því skyni að koma í veg fyrir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustað o.s.frv. Vitaskuld eru fagfélög innan lögfræðingasamfélagsins, sem nefnd voru að framan, ekki vinnustaðir í skilningi þessara laga og reglna, en engu að síður geta þau beitt sér til að tryggja að þessum ákvæðum sé framfylgt þar sem félagsmenn þeirra starfa. Margir vinnustaðir og stofnanir hafa sett sér slíkar reglur og áætlanir. Má sem dæmi nefna að ríkislögreglustjóri beitti sér fyrir því að komið yrði á fót fagráði lögreglu sem hefur það hlutverk að taka við kvörtunum um áreitni og einelti innan lögreglunnar, vera stjórnendum lögreglustjóraembættanna til ráðgjafar, meta hvort þörf sé á aðstoð eða ráðgjöf annarra fagaðila, meta árangur verklagsreglna og koma með tillögur til úrbóta. Þá vinnur Dómstólasýslan að því að setja sameiginlega stefnu í þessum málum fyrir dómstóla landsins og enn fremur að því að setja fram verkferla fyrir yfirmenn að fylgja þegar mál koma upp.

Í þingsetningarræðu sinni í desember síðastliðnum sagði forseti Íslands m.a., er hann fjallaði um kynferðislega áreitni og ofbeldi: „Hingað og ekki lengra, heyrist um heim allan. ... [Y]firgangur verður ekki lengur liðinn. Við verðum að hlusta, við verðum að gera betur, við sem búum saman í þessu samfélagi. ... [M]álstaðurinn er það sterkur, þörfin það brýn. ... [J]afnrétti, velferð og vernd allra gegn hvers kyns ofríki og aðkasti.“¹⁰

Í þeim tilgangi að stuðla að vernd kvenna í stétt lögfræðinga og jafnstöðu meðal lögfræðinga af báðum kynjum gætu félögin þrjú, sem standa að Lagadeginum, nýtt eldmóð, kraft og reynslu #metoo hóps kvenna, sem starfa eða hafa starfað í réttarvörslukerfinu. Þar er að finna mikinn mannauð og dýrmæta reynslu. Vel kæmi til greina að setja sérstaka #metoo nefnd á laggirnar, sem í sætu fulltrúar frá

⁹ Sbr. e-lið 38. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð nr. 1009/2015, um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

¹⁰ Ávarp forseta Íslands Guðna Th. Jóhannessonar við setningu Alþingis 14. des. 2017, https://www.forseti.is/media/2997/2017_12_14_thingsetning_isl.pdf

félögnum þremur og konur úr #metoo hópnunum. Fulltrúar #metoo hópsins myndu vinna að því að greina umfang vandans, m.a. með því skoða skipulega sögurnar sem fram komu innan hópsins og þann vanda sem þær vitna um og kalla jafnframt eftir hugmyndum og tillögum hjá kynsysturum sínum að aðgerðum til umbóta. Sameiginlega myndu fulltrúar félaganna þriggja og fulltrúar #metoo hópsins vinna markvisst að úrbótum til að tryggja konum innan vébanda þessara félaga jafnstöðu á við karla og þá virðingu sem þær verðskulda. #Metoo er stórmál, þótt það sé það ekki í ströngum lagalegum skilningi eða lögin, sem samfélagslegt tæki, ekki vel til þess fallin að taka á því. Þetta er mikilvægt málefni sem varðar starfsumhverfi okkar, sérstaklega kvenna í stétt lögfræðinga. Málið er stórt í félagslegu og menningarlegu samhengi og varðar alla lögfræðinga.



Dr. Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir, höfundar nýs rits um fjölmiðlarétt, spjalla við Þórhildi Líndal á Flórunni í Grasagarðinum 7. júní 2018.

Um efni blaðsins

Þetta tölublað Tímarits Lögréttu er fyrst og fremst helgað bótarétti. Það geymir fimm fræðigreinar á því sviði eftir dr. Guðmund Sigurðsson prófessor í samstarfi við aðra lögfræðinga. Greinarnar taka á ólíkum viðfangsefnum, en eiga það sameiginlegt að fjalla fyrst og fremst um umfang bótaréttar.

Fjallað er um nýlegt rit á sviði fjölmiðlaréttar, sem Halldóra Þorsteinsdóttir, lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík og dr. Eiríkur Jónsson, prófessor og forseti lagadeildar Háskóla Íslands, stóðu saman að og kom út á vegum Fons Juris í árslok 2017. Þetta er efnismikið fræðirit (461 bls.) á sviði sem sífellt er í mótun og gerjun og því mikill fengur í.

Sindri M. Stephensen, sem nú starfar við EFTA dómstólinn í Lúxemborg, skrifar grein á sviði váttryggingaréttar, n.tt. um réttaraðstoðarváttryggingar, en þær eru hluti margra heimilis- og fasteignatrygginga váttryggingafélaga á Íslandi.

Pétur Hrafn Hafstein, saksóknarfulltrúi hjá embætti héraðssaksóknara, skrifar um sáttamiðlun í sakamálum. Hann gerir grein fyrir stöðu úrræðisins í íslensku refsivörslukerfi, með sérstakri áherslu á afdrif þess og beitingu eftir að tveggja ára tilraunatímabili lauk árið 2008.

Ritstjórn, útgáfunefnd og höfundum efnis eru færðar þakkir fyrir þeirra vinnu og framlag til þessa tölublaðs. Eins er ljósmyndara blaðsins þakkað, en myndirnar voru teknar í Grasagarðinum í Laugardal, þar sem gróðurinn teygði anga sína mót sólu og sumarið færðist yfir dalinn.

Svala Ísfeld Ólafsdóttir og Arnar Þór Jónsson



Útgáfustjórn Tímarits Lögréttu.

F.v.: Esther Ýr Óskarsdóttir, Brynjar Freyr Garðarsson og Björn Róbert Sigurðarson.
Óttar Ashjörnsson vantar á myndina.



*Hjalti Þór Davíðsson, ljósmyndari Tímarits Lögréttu,
myndar höfundu fræðigreina í bótarétti í Grasagardinum
11. júní 2018.*



Greinar um íslenskan bótarétt

Sá sem verður fyrir slysi eða verður óvinnufær af öðrum ástæðum, þannig að vinnugeta hans til frambúðar er verulega skert, ræður oft ekki við þá tekjuskerðingu sem því kann að vera samfara. Almenna reglan í skaðabótarétti er að tjónþoli verði sjálfur að bera tjón sitt, nema ákveðin bótaskilyrði séu uppfyllt. Tjónþoli fær því yfirleitt ekki skaðabætur nema líkamstjónið verði rakið til sakar einhvers annars en hans sjálfs. Því er þó ekki til að dreifa í nærri því öllum tilfellum. Reglur skaðabótaréttarins eru þeim sem orðið hefur fyrir tjóni því ekki alltaf fullnægjandi vörn.

Á Íslandi hefur því verið byggt upp bótakerfi samhliða skaðabótaréttinum. Í dag má í stórum dráttum segja að stoðir hins íslenska bótaréttar séu:

1. Almennatryggingar.
2. Sjúkrajóðir stéttarféлага.
3. Lífeyrissjóðir.
4. Vátryggingar, bæði lögbundnar og frjálssar.
5. Skaðabótaréttur og bótaréttur byggður á samningssambandi.
6. Önnur félagsleg úrræði, s.s. réttur til launa í slysa- og veikindaforföllum og félagsþjónusta sveitarféлага.

Bótarétturinn er því mjög víðfeðmur, blanda opinbers- og einkaréttar. Skoða þarf rétt tjónþola úr hverri þessara stoða fyrir sig til að komast að því hver endanlegur bótaréttur er hverju sinni. Auk þess þarf að athuga samspil þessara bóta og skaðabóta, því samkvæmt skaðabótalögum nr. 50/1993 dragast sumar þeirra frá skaðabótum.



F.v.: Sigrún Ísleifsdóttir, dr. Guðmundur Sigurðsson, Guðrún Lilja Sigurðardóttir, Helga Sæmundsdóttir, Anna Lilja Ragnarsdóttir, Bergþóra Ingólfssdóttir og Sveinbjörn Claessen.

Hér á eftir er að finna fimm fræðigreinar sem allar fjalla um bótaréttarleg viðfangsefni:

1. Guðmundur Sigurðsson og Anna Lilja Ragnarsdóttir, „Skattaleg meðferð bótagreiðslna“. Þar er m.a. fjallað um: Hver er skattaleg meðferð einstakra bótagreiðslna vegna líkamstjóns? Eru allar bótagreiðslur skattskyldar? Er skattfrankvæmd í samræmi við lög? Er tekið tillit til þess við ákvörðun fjárhæðar greiðslna hvort þær eru skattskyldar eða ekki? Að baki greininni liggur mikilvægi þess að fyrir liggji hverju sinni hvernig skattaleg meðferð bótagreiðslna er. Þá fyrst liggur hinn raunverulegi bótaréttur tjónþola fyrir.

2. Guðmundur Sigurðsson og Guðrún Lilja Sigurðardóttir, „Tímabundið og varanlegt fjártjón heimavinnandi einstaklinga“. Greinin fjallar um skaðabætur til þeirra sem nýta vinnugetu sína, að heild eða að hluta, til heimilisstarfa. Tilgangurinn er að kanna réttarstöðu þessa hóps og er áhersla lögð á að rannsaka hvernig heimilisstörf eru verðmetin.

3. Guðmundur Sigurðsson og Helga Sæmundsdóttir, „Slysa-trygging launþega“. Í greininni er leitast við að svara spurningum um það hver eigi rétt á bótum samkvæmt slysastryggingu launþega, hvenær og hvers konar bætur það séu.

4. Guðmundur Sigurðsson, Sigrún Ísleifsdóttir og Bergþóra Ingólfssdóttir, „Sjúkrasjóðir stéttarfélaganna“. Í fyrri hluta greinarinnar er starfsemi sjúkrasjóða stuttlega skoðuð í sögulegu samhengi með áherslu á það hlutverk þeirra að greiða dagpeninga í veikinda- og slysaforföllum. Í síðari hlutanum er sjónum beint að gildandi reglum um greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaganna. Auk þess er í greininni leitast við að meta hvort regluverkið um sjúkrasjóðina og starfsemi þeirra sé til þess fallið að tryggja með sem bestum hætti rétt þeirra sem greiðslanna njóta eða hvort ástæða sé til breytinga.

5. Guðmundur Sigurðsson og Sveinbjörn Claessen, „Ákvörðun bóta vegna varanlegrar örorku barna og námsmanna“. Megin viðfangsefni þessarar greinar er hvernig reikna eigi varanlegt fjártjón þessa hóps samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Meðal annars er leitast við að svara eftirfarandi spurningum: Hvaða árslaun ber að leggja til grundvallar útreikningi á bótum fyrir varanlega örorku barna og námsmanna? Eru lágmarkslaun 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga til þess fallin að tryggja þessum hópi fullar bætur? Hvaða sérsjónarmið geta átt við um mat á örorkuprósentu varanlegrar örorku barna og námsmanna? Hvernig er margfeldisstuðli skaðabótalaga ætlað að tryggja þessum hópi tjónþola fullar bætur?

Sameiginlega er framangreindum greinum ætlað að leggja sitt af mörkum við að teikna upp mynd af íslenskum bótarétti. Þó greinarnar fjalli allar um bótaréttarleg viðfangsefni eru þær efnislega ólíkar. Þá er megin viðfangsefni þeirra umfang bótaréttarins, þ.e. hvaða bætur tjónþoli eigi rétt á hverju sinni, frekar en hvaða skilyrði þurfi að vera uppfyllt til þess að bótaréttur stofnist. Auk þess fjallar ein greinin um skattalega meðferð bóta.

Allar greinarnar byggja að einhverju leyti á BA eða meistararitgerðum sem skrifaðar voru við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Þær eru þó ekki hugsaðar sem styttri útgáfa af þessum ritgerðum heldur var sú leið valin að velja áhugaverð álitæfni til að skrifa um sem með mismunandi beinum eða óbeinum hætti tengist efni viðkomandi ritgerða.

Það er von okkar höfunda að greinarnar komi að góðum notum, bæði við fræðilega umfjöllun um íslenskan bótarétt og ekki síður í daglegri framkvæmd. Þá væntum við þess að sumt það sem fram kemur sé til þess fallið að ýta enn frekar undir faglega umræðu á réttarsviðinu.

Dr. Guðmundur Sigurðsson

Skattaleg meðferð bótagreiðslna

-
- » **Dr. Guðmundur Sigurðsson** prófessor við lagadeild HR
 - » **Anna Lilja Ragnarsdóttir** fulltrúi Sýslumannsins á Suðurlandi
-

Útdráttur

Í þessari grein er fjallað um skattalega meðferð greiðslna vegna líkamstjóna. Í fyrsta lagi er fjallað um allar hugsanlegar greiðslur sem tjónþoli getur átt rétt til vegna líkamstjóns og tæpt á helstu skilyrðum fyrir greiðsluskyldu. Í öðru lagi er fjallað um það hvernig skipan skattamála er á Íslandi og skattskyldu einstaklinga; hverjir eru skattskyldir?, hvaða tekjur eru skattskyldar?, hvernig er útreikningi tekjuskatts og útsvars háttáð? Í þriðja og síðasta lagi er fjallað um það hver skattaleg meðferð einstakra greiðslna er: Hvort allar bótagreiðslur eru skattskyldar? Hvort skattframkvæmd er í samræmi við lög? Hvort tekið er tillit til þess við ákvörðun fjárhæðar greiðslna að hún er skattskyld eða skattfrjáls? Tjónþoli getur átt rétt til fjölda greiðslna að uppfylltum skilyrðum. Skattamálum á Íslandi er skipað með lögum. Langflestar mánaðarlegar greiðslur sem tjónþoli á rétt til eru skattskyldar. Líffryggingarbætur, dánarbætur, miskabætur og bætur fyrir varanlega örorku sem greiddar eru í einu lagi eru skattfrjálsar. Það

virðist þó ekki alltaf hafið yfir vafa hvort skattfrankvæmd sé í fullu samræmi við lög. Þá er við ákvörðun fjárhæðar greiðslna ekki alltaf horft til þess hvernig skattaleg meðferð greiðslnanna er. Það getur leitt til þess að tjónþoli fær tjón sitt ekki alltaf að fullu bætt eða þá að hann fær það ofbætt. Það má því færa rök fyrir því að þörf væri á meira samspili milli bótaréttar og skattaréttar enda liggur raunverulegur bótaréttur tjónþola ekki ljós fyrir en tjónþoli hefur staðið skil á greiðslu skatts af þeim greiðslum sem hann á rétt til.

- 1 Inngangur**
- 2 Bótaréttur tjónþola**
 - 2.1 Bætur fyrir tímabundið fjárhagslegt og ófjárhagslegt tjón
 - 2.2 Bætur fyrir varanlegt fjárhagslegt og ófjárhagslegt tjón
- 3 Skattareglur**
 - 3.1 Skipan skattamála á Íslandi
 - 3.2 Skattskylda einstaklinga
 - 3.2.1 Skattskyldir aðilar
 - 3.2.2 Skattskyldar tekjur
 - 3.2.3 Útreikningur tekjuskatts og útsvars
- 4 Skattaleg meðferð greiðslna**
 - 4.1 Bætur fyrir tímabundinn launamissi
 - 4.2 Fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi
 - 4.3 Lífeyrir og tengdar bætur sem greiddar eru mánaðarlega
 - 4.3.1 Örorkulífeyrir og tengdar bætur
 - 4.3.2 Barnalífeyrir
 - 4.4 Persónuafsláttur
 - 4.5 Þjáningabætur og miskabætur
 - 4.6 Sjúkrahjálpi, sjúkrakostnaður og annað fjártjón
 - 4.7 Örorkubætur ákveðnar í einu lagi
 - 4.7.1 Eingreiddar örorkubætur úr hendi hins skaðabótaskylda
 - 4.7.2 Aðrar eingreiddar bætur
- 5 Niðurstaða**

1 Inngangur

Í grein þessari er fjallað um skattalega meðferð bótagreiðslna vegna líkamstjóns.¹ Í umfjöllun um bótarétt tjónþola hefur tíðkast að beina sjónum fyrst og fremst að bótagrundvellingum og eftir atvikum fjárhæð bóta. Sjaldnast er um að ræða heildstæða umfjöllun um hvað tjónþolinn ber raunverulega úr bitum að teknu tilliti til skattgreiðslna. Hver er hinn raunverulegi bótaréttur? Hvaða fjárhæð fær tjónþolinn í hendur? Tjónþoli getur þurft að greiða tekjuskatt og útsvar af þeim greiðslum sem hann á rétt á vegna slyss líkt og gildir um aðrar tekjur. Því er mikilvægt að kortleggja hvernig skattaleg meðferð bótagreiðslna er. Þá fyrst liggur hinn raunverulegi bótaréttur tjónþola fyrir.

Í stórum dráttum má skipta efnistöfum greinarinnar í þrennt. Í 2. kafla er að finna stutt yfirlit yfir þær greiðslur sem tjónþoli kann að eiga rétt á vegna líkamstjóns og á hvaða grunni slíkur réttur byggir.² Yfirlitið varðar greiðslur vegna tímabundins og varanlegs tjóns. Þá er einnig greint á milli þess hvort tjónið er fjárhagslegt eða ófjárhagslegt.³ Ekki er fjallað um bótagreiðslur vegna banaslysa.

Í 3. kafla verður stuttlega fjallað um skipan skattamála á Íslandi og skattskyldu einstaklinga; hverjir eru skattskyldir, hvaða tekjur eru skattskyldar og að lokum hvernig útreikningi tekjuskatts og útsvars er háttað.

Í 4. kafla er síðan að finna meginviðfangsefni greinarinnar, þ.e. umfjöllun um skattalega meðferð einstakra bótagreiðslna. Í tengslum við þá umfjöllun verður m.a. leitast við að svara eftirfarandi spurningum: Eru allar bótagreiðslur skattskyldar? Er skattfrankvæmd í samræmi við lög? Er við ákvörðun um fjárhæð bóta tekið tillit til þess hvort þær eru skattskyldar eða ekki?

¹ Í greininni er að nokkru stuðst við meistararitgerð um skattalega meðferð greiðslna vegna vinnuslysa sem Anna Lilja Ragnarsdóttir skrifaði við lagadeild Háskólans í Reykjavík á vorönn 2008. Leiðbeinandi hennar var Guðmundur Sigurðsson.

² Í meistararitgerð Önnu Lilju Ragnarsdóttur, (n.1) er að finna ítarlegri umfjöllun um einstök bótaskilyrði.

³ Fjárhagslegt tjón er: „... það tjón, sem metið verður til peninga eftir almennum hlutlægum mælikvarða.“ Ófjárhagslegt tjón hefur verið skilgreint sem tjón sem: „... ógerlegt er að styðjast við annan mælikvarða en einstaklingsbundnar hugmyndir manna um verðmæti þeirra gæða (hagsmuna), sem raskað hefur verið, ...“ Arnljótur Björnsson, *Skaðabótaréttur - kennslubók fyrir byrjendur* (2. útg. Bókautgáfa Orators 1999) 23.

2. Bótaréttur tjónþola

2.1 Bætur fyrir tímabundið fjárhagslegt og ófjárhagslegt tjón

<i>Tegund tjóns</i>	<i>Heiti bótagreiðslu</i>	<i>Bótagrundvöllur</i>
<i>Fjárhagslegt tjón</i>		
	Slysalaun	1. Lög nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. 2. Kjarasamningar. 3. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.
	Dagpeningar	1. 11. gr. laga nr. 45/2015, um slysatryggingar almannatrygginga (hér eftir LSA). 2. A-liður 4. mgr. 42. gr. laga Alþýðusambands Íslands frá árinu 2000, sbr. einnig 2016. 3. A-liður 2. tölul. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985. 4. Kjarasamningar. 5. Vátryggingarskilmálar.
	Endurhæfingarlífeyrir	7. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð (hér eftir LFA).
	Tímabundið atvinnutjón	1. mgr. 1. gr. og 2. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 (hér eftir SKBL).
	Annað fjártjón	1. mgr. 1. gr. SKBL.
	Sjúkrahjálp	10. gr. LSA.
	Sjúkrakostnaður	1. mgr. 1. gr. SKBL.
	Fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi	Lög nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.
<i>Ófjárhagslegt tjón</i>		
	Þjáningabætur	1. mgr. 1. gr. og 3. gr. SKBL.

2.2 Bætur fyrir varanlegt fjárhagslegt og ófjárhagslegt tjón

<i>Tegund tjóns</i>	<i>Heiti bótagreiðslu</i>	<i>Bótagrundvöllur</i>
<i>Fjárhagslegt tjón</i>		
	Örorkubætur úr slysatryggingum	1. Kjarasamningar. 2. B. liður 2. tölul. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985. 3. Reglur nr. 30 og 31/1990 um skilmála slysatryggingar ríkisstarfsmanna. 4. Reglur nr. sl-1 og 2/90, um skilmála slysatryggingar starfsmanna Reykjavíkurborgar 5. Vátryggingarskilmálar.
	Örorku- og barnalífeyrir frá lífeyrissjóði	1. mgr. 13., 15. og 17. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrissjóða.
	Sjúkrakostnaður og annað fjártjón	1. mgr. 1. gr. SKBL.
	Bætur frá Almanna- tryggingum: - Örorkubætur. - Aldurstengd örorkuuppbót. - Tekjutrygging. - Barnalífeyrir. - Heimilisuppbót. - Frekari uppbætur.	1. 12. gr. LSA. 2. 21. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar (hér eftir ATL). 3. 22. gr. ATL. 4. 3. gr. LFA. 5. 8. gr. LFA. 6. 9. og 10. gr. LFA.
	Bætur fyrir varanlega örorku	5.-7. gr. SKBL.
<i>Ófjárhagslegt tjón</i>		
	Sanngirnibætur	12. laga nr. 47/2010, um sanngirnibætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007.
	Miskabætur	4. gr. og 26. gr. SKBL.

3. Skattareglur

3.1 Skipan skattamála á Íslandi

Af 40., 77. og 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944 leiðir að það er í höndum löggjafans að leggja á, breyta eða afnema skatt og óheimilt er að leggja á skatt með afturvirkum hætti. Ákvæðin eru svohljóðandi:

40. gr. Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild.

77. gr. Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.

2. mgr. 78. gr. Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir.

Frekari leiðbeininga nýtur ekki við, hvorki í stjórnarskrá né almennum lögum, um hvernig skattalöggjöfin skuli úr garði gerð. Þó hefur verið talið að eignarréttarákvæði 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar setji löggjafanum ákveðin mörk. Þá verður löggjafinn að leggja á skatta eftir almennum efnislegum mælikvarða og gæta jafnræðis, sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar.⁴ Að öðru leyti hefur löggjafinn fjálst val um útfærslu skattkerfisins svo lengi sem hann gerir það með lögum. Þá ber að hafa í huga að skýra ber lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES samninginn og þær reglur sem á honum byggja.⁵

Af framangreindu leiðir að stjórnvöld, þar á meðal skattyfirvöld, eru bundin af þeim lögum sem löggjafinn hefur sett. Þessi regla hefur

⁴ Gunnar G. Schram, *Stjórnskipunarréttur* (Háskólaútgáfan 1999) 557 og Hrd. 1965, 424.

⁵ Sjá t.d. bindandi álit nr. 1/08 frá Ríkisskattstjóra frá 4. febrúar 2008; <<https://www.rsk.is/fagadilar/bindandi-alit/nr/649>> skoðað 16. maí 2018.

verið nefnd lögmatísreglan. Í henni felst annars vegar að ákvarðanir stjórnvalda verða að eiga sér stoð í lögum og hins vegar að þær mega ekki vera í andstöðu við lög.⁶ Þar með geta stjórnvöld, þar á meðal skattýfirvöld, ekki tekið íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun nema hún eigi sér stoð í lögum.⁷ Fyrir Hæstarétti hefur oftsinnis reynt á það hvort ákvæði stjórnarskrár um skattlagningu hafi verið brotin.⁸

3.2 Skattskylda einstaklinga

3.2.1 Skattskyldir aðilar

Löggjafinn hefur með lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt (hér eftir TSL), og lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga (hér eftir LTS), ákvarðað hvernig álagningu tekjuskatts og útsvars skuli háttað. Í I. kafla TSL er fjallað um þá aðila sem skattskyldir eru skv. lögnum. Um ótakmarkaða skattskyldu einstaklinga er fjallað í 1. gr. TSL og takmarkaða skattskyldu í 3. gr. laganna. Ekki verður fjallað frekar um þá sem bera takmarkaða skattskyldu hérlendis þar sem það hefur ekki sérstaka þýðingu fyrir umfjöllunarefni greinarinnar.

Í 1. mgr. 1. gr. TSL er kveðið á um hverjir það eru sem ber skylda til að greiða tekjuskatt af öllum sínum tekjum á Íslandi. Skyldan hvílir í fyrsta lagi á þeim sem eru heimilisfastir hérlendis. Í öðru lagi á þeim sem hafa verið heimilisfastir hérlendis, hafa flutt úr landi og fellt niður heimilisfesti sitt hér en geta ekki sannað að þeir séu skattskyldir í öðru ríki. Sú regla gildir í þrjú ár frá næstu áramótum eftir brottflutningsdag. Í þriðja lagi á þeim sem dvelja hérlendis lengur en 183 daga á sérhverju 12 mánaða tímabili og í fjórða lagi á þeim sem starfa lengur en 183 daga á sérhverju 12 mánaða tímabili um borð í loftfari eða skipi sem skráð er hér á landi.

Ákvæðinu er því ætlað að taka á öllum hugsanlegum tengslum sem einstaklingur getur haft við landið. Meginreglan er að miðað er við

⁶ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur Mannréttindi* (Bókaútgáfan Codex 2008) 50.

⁷ „Starfsskilyrði stjórnvalda. Skýrsla nefndar um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu (Forsætisráðuneytið 1999) 18.

⁸ Sjá t.d. Hrd. 1985, 1544, 1546 og Hrd. 1986, 462, 463.

heimilisfesti án tillits til þess hvort aðili hefur íslenskt ríkisfang eða ekki. Þó hugtakið heimilisfesti sé ekki skilgreint í lögum leiðir það af 2. mgr. 1. gr. TSL að við túlkun þess er stuðst við reglur laga nr. 21/1990, um lögheimili, eftir því sem við á.

Einnig kemur fram í 2. mgr. 20. gr., sbr. 19. gr. LTS, að þeir sem falla undir 1. gr. TSL eru skyldugir til þess að greiða útsvar af tekjum sínum til þess sveitarfélags þar sem þeir áttu lögheimili þegar teknanna var aflað.

3.2.2 Skattskyldar tekjur

Þótt einstaklingur sé skattskyldur skv. I. kafla TSL er ekki sjálfgefið að allar hans tekjur séu skattskyldar. Í II. kafla TSL er fjallað um hvaða tekjur eru skattskyldar. Í 7. gr. eru taldar upp í dæmaskyni helstu tegundir skattskyldra tekna. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.⁹ Í 8.-27. gr. er fjallað nánar um einstaka tekjur og í 28. gr. er svo að finna upptalningu á því hvað telst ekki til tekna.

Tekjum skv. 7. gr. er skipt upp í þrjá stafliði, A, B og C. Í A-lið er fjallað um skattskyldar tekjur einstaklinga, í B-lið um skattskyldar tekjur lögaðila og í C-lið skattskyldar fjármagnstekjur einstaklinga og lögaðila. Í A-lið 7. gr. er kveðið á um að skattskyldar tekjur teljist hvers konar gæði, arður, laun og hagnaður sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir þá ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru. Í dæmaskyni er nefnt endurgjald fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu, án tillits til viðmiðunar, sem innt er af hendi fyrir annan aðila, s.s. biðlaun, starfslaun, eftirlaun og lífeyrir, reiknað endurgjald sjálfstætt starfandi, tryggingabætur, skaðabætur og váttryggingafé vegna sjúkdóms, slysa, atvinnutaps eða launamissis og hvers konar aðrar skaðabætur og váttryggingabætur, sbr. þó 2. tölul. 28. gr. Þrátt fyrir framangreint skal barnalífeyrir skv. 20. gr. almannatryggingalaga nr. 100/2007 (ATL), 3. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð (LFA) og lögum nr. 45/2015, um slysatryggingu almannatrygginga (LSA) vegna barns ef annað hvort foreldra er látið eða barn er ófæðrað, ekki teljast til tekna.

⁹ Alþt. 1977-1978, A-deild, þskj. 600 - 282. mál, athugasemdir við 7. gr., 1. mgr.

Samkvæmt 3. tölul. C-liðar 7. gr. TSL teljast einnig til tekna vextir, verðbætur, afföll og gengishagnaður. Í 8. gr. er skilgreint hvað teljast vera skattskyldir vextir, afföll og gengishagnaður. Ákvæðið mæli fyrir um að langstærstur hluti allra vaxta sem einstaklingar fá greidda skuli teljast honum til tekna. Með vöxtum teljast að auki áfallnar verðbætur á höfuðstól kröfu, sbr. 2. másl. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr., sbr. 2. másl. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. TSL.¹⁰

Eins og áður greinir er í 28. gr. TSL að finna upptalningu á því hvað telst ekki til tekna. Það eru meðal annars eignaauki sem verður vegna greiðslu líftryggingarfjár, váttryggingabætur vegna sjúkdómatrygginga, dánarbætur, miskabætur og bætur fyrir varanlega örorku enda séu bætur þessar ákveðnar í einu lagi. Þó framangreindar bætur séu ekki tímabilsgreiðslur (þ.e. greiddar reglulega) getur þó heildarútborgun verið skipt í nokkrar greiðslur.¹¹

3.2.3 Útreikningur tekjuskatts og útsvars

Útreikningur tekjuskatts fer eftir ákvæði 1. mgr. 66. gr. TSL. Tekjuárið 2018 skal reikna 22,5% tekjuskatt af fyrstu 893.713 kr. í mánaðarlaun og 31,80% af hærri tekjum.¹² Útreikningurinn er því í tveimur þrepum.¹³ Tekjuskattur reiknast af tekjuskattstofni skv. 1. og 3. tölul. 61. gr. að frádregnum persónuafslætti skv. A-lið 67. gr. TSL. Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður tekjuskattur af tekjuskattstofni skv. 1. tölul. 1. mgr. 66. gr. skal ráðstafa því sem út af stendur upp í útsvar skattskylds aðila, skv. 2. mgr. A-lið 67. gr. TSL. Um tekjuskattstofn er fjallað í V. kafla TSL. Í 61. gr. er að finna almennt ákvæði um ákvörðun tekjuskattstofns og í 62.-64. gr. er nánar fjallað um tekjuskattstofn hjóna og barna. Í 65. gr. er fjallað um heimildir

¹⁰ Vextir og verðbætur eru staðgreiðsluskyldar fjármagnstekjur, skv. 1. og 4. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

¹¹ Alþt. 1977-1978, A-deild, þskj. 600 - 282. mál, athugasemdir við 28. gr., 4. mgr.

¹² Auglýsing nr. 1157/2017, um fjárhæðarmörk tekjuskattstofis, innheimtuhlutfall í staðgreiðslu og persónuafslátt árið 2018, sjá einnig <<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettit/stok-frett/2017/12/29/Helstu-skattbreytingar-2018/>> skoðað 17. janúar 2018.

¹³ Í 4. og 5. tölul. 1. mgr. 66. gr. TSL er að finna undantekningar frá framangreindri meginreglu sem ekki er ástæða til þess að víkja sérstaklega að.

til þess að lækka tekjuskattstofn í sérstökum tilfellum. Það leiðir af 1. tölul. og a-lið 3. tölul. 61. gr. TSL að tekjuskattstofn einstaklings, hvort sem hann hefur með höndum atvinnurekstur eða ekki, telst tekjur skv. II. kafla að teknu tilliti til frádráttar, sbr. 30. gr. Í III. kafla TSL er fjallað um frádrátt frá skattskyldum tekjum. Í 1. mgr. 29. gr. kemur fram að frá skattskyldum tekjum einstaklings, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, er einungis heimill sá frádráttur sem sérstaklega er getið um í kaflanum. Í 30. gr. er fjallað um frádrátt einstaklings frá tekjum utan atvinnurekstrar. Frá tekjum einstaklings skv. II. kafla TSL má meðal annars draga iðgjöld launþega til öflunar lífeyrisréttinda skv. lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda (hér eftir LSL), að hámarki 4% af iðgjaldsstofni. Að auki má draga frá allt að 4% af iðgjaldsstofni vegna viðbótarlífeyrissparnaðar, sbr. 4. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. Einnig er heimilt að draga frá tekjum beinan kostnað sem skattaðili hefur haft af öflun annarra tekna en tekna skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. TSL í samræmi við 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. TSL, skv. 2. mgr. 30. gr. TSL. Hjá hinum venjulega launamanni er tekjuskattstofn greidd laun að teknu tilliti til frádráttar.

Stofn til álagningar útsvars er hinn sami og tekjuskattstofn, sbr. 61.-64. gr. TSL, skv. 21. gr. LTS. Í 23. gr. LTS kemur fram að reiknað útsvar má ekki vera lægra en 12,44% og ekki hærra en 14,52% af útsvarsstofni. Hvert sveitarfélag ákveður útsvarsprósentu fyrir 1. desember ár hvert, sbr. 1. mgr. 24. gr. LTS. Meðalskatthlutfall útsvars í staðgreiðslu árið 2018 er 14,44%.¹⁴

Árið 2018 gilda eftirfarandi fjárhæðir vegna staðgreiðslu launa: Af fyrstu 893.713 kr. í mánaðarlaun reiknast 36,94% í tekjuskatt og útsvar og af tekjum umfram 893.713 kr. reiknast 46,24%. Frá reiknaðri fjárhæð dregst persónuafsláttur að fjárhæð kr. 53.895 í hverjum mánuði og kr. 646.740 á ári.¹⁵

¹⁴ <<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2017/12/29/Helstu-skattbreytingar-2018/>> skoðað 17. janúar 2018.

¹⁵ Tekjuskattur og útsvar í staðgreiðslu 2018 sjá Ríkisskattstjóri, „Orðsending nr. 1/2018 til launagreiðenda“. <www.rsk.is/media/2018/rsk_0601_1_2018.is.pdf> skoðað 17. janúar 2018.

Árið 2018 er tekjuskattur af fjármagnstekjum einstaklinga utan rekstrar, skv. 1.–8. tölul. C-liðar 7. gr.TSL 22%, sbr. 3. mgr. 66. gr.TSL.¹⁶

4. Skattaleg meðferð greiðslna

4.1 Bætur fyrir tímabundinn launamissi

Slysaun, dagpeningar og skaðabætur fyrir tímabundið atvinnutjón teljast til skattskyldra tekna samkvæmt A-lið 7. gr.TSL. Um er að ræða greiðslur sem ætlað er að bæta tjónþola tímabundinn launamissi sem hann verður fyrir og því eðlilegt að slíkar greiðslur séu skattskyldar líkt og launatekjur viðkomandi. Mikilvægt er að það liggi fyrir á grundvelli hvaða töluliðar 7. gr. tekjur eru skattskyldar þar sem mismunandi reglur gilda um frádrátt frá tekjum. Þannig gildir A-liður 1. mgr. 30. gr.TSL um frádrátt frá tekjum manna skv. 1. tölul.A-liðar 7. gr., en 2. mgr. 30. gr.TSL um frádrátt frá tekjum skv. 2. tölul.A-liðar 7. gr. TSL. Af þessu leiðir að ef t.d. tjónþoli hefur beinan kostnað af öflun skattskyldra tryggingabóta og skaðabóta á hann rétt til frádráttar samkvæmt 2. mgr. 30. gr.TSL. Sem dæmi um frádráttarþæran kostnað er læknskostnaður, t.d. vegna örorkumats, lögfræðikostnaður vegna ágreinings um rétt til bóta, innheimtukostnaður og ferða- og dvalarkostnaður sem ekki fæst bættur af almannatryggingum o.fl. Eingöngu má þó draga kostnaðinn frá sams konar tekjum og hann gekk til öflunar á.¹⁷

Þar sem ákvæði 1. tölul.A-liðar 7. gr. er ætlað að ná til allra tekna sem menn afla vegna atvinnu hefur það einnig verið talið ná til slysauna, þ.e. launa sem tjónþoli á rétt til þegar hann slasast við vinnu, sbr. kafla 2.1. Eru slysaun þá endurgjald fyrir vinnu, starf eða þjónustu líkt og á við um þær tekjur sem skattskyldar eru skv. 1. tölul.A-liðar 7. gr. eða eru þau skaðabætur og þá skattskyld á grundvelli 2. tölul. A-liðar 7. gr.? Tjónþoli þiggur slysaun án þess að inna af hendi vinnu. Í 1. tölul.

¹⁶ Sjá: <<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2017/12/29/Helstu-skattbreytingar-2018/>> skoðað 17. janúar 2018.

¹⁷ Ásmundur G.Vilhjálmsson, *Skattaréttur 1*, (Reykjavík 1994) 178

eru t.d. talin upp „eftirlaun og lífeyrir“. Segja má að slíkar greiðslur séu í raun endurgjald fyrir vinnu sem viðkomandi hefur þegar innt af hendi. Um áunninn rétt er að ræða sem er svipaður þeim rétti sem menn öðlast til greiðslu slysauna. Í eðli sínu eru slysaun í raun lög- og sammingsbundnar bætur sem vinnuveitandi greiðir óháð sök. Það hefur verið látið að því liggja að slysaun séu í raun bætur innan samninga en teljist þrátt fyrir það til tekna sem laun skv. 1. tölul. A-lið 7. gr. TSL.¹⁸ Ágreiningur um skattskyldu slysauna hefur hvorki komið til kasta yfirskattanefndar (hér eftir YSKN)¹⁹ né dómstóla.

Dagpeningar geta hvort heldur sem er fallið undir 1. eða 2. tölul. A-liðar 7. gr. TSL. Á það hefur verið bent að í raun ættu dagpeningar að teljast til tekna sem laun en ekki tryggingabætur þar sem eðlilegra væri að sömu frádráttarreglur giltu um slysaun og dagpeninga enda væru báðar þessar greiðslur vinnutengdar.²⁰ Það veldur þó helst vafa undir hvaða hugtak í 2. tölul. A-liðar 7. gr. dagpeningar frá stéttarfélögum falla. Segja má að sjúkrasjóðir stéttarfélaga séu einskonar tryggingakerfi, þar sem tilgangurinn með iðgjaldsgreiðslum vinnuveitanda í sjúkrasjóð er meðal annars sá að mæta því þegar tjónþoli forfallast vegna veikinda eða slysa.²¹ Dagpeninga frá stéttarfélagi er því vel hægt að fella undir hugtakið tryggingabætur.²² Í úrskurði ríkisskattanefndar (hér eftir RSKN) nr. 143/1992²³ var

¹⁸ Sama heimild 179.

¹⁹ Yfirskattanefnd var sett á fót með lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd og tók hún við af ríkisskattanefnd sem hafði verið starfandi frá 1932, fyrst sem hluti af ríkisskattstjóraembættinu en frá 1972 sem sjálfstæð nefnd. Sjá Alþt., 1991–1992, A-deild, þskj. 722 - 464. mál, almennar athugasemdir, 2.-3. mgr. Úrskurðir nefndanna eru aðgengilegir á www.yskn.is.

²⁰ Sjá Ásmundur G. Vilhjálmsson (n.17) 174, neðanmálgrein 455.

²¹ Sjá nánar um sjúkrasjóðina; Guðmundur Sigurðsson, Sigrún Ísleifsdóttir og Bergþóra Ingólfssdóttir, „Sjúkrasjóðir Stéttarfélaga (2018) 14 Tímarit Lögréttu og Virðing, réttlæti, „Reglugerð fyrir Sjúkrasjóð VR“. <www.vr.is/um-vr/log-og-reglugerdir/reglugerd-og-starfsreglur-sjukrasjods-vr/> skoðað 13. febrúar 2018, 2. gr.

²² Guðmundur Sigurðsson, „Vinnuslys, slysatrygging sjómanna - Er um bótaskyld slys að ræða?“ (2004) 1 Tímarit Lögréttu 12. Í neðanmálgrein 1 segir eftirfarandi: „Með tryggingabótum er bæði átt við bætur úr váttryggingum, lífeyrissjóðum, sjúkrasjóðum stéttarfélaga og eftir atvikum aðrar félagslegar greiðslur.“

²³ Sjá einnig úrskurð YSKN nr. 621/1993.

deilt um hvort slysdagpeningar frá Tryggingastofnun ríkisins væru skattskyldir. RSKN taldi dagpeningana skattskylda á grundvelli 2. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.²⁴ Í úrskurði YSKN nr. 203/1994 var ágreiningur um skattskyldu dagpeninga frá váttryggingafélagi. Kærandi taldi dagpeningana skattfrjálsa þar sem búið hafi verið að taka tillit til þess í útreikningi að þeir væru skattfrjálsir. YSKN taldi dagpeningana skattskylda skv. 2. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981.²⁵ Með hliðsjón af framangreindu má ætla að allir dagpeningar vegna slysa séu skattskyldir á grundvelli 2. tölul. A-liðar 7. gr. TSL.

Skaðabætur fyrir tímabundið atvinnutjón sem tjónþoli fær greiddar eru skattskyldar skv. 2. tölul. A-liðar 7. gr. TSL. Bætur fyrir tímabundið atvinnutjón sem ákvarðaðar eru á grundvelli 2. gr. SKBL taka mið af brúttólaunum og miða að því að gera tjónþola eins settan fjárhagslega og ef tjón hefði ekki orðið.²⁶ Í 2. mgr. 2. gr. SKBL kemur síðan fram að meðal annars skuli draga frá bótum fyrir tímabundið atvinnutjón slysaun og dagpeninga, sem eru hvoru tveggja skattskyldar tekjur eins og að framan greinir. Í úrskurði RSKN nr. 705/1981 gerði kærandi þá kröfu að bætur sem hann hafði fengið greiddar frá váttryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns væru undanþegnar skattskyldu. Á það féllst nefndin ekki og taldi bæturnar skattskyldar með vísan til 2. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt.²⁷ Í Hrd. 14. febrúar 2008 í máli nr. 307/2007 var meðal annars uppi ágreiningur um það hvort váttryggingafélagi hafi borið að halda eftir staðgreiðslu opinberra gjalda af bótum fyrir tímabundið atvinnutjón. Héraðsdómur sem staðfestur var af Hæstarétti taldi að váttryggingafélaginu hefði borið að halda eftir staðgreiðslu og vísaði

²⁴ Samskonar ákvæði í 2. tölul. A-liðar 7. gr. TSL.

²⁵ Sjá einnig úrskurð YSKN nr. 126/1998.

²⁶ Bo von Eyben, *Erstatningsudmåling – Personskade, forsørgertab* (Gad 1984) 51 og Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2005) 626.

²⁷ Sjá einnig úrskurði RSKN nr. 920/1974, YSKN nr. 126/1998, nr. 750/1998, nr. 1208/1998, nr. 110/2001 og nr. 183/2002.

til þess að skaðabætur fyrir tímabundið atvinnutjón væru skattskyldar skv. 2. tölul. A-lið 7. gr. TSL.²⁸

4.2 Fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi

Fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi er veitt í formi styrks eða láns, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ef fjárhagsaðstoðin er í formi styrkjar þá er hann skattskyldur skv. 2. tölul. 7. gr. A-liðar 7. gr. TSL, sbr. úrskurð YSKN nr. 151/1993. Samkvæmt 10. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg skal við ákvörðun á fjárhagsaðstoð leggja til grundvallar grunnfjárförf til framfærslu, sbr. 11. gr. reglnanna og draga frá henni heildartekjur, sbr. 12. gr. reglnanna. Grunnfjárhæðin er fastákveðin ár hvert. Ekki kemur fram í reglunum hvernig fjárhæðin er ákvörðuð.²⁹ Til frádráttar grunnfjárhæðinni koma allar atvinnutekjur einstaklings/ maka sem ekki eru sérstaklega ætlaðar til framfærslu barna og eftir atvikum atvinnuleysisbætur. Skyld er að miða við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá, sbr. 12. gr. reglnanna. Ef aðstoðin er veitt í formi láns þá er það ekki skattskyld. Lán eru aldrei skattskyld enda hlotnast skattskyldum aðila ekki neinn hagnaður eða tekjur, nema við þær aðstæður sem um er getið í 3. mgr. 1. tölul. og 2. mgr. 2. tölul. A-liðar 7. gr. TSL.

²⁸ Athyglisvert er að skoða eftirfarandi dóma Hæstaréttar í dæmaskyni: Hrd. 1985, 1137, 1138, 1140, Hrd. 1987, 587, 598-599, Hrd. 1989, 653, 654-657, Hrd. 1992, 1995, 1996, 2002-2005. Við skoðun á þeim kemur í ljós að bætur fyrir tímabundið atvinnutjón voru lækkaðar með tilliti til skattfrelsis líkt og bætur fyrir varanlega örorku. Svo virðist sem greinarmunur hafi ekki verið gerður á bótum fyrir tímabundna örorku og varanlega örorku. Heildarfjárhæð bóta fyrir fjártjón var lækkuð með tilliti til skattfrelsis þrátt fyrir að einungis bætur fyrir varanlega örorku væru skattfjálsar skv. 2. tölul. 28. gr. þágildandi skattalaga.

²⁹ Sjá: Félags- og tryggingamálaráðuneytið, „Leiðbeiningarreglur um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, sbr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum – Leið A Framfærsla barna talin með“. (Reykjavík 2009). Í 11. gr. þeirra er lágmarksfjárhæð fjárhagsaðstoðar á mánuði miðuð við eftirtaldir greiðslur almennatrygginga á hverjum tíma: örorkulífeyri, tekjutryggingu örorkulífeyrisþega og óskerta heimilissuppbóta. Það fæst þó ekki séð að Reykjavíkurborg leggi þá fjárhæð til grundvallar. Reglurnar hafa ekki verið uppfærðar frá árinu 2009. Með bréfi dags. 3.1.2011 lagði Guðbjartur Hannesson, þáverandi velferðarráðherra, til að bæturnar yrðu miðaðar við fjárhæð atvinnuleysisbóta.

4.3 Lífeyrir og tengdar bætur sem greiddar eru mánaðarlega

4.3.1 Örorkulífeyrir og tengdar bætur

Örorkulífeyrir sem tjonþoli fær greiddan úr almannatryggingum eða frá lífeyrissjóðum er skattskyldur skv. A-lið 7. gr. TSL.³⁰ Í 1. tölul. A-liðar 7. gr. TSL er sérstaklega getið um „eftirlaun og lífeyrir“. Lögskýringargögn veita þó ekki afdráttarlaust svar við því hvort þar sé fyrst og fremst átt við ellilífeyri. Þannig gæti örorkulífeyrir í sjálfu sér flokkast sem tryggingabætur eða skaðabætur í skilningi 2. tölul. og því álitamál hvort slíkar greiðslur eru skattskyldar skv. 1. eða 2. tölul. A-liðar 7. gr. TSL. Löggjafinn virðist hér heldur ekki hafa tekið af skarið. Þannig segir t.d. aðeins í 6. tölul. 2. mgr. 8. gr. TSL að vextir, verðbætur og önnur ávöxtun af lífeyrissparnaði hjá lífeyrissjóðum: „... teljast til tekna sem lífeyrir skv. A-lið 7. gr.“

Samkvæmt 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar hvílir sú skylda á íslenska ríkinu að tryggja öllum sem þess þurfa aðstoð vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. Vegna þessa hefur löggjafinn komið á fót opinberu almannatryggingakerfi sem kostað er af skattgreiðendum.³¹ Örorkulífeyrir sem greiddur er á grundvelli 18. gr. ATL er í raun útfærsla á greiðslu örorkubóta skv. framangreindu stjórnarskrárákvæði.

Hvorki í TSL né lögskýringargögnum er að finna frekari skýringu á því hvað átt sé við með hugtakinu tryggingabætur.³² Þar undir geta því hvort heldur sem er fallið bætur frá opinberum og einkareknum tryggingum. Örorkulífeyrir frá almannatryggingum er því væntanlega skattskyldur á grundvelli 2. tölul. A-liðar 7. gr. TSL.³³

³⁰ Ásmundur G. Vilhjálmsson, (n.17) 173 , 175.

³¹ Sjá Guðmundur Sigurðsson og Ragnhildur Helgadóttir, „Slysatryggingar almannatrygginga – opinber réttur, einkaréttarleg sjónarmið“. Í Pétur Kr. Hafstein o.fl. (ritstj.), *Guðrúnarbók*, (Hið íslenska bókmenntafélag 2006) 202-209.

³² Sjá þó neðanmálsgrein 22.

³³ Sjá Ásmundur G. Vilhjálmssonar (n.17) 171-175. Á bls. 171 segir: „Með tryggingabótum er átt við hvers konar bætur almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, ... félagslega aðstoð samkvæmt lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, ... svo og hvers konar lífeyri úr lífeyrissjóði samkvæmt lögum eða kjarasamningum, að undanskildum lífeyri sem greiddur er launþega þegar hann lætur af starfi, en hann telst laun samkvæmt 1. tölul. A-liðs 7. gr. SL.“

Það sama má segja um örorkulífeyri frá lífeyrissjóði. Lífeyrissjóðirnir eru tryggingakerfi sem fjármagnað er af launþegum og launa-greiðendum.³⁴ Segja má að þeir falli undir almannatryggingakerfið í víðari skilningi þess orðs.³⁵ Því má ætla að örorkulífeyrir frá lífeyris-sjóðum geti einnig fallið undir hugtakið tryggingabætur í 2. tölul. A-liðar 7. gr. TSL og þar með verið skattskyldur.³⁶

Í úrskurði RSKN nr. 143/1992 var um það deilt hvort skattleggja ætti örorkulífeyri sem kærandi hafði fengið greiddan frá Tryggingastofnun ríkisins. Skattstjóri taldi örorkulífeyrinn skattskyldan á grundvelli 2. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981. RSKN taldi örorkulífeyrinn einnig skattskyldan en byggði það á 1. tölul.³⁷ YSKN komst að sömu niðurstöðu hvað varðaði skattlagningu örorkulífeyris frá lífeyrissjóði í úrskurði nr. 61/2007 og taldi hann skattskyldan á grundvelli 1. tölul. A-liðar 7. gr. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 17. desember 2007 í máli nr. E-2279/2006 var ágreiningur um hvort skattleggja bæri allan lífeyri sem greiddur var úr lífeyrissjóði skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. TSL eða hvort hluti lífeyrisins væri ávöxtun af iðgjaldsgreiðslum og væri þar af leiðandi skattskyldar fjármagnstekjur skv. 3. tölul. C-lið 7. gr. TSL. Ekki var um það deilt hvort að lífeyrir væri skattskyldur skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. TSL sem slíkur heldur sneri ágreiningurinn að því hvort allur lífeyririnn eða bara hluti hans væri skattskyldur. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að skattleggja ætti allan lífeyrinn skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. Í úrskurði YSKN nr. 200/2013 er hins vegar vísað til þess að örorkulífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins sé skattskyldur á grundvelli 2. tölul. A-liðar 7. gr. TSL.

Aðrar greiðslur frá almannatryggingum sem tengjast greiðslu á örorkulífeyri, þ.e. aldurstengd örorkuuppbót, tekjutrygging, endurhæfingarlífeyrir, heimilisuppbót, frekari uppbætur, uppbót

³⁴ Alþt. 1998-1999, A-deild, þskj. 199 - 183. mál, athugasemdir við 4. gr. 2. mgr.

³⁵ Guðmundur Sigurðsson og Ragnhildur Helgadóttir, *Almannatryggingar og félagsleg aðstoð* (JPV útgáfa 2007) 30.

³⁶ Sjá Ásmundur G.Vilhjálmsson (n.17) 173-175.

³⁷ Einnig leiðir af úrskurðum RSKN nr. 72/1983 og 778/1988 að örorkulífeyrir er skattskyldar tekjur, það er þó ekki sérstaklega vikið að því í úrskurðunum á hvaða grunni skattlagningin byggist. Í úrskurði RSKN nr. 154/1992 var vísað til þess að örorkulífeyrir væri skattskyldur á grundvelli 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981.

vegna reksturs bifreiðar (bensínstyrkur),³⁸ eru skattskyldar á grundvelli A-liðar 7. gr. TSL. Þessar greiðslur eru þó ekki sérstaklega nefndar í 1. eða 2. tölul. A-liðar 7. gr. Um endurhæfingarlífeyri gilda sömu sjónarmið og um var fjallað í kafla 4.1, hann getur hvort heldur sem er talist til skattskyldra tekna á grundvelli 1. eða 2. tölul. A-liðar 7. gr. TSL. Tjónþoli fær greidda aldurstengda örorkuuppbot, tekjutryggingu og uppbætur á grundvelli LFA svo lengi sem hann fær greiddan örorkulífeyri. Þær greiðslur eru því væntanlega skattskyldar á grundvelli sama töluliðar og lífeyririnn sjálfur.

4.3.2 Barnalífeyrir

Í 3. másl. 2. tölul. A-liðar 7. gr. TSL kemur fram að barnalífeyrir skv. 20. gr. ATL., 3. gr. LFA og LSA teljist ekki til tekna ef annað hvort foreldrið er látið eða barn ófeðrað. Undanþáguheimildin í 3. másl. 2. tölul. A-liðar 7. gr. TSL kom inn í lög nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, með d-lið 3. gr. laga nr. 7/1980. Í athugasemdum með d-lið 3. gr. frumvarpsins var til þess vísað að barnalífeyrir samkvæmt tilgreindum ákvæðum vegna áfalla eða erfðra aðstæðna væri undanþeginn skattskyldu á sama hátt og barnsmeðlög ef annað hvort foreldra væri látið eða barn ófeðrað.³⁹

Barnalífeyrir sem greiddur er með börnum örorkulífeyrisþega, hvort heldur sem er úr almannatryggingum eða lífeyrissjóði, virðist hins vegar eiga að vera skattskyldur. Í úrskurði RSKN nr. 150/1984 var deilt um hvort barnalífeyrir sem greiddur var örorkulífeyrisþega hjá Tryggingastofnun ríkisins teldist til tekna eða ekki. Kærandi taldi að barnalífeyririnn sem greiddur var á grundvelli 1. mgr. 14. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar (nú 20. gr. ATL) væri undanþeginn skattskyldu skv. 2. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981. RSKN tók kröfu kæranda til greina og taldi barnalífeyririnn ekki vera skattskyldan.

³⁸ Í úrskurði YSKN nr. 171/1992 mótmælti kærandi skattlagningu bensínstyrks sem greiddur var skv. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar. Kærandi taldi greiðsluna vera „hreina endurgreiðslu á útlögðum kostnaði.“ Niðurstaða YSKN var að hún taldi engin ákvæði í skattalögum undanþiggja styrkinn skattlagningu.

³⁹ Alþt. 1979-1980, A-deild, þskj. 46 - 44. mál, athugasemdir við 2. gr., 3. mgr.

Nefndin vísaði í því sambandi m.a. til eðli bótanna og annarra atriða sem máli skiptu.

Í úrskurði RSKN nr. 544/1990 var deilt um hvort barnalífeyrir örorkustyrkþega væri undanþeginn skattlagningu. Skattstjóri taldi barnalífeyrinn til skattskyldra tekna, sbr. 2. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981. Slíkt féllst RSKN ekki á og vísaði til fyrrgreinds úrskurðar í máli nr. 150/1984 og til reglna um úthlutun örorkustyrkja sem gefnar voru út af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu í mars 1974.

Í Hrd. 17. febrúar 2005 í máli nr. 357/2004⁴⁰ snerist ágreiningur aðila um það hvort framreiknað verðmæti barnalífeyris, sem greiddur var á grundvelli 14. gr. almannatryggingalaga nr. 117/1993, ætti að draga frá bótum fyrir varanlega örorku, skv. 4. mgr. 5. gr. SKBL. Hæstiréttur taldi ágreiningslaust að skattyfirvöld hefðu undanþegið barnalífeyri skattskyldu.

Ekki verður betur séð en að niðurstaða skattyfirvalda og dómstóla, hvað varðar skattskyldu barnalífeyris örorkulífeyrisþega hjá almannatryggingum, sé ekki í samræmi við skýrt orðalag 2. másl. 2. tölul. A-liðar 7. gr. TSL. Skattyfirvöld virðast þannig undanþiggja barnalífeyri, sem greiddur er með börnum örorkulífeyrisþega og örorkustyrkþega, skattskyldu.

Eins og áður segir er barnalífeyrir sem lífeyrissjóðir greiða ekki undanþeginn skattskyldu á grundvelli 3. másl. 2. tölul. A-liðar 7. gr. TSL. Sjá nánar umfjöllun í kafla 4.3.1. Í úrskurðum RSKN nr. 43/1988 og 211/1992 hefur skattskylda barnalífeyris frá lífeyrissjóðum verið staðfest með vísan í 1. tölul. A-liðar 7. gr. TSL.⁴¹

⁴⁰ Sjá einnig Hrd. 18. september 2003 í máli nr. 520/2002 og Hrd. 27. nóvember 2003 í máli nr. 223/2003.

⁴¹ Sjá Ásmundur G. Vilhjálmsson (n.17) 175, þar sem hann setur fram þá skoðun að barnalífeyrir frá lífeyrissjóði sé skattskyldur á grundvelli 1. tölul. A-liðar 7. gr. TSL

4.4 Persónuafsláttur

Það leiðir af 6. tölul. 1. mgr. 66. gr. TSL að draga skal persónuafslátt frá reiknuðum tekjuskattsstofni skv. A-lið 7. gr. TSL. Tekjur skal almennt telja til tekna á því ári sem þær verða til, það er þegar myndast hefur krafa þeirra vegna á hendur einhverjum, nema um óvissar tekjur sé að ræða, skv. 2. mgr. 59. gr. TSL. Af þessu leiðir að laun hins hefðbundna launamanns eru að öllu jöfnu talin fram á því ári þegar þeirra var aflað en ekki þegar þau eru greidd, sbr. úrskurði YSKN nr. 786/1998, 114/2006 og 19/2012. Það er einungis þegar vinnuveitandi verður gjaldþrota sem heimilt er að telja tekjur launamanns til tekna á því ári sem þær fást greiddar úr Ábyrgðarsjóði launa.

Í bótamálum getur stundum tekið nokkuð langan tíma að staðreyna bótaréttinn. Þetta getur jafnvel átt við þó ekki sé ágreiningur um bótarétt eða bótafjárhæð. Sem dæmi má nefna að bætur fyrir tímabundið atvinnutjón, sem greiða ber á að grundvelli 2. gr. SKBL, kunna eftir atvikum að vera greiddar jöfnum höndum á meðan á þessu tímabili stendur eða eftir að því lýkur. Það getur tekið mislangan tíma að afla gagna til þess að sýna fram á tjónið. Skaðabæturnar geta því í vissum tilvikum talist óvissar tekjur að mati skattýfirvalda. Þær tekjur skal telja til tekna á því ári þegar samkomulag hefur tekist um greiðslu þeirra, jafnvel þó verið sé að bæta tekjumissi fyrra árs eða ára. Þegar svo háttar til kann sú staða að koma upp að tjónþoli geti ekki nýtt ónýttan persónuafslátt fyrri ára. Þessu veldur að persónuafsláttur er ekki millifæranlegur milli ára, sbr. lokamálslið 2. mgr. A-liðar 67. gr. TSL.

Í ákvarðandi bréfi RSK nr. 7/2001 segir orðrétt:

„Meginregla skattalaga er sú að tekjur skuli telja til tekna á því ári sem þær verða til, þ.e. þegar myndast hefur krafa þeirra vegna á hendur einhverjum, nema um óvissar tekjur sé að ræða, sbr. 2. mgr. 60. gr. laga nr. 75/1981 [nú 2. mgr. 59. gr. TSL]. Skaðabætur eru óvissar tekjur allt þar til þær eru gerðar upp og ákveðnar hvort heldur er með dómi eða samið er um þær, en þá fellur jafnframt skaðabótakrafan í gjalddaga.”

Í ritinu Skaðabótaréttur eftir Viðar Má Matthíasson segir eftirfarandi um gjalddaga:⁴²

„Almenna reglan er sú, að skaðabótakrafan stofnast þegar hin bótaskylda háttsemi á sér stað. Þetta hefur þýðingu í ýmsum samböndum, t.d. að því er varðar upphafstíma almennra vaxta. Almenna reglan er einnig sú, að gjalddagi skaðabótakröfunnar er líka miðaður við sama tímamark. Af þessu leiðir, að oftast fer stofnunartími kröfunnar og gjalddaginn saman.“

Í 16. gr. SKBL kemur fram að bætur fyrir þjáningar, varanlegan miska, tímabundið atvinnutjón og missi framfaranda bera vexti frá því tjón varð. Í Hrd. 27. mars 2014 í máli nr. 623/2013 varð niðurstaðan sú að túlka ætti orðalagið frá því tjón varð með þeim hætti að miða eigi upphafsdag þessara vaxta fyrir tímabundið atvinnutjón við slysdag.⁴³ Það er því ástæða til að setja spurningarmerki við þá fullyrðingu RSK um að skaðabótakrafan falli í gjalddaga þegar skaðabætur eru ákveðnar hvort heldur sem er með dómi eða samningi. Þá má benda á að greitt er fyrir tímabundið atvinnutjón fyrir tiltekið tímabil og réttur til greiðslunnar byggir á gögnum þar sem skýrt kemur fram fyrir hvaða tímabil á að greiða bætur. Þetta gengur aftur á móti í berhöggi við þá afgreiðslu skattyfirvalda að telja bætur fyrir tímabundið atvinnutjón til óvissra tekna. Slíkt getur hins vegar verið réttlætanlegt til að mynda hvað varðar bætur fyrir sjúkrakostnað og annað fjártjón skv. 1. mgr. 1. gr. SKBL.

Í úrskurði YSKN nr. 183/2002 voru málavextir þeir að kærandi fékk greiddar bætur frá váttryggingafélagi árið 2000 vegna tímabundins atvinnutjóns árið 1996. Kærandi fór fram á að telja bæturnar fram á árinu 1996, þar sem þetta væru bætur fyrir tekjumissi á því ári. YSKN taldi hins vegar að umrædd greiðsla hafi verið óvissar tekjur þar til samkomulag tókst um hana og fjárhæð hennar og

⁴² Viðar Már Matthíasson (n. 26) 622.

⁴³ Höfundar telja ástæðu til að setja spurningarmerki við þessa niðurstöðu Hæstaréttar þegar horft er til þess að bótum fyrir tímabundið atvinnutjón er ætlað að bæta fjártjónið að fullu, hvorki meira né minna. Það liggur fyrir að ef slysið hefði ekki orðið hefði tjónþoli ekki fengið öll launin greidd á einum ákveðnum degi, eins og rétturinn virðist ganga út frá, heldur t.d. mánaðarlega. Útreikningur vaxta ætti að taka mið af þeirri staðreynd.

hún var greidd. Kröfu kæranda var því hafnað.⁴⁴ Í framangreindu máli liggur ekkert fyrir um að kærandi hafi verið að tapa ónýttum persónuafslætti árið 1996. Ekki hafa fundist dæmi þess að YSKN eða dómstólar hafi fjallað um slíkt álitaefni. Það má þó ætla að sú staða geti komið upp, nokkuð sem gæti leitt til þess að tjónþoli fengi tjón sitt ekki að fullu bætt.

Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra getur embættið ekki nýtt heimild í 2. og 3. mgr. 101. gr. TSL til að dreifa bótum fyrir tímabundið atvinnutjón tjónþola á þau ár sem þær sannanlega tilheyra þannig að ónýttur persónuafsláttur tjónþola komi að notum.⁴⁵ Þess eru þó dæmi að sú heimild hafi verið nýtt varðandi greiðslur frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum.

Í úrskurði YSKN nr. 200/2013 var deilt um skattlagningu bóta frá almannatryggingum. Um endurreikning var að ræða. Bæturnar tilheyrðu árinu 2009 en kærandi fékk ekki greiðsluna fyrr en árið 2012. Skattyfirvöld tilkynntu að þau myndu endurskoða álagningu vegna ársins 2009. Við það var kærandi ósáttur. Í niðurstöðu YSKN er til þess vísað að gert sé ráð fyrir því að endanleg ákvörðun bóta hvers árs fari fyrst fram að því ári liðnu. Slíkt leiði beint af lögum. Nefndin taldi því ekki að nein óvissa hafi ríkt um geiðsluskyldu, fjárhæðir né tímabil sem gæfi tilefni til að líta á viðbótargreiðslu Tryggingastofnunar ríkisins sem óvissar tekjur.

Í úrskurði RSKN nr. 154/1992 var deilt um á hvaða ári ætti að skattleggja greiðslur úr Lífeyrissjóði bænda. Greiðslurnar voru fyrir árið 1987 en voru ekki greiddar fyrr en 1990 vegna atvika sem lífeyrissjóðurinn bar ábyrgð á. Nefndin taldi með hliðsjón af atvikum í málinu að ekki væri um óvissar tekjur að ræða. Nefndin hefur hins vegar í öðrum úrskurðum komist að þeirri niðurstöðu að bætur frá lífeyrissjóðum séu óvissar tekjur og það er þá í þeim tilvikum þegar

⁴⁴ Sambærileg niðurstaða var í úrskurðum YSKN nr. 750/1998, 110/2001, 61/2007 og 93/2015.

⁴⁵ Í ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra nr. 7/2011 frá 12. apríl 2011 eru fjallað um sambærilegt álitamál er varðar fjármagnstekjuskatt af vöxtum af skaðabótum vegna líkamstjóns.

ágreiningur hefur verið uppi um greiðsluskyldu en ekki hrein mistök í útreikningi, sjá úrskurði RSKN nr. 207/1990 og YSKN nr. 435/2000 og 61/2007.

Það að bætur séu ekki taldar fram á því tekjuári sem þær raunverulega tilheyra getur haft í för með sér margvíslegar afleiðingar fyrir tjónþola. Viðkomandi getur t.d. ekki nýtt ónýttan persónuafslátt sem hann á vegna fyrri ára. Einnig getur þrepaskipting skattkerfisins leitt til þess að skattgreiðslur verði hærri en ef bæturnar hefðu verið taldar fram á réttu ári. Þá getur staðan verið sú að bætur frá almannatryggingum skerðast vegna þessara auknu tekna í formi bóta. Jafnframt hefur tjónþoli mikla hagsmuni af því að innborganir váttryggingafélaga séu skilgreindar, þ.e. að skilgreint sé af hvaða ástæðu greiðslan er til komin, svo sem vegna tímabundins atvinnutjóns. Sjá t.d. úrskurð YSKN nr. 93/2015.

Ef um skaðabótaskyld tilvik er að ræða er spurning hvort tjónþoli geti velt auknum skattgreiðslum yfir á tjónvald. Ekki eru nein fordæmi fyrir slíku svo vitað sé og spurning hvort slíkt félli undir að vera sennileg afleiðing líkamstjóns.

4.5 Þjáningabætur og miskabætur

Miskabætur eru undanþegnar skattskyldu séu þær ákveðnar í einu lagi, skv. 2. tölul. 28. gr. TSL. Það hefur RSKN staðfest í úrskurðum sínum nr. 920/1974 og 591/1988. Lengi hafa verið í gildi reglur sem heimila þeim sem eiga skaðabótarétt vegna líkamstjóns að krefjast bóta fyrir ófjárhagslegt tjón. Með setningu SKBL var greint á milli bóta fyrir tímabundið og varanlegt ófjárhagslegt tjón.⁴⁶ Bætur fyrir tímabundið ófjárhagslegt tjón eru ákvarðaðar á grundvelli 3. gr. SKBL en bætur fyrir varanlegt ófjárhagslegt tjón á grundvelli 4. og 26. gr. Þar sem gert er ráð fyrir að bætur samkvæmt 3., 4. og 26. gr. SKBL falli undir hugtakið miskabætur eru þjáningabætur væntanlega undanþegnar skattskyldu skv. 2. tölul. 28. gr. TSL.⁴⁷ Telja verður að hið sama gildi um miskabætur sem dæmdar eru skv. heimild í 26. gr.

⁴⁶ Alþt. 1992-1993, A-deild, þskj. 596 - 326. mál, almennar athugasemdir, kafli 4.4.

⁴⁷ Sama heimild.

SKBL. Þrátt fyrir framangreint væri æskilegt að kveðið væri skýrlega á um það í lögum að þjáningabætur og miskabætur skv. 26. gr. SKBL væru undanþegnar skattskyldu.

4.6 Sjúkrahjálþ, sjúkrakostnaður og annað fjártjón

Bætur fyrir sjúkrahjálþ, sem greiddar eru vegna bótaskylds slyss skv. heimild í 10. gr. LSA, falla undir það að vera hvers konar gæði í skilningi 7. gr. TSL.⁴⁸ Hugtakið gæði hefur verið skýrt svo: „Með hugtakinu gæði í 1. mgr. 7. gr. TSL er átt við hvers konar verðmæti, sem skattaðila hlotnast og unnt er að meta til peningaverðs í verslun og viðskiptum.“⁴⁹ Óumdeilt er að sjúkrahjálþ sparar tjónþola útgjöld og eykur greiðslugetu hans.⁵⁰ Þar með mætti ætla að bætur fyrir sjúkrahjálþ séu skattskyldar skv. 2. tölul. A-liðar 7. gr. TSL, þótt engin raunveruleg peningagreiðsla sé innt af hendi til tjónþola í flestum tilfellum. Í 2. mgr. 1. gr. LSA kemur fram að bætur eru ýmist greiddar í peningum eða veittar í formi aðstoðar eins og nánar er kveðið á um í lögnum. Það hefur þó ekki tíðkast hjá skattyfirvöldum að skattleggja bætur fyrir sjúkrahjálþ, þar sem lítið hefur verið svo á að skattskyldir aðilar séu búnir að greiða fyrir sjúkrahjálþina með greiðslu almennra skatta.⁵¹ Erfitt yrði í framkvæmd að festa hendur á fjárhæð þessara bóta. Hvorki hefur reynt á það fyrir YSKN né dómstólum hvort skattleggja beri bætur fyrir sjúkrahjálþ. Að mati höfunda færi betur á því að í lögum væri með ótvíræðum hætti kveðið á um hvort bætur fyrir sjúkrahjálþ væru undanþegnar skattskyldu eða ekki.

Í 1. mgr. 1. gr. SKBL kemur m.a. fram að sá sem ber bótaábyrgð samkvæmt lögnum skuli greiða bætur fyrir sjúkrakostnað og annað fjártjón. Með sjúkrakostnaði er m.a. átt við kostnað vegna meðferðar og endurhæfingar á sjúkrahúsum, hjá heilsugæslulækni, sérfræðilækni, tannlækni, sjúkrahjálþara, kírópraktor, nuddara eða sálfræðingi, lyfjakostnað⁵² og kostnað vegna hjálþartækja læknisvottorða og

⁴⁸ Ásmundur G. Vilhjálmsson (n.17) 172.

⁴⁹ Sama heimild 78.

⁵⁰ Sama heimild 172.

⁵¹ Sama heimild 172-173.

⁵² Sjá t.d. Hrd. 13. júní 2002 í máli nr. 19/2002.

örorkumatsgerða.⁵³ Þó sjúkrakostnaður greiðist að stórum hluta úr opinberum sjóðum er þó gert ráð fyrir því að til þess geti komið að tjónþoli getið krafist hinn skaðabótakylða um bætur vegna slíks kostnaðar.⁵⁴ Með hugtakinu annað fjártjón er t.d. átt við annan útlagðan kostnað en sjúkrakostnað, s.s. ferðakostnað vegna læknesmeðferðar eða örorkumats o.s.frv., annan kostnað sem erfitt er að leggja fram gögn um,⁵⁵ kostnað vegna nauðsynlegra breytinga á húsnæði og námstafir.⁵⁶ Í greinargerð með frumvarpi því er varð að 1. mgr. 1. gr. SKBL er tekið fram, að með orðunum „annað fjártjón“ sé átt við útgjöld sem falla á tjónþola strax eða fljótlega eftir að tjónsatvik bar að höndum en erfitt er að færa sönnur á, t.d. með því að leggja fram reikninga.⁵⁷ Þrátt fyrir þetta orðalag í greinargerðinni bendir eftirfarandi hæstaréttardómur til þess að eftir atvikum komi til greina að fallast á skaðabótaábyrgð vegna framtíðarkostnaðar tjónþola hvort heldur sem um er að ræða sjúkrakostnað eða annað fjártjón.

Hrd. 12. maí 2010 í máli nr. 449/2009. Í dómnum segir m.a.: „Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga skal sá, sem ber bótaábyrgð á líkamstjóni, greiða meðal annars skaðabætur fyrir sjúkrakostnað og annað fjártjón. Á það verður ekki fallist með aðalstefndu að þetta ákvæði taki eingöngu til útgjalda, sem þegar hafa fallið til, enda væri það andstætt þeirri meginreglu að tjónþoli eigi að fá tjón sitt að fullu bætt. Að því virtu verður að leggja til grundvallar að skaðabótaskylda aðalstefndu taki meðal annars til framtíðartjóns áfrýjandans S[...] að því marki, sem slíkt tjón verður sannað með viðhlítandi gögnum og reiknað til eingreiðsluverðmætis eins og aðrir liðir í skaðabótakröfu vegna líkamstjóns sem lúta að ókomnum tíma.“

Þá virðist mega ráða af dómafrankvæmd Hæstaréttar að rétturinn fylgi ekki alltaf framangreindri aðferð við að greina á milli sjúkrakostnaðar og annars fjártjóns. Hvort tjón er þar flokkað sem sjúkrakostnaður eða annað fjártjón virðist því fremur tilviljanakennt auk þess sem

⁵³ Kostnaður vegna læknesvottorða og matsgerða eftir málshöfðun telst hins vegar hluti málskostnaðar, sbr. 129. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

⁵⁴ Sjá Viðar Már Matthíasson (n. 26) 609.

⁵⁵ Sjá Hrd. 1988, 2233.

⁵⁶ Sjá Hrd. 13. júní 2002 í máli nr. 19/2002.

⁵⁷ Alþt. 1992-1993, A-deild, þskj. 596 - 326. mál, athugasemdir við 1. gr., 3. mgr.

ekki verður með góðu móti séð að rétturinn telji að það hvort um sé að ræða sjúkrakostnað eða annað fjártjón hafi í sjálfu sér áhrif á réttarstöðu tjónþola. Sem dæmi um þetta má nefna að í Hrd. 27. september 2012 í máli nr. 45/2012 var kostnaður við kaup á lyfjum felldur undir annað fjártjón. Þá er í Hrd. 12. maí 2010 í máli nr. 449/2009 fjallað um skaðabótakröfu vegna ferðakostnaðar, kostnaðar af sjúkrahjálfun, útgjalda vegna þjónustu á göngudeild sjúkrahúss og lyfjakostnaðar, án þess að það verði ráðið að einhverju skipti hvort einstakir tjónslidur teljist sjúkrakostnaður eða annað fjártjón.

Bótafjárhæð vegna sjúkrakostnaðar og annars fjártjóns getur eftir atvikum verið matskennd. Samkvæmt almennum sönnunarreglum er það tjónþola að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni og hvert sé umfang tjónsins.⁵⁸ Í þeim tilgangi getur hann t.d. dómkvatt matsmenn til þess að reyna að staðreyna tjón sitt, sbr. heimild í IX. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Þegar erfitt reynist fyrir tjónþola að sýna fram á nákvæma bótafjárhæð hafa dómstólar stundum dæmt bætur að álitum. Í Hrd. 27. september 2012 í máli nr. 45/2012 gerði tjónþoli kröfu um greiðslu framtíðarlyfjakostnaðar að fjárhæð kr. 5.861.639. Fyrir lá útreikningur á eingreiðsluverðmæti lyfjakostnaðar til æviloka að fjárhæð kr. 2.491.489. Dómurinn taldi skilyrði til þess að dæma viðkomandi kr. 600.000 að álitum. Um þetta segir m.a. eftirfarandi í dómnum: „Talið verður að kostnaður við kaup á lyfjum falli undir „annað fjártjón“ þess sem fyrir slysi verður samkvæmt 1. gr. skaðabótalaga.“

Af framangreindum dómum verður ekki ráðið að sérstaklega sé vikið að því hvort bæturnar séu skattskyldar eða ekki.⁵⁹ Dæmd bótafjárhæð kann stundum að vera lægri en dómkrafan hljóðar upp á með vísan til eingreiðsluhagræðis.

Bætur fyrir sjúkrakostnað og annað fjártjón samkvæmt 1. mgr. 1. gr. SKBL virðast við fyrstu sýn vera skattskyldar tekjur skv. 2. tölul.

⁵⁸ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur 1* (Bókaútgáfan Codex 2015) 208.

⁵⁹ Hrd. 8. október 2009 í máli nr. 35/2009, Hrd. 1. desember 2011 í máli nr. 138/2011 og Hrd. 26. janúar 2012 í máli nr. 208/2011.

A-liðar 7. gr. TSL. Þessu veldur að ákvæði 2. másl. 2. tölul. A-liðar 7. gr. verður vart skilið öðruvísi en svo að það gildi um allar skaðabætur sem ekki eru sérstaklega undanþegnar í 2. tölul. 28. gr. TSL, nokkuð sem virðist ekki vera raunin um bætur vegna sjúkakostnaðar og annars fjártjóns. Ef marka má niðurstöðu í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 7. júlí 2010 í máli nr. E-10220/2009 ber að túlka 2. tölul. 28. gr. TSL samkvæmt orðanna hljóðan, en þar var sérstaklega tekið fram að þær bótategundir sem taldar eru upp í ákvæðinu giltu samkvæmt orðanna hljóðan.

Með hliðsjón af framangreindu er niðurstaða YSKN í úrskurði nr. 183/2002 nokkuð athyglisverð. Þar var deilt um hvort bætur fyrir annað fjártjón væru skattskyldar. Atvik voru með þeim hætti að kærandi, sem hafði lent í umferðarslysi, fékk greiddar bætur frá váttryggingafélagi vegna tafa í námi. Kærandi taldi bæturnar fram sem skattfrjálsar miskabætur og vísaði til framkvæmdar skattyfirvalda, bréfs frá váttryggingafélaginu og SKBL. Váttryggingafélagið hafði haldið eftir staðgreiðslu opinberra gjalda af bótunum. Skattstjóri taldi bæturnar skattskyldar með vísan til 2. tölul. A-liðar 7. gr. TSL. Ríkisskattstjóri og YSKN voru hins vegar ósammála niðurstöðu skattstjóra og töldu bæturnar undanþegnar skattskyldu. Í niðurstöðu úrskurðarins segir m.a. orðrétt:

„Í bréfi Váttryggingafélags Íslands hf. til skattstjóra, dags. 20. nóvember 2001, kemur fram að umrædd greiðsla sé vegna tafa í námi og að læknar hafi metið í matsgerð að um slíkt hafi verið að ræða í tilviki kæranda. Réttur til slíkra bóta sé tilgreindur í 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og sé fjárhæð ákveðin með hliðsjón af bótafjárhæðum sem ákveðnar hafi verið í áþekktum málum fyrir dómstólum. Með hliðsjón af þessu og kröfugerð ríkisskattstjóra er krafa kæranda varðandi greiðslu vegna annars fjártjóns 500.000 kr. tekin til greina, sbr. 2. tölul. 28. gr. laga nr. 75/1981.“

Bætur vegna tafa í námi eru ekki greiddar nema sannarlegar tafir hafi orðið á námsframvindu og leiddar séu líkur að því að fjártjón hafi orðið.⁶⁰ Það leiðir af heiti bótanna að þeim er ætlað að bæta

⁶⁰ Viðar Már Matthíasson, (n. 26) 621.

fjárhagslegt tjón tjónþola sem leitt hefur af bótaskyldu líkamstjóni. Í raun má segja að rekja megi fjártjónið til þeirrar forsendu að vegna tafa í námi af völdum líkamstjóns hafi viðkomandi komið seinna út á vinnumarkað en raunin hefði ella orðið.

Í athugasemdum í frumvarpi sem varð að SKBL eru miskabætur hins vegar skýrðar sem fégjald fyrir ófjárhagslegt tjón.⁶¹ Hefur YSKN fellt bætur fyrir tafir í námi undir hugtakið miskabætur. Niðurstöðu YSKN má ef til vill skoða í ljósi þess að fyrir gildistöku SKBL féllu bætur vegna tafa í námi undir það sem nefnt voru bætur vegna röskunar á stöðu og högum. Slíkar bætur, sem í raun var litill á sem miskabætur, voru því áður dæmdar á grundvelli 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en það ákvæði var fellt úr gildi með lögfestingu SKBL.⁶² Í greinargerð með frumvarpi til SKBL kemur beinlínis fram að þrátt fyrir að 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga sé felld úr gildi með lögunum sé eftir sem áður gert ráð fyrir slíkum miskabótum fyrir röskun á stöðu og högum þess sem verður fyrir tölum í námi. Með tilkomu skaðabótalaga var þannig ætlunin að bæta slíkt tjón sem annað fjártjón. Þetta styður aftur þá niðurstöðu að fella megi bætur fyrir tafir í námi undir hugtakið miskabætur í 2. tölul. 28. gr. TSL nokkuð sem leiðir til þess að slíkar bætur séu skattfrjálsar.⁶³ Höfundar þessarar greinar telja þó heppilegara að í ákvæðinu komi með skýrum hætti fram að bætur vegna tafa í námi séu ekki skattskyldar.

Hér má einnig nefna að samkvæmt 12. laga nr. 47/2010 eru sanngirniskætur undanþegnar skattskyldu með eftirfarandi hætti:

Um sanngirniskætur samkvæmt lögum þessum fer skv. 2. tölul. 28. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Óheimilt er að skuldajafna kröfum ríkisins, sveitarfélaga eða stofnana þeirra á móti greiðslum samkvæmt lögum þessum.

⁶¹ Alþt. 1992-1993, A-deild, þskj. 596 - 326. mál, almennar athugasemdir, kafli 3.

⁶² Ákvæðið var fellt brott með SKBL, sjá 1. tölul. 29. gr. laganna.

⁶³ Höfundar hafi ekki fundið nein dæmi þess að fjárhæð bóta vegna tafa í námi séu lækkaðar vegna skattfrelsis.

Líklega er litið á þessar bætur sem miskabætur þó orðalagi 2. mgr. 28. gr. hafi ekki verið breytt af þessu tilefni.

Ef það leiðir af 2. tölul. A-liðar 7. gr. TSL að skaðabætur fyrir sjúkrakostnað eða annað fjártjón séu almennt skattskyldar, er ástæða til að velta því upp hvort til greina komi að beita frádráttarheimild 2. mgr. 30. gr., sbr. 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. TSL. Ef svarið við þessari spurningu er játandi myndi það væntalega þýða að tjónþola gæti verið heimilt að draga frá allar bætur sem hann fær vegna sjúkrakostnaðar eða annars fjártjóns af völdum bótaskylds líkamstjóns. Hér á eftir verður leitast við að svara þessari spurningu annars vegar vegna tímabundins tjóns, þ.e. áfallins kostnaðar, og hins vegar vegna framtíðartjóns sem metið hefur verið en er ekki áfallið.

Í 2. mgr. 30. gr. TSL segir:

Hafi maður beinan kostnað við öflun annarra tekna en tekna skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr., án þess að hún verði talin falla undir atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skulu ákvæði 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. samt sem áður gilda um slíkan kostnað eftir því sem við á, þó ekki ákvæðin um vexti af skuldum, afföll, gengistöp og fyrningu eigna. Kostnaður þessi leyfist eingöngu til frádráttar sams konar tekjum og hann gekk til öflunar á, og má frádráttur hvers árs aldrei nema hærrí fjárhæð en sem nemur þeim tekjum sem hann leyfist til frádráttar.

Í ákvæði 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. TSL segir:

Frá tekjum lögaðila og þeim tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi eða eru tengdar slíkum rekstri má draga:

1. Rekstrarkostnað, þ.e. þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda starfsmanna í lífeyrissjóði sem starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, vexti af skuldum, afföll, gengistöp, niðurfærslu og fyrningu eigna, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum, og það sem varið er til tryggingar og viðhalds á eignum þeim sem arð bera í rekstrinum.

Áður en lengra er haldið er rétt að taka fram að ekki hefur verið fallist á að persónuleg útgjöld skattskyldra aðila séu frádráttarbær

skv. 2. mgr. 30. gr.⁶⁴ Í úrskurði YSKN nr. 803/1997 voru atvik þau að kærandi hafði fengið greiddan sjúkrastyrk frá stéttarfélagi sínu vegna tannviðgerða. Kærandi taldi styrkinn vera endurgreiðslu á útlögðum kostnaði vegna tannskada. Það var hins vegar niðurstaða YSKN að um persónuleg útgjöld væri að ræða og kostnaðurinn því ekki frádráttarbær.⁶⁵

Hvað varðar bætur vegna áfallins sjúkrakostnaðar eða annars fjártjóns, þar sem verið er að bæta þegar áfallinn kostnað sem hægt er að sýna fram á með hlutlægum gögnum, virðist málið horfa öðruvísi við. Þá er væntanlega ekki um persónuleg útgjöld að ræða í framangreindum skilningi, heldur beinan kostnað af völdum bótaskylds líkamstjóns. Nánar tiltekið er um að ræða kostnað sem ekki hefði fallið til ef líkamstjóninu væri ekki til að dreifa. Því verður að telja líklegt að þegar svo háttar til gæti sá sem á bótréttinn nýtt frádráttarheimild 2. mgr. 30. gr. TSL.

Hvort niðurstaðan yrði sú sama þegar um er að ræða t.d. eingreiðslu-
bætur vegna framtíðarsjúkrakostnaðar eða annars fjártjóns kann að vera meiri vafi. Þó vissulega liggi oftast að baki slíkum bótagreiðslum mat þar til berra sérfræðinga á hver árlegur framtíðarkostnaður kunni að vera og búið sé að eingreiðslureikna þann kostnað og greiða út sem bætur, breytir það þó ekki þeirri staðareynd að þegar greiðslan fer fram er ekki um að ræða áfallinn kostnað. Rökin að baki greiðslunum eru þó hin sömu og gildir um greiðslu áfallins tímabundins kostnaðar, þ.e. eingreiðslufjárhæðinni er ætlað að standa undir greiðslum á tilteknum framtíðarkostnaði af völdum bótaskylds líkamstjóns. Í raun er hér um að ræða kostnað sem í flestum tilvikum er svo nátengdur hinni metnu varanlegu fjárhagslegu örorku að færa má góð rök fyrir því að telja ætti hann hluta af því tjóni og greiðslurnar þar af leiðandi

⁶⁴ Sjá Ríkisskattstjóri, Ákvarðandi bréf nr. 006/2004 frá 22. nóvember 2004. <www.rsk.is/fagadilar/akvardandi-bref/beinir-skattar/nr/559> skoðað 13. febrúar 2018.

⁶⁵ Í úrskurði YSKN nr. 237/2005 sýnaði nefndin kröfu kæranda um frádrátt kostnaðar vegna gleraugnakaupa og krabbameinsskoðunar á móti fengnum styrk frá stéttarfélagi þar sem um væri að ræða persónuleg útgjöld þeirra. Í úrskurði YSKN nr. 353/2013 sýnaði nefndin kröfu kæranda um frádrátt kostnaðar vegna kaupa á heyrnatæki á móti fengnum styrk frá stéttarfélagi þar sem um væri að ræða persónuleg útgjöld.

skattfrjálsar á grundvelli 2. tölul. 28. gr. TSL.⁶⁶ Ef ekki yrði fallist á slíkt ætti tjónþoli hins vegar, eins og gildir um áfallinn kostnað vegna tímabundins tjóns, að geta nýtt sér frádráttarheimild 2. mgr. 30. gr. TSL. Þetta er þó væntanlega háð því að fyrir liggi fullnægjandi sérfræðimat á framtíðarsjúkrakostnaði og öðru fjártjóni.

Höfundar telja að jafnvel þótt fallist yrði á að tímabundinn eða varanlegur sjúkrakostnaður eða annað fjártjón gæti eftir atvikum fallið undir bætur fyrir varanlega örorku í skilningi 2. tölul. 28. gr. TSL eða frádráttarheimild 2. mgr. 30. gr. sömu laga, væri heppilegra að taka fram með ótvíræðum hætti að þessar bætur séu ekki skattskyldar í skilningi 2. tölul. 28. gr. TSL. Ef niðurstaðan yrði hins vegar sú að bætur fyrir sjúkrakostnað og annað fjártjón teldust skattskyldar tekjur og ekki væri heimilt að beita 2. mgr. 30. gr. TSL, þarf að ákvarða bæturnar hærri sem nemur skattgreiðslunum. Að öðrum kosti fengi tjónþoli ekki fjártjón sitt að fullu bætt.

4.7 Örorkubætur ákveðnar í einu lagi

4.7.1 Eingreiddar örorkubætur úr hendi hins skaðabótaskylda

Bætur fyrir varanlega örorku skv. 5.-7. gr. SKBL eru undanþegnar skattskyldu skv. 2. tölul. 28. gr. TSL.⁶⁷ Í b-lið 10. gr. laga nr. 6/1935, um tekjuskatt og eignarskatt, var í fyrsta sinn skýrlega mælt fyrir um það í lögum að örorkubætur væru undanþegnar skattskyldu. Í athugasemdum með 10. gr. frumvarps er varð að lögum nr. 6/1935 má þó ráða að skattframkvæmd hafi verið sú, fyrir gildistöku ákvæðisins, að örorkubætur hafi verið undanþegnar skattskyldu.⁶⁸ Í 10. gr. laga nr. 74/1921, um tekjuskatt og eignarskatt, taldist t.a.m. eignaauki vegna útborgunar lífsábyrgðar, brunabóta og þess háttar ekki til tekna.

⁶⁶ Í þessu sambandi má nefna að í úrskurði RSKN nr. 307/1991 kom fram að nafngift bóta skattskylds einstaklings skipti ein og sér ekki máli, heldur yrði að virða sjálfstætt hvers eðlis bæturnar væru í vafatilvikum.

⁶⁷ Alþt. 1977-1978, A-deild þskj. 600 - 282. mál, athugasemdir við 28. gr., 4. mgr. Framkvæmdin hefur verið staðfest í fjölda dóma Hæstaréttar, þar sem bætur hafa verið lækkaðar með tilliti til skattfrelsis. Sjá til dæmis Hrd. 1992, 1845, 1847.

⁶⁸ Alþt. 1934, A-deild, 102.

Í athugasemdum með 10. gr. frumvarps sem varð að fyrrgreindum lögum er að finna rökstuðning fyrir undanþágunni, en þar segir:

„Eignaauki af arfi eða útborgun tryggingafjár telst heldur ekki til tekna, enda greiðist erfðafjárskattur af arfinum og tjett til tryggingarfjárins hafa menn keypt sjer með greiðslu iðgjaldanna. Auk þess er útborgun tryggingafjár venjulega bundin við það, að menn hafa beðið eitthvert tjón, svo og sá, er fær, er ekki betur settur effir en áður.“⁶⁹

Eins og sést af framangreindri tilvitnun hefur undanþága frá skattskyldu fyrst og fremst beinst að tryggingafé úr váttryggingum sem einstaklingar hafa keypt sér sjálfir með greiðslu iðgjalda. Engu að síður virðist í framkvæmd ekki hafa verið gerður greinarmunur á því hvort örorkubæturnar hafi greiðst úr váttryggingu sem menn hafa keypt sjálfir eða annars staðar frá. Frá lögfestingu 2. tölul. 28. gr. laga nr. 40/1978⁷⁰ hefur undanþága frá skattskyldu tekið mið af því hvort örorkubæturnar eru ákveðnar í einu lagi til greiðslu.⁷¹

Að framangreindu virtu er rétt að skoða nánar hvort í útreikningi á örorkubótum sé tekið tillit til skattfrelsisins. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. SKBL eru bætur fyrir varanlega örorku reiknaðar út á þann veg að margfaldað er saman örorkustig, árslaun og margfeldisstuðull. Þau árslaun sem lögð eru til grundvallar eru eftir atvikum árslaun tjónþola síðastliðin þrjú ár skv. 1. mgr. 7. gr. SKBL, sérstök árslaun við óvenjulegar aðstæður skv. 2. mgr. 7. gr. SKBL eða lágmarksárslaun eða hámarksárslaun, skv. 3. og 4. mgr. 7. gr., sbr. 15. gr. SKBL.

Til grundvallar útreikningi á margfeldisstuðlinum í 1. mgr. 6. gr. SKBL liggja sjö forsendur. Meðal annars er miðað við að örorkubæturnar skerðist um 33,3% vegna tekjuskattshagræðis og eingreiðslu.⁷² Í raun er því miðað við að launatekjur tjónþola séu skattlagðar um 33,3%.⁷³

⁶⁹ Alþt. 1921, A-deild, 77.

⁷⁰ Ákvæði b-liðar 10. gr. laga nr. 6/1935, um tekjuskatt og eignarskatt, var óbreytt fram til þess að því var breytt með 2. tölul. 28. gr. laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt.

⁷¹ Alþt. 1977-1978, A-deild, þskj. 600 - 282. mál, athugasemdir við 28. gr., 4. mgr.

⁷² Alþt. 1998-1999, A-deild, þskj. 199 - 183 mál, athugasemdir við 5. gr., d.liður.

⁷³ Alþt. 1998-99, A-deild, 1347.

Þannig má halda því fram að í útreikningi á bótum skv. 6. gr. SKBL sé tekið tillit til þess að bæturnar eru skattfjálsar. Eingreiðsluhagræðið virðist hins vegar hafa lítið vægi. Má í því sambandi vísa í eftirfarandi Hæstaréttardóm:

Hrd. 17. febrúar 2005 í máli nr. 357/2004. Í dómnum segir m.a.: „Fallast verður á með áfrýjanda að fylgja verði þeirri almennu reglu við ákvörðun skaðabóta vegna varanlegrar örorku eftir 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga að eingreiðsluverðmæti þess, sem tjónþoli á rétt til úr almannatryggingum, komi aðeins að $\frac{2}{3}$ hlutum til frádráttar bótum þegar um er að ræða tekjuskattskyldan lífeyri, sem greiðist ekki í einu lagi, sbr. að nokkru dóma Hæstaréttar 18. september 2003 í máli nr. 520/2002 og 27. nóvember 2003 í máli nr. 223/2003. Verður þetta rakið til þess, sem áður segir, að eftir lögskýringargögnum hefur við ákvörðun margföldunarstuðla í 1. mgr. 6. gr. skaðabótalaga verið reiknað með því að bætur fyrir varanlega örorku skerðist um þriðjung samtals vegna tekjuskattfrelsis bótanna og hagræðis af eingreiðslu þeirra. Ljóst er að þessi skerðing hlýtur að mestu að verða rakin til tekjuskattfrelsis bótanna, enda felst að öðru leyti í útreikningi þeirra að áætlað tekjutap tjónþola vegna örorku sætir lækkun, sem svarar til frambúðarávöxtunar þeirra, en með þessu er þá þegar að verulegu leyti tekið tillit til áhrifa af því að bæturnar séu inntar af hendi með eingreiðslu. Í málinu hefur að engu leyti verið rakið af hendi áfrýjanda hver þau atriði séu önnur, sem geti búið að baki því að bætur fyrir varanlega örorku sæti lækkun vegna hagræðis tjónþola af eingreiðslu þeirra, og enn síður hvert sé reikningslegt vægi slíkra atriða. Af þessum sökum er ekki fært að fella efnisdóm á varakröfu áfrýjanda og verður henni því vísað af sjálfsdáðum frá héraðsdómi.“

Rétt er að víkja aðeins nánar að ástæðu þess að miðað er við skatt- hlutfallið 33,3% sem skerðingarhlutfall í margfeldisstuðlinum. Í álitsgerð um skaðabótalög nr. 50/1993 frá 10. nóvember 1995, var lagt til að horfið yrði frá því að nota fastan margfeldisstuðul og tekinn yrði upp samfelldur margfeldisstuðull.⁷⁴ Höfundar álitsgerðarinnar töldu eðlilegt að í margfeldisstuðlinum væri gert ráð fyrir 33,3% skerðingu vegna skattahagræðis og eingreiðslu.⁷⁵ Fyrir gildistöku SKBL hafði myndast sú

⁷⁴ Alþt. 1995-96, A-deild, 3311.

⁷⁵ Sama heimild.

dómvenja að lækka bætur með tilliti til skattahagræðis, en skatthlutfall var hins vegar breytilegt.⁷⁶ Samfelldur margfeldisstuðull var lögfestur með 5. gr. laga nr. 37/1999 sem breytti 6. gr. SKBL. Í frumvarpi þeirra laga kom fram að við ákvörðun á skatthlutfallinu hafi meðal annars verið höfð hliðsjón af dómum Hæstaréttar frá tímabilinu áður en SKBL tóku gildi.⁷⁷ Einnig töldu höfundar fyrrnefndrar álitsgerðar skerðingarhlutfallið vera það hátt að það nægði væntanlega jafnframt til að mæta nokkuð hærri miska- og þjáningabótum, sem yngra bótakerfi hafi mælt tjonþolum en hið eldra.⁷⁸ Margfeldisstuðlinum hefur ekki verið breytt frá gildistöku laga nr. 37/1999.

Vorið 2018 var á Alþingi lagt fram frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum nr. 50/1993, með síðari breytingum.⁷⁹ Í 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir breytingum á margfeldisstuðlinum. Áfram á þó að miða við 33,3% skerðingu vegna tekjuskattshagræðis og eingreiðslu, sbr. e-lið 3. mgr. athugasemda um 3. gr. frumvarpsins. Ekki er að finna neinn frekari rökstuðning fyrir þessari ákvörðun í frumvarpinu. Í bréfi Vigfúsar Ásgeirssonar tryggingastærðfræðings, dags. 12. maí 2017, til Eiríks Jónssonar prófessors er reiknað út hvert skattahagræðið er miðað við mismunandi launatekjur. Samkvæmt þeim útreikningum liggur fyrir að tjonþoli þarf að hafa 1.016.357 kr. í tekjur til þess að skerðingin sé rétt, þ.e. skattbyrðin er þá 33,3%. Í ljósi þessa er fróðlegt að skoða hvernig skattbyrði⁸⁰ hefur þróast frá gildistöku SKBL með hliðsjón af lágmarks- og hámarkslaunum, sjá eftirfarandi töflu⁸¹:

⁷⁶ Viðar Már Matthíasson (n. 26) 692.

⁷⁷ Alþt. 1998-99, A-deild, 1308, d-liður.

⁷⁸ Alþt. 1995-96, A-deild, 3311.

⁷⁹ Alþt. 2017-2018, A-deild, þskj. 626 - 441. mál; <<http://www.althingi.is/alttext/148/s/0626.html>> skoðað 6. apríl 2018. Frumvarpið var ekki afgreitt á því þingi.

⁸⁰ Með skattbyrði er átt við útreiknaðan tekjuskatt og útsvar að teknu tilliti til persónuafsláttar.

⁸¹ Taflan er uppbyggð með þeim hætti að tekin var skattprósenta árin 1993-2017 og reiknaður tekjuskattur og útsvar í staðgreiðslu af lágmarks- og hámarkslaunum ár hvert. Frá útreiknuðum tekjuskatti og útsvari ár hvert var svo dreginn persónuafsláttur. Af fjárhæð þannig fenginni var deilt eftir atvikum með hámarks- og lágmarkslaunum og þá fékkst út hver skattbyrðin var í prósentum talið. Dæmi: 4.589.000 (hámarkslaun 1993) x 0,4134 skattprósenta 1993 = 1.897.093 (staðgreiðsla) => 1.897.093 - 285.132 (persónuafsláttur) = 1.611.961 => 1.611.961/4.589.000 = 35,1% (skattbyrði).

Ritrynd fræðigrein

Ár	Skattbyrði - lágmark	Skattbyrði – hámark
1993	18,0%	35,1%
1994	18,6%	35,7%
1995	18,6%	35,7%
1996	19,1%	35,8%
1997	19,5%	36,0%
1998	17,9%	33,4%
1999	18,3%	33,0%
2000	17,7%	32,1%
2001	19,6%	33,6%
2002	19,2%	33,4%
2003	19,1%	33,4%
2004	19,4%	33,5%
2005	18,7%	32,7%
2006	18,6%	31,9%
2007	16,6%	30,6%
2008	18,2%	31,0%
2009	17,4%	31,9%
2010	17,4%	35,3%
2011	18,5%	35,7%
2012	18,4%	35,7%
2013	18,4%	35,6%
2014	17,5%	34,9%
2015	17,7%	34,6%
2016	17,4%	33,9%
2017	17,3%	33,3%

Af töflunni sést að skattbyrði tjónþola hefur sveiflast töluvert frá því að lögin voru upphaflega sett árið 1993. Jafnframt sést að skattbyrði þeirra tjónþola þar sem bótauppgjör er miðað við lágmarkslaun er mun lægri en þeirra tjónþola þar sem miðað er við hámarkslaun. Af því leiðir að skerðingarhlutfall upp á 33,3% kemur mjög mismunandi við tjónþola. Skerðingarhlutfallið er of hátt fyrir þá tjónþola sem hafa lág viðmiðunarlaun en hins vegar of lágt fyrir þá tjónþola sem hafa há

viðmiðunarlaun. Þetta þýðir að tjonþolar með há viðmiðunarlaun fá of háar bætur á kostnað þeirra sem lægri hafa launin. Í þeim gögnum sem fyrir liggja fæst ekki séð að eitthvert tillit hafi verið tekið til þessa þáttar þ.e. að aðrir þættir í stuðlinum vegi þarna upp á móti. Í álitargerð Gestu Jónssonar hrl. og Gunnlaugs Claessen hrl., dags. 23. júní 1994, segir orðrétt:

„d) Í eldra bótakerfi voru bætur til tjonþola vegna varanlegrar örorku lækkaðar vegna skattfrelsis og eingreiðsluhagræðis. Af dómum Hæstaréttar má ráða að lækkun vegna skattfrelsis var mismunandi eftir tekjum tjonþola. Í HRD 1992:312 er lækkunin ákveðin 25% fyrir skattfrelsi og eingreiðsluhagræði fyrir mann með meðaltekjur iðnaðarmanna. Í HRD 1993:302 er svipuð niðurstaða. Í HRD 1992:1845 er skerðingin innan við 15% fyrir skatthagræðið hjá einstæðri móður með lágur tekjur. Þrátt fyrir ótvírætt fordæmisgildi hinna tilvitnuðu dóma er varasamt að slá því föstu að áþreifanlegar og öruggar reglur hafi verið við að styðjast varðandi þennan skerðingarþátt. Í skaðabótalögum kemur ekki til skerðingar hinna lögákvæðnu bóta vegna skattfrelsis eða eingreiðsluhagræðis.“⁸²

Staðan hvað þetta varðar hefur ekkert breyst, þ.e. staðlað skatthlutfall kemur mjög mismunandi við tjonþola.

Í 4. gr. fyrrgreinds lagafrumvarps um breytingu á skaðabótalögum er gert ráð fyrir að bæði lágmarks- og hámarks-laun hækki með hliðsjón af launavísitölu í stað lánskjaravísitölu. Lágmarks-laun munu því eftir hækkunina nema kr. 5.772.500 og hámarks-launin kr. 21.646.500.⁸³ Skattbyrði lágmarks-launa verður því 25,9% en skattbyrði af hámarks-launum 39%. Það má því segja að þeir tjonþolar sem hæstar hafa tekjurnar séu að hagnast á tjóni sínu á kostnað þeirra sem hafa lægstar tekjurnar hvað tekjuskattsviðmiðið varðar.

Við útreikning á margfeldisstuðli bæði í gildandi skaðabótalögum og í framangreindu frumvarpi til breytinga á þeim lögum, er miðað við fulla atvinnuþátttöku tjonþola til 67 ára aldurs, nokkuð sem jafngildir því að ekki er reiknað með neinu brottfalli vegna atvinnumissis. Á það hefur verið bent að reikna megi með því að áhrif atvinnumissis séu

⁸² Gestur Jónsson og Gunnlaugur Claessen, „Álit meirihluta nefndar til skoðunar á skaðabótalögum nr. 50/1993“, frá 23. júní 1994.

⁸³ Fjárhæðir taka mið af launavísitölu í nóvember 2017.

mest hjá þeim yngri og tekjulægri. Það að ekki skuli vera reiknað með brottfalli vegna atvinnumissis er því líklegt til að veða að einhverju leiti á móti áhrifum þess að skattalegt hagræði virðist vanreiknað hjá þessum hópi.⁸⁴

Í frumvarpi því sem varð að skaðabótalögum nr. 50/1993 var til þess vísað að nauðsynlegt hafi verið að tilgreina ákveðið þak á launaviðmið og þá sérstaklega litið til þess að þeir sem hafi hæstu launin hafi þá frekar færi á því að kaupa sér váttryggingu og tryggja sig sérstaklega. Þessi sjónarmið virðast ekki vera höfð að leiðarljósi þegar forsendur margfeldisstuðulsins eru skoðaðar.

4.7.2 *Aðrar eingreiddar bætur*

Með útreikningi á grundvelli 1. mgr. 6. gr. SKBL er verið að reikna út heildarþjárhæð framtíðarþjóns tjónþola og frá þeirri þjárhæð koma eftir atvikum til frádráttar greiðslur frá þriðja manni sem greiddar eru úr öðrum stöðum bótaréttarins, skv. 4. mgr. 5. gr. SKBL.⁸⁵ Þessu veldur að tjónþoli á ekki rétt á að fá meira bætt en nemur raunverulegu fjárhagslegu tjóni hans. Með 4. gr. laga nr. 37/1999 var frádráttarreglum í 4. mgr. 5. gr. SKBL breytt. Meðal annars var lögfest að greiðslur frá almannatryggingum, lífeyrissjóðum og váttryggingafélögum kæmu til frádráttar skaðabótakröfu tjónþola. Frumvarpshöfundar lögðu á það áherslu að almennt yrði við frádráttinn að huga að því að greiðslurnar væru sambærilegar með því að tekið væri tillit til skattskyldu og greiðsluforms, áður en dregið væri frá skattfjálsnum og afvöxtuðum örorkubótum.⁸⁶ Með 1. gr. laga nr. 53/2009 var hins vegar heimildin til að draga frá greiðslur frá almannatryggingum þrengd.

⁸⁴ Sjá bréf frá Vigfúsi Ásgeirssyni tryggingastærðfræðingi til Eiríks Jónssonar prófessor, dags. 12. maí 2017.

⁸⁵ Í lögum nr. 50/1993 var ekki gert ráð fyrir því að greiðslur frá öðrum stöðum bótaréttarins kæmu til frádráttar skaðabótakröfu. Þar sem margfeldisstuðull 5. gr. laga nr. 37/1999 sem breyttu SKBL var annars eðlis en sá margfeldisstuðull sem hafði verið í gildi og tók mið af að tjónþoli fengi tekjutap sitt að fullu bætt vegna varanlegrar örorku, þótti eðlilegt að til frádráttar örorkubótum kæmu greiðslur af félagslegum toga sem kæmu í hlut tjónþola vegna örorkunnar. Sjá Alþt., 1998-1999, A-deild, þskj. 199 - 183 mál, athugasemdir við 4. gr.

⁸⁶ Alþt. 1998-1999, A-deild, þskj. 199 - 183. mál, athugasemdir við 4. gr., 1. mgr.

Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. SKBL skal m.a. draga frá skaðabótakröfu 40% af reiknuðu eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði. Við setningu laga nr. 37/1999, um breytingu á skaðabótalögum, var lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð 10%, skv. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda (hér eftir LSL).⁸⁷ Bæði í lögum og kjarasamningum, sbr. 1. mgr. 2. gr. LSL, var samið svo um að launþegar sjálfir greiddu 4% en vinnuveitendur 6%.⁸⁸ Til samræmis við þetta lögðu frumvarpshöfundar til að einungis 60% af verðmæti örorkulífeyris kæmi til frádráttar bóttum, þ.e. sá hluti sem nemur iðgjaldsgreiðslum vinnuveitanda.⁸⁹ Þeir töldu þó ekki hjá því komist að taka tillit til þess að örorkulífeyririnn væri skattskyldur og því var ákveðið að frádrátturinn næmi einungis 40% (2/3 af 60%).⁹⁰ Lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð hækkaði 1. janúar 2007 í 12%, skv. 1. mgr. 2. gr. LSL, sbr. 1. gr. laga nr. 167/2006. Breytingin var gerð þar sem samið hafði verið um það á almennum vinnumarkaði að lágmarksiðgjald í lífeyrissjóði skyldi hækka úr 10% í 12% á næstu tveimur árum, þó þannig að launþegar greiddu áfram 4% en vinnuveitendur 8%.⁹¹ Forsendur fyrir því að draga aðeins frá 40%⁹² reiknaðs eingreiðsluverðmætis örorkulífeyris hafa því breyst. Frádráttarhlutfall eingreiðsluverðmætis örorkulífeyris ætti með réttu að vera 44,44%, vegna iðgjalds sem greitt hefur verið frá árinu 2007. Í 2. gr. í áðurnefndu frumvarpi um breytingu á skaðabótalögnum er gert ráð fyrir breytingu á frádráttarhlutfallinu. Það hækki úr 40% í 4/9, sem er í raun 44,44%. Það liggur þó fyrir að samkvæmt svokölluðu SALEK-samkomulagi frá janúar 2016 er stefnt að enn frekari hækkun framlags í áföngum. Þrátt fyrir að þær hækkningar hafi að hluta tekið gildi var í frumvarpinu ekki talin ástæða til þess að ganga lengra en fyrr greinir. Það má setja spurningarmerki við þá niðurstöðu.

⁸⁷ Alþt. 1997-1998, A-deild, þskj. 294 - 249. mál_ 2. gr., 1. mgr.

⁸⁸ Alþt. 2006-2007, A-deild, þskj. 236 - 233. mál, athugasemdir við 1. gr.

⁸⁹ Alþt. 1998-1999, A-deild, þskj. 199 - 183. mál, athugasemdir við 4. gr., 3. mgr.

⁹⁰ Sama heimild.

⁹¹ Alþt. 2006-2007, A-deild, þskj. 236 - 233. mál, almennar athugasemdir og athugasemdir við 1. gr.

⁹² Þetta hlutfall ætti þó einnig að taka mið af mögulegum breytingum á skatthlutfallinu í margfeldisstuðlinum sem fjallað er um í kafla 4.5.1.

Bætur fyrir varanlega örorku sem greiddar eru úr slysatryggingum launþega og öðrum fjálsum slysatryggingum eru einnig undanþegnar skattskyldu skv. 2. tölul. 28. gr. TSL. Um áratuga skeið hefur almenna reglan verið sú að bótafjárhæðir úr slysatryggingu launþega, sem ákvarðaðar eru í kjarasamningum, breytist í samræmi við vísitölu. Höfundum er hins vegar ókunnugt um hvort skattfrelsið hafi ráðið einhverju þegar í kjarasamningum hefur verið samið um fjárhæð bóta. Sama gildir um fjálsar slysatryggingar enda ákvarða váttryggingartakar þá almennt váttryggingarfjárhæðina. Fjárhæðir örorkubóta sem greiðast úr kjarasamningsbundinni slysatryggingu sjómanna eru ákvarðaðar á grundvelli 5.-7. gr. SKBL, sjá umfjöllun í kafla 4.7.1.

Örorkubætur sem greiddar eru í einu lagi skv. heimild í 4. mgr. 12. gr. LSA eru ekki skattskyldar, sbr. 2. tölul. 28. gr. TSL. Örorkubæturnar skulu jafngilda lífeyri sem tjónþoli hefði fengið greiddan frá því greiðslu dagpeninga lýkur og fram til 67 ára aldurs, sbr. 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 187/2005, sbr. 4. mgr. 12. gr. LSA. Eins og margsinnis hefur komið fram er lífeyrir skattskyldur og þar með er sú viðmiðunarfjárhæð sem liggur til grundvallar þeim útreikningi skattskyld. Útreikningur á eingreiðslu örorkubóta fer eftir 4. gr. reglugerðar nr. 187/2005, sem er svohljóðandi:

„Við núvirðisútreikning eingreiðslu samkvæmt 1. mgr. 2. gr. skal miða við dánartíðni árána 1996–2000 og 4,5% vexti á ári. Miða skal við tryggingaaldur hins slasaða (aldur í heilum árum). Við útreikning vaxta skulu taldir 30 dagar í hverjum mánuði og 360 dagar í ári. Vextir skulu höfuðstólsfærðir á tólf mánaða fresti, sbr. 12. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.“

Af ákvæðinu leiðir að við útreikninginn er ekki tekið tillit til tekjuskattshagræðis, líkt og gert er í margfeldisstuðli 1. mgr. 6. gr. SKBL. Verður því að telja að örorkubæturnar séu þar af leiðandi hærri en ef tjónþoli hefði valið að taka lífeyri jafnt og þétt eins og heimild er fyrir í 4. mgr. 12. gr. LSA og einnig ef tjónþoli á ekki rétt til skaðabóta vegna slyssins.⁹³ Það væri eðlilegra að tekið væri tillit til þess

⁹³ Að því gefnu að framkvæmd frádráttar sé í samræmi við Hrd. 18. september 2003 í máli nr. 520/2002, Hrd. 27. nóvember 2003 í máli nr. 223/2003 og Hrd. 17. febrúar 2005 í máli nr. 357/2004.

í eingreiðsluverðmætisútreikningi að bótafjárhæðin væri skattfrjáls og vísast um það til álits umboðsmanns Alþingis nr. 3902/2003.⁹⁴

5. Niðurstaða

Í greininni hefur verið fjallað um skattalega meðferð bótagreiðslna. Eins og sést af töflum í 2. kafla getur tjónþoli sem verður fyrir líkamstjóni átt rétt til fjölda greiðslna frá mismunandi stöðum bótaréttarins. Greiðslur vegna tímabundins tjóns geta verið: slysaun, dagpeningar, endurhæfingarlífeyrir, skaðabætur fyrir tímabundið atvinnutjón, annað fjártjón og sjúkrakostnað, fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi, bætur fyrir sjúkrahjálp og þjáningabætur. Greiðslur vegna varanlegs tjóns geta verið: annað fjártjón og sjúkrakostnaður, örorkulífeyrir, barnalífeyrir, tekjutrygging, aldurstengd örorkuuppþót, uppþætur skv. LFA, eingreiddar örorkubætur og miskabætur.

Í 40., 77. og 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að skattamálum á Íslandi skuli skipað með lögum. Það hefur löggjafinn gert með tekjuskattslögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Skattskylda einstaklings ræðst af því hvort hann er með heimilisfesti á Íslandi, dvelur hérlendis eða nýtur launa frá íslenskum aðilum. Það nægir ekki eitt og sér að vera Íslendingur, einstaklingur verður að hafa einhver önnur tengsl við landið. Skattskyldar tekjur einstaklings eru taldar upp í A og C-lið 7. gr. TSL. Ákvæðin miða að því að ná utan um allar hugsanlegar tekjur einstaklinga og er upptalning í ákvæðunum einungis í dæmaskyni. Þar af leiðandi er ekki hægt að gagnálykta frá ákvæðunum á þann veg að ef tekjur eru ekki taldar þar upp þá séu þær ekki skattskyldar. Í 28. gr. TSL eru síðan taldar upp greiðslur sem

⁹⁴ Í áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 3902/2003 kvartaði A yfir úrskurði úrskurðarnefndar almannatrygginga þar sem staðfest var ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um fjárhæð eingreiðslu örorkubóta. A taldi lagaheimild skorta fyrir því að skerða bæturnar á grundvelli viðmiða um dánartíðni og afvöxtunarhlutfall sem tók mið af 6% vaxtafæti. Umboðsmaður taldi afvöxtunarhlutfallið 6% vera of hátt og vísaði til þess að í útreikningi á eingreiddum örorkubótum skv. SKBL væri miðað við afvöxtunarhlutfallið 4,5%. Umboðsmaður taldi að sömu sjónarmið ættu að gilda um ársafvöxtun fjárhæðar sem greidd væri í einu lagi, hvort sem bótarétturinn byggðist á ATL eða SKBL. Umboðsmaður taldi að Tryggingastofnun ríkisins hafi borið að ganga út frá afvöxtunarhlutfallinu 4,5%. (Sjá kafla IV.2, 10. mgr. í álitinu).

ekki teljast til tekna og þar með ekki skattskyldar. Þegar úr því hefur verið skorið að tekjur séu skattskyldar þá er tekjuskattur og útsvar reiknað af skattskyldum tekjum að teknu tilliti til frádráttar skv. A-lið 1. mgr. 30. gr. og 2. mgr. 30. gr. TSL. Frá reiknuðum tekjuskatti dregst síðan eftir atvikum persónuafsláttur.

Greiðslur sem greiðast vegna tímabundins launamissis; slysalaun, dagpeningar, endurhæfingarlífeyrir, fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi og skaðabætur, eru allar skattskyldar skv. A-lið 7. gr. TSL. Þetta ætti aftur að leiða til þess, eins og lög gera ráð fyrir, að frá reiknuðum tekjuskatti af fyrrnefndum greiðslum megi alltaf draga persónuafslátt. Annað hefur þó komið á daginn. Þannig getur tjónþoli tapað réttinum til að nýta persónuafslátt ef ágreiningur rís um bótaskyldu og bótafjárhæðir og það dregst á langinn að gera upp tjónið. Það gæti aftur leitt til þess að tjónþoli fengi tjón sitt ekki að fullu bætt.

Miskabætur teljast ekki til tekna á grundvelli 2. tölul. 28. gr. TSL. Þjáningabætur sem greiddar eru vegna tímabundins ófjárhagslegs tjóns eru ekki nefndar í fyrrgreindu ákvæði. Það verður þó að telja líklegt að þjáningabætur séu jafnframt undanþegnar skattskyldu þar sem þær greiðast fyrir ófjárhagslegt tjón líkt og miskabætur. Þá er til þess að líta að YSKN hefur í úrskurðum sínum ekki einungis horft á heiti bóttanna heldur hver tilgangur þeirra er. Þó við fyrstu sýn virðist leiða af orðalagi 2. tölul. A-lið 7. gr. TSL að bætur fyrir sjúkrakostnað og annað fjártjón skv. 1. mgr. 1. gr. SKBL séu skattskyldar færðu höfundar fyrir því rök að eftir atvikum væri hægt að fella það tjón undir hugtakið varanleg fjárhagsleg örorka í skilningi 2. tölul. 28. gr. TSL eða að heimilt væri að beita frádráttarheimild 2. mgr. 30. gr. laganna í þeim tilvikum. Þá hefur YSKN í úrskurði nr. 183/2002 t.d. komist að þeirri niðurstöðu að bætur fyrir tafir í námi, teljist miskabætur sem undanþegnar eru skattskyldu.

Bætur fyrir sjúkrahjálp skv. lögum nr. 45/2015, um slysatryggingu almannatrygginga, hafa verið undanþegnar skattskyldu á grundvelli þess að tjónþoli sé þegar búinn að greiða fyrir hjálpina með greiðslu almennra skatta. Áhöld eru um hvort bætur fyrir sjúkrakostnað og

annað fjártjón samkvæmt 1. mgr. 1. gr. SKBL eru skattskyldar, skv. 2. tölul. A-lið 7. gr. TSL.

Bætur sem tjónþoli getur átt rétt til vegna varanlegs fjárhagslegs tjóns og greiddar eru mánaðarlega eru langflestar skattskyldar. Það er þó álitamál hvaða tölul. í A-lið 7. gr. TSL gildir um þessar greiðslur. Barnalífeyrir sem greiddur er á grundvelli 20. og 35. gr. ATL og 3. gr. LFA, ef annað hvort foreldra er látið eða barn er ófeðrað, telst ekki til tekna. Á grundvelli fyrrgreindra ákvæða hefur undanþágan jafnframt verið látin ná til barnalífeyris sem greiddur er með börnum örorkulífeyrisþega og örorkustyrkþega. Færa má haldgóð rök fyrir því að sú framkvæmd brjóti í bága við lög.

Eingreiddar bætur fyrir varanlegt tjón sem tjónþoli getur átt rétt á teljast ekki til tekna skv. 2. tölul. 28. gr. TSL. Í bótaútreikningi á grundvelli 6. gr. SKBL er tekið tillit til þess að bæturnar eru ekki skattskyldar og fyrir vikið eru þær ákveðnar 33,3% lægri. Það er umdeilanlegt hvort rétt sé að miða þetta skerðingarhlutfall við 33,3% enda ljóst að það leiðir til þess að tjónþolar með há viðmiðunarárslau hagnast á meðan þeir sem eru með lágar tekjur tapa. Þá eru jafnframt greiðslur sem dregnar eru frá bótunum skv. fyrirmælum í 4. mgr. 5. gr. SKBL lækkaðar um 33,3% ef þær eru skattskyldar. Við útreikning á eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris skv. 4. mgr. 12. gr. LSA fæst ekki séð að tekið sé tillit til þess að greiðslurnar eru skattfrjálsar. Þá er óljóst hvort skattfrelsi hefur einhver áhrif við ákvörðun bótafjárhæða slysatrygginga launþega og frjálsra slysatrygginga.

Af framangreindu virðist blasa við að þegar meta á bótastöðu þess sem verður fyrir líkamstjóni verður bæði að líta til þess hver réttur tjónþola er hjá einstökum stöðum bótaréttarins og hvort þær greiðslur, sem um ræðir hverju sinni, eru skattskyldar eða ekki. Þá fyrst verður hin raunverulega bótastaða tjónþolans ljós.

Heimildir

- Alpt., 1921, A-deild.
- Alpt., 1934, A-deild.
- Alpt., 1977-1978, A-deild, þskj. 600 - 282. mál.
- Alpt., 1979-1980, A-deild, þskj. 46 - 44. mál.
- Alpt., 1991-1992, A-deild, þskj. 722 - 464. mál.
- Alpt., 1992-1993, A-deild, þskj. 596 - 326. mál.
- Alpt., 1995-96, A-deild.
- Alpt., 1998-99, A-deild.
- Alpt., 1998-1999, A-deild, þskj. 199 - 183. mál.
- Alpt., 1997-1998, A-deild, þskj. 294 - 249. mál.
- Alpt., 2006-2007, A-deild, þskj. 236 - 233. mál.
- Alpt. 2017-2018, A-deild, þskj. 626 - 441. mál.
- Alþýðusamband Íslands, „Lög Alþýðusambands Íslands“. Aðgengileg á [www.asi.is/ desktopdefault.aspx/tabid-58](http://www.asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-58)
- Arnljótur Björnsson, Skaðabótaréttur - kennslubók fyrir byrjendur (2. útg. Bókaútgáfa Orators 1999) 2.
- Ásmundur G.Vilhjálmsson, *Skattaréttur 1* (Reykjavík 1994).
- Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur Mannréttindi* (Bókaútgáfan Codex 2008)
- Bo von Eyben, *Erstatningsudmåling – Personskade, forsørgertab* (Gad 1984).
- Bréf Guðbjarts Hannessonar, dags. 3.1.2011.
- Bréf Vigfúsar Ásgeirssonar, dags. 12. maí 2017.
- Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur 1*, (Bókaútgáfan Codex 2015).
- Félagsmálaráðuneytið, „Leiðbeiningar um reglur um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, sbr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum – Leið A Framfærsla barna talin með“. Reykjavík 2009.
- Fjármálaráðuneytið, „Reglur nr. 30/1990, um skilmála slysatryggingar ríkisstarfsmanna skv. kjarasamningum vegna slysa sem starfsmenn verða fyrir í starfi“, frá 16. janúar 1990. Aðgengilegt á www.fjarmalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/reglugerdir/ Starfsmenn_rikisins/nr/941.
- Gestur Jónsson og Gunnlaugur Claessen, „Álit meirihluta nefndar sem skipuð var af dómsmálaráðherra 18. febrúar 1994 til skoðunar á skaðabótalögum nr. 50/1993“, frá 23. júní 1994.
- Guðmundur Sigurðsson, Sigrún Ísleifsdóttir og Bergþóra Ingólfssdóttir, „Sjúkkrasjóðir Stéttarfélaga“ (2018) 14 Tímarit Lögréttu.
- Guðmundur Sigurðsson og Ragnhildur Helgadóttir, *Almannatryggingar og félagsleg aðstoð*, (JPV útgáfa 2007).

- Guðmundur Sigurðsson og Ragnhildur Helgadóttir, „Slysaftryggingar almennaftrygginga – opinber réttur, einkaréttarleg sjónarmið“. Í Pétur Kr. Hafstein o.fl. (ritstj.), Guðrúnarabók, (Hið íslenska bókmenntafélag 2006), 201–248.
- Guðmundur Sigurðsson, „Vinnuslys, slysaftrygging sjómanna – Er um bótaskyld slysa að ræða?“ (2004) 1 Tímarit Lögréttu, 11–35.
- Guðmundur Sigurðsson, „Vinnuslys, slysaftrygging sjómanna – Hver á rétt á bótum? ákvörðun bóta“ (2005) 2 Tímarit Lögréttu, 169–196.
- Gunnar G. Schram, *Stjórnskipunarréttur* (Háskólaútgáfan 1999).
- Ríkisskattstjóri, Bindandi álit nr. 1/08 frá 4. febrúar 2008 <<https://www.rsk.is/fagadilar/bindandi-alit/nr/649>> skoðað 16. maí 2018.
- Ríkisskattstjóri, Ákvarðandi bréf nr. 006/2004 frá 22. nóvember 2004. <www.rsk.is/fagadilar/akvardandi-bref/beinir-skattar/nr/559> skoðað 13. febrúar 2018.
- Ríkisskattstjóri, Ákvarðandi bréfi nr. 7/2011 frá 12. apríl 2011 <www.rsk.is/fagadilar/akvardandi-bref/beinir-skattar/nr/420> skoðað 12. mars 2018.
- Ríkisskattstjóri, „Orðsending nr. 1/2018 til launagreiðenda“ <www.rsk.is/media/2018/rsk_0601_1_2018.is.pdf> skoðaða 17. janúar 2018.
- „Starfsskilyrði stjórnvalda. Skýrsla nefndar um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu (Forsætisráðuneytið, Reykjavík 1999).
- Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2005).
- Virðing, réttlæti, „Reglugerð fyrir Sjúkrajóð VR“. <www.vr.is/um-vr/log-og-reglugerdir/reglugerd-og-starfsreglur-sjukrajsjods-vr/> skoðað 13. febrúar 2018.

Krækjur

- <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2017/12/29/Helstu-skattbreytingar-2018/> (síðast sótt 17.1.2018).
- <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2018/01/05/Frumvarpsdrog-um-breytingu-a-skadabotalogum-til-umsagnar/> (síðast sótt 13.2.2018)

Dómaskrá

Hæstiréttur

Hrd. 1965, 424

Hrd. 1985, 1137

Hrd. 1985, 1544

Hrd. 1986, 462

Hrd. 1987, 587

Hrd. 1988, 2233

Hrd. 1989, 653

Hrd. 1992, 1845

Hrd. 1992, 1995

Hrd. 13. júní 2002 í máli nr. 19/2002

Hrd. 18. september 2003 í máli nr. 520/2002

Hrd. 27. nóvember 2003 í máli nr. 223/2003

Hrd. 17. febrúar 2005 í máli nr. 357/2004

Hrd. 14. febrúar 2008 í máli nr. 307/2007

Hrd. 8. október 2009 í máli nr. 35/2009

Hrd. 12. maí 2010 í máli nr. 449/2009

Hrd. 1. desember 2011 í máli nr. 138/2011

Hrd. 26. janúar 2012 í máli nr. 208/2011

Hrd. 27. september 2012 í máli nr. 45/2012

Hrd. 27. mars 2014 í máli nr. 623/2013

Héraðsdómar

Héraðsdómur Reykjavíkur 17. desember 2007 í máli nr. E-2279/2006.

Héraðsdómur Reykjavíkur 7. júlí 2010 í máli nr. E-10220/2009.

Álit umboðsmanns Alþingis

Mál nr. 3902/2003

Úrskurðir ríkisskattanevndar

Nr. 920/1974

Nr. 705/1981

Nr. 72/1983

Nr. 150/1984

Nr. 43/1988

Nr. 591/1988

Nr. 778/1988

Nr. 207/1990

Nr. 544/1990

Nr. 307/1991

Nr. 143/1992

Nr. 154/1992

Nr. 211/1992

Úrskurðir yfirskattanevndar

Nr. 171/1992

Nr. 151/1993

Nr. 621/1993

Nr. 203/1994

Nr. 803/1997

Nr. 126/1998

Nr. 750/1998

Nr. 786/1998

Nr. 1208/1998

Nr. 435/2000

Nr. 110/2001

Nr. 183/2002

Nr. 237/2005

Nr. 114/2006

Nr. 61/2007

Nr. 19/2012

Nr. 200/2013

Nr. 353/2013

Nr. 93/2015

Skammstafanir

ATL	Lög nr. 100/2007, um almannatryggingar
LFA	Lög nr. 99/2007, um félagslega aðstoð
LSA	Lög nr. 45/2015, um slysatryggingu almannatrygginga
LSL	Lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða
LTS	Lög nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga
RSKN	Ríkisskattanefnd
SKBL	Skaðabótalög nr. 50/1993
TSL	Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt
YSKN	Yfirskattanefnd

Abstract

This article discusses how tax-related payments due to personal injury are performed. Firstly all possible payments that the injured party merits due to bodily harm as a consequence of an accident are discussed and hinted at the condition for the payments obligation. Secondly it is discussed how the tax system is organized in Iceland and tax liability of the individuals; who are taxable, what form of income is taxable and how is the calculation of income tax and local tax performed. Thirdly it is discussed how the tax-related treatment of individual payments is performed: Whether all payments are taxable? Whether the tax-administration is according to law? Whether it is taken into account, when the amount of the payment is decided, that the payment is taxable or tax-free? The injured party could have a right to a large number of payments as long as the condition is fulfilled. The tax system in Iceland is organized according to law. Most monthly payments that the injured party merits are taxable. Life insurance payments, obituary payments, compensation for personal injury and compensation for permanent disability are tax-free. It is questionable if the tax administration is always according to law. It has been revealed, in some cases, that in the progress of deciding the amount of the payments, the tax-related treatment is not always taken into account, the consequence being that the injured party does not always get what he merits or that he gets more than he merits. More conjunction is needed between payments because of occupational accidents and tax law. The real right to payments of the injured party is not clear until he has finished paying the tax of the taxable payments.

Tímabundið og varanlegt fjártjón heimavinnandi einstaklinga

-
- » Dr. Guðmundur Sigurðsson prófessor við lagadeild HR
 - » Guðrún Lilja Sigurðardóttir lögmaður
-

Ú

tdráttur

Þessi grein fjallar um skaðabætur til þeirra sem nýta vinnugetu sína, að heild eða að hluta, til heimilisstarfa. Tilgangurinn er að kanna réttarstöðu þessa hóps og er áhersla lögð á að rannsaka hvernig heimilisstörf eru verðmetin. Auk þess er tilgangurinn að taka saman réttarframkvæmd hérlendis á þessu sviði. Við skrifin var að mestu leyti stuðst við lögskýringargögn með íslenskum skaðabótalögum, auk íslenskra hæstaréttardóma. Einnig var litið til danskra og norskra heimilda, þar sem skaðabótalöggjöf í þeim löndum svipar mjög til íslensku skaðabótalaganna. Í greininni er fjallað um skilgreiningu á hugtakinu heimilisstörf og hvaða skilyrði tjónþoli þarf almennt að uppfylla til að geta fengið bætur fyrir missi getu til heimilisstarfa. Þá er fjallað um ákvörðun bótafjárhæðar til heimavinnandi einstaklinga annars vegar vegna varanlegrar örorku og hins vegar vegna tímabundins atvinnutjóns.

- 1 **Inngangur**
- 2 **Vinna við heimilisstörf**
 - 2.1 Hvað er vinna við heimilisstörf?
 - 2.2 Tjónþoli þarf að sanna að hann hafi nýtt vinnugetu sína til að sinna heimilisstörfum
 - 2.3 Nánar um bótarétt vegna heimilisstarfa
- 3 **Ákvörðun bótafjárhæðar til heimavinnandi einstaklinga**
 - 3.1 Varanleg fjárhagsleg örorka
 - 3.1.1 Tjónþoli nýtir alla vinnugetu sína til heimilisstarfa
 - 3.1.2 Tjónþoli vinnur að hluta heima og að hluta utan heimilis
 - 3.1.2.1 Inngangur
 - 3.1.2.2 Tjónþoli er í 50% starfshlutfalli eða meira utan heimilis
 - 3.1.2.3 Tjónþoli er í minna en 50% starfshlutfalli utan heimilis
 - 3.2 Bætur fyrir tímabundið atvinnutjón
 - 3.2.1 Tjónþoli nýtir alla vinnugetu sína til heimilisstarfa
 - 3.2.2 Tjónþoli vinnur að hluta heima og að hluta utan heimilis
 - 3.3 Skiptir umfang vinnu við heimilisstörf máli við ákvörðun viðmiðunarárslauna?
- 4 **Niðurstaða**

1 Inngangur

Í grein þessari er fjallað um ákvörðun bóta fyrir tímabundið og varanlegt fjártjón þeirra sem nota vinnugetu sína að hluta til eða fullu til að vinna við heimilisstörf í skilningi skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum.¹

Einstaklingar í hlutastarfi á fjórða ársfjórðungi ársins 2017 voru 50.600 eða um 25,8% starfandi fólks í landinu, og hafði fólki í hlutastarfi fjölgað um 1.400 manns frá fjórða ársfjórðungi ársins 2016. Af starfandi konum voru 63,1% í fullu starfi á fjórða ársfjórðungi 2017 og af starfandi körlum voru 83,6% í fullu starfi.² Vinnutími þeirra sem störfuðu í hlutastarfi var 23,1 stundir að meðaltali³ sem samsvarar 66% starfshlutfalli, ef miðað er við að full vinna sé 35 stundir á viku. Ætla má að margir þeirra sem nýta aðeins hluta vinnugetu sinnar úti á atvinnumarkaðnum nýti hluta hennar innan veggja heimilisins. Af þessum tölum má sjá að talsverður hluti Íslendinga virðist nýta vinnugetu sína að fullu eða að hluta til heimilisstarfa.⁴

Í 3. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 kemur fram að leggja skuli verðmæti vinnu við heimilisstörf að jöfnu við launatekjur. Með þessu ákvæði hefur löggjafinn kveðið skýrt á um að störf heimavinnandi einstaklinga skuli metin til fjár. Þrátt fyrir þetta vantar að mati höfunda nokkuð upp á að orðalag reglunnar og lögskýringargögn veiti fullnægjandi leiðbeiningar um hver bótaréttur heimavinnandi einstaklinga raunverulega er.

¹ Í greininni er að nokkru stuðst við BA ritgerð um verðmæti vinnu við heimilisstörf í skilningi 3. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sem Guðrún Lilja Sigurðardóttir skrifaði við lagadeild Háskólans í Reykjavík á vorönn 2012. Leiðbeinandi var Guðmundur Sigurðsson.

² Hagstofa Íslands „Vinnumarkaður á 4. ársfjórðungi 2017“ (1. febrúar 2018, Hagstofa Íslands 2018) 3.

³ Sama heimild 11-12.

⁴ Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands voru 2000 Íslendingar skráðir heimavinnandi árin 2010 og 2011, en sá fjöldi samsvaraði 4,6% landsmanna. Árið 2008 unnu 3200 Íslendingar heimavið, eða 8,2% þjóðarinnar. Sjá; Hagstofa Íslands „Vinnumarkaður 2011 (20. febrúar 2012, Hagstofa Íslands 2012) 32.

Í eftirfarandi umfjöllun er ekki vikið að þeim skilyrðum sem þurfa að vera uppfyllt svo bótaréttur sé til staðar, heldur gengið út frá því að slíkur réttur sé fyrir hendi. Í kafla 2 verður fjallað um hvað sé átt við þegar í skaðabótalögnum er talað um vinnu við heimilisstörf og hver bótaréttur vegna þeirra starfa sé. Í kafla 3 verður síðan fjallað nánar um bótaréttinn vegna varanlegrar fjárhagslegrar örorku og tímabundins atvinnutjóns. Umfjöllun um báða þessa þætti er skipt í tvennt, sjá kafla 3.1 og 3.2. Annars vegar er gengið út frá því að öll vinnugetan sé notuð til heimilisstarfa og hins vegar að bæði sé unnið heima og utan heimilis. Meginviðfangsefnið í báðum tilvikum er að ákveða hvaða laun beri að leggja til grundvallar útreikningi bóta. Í tengslum við framangreinda umfjöllun verður jafnframt komið inn á hvort umfang heimilisstarfa geti haft áhrif við ákvörðun bóta, eða hvort það skipti ekki máli svo lengi sem skilyrðið um að vinnugetan sé notað til vinnu við heimilisstörf er uppfyllt.

Áður en lengra er haldið er þó rétt að taka fram að íslensk dómaframkvæmd hefur markað þá skýru reglu að ákvörðun fjártjóns vegna missis getu til að vinna heimilisstörf gengur út á að meta verðmæti þeirrar vinnugetu sem tapast en ekki að áætla kostnað því samfara að fá annan til að vinna þau störf sem um ræðir.⁵ Það er mikilvægt að þetta atriði liggja ljóst fyrir frá upphafi.

Hvað nánar varðar ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku þá kemur fram í 6. gr. skaðabótalaga að brúttó framtíðartjónið er fundið með því að margfalda saman árslaun, margfeldisstuðul og örorkuprósentu. Þrátt

⁵ Þetta má t.d. glöggst sjá af Hrd. 1999, 3599 og Hrd. 2000, 594. Í seinni dómnum segir m.a.: „Samkvæmt 3. mgr. 1. gr. skaðabótalaga skal verðmæti vinnu við heimilisstörf lagt að jöfnu við launatekjur, meðal annars við ákvörðun bóta fyrir tímabundið atvinnutjón, sbr. 2. gr. laganna. Hefur þeirri skipan því verið komið á með lögum að sá, sem gegnir ekki launuðu starfi utan heimilis, teljist verða fyrir fjártjóni vegna þess eins að hann fari vegna líkamstjóns á mis við að geta sinnt heimilisstörfum, sbr. einnig dóm Hæstaréttar 14. október 1999 í máli nr. 153/1999. Verður þá fjártjónið miðað við verðmæti vinnu við heimilisstörf, en engu breytir í þeim efnum að tjónþoli hafi ekki þurft að bera kostnað af því að annar leysi af hendi þá vinnu í sinn stað. Samkvæmt þessu verður ekki fallist á röksemdir, sem stefndu hafa fært fyrir því að áfrýjandi eigi ekki rétt á bótum fyrir tímabundið atvinnutjón.“ Sjá einnig Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur (Bókaútgáfa Codex 2005) 631-632*.

fyrir þetta verður í þessari grein eins og áður segir fyrst og fremst fjallað um hvaða árslauna eigi að leggja til grundvallar útreikningi á fjárhæð bóta vegna varanlegrar örorku þeirra sem vinna við heimilisstörf að hluta til eða öllu. Þó svo að sjálft örorkumatið og þær forsendur sem að baki margfeldisstuðlinum búa skipti hér einnig miklu máli, verður lítið fjallað um þá þætti í þessari grein.⁶

Í tengslum við framangreint verður eftir því sem við getur átt vísað til íslenskra fræðiskrifa og dómaframkvæmdar. Sama gildir um danskan og norskan rétt og réttarframkvæmd.⁷ Ástæða þessa er m.a. sú að þegar íslensku skaðabótalögin voru lögfest 1993 voru dönsku lögin sú fyrirmynd sem stuðst var við.⁸

Þá er að finna í dönsku og norsku skaðabótalögunum ákvæði sem eru nánast orðrétt eins og 1. mgr. 3. gr. íslensku skaðabótalaganna. Í 2. ml. 2. mgr. gr. 3-1 í norsku skaðabótalögunum nr. 69 frá 1969 segir: „Med inntekt likestilles verdien av arbeid i heimen“. Í 3. mgr. 1. gr. dönsku skaðabótalaganna nr. 228/1984 segir „Værdien af arbejde i hjemmet ligestilles med erhvervsindkomst.“

⁶ Hvað varðar einstaka þætti margfeldisstuðulsins sérstaklega, og eftir atvikum frekari umfjöllun um ákvörðun árslauna þeirra tjónþola sem fallið geta undir 8. gr. skaðabótalaga, vísast í eftirfarandi greinar í þessu tölublaði, þ.e. (2018) 14 Tímarit Lögréttu: Guðmundur Sigurðsson og Anna Lilja Ragnarsdóttir „Skattaleg meðferð bóta“ og Guðmundur Sigurðsson og Sveinbjörn Claessen „Ákvörðun bóta vegna varanlegrar örorku barna og námsmanna.“

⁷ Hér er fyst og fremst um að ræða eftirtalin íslensk, dönsk og norsk fræðiskrif: Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfa Codex 2005), Bernard Gomard og Ditlev Wad, *Erstatning og godtgørelse efter erstatningsansvarloven og voldsofferloven* (G.E.C.GAD 1986), Jens Møller og Michael S. Wiisbye, *Erstatningsansvarloven med kommentarer* (6. útg., Jurist- og Økonomforbundets Forlag 2002), Kirsti Støm Bull „Hjemmearbeidets erstatningsrettslige stilling“ (1982) 95 Tidsskrift for rettsvitenskap og Morten Kjelland, *Hjemmearbeideres erstatningsrettslige vern* (Gyldendal akademisk 2002) og „Hjemmearbeidserstatning – forholdet til velferdsrettslige, skatterettslige og bevisrettslige sider ved utmålingen“ (2011) 8 Tidsskrift for erstatningsrett, forsikringsrett og velferdsrett. Hvað íslenskan rétt varðar skal tekið fram að þó nokkuð hafi verið skrifað um gildissvið 7. og 8. gr. skaðabótalaga hefur lítið beinlínis verið skrifað um bótaréttarlega stöðu heimvinnandi.

⁸ Alþt. 1992-1993, A-deild, 3621.

Vorið 2018 var á Alþingi lagt fram frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum nr. 50/1993 með síðari breytingum. Þær breytingar sem þar voru lagðar til snerta m.a. umfjöllunarefni þessarar greinar. Í frumvarpinu er m.a. lögð til breyting á margfeldisstuðli skaðabótalaga. Þá er jafnframt lögð til breyting á útreikningi lágmarksárslauna skv. 3. mgr. 7. gr. laganna, nokkuð sem leiðir til þess að þau hækka töluvert.⁹ Þó svo að þetta frumvarp hafi ekki verið afgreitt á vörðinginu verður í þessari grein engu að síður gerð grein fyrir því með hvaða hætti þær breytingar sem lagðar voru til gætu haft áhrif á bótarétt heimavinnandi einstaklinga.

2. Vinna við heimilisstörf

2.1 Hvað er vinna við heimilisstörf?

Þó það sé tekið fram í 3. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 að leggja skuli verðmæti vinnu við heimilisstörf að jöfnu við launatekjur er ekki í lögnum eða lögskýringargögnum að finna ítarlega skýringu á því hvað felist í orðalaginu vinna við heimilisstörf. Þannig segir t.d. eftirfarandi í greinargerð með 7. gr. skaðabótalaga: „Ef kona eða karl hefur t.d. unnið hálfan daginn utan heimilis, en að öðru leyti notað starfsorku sína til þess að sinna börnum sínum og öðrum heimilisstörfum...“¹⁰ Hér á eftir verður fjallað nánar um hvað átt sé við með orðinu heimilisstörf í 3. mgr. 1. gr.

Með þeim fyrirvara að almannatryggingar og skaðabótaréttur eru ólík réttarsvið telja höfundar ekki úr vegi að líta í þessu sambandi til reglna slysatrygginga almannatrygginga um bótarétt heimavinnandi einstaklinga. Í 8. gr. laga um nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga er kveðið á um að þeir sem vinni heimilisstörf geti tryggt sér rétt til slysabóta við þau störf með því að merkja í tiltekinn reit á skattframtali. Í 4. gr. reglugerðar nr. 550/2017 um

⁹ Alþt. 2017-2018, A-deild, þskj. 626 - 441. mál; <http://www.althingi.is/altxt/148/s/0626.html>, skoðað 6. apríl 2018.

¹⁰ Alþt. 1992-1993, A-deild, 3648.

slysatryggingar við heimilisstörf er að finna upptalningu á þeim störfum sem teljast til heimilisstarfa, en þar segir:

„Til heimilisstarfa í reglugerð þessari teljast eftirtalin störf, séu þau ekki liður í atvinnustarfsemi hins tryggða:

1. Hefðbundin heimilisstörf, svo sem matseld og þrif.
2. Umönnun sjúkra, aldraðra og barna.
3. Viðhaldsverkefni og viðgerðir.
4. Hefðbundin garðyrkjustörf.“

Ekki hefur verið litið svo á að upptalning í 4. gr. rgl. sé tæmandi.¹¹

Dá eru í 5. gr. rgl. talin upp atriði sem teljast ekki til heimilisstarfa. Þar á meðal eru útilokaðar frá hugtakinu ýmsar daglegar athafnir, s.s. að klæða sig, baða og borða. Einnig eru undanskilin slys á ferðalögum, svo sem í tjaldi, hjólhýsi og á hóteli.

Höfundar telja að framangreint gefi ástæðu til að ætla að þau störf sem framkvæmd eru með reglubundnum hætti á heimili hins almenna borgara, svo sem matseld, þrif, almennt viðhald, þvottur og umsjá með börnum, teljist til heimilisstarfa í skilningi skaðabótalaga. Í raun telja höfundar þetta vera í nokkuð góðu samræmi við almenna orðskýringu en í snara.is er hugtakið skilgreint sem „matreiðsla, ræsting og önnur störf sem tengd eru heimilishaldi.“

Í norskum fræðiskrifum hefur verið litið svo á að hugtakið heimilisstörf eigi fyrst og fremst við um hefðbundin heimilisstörf, svo sem matseld, þrif, þvott, umsjá barna og þess háttar.¹² Hafa fræðimenn litið svo á að hin klassísku heimilisstörf felist í orðalagi lagaákvæðisins og sú túlkun

¹¹ Guðmundur Sigurðsson og Ragnhildur Helgadóttir, *Almannatryggingar og félagsleg aðstoð (JPV útgáfa 2007)* 197.

¹² Kirsti Støm Bull „Hjemmearbeidets erstatningsrettslige stilling” (1982) 95 Tidsskrift for rettsvitenskap 903, 912; Morten Kjelland „Hjemmearbejderstatning – forholdet til velferdsrettslige, skatterettslige og bevisrettslige sider ved utmålingen” (2011) 8 Tidsskrift for erstatningsrett, forsikringsrett og velferdsrett 4, 8-9; Morten Kjelland, *Hjemmearbeideres erstatningsrettslige vern (Gyldendal akademisk 2002)* 51.

hefur einnig verið lögð til grundvallar í langvarandi réttarfrákvæmd þar í landi.¹³ Auk hinna hefðbundnu heimilisstarfa geta önnur störf fallið undir skilgreiningu laganna. Var þetta m.a. staðfest í svokölluðum Martinsen dómi¹⁴ árið 1998. Þar komst Hæstiréttur Noregs að þeirri niðurstöðu að almennt viðhald heimilis falli undir orðalag ákvæðisins. Með hliðsjón af verkaskiptingu kynjanna á heimilum væru viðhaldsverk oft á tíðum vinnuframlag mannsins til heimilisins og því ætti tjónþoli að fá bætur fyrir missi getu til slíkra starfa sem heimilisstarfa.¹⁵ Í öðrum dómi, svokölluðum Rott dómi¹⁶ víkkaði Hæstiréttur Noregs túlkunina enn frekar og sló því föstu að garðvinna og snjómokstur félli einnig undir orðalagið heimilisstörf í skilningi ákvæðisins.¹⁷ Raunverulega er litið svo á í norskum fræðum að öll þau störf sem tengjast því að halda heimili, teljist til heimilisstarfa í skilningi skaðabótaréttar.¹⁸ Störf sem eru unnin í frítíma, t.d. við sumarhús, eru í ákveðnum tilvikum talin geta fallið undir hugtakið heimilisstörf í norskum rétti. Þau þurfa þá að uppfylla það skilyrði að vera nauðsynleg og innan skynsamlegra marka.¹⁹

Það kemur fram í lögskýringargögnum með dönsku skaðabótalögunum að með vinnu við heimilisstörf er fyrst og fremst átt við þær aðstæður að annað hjóna eða sambúðaraðili er heimavinnandi til að hugsa um börn. Þá hefur 3. mgr. 1. gr. laganna verið túlkuð þannig af fræðimönnum að til þess að falla undir þá skilgreiningu að vera heimavinnandi þurfi tjónþoli að nýta vinnugetu sína, að hluta til eða öllu, til heimilisstarfa. Ef tjónþoli er einn í heimili getur hann ekki átt rétt á bótum á grundvelli ákvæðisins. Talið er að orðalag ákvæðisins og skilyrði þess um að fleiri en einn þurfi að vera á heimilinu nái yfir hjónaband, sambúð og hvers kyns tilfelli þar sem

¹³ Morten Kjelland „Hjemmearbejdsretstatning – forholdet til velferdsrettslige, skatterettslige og bevisrettslige sider ved utmålingen” (2011) 8 Tidsskrift for erstatningsrett, forsikringsrett og velferdsrett 4, 8-9

¹⁴ Rt-1998-1916.

¹⁵ Morten Kjelland, *Hjemmearbejderes erstatningsrettslige vern* (Gyldendal akademisk 2002) 51-52.

¹⁶ Rt-1999-1967.

¹⁷ Morten Kjelland (n. 15) 52.

¹⁸ Sama heimild.

¹⁹ Sama heimild, 10-11.

fleiri en einn búa saman og samkomulag ríkir um að tiltekinn aðili, nánar tiltekið tjónþoli, nýti vinnugetu sína til heimilisstarfa, á meðan annað heimilisfólk stundar atvinnu eða nám eftir atvikum.²⁰

Þótt höfundar þessar greinar viti ekki til þess að reynt hafi á framan- greint álítaefni á sviði skaðabótaréttar í íslenski réttarfrankvæmd efast þeir um að íslenskir dómstólar myndu setja það sem skilyrði til þess að um vinnu við heimilisstörf geti verið að ræða að það séu fleiri en einn í heimili. Benda höfundar á í þessu sambandi að það er að mati höfunda ákveðin rökvilla í þessari dönsku nálgun. Þannig þykir hæpið að gera slíkan greinarmun á því hvort t.d. einn eða tveir eru í heimili án þess að jafnframt sé tekin afstaða til raunverulegra starfa sem viðkomandi vinnur á heimilinu. Loks er það algert skilyrði að tjónþoli búi yfir vinnugetu svo að hann eigi rétt á bótum á grundvelli hins danska ákvæðis.²¹

2.2 Tjónþoli þarf að sanna að hann hafi nýtt vinnugetu sína til að sinna heimilisstörfum

Þó Hæstiréttur hafi ekki í dómum sínum tekið beina afstöðu til þess hvað teljist vera heimilisstörf í skilningi skaðabotalaga, hefur verið gerð skýr krafa um að tjónþoli þurfi að sýna fram á að hann hafi, þegar tjón varð, nýtt vinnugetu sína til heimilisstarfa. Koma þessi sjónarmið t.d. fram í Hrd. 11. nóvember 2004 í máli nr. 243/2004.

Ung kona, 18 ára, slasaðist í umferðarslysi. Í skaðabótamáli sem hún höfðaði til greiðslu bóta var m.a. deilt um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón. Hæstiréttur segir í niðurstöðu sinni að ekki hafi legið fyrir að konan hafi tekið að sér heimilisstörf, en hún bjó á heimili foreldra sinna, og að ósannað væri að hún hefði innt þau af hendi. Ekki var fallist á að hún ætti rétt á bótum fyrir tímabundið atvinnutjón.

Héraðsdómur hafði fallist á að konan ætti rétt á bótum fyrir tímabundið atvinnutjón með þeim rökum að hún hefði verið orðin 18 ára á

²⁰ Betænkning 1983 nr. 976 – Udmåling af erstatning ved personskaade og tab af forsørger, 107-108 og Bernard Gomard og Ditlev Wad, *Erstatning og godtgørelse efter erstatningsansvarsloven og voldsofferloven (G.E.C.GAD 1986)* 35-36.

²¹ Bernard Gomard og Ditlev Wad (n. 20) 35-36.

slysdegi og þar með ekki lengur á framfæri foreldra sinna. Þrátt fyrir að hún hafi búið í foreldrahúsum yrði litið svo á að henni hafi verið skylt að leggja sitt af mörkum við heimilishald með vinnuframlagi á heimilinu á meðan hún stundaði ekki atvinnu. Hæstiréttur féllst ekki á þessi rök. Hæstiréttur gerir hér þá afdráttarlausu kröfu til tjónþola að hann sýni fram á með óyggjandi hætti að hann hafi nýtt vinnugetu sína til heimilisstarfa fyrir slysdag, óháð því hvort honum hafi almennt borið skylda til þess eða ekki. Í raun virðist Hæstiréttur því ekki vera að segja að almenna reglan sé sú að 18 ára einstaklingur sem býr hjá foreldrum sínum geti ekki talist nýta vinnugetu sína til heimilisstarfa. Það sem Hæstiréttur er væntanlega að segja er því aðeins það að þessum umrædda 18 ára einstaklingi hafi ekki tekist að sanna að hann hafi nýtt vinnugetu sína til heimilisstarfa. Þetta er því fyrst og fremst sönnunaratriði.

Ef einstaklingur nýtir ekki vinnugetu sína utan heimilis, svo sem við atvinnu eða nám, er þá þegar af þeirri ástæðu hægt að fullyrða að hann teljist heimavinnandi í skilningi laganna? Svarið við þessari spurningu er nei, viðkomandi þarf alltaf að sanna að hann hafi nýtt vinnugetu sína til heimilisstarfa. Sjá í því sambandi greinargerð með skaðabótalögum frá 1993 þar sem segir:

Hafi tjónþoli verið í hlutastarfi mundi fjárhæð árslauna einnig verða ákveðin með mati. Ef kona eða karl hefur t.d. unnið hálfan daginn utan heimilis, en að öðru leyti notað starfsorku sína til þess að sinna börnum sínum og öðrum heimilisstörfum, skal ákveða árslaun eins og þau mundu hafa orðið ef tjónþoli hefði verið í fullu launuðu starfi utan heimilis, sbr. 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins. **Í öðrum tilvikum verður við matið m.a. að líta til þess hvort líklegt er að tjónþoli hefði farið í fullt starf.**²² (leturbr. höf.)

Síðasta setningin að framan gefur tilefni til að ætla að þar sé átt við þau tilvik þar sem tjónþoli í hlutastarfi utan heimilis sinnir ekki heimilisstörfum.

²² Alþt. 1992-1993, A-deild, 3648.

2.3 Nánar um bótarétt vegna heimilisstarfa

Af orðalagi greinargerðar með skaðabótalögum og dómaframkvæmd má ráða að ekki er nauðsynlegt að tjónþoli nýti alla vinnugetu sína við heimilisstörf til að geta fengið bætur. Þannig getur tjónþoli verið í hlustarfi utan heimilis, og nýtt vinnugetu sína að hluta til heimilisstarfa.²³

Sé tjónþoli í fullu starfi utan heimilis getur hann hins vegar ekki fengið bætur vegna skertar getu til heimilisstarfa. Þetta hefur verið staðfest í dómum Hæstaréttar. Sem dæmi má nefna Hrd. 27. janúar 2005 í máli nr. 280/2004.

Í málinu krafðist tjónþoli bóta vegna tímabundins atvinnutjóns við heimilisstörf, með vísan til 1. mgr. 2. gr. og 3. mgr. 1. gr. skaðabótalaga. Í örorkumati sem framkvæmt var eftir slysið kom fram að tjónþoli hafi verið óvinnufær til heimilisstarfa í einn mánuð vegna afleiðinga slyssins, en hún var á þeim tíma í sambúð með eitt barn. Tjónþoli var ekki í launaðri vinnu þegar slysið varð en stundaði fullt nám við Kennaraháskóla Íslands. Í niðurstöðu dómsins segir að konan hafi ekki eingöngu sinnt heimilisstörfum heldur hafi hún verið í námi sem svaraði til fulls starfs utan heimilis. Af þeim sökum var ekki fallist á að hún ætti rétt til bóta vegna óvinnufærni til heimilisstarfa.

Í Hrd. 19. febrúar 2009 í máli nr. 259/2008 kemur eftirfarandi fram í niðurstöðu dómsins:

Stefnandi krefst bóta vegna verðmætis vinnu við heimilisstörf sem samsvari 50% af tekjutapi. Ekki liggur annað fyrir en stefnandi hafi verið í fullu starfi utan heimilis fyrir slys. Verður því ekki fallist á, að hún eigi rétt til bóta vegna óvinnufærni til heimilisstarfa og er þeirri kröfu hafnað.

Í Hrd. 8. október 2009 í máli nr. 35/2009 hafnaði Hæstiréttur því að kona, sem hafði hlotið varanlega örorku í kjölfar umferðarslyss, ætti rétt á bótum fyrir varanlega örorku bæði fyrir fullt starf á almennum

²³ Sama heimild. Sjá einnig: Hrd. 4. október 1999 í máli nr. 153/1999 og Hrd. 7. júní 2001 í máli nr. 451/2000.

vinnumarkaði og fyrir heimilisstörf. Í niðurstöðu dómsins segir m.a. eftirfarandi:

Krafa aðaláfrýjanda um bætur vegna varanlegrar skerðingar á getu til að vinna heimilisstörf, sem metin var 25% í yfirmatsgerð, er gerð til viðbótar kröfu um bætur fyrir varanlega örorku. Ekki verður viðurkenndur réttur hennar til bóta fyrir varanlega örorku miðað við hvort tveggja fullt starf á almennum vinnumarkaði og heimilisstörf. Verður því staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu af þessum þætti kröfunnar.

Af þessum niðurstöðum Hæstaréttar má ráða að sú skýra regla hefur myndast í íslenskum rétti að ekki er hægt að fá dæmdar bætur fyrir skerta getu til heimilisstarfa ef tjónþoli nýtir vinnugetu sína að fullu til náms eða á atvinnumarkaði er slys ber að höndum. Af þessu leiðir að þegar ákvarða skal bætur fyrir tímabundið eða varanlegt fjártjón getur starfshlutfallið aldrei orðið meira en 100%.

Af lögskýringargögnum með dönsku skaðabótalögum virðist mega ráða að þar kunni nálgunin að vera önnur. Þar er t.d. tekið fram að þó bæði hjón séu útvinnandi eigi það að heimilisstörfin séu unnin eftir vinnu ekki að leiða til lækkunar á bótum.²⁴ Höfundar hafa þó ekki fundið danskan dóm þar sem á þetta atriði hefur reynt.

Að lokum má nefna að til þess að viðkomandi geti fengið bætur fyrir missi getu til að vinna heimilisstörf þarf að vera til að dreifa einhverri getu til að sinna störfum utan heimilis. Sá sem ekki hefur almenna vinnugetu utan heimilis getur ekki fengið bætt tímabundið eða varanlegt tjón vegna vinnu við heimilisstörf. Þetta má ráða af eftirfarandi dómi:

Hrd. 13. mars 2008 í máli nr. 442/2007.²⁵ Hæstiréttur hafnaði því að kona, sem slasaðist í umferðarslysi, ætti rétt á bótum fyrir varanlega örorku, en konan hafði verið öryrki fyrir slysið. Hæstiréttur vísar í 3.

²⁴ Betænkning 1983 nr. 976 – Udmåling af erstatning ved personskade og tab af forsørger, 107.

²⁵ Sambærilega niðurstöðu er að finna í Hrd. 13. mars 2008 í máli nr. 443/2007.

mgr. 1. gr. skaðabótalaga og segir að ákvæðið eigi að bæta tjón þeirra sem ákveða að verja vinnugetu sinni til heimilisstarfa, en sé vinnugetu ekki til að dreifa utan heimilis veiti ákvæðið ekki rétt til bóta. Með öðrum orðum að ákvæðið virkar ekki sem sérstakur mælikvarði fyrir skerta getu til heimilisstarfa, óháð því hvernig starfsgetu utan heimilis er háttad og að af þeim sökum sé ekki hægt að meta sérstaklega örorku vegna heimilisstarfa einna og sér.

3. Ákvörðun bótafjárhæðar til heimavinnandi einstaklinga

3.1 Varanleg fjárhagsleg örorka

3.1.1 Tjónþoli nýtir alla vinnugetu sína til heimilisstarfa

Við setningu skaðabótalaganna var gerð sú mikilvæga breyting að horfið var frá því að leggja læknisfræðilega örorku til grundvallar við útreikning bóta fyrir líkamstjón og þess í stað varð meginreglan sú að bæta skyldi fjárhagslega örorku þeirra sem yrðu fyrir tjóni. Við fjárhagslegt örorkumat er leitast við að meta til örorkustigs þau áhrif sem áverkar hafa á fjárhag eða nánar tiltekið hæfi (tjónþola) til að afla tekna með vinnu.²⁶

Drátt fyrir framangreint var engu að síður gert ráð fyrir því í 8. gr. skaðabótalaganna frá 1993 að bætur til þeirra sem nýttu vinnugetu sína þannig að þeir hefðu engar eða litlar vinnutekjur, svo sem heimavinnandi einstaklingar,²⁷ væru reiknaðar á grundvelli metins miskastigs (læknisfræðilegrar örorku).

²⁶ Alþt. 1992-1993, A-deild, 3625.

²⁷ Alþt. 1992-1993 A-deild, 3648-3649. Í greinargerð með 8 gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 segir m.a.: „Þeir sem 8. gr. tekur til eru börn og tjónþolar sem að verulegu leyti nýta starfsgetu sína þannig að þeir hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur. Auk barna á 8. gr. við um maka eða sambúðarmaka sem vinna heimilisstörf, sbr. 3. mgr. 1. gr., og ungt fólk sem stundar nám.“

Með lögum nr. 37/1999 var þessu breytt. Þeir sem falla undir 8. gr. skaðabótalaga, þar með talið þeir sem vinna við heimilisstörf,²⁸ eru nú einnig metnir til fjárhagslegrar örorku og bætur vegna varanlegrar örorku reiknaðar með sambærilegum hætti og gildir um alla aðra tjónþola. Aðferðafræðin við þann útreikning kemur fram í 6. gr. laganna, þ.e. til að ákvarða framtíðar brúttó fjártjón þarf að margfalda saman árslaun, margfeldisstuðul og örorkuprósentu. Síðan leiðir af 4. mgr. 5. gr. laganna að eftir atvikum kunna greiðslur frá þriðja aðila að koma að hluta eða fullu til frádráttar brúttótjóninu. Þar sem þeir sem falla undir 8. gr. skaðabótalaga nýta ekki vinnugetu sína til að afla tekna á almennum vinnumarkaði, og hafa því ekki laun sem hægt að leggja til grundvallar útreikningi á framtíðarfjártjóni, voru þá einnig lögfest svokölluð lágmarksárslaun í 3. mgr. 7. gr.

Í greinargerð með 7. gr. laga nr. 37/1999, en sú grein fól í sér áðurgreinda breytingu á 8. gr. skaðabótalaga, kemur skýrt fram að leggja ætti lágmarksárslaun skv. 3. mgr. 7. gr. laganna til grundvallar útreikningi á framtíðarfjártjóni þeirra sem notuðu alla vinnugetu sína til heimilisstarfa.²⁹ Færa má rök fyrir því að sambærilega ályktun megi draga af eftirfarandi dómi:

Hrd. 19. september 2002 í máli nr. 210/2002. Kona slasaðist í umferðarslysi í nóvember 1998. Þar sem hún sinnti einungis heimilisstörfum, og nýtti þannig vinnugetu sína svo að hún hefði engar eða takmarkaðar launatekjur, taldi Hæstiréttur að rétt væri að reikna bætur hennar fyrir varanlega

²⁸ Alþt. 1998-1999, A-deild, 1295. Sjá greinargerð með 7. gr. laga nr. 37/1999, þar segir m.a.: „Undir 8. gr. laganna falla að meginstefnu til þeir sem engar eða óverulegar vinnutekjur hafa. Í greininni er sérstaklega getið um börn, án þess að nánar sé tilgreint til hvaða aldurs það ná. Auk barna munu stærstu hóparnir sem greinin tekur til vera heimavinnandi húsmæður og námsmenn.“

²⁹ Alþt. 1998-1999, A-deild, 1297-1298. Sjá greinargerð með 7. gr. laga nr. 37/1999, þar segir m.a.: „Í tilviki heimavinnandi einstaklings yrði almennt að meta skert hæfi til tekjuöflunar utan heimilis samkvæmt þeim viðmiðunum sem að framan greinir. Hugsanlegt er að örorka til heimilisstarfa geti orðið afleiðing slyss, þótt hún yrði ekki talin þess eðlis að af henni leiði skerta eða jafnskerta möguleika til tekjuöflunar utan heimilis. Sem dæmi má nefna hreyfihömlun af tilteknu tagi. Við þær aðstæður yrði að meta viðkomandi einstaklingi fjárhagslega örorku vegna minnkaðrar getu til heimilisstarfa. Hún yrði þá bætt á grundvelli lágmarkstekjuviðmiðunar 7. gr. laganna, sbr. og 3. mgr. 1. gr. laganna.“

örorku út frá 1. mgr. 8. gr. skaðabótalaga³⁰, enda var ekki fallist á að hún hefði verið atvinnulaus þegar slysið varð svo að 2. mgr. 7. gr. gæti átt við.

Hér er þó rétt að taka fram að framgreint gildir einungis ef það þykir sannað að viðkomandi tjónþoli nýtti alla vinnugetu sína til heimilisstarfa fyrir tjónsdag og ekki er ástæða til að ætla að á því hefði orðið breyting í nánustu framtíð þó tjónið hafi ekki átt sér stað. Ef hins vegar tjónþoli er aðeins tímabundið að nýta vinnugetu sína sitt til heimilisstarfa, nokkuð sem getur t.d. verið raunin þegar ung börn eru á heimilinu, kann staðan að vera önnur. Í þeim tilvikum kann niðurstaðan að verða sú að þar sem sú ákvörðun að vinna heima hafi verið tímabundin eigi ekki að ákvarða tjón vegna varanlegrar örorku á grundvelli lágmarksárslauna heldur eigi þar að styðjast við 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga.

Fjárhæð lágmarksárslauna tjónþola sem eru 66 ára og yngri á stöðugleikatímamarkaði var ákveðin kr. 1.200.000 árið 1999. Upphæð þessi tekur breytingum í takt við breytingar á lánskjaravísitölu skv. 15. gr. skaðabótalaga. Í desember 2017 er fjárhæðin kr. 3.225.000.³¹

Það má því segja að með lagabreytingunni 1999 hafi löggjafinn mótað þá skýru meginreglu að styðjast ætti við lágmarksárslaunin þegar bætur til þeirra sem nýta alla vinnugetu sína til heimilisstarfa eru ákveðnar.

Í töflunni hér að neðan er að finna yfirlit yfir þau laun sem lögð voru til grundvallar útreikningi á bótum í þremur hæstaréttardómum. Það er einnig búið að uppfæra árslaunin annars vegar að teknu tilliti til breytinga á launavísitölu frá viðmiðunarári til desember 2017,

³⁰ Þetta þýddi að bætur til hennar voru gerðar upp á grundvelli metins miskastigs sbr. orðalag 8. gr. skaðabótalaga áður en henni var breytt með lögum nr. 37/1999. Hæstiréttur komst þannig að þeirri niðurstöðu að þar sem tjónþoli hafi á slysdagi nýtt alla vinnugetu sína til heimilisstarfa ætti 8. gr. skaðabótalaga við. Eftir breytinguna sem gerð var á skaðabótalögum með lögum nr. 37/1999 myndi þetta því væntanlega þýða, ef á sambærilegt álitaefni myndi reyna, að leggja bæri lágmarksárslaun 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga til grundvallar útreikningi bóta.

³¹ $1.200.000 \times 8820/3282 = 3.224.863$. Með vísan í 15. gr. skaðabótalaga verður fjárhæðin kr. 3.225.000.

þ.e. uppfærð laun 1 og hins vegar að teknu tilliti til sambærilegar breytinga á lánskjaravísitölu, þ.e. uppfærð laun 2.³² Töflunni er fyrst og fremst ætlað að sýna þau árslaun sem fallist hefur verið á að leggja til grundvallar bótauppgjörum.

<i>Dómar</i> ³³	<i>Árslaun</i>	<i>Tekjuár</i>	<i>Fjölskyldust.</i>	<i>Uppfærð laun 1</i>	<i>Uppfærð laun 2</i>
Hrd. 14. október 1999 í máli nr. 153/1999	2.173.125 ³⁴	1996	5	9.304.151	5.495.115
Hrd. 7. júní 2001 í máli nr. 451/2000	1.949.970 ³⁵	1997/98 ³⁶	5	7.980.956	4.881.982
Hrd. 19. september 2002 í máli nr. 210/2002	1.752.192 ³⁷	1998	4	6.506.967	4.277.424

Eins og að framan greinir eru lágmarksárslaun skv. 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga kr. 3.225.000 miðað við desember 2017. Ef framangreind fullyrðing er rétt, þ.e. að eftir lagabreytinguna 1999 sé meginreglan sú að leggja beri lágmarkslaunin til grundvallar uppgjöri á varanlegu fjártjóni þess sem nýtir alla sína vinnugetu til heimilisstarfa, bendir það til þess að löggjafinn miði við lægri árslaun en Hæstiréttur taldi forsvaranlegt í framangreindum dómum. Skiptir

³² Uppreiknuð laun miðað við breytingu á launavísitölu og lánskjaravísitölu miðað annars vegar við meðalvísitölu viðkomandi tekjuárs, þ.e. 1996, 1997 og 1998 launavísitala 147,8, 155,8 og 170,4 og lánskjaravísitala 3488, 3550 og 3613, og hins vegar vísitölurnar fyrir desember 2017, þ.e. launavísitala 632,8 og lánskjaravísitala 8820.

³³ Nánar verður fjallað um þessa dóma á öðrum stöðum í þessari grein.

³⁴ Laun skrifstofumanns.

³⁵ Laun sjúkraliða.

³⁶ Um var að ræða tímabundið atvinnutjón á fjóra mánuði frá og með slysdegi 29. september 1997.

³⁷ Meðaltekjur verkamanna.

þá í raun ekki máli hvort fjárhæð launa þeirra sem þar voru lögð til grundvallar er breytt til samræmis við breytingu á launa- eða lánskjaravísitölu. Þó leiðir breyting til samræmis við launavísitölu vissulega til umtalsvert hærrí árslauna. Hér er þó rétt að hafa í huga að tvö af framangreindum dómsmálum vörðuðu ágreining um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón auk þess sem að ekki var tölulegur ágreiningur í einu þeirra. Þó þessir þrír dómur séu nefndir sem dæmi í þessum kafla ber því að varast að draga of miklar ályktanir af þeim varðandi réttarstöðu þess sem nýtir alla vinnugetu sína til heimilisstarfa.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands eru meðallaun (regluleg heildarlaun fullvinnandi) á almennum vinnumarkaði á Íslandi árið 2016 kr. 638.000 á mánuði eða kr. 7.656.000 á ári og meðallaun verkafólks (regluleg heildarlaun fullvinnandi) kr. 477.000 á mánuði eða 5.724.000 á ári.³⁸

Í frumvarpi til breytinga á skaðabótalögum sem lagt var fyrir Alþingi vorið 2018 var í 4. gr. meðal annars lögð til breyting á 15. gr. laganna. Gert var ráð fyrir að í stað þess að reikna lágmarksárslaun út frá breytingu á lánskjaravísitölu frá gildistöku laganna til þess tímapunkts sem heilsufar viðkomandi tjónþola telst orðið stöðugt (stöðugleikatímapunktur) yrði miðað við breytingu á launavísitölu. Um þessa tillögu segir m.a. í greinargerð með 4. gr:

Til að gera framangreindar lagfæringar á fjárhæð lágmarks- og hámarksárslaunanna mætti auðvitað gera beinar breytingar á þeim fjárhæðum sem nefndar eru í 3. og 4. mgr. 7. gr. Hér er hins vegar lagt til að sú leið verði frekar farin að breyta vísitölutengingu fjárhæðanna, þ.e. að í stað þess að breytast samkvæmt lánskjaravísitölu breytist fjárhæðirnar mánaðarlega í hlutfalli við breytingar sem verða á launavísitölu frá gildistöku laganna. Þetta felur í sér talsverða hækkun miðað við stöðuna í dag. Sé til að mynda litið til desember 2016 nemur fjárhæð lágmarksárslaunanna 3.165.500 kr. ef uppfært er samkvæmt lánskjaravísitölu en 5.412.500 kr. ef uppfært er samkvæmt launavísitölu. Á sama tíma nemur fjárhæð hámarksárslaunanna 11.871.000 kr. ef

³⁸ Heimasíða Hagstofu Íslands, <http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_launogtekjur_2_laun__1_laun/VIN02001.px/> skoðað 3. apríl 2018.

uppfært er samkvæmt lánskjaravísitölu en 20.296.500 kr. ef uppfært er samkvæmt launavísitölu. Hlutfallslega er um tæplega 71% hækkun að ræða. Með þessu voru framangreindar fjárhæðir, sem a.m.k. að því er varðar lágmarksárslaun tóku mið af launum á vinnumarkaði, tengd breytingum sem orðið hafa á launum, sem telja verður eðlilegri tengingu en við lánskjaravísitölu. Hér má t.a.m. benda á að líkt og fyrr greinir námu meðaltekjur verkafólks 5.700.000 kr. árið 2015, en uppfærð samkvæmt launavísitölu námu lágmarksárslaunin á sama tíma 4.780.000 kr. (í júlí 2015), eða u.þ.b. 84% af meðaltekjum verkafólks, sem svarar til nánast sama hlutfalls og þegar fjárhæðin var ákveðin í upphafi.³⁹

Lágmarksárslaun reiknuð á grundvelli breytinga á launavísitölu frá gildisstöðu skaðabótalaga, þ.e. 1. júlí 1993 (131,3), til desember 2017 (632,8), eru kr. 5.783.500. Það er ekki erfitt að sjá að sú niðurstaða er mun nær því sem Hæstiréttur taldi hófstílltar kröfur í málunum að framan en núgildandi fjárhæð lágmarkslauna. Breytingartillagan hefði því líklega rétt nokkuð af þá slagsíðu sem virtist hafa myndast með lagabreytingunni 1999, hvað bótarétt þeirra varðar sem nýta alla vinnugetu sína til heimilisstarfa.

3.1.2 Tjónþoli vinnur að hluta heima og að hluta utan heimilis

3.1.2.1 Inngangur

Í kafla 3.1.1 kom fram að bætur fyrir varanlega örorku tjónþola sem nýtir alla vinnugetu sína til heimilisstarfa, og ekki er ástæða til að ætla að á því hefði orðið breyting ef líkamstjónið hefði ekki komið til, eru ákveðnar á grundvelli lágmarksárslauna skv. 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Hér horfir hins vegar öðru vísi við, þ.e. tjónþoli nýtir vinnugetu sína annars vegar til heimilisstarfa og hins vegar til að vinna launaða vinnu utan heimilis. Hvernig á að ákvarða árslaun þegar svo háttar til?

Eins og áður hefur verið nefnt segir eftirfarandi í 3. mgr. 1. gr. skaðabótalaga: „Verðmæti vinnu við heimilisstörf skal lagt að jöfnu við launatekjur, sbr. 2. gr., 2. mgr. 7. gr. og 8. gr. Af þessu má sjá að eftir breytingu þá sem gerð var á skaðabótalögum með lögum

³⁹ Sjá: <<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=8e1c15d5-f236-11e7-9423-005056bc530c>> skoðað 6. febrúar 2018.

nr. 37/1999 kann það að vera háð aðstæðum hverju sinni hvort árslaun við útreikning á tjóni vegna varanlegrar örorku skuli vera lágmarksárslaun skv. 3. mgr. 7. gr., þar sem tjónþoli fellur undir 8. gr., eða laun ákvörðuð á grundvelli 2. mgr. 7. gr.

Í greinargerð með 8. gr. skaðabótalaga, eins og þau voru lögfest 1993, segir m.a. eftirfarandi:

Maki eða sambúðarmaki, sem hefur með höndum hlutastarf auk vinnu á heimili, getur fallið undir 2. mgr. 7. gr., sbr. athugasemdir við hana. Síðastgreint ákvæði tekur þó ekki til hverra hlutastarfa sem er. Þegar draga skal mörkin milli 2. mgr. 7. gr. og 8. gr. verður almennt að telja að 2. mgr. 7. gr. verði beitt um þann sem vinnur hálf launað starf eða meira utan heimilis en 8. gr. um þann sem vinnur minna en hálf starf utan heimilis.⁴⁰

Af þessu má sjá að gert er ráð fyrir því í greinargerðinni að ef viðkomandi er í 50% starfshlutfalli eða meira utan heimilis skuli ákvarða viðmiðunarárslaun hans á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laganna en á grundvelli 8. gr. laganna, þ.e. lágmarksárslauna skv. 3. mgr. 7. gr., ef vinnan utan heimilis er minni en 50%. Höfundar fá ekki séð að þær breytingar sem gerðar voru á 8. gr. skaðabótalaga með 7. gr. laga nr. 37/1999, leiði til annarrar niðurstöðu. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að 7. gr. breytingalaganna, nokkuð sem kemur einnig fram í greinargerð með því ákvæði, er fyrst og fremst ætlað að tryggja að sama aðferðafræði sé notuð við útreikning á brúttó framtíðarfjártjóni tjónþola án tillits til þess hvort viðkomandi fellur undir 7. eða 8. gr. laganna. Í báðum tilvikum á að reikna tjónið á grundvelli 5.-7. gr. Lagabreytingunni er ætlað að tryggja þetta með því að meta framtíðarörorku allra tjónþola með sama hætti, þ.e. á grundvelli fjárhagslegs taps, og t.d. með því að leggja lágmarksárslaun 3. mgr. 7. gr. til grundvallar útreikningi á bótum til þeirra sem ekki eru á almennum vinnumarkaði. Í niðurlagi athugasemda með 7. gr. laga nr. 37/1999 segir: „Með þeim efnisreglum, sem hér eru lagðar til, ætti ekki að skipta máli varðandi fjárhæð bóta hvort tjónþoli félli undir reglu 7. eða 8. gr. Af þeirri ástæðu er ekki ástæða til ítarlegrri reglna til

⁴⁰ Alþt. 1992-1993, A-deild, 3649.

afmörkunar á því undir hvora regluna einstakir tjónþolar falla.⁴¹ Hér er að mati höfunda verið að leggja áherslu á framangreint, þ.e. að þar sem aðferðafræðin við útreikning á framtíðarfjártjóni allra tjónþola sé sú sama skiptir minna máli en áður hvort viðkomandi tjónþoli falli undir 7. eða 8. gr. laganna. Þetta þýðir hins vegar ekki að mati höfunda að umfjöllun um réttarstöðu heimavinnandi í greinargerð með 8. gr. skaðabótaganna eins og hún var lögfest 1993, þar með talið hvernig ákvarða skuli árslaun þeirra sem vinna að hluta heima og að hluta utan heimilis, hafi aðeins réttarsögulega þýðingu eftir lagabreytinguna 1999. Þvert á móti telja höfundar að framangreind ummæli í greinargerð með lögunum 1993 um ákvörðun árslauna þeirra sem vinna að hluta utan heimilis og að hluta að heimilisstörfum, hafi sama vægi fyrir og eftir tilkomu laga nr. 37/1999.

3.1.2.2 Tjónþoli er í 50% starfshlutfalli eða meira utan heimilis

Ákvæði 2. mgr. 7. gr. skaðabótaga hljóðar svo: „Árslaun skulu þó metin sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi og ætla má að annar mælikvarði⁴² sé réttari á líklegar framtíðartekjur tjónþola.“ Upphaflega hljóðaði ákvæði 2. mgr. 7. gr. skaðabótaga svo: „Árslaun skulu þó metin sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi, t.d. breytingar á tekjum eða atvinnuhögum.“

Í greinargerð með 7. gr. skaðabótaga eins og þau voru lögfest 1993 kemur fram að tekjur við heimilisstörf þess tjónþola sem vinnur hálf starf utan heimilis skuli metnar hinar sömu og tekjur hans úti á vinnumarkaðnum. Í greinargerðinni segir:

Ef kona eða karl hefur t.d. unnið hálfan daginn utan heimilis, en að öðru leyti notað starfsorku sína til þess að sinna börnum sínum og öðrum heimilisstörfum, skal ákveða árslaun eins og þau mundu hafa orðið ef tjónþoli hefði verið í fullu launuðu starfi utan heimilis, sbr. 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins.⁴³

⁴¹ Alþt. 1998–1999, A-deild, 1298. Sjá einnig í tengslum við framangreint Viðar Már Matthíasson (n. 5) 693.

⁴² Með orðalaginu „annar mælikvarði er átt við annan mælikvarða en þann sem regla 1. mgr. 7. gr. kveður á um.

⁴³ Alþt. 1992–1993, A-deild, 3648.

Þetta hefur verið staðfest af Hæstarétti, m.a. í Hrd. 7. júní 2001 í máli nr. 451/2000 þar sem dómurinn tekur skýra afstöðu til reglunnar:

Kona sem vann sem sjúkraliði í hálfu starfi hlaut líkamstjón í umferðarslysi. Í málinu reis ágreiningur um hvaða tekjur ætti að leggja til grundvallar við ákvörðun bóta fyrir tímabundið atvinnutjón og varanlega örorku vegna heimilisstarfa, en konan var húsmóðir á fimm manna heimili. Í dómnum segir „Þar sem stefnda var í hálfu starfi fyrir slysdag ber að ákvarða bætur henni til handa vegna varanlegrar örorku á grundvelli 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, eins og hún var fyrir gildistöku laga nr. 37/1999, en ekki 1. mgr. 7. gr. eða 8. gr. laganna. ... **Með hliðsjón af athugasemdum með frumvarpi til skaðabótalaga um 2. mgr. 7. gr. skal ákveða árslaunin, eins og þau hefðu orðið, ef tjónþoli hefði verið í fullu launuðu starfi utan heimilis, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna** (leturbreyting höfunda). Eins og áður greinir var stefnda sjúkraliði í hálfu starfi fyrir slysdag og er fram komið, að hún hafi einkum unnið á kvöldvöktum. Þar sem 2. mgr. 7. gr. felur í sér undantekningu frá meginreglu 1. mgr. sömu greinar um viðmiðun við heildaratvinnutekjur tjónþola á næstliðnu ári fyrir slysdag, þegar árslaun eru metin, ber áfrýjendum sem bótagreiðendum að sýna fram á, að stefnda hefði ekki getað tvöfaldað atvinnutekjur sínar með því að vinna fulla vinnu sem sjúkraliði og þá eftir atvikum á afbrigðilegum vinnutíma. Verður því fallist á kröfu stefndu um 2.817.268 krónur sem bætur vegna varanlegrar örorku. Þá verður jafnframt að miða við 146.610 krónur í þjáningabætur og 372.160 krónur vegna varanlegs miska, eins og stefnda krefst“.

Í þessu máli beitir Hæstiréttur 2. mgr. 7. gr., en dómurinn tekur nokkuð afdráttarlausa afstöðu til túlkunar á reglum um launaviðmið þeirra sem vinna hálfv starf utan heimilis. Er sú túlkun í fullkomnu samræmi við sjónarmið löggjafans í greinargerð með frumvarpi til skaðabótalaga.

Það vekur athygli að sá bótaskyldi þarf, samkvæmt túlkun Hæstaréttar í ofangreindu máli, að sýna fram á að tjónþoli hefði ekki getað aflað sömu tekna ef hann hefði unnið fullan dag utan heimilis, vilji hann byggja á því. Af þessu leiðir að almennt yrði gengið út frá því að þetta teldist sannað.

Hér telja höfundar ástæður til að spyrja: Leiðir framangreind meginregla til þess að tjónþoli getur tekið með sér heim laun sem eru allt að hámarksárslaunum skv. 4. mgr. 7. gr. skaðabótalaga? Hámarksárslaun eru í desember 2017 kr. 12.093.000 og samkvæmt frumvarpi til breytinga á skaðabótalögum sem lagt var fram vorið 2018 átti fjárhæðin að vera kr. 21.687.500. Gæti tjónþoli sem væri í 50% vinnu utan heimilis tekið þessi laun með sér heim, þ.e. ef hann slasaðist yrðu þá bætur fyrir heimilisstörfin reiknaðar á grundvelli þeirra launa? Hér er rétt að hafa í huga að bætur fyrir varanlega örorku þess sem nýtir alla vinnugetu sína til heimilisstarfa yrðu almennt reiknaðar á grundvelli lágmarksárslauna skv. 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga.

Höfundar þessar greinar telja að almennt séu forsendur til að svara þessari spurningu játandi. Telja í raun að þá ályktun megi draga af Hrd. 7. júní 2001 í máli nr. 451/2000 sem reifaður var að framan. Dómurinn samþykkti að leggja sömu laun til grundvallar útreikningi á bótum fyrir tímabundna og varanlega tjónið. Sá var hins vegar munur á að á meðan dómurinn tók sérstaklega fram að kröfunni um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón væri í hóf stillt var einfaldlega látið duga, varðandi varanlega tjónið, að vísa til greinargerðar skaðabótalaga þar sem fram kemur að sá sem vinnur 50% eða meira utan heimilis geti í raun tekið laun sín með sér heim. Ekki er ástæða til að ætla að svo afdráttarlaus regla muni almennt takmarkast af öðru en hámarksárslaunum skaðabótalaga. Í kafla 3.3 verður þó komið inn á hvort umfang heimilisstarfa geti skipt máli varðandi ákvörðun viðmiðunarlauna fyrir tímabundið eða varanlegt fjártjón þess sem er heimavinnandi að hluta eða fullu.

Að lokum er ástæða til að spyrja hvort bæta skuli framlagi vinnuveitenda í lífeyrissjóð við þau laun sem lögð eru til grundvallar bótum fyrir vinnu við heimilisstörf. Ef t.d. tjónþoli vinnur 50% utan heimilis og 50% við heimilisstörf, má þá taka allar tekjurnar heim, þ.e. líka framlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð? Þegar löggjafinn ákvað að miða við að sá sem vinnur í 50% stöðu utan heimilis geti tekið með sér launin heim eru rökin væntanlega þau að viðkomandi hefði getað

valið að vera í 100% stöðu utan heimils á þeim launum, þar með talið framlagi vinnuveitenda í lífeyrissjóð. Þau rök ættu að leiða til þess að bæta ætti framlagi vinnuveitanda við laun sem lögð eru til grundvallar uppgjöri bóta vegna varanlegu örorku. Sömu rök gætu væntanlega einnig átt við um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón.

3.1.2.3 Tjónþoli er í minna en 50% starfshlutfalli utan heimilis

Í kafla 3.1.2.1 að framan kom fram að í greinargerð með 8. gr. skaðabótalaga, eins og þau voru lögfest 1993, virðist gengið út frá því að ef tjónþoli nýtir minna en 50% af vinnugetu sinni til starfa utan heimilis, skuli bætur fyrir varanlega örorku reiknaðar á grundvelli lágmarksárslauna skv. 3. mgr. 7. gr. laganna. Ekki er að sjá að reynt hafi á slík tilvik fyrir íslenskum dómstólum.

Þegar horft er til þeirrar staðreyndar að bótum fyrir varanlega örorku er ætlað að bæta framtíðarfjártjón að fullu, getur framangreind regla, ef túlkuð þröngt, leitt til sérkennilegrar niðurstöðu. Tökum eftirfarandi dæmi:

Tveir 35 ára tjónþolar⁴⁴ (A og B) vinna báðir utan heimilis og við heimilisstörf þar sem fimm eru í heimili. Metin varanlega örorka beggja er 20%. Starfshlutfall A vegna vinnu utan heimilis er 50% og starfshlutfall B 40%. Gefum okkur jafnframt að árslaun þeirra beggja fyrir vinnuna utan heimilis séu 10 milljónir króna miðað við 100% starf. A fær því fimm milljónir króna í árslaun en B fjórar. Hvert er brúttó framtíðarfjártjón þeirra reiknað skv. 6. gr., sbr. 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga?

Fjártjón A. Með vísan til þess sem að framan greinir í kafla 3.1.2.2 gæti A væntanlega tekið launin með sér heim, þ.e. 10 milljónir króna í árslaun. Árslaun fyrir útreikning á bótum fyrir varanlega örorku hans eru þá 10 milljónir og brúttó framtíðarfjártjón eftirfarandi:

Gildandi lög: $10.000.000 \times 11,678 \times 20\% = \text{kr. } 23.356.000.$

Frumvarp til breytinga: $10.000.000 \times 12,968 \times 20\% = \text{kr. } 25.936.000.$

⁴⁴ Gengið er út frá því að bæði A og B hafi verið 35 ára gamlir á stöðugleika-tímapunkti. Margfeldisstuðull gildandi skaðabótalaga er því 11,678 og skv. frumvarpi til breytinga á skaðabótalögum 12,968.

Fjártjón B. Ef tekið er mið af orðalagi greinargerðarinnar með 8. gr. skaðabótalaga ætti væntanlega að leggja lágmarksárslaun skv. 3. mgr. 7. gr. til grundvallar útreikningi á framtíðarfjártjóni B. Útreikningarnir yrðu þá eftirfarandi:

Gildandi lög: $3.225.000^{45} \times 11,678 \times 20\% = \text{kr. } 7.532.310.$

Frumvarp til breytinga: $5.783.500 \times 12,968 \times 20\% = \text{kr. } 15.000.086.$

Ef löggjafinn telur að framangreindir útreikningar sýni fram á raunverulegt fjártjón A, þ.e. heildarfjártjónið sé réttilega reiknað, gengur það illa upp að sú sé einnig raunin í tilviki B. Telja höfundar þessarar greinar því ástæðu til að ætla að íslenskir dómstólar myndu ekki fallast á að reikna bætur til B með framangreindum hætti. Hér er rétt að benda á að þar sem í greinargerð með 8. gr. skaðabótalaga er fjallað um tjónþola sem eru í minna en 50% starfshlutfalli utan heimilis segir að þá skuli **almennt** (leturbreyting höfunda) reikna bætur þeirra á grundvelli 8. gr. skaðabótalaga, sem eftir lagabreytinguna 1999 þýðir væntanlega lágmarksárslaun. Hér er ástæða til að horfa til notkunar á orðinu almennt út frá meginreglunni um að bótum sé ætlað að bæta allt framtíðarfjártjón. Það þýðir aftur að höfundar telja að eðlilegra væri við útreikning bóta til B að miða við raunveruleg laun hans fyrir 40%⁴⁶ vinnu utan heimilis og lágmarksárslaun fyrir þau 60% sem hann nýtir til heimilisstarfa. Útreikningarnir yrðu þá eftirfarandi:

Gildandi lög: $5.935.000 (4.000.000 + 1.935.000) \times 11,678 \times 20\% = \text{kr. } 13.861.786.$

Frumvarp til breytinga: $7.470.100 (4.000.000 + 3.470.100) \times 12,968 \times 20\% = \text{kr. } 19.374.451.$

Hvort dómstólar myndu fallast á að beita þessari síðast nefndu aðferð ef B er aðeins í 10% eða 20% starfshlutfalli utan heimilis, skal ekkert fullyrt um. Það er þó skoðun höfunda að eðlilegast væri

⁴⁵ Fjárhæð miðað við desember 2017.

⁴⁶ Hér má einnig benda á að þar sem B er sannarlega með fjórar milljónir króna í árslaun fyrir vinnu utan heimilis, yrði væntanlega að lágmarki stuðst við þær á grundvelli 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, enda eru þau laun hærri en lágmarksárslaun 3. mgr. 7. gr.

að beita þessari aðferð í öllum tilvikum þegar starfshlutfall tjónþola utan heimilis er undir 50% en laun hans fyrir það starf hærrí en lágmarkslaun skv. skaðabótalögum.

3.2. Bætur fyrir tímabundið atvinnutjón

3.2.1 Tjónþoli nýtir alla vinnugetu sína til heimilisstarfa

Það leiðir af 2. gr. skaðabótalaga að aðferðafræði við ákvörðun bóta fyrir tímabundið atvinnutjón felur almennt í sér eftirfarandi fjögur þrep:

1. Hvert er tímabil hins tímabundna atvinnutjóns?
 - 1.1 Upphaf tímabilsins miðast við tjónsdag.
 - 1.2 Lok tímabilsins miðast við það af eftirfarandi (a eða b) sem fyrir kemur:
 - a. Tjónþoli hefur störf að nýju í sama mæli og áður að teknu tilliti til varanlegrar örorku.
 - b. Heilsufar tjónþola er orðið stöðugt (þ.e. stöðugleikatímamunktur).
2. Hver hefðu brúttólaun tjónþola orðið á umræddu tímabili, ef tjónið hefði ekki orðið.
3. Á tjónþoli rétt á greiðslum frá þriðja aðila vegna framgreinds tímabils sem skv. 2. mgr. 2. gr. skaðabótalaga eiga að koma til frádráttar launum skv. lið 2?
4. Nettóbætur sem tjónþoli á rétt á samsvara því launum skv. lið 2 að teknu tilliti til frádráttar skv. lið 3.

Þegar viðfangsefnið er að ákvarða bætur til heimavinnandi einstaklings horfir útreikningurinn öðruvísi við. Aðferðafræðin skv. lið 1 er það eina sem er eins. Hvað varðar lið 2 þá liggur ljóst fyrir að þó tjónþoli hefði ekki slasast hefði ekki verið um að ræða nein laun fyrir heimilisstörfin. Þau þarf einfaldlega að meta með öðrum hætti. Þá er sjaldnast til að dreifa greiðslum frá þriðja aðila sem eiga að koma til frádráttar þegar tjónþoli nýtir alla vinnugetu sína til heimilisstarfa. Staðan er þó væntanlega önnur þegar tjónþoli vinnur bæði utan heimilis og við heimilisstörf.

Spurningin er því þessi: Hvaða laun á að leggja til grundvallar útreikningi á tímabundu atvinnutjóni þess sem nýtir alla vinnugetu sína til heimilisstarfa? Þrátt fyrir að dómafordæmi svari þessari spurningu ekki með afdráttarlausum hætti tók þó Hæstiréttur t.d. fram í Hrd. 14. október 1999 í máli nr. 153/1999⁴⁷, að fjárhæð bóta fyrir tímabundið atvinnutjón eigi að taka mið af verðmæti vinnu hins heimavinnandi. Rétturinn virðist því gera ráð fyrir að bætur til heimavinnandi einstaklinga fyrir tímabundið atvinnutjón eigi að taka mið af verðmæti vinnu við heimilisstörf en ekki útlögðum kostnaði.⁴⁸

Þá tók Hæstiréttur fram í Hrd. 7. júní 2001 í máli nr. 451/2000 og Hrd. 19. september 2002 í máli nr. 210/2002, að engin gögn eða samanburðarhæfar tölur sem sýni fram á hvaða launaviðmiðun gæti almennt verið réttlætanleg vegna heimilisstarfa hafi verið lagðar fram í málunum. Af þessu virðist mega ráða að Hæstiréttur hafi í raun vænst þess að slíkar upplýsingar yrðu lagðar fram í málum af þessu tagi. Væntanlega stæði það þeim næst sem telur sig hafa orðið fyrir tímabundnu fjártjóni að leggja þessi gögn fram. Þar sem Hæstiréttur féllst hins vegar á það í báðum framangreindum málum að dómkröfunni væri svo í hóf stillt að forsvaranlegt væri að leggja hana til grundvallar, reyndi ekki á það hvaða afleiðingar framangreindur skortur á upplýsingum gæti haft fyrir tjónþola. Í málinu nr. 210/2002,

⁴⁷ Dómurinn er reifaður í kafla 3.2.2.

⁴⁸ Í Danmörku virðast bætur fyrir tímabundið atvinnutjón vegna skertrar getu til heimilisstarfa einskordast við útlagðan kostnað tjónþola. Þessi regla kemur skýrt fram í frumvarpi með lögnum 1984. Jens Møller og Michael S. Wiisbye, *Erstatningsansvarsloven med kommentarer* (6. útg., Jurist- og Økonomforbundets Forlag 2002) 74. Í Noregi hefur vinna við heimilisstörf verið lögð að jöfnu við launatekjur við útreikning skaðabóta. Þá er við verðmatið miðað við það hvað kostar að ráða aðstoð við að framkvæma þau störf sem tjónþoli getur ekki lengur innt af hendi. Heildarupphæðin ræðst svo af þeim tímafjölda sem störfin hverju sinni ættu að taka, með tilliti til fjölskyldustærðar, stærðar húsnæðis og svo framvegis, margfaldað með því tímakaupi sem greitt er fyrir slíka þjónustu. Þessi réttur til skaðabóta er óháður því hvort um raunveruleg útgjöld er að ræða eða ekki, þ.e. ákvæðinu er ekki ætlað að bæta útlagðan kostnað tjónþola, heldur er kostnaðarviðmiðið einfaldlega notað til að leggja fjárhagslegt mat á þá vinnu sem hann innti af hendi á heimili sínu fyrir slys, svo hægt sé að uppfylla skilyrði laganna um að leggja skuli vinnu við heimilisstörf að jöfnu við launatekjur. Utvalg til á vurdere reformer i regelverket om utmåling av erstatning for personskader „Personskadeerstatning” (NOU 1994:20, október 1994, Statens forvalningstjeneste – Statens trykning 1994) 48 og Morten Kjelland (n. 15) 68.

en það mál snerti kröfu um tímabundið atvinnutjón tjónþola sem nýtti alla vinnugetu sína til heimilisstarfa á fjögurra manna heimili, þ.e. hjón og tvö börn, féllst Hæstiréttur á að bætur fyrir tímabundið atvinnutjón yrðu reiknaðar á grundvelli meðaltekna verkamanna.

Hér skal einnig bent á að ekki var tekið fram í lögskýringargögnum með breytingunni á skaðabótalögum 1999 að leggja skuli lágmarksárslaun skv. 3. mgr. 7. gr. til grundvallar útreikningi á tímabundnu atvinnutjóni heimavinnandi. Þó höfundar telji að færa megi haldgóð rök fyrir því að sú yrði raunin ef á þetta álitaefni reyndi fyrir dómstólum, verður það þó ekki fullyrt. Nægir í því sambandi að minna aftur á að Hæstiréttur féllst á það í máli nr. 210/2002 að það væri forsvaranlegt að leggja meðaltekjur verkamanna til grundvallar útreikningi á bótum fyrir tímabundið atvinnutjón.⁴⁹ Í því sambandi er einnig rétt að benda aftur á að þó miðað væri við frumvarpið til breytinga á skaðabótunum, sem lagt var fyrir á vorþingi 2018, myndu lágmarkslaun skv. 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga ennþá vera lægri en meðallaun verkamanna. Þannig kemur m.a. fram í frumvarpinu að meðaltekjur verkafólks hafi numið 5.700.000 kr. árið 2015, en uppfærð samkvæmt launavísitölu hafi lágmarksárslaunin skv. frumvarpinu á sama tíma verið 4.780.000 kr. (í júlí 2015), eða u.þ.b. 84% af meðaltekjum verkafólks.

Hvort Hæstiréttur heldur sig t.d. við að miða við meðaltekjur verkamanna, ef ágreiningur er um árslaun, þrátt fyrir að frumvarpið verði að lögum eða miði við lágmarkslaunin verður tíminn því væntanlega að leiða í ljós. Í því sambandi má þó nefna eftirfarandi. Í öllum þeim dómum sem nefndir hafa verið í grein þessari átti tjónsatvik sér stað fyrir þá breytingu sem gerð var á skaðabótalögum 1999 en þá var meðal annars sett ákvæði um lágmarkslaun.

Þótt dómstólar hafa ekki svarað þessu eftir lagabreytinguna 1999 vilja höfundar benda á Hrd. 19. maí 2004 í máli nr. 296/2003. Þar var deilt um rétt konu til bóta fyrir tímabundið atvinnutjón. Í héraðsdómi var kröfu um tímabundið atvinnutjón vegna starfa tjónþola við

⁴⁹ Viðar Már Matthíasson (n. 5) 633.

eigin rekstur hafnað. Fyrir Hæstarétti var kröfu um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón vegna heimilisstarfa bætt við. Taldi meiri hluti dómstólsins þá kröfu of seint fram komna. Í sératkvæði eins dómara segir hins vegar:

Hefur þeirri skipan verið komið á með lögum að sá, sem gegnir ekki launuðu starfi utan heimilis, teljist verða fyrir fjártjóni vegna þess eins að hann fari vegna líkamstjóns á mis við að geta sinnt heimilisstörfum, sbr. dóma Hæstaréttar 14. október 1999 í máli nr. 153/1999 og 10. febrúar 2000 í máli nr. 362/1999. Samkvæmt ótvíræðu orðalagi 3. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 á aðaláfrýjandi rétt á bótum fyrir tímabundið atvinnutjón samkvæmt 2. gr. laganna vegna vinnu sinnar við heimilisstörf. Er skylt að leggja verðmæti vinnu við heimilisstörf að jöfnu við launatekjur viðkomandi. Þar sem miða verður við að aðaláfrýjandi hafi ekki stundað launaða vinnu utan heimilis í nokkur ár fyrir slysdag verður í þessu sambandi að notast við lágmarksviðmiðun í 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga.

Af þessu má ráða að í það minnsta einhverjir af dómurum Hæstaréttar kunni að vera þeirrar skoðunar að leggja beri lágmarksárslaun 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga til grundvallar útreikningi á tímabundnu atvinnutjóni þess sem nýtir alla vinnugetu sína til heimilisstarfa.

3.2.2 Tjónþoli vinnur að hluta heima og að hluta utan heimilis

Í kafla 3.1.2.1 kemur fram að í greinargerð með 8. gr. skaðabótalaga, eins og þau voru lögfest 1993, segir að ef tjónþoli er í 50% starfshlutfalli eða meira utan heimilis en vinnur að öðru leyti að heimilisstörfum, skuli reikna tjón vegna varanlegrar örorku hans á grundvelli viðmiðunarárslauna skv. 2. mgr. 7 gr. laganna. Þetta þýðir aftur að þegar svo háttar til eru bætur vegna heimilisstarfa reiknaðar á grundvelli tekna tjónþola utan heimilis. Sambærileg umfjöllun er ekki að finna í greinargerðinni um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón þess sem bæði vinnur utan heimilis og heima.

Til að gera langa sögu stutta má draga þá ályktun af dómframkvæmd að sambærileg regla gildi um útreikning tímabundins atvinnutjóns þess sem er í 50% eða meira stöðugildi utan heimilis, í það minnsta

ef tekjurnar eru ekki hærrí en svo að dómstólar telja það hóflegt að leggja þær til grundvallar útreikningi. Í þessu sambandi má nefna eftirfarandi tvo dóma:

Hrd. 14. október 1999 í máli nr. 153/1999. Málið varðaði kröfu um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón. Tjónþoli krafðist þess að heimilisstörf sín yrðu metin að jöfnu við störf utan heimilis en hún starfaði sem skrifstofumaður í hálfu starfi. Í dómi Hæstaréttar segir m.a.: „Samkvæmt ótvíræðu orðalagi 3. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 á áfrýjandi rétt á bótum fyrir tímabundið atvinnutjón samkvæmt 2. gr. laganna vegna vinnu sinnar við heimilisstörf. Fjárhæð bóta vegna slíks tjóns á samkvæmt því, sem segir í fyrrnefnda lagaákvæðinu, að miðast við verðmæti þess háttar vinnu. Stefndi hefur hins vegar ekki sérstaklega mótmælt þeim forsendum, sem áfrýjandi leggur til grundvallar við útreikning á höfuðstól kröfu sinnar. Verða því dómkröfur áfrýjanda að fullu teknar til greina. Krafa D tók mið af árslanum fyrir 100% starf 1996 að fjárhæð kr. 2.050.118,00 auk 6% lífeyrissjóðstilleggs, kr. 123.007,00 eða samtals kr. 2.173.125,00. D átti maka og þrjú börn 5 ára, 7 ára og 14 ára.

Hrd. frá 7. júní 2001 í máli nr. 451/2000. Þ sem lenti í slasaðist 29. september 1997 var í kjölfarið óvinnufær í 4 mánuði. Þ var í 50% starfi utan heimilis og 50% vinnu heima. Alls voru 5 í heimili, hjón og þrjú börn. Mánaðarlaun Þ í hálfu starfi sem sjúkraliði þá fjóra mánuði sem hún var óvinnufær námu kr. 327.495 (samsvarar kr. 1.964.970,00 í árslau miðað við 100% vinnu). Gerði hún kröfu um að verðmæti heimilisstarfa verði lögð að jöfnu við þessi mánaðarlaun. Ágreiningur var milli aðila um fjárhæð þessarar kröfu. Í dómnum segir m.a.: „Engra gagna eða samanburðarhæfra talna nýtur í málinu um það, hvaða launaviðmiðun gæti almennt verið réttlæt看leg vegna heimilisstarfa. Í þessu máli segir síðan eftirfarandi um ákvörðun viðmiðunarlauna: „Hvað sem þessu líður verður þó að líta svo á, að kröfu stefndu sé svo í hóf stillt, að hún verði ekki skert.

Þó dómafrankvæmd hafi slegið því föstu að bætur til heimavinnandi einstaklinga vegna tímabundins atvinnutjóns eiga að miðast við verðmæti vinnu við heimilisstörf, svarar hún því ekki hvers virði sú vinna er í raun og veru. Hæstiréttur hefur einfaldlega látið duga að fallast á gerðar kröfur með þeim rökum að þeim væri í hóf stillt

eða ekki sé tölulegur ágreiningur. Slíkar röksemdir gætu því gefið til kynna að ekki yrði fallist á kröfu tjónþola ef viðkomandi væri í hlutastarfi utan heimilis með svo háar tekjur að það þætti ekki lengur forsvaranlegt, að mati dómsins, að miða við þær við útreikning bóta vegna tímabundins atvinnutjóns vegna skertrar getu til heimilisstarfa. Það er því að mati höfunda vafasamt að Hæstiréttur muni samþykkja í tilviki tímabundins atvinnutjóns, með sama hætti og færð voru rök fyrir í kafla 3.1.2.2 varðandi varanlega örorku, að hægt verði að taka með sér tekjur heim sem eru allt að hámarksárslaunum 4. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Það verði einfaldlega ekki taldar kröfur í hófi.

Hér má að lokum spyrja, nokkuð sem einnig var gert í kafla 3.2.1, hvort lögfesting lágmarksárslauna 1999 hafi jafnframt falið í sér endanlegt verðmat á heimilisstörfum, verðmat sem þá gildi einnig um ákvörðun bóta fyrir tímabundið atvinnutjón. Væri sú raunin ætti væntanlega almennt að miða við þau laun við útreikning bóta fyrir tímabundið atvinnutjón vegna heimilisstarfa hvort heldur sem tjónþoli nýtir alla vinnugetu sína til heimilisstarfa eða hluta til heimilisstarfa og hluta til starfa utan heimilis. Þetta ætti þá væntanlega einnig að leiða til þess að ekki yrði fallist á að tjónþoli tæki með sér heim hærri tekjur en lágmarkið, nema þá að Hæstiréttur með vísan í fyrri dómafordæmi teldi kröfunni engu að síður í hóf stillt.

Hvað varðar kröfu vegna tímabundins atvinnutjóns þess sem vinnur minna en 50% utan heimilis þá vísa höfundar til þess sem segir í kafla 3.1.2.3. Þau rök sem þar eru færð gætu einnig átt við um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón upp að því marki sem Hæstiréttur teldi það fela í sér hófstiltar kröfur.

3.3 Skiptir umfang vinnu við heimilisstörf máli við ákvörðun viðmiðunarárslauna?

Af íslenskri dómaframkvæmt er erfitt að draga ályktanir um það hvort umfang heimilisstarfa geti haft áhrif þegar kemur að því að ákveða árslaun fyrir útreikning á tímabundnu eða varanlegu fjártjóni tjónþola. Í þeim tveimur hæstaréttardómum sem nefndir eru að framan, og þar sem ágreiningur var um það hvaða laun ætti

að leggja til grundvallar útreikningi á fjártjóni, var ýmist um að ræða fjóra eða fimm í heimili.

Í Hrd. 2000, 594 mál nr. 362/1999 þar sem m.a. var krafist bóta fyrir tímabundið atvinnutjón heimavinnandi einstaklings, þar sem ekki var til að dreifa börnum yngri en 18 ára á heimilinu, var hins vegar ekki ágreiningur um fjárhæð bótakröfu. Segir m.a. eftirfarandi í dómnum um kröfuna: „Stefndu hafa ekki mótmælt þeim forsendum, sem áfrýjandi leggur til grundvallar við útreikning kröfu sinnar um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón. Samkvæmt öllu framangreindu verður krafan tekin að fullu til greina.“

Þó í framangreindum dómum hafi ekki verið minnst á að umfang heimilisstarfa, t.d. fjöldi barna, geti skipt máli varðandi útreikning á fjártjóni er ekki hægt að útiloka að sú kynni að verða raunin ef um væri að ræða aðstæður þar sem umfang heimilisstarfa er lítið.⁵⁰ Hér er þó í raun um hreinar ágiskanir höfunda að ræða því ekkert er fjallað um þetta álitaefni í lögskýringargögnum með skaðabótalögum. Ef um hefðbundnar heimilisaðstæður er að ræða, t.d. tvö eða þrjú börn, virðast þó fyrirbyggjandi dómar eindregið benda til þess að dómstólar myndu ekki velta umfangi heimilisstarfa neitt frekar fyrir sér. Hér má t.d. nefna að í Hrd. 19. september 2002 í máli nr. 210/2002 féllst dómurinn á að það væri ekki úr hófi að reikna tímabundið atvinnutjón heimavinnandi einstaklings, þar sem fjórir voru í heimili, á grundvelli meðaltekna verkamanna.

⁵⁰ Hér má benda á að samkvæmt norskum og dönskum rétti ber að líta til vinnuframlags við ákvörðun bóta af þessu tagi. Sjá: Utvalg til å vurdere reformer i regelverket om utmåling av erstatning for personskader „Personskadeerstatning (NOU 1994:20, október 1994, Statens forvalningstjeneste – Statens trykning 1994) 48 og Betænkning 1983 nr. 976 (n. 24) 108.

4. Niðurstaða

Í 3. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 er skýrt kveðið á um að heimilisstörf skuli metin til fjár. Það þýðir þó ekki að túlkun reglunnar geti ekki verið erfiðleikum bundin. Í raun má því segja að nokkuð skorti á að orðalag hennar og lögskýringargögn veiti alltaf fullnægjandi svör við þeim álitaefnum sem getur reynt á varðandi útreikningi á bótum til heimavinnandi einstaklinga.

Löggjafinn hefur ekki með ítarlegum hætti skýrt hvaða störf skuli teljast til heimilisstarfa í skilningi skaðabótalaga, eða hvað þurfi að koma til svo að tjónþoli teljist vinna við heimilisstörf í skilningi ákvæðisins. Þó má ætla að þau störf sem framkvæmd eru með reglubundnum hætti á heimili hins almenna borgara, svo sem umsjá barna, matseld, þrif, almennt viðhald og þvottur, teljist til heimilisstarfa. Einstaklingur sem nýtir vinnugetu sína að hluta til eða öllu leyti í að sinna slíkum störfum telst því stunda heimilisstörf í skilningi skaðabótalaga.

Af dómaframkvæmd Hæstaréttar má leiða að tjónþoli þarf að sanna að hann hafi nýtt vinnugetu sína að hluta til eða öllu leyti til heimilisstarfa. Þá er algjört skilyrði að tjónþoli hafi getu til að sinna störfum utan heimilis til að geta átt rétt á bótum vegna heimilisstarfa.

Hvað varðar bætur fyrir varanlega örorku þess sem nýtir alla vinnugetu sína til heimilisstarfa gera skaðabótalögin ráð fyrir að bæturnar séu ákvarðaðar á grundvelli lágmarksárslauna skv. 3. mgr. 7. gr. laganna. Þegar tjónþoli er í hálfu starfi eða meira utan heimilis en sinnir að öðru leyti heimilisstörfum er tekjuviðmið sérstaklega ákveðið líkt og hann væri í fullu starfi utan heimilis. Löggjöfin gerir þannig ráð fyrir að tjónþoli geti tekið launatekjur sínar heim, væntanlega upp að því marki sem hámarkstekjur 4. mgr. 7. gr. skaðabótalaga gera ráð fyrir. Ef tjónþoli er í minna en hálfu starfi utan heimilis virðist mega ráða af lögskýringargögnum að miða eigi við lágmarkslaun. Hér vilja þó höfundar meina að ekki sé ástæða til of þröngrar túlkunar.

Við útreikning á tímabundnu atvinnutjóni þess sem nýtir alla vinnugetu sína til heimilisstarfa eru í greininni færð rök fyrir því að væntanlega verði lágmarksárslaun skaðabótalaga lögð til grundvallar. Þó er bent á að fyrirbyggjandi dómafordæmi útilokar ekki að t.d. yrði stuðst við meðallaun verkamanna enda hefur Hæstiréttur áður komist að þeirri niðurstöðu að sú nálgun feli í sér hóflega kröfu. Hvað varðar bætur fyrir tímabundið atvinnutjón þess sem vinnur 50% eða meira utan heimilis þá hefur Hæstiréttur fallist á, eins og gildir um bætur fyrir varanlega örorku, að tjónþoli geti tekið launin með sér heim. Þetta gildir í það minnsta upp að því marki sem það leiðir til hóflegrar kröfugerðar. Hvar þau mörk liggja er hins vegar erfitt að segja til um.

Að lokum komust höfundar að þeirri niðurstöðu að ef um almennt heimili er að ræða líti Hæstiréttur ekki frekar til þess varðandi ákvörðun bóta hversu umfangsmikil heimilisstörfin eru. Væntanlega útilokar þetta þó ekki að lítið yrði til þessa atriðis ef viðkomandi heimili er lítið.

Heimildaskrá

Alþt. 1992-1993, A-deild.

Alþt. 1998-1999, A-deild.

Alþt. 2017-2018, A-deild, þskj. 626 - 441. mál.

Bernard Gomard og Ditlev Wad, Erstatning og godtgørelse efter erstatningsansvarsloven og voldsofferloven (G.E.C.GAD 1986).

Betænkning 1983 nr. 976 – Udmåling af erstatning ved personskaade og tab af forsørger, 107.

Guðmundur Sigurðsson og Ragnhildur Helgadóttir, *Almannatryggingar og félagsleg aðstoð (JPV útgáfa 2007)*.

Hagstofa Íslands „Laun á almennum vinnumarkaði 2011” (30. mars 2012, Hagstofa Íslands 2012).

-- „Vinnnumarkaður 2010” (28. febrúar 2011, Hagstofa Íslands 2011).

-- „Vinnnumarkaður 2011” (20. febrúar 2012, Hagstofa Íslands 2012).

Heimasíða Hagstofu Íslands, http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_launogtekjur__2_laun__1_laun/VIN02001.px/, skoðað 3. apríl 2018

Jens Møller og Michael S. Wiisbye, *Erstatningsansvarsloven með kommentarer (6. útg., Jurist- og Økonomiforbundets Forlag 2002)*.

Kirsti Støm Bull „Hjemmearbeidets erstatningsrettslige stilling” (1982) 95 Tidsskrift for rettsvitenskap.

Morten Kjelland, *Hjemmearbeideres erstatningsrettslige vern (Gyldendal akademisk 2002)*.

-- „Hjemmearbeidserstatning – forholdet til velferdsrettslige, skatterettslige og bevisrettslige sider ved utmålingen” (2011) 8 Tidsskrift for erstatningsrett, forsikringsrett og velferdsrett 4.

Utvalg til å vurdere reformer i regelverket om utmåling av erstatning for personskaader „Personskadeerstatning” (NOU 1994:20, október 1994, Statens forvalningstjeneste – Statens trykning 1994).

Dómaskrá

Dómar Hæstaréttar Íslands

Hrd. 14. október 1999 í máli nr. 153/1999

Hrd. 10. febrúar 2000 í máli nr. 362/1999

Hrd. 7. júní 2001 í máli nr. 451/2000

Hrd. 19. september 2002 í máli nr. 210/2002

Hrd. 19. maí 2004 í máli nr. 296/2003

Hrd. 11. nóvember 2004 í máli nr. 243/2004

Hrd. 27. janúar 2005 í máli nr. 280/2004

Hrd. 13. mars 2008 í máli nr. 442/2007

Hrd. 13. mars 2008 í máli nr. 443/2007

Hrd. 19. febrúar 2009 í máli nr. 259/2008

Hrd. 8. október 2009 í máli nr. 35/2009

Dómar Hæstaréttar Noregs

Rt-1998-1916

Rt-1999-1967

Abstract

This article addresses the topic of tort damages to individuals who choose to utilize their capacity to work, in part or in full, for domestic work. The purpose is to explore the legal status of this particular group of individuals, with emphasis on investigating the value assessment of domestic work. Furthermore, the object is to summarize Icelandic case law on the topic. The authors have mainly based the article on Icelandic legislative preparatory works for the Tort Damages Act and Judgements of the Supreme Court of Iceland. In addition, the article is based on Danish and Norwegian references, since the tort legislation in these countries is similar to the Icelandic Tort Damages Act. The article addresses the definition of the term “domestic work” and what criteria the injured person must generally fulfill in order to receive damages for the loss of ability to perform domestic work. Finally, the article discusses how the amount of compensation is determined for these individuals, both in regards to long term and short term disability.

Slysatrygging launþega

-
- » **Dr. Guðmundur Sigurðsson** prófessor við lagadeild HR
 - » **Helga Sæmundsdóttir** lögmaður
-

Ú

tdráttur

Viðfangsefni þessarar greinar er slysatrygging launþega. Leitast er við að svara spurningum um það hver eigi rétt á bótum samkvæmt tryggingunni, hvenær og hvers konar bætur það séu. Í þessum tilgangi er meðal annars skoðaðir kjarasamningar og váttryggingarskilmálar váttryggingarfélaganna fyrir slysatryggingu launþega. Almenna reglan er sú að samið er um slysatryggingu launþega í kjarasamningum. Atvinnurekendum ber síðan skylda til að kaupa slysatryggingu fyrir starfsmenn sína samkvæmt því sem fram kemur í kjarasamningi. Um það samningssamband gilda váttryggingarskilmálar og váttryggingarskírteini. Ríkissjóður og Reykjavíkurborg kaupa þó almennt ekki váttryggingar fyrir starfsmenn sína heldur bera áhættuna sjálf. Í greininni kemur fram að allir launþegar eru tryggðir þótt þeir séu ekki félagar í stéttarfélagi. Tryggingin gildir almennt ekki um þá sem eru sjálfstætt starfandi. Sumir launþegar eru tryggðir allan sólarhringinn, aðrir aðeins í vinnu og til og frá vinnu. Misjafnt er fyrir hverju launþegar eru tryggðir. Allir eru þeir þó t.d. tryggðir fyrir varanlegri örorku, en að auki eru sumir þeirra tryggðir fyrir tímabundinni örorku og öðrum útgjöldum vegna slyss.

- 1 Inngangur
- 2 Nánar um gildissvið slysaftryggingar launþega
 - 2.1 Um tilvísanir í kjarasamningum til vátryggingarsamninga
 - 2.2 Hver er tryggður?
 - 2.3 Hvenær og hvar er launþegi tryggður?
 - 2.3.1 Slys í vinnu eða starfi
 - 2.3.2 Íþróttaiðkun
 - 2.3.3 Starfstengdar ferðir innanlands og utan
 - 2.3.4 Til og frá vinnu
 - 2.3.5 Gildir í frítíma
 - 2.4 Hlutrænar ábyrgðartakmarkanir
 - 2.5 Tegundir og fjárhæð bóta sem launþegar geta átt rétt á
 - 2.5.1 Almenn
 - 2.5.2 Tímabundin örorka
 - 2.5.3 Bætur fyrir varanlega örorku
 - 2.5.3.1 Hvað er varanleg örorka og hvernig er hún metin?
 - 2.5.3.2 Útreikningur bóta vegna varalegrar læknisfræðilegrar örorku
 - 2.5.3.3 Nánar um fjárhæðir bóta
- 3 Niðurstöður

1 Inngangur

Viðfangsefni þessarar greinar er slysáttrygging launþega.¹ • Skipta má slysáttryggingum í tvo meginflokkka, þ.e. fjálsar slysáttryggingar og slysáttryggingar launþega. Flestar slysáttryggingar sem í boði eru á Íslandi, þar með talið slysáttrygging launþega, flokkast sem persónuþryggingar samkvæmt II. hluta laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga (vsl.).

Á hverju ári slasast nokkur fjöldi fólks við vinnu sína og tapar vinnugetu að hluta eða öllu leyti. Á bilinu 1641 – 2044 vinnuslys voru tilkynnt til Vinnueftirlitsins vegna árána 2012 – 2016. Átta manns létust í þessum slysum.² Samkvæmt þessum tölum urðu því rúmlega fimm slys á hverjum einasta degi á þessu tímabili. Ljóst er að ekki eru öll vinnuslys tilkynnt til Vinnueftirlitsins og er raunverulegur fjöldi vinnuslysa væntanlega því eitthvað hærri en þessar tölur gefa til kynna.

Tilhögun slysáttrygginga launþega er nánar tiltekið með þeim hætti að almennt er samið um það í kjarasamningum að vinnuveitanda beri skylda til að kaupa slysáttryggingu fyrir starfsmenn sína hjá

¹ Greinin byggir að nokkru á meistararitgerð um slysáttryggingu launamanna sem Helga Sæmundsdóttir skrifaði við lagadeild Háskólans í Reykjavík á haustönn 2012. Leiðbeinandi hennar var Guðmundur Sigurðsson. Við gerð meistararitgerðarinnar var meðal annars haft samband við forsvarsmenn eða lögfræðinga heildarsamtaka stéttarféлага, sem og atvinnurekendur og samtök þeirra. Einnig var haft samband við váttryggingafélög. Með sama hætti og var í ritgerðinni getur eftir atvikum í grein þessari verið vísað til heimilda sem stafa frá þessum aðilum.

² Vinnueftirlitið, „Ársskýrsla Vinnueftirlitsins fyrir árið 2012“ (Vinnueftirlitið 2013) 23 <www.vinnueftirlit.is/media/arsskyrslur/vinnueftirlit_arsskyrsla_2012.pdf> skoðað 3. febrúar 2018; Vinnueftirlitið, „Ársskýrsla Vinnueftirlitsins fyrir árið 2013“ (Vinnueftirlitið 2014) 25 www.vinnueftirlit.is/media/arsskyrslur/vinnueftirlit_arsskyrsla_2013.pdf> skoðað 3. febrúar 2018; Vinnueftirlitið, „Ársskýrsla Vinnueftirlitsins fyrir árið 2014“ (Vinnueftirlitið 2015) 27 www.vinnueftirlit.is/media/arsskyrslur/vinnueftirlitid_arsskyrsla_2014.pdf> skoðað 3. febrúar 2018; Vinnueftirlitið, „Ársskýrsla Vinnueftirlitsins fyrir árið 2015“ (Vinnueftirlitið 2015) 28 www.vinnueftirlit.is/media/arsskyrslur/vinnueftirlitid_arsskyrsla_2015.pdf> skoðað 3. febrúar 2018; Vinnueftirlitið, „Ársskýrsla Vinnueftirlitsins fyrir árið 2016“ (Vinnueftirlitið 2017)

vátryggingarfélögum.³ Vinnuveitandi launþegans þarf því almennt að kaupa slysátryggingu hjá vátryggingarfélagi en ella taka sjálfur áhættuna af því að slys verði.

Þó svo að skilmálar vátryggingarfélaga sem gilda um slysátryggingar launþega séu fremur líkir getur gildissvið einstakra trygginga verið misjafnt. Þessu veldur að gildissviðið er skilgreint í hverjum kjarasamningi fyrir sig. Því kann að vera ólíkt frá einum kjarasamningi til annars hvaða bætur og fjárhæðir eru greiddar. Sem dæmi má nefna að greiddir eru dagpeningar vegna tímabundinnar óvinnufærni (örorku) úr sumum tryggingum en ekki öðrum og fjárhæðir bóta vegna varanlegrar örorku geta verið misjafnar.

Örorkubætur úr slysátryggingu launþega eru greiddar á grundvelli metins miskastigs eins og það er skilgreint í 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 en ekki á grundvelli varanlegrar fjárhagslegrar örorku samkvæmt 5. gr. sömu laga. Þegar haft er í huga að um er að ræða bætur vegna afleiðinga vinnuslysa má spyja hvort ekki sé eðlilegra að í slíkum tilvikum séu það áhrif slyss á getu launþegans til tekjuöflunar, þ.e. hin fjárhagslega örorka, sem lögð er til grundvallar en ekki miskastigið.

Þá er misjafnt hvenær launþegar eru tryggðir. Á meðan sumir eru tryggðir allan sólarhringinn eru aðrir aðeins tryggðir í vinnu og á leið til og frá vinnu. Í sumum kjarasamningum kemur fram að eigi tjónþoli rétt til bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysátryggingu ökumanns og eigenda, greiðast ekki bætur úr slysátryggingu launþega.

Bótafjárhæðir þær sem greiddar eru úr slysátryggingu launþega hafa fremur hækkað á seinni árum. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að

³ Þó eru dæmi um slysátryggingar launþega sem byggja að hluta til á lagaákvæðum. Þar má t.d. nefna 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 þar sem kveðið er á um skyldu útgerðarmanns til að slysátryggja starfsmenn sína. Auk þess segir í 18. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 að slökkviliðsmenn skuli vera slysátryggðir. Gert er ráð fyrir að sveitarfélögin sem rekstraraðilar slökkviliðanna, sbr. 10. gr. laganna, kaupi vátryggingu hjá vátryggingarfélagi en beri áhættuna sjálf geri þau það ekki.

bæturnar ná sjaldnast að bæta fjártjón launþegans að fullu.⁴ Frá þessu eru þær undantekningar að ef launþegi slasast í umferðinni á hann almennt rétt á að fá bætur reiknaðar á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993. Í þeim tilvikum greiðast bæturnar úr ökutækjategyggingu. Sömu sögu er almennt að segja um sjómenn samkvæmt slysatryggingu þeirra. Ekki verður fjallað frekar um ökutækjategyggingar eða slysatryggingu sjómanna í þessari grein.⁵

Meginviðfangefni greinarinnar er umfjöllun um gildissvið slysatrygginga launþega, þ.e.:

- Nokkur álitæfni tengd tilvísunum í kjarasamningum til vátryggingarsamninga.
- Hver er tryggður?
- Hvenær og hvar gildir tryggingin?
- Hvaða bætur kunna að fast greiddar?
- Hverjar eru bótafjárhæðirnar?

Hér á eftir verður fyrst fjallað um nokkur álitæfni sem tengjast því hvaða áhrif tilvísanir í kjarasamningum til vátryggingarsamninga geta haft á réttarstöðu hins slasaða. Þá verður fjallað um hverjir eigi rétt á bótum úr slysatryggingu launþega. Meðal annars verður leitast við að svara því hvort sjálfstætt starfandi atvinnurekendur eigi rétt á bótum úr tryggingunni, sem og hvað gera eigi ef óljóst er hvaða kjarasamningur eigi við um ákveðinn launþega. Því næst verður skoðað hvar og hvenær launþegar séu tryggðir. Í því sambandi verður m.a. fjallað um það hvað átt sé við með orðalaginu „við vinnu“. Í greininni er hins vegar ekki að finna sérstaka umfjöllun um slyshugtakið.⁶

Í seinni hluta greinarinnar verður fjallað um þær bótategundir sem launþegar kunna að eiga rétt á og fjárhæðir bóta. Megináherslan verður

⁴ Sjá t.d. Guðmundur Sigurðsson, „Bótaréttur launþega: Er breytinga þörf?“, (1999) 1 Lögmannablaðið 10-11.

⁵ Sjá nánar um slysatryggingu sjómanna: Guðmundur Sigurðsson, „Vinnuslys, slysatrygging sjómanna, er um bótaskyld slys að ræða“, (2004) 1 Tímarit Lögréttu 11-35 og „Vinnuslys, slysatrygging sjómanna, hver á rétt á bótum? Ákvörðun bóta“ (2005) 2 Tímarit Lögréttu 169-196.

⁶ Sjá nánar um hugtakið slys Guðmundur Sigurðsson, „Hugtakið slys í vátryggingarétti“, (2016) 2 Tímarit Lögréttu 86-137.

lögð á umfjöllun um bætur fyrir tímabundna- og varanlega örorku. Ekki verður fjallað um dánarbætur. Þá kveða sumir kjarasamninganna á um rétt launþega samkvæmt öðrum tryggingum, svo sem líftryggingum, ferðatryggingum eða tryggingu á persónulegum munum. Þar er þó ekki um slysatryggingar að ræða í þeim skilningi að tjónið þarf ekki að vera tilkomið vegna slyss. Ekki verður fjallað um þessar tryggingar í greininni.

Umfjöllun í greininni verður að talsverðu leyti byggð á eftirfarandi níu núgildandi kjarasamningum fjölmennra stéttarfélaga. Byggðist valið að mestu leyti á fjölda félagsmanna innan hvers stéttarfélags, en einnig á því að umfjöllunin næði yfir breitt svið atvinnumarkaðarins og sýndi mismunandi gerðir af slysatryggingu launþega sem koma fram í kjarasamningunum. Um er að ræða kjarasamninga sem stéttarfélög hafa gert við Samtök atvinnulífsins, Samband íslenskra sveitarfélaga, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Reykjavíkurborg. Þessir samningar eru:

1. Kjarasamningur Samtaka atvinnulífsins og VR (hér eftir Kjarasamningur SA og VR). Gildistími: 1. janúar 2016 til 31. desember 2018.⁷
2. Kjarasamningur Samtaka atvinnulífsins og 14 aðildarfélaga Bandalags háskólamanna (Kjarasamningur SA og 14 aðildarfélaga BHM). Gildir frá 1. október 2017.⁸

⁷ Sjá: Samtök atvinnulífsins og VR, „Kjarasamningur milli VR og Samtaka atvinnulífsins“ (Gildistími: 22. maí 2015 - 31. desember 2018, VR) <http://vefbirting.oggi.is/vr/samningur_2016/files/assets/common/downloads/files/kjarasamningur%20VR-SA%202016.pdf> skoðað 10. febrúar 2018.

⁸ Sjá: Samtök atvinnulífsins og Dýralæknafélag Íslands o.fl., „Kjarasamningur Samtaka atvinnulífsins og Dýralæknafélags Íslands, Félags íslenskra félagsvísindamanna, Félags íslenskra náttúrufræðinga, Félags lífeindafræðinga, Félags sjúkrahjálfara, Félagsráðgjafafélags Íslands, Fræðagarðs, Iðjuþjálfafélags Íslands, Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Ljósmeðrafélags Íslands, Sálfræðingafélags Íslands, Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga, Stéttarfélags lögfræðinga, Proskahjálfafélags Íslands“ (Gildir frá 1. október 2017, Bandalag háskólamanna) <www.stett.is/static/files/2017/Kjaramal/kjarasamningur-sa-og-bhm-10.2017-lok_24.10.17.-undirritadur.pdf> skoðað 10. febrúar 2018.

3. Kjarasamningur Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands fyrir hönd 15 aðildarfélaga (Kjarasamningur SÍS og SGS). Gildistími: 1. maí 2015 til 31. mars 2019.⁹
4. Kjarasamningur Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samflots bæjarstarfsmannafélaga fyrir hönd 7 aðildarfélaga (Kjarasamningur SÍS og Samflots bæjarstarfsmannafélaga f.h. 7 aðildarfélaga). Gildistími: 1. maí 2015 – 31. mars 2019.¹⁰
5. Kjarasamningur Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara (Kjarasamningur SÍS og FG). Gildistími: 1. desember 2016 – 30. nóvember 2017.¹¹
6. Kjarasamningur ríkisins og Starfsgreinasambands Íslands fyrir hönd 16 aðildarfélaga (Kjarasamningur ríkisins og SGS f.h. 16 aðildarfélaga). Gildistími: 1. maí 2015 til 31. mars 2019.¹²
7. Kjarasamningur ríkisins og Félags íslenskra náttúrufræðinga (Kjarasamningur ríkisins og FÍN). Gildistími: 1. febrúar 2014 til 28.

⁹ Sjá: Samband íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasamband Íslands, „Kjarasamningur Starfsgreinasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga“ (Gildistími: 1. maí 2015 – 31. mars 2019, Samband íslenskra sveitarfélaga) <www.sgs.is/wp-content/uploads/2016/10/SGS_samb_sveitarfelaga-2015_2019_.pdf> skoðað 10. febrúar 2018.

¹⁰ Sjá: Samband íslenskra sveitarfélaga og Samflot bæjarstarfsmannafélaga, „Kjarasamningur Sambands íslenskra sveitarfélaga f.h. þeirra sveitarfélaga og annarra aðila sem það hefur samningsumboð fyrir og Samflots bæjarstarfsmannafélaga f.h. eftirtalinnna stéttarfélaga, Félags opinberra starfsmanna á Austurlandi, Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum, Starfsmannafélags Dala- og Snæfellsnessýslu, Starfsmannafélag Fjallabyggðar, Starfsmannafélags Fjarðabyggðar, Starfsmannafélags Húsavíkur, Starfsmannafélags Vestmannaeyja“ (Gildistími: 1. maí 2015 – 31. mars 2019, Samband íslenskra sveitarfélaga) <www.samband.is/media/kjarasamningar-brsb/SAMFLOT-heildarsamn.2015-2019_mars2017_LOK.pdf> skoðað 10. febrúar 2018.

¹¹ Sjá: Samband íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands, „Kjarasamningur Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara“ (Gildistími: 1. desember 2016 – 30. nóvember 2017, Samband íslenskra sveitarfélaga) <www.samband.is/media/kjarasamningar-ki/FG-Heildarsamningur_2016-2017_LOK.pdf> skoðað 10. febrúar 2018.

¹² Sjá: Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Starfsgreinasamband Íslands, „Kjarasamningur Starfsgreinasambands Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs“ (Gildistími: 1. maí 2015 – 31. mars 2019, Starfsgreinasamband Íslands) <www.sgs.is/wp-content/uploads/2016/09/samningur_SGS-riki_2016-1.pdf> skoðað 10. febrúar 2018.

- febrúar 2015. Samningurinn var framlengdur með úrskurði gerðardóms þann 14. ágúst 2015 frá 1. mars 2015 til 31. ágúst 2017.¹³
8. Kjarasamningur ríkisins og SFR (hér eftir Kjarasamningur ríkisins og SFR). Gildistími: 1. október 2015 til 31. mars 2019.¹⁴
 9. Kjarasamningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar (Kjarasamningur Reykjavíkurborgar og St. Rv). Gildistími: 1. maí 2015 til 31. mars 2019.¹⁵

Verður oftast vísað til þessara kjarasamninga með því að nefna aðilana atvinnurekenda megin. Til dæmis „kjarasamningar SA“ og er þá bæði átt við kjarasamning SA og VR sem og SA og 14 aðildarfélaga BHM.

Vátryggingarfélögin, hvert um sig, gefa út sína vátryggingarskilmála sem gilda um slysatrygginguna. Þá er vátryggingarfélagi skylt að afhenda vátryggingartaka vátryggingarskírteini. Fjallað er um vátryggingarskírteini í h-lið 1. mgr. 62. gr. og 70. gr. vsl. Segir þar meðal annars að í því skuli koma fram ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í vátryggingarskilmálanum. Í vátryggingarskírteinum vegna slysatryggingar launþega er því til dæmis tekið fram ef slysatryggingin gildir í frítíma launþega, þótt það komi ekki fram

¹³ Sjá: Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Félag íslenskra náttúrufræðinga, „Kjarasamningur Félags íslenskra náttúrufræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs“ (Gildistími: 1. febrúar 2014 – 28. febrúar 2015, Félag íslenskra náttúrufræðinga) <[http://www.fin.is/media/kaup-og-kjor/samningar/kjarasamningar/FIN_utg_2014_Lok-\(2\).pdf](http://www.fin.is/media/kaup-og-kjor/samningar/kjarasamningar/FIN_utg_2014_Lok-(2).pdf)> skoðað 10. febrúar 2018; Gerðardómur samkvæmt lögum nr. 31/2015. „Úrskurður 14. ágúst 2015 Bandalag háskólamanna fyrir hönd Dýralæknafélags Íslands o.fl. og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga annars vegar og Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs hins vegar“ <www.fin.is/media/kaup-og-kjor/samningar/kjarasamningar/Urskurdur-gerdardoms-l.-nr.-31-2015.pdf> Skoðað 10. febrúar 2018.

¹⁴ Sjá: Fjármála- og efnahagsráðuneytið og SFR, „SFR & Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs – Kjarasamningur 2015 – 2019“ (Gildistími: 1. október 2015 – 31. mars 2019, SFR) < <https://sfr.is/library/Kjarasvid/Kjarasamningar/Riki/SFR%20riki%20lok%202015.pdf>> skoðað 10. febrúar 2018.

¹⁵ Sjá: Reykjavíkurborg og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, „Kjarasamningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar“ (Gildistími: 1. maí 2015 – 31. mars 2019, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar) <<https://www.strv.is/media/25272/kjarasamningureykjavik20152019heildarsamnloka12102016leidr1011.pdf>> skoðað 10. febrúar 2018.

í váttryggingarskilmálum.¹⁶ Einnig kemur þar fram hver biðtími og hámarksbótatími vegna dagpeninga er og fleira.¹⁷ Þegar þetta þrennt er tekið saman, þ.e. kjarasamningurinn, váttryggingarskilmálarnir og váttryggingarskrarteinið er umfang slysáttryggingarinnar fyrst orðið ljóst. Þetta verður því að lesa saman og túlka hverju sinni.

Þau váttryggingarfélög sem bjóða upp á slysáttryggingu launþega hér á landi eru: Sjóvá – Almennar tryggingar hf. (Sjóvá),¹⁸ Tryggingamiðstöðin hf. (TM),¹⁹ Váttryggingafélag Íslands hf. (VÍS)²⁰ og Vörður tryggingar hf. (Vörður).²¹

Ríkið og Reykjavíkurborg kaupa almennt ekki slysáttryggingar hjá váttryggingarfélögum fyrir starfsmenn sína, heldur bera sjálf ábyrgðina. Að baki þessu liggja hagkvæmnisástæður.²²

Ríkið og Reykjavíkurborg hafa því samið reglur sem koma í stað váttryggingarskilmála. Um slysáttryggingar starfsmanna ríkisins í störfum

¹⁶ Viðtal við Valgeir Pálsson, forstöðumann lögfræðiþjónustu hjá Tryggingamiðstöðinni og Vigfús M. Vigfússon þáverandi vörustjóra persónuþrygginga hjá Tryggingamiðstöðinni (Reykjavík, 19. nóvember 2012); Tölvupóstur frá Gunnari Péturssyni lögfræðingi hjá Sjóvá – Almennum tryggingum hf. til Helgu Sæmundsdóttur (5. desember 2012).

¹⁷ Sama heimild.

¹⁸ Sjóvá – Almennar tryggingar hf., „Slysáttrygging launþega skilmáli nr. 382“ (Gilda frá 15. júní 2016, Sjóvá – Almennar tryggingar hf.) <www.sjova.is/json/Skilmalar/SKI-0135/slysathyggung-launthega.pdf> skoðað 10. febrúar 2018.

¹⁹ Tryggingamiðstöðin hf., „Slysáttrygging launþega, váttryggingarskilmálar nr. 380“ (Gilda frá 16. desember 2015, Tryggingamiðstöðin hf.) <www.tm.is/media/skilmalar/2010/einn-dalkur-380.pdf> skoðað 10. febrúar 2018.

²⁰ Váttryggingafélag Íslands hf., „Slysáttrygging launþega, váttryggingarskilmálar nr. Sp20“ (Gilda frá 20. nóvember 2013, Váttryggingafélag Íslands hf.) <www.vis.is/media/1606/sth2.pdf> skoðað 10. febrúar 2018.

²¹ Vörður tryggingar hf., „Slysáttrygging launþega, skilmáli nr. S-3“ (Gildir frá 1. júlí 2016, Vörður tryggingar hf.) <<https://vordur.is/media/1097/s-3-slysathyggung-launthega.pdf>> skoðað 10. febrúar 2018.

²² Stjórnarráð Íslands, „Vinnutími og fjarvera“ (Stjórnarráð Íslands) <www.stjornarradid.is/verkefni/mannaudsmal-rikisins/vinnutimi-og-fjarvera/> skoðað 11. febrúar 2018; Tölvupóstur frá Sigurlaugu Kristínu Jóhannsdóttur sérfræðingi á starfsmannaskrifstofu Fjármála- og efnahagsráðuneytisins til Helgu Sæmundsdóttur (19. nóvember 2012); Tölvupóstur frá Berglinni Söbech verkefnisstjóra trygginga hjá Reykjavíkurborg til Helgu Sæmundsdóttur (12. febrúar 2018).

þeirra gilda reglur nr. 30/1990²³ en reglur nr. 31/1990 gilda hins vegar um slysatryggingar utan starfa.²⁴ Hjá Reykjavíkurborg gilda reglur nr. sl-1/90 um slysatryggingar í störfum starfsmanna,²⁵ en reglur nr. 2-/90 um slysatryggingar utan starfa.²⁶ Eftirleiðis verður ýmist vísað í númer þessara reglna eða til „reglna ríkisins og Reykjavíkurborgar“. Vitnað er til þessara reglna í kjarasamningum sem aðilarnir gera og gilda þær samhliða kjarasamningunum.²⁷

²³ Fjármála- og efnahagsráðuneytið, „Reglur nr. 30/1990, um skilmála slysatryggingar ríkisstarfsmanna skv. kjarasamningum vegna slysa sem starfsmenn verða fyrir í starfi“ (16. janúar 1990, Fjármála- og efnahagsráðuneytið 1990) <www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/?NewsId=384331d2-5ce2-11e7-941c-005056bc530c> skoðað 11. febrúar 2018 (Reglur nr. 30/1990).

²⁴ Fjármála- og efnahagsráðuneytið, „Reglur nr. 31/1990, um skilmála slysatryggingar ríkisstarfsmanna skv. kjarasamningum vegna slysa sem starfsmenn verða fyrir utan starfs“ (16. janúar 1990, Fjármála- og efnahagsráðuneytið 1990) <www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/?NewsId=c476f7b2-5ce7-11e7-941c-005056bc530c> skoðað 11. febrúar 2018 (Reglur nr. 31/1990).

²⁵ Reykjavíkurborg, „Reglur, samþykktar í borgarráði 5. júní 1990 um skilmála slysatryggingar starfsmanna Reykjavíkurborgar skv. kjarasamningum samkvæmt l. nr. 94/1986 (samningsréttarlög) vegna slysa sem starfsmenn verða fyrir í starfi“ (20. nóvember 1990, *Reykjavíkurborg* 1990) <http://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_svida/reglur_nr_sl-1.90.pdf> skoðað 11. febrúar 2018 (Reglur nr. sl-1/90).

²⁶ Reykjavíkurborg, „Reglur, samþykktar í borgarráði 5. júlí 1990 um skilmála slysatryggingar starfsmanna Reykjavíkurborgar skv. kjarasamningum samkvæmt l. nr. 94/1986 (samningsréttarlög) vegna slysa sem starfsmenn verða fyrir utan starfs“ (20. nóvember 1990, *Reykjavíkurborg* 1990) <http://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_svida/reglur_nr_sl-2.90.pdf> skoðað 11. febrúar 2018 (Reglur nr. 2-/90).

²⁷ Sjá t.d.: Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Starfsgreinasamband Íslands (n. 12) gr. 7.1.1; Reykjavíkurborg og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar (n. 15) gr. 8.1. Undantekningar eru þó frá þessu eins og sjá má af kjarasamningi sem ríkið hefur gert við sum stéttarfélög bjarstarfsmannafélaga þar sem vitnað er til almennra skilmála Samtaka íslenskra tryggingafélaga. Sjá t.d.: Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Samflot bjarstarfsmannafélaga. „Kjarasamningur fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags opinberra starfsmanna á Austurlandi ... [o.fl.]“ (Gildistími: 1. maí 2015 – 31. mars 2019, *Fjármála- og efnahagsráðuneytið*) <www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=8ff92375-b25c-11e7-9420-005056bc530c> skoðað 11. febrúar 2018.

2. Nánar um gildissvið slysatryggingar launþega

2.1 Um tilvísanir í kjarasamningum til váttryggingarsamninga

Í þeim kjarasamningum sem teknir eru fyrir í þessari ritgerð eru tilvísanir til váttryggingarskilmála og reglna ríkisins og Reykjavíkurborgar með ýmsum hætti. Geta þessar tilvísanir eftir atvikum haft áhrif á skuldbindingargildi váttryggingarskilmálanna gagnvart launþegum. Hér er rétt að hafa í huga að um tvö samningssambönd er að ræða. Annars vegar samningssamband launþega og atvinnurekanda og hins vegar samningssamband atvinnurekanda og váttryggingarfélags. Því er ekki hægt að útiloka að sú staða geti komið upp að vinnuveitandi getið borið kjarasamningsbundna ábyrgð á tjóni þó tryggingarfélag telji tilvikið falla utan gildissviðs viðkomandi váttryggingarsamnings, en um hann gilda váttryggingarskilmálar og útgefið váttryggingarskírteini. Hvort váttryggingarfélagið kann að vera laust undan ábyrgð, þegar svo háttar til, getur ráðist af þeim reglum vsl. sem gilda um upplýsingaskyldu váttryggingarfélags við töku og endurnýjun tryggingarinnar og áhrif þess að félagið vanefni þá skyldu sína. Ekki verður frekar farið í þær reglur í þessari grein.

Í tilfelli ríkisins og Reykjavíkurborgar og launþega þeirra er í kjarasamningi berum orðum vísað til reglna sem koma í stað váttryggingarskilmála. Hafa þær því sama gildi og kjarasamningurinn. Í Hrd. 22/2004²⁸ reyndi á hvort starfsmaður væri bundinn af reglunum, en þær takmörkuðu rétt hans samkvæmt kjarasamningnum. Bar starfsmaðurinn fyrir sig 33. og 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga (sml.). Hafnaði Hæstiréttur því og taldi ekki rök hafa verið færð fyrir því að starfsmaðurinn væri óbundinn af reglum nr. sl-1/90 þar sem skýrt hefði verið vísað til þeirra í kjarasamningi. Af þessu er ljóst að Hæstiréttur telur reglur þessar jafngildar kjarasamningum, auk þess sem það sé í verkahring starfsmannsins að kynna sér bæði kjarasamninga og reglur sem þar er vísað til.

²⁸ Hrd. 27. maí 2004 í máli nr. 22/2004.

Í kjarasamningum SA við viðsejendur sína segir meðal annars: „Að öðru leyti en tiltekið er í þessum kafla samningsins skulu gilda um trygginguna skilmálar viðkomandi tryggingafélags...“.²⁹ Samkvæmt þessu gilda þau ákvæði sem fjallað er um í kjarasamningunum framfar ákvæðum váttryggingarskilmálanna. Nánar verður fjallað um þetta ákvæði í kafla 2.4 um hlutrænar ábyrgðartakmarkanir.

Í kjarasamningum SÍS (að kjarasamningi SÍS og FG undanskildum) segir í gr. 7.1.7: „Skilmálar séu almennir skilmálar, sem í gildi eru fyrir atvinnuslysafyrirganga launþega hjá Sambandi íslenskra tryggingarfélaganna, þegar samkomulag þetta er gert, eftir því sem við á með þeim frávikum, sem í samningi þessum greinir“.³⁰ Þetta ákvæði ber þess merki að hafa ekki verið endurskoðað nokkuð lengi. Samband íslenskra tryggingafélanna (hér eftir „SÍT“) var lagt niður er það sameinaðist Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja í nóvember 2006 undir heitinu Samtök fjármálafyrirtækja.³¹ Þó Sjóvá, TM, VÍS og Vörður séu aðilar að þeim samtökum eru þessi skilmálar ekki lengur í gildi. Því má spyrja hvaða áhrif framangreind tilvísun í þessa skilmála hefur á réttarstöðu hins slasaða. Segja má að því hafi verið svarað í eftirfarandi Hæstaréttardómi.

Hrd. 23. mars 2017 í máli nr. 405/2016. Í málinu krafðist Ó skaðabóta úr hendi vinnuveitanda síns I ehf. vegna líkamstjóns sem hann varð fyrir í umferðarslysi á bifhjóli sínu á árinu 2011. Jafnframt taldi Ó að fyrir hendi væri réttur hans til bóta samkvæmt kjarasamningi milli FÍA, IG hf. og I ehf. Þó hann ætti bótarétt samkvæmt lögboðinni ökutækjafyrirgöngu. Í kjarasamningi þeim sem gildi í umrætt sitt var m.a. að finna tilvísun í skilmála Sambands slysatryggjenda. Í dómi Hæstaréttar kemur jafnframt fram að í þeim skilmálum frá 5. júní 2000 komi fram að almennt kæmi ekki til greiðslu bóta fyrir varanlega örorku úr slysatrygginu launþega ef fyrir hendi væri bótaréttur úr lögboðinni ökutækjafyrirgöngu. Síðan segir orðrétt í dómi Hæstaréttar: „Samkvæmt orðalagi umrædds ákvæðis, sem eins og áður greinir hefur verið í

²⁹ Sjá t.d.: Samtök atvinnulífsins og VR (n. 7) gr. 8.6.7.

³⁰ Sjá t.d.: Kjarasamningur SÍS og Samflots bæjarstarfsmannafélaga f.h. 7 aðildarfélaganna (n. 10) gr. 7.1.7.

³¹ Samtök fjármálafyrirtækja, „SFF“ (*Samtök fjármálafyrirtækja*) <www.sff.is/samtok-fjarmalafyrirtækja/sff> skoðað 1. apríl 2018.

kjarasamningi að minnsta kosti frá árinu 1997, fól tilvísun til skilmála Sambands slysatryggjenda það ótvírætt í sér að um rétt flugmanna hjá stefnda til bóta vegna varanlegrar örorku færi samkvæmt skilmálum sambandsins eins og þeir kæmu til með að hljóða á hverjum tíma. Enda þótt það hafi verið lagt niður árið 2004 var ekkert sem stóð því í vegi að áfram yrði stuðst við síðustu gerð þeirra með þeim hætti sem gert var í kjarasamningnum 19. júlí 2011 og að tilvísun til þeirra stæði þar með óhögguð. Af þessu leiðir að líta verður svo á að samningsaðilar hafi sammælt um að bótaréttur samkvæmt kjarasamningsákvæðinu skyldi ráðast af þeim skilmálum Sambands slysatryggjenda sem gefnir voru út í júní 2000. Þá er þess að gæta að sá fyrirvari um greiðslu bóta sem þar er gerður er í fullu samræmi við váttryggingarskilmála íslenskra tryggingafélaga um slysatryggingu launþega, sem liggja frammi í málinu.“ Komst rétturinn síðan að þeirri niðurstöðu að Ó hefði ekki borið réttur til bóta vegna varanlegrar örorku úr kjarasamningsbundinni slysatryggingu óháð því hvort bótaréttur vegna slyss úr lögboðinni ökutækjatrýggingu væri fyrir hendi. Var I ehf. því sýknað af kröfum Ó.

Samkvæmt þessum dómi er ljóst að síðustu skilmálar sem samdir voru hjá SÍT gilda um réttarstöðu launþega sem kjarasamningar SÍS ná yfir, þ.e. gilda á milli launþegans og atvinnurekandans. Þetta ætti þó væntanlega ekki að þurfa að koma í veg fyrir að viðkomandi tryggingarfélag geti t.d. sett inn í skilmála sína þrengri ákvæði en er að finna í framangreindum skilmálum SÍT. Þó slíkt kunni eftir atvikum að leiða til takmarkaðri ábyrgðar tryggingafélagsins yrði niðurstaðan, með vísan í framangreindan dóm, væntanlega önnur hvað varðar ábyrgð atvinnurekandans gagnvart launþeganum.

Í gr. 7.1.8. í þessum kjarasamningum SÍS er annað áhugavert ákvæði. Þar segir: „Tryggingin gildir allan sólarhringinn. Takmarkanir á [bótaskyldu, sem um getur í tryggingaskilmálum falla niður þegar starfsmaður er við störf sín eða á ferðalagi þeirra vegna nema tjón hljótist af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi starfsmannsins“. Af ákvæðinu virðist ljóst að takmarkanir eða undanþágur í tryggingaskilmálum myndu ekki hafa áhrif á samningssamband launþegans og atvinnurekandans þegar hann er við störf eða á ferðalagi þeirra vegna, nema tjónið verði rakið til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis þess slasaða.

Dá virkar tilvísun til váttryggingarskilmála í kjarasamningi SÍS og FG nokkuð þröng. Þar er aðeins vitnað til þess hvaða skilmálar eigi að gilda í tilvikum ríkis- og borgarstarfsmanna. Um borgarstarfsmenn gildi t.d. reglur Reykjavíkurborgar nr. sl-1/90 og nr. 2-/90.³² Hins vegar er ekkert minnst á hvaða skilmálar gildi þegar um aðra starfsmenn sveitarfélaga er að ræða, en flestir grunnskólakennarar landsins eru starfsmenn sveitarfélaga. Stafar þetta væntanlega af því að þessum kafla kjarasamninganna hefur ekki verið breytt (fyrir utan breytingar sem gerðar hafa verið á fjárhæðum) síðan málefni grunnskólanna voru flutt frá ríki til sveitarfélaga með lögum um grunnskóla, nr. 66/1995.³³ Samkvæmt þeim lögum áttu þær breytingar að koma að fullu til framkvæmda 1. ágúst 1996, sbr. 1. mgr. 57. gr.³⁴ Hins vegar hefur hvorki Félag grunnskólakennara né SÍS óskað eftir því að málið verði tekið upp við kjarasamningsviðræður síðan þær breytingar gengu í gegn. Kann það að benda til þess að báðir aðilar séu sáttir við framkvæmdina eins og hún er eða að ekki hafi reynt á ákvæðin.

Í kjarasamningi SÍS og FG er því ekki vísað til neinna skilmála vegna þeirra starfsmanna sem vinna hjá öðrum sveitarfélögum en Reykjavíkurborg. Svipaðar aðstæður voru uppi í Hrd. 1984, 39 en þar var deilt um hvort sólarhringstrygging sem launþegi hafði samkvæmt kjarasamningi takmarkaðist af skilmálum tryggingarfélags, en þar var tekið fram að tryggingin gildi ekki um arðbær störf hjá öðrum eða í eigin þágu. Í niðurstöðu Hæstaréttar segir meðal annars:

Áðurgreindan kjarasamning ber að skýra svo, að ákvæði hans um slysatryggingu starfsmanna áfrýjanda, er gilda ætti allan sólarhringinn, hafi verið reist á þeirri forsendu, að sú slysatrygging yrði háð þeim takmörkunum og undanþágum, sem yfirleitt tíðkuðust hjá íslenskum

³² Samband íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands (n. 11) gr. 7.1.1.

³³ Viðtal við Bjarna Ómar Haraldsson, sérfræðing á kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga (Reykjavík, 21. nóvember 2012).

³⁴ Hér má sjá að þessu var fylgt í raun: Innanríkisráðuneytið, „Jöfnunarsjóður sveitarfélaga Ársskýrsla 2011“ (Innanríkisráðuneytið 2012) 8 <www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/Skyrslur/Arsskyrsla-Jofnunarjods-2011.pdf> skoðað 1. apríl 2018.

vátryggingarfélögum í almennum eða sérstökum skilmálum þeirra við atvinnuslysaftryggingar launþega.³⁵

Héraðsdómur hafði komist að sömu niðurstöðu og byggt hana á eðli máls. Það var því niðurstaða Hæstaréttar að jafnvel þó að ekki væri vísað til þess í gildandi kjarasamningi að tryggingin ætti ekki við þegar starfsmaður ynni arðbært starf hjá öðrum eða í eigin þágu þá bæri að skýra hann þannig. Í þessum dómi byggir Hæstiréttur því ekki á orðskýringu, þ.e. því sem beinlínis sagði í kjarasamningnum, heldur á vilja sammingsaðila, þ.e. forsendunum að baki samningnum.³⁶

Framangreindur dómur gefur því ástæðu til að ætla að ef á reyndi yrði kjarasamningur SÍS og FG, þrátt fyrir framangreint orðalag, túlkaður eins gagnvart starfsmönnum allra sveitarfélaga.

2.2 Hver er tryggður?

Eins og áður segir tekur slysaftrygging launþega til kjarasamningsbundinnar slysaftryggingar. Af þeim sökum verður því velt upp hér hverjir teljist launþegar í skilningi slysaftryggingarinnar.

Almennt gilda kjarasamningar ekki um verktaka og aðra sjálfstætt starfandi aðila.³⁷ Stundum liggur þó ekki ljóst fyrir hvort um launþega eða verktaka er að ræða. Því er mikilvægt að greina á milli launþega sem gera ráðningarsamning eða vinnusamning annars vegar og verktaka sem gera verksamning hins vegar.

Talið hefur verið að líta megi til ákveðinna atriða til að greina á milli verktaka og launþega. Þau atriði sem helst benda til þess að um launþega sé að ræða eru að vinnuframlagið hafi átt að vera persónulegt, að annar aðilinn hafi heimild til að segja hinum hvernig hann eigi að framkvæma verkið, að daglegur vinnutími sé nokkurn veginn

³⁵ Hrd. 1984, 39, 40.

³⁶ Sú var hins vegar ekki niðurstaðan í Hrd. 15. nóvember 2001 í máli nr. 215/2001 þar sem deilt var um þýðingu hugtaksins varanleg örorka enda voru atvik þar með öðrum hætti, þ.e. til staðar var lagaákvæði sem Hæstiréttur byggði niðurstöðu sína á. Nánar verður fjallað um þennan dóm í kafla 2.5.3.1.

³⁷ Lára V. Júlíusdóttir, Vinnumarkaðsréttur (2008) 22.

ákveðinn, að endurgjald fyrir vinnu greiðist eftir ákveðinn tíma en ekki eftir því hvernig verkið þróast, að vísað sé til kjarasamninga í samningnum, að viðkomandi sé aðili að stéttarfélagi, að greitt hafi verið í lífeyrissjóð og orlofsjóð, að viðkomandi hafi notið réttar til launa í veikindatilvikum og að samið hafið verið um uppsagnarfrest. Þau atriði sem hins vegar benda til þess að um verktaka sé að ræða eru að viðkomandi ráði sjálfur hvernig hann skipuleggur verkið, að endurgjald sé greitt fyrir ákveðið unnið verk, að viðkomandi hafi aðra starfsmenn í vinnu hjá sér eða að samningurinn sé ekki bundinn við að hann framkvæmi verkið sjálfur, að viðkomandi hafi skilað virðisaukaskatti af vinnu sinni, að viðkomandi hafi sjálfur útvegað nauðsynlegan útbúnað, að viðkomandi sé meðlimur í félagi atvinnurekanda, að vinnutími sé ekki ákveðinn heldur einungis afhendingartími verksins, að ekki sé greitt í lífeyrissjóð eða orlofsjóð og að viðkomandi hafi ekki rétt til uppsagnarfrests.³⁸

Vafi getur leikið á því hvort starfsmaður sem er hluthafi í því fyrirtæki sem hann vinnur hjá sé launþegi eða atvinnurekandi. Þeir aðilar sem eru sjálfstætt starfandi njóta ekki slysaftryggingar launþega samkvæmt kjarasamningum og því þarf að greina hér á milli. Rekstrarform fyrirtækisins getur skipt máli. Ef um sameignarfélagsform er að ræða yrði almennt talið að eigendur hefðu stöðu atvinnurekanda. Ef um væri að ræða hlutafélag myndi það eitt að starfsmaður ætti hlut í félaginu ekki gefa honum stöðu atvinnurekanda. Skoða þyrfti hvert mál fyrir sig. Aðaleigandi fyrirtækisins myndi til að mynda hafa stöðu atvinnurekanda en ekki starfsmaður sem ætti lítinn hlut í fyrirtækinu.³⁹ Þessi aðstaða hefur komið upp í málum Félagsdóms, þar á meðal í máli nr. 6/1973.⁴⁰ Þar var tekið fram að þó að starfsmaður ætti hlut í fyrirtæki sem hann ynni hjá, þýddi það ekki að hann hefði ekki full félagsréttindi í stéttarfélagi.

Eigendum fyrirtækja og þeim sem eru sjálfstætt starfandi er fjárlst að kaupa slysaftryggingu launþega fyrir sjálfa sig. Ef það er gert, gera

³⁸ Viðar Már Matthíasson, *Skadabótaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2005) 265 – 269.

³⁹ Lára V. Júlíusdóttir, *Vinnumarkaðsréttur* (n. 37) 92.

⁴⁰ Dómur Félagsdóms 20. júní 1973 í máli nr. 6/1973.

vátryggingarfélögin þó þá kröfu að það sé sérstaklega tekið fram á vátryggingarskírteini og aðgreint frá öðrum launþegum.⁴¹

Samkvæmt 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980 skulu „[L]aun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, ... vera lágmarkskjör ... fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til“. Kjarasamningar eru því bindandi réttarheimild um gildandi lágmarkskjör⁴² og taka til allra launþega og allra atvinnurekenda, óháð því hvort þeir séu meðlimir í stéttarfélagi eða félagi atvinnurekenda. Af því leiðir að slysatrygging launþega gildir jafnt um þá launþega sem eru meðlimir að stéttarfélagi og þá sem eru það ekki, svo lengi sem þeir vinna störf í þeirri starfsgrein og vinna á því svæði sem kjarasamningurinn tekur til. Af þessu leiðir einnig að atvinnurekandi getur ekki komið sér undan skyldum sem kjarasamningar leggja á þá með því að vera ekki aðili að kjarasamningi.⁴³

Í sumum kjarasamningum er tekið fram til hvaða starfa kjarasamningurinn tekur. Í öðrum tilfellum kemur það fram í lögum stéttarfélagsins. Er þá samið við ákveðna atvinnurekendur og svo tekið fram í samþykktum eða lögum stéttarfélagsins hverjir hafi rétt til að vera í stéttarfélaginu. Í enn öðrum tilfellum byggir það á hefð til hvaða starfa ákveðinn kjarasamningur nær.⁴⁴

Samkvæmt þessu taka kjarasamningar aðeins til þeirra launþega sem kjarasamningur tekur til. Launþegi sem starfar í starfsgrein A en gerist félagi í stéttarfélagi sem gerir kjarasamninga í starfsgrein B eignast því ekki sjálfkrafa réttindi eftir kjarasamningi þess stéttarfélags. Um réttindi launþega myndi gilda kjarasamningur sem gildir um starfsgrein A. Hins vegar gæti launþegi og viðkomandi atvinnurekandi samið um betri rétt en kveðið er á um í kjarasamningi starfsgreinar A.

⁴¹ Úrskurður Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum 7. apríl 2009 í máli nr. 89/2009; Valgeir Pálsson, og Vigfús M. Vigfússon (n. 16).

⁴² Hákon Guðmundsson, „Kjarasamningar“ (1974) 24 Tímarit lögfræðinga 72, 87.

⁴³ Lára V. Júlíusdóttir, *Vinnumarkaðsréttur* (n. 37) 91.

⁴⁴ Sama heimild 94 – 95.

Dví má velta upp hvernig taka eigi á málum ef samningssvið tveggja kjarasamninga skarast, þ.e. fleira en eitt stéttarfélag geri kjarasamning á sama starfssvæði um sömu tegund starfa. Slysatriyggung getur verið mismunandi eftir kjarasamningum og því getur það varðað launþega miklu að hann fái greiddar bætur eftir þeim kjarasamningi sem kveður á um greiðslu hærri bóta.

Lög takmarka ekki hversu mörg stéttarfélög á almennum vinnumarkaði megi skilgreina ákveðið svæði eða ákveðna starfsgrein sem sitt samningssvið. Félagsdómur hefur fjallað um þetta, sbr. mál nr. 7/1939.⁴⁵ Í þeim dómi segir meðal annars að ef það hefði verið tilgangur löggjafans að takmarka fjölda stéttarfélaga, hefði það þurft að koma skýrt fram. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986 skal aðeins „eitt stéttarfélag hafa rétt til samningsgerðar við sama vinnuveitanda fyrir sömu starfsstétt...“. Samkvæmt þessu ætti skörun samningssviða almennt ekki að koma fyrir. Þrátt fyrir það hafa þess háttar tilfelli komið fyrir Félagsdóm.⁴⁶ Hefur hann mótað þá reglu að hafi atvinnurekandi gert kjarasamning við tvö stéttarfélög vegna sama starfsins, komi 1. mgr. 6. gr. ekki í veg fyrir að tvö félög fari með samningsfyrirsvar vegna starfanna. Í þessum tilvikum þarf að athuga eðli starfanna og kjarasamninganna; hvort launaflokkar og launafjárhæðir séu sambærilegar og hvort starfsmenn í þjónustu atvinnurekandans séu ýmist í almennum stéttarfélögum eða stéttarfélögum opinberra starfsmanna. Sé það niðurstaðan geti samningsfyrirsvarið verið hjá hvoru stéttarfélaginu um sig.

Í 15. gr. laga ASÍ er tekið á skörun samningssviða en þar segir að aðildarfélögum sé skylt að semja um samningssviðið sín á milli ef samningssvið félaga skarast.⁴⁷ Í raun er þessu þó ekki fylgt eftir,⁴⁸ þótt almennt sé gott samkomulag um þetta á milli stéttarfélaga.⁴⁹

⁴⁵ Dómur Félagsdóms 25. september 1939 í máli nr. 7/1939.

⁴⁶ Dómur Félagsdóms 6. apríl 2006 í máli nr. 1/2006.

⁴⁷ Alþýðusamband Íslands, „Lög Alþýðusambands Íslands“ (*Alþýðusamband Íslands*, 2016) < <http://www.asi.is/um-asi/skipulag/log-og-reglugerdir-asi/> > skoðað 11. febrúar 2018.

⁴⁸ Tölvupóstur frá Bergþóru Ingólfsdóttur hæstaréttarlögmanni til Helgu Sæmundsdóttur (26. nóvember 2012).

⁴⁹ Lára V. Júlíusdóttir, *Vinnumarkaðsréttur* (n. 37) 95.

Því geta álitaeftni sem þessi komið upp. Er þá hægt að beita eftirfarandi sjónarmiðum við lausn málsins: Í ráðningarsamningum er oft tekið fram hvaða kjarasamningar gildi um kaup og kjör starfsmannsins. Gildir þá sá kjarasamningur ef hann á við um starf launþegans, en einnig ef hann felur í sér betri rétt en kjarasamningur sem starf hans á við um. Ef starfsmaður greiðir iðgjald til ákveðins stéttarfélags skv. 2. mgr. 6. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980, væri það sönnun þess að kaup og kjör kjarasamnings þess stéttarfélags ættu að gilda um hann, þ.e. ef það stéttarfélag hefur gert kjarasamning vegna þess starfs og félagssvæðis. Ráðningarsamningar þurfa ekki að vera skriflegir til að vera gildir. Hins vegar hvílir á atvinnurekendum skylda til að veita fastráðnum starfsmönnum skriflegar upplýsingar um ráðningarskilmála. Þessi regla kemur fram í tilskipun Evrópusambandsins nr. 91/533/EEC⁵⁰ og hefur hún m.a. verið tekin upp í kjarasamninga SA og SÍS.⁵¹ Um ríkisstarfsmenn gildir 42. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 þar sem fram kemur að gerður skuli skriflegur ráðningarsamningur milli forstöðumanns stofnunar og starfsmanns. Þá gilda reglur nr. 351/1996 um form ráðningarsamninga og skyldu til að upplýsa starfsmenn um ráðningarkjör.⁵²

Af framangreindu leiðir að ef ekki hefur verið gerður skriflegur ráðningarsamningur við starfsmann, yrði sönnunarbyrðin lögð á atvinnurekanda að sanna að ekki eigi að gilda kjarasamningur með betri kjörum fyrir starfsmanninn.

⁵⁰ Council Directive 91/533/EEC of 14 October 1991 on an employer's obligation to inform employees of the conditions applicable to the contract or employment relationship [1991] OJ L288/32.

⁵¹ Auglýsing um gildistöku tilskipunar Evrópusambandsins nr. 91/533/EEB frá 14. október 1991 um skyldu vinnuveitanda að skýra launþegum frá samningsskilmálum eða ráðningarfyrirkomulagi Stjtið. 1997. B-deild, 1143; Sjá t.d.: Samtök atvinnulífsins og VR (n. 7) gr. 1.11.4; Samband íslenskra sveitarfélaga og Samflot bæjarstarfsmannafélaga (n. 10) gr. 11.1.3.1.

⁵² Fjármála- og efnahagsráðuneytið, „Reglur nr. 351/1996, um form ráðningarsamninga og um skyldu til að upplýsa starfsmenn um ráðningarkjör“ (25. júní 1996, *Fjármála- og efnahagsráðuneytið* 1996) <<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/1996/06/25/Reglur-nr.-351-1996-um-form-radningarsamninga-og-um-skyldu-til-ad-upplysa-starfsmenn-um-radningarkjor/>> skoðað 11. febrúar 2018.

Sú aðstaða gæti einnig komið upp að ekkert stéttarfélag hafi gert kjarasamning fyrir tiltekin störf. Þannig að starfsmaðurinn sinni til dæmis að hluta til einu starfi og að hluta til öðru sem gerðir hafa verið kjarasamningar fyrir. Tæki starfsmaður þá væntanlega laun eftir öðrum hvorum kjarasamningnum. Ef það er óljóst væri hægt að beita sömu sjónarmiðum og áður hafa verið rakin við lausn málsins.

Að lokum má hér nefna að aðeins þeir starfsmenn sem iðgjöld hafa verið borguð fyrir eru tryggðir hjá viðkomandi váttryggingarfélagi. Ef til dæmis um er að ræða stóran vinnustað og vinnuveitandi gefur tryggingafélagi ekki upp réttan fjölda starfsmanna þegar tryggingin er tekin kann það að geta haft áhrif á bótarétt viðkomandi starfsmanns sem verður fyrir vinnuslysi. Þetta ræðst í raun af þeim reglum laga um váttryggingarsamninga sem gilda um upplýsingaskyldu váttryggingartaka við töku og endurnýjun tryggingarinnar og áhrif þess að váttryggingartaki vanefni þá skyldu sína. Ekki verður frekar farið í þær reglur í þessari grein. Ef hins vegar afleiðing slíkrar vanefndar yrði sú að tjónþoli ætti ekki bótarétt úr tryggingunni, yrði vinnuveitandinn væntanlega sjálfur að greiða starfsmanninum bætur.

2.3 Hvenær og hvar er launþegi tryggður?

2.3.1 *Slys í vinnu eða starfi*

Í kjarasamningum SA kemur fram að starfsmenn séu tryggðir þegar þeir eru við vinnu.⁵³ Eins og áður segir gilda reglur nr. 30/1990 og nr. sl-1/90 um slys sem starfsmenn ríkisins og Reykjavíkurborgar verða fyrir í starfi, en reglur nr. 31/1990 og nr. 2-/90 um slys sem verða utan starfs. Af þessum sökum þarf að skilgreina hvenær starfsmaður telst vera í vinnu eða starfi. Þó að kjarasamningar SÍS gildi allan sólarhringinn skiptir þetta einnig máli fyrir þá sem þeir kjarasamningar gilda um því samkvæmt þeim (að kjarasamningi SÍS og FG undanskildum) gilda takmarkanir sem koma fram í tryggingaskilmálum ekki þegar starfsmaður er við störf sín eða á ferðalagi þeirra vegna nema tjón hljótist af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi starfsmannsins.

⁵³ Samtök atvinnulífsins og VR (n. 7) gr. 8.6.1.

Í kjarasamningum SA er ekki skilgreint frekar hvað átt sé við með „við vinnu“, en almenna reglan er sú að túlka á kjarasamninga eftir orðanna hljóðan. Í váttryggingarskilmálum allra váttryggingarfélaganna nema Sjóvár er tekið fram að váttryggingin gildi á meðan starfsmaður er í vinnu eða í starfi. Í tilfalli Sjóvár kemur þó fram að váttrygðir séu launþegar í starfi hjá váttryggingartaka.

Í lögum nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga er hugtakið „við vinnu“ skilgreint.⁵⁴ Þó þau lög gildi ekki um slysatryggingu launþega, geta þau engu að síður gefið vissa vísbendingu um almenna merkingu hugtaksins. Í a-lið 2. mgr. 5. gr. þeirra laga kemur fram að maður teljist vera við vinnu „þegar hann er á vinnustað á þeim tíma sem honum er ætlað að vera að störfum, svo og í matar- og kaffitímum“. Í b-lið 2. mgr. 5. gr. kemur fram að hugtakið gildi einnig um þau tilvik þegar starfsmaður er í sendiferð í þágu atvinnurekstrar. Í 41. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (vinnuverndarlög) er hugtakið vinnustaður skilgreint svo: „Vinnustaður merkir í lögum þessum umhverfi innan húss eða utan, þar sem starfsmaður hefst við eða þarf að fara vegna starfa sinna“.

Samkvæmt dönskum lögum um vinnutjón⁵⁵ er starfsmaður tryggður er hann framkvæmir vinnu fyrir vinnuveitanda, hvort sem hún er tengd starfi hans eða ekki, sbr. 1. mgr. 4. gr. laganna. Segir í athugasemdum með þeirri grein að vinna samkvæmt lögnum sé allt það sem gert sé í vinnunni eða það sem vinnuveitandinn ákveður að gera skuli eða sem er hluti vinnuskyldna starfsmannsins samkvæmt ráðningarsamningi. Í vafatilfellum megi líta til þess hvað starfsmaðurinn telji sér skylt að gera. Í athugasemdunum segir einnig að tryggingarverndin hefjist þegar starfsmaður mætir á vinnustað sinn. Ef ekki er um ákveðinn vinnustað að ræða, eins og til dæmis er ef vinnan fer fram á heimili

⁵⁴ Með lögum nr. 45/2015 voru sett sérstök lög um slysatryggingar almannatrygginga sem komu í stað IV. kafla ATL. Í greinargerð með þeim lögum kemur m.a. fram að ætlunin hafi verið að færa gildandi slysatryggingarákvæði almannatryggingalaga nr. 100/2007 í sérlög án þess að gera efnisbreytingar á þeim. Lög nr. 45/2015 tóku gildi 1. janúar 2016.

⁵⁵ Dansk Karnov (netútgáfa), Lov om arbejdsskadesikring, lovbekendtgørelse nr. 217 af 27. februar 2017, (Karnov Group Denmark A/S).

starfsmanns, byrjar verndin þegar starfsmaðurinn byrjar vinnu sína.⁵⁶ Dönsku lögin skilgreina hugtakið „í vinnu“ því með rýmri hætti en íslensku lögin um slysaftryggingar almannaftrygginga gera. Eins og áður segir hafa þau fyrrnefndu það til viðmiðunar að í vafatilfellum megi hafa til hliðsjónar að starfsmaður telji sér skylt að framkvæma eitthvað. Lög um slysaftryggingar almannaftrygginga gilda hins vegar aðeins þegar starfsmaður er á vinnustað í vinnutíma sínum (auk matar- og kaffitíma og sendiferða). Þetta má sjá af Hrd. 20. febrúar 2003 í máli nr. 421/2002, þar sem lögreglumáður slasaðist er hann tók þátt í knattspyrnumóti á vegum sýslumannsembættisins á Akureyri. Krafðist hann þess að Tryggingastofnun greiddi sér bætur vegna þess tjóns sem hann varð fyrir. Hafnaði Hæstiréttur því, þar sem lögreglumáðurinn hefði ekki verið á vakt þegar slysið varð og þar af leiðandi ekki í vinnu.⁵⁷

Telja verður að vinnuhugtak kjarasamninga og vátryggingarskilmála nái að minnsta kosti til allra þeirra tilvika sem nefnd eru í a. og b. liðum 2. mgr. 5. gr. laga nr. 45/2015. Til hliðsjónar má ef til vill hafa viðmiðunarreglu dönsku laganna um vinnutjón. Hér er einnig rétt að hafa í huga að í vinnuumhverfi dagsins í dag fer vinnan ekki alltaf fram innan fjögurra veggja tilgreinds vinnuhúsnæðis heldur má í raun segja að vinnan fari oft fram þar sem fartölvan er stödd hverju sinni.

Orðalag reglna ríkisins og Reykjavíkurborgar er með öðrum hætti. Þar segir í 1. mgr. 4. gr. að „trygging skv. reglum þessum [taki] til slysa sem sá sem tryggður er, sbr. 3. gr., verður fyrir í starfi sínu ... Sama gildir í matar- og kaffitíma á matstað og um ferðir milli vinnustaðar og matstaðar“. Því virðist ekki vera gert ráð fyrir að matar- og kaffitímar séu innifaldir í hugtakinu „í starfi“. Hugtakið sjálft er þó ekki skilgreint að öðru leyti og er því ef til vill eðlilegt að hafa 2. mgr. 5. gr. laga nr. 45/2015 til viðmiðunar sem og að í vafatilfellum, sé starfsmaður í vinnu (í starfi) þegar hann telji sér það skylt.

⁵⁶ Sama heimild, neðanmálgrein 22.

⁵⁷ Hrd. 20. febrúar 2003 í máli nr. 421/2002.

Innan skaðabótaréttarins er viðurkennt að vinnuveitandi beri ekki ábyrgð á gjörðum starfsmanna sinna, samkvæmt vinnuveitenda-ábyrgðarreglunni, fari þeir út fyrir starfsskyldur sínar. Í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 45/2015 kemur einnig fram að slys teljist ekki verða við vinnu ef það hlýst af athöfnum slasaða sjálfs sem ekki standa í neinu sambandi við vinnuna. Svipuð sjónarmið eiga við um váttryggingarréttinn.

Þetta má meðal annars sjá af úrskurði ÚÍV nr. 2/2002. Þar voru málavextir þeir að M og vinnufélagi hans, starfsmenn í ræstideild, gerðu sér það að leik í vinnunni að blanda þurrís og vatni saman ofan í plastflösku og loka. M hristi síðan flöskuna sem þá sprakk. Meiddist M við það. Krafðist M bóta meðal annars úr slysatryggingu launþega, en viðkomandi váttryggingarfélag hafnaði bótaskyldu. Niðurstaða ÚÍV var að umræddar athafnir hafi ekki með nokkru móti tengst starfsskyldum M og að hann hefði mátt gera sér grein fyrir hversu hættulegt athæfið væri. Átti hann því ekki rétt á bótum úr tryggingunni.⁵⁸

2.3.2 Íþróttaiðkun

Í kjarasamningum SA segir: „Tryggingin skal ná til slysa, er verða við íþróttaiðkun, keppni og leiki, enda hafi slíkt farið fram á vegum atvinnurekanda eða starfsmannafélags og ætlast sé til þátttöku í slíkri iðkun sem hluti af starfi starfsmanna“.⁵⁹ Í skilmálum TM er sama orðalag notað.⁶⁰ Sama gildir um skilmála VÍS en þar er þó tekið fram að slys sem verði á vegum ákveðinna íþróttasambanda séu ekki bætt.⁶¹

Í skilmálum Varðar segir að „váttryggingin [nái] til slysa er verða við almennar íþróttaiðkanir“. Þó eru undanskilin slys sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum. Ekki er alveg ljóst út frá orðalagi þessarar greinar í skilmálum Varðar hvort váttryggingin eigi bæði við hvort sem váttryggður stundar

⁵⁸ Úrskurður Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 5. febrúar 2002 í máli nr. 2/2002.

⁵⁹ Sjá t.d.: Samtök atvinnulífsins og VR (n. 7) gr. 8.6.2.

⁶⁰ Tryggingamiðstöðin hf. (n. 19) gr. 4.1.

⁶¹ Váttryggingafélag Íslands hf. (n. 20) gr. 9.1.3; 9.4.1 – 9.4.3.

Íþróttir í tengslum við starf sitt eða í frítíma sínum. Þó verður að telja með hliðsjón af b-lið greinar 1.2. í 1. kafla, um að váttryggingin gildi einungis í frítíma komi það skýrt fram á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun, að váttryggingin gildi einungis þegar starfsmaður stundar íþróttir í tengslum við starf sitt sé ekki annað tekið fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.⁶²

Í skilmálum Sjóváar segir að félagið bæti ekki slys sem verði í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum nema keppnin eða æfingarnar tengist starfi váttryggðs.⁶³

Í skilmálum SÍT frá árinu 2000 er orðalagið það sama og í skilmálum Varðar⁶⁴ en eins og áður segir verður að telja að þeir skilmálar gildi um samningssamband launþega sem kjarasamningar SÍS gilda um (fyrir utan kjarasamning SÍS og FG) og atvinnurekanda.

Þegar orðið „íþróttir“ er skoðað verður að taka inn í myndina þær almennu takmarkanir sem gerðar eru í kjarasamningum og váttryggingarskilmálum. Fjallað verður um þær hér á eftir í kafla 2.4.

Telja verður að innan orðalagsins „íþróttir, keppni og leikir“ rúmist meðal annars ýmiss konar hópeflisdagar og íþróttaiðkun sem skipulögð er af atvinnurekanda eða starfsmannafélagi.

Í reglum ríkisins nr. 30/1990 og reglum Reykjavíkurborgar nr. 2-/90 kemur fram að tryggingin nái til slysa sem verða við almennar íþróttaiðkanir.⁶⁵ Undantekningar eru þó frá þessu sem fjallað verður um í kafla 2.4.

⁶² Vörður tryggingar hf. (n. 21) gr. 6.1.

⁶³ Sjóvá – Almennar tryggingar hf. (n. 18) gr. 3.1

⁶⁴ Samband íslenskra tryggingafélaga, *Slysatrygging launþega (5. júní 2000)*, gr. 5.1.

⁶⁵ Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Reglur nr. 31/1990 (n. 23) 2. mgr. 7. gr.; Reykjavíkurborg, Reglur nr. 2-/90 (n. 25) 2. mgr. 7. gr.

2.3.3 Starfstengdar ferðir innanlands og utan

Í gr. 8.6.2 í kjarasamningum SA kemur fram að váttryggingin gildi „í ferðum innanlands og utan sem farnar eru á vegum atvinnurekanda“.⁶⁶ Sama orðalag er notað í skilmálum TM og VÍS. Þó er tekið fram í skilmálum TM að ef starfsmaður dveljist að jafnaði lengur en í sex mánuði utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) beri að tilkynna félaginu það skriflega.⁶⁷ Í skilmálum Sjóvár segir að váttryggingin gildi hvar sem er í heiminum.⁶⁸ Váttrygging Varðar gildir innan EES og utan EES í allt að sex mánuði talið frá brottfarardegi frá Íslandi, nema um annað sé samið.⁶⁹ Myndi þessi takmörkun Varðar á landfræðilegu gildissviði tryggingarinnar mögulega ekki vera bindandi gagnvart launþega sem kjarasamningar SA gildir um ef á reyndi, þ.e. ef um væri að ræða ferð sem farin væri á vegum atvinnurekanda líkt og kemur fram í kjarasamningum SA.

Líkt og minnst var á í kafla 2.1 gildir grein 7.1.8 í kjarasamningum SÍS (að undanskildum kjarasamningi SÍS og FG) um slys sem verða á ferðalögum launþega vegna starfs síns. Eins og þar segir gilda takmarkanir sem eru í váttryggingarskilmálum ekki á meðan launþegi er á ferðalagi vegna starfa sinna. Af þessu leiðir að frekari takmörkun í váttryggingarskilmálum myndi ekki vera bindandi gagnvart launþegum sem þessir kjarasamningar eiga við um.

2.3.4 Til og frá vinnu

Kjarasamningar SA, reglur ríkisins og Reykjavíkurborgar og allir skilmálar váttryggingarfélaganna nema Sjóvár, kveða á um að tryggingin gildi um slys sem verða á ferð launþega á milli heimilis og vinnu. Hjá Sjóvá er þó litið svo á að launþegar séu tryggðir á beinni leið til og frá vinnu þó það komi ekki beint fram í skilmálunum.⁷⁰

⁶⁶ Sjá t.d.: Samtök atvinnulífsins og VR (n. 7) gr. 8.6.2.

⁶⁷ Tryggingamiðstöðin hf. (n. 19) gr. 3.2; Váttryggingafélag Íslands hf. (n. 20) gr. 9.1.2

⁶⁸ Sjóvá – Almennar tryggingar hf. (n. 18) gr. 1.

⁶⁹ Vörður tryggingar hf. (n. 21), kafla 1, gr. 3.1 og 3.2.

⁷⁰ Tölvupóstur frá Gunnari Péturssyni lögfræðingi hjá Sjóvá – Almennum tryggingum hf. til Helgu Sæmundsdóttur (19. febrúar 2018).

Nánar tiltekið segir í kjarasamningum SA að atvinnurekandi skuli tryggja launafólk vegna slysa sem verða á eðlilegri leið til og frá vinnu. Svo segir: „Ef starfsmaður hefur vegna starfs síns viðlegustað utan heimilis, kemur viðlegustaður í stað heimilis, en tryggingin tekur þá einnig til eðlilegra ferða milli heimilis og viðlegustaðar“.⁷¹ „Viðlegustaður“, samkvæmt almennri merkingu orðsins, væri þá væntanlega sá staður sem starfsmaður dvelst á fjarri heimili, starfs síns vegna.

Í reglum ríkisins nr. 30/1990 og Reykjavíkurborgar nr. sl-1/90 kemur fram að tryggingin taki til eðlilegrar leiðar til og frá vinnu og að viðlegustaður, ef um hann er að ræða, komi í stað heimilis.⁷²

Almennt er ekki vafaatriði hvað teljist vera leið til eða frá vinnu ef starfsmaður fer beinustu leið til vinnu eða beinustu leið heim. Málið vandast hins vegar ef starfsmaðurinn ákveður að gera eitthvað annað í leiðinni eða leggja lykku á leið sína.

Samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. laga nr. 45/2015 er starfsmaður tryggður samkvæmt slysatryggingum almannatrygginga ef hann er í nauðsynlegum ferðum til og frá vinnu, enda sé aðeins um að ræða ferðir sem farnar eru samdægurs á milli vinnustaðar og heimilis. Þótt lög um slysatryggingar almannatrygginga og úrskurðir Úrskurðarnefndar velferðarmála⁷³ gildi ekki um slysatryggingu launþega, geta þeir þó ef til vill gefið einhverja vísbendingu um almenna merkingu hugtaksins. Orðalag kjarasamninga SA er þó ólíkt b-lið 2. mgr. 5. gr. laga nr. 45/2015 að því leyti að í þeim síðarnefndu er gerð krafa um að ferðin til og frá vinnu sé nauðsynleg. Hins vegar er í þeim fyrrnefndu aðeins gerð krafa um að ferðin sé eðlileg. Samkvæmt því mætti ætla að fleiri tilfelli falli undir tryggingavernd slysatryggingar launþega en almannatrygginga, þ.e. að verndin samkvæmt slysatryggingu launþega sé rýmri en úrskurðir Úrskurðarnefndar velferðarmála benda til.

⁷¹ Sjá t.d. Samtök atvinnulífsins og VR (n. 7) gr. 8.6.1.

⁷² Reykjavíkurborg, Reglur nr. sl-1/90 (n. 24) 1. mgr. 4. gr.; Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Reglur nr. 30/1990 (n. 22) 1. mgr. 4. gr.

⁷³ Með lögum nr. 85/2015 var Úrskurðarnefnd almannatrygginga ásamt fleirum sameinuð undir nafninu Úrskurðarnefnd velferðarmála.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. lögheimilislaga nr. 21/1990 er lögheimili manns sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu. Líklega er „heimili“ í skilningi váttryggingarskilmálanna því sá staður þar sem viðkomandi starfsmaður hefur fasta búsetu. Úrskurðarnefnd velferðarmála hefur litið svo á að meginreglan sé sú að með heimili, í skilningi b-liðar 2. mgr. 5. gr. laga nr. 45/2015, sé átt við lögheimili eins og það er skilgreint samkvæmt lögum um lögheimili. Nefndin hefur þó sagt að undantekningar geti verið frá þessu og verði því að skoða hvert og eitt tilfelli fyrir sig, sbr. úrskurð ÚRAL í máli nr. 233/2007.⁷⁴

Samkvæmt skilningi Úrskurðarnefndar velferðarmála hefst tryggingaverndin þegar starfsmaður er kominn út fyrir heimili sitt. Búi starfsmaður því til dæmis í fjölbýlishúsi er hann kominn út fyrir heimili sitt þegar hann er kominn úr séreign íbúðarinnar, sbr. úrskurð ÚRAL í máli nr. 233/2007.⁷⁵

Samkvæmt úrskurðum Úrskurðarnefndar velferðarmála þarf starfsmaður ekki að fara beina leið til vinnu eða frá vinnu til að vera tryggður. Þó starfsmaður fari ekki stystu leið getur tryggingaverndin samt átt við, sbr. úrskurð ÚRAL í máli nr. 64/2003 þar sem starfsmaður ók ekki beina leið heim. ÚRAL viðurkenndi bótaskyldu þar sem um eðlilega akstursleið væri að ræða.⁷⁶

Ef starfsmaður ákveður hins vegar að nota ferðina til eða frá vinnu til að gera eitthvað annað í leiðinni, lýkur tryggingaverndinni í flestum tilfellum þar. Sem dæmi má nefna úrskurð ÚRAL í máli nr. 200/2002. Í því máli hafði kona ekið eiginmanni sínum til hans vinnu á leiðinni í sína vinnu. Á leiðinni frá vinnu eiginmannsins og í sína vinnu lenti hún í bílslysi. Krafðist hún bóta úr slysatryggingu almannatrygginga. ÚRAL hafnaði því meðal annars með þeim

⁷⁴ Úrskurður Úrskurðarnefndar almannatrygginga 24. október 2007 í máli nr. 233/2007, niðurstaða úrskurðarnefndar, mgr. 10. Í greininni verður vísað til þeirra úrskurða sem kveðnir voru upp fyrir nafnabreytinguna þann 1. janúar 2016 sem úrskurða ÚRAL.

⁷⁵ Sama heimild, niðurstaða úrskurðarnefndar, mgr. 8.

⁷⁶ Úrskurðurinn hefur ekki verið birtur. Guðmundur Sigurðsson og Ragnhildur Helgadóttir, *Almannatryggingar og félagsleg aðstoð* (JPV 2007) 188.

rökum að ákvæðið ætti ekki við ef starfsmaður ákvæði að rjúfa för með öðrum erindagjörðum á leiðinni. Einnig segir í úrskurðinum að „við beitingu lagaákvæðisins verði að áskilja tengsl ferða við vinnu og framkvæmd hennar“.⁷⁷

Af þeim úrskurðum sem Úrskurðarnefnd velferðarmála hefur gefið út má draga þá ályktun að starfsmaður sé tryggður í ferðum sínum til og frá matstað, þjóði atvinnurekandi ekki upp á mötuneyti á vinnustað, sbr. úrskurð ÚRAL nr. 276/2003. Í því máli hafði starfsmaður farið á matsölustað til að kaupa sér mat, jafnvel þó að boðið væri upp á mat á vinnustað hans. Þetta taldi ÚRAL því ekki vera nauðsynlega ferð. Rökstuddi ÚRAL þetta meðal annars með því að þetta væri í samræmi við skoðanir danskra fræðimanna á dönsku lögunum um vinnutjón.⁷⁸

2.3.5 Gildir í frítíma

Slysatrygging kjarasamninga SÍS, ríkisins og Reykjavíkurborgar gildir allan sólarhringinn. Sú slysatrygging gildir því bæði þegar starfsmaður er í vinnu og í fríi. Ekki gilda þó sömu reglur um trygginguna þegar starfsmaður er í vinnu og fríi.

Í skilmálum VÍS og Varðar er tekið fram að váttryggingin gildi í frítíma váttryggðs komi það fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.⁷⁹ Á það einnig við um hin váttryggingarfélögin.⁸⁰

Takmörk geta þó verið fyrir því hvað váttryggður má aðhafast í frítíma sínum, jafnvel þó það komi ekki beint fram í kjarasamningi, váttryggingarskilmálum eða váttryggingarskírteini. Má þetta einkum sjá af Hrd. 1984, 39. Í því máli hafði G verið að vinna við eigin húsbyggingu í frítíma sínum, en hann vann hjá Kópavogsbæ við að keyra strætisvagn. Í kjarasamningi hans sagði að hann væri slysatryggður

⁷⁷ Úrskurðurinn hefur ekki verið birtur. Sama heimild 188 – 189.

⁷⁸ Úrskurður Úrskurðarnefndar almannatrygginga 9. janúar 2004 í máli nr. 276/2003, niðurstaða úrskurðarnefndar, mgr. 13.

⁷⁹ Váttryggingafélag Íslands hf. (n. 20) gr. 9.1.4; Vörður tryggingar hf. (n. 21) kafli 1, b. liður gr. 1.2.

⁸⁰ Valgeir Pálsson, Vigfús M. Vigfússon og Gunnar Pétursson (n. 16).

allan sólarhringinn. Sagði Hæstiréttur að ákvæðið bæri að skýra svo að slysatryggingin yrði háð þeim takmörkunum sem almennt tíðkuðust í váttryggingarskilmálum íslenskra váttryggingarféлага. Því væri launþegi ekki slysatryggður er hann væri við arðbær störf í eigin þágu. Þrátt fyrir þetta var það niðurstaða Hæstaréttar að sú takmörkun ætti ekki við um athafnir G, er hann slasaðist, þar sem skýra yrði orðin „arðbært starf í eigin þágu“ þröngt. Verður að telja að sú niðurstaða hafi byggt á því, sem kom fram í dómi Héraðsdóms, að vinna við eigin húsbyggingar væri algeng tólmstundaiðja manna. Var því ekki um að ræða arðbært starf í skilningi tryggingaskilmálanna og fékk því G dæmdar bætur.

Af þessum dómi má því ráða að þótt það standi ekki beinlínis í samningi aðila að váttryggingin gildi ekki þegar starfsmaður vinnur hjá öðrum atvinnurekanda eða hjá sjálfum sér, þá gildir slysatrygging launþega samt sem áður ekki um það.

Í skilmálum VÍS og Varðar er sérstaklega tekið fram að félagið bæti ekki slys sem verða í starfi hjá öðrum en váttryggingartaka, hvort sem um er að ræða launað starf eða ekki eða arðbært starf í eigin þágu sem atvinnuslyshætta fylgir.⁸¹

Slysatrygging kjarasamninga ríkisins og Reykjavíkurborgar gildir einnig allan sólarhringinn. Um gildissvið reglna ríkisins nr. 31/1990 og reglna Reykjavíkurborgar nr. 2-/90 segir í 1. mgr. 4. gr. þeirra reglna:

Trygging skv. reglum þessum tekur til slysa sem sá sem tryggður er, verður fyrir utan starfs síns, þ.m.t. á útkallsvakt, í veikindafjarvistum og í orlofi. Tryggingin gildir einnig í námsleyfi og launalausum leyfi allt að 6 mánuðum nema starfsmaðurinn taki á tímabilinu launað starf hjá öðrum vinnuveitanda eða stundi eigin atvinnurekstur. Dveljist sá sem tryggður er samfelld erlendis í 3 mánuði, fellur trygging skv. reglum þessum úr gildi nema í þeim tilvikum að starfsstöð starfsmannsins er erlendis.

⁸¹ Váttryggingafélag Íslands hf. (n. 20) gr. 9.18; Vörður tryggingar hf. (n. 21) kafli 1, gr. 8.7

2.4 Hlutrænar ábyrgðartakmarkanir

Hér á eftir verður stuttlega komið inn á nokkrar almennar takmarkanir á bótaskyldu sem er að finna í kjarasamningum eða váttryggingarskilmálum.

Slys sem verða í hnefaleikum, glímu o.fl.:

Í gr. 8.6.2 í kjarasamningum SA segir: „Undanskilin [ábyrgð] eru slys er verða í hnefaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum, drekaflugi, svifflugi, teygjustökki, fjallaklifri sem krefst sérstaks búnaðar, bjargsigi, froskköfun og fallhlífastökki“.⁸² Þessi grein passar vel við skilmála TM.⁸³ Sú er einnig raunin varðandi skilmála Varðar ef frá er talið að þar eru slys vegna fjallaklifurs alveg undanþegin.⁸⁴ Í skilmálum Sjóvá og VÍS eru taldar upp sumar þessara sömu athafna og öðrum bætt við, svo sem eins og fjallgöngu yfir 4000 m, bardaga- og sjálfsvarnariþróttum og Base stökki í skilmálum VÍS auk þess sem fjallaklifur er alveg undanskilið.⁸⁵

Eins og minnst var á í kafla 2.1 segir í gr. 8.6.7 í kjarasamningum SA: „Að öðru leyti en tiltekið er í þessum kafla samningsins skulu gilda um trygginguna skilmálar viðkomandi tryggingafélags og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004“. Höfundar telja ekki ljóst hvernig réttast sé að túlka framangreint orðalag enda megi færa gild rök fyrir eftirfarandi tveimur lausnum. Byggja þær báðar á því að eðlilegt er að túlka þetta ákvæði með þeim hætti að gagnvart launþeganum gildi kjarasamningurinn framur váttryggingarskilmálunum. Sem dæmi um fyrri lausnina má nefna að ef t.d. er fjallað um ákveðna takmörkun á gildissviði tryggingarinnar í kjarasamningi, svo sem eins og að tryggingin taki ekki til slysa sem verði í fjallgöngu þar sem þörf er á ákveðnum búnaði, þá gildi takmörkun tryggingafélags, sem segi að tryggingin taki ekki til slysa sem verði í fjallgöngu yfirleitt, ekki gagnvart launþeganum. Hins vegar væru aðrar takmarkanir

⁸² Sjá t.d.: Samtök atvinnulífsins og VR (n. 7) gr. 8.6.2.

⁸³ Tryggingamiðstöðin hf. (n. 19) b liður gr. 5.1; Váttryggingafélag Íslands hf. (n. 20) gr. 9.5.

⁸⁴ Vörður tryggingar hf. (n. 21) gr. 6.1; 6.3.

⁸⁵ Sjóvá – Almennar tryggingar hf. (n. 18) gr. 3.3; Váttryggingafélag Íslands hf (n. 20) gr. 9.5 – 9.11.

sem tryggingafélagið bætti við í skilmála sína bindandi gagnvart launþeganum, t.d. aðrar tegundir íþróttagreina og þess háttar. Þessi túlkun gæti leitt til þess að eftir atvikum geti það farið eftir því hvar atvinnurekandi kaupir tryggingu hvaða vernd launþeginn hefur, þ.e. að tveir launþegar sem ættu undir sama kjarasamning hefðu í raun ekki sömu slysatryggingu launþega því atvinnurekendur þeirra keyptu tryggingu hjá sitthvoru tryggingafélaginu. Seinni lausnin væri sú að takmarkanir umfram þær sem fram koma í kjarasamningi væru ekki bindandi gagnvart launþega þar sem þær væru ekki taldar þar upp. Leiðir sú túlkun ein og sér hins vegar til nokkuð undarlegrar niðurstöðu því þá yrðu meðal annars áhættumiklar takmarkanir, sem öll tryggingafélögin undanskilja, mögulega á ábyrgð atvinnurekandans.

Sambærilega takmörkun á bótaskyldu er ekki að finna í reglum ríkisins nr. 30/1990 og reglum Reykjavíkurborgar nr. sl-1/90. Hins vegar er undanþágu um íþróttir að finna í reglum ríkisins nr. 31/1991 og reglum Reykjavíkurborgar nr. 2-/90.

Hvað varðar kjarasamninga SÍS (að kjarasamningum SÍS og FG undanskildum) yrði að líta til þess sem kemur fram í skilmálum SÍT frá árinu 2000. Þar segir: „Undanskilin eru þó slys, sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum. Einnig eru undanskilin slys, er verða í hnefaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum, drekaflugi, sviðflugi og fallhlífarstökki.“ Eru einnig undanskilin slys sem verða við fjallaklifur, bjargsig og froskköfun.⁸⁶ Á það þó einungis við um slys sem verða í frítíma þess starfsfólks, sbr. gr. 7.1.8 sem fjallað hefur verið um hér ofar. Ef slys yrði við störf starfsfólks væri það ekki bundið af takmörkununum.

Ökutækjategygging:

Í kjarasamningum SA segir einnig: „Tryggingin greiðir ekki bætur vegna slyss, sem hlotist hefur af notkun skráningarskyldra vélknúinna ökutækja og eru bótaskyld samkvæmt lögboðinni ökutækjategyggingu,

⁸⁶ Samband íslenskra tryggingafélaga, *Slysatrygging launþega (5. júní 2000)*, gr. 5.1 og 5.3.

hvort heldur ábyrgðartryggingu eða slysaftryggingu ökumanns og eiganda samkvæmt umferðarlögum“.⁸⁷

Öll váttryggingarfélögin hafa ákvæði um þetta í váttryggingarskilmálum sínum. Falla þeir því vel að kjarasamningunum að þessu leyti. Í skilmálum allra váttryggingarfélaganna kemur fram að þetta ákvæði gildi nema annað leiði af kjarasamningi.⁸⁸

Í gr. 7.1.9 í kjarasamningum SÍS (að kjarasamningi SÍS og FG undanskildum) segir: „Starfsmaður missir eigi rétt sinn til bóta skv. þessari tryggingu þó hann sé tryggður annars staðar. Undanskildar eru þó ferðaslysaftryggingar, er sveitarfélagið kaupir“ Í gr. 12.1 í skilmálum SÍT sem áður hefur verið fjallað um í kafla 2.1 segir hins vegar að bætur vegna varanlegrar örorku greiðist ekki ef bótaréttur vegna slyssins sé til staðar úr lögboðinni ökutækjaftryggingu. Hér stangast því kjarasamningurinn og SÍT skilmálarnir á.

Í 2. mgr. 14. gr. reglna ríkisins nr. 30/1990 og 31/1991 og reglna Reykjavíkurborgar nr. sl-1/90 og nr. 2-/90 segir: „Beri slys að með þeim hætti að váttryggður öðlist rétt til bóta úr annarri slysaftryggingu er þessir aðilar kosta, skulu bætur úr þeirri tryggingu koma að fullu til frádráttar bótum skv. reglum þessum“. Samkvæmt þessu orðalagi myndi ökumaður bifreiðar ekki fá bætur bæði úr slysaftryggingu launþega og slysaftryggingu ökumanns skv. 92. gr. ufl. Hið sama myndi hins vegar ekki gilda um farþega í sama bíl sem fengi bætur úr ábyrgðartryggingu ökutækis skv. 91. gr. ufl. Í Hrd. 1996, 3647 var deilt um hvort ökumannstrygging skv. 92. gr. ufl. væri slysaftrygging í skilningi 2. mgr. 14. gr. fyrrnefndra reglna. Taldi Hæstiréttur svo vera.

Aðrar almennar takmarkanir:

Einhverjar frekari takmarkanir eru að finna hjá öllum váttryggingarfélögum. Þar má nefna að félögin undanþiggja sig ábyrgð á slysum sem verða vegna mengunar af geislavirkum efnum, styrjalda,

⁸⁷ Sjá t.d.: Samtök atvinnulífsins og VR (n. 7) gr. 8.6.2.

⁸⁸ Sjóvá – Almennar tryggingar hf. (n. 18) gr. 6; 7.1; 8.1; 9.3; Tryggingamiðstöðin hf. (n. 19) gr. 6.1; Váttryggingafélag Íslands hf. (n. 20) gr. 9.17; Vörður tryggingar hf. (n. 21) kafli 1, gr. 8.6.

handalögmála, þátttöku váttrygðs í refsiverðum verknaði, flugi nema við ákveðnar aðstæður, ljósbaða, matareitrunar, neyslu vímuefna, eitraðra lofttegunda, hryðjuverka, asbests, náttúruhamfara og stórkostlegs gáleysis. Í skilmálum TM, Sjóvár og VÍS kemur fram að félagið geti tekið á sig sumar af þeim áhættum sem taldar voru upp, gegn herra iðgjaldi.⁸⁹

Í skilmálum SÍT sem gilda um kjarasamninga SÍS (að undanskildum samningi SÍS og FG) eru taldar upp almennar takmarkanir sem að flestu leyti eru eins og þær sem koma fram í skilmálum váttryggingarfélaganna.

Í reglum ríkisins nr. 30/1990 og 31/1990 sem og reglum Reykjavíkurborgar nr. sl-1/90 og nr. 2-/90 er einnig að finna nokkrar almennar takmarkanir. Í reglum ríkisins og Reykjavíkurborgar sem gilda þegar starfsmenn verða fyrir slysi í starfi eru meðal annars takmarkanir vegna náttúruhamfara, handalögmála, þátttöku í refsiverðum verknaði, áhrifa deyfí- og eiturlyfja, matar- eða drykkjareitrunar, flugs við ákveðnar aðstæður, hernaðaraðgerða, kjarabreytingar og eitraðra lofttegunda.⁹⁰ Í reglum ríkisins og Reykjavíkurborgar sem gilda þegar starfsmenn verða fyrir slysi utan starfs eru takmarkanir meðal annars vegna ýmiss konar íþróttaiðkana, flugs við ákveðnar aðstæður, hernaðaraðgerða, kjarnabreytingar, handalögmála, þátttöku í refsiverðum verknaði, áhrifa deyfí- og eiturlyfja, ljósbaða, röntgengeisla, matareitrunar, drykkjareitrunar eða eitraðra lofttegunda. Einnig þegar slys orsakast af ýmsum sjúkdómum, eins og til dæmis blindu, lömum, geðveiki eða sykursýki.⁹¹

Auk framangreindra hlutrænna ábyrgðartakmarkana getur einnig komið til þess að svokallaðar huglægar ábyrgðartakmarkanir hafi áhrif á það hvort greiddar eru bætur úr slysatryggingu launþega eða ekki. Með huglægum ábyrgðartakmörkunum í váttryggingarrétti er átt við

⁸⁹ Tryggingamiðstöðin hf. (n. 19) gr. 5.3; Sjóvá – Almennar tryggingar hf. (n. 18) gr. 3.4.; Váttryggingafélag Íslands hf. (n. 20) gr. 9.9.

⁹⁰ Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Reglur nr. 30/1990 (n. 22) 7. gr.; Reykjavíkurborg, Reglur nr. sl-1/90 (n. 24) 7. gr.

⁹¹ Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Reglur nr. 31/1990 (n. 23) 7. gr.; Reykjavíkurborg, Reglur nr. 2-/90 (n. 25) 7. gr.

áhrif af áhættubreytingu, varúðarreglum, váttryggður veldur tjóni og skyldu til að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni. Ekki verður fjallað nánar um þessa þætti eða hugsanleg réttaráhrif þeirra í þessari grein.

2.5 Tegundir og fjárhæð bóta sem launþegar geta átt rétt á

2.5.1 Almenn

Samkvæmt kjarasamningum SA, ríkisins, SÍS og Reykjavíkurborgar eru launþegar slysatryggðir fyrir dauða eða varanlegri örorku.⁹² Auk þess kveða kjarasamningar SA á um að launþegar skuli tryggðir fyrir tímabundinni örorku.⁹³

Fjárhæð bótanna kemur fram í kjarasamningunum sjálfum.⁹⁴ Til þessa er vísað í skilmálum váttryggingarfélaganna.⁹⁵ Í kjarasamningum kemur ýmist fram að fjárhæð miðist við vísitölu neysluverðs eða vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við ákveðið tímamark.⁹⁶ Um þetta er einnig fjallað í váttryggingarskilmálunum.⁹⁷

Sú takmörkun kemur fram í váttryggingarskilmálum Sjóvá, VÍS og Varðar að félögin greiði aðeins ákveðið hlutfall af váttryggingarfjárhæð, sé váttryggður eldri en 70 ára. Í váttryggingarskilmálunum er tafla sem gefur til kynna að einstaklingar á 71. aldursári eigi rétt á 95% af

⁹² Sjá t.d.: Samtök atvinnulífsins og VR (n. 7) gr. 8.6.1; Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Starfsgreinasamband Íslands (n. 12) gr. 7.1.1; Samband íslenskra sveitarfélaga og Samflots bæjarstarfsmannafélaga (n. 10) gr. 7.1.1; Reykjavíkurborg og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar (n. 15) gr. 8.1.

⁹³ Sjá t.d.: Samtök atvinnulífsins og VR, sama heimild.

⁹⁴ Sjá t.d.: Samtök atvinnulífsins og VR, sama heimild, gr. 8.6.4; 8.6.5; 8.6.6; Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Starfsgreinasamband Íslands (n. 12) gr. 7.1.2; 7.1.3; Samband íslenskra sveitarfélaga og Samflots bæjarstarfsmannafélaga (n. 10) gr. 7.1.2; 7.1.3; Reykjavíkurborg og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar (n. 15) gr. 8.1.1; 8.2.

⁹⁵ Sjóvá – Almennar tryggingar hf. (n. 18) gr. 14; Tryggingamiðstöðin hf. (n. 19) gr. 11.2; 12.2; 13.4; Váttryggingafélag Íslands hf. (n. 20) gr. 12.1; Vörður tryggingar hf. (n. 21) kafli 1, gr. 5.2.

⁹⁶ Sjá t.d.: Samtök atvinnulífsins og VR (n. 7) gr. 8.6.3; Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Starfsgreinasamband Íslands (n. 12) gr. 7.1.4; Samband íslenskra sveitarfélaga og Samflots bæjarstarfsmannafélaga (n. 10) gr. 7.1.4; Reykjavíkurborg og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar (n. 15) gr. 8.3.1.

⁹⁷ Sjóvá – Almennar tryggingar hf. (n. 18) gr. 14; Tryggingamiðstöðin hf. (n. 19) gr. 11.2; 12.2; 13.4; Váttryggingafélag Íslands hf. (n. 20) gr. 12.2; 12.5; Vörður tryggingar hf. (n. 21) kafli 2, gr. 11..

hámarksfjárhæð. Við hvert aldursár sem bætist við eru 5% dregin af því hlutfalli af hámarksfjárhæð sem viðkomandi á rétt á, þar til 85. aldursári er náð.⁹⁸ Ákvæði sem þetta er að finna í kjarasamningum SA, en gildissvið þess nær einungis til bóta vegna varanlegrar örorku.⁹⁹

Í tryggingarkafla kjarasamnings SÍS og FG segir: „Bæta skal starfsmanni þau útgjöld, sem starfsmaður kann að verða fyrir af völdum slyss á vinnustað og slysatryggingar almannatrygginga bæta ekki skv. 27. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar“.¹⁰⁰ Lög nr. 117/1993, sem nefnd eru í greininni, voru aflögð með lögfestingu almannatryggingalaga nr. 100/2007. Í 27. gr. þeirra laga var hins vegar kveðið á um skyldu til að greiða ýmiss konar nauðsynlegan kostnað vegna lækningar þeirra sem slösuðust, ef það olli sjúkleika eða vinnutjóni í minnst 10 daga. Sambærilegt ákvæði er í dag í 10. gr. laga um slysatryggingar almannatrygginga nr. 45/2015. Í Hrd. 1. apríl 2004 í máli nr. 409/2003 var tekist á um þetta ákvæði kjarasamningsins. Í því máli krafðist launþegi bóta frá atvinnurekanda sínum vegna lögmannskostnaðar sem hann hafði þurft að leggja út fyrir vegna slyss sem hann hafði orðið fyrir í starfi. Skýrði Hæstiréttur ákvæðið með þeim hætti að sá kostnaður félli þar undir og þar sem launþeginn hefði ekki fengið hann bættan frá almannatryggingum væri atvinnurekandinn bótaskyldur.¹⁰¹

Samkvæmt öðrum kjarasamningum er atvinnurekanda einnig skylt að bæta umrædd útgjöld launþega.¹⁰² Í þeim kjarasamningum eru ákvæðin hins vegar ekki staðsett í tryggingakafla samningsins. Í skilmálum váttryggingarfélaganna er ekki fjallað um bætur vegna þessara útgjalda. Verður því að ætla að atvinnurekendur kaupí almennt

⁹⁸ Sjóvá – Almennar tryggingar hf. (n. 18) gr. 11; Váttryggingafélag Íslands hf. (n. 20) gr. 12.4; Vörður tryggingar hf. (n. 21) kafli 1, gr. 4.1.

⁹⁹ Sjá t.d.: Samtök atvinnulífsins og VR (n. 7) gr. 8.6.5.

¹⁰⁰ Samband íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands (n. 11) gr. 7.5.

¹⁰¹ Hrd. 1. apríl 2004 í máli nr. 409/2003.

¹⁰² Samtök atvinnulífsins og VR (n. 7) gr. 8.1.1; Samband íslenskra sveitarfélaga og Samflots bæjarstarfsmannafélaga (n. 10) gr. 12.1.6; Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Starfsgreinasamband Íslands (n. 12) gr. 12.1.6; Reykjavíkurborg og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar (n. 15) gr. 11.1.6.

ekki váttryggingu vegna þeirra. Vart verður því litið á þessa skyldu atvinnurekanda sem hluta af slysatryggingu launþega.

2.5.2 Tímabundin örorka¹⁰³

Aðeins er kveðið á um rétt launþega til dagpeninga vegna tímabundinnar örorku í kjarasamningum SA. Því eiga t.d. starfsmenn á opinbera vinnumarkaðnum ekki rétt til dagpeninga.

Samkvæmt kjarasamningum SA eiga starfsmenn rétt á dagpeningabótum valdi slys tímabundinni örorku. Einnig er kveðið á um þetta í váttryggingarskilmálum váttryggingarfélaganna.¹⁰⁴ Í kjarasamningunum er kveðið á um að starfsmenn eigi rétt á að fá ákveðna fjárhæð á viku. Þann 1. janúar 2018 var þessi fjárhæð 39.454 krónur.¹⁰⁵ Í váttryggingarskilmálum félaganna er kveðið á um að félögin greiði dagpeninga þá sem í gildi voru á slysdegi.¹⁰⁶

Í kjarasamningunum segir: „Valdi slys tímabundinni örorku skal trygging[in] greiða dagpeninga í hlutfalli við starfsorkumissinn fjórum vikum frá því slys átti sér stað og þar til starfsmaður verður vinnufær eftir slysið eða þar til örorkumat hefur farið fram, þó ekki lengur en í 37 vikur“.¹⁰⁷ Í sama ákvæði kemur fram að sé starfsmaður vinnufær að hluta skuli greiða dagpeninga að hluta.¹⁰⁸ Samkvæmt þessu er því svokallaður biðtími fjórar vikur, þ.e. ekki eru greiddar bætur fyrir óvinnufærni fyrstu fjórar vikurnar frá slysi.

Samkvæmt skilmálum Sjóvár og TM greiðast dagpeningar í hlutfalli við starfsorkumissinn frá þeim degi sem ákveðinn er í

¹⁰³ Í skilmálum váttryggingafélaganna er ýmist talað um „tímabundna örorku“ eða „tímabundinn missi starfsorku“. Verður hér notast við bæði hugtökin.

¹⁰⁴ Sjóvá – Almennar tryggingar hf. (n. 18) gr. 8.1; Tryggingamiðstöðin hf. (n. 19) gr. 13.1; Váttryggingafélag Íslands hf. (n. 20) gr. 13.3.1; Vörður tryggingar hf. (n. 21) 1. kafli, gr. 13.1.

¹⁰⁵ Sjá t.d.: Samtök atvinnulífsins og VR (n. 7) gr. 8.6.6.

¹⁰⁶ Sjóvá – Almennar tryggingar hf. (n. 18) gr. 8.1; Tryggingamiðstöðin hf. (n. 19) gr. 13.1; Váttryggingafélag Íslands hf. (n. 20) gr. 12.5; Vörður tryggingar hf. (n. 21) 1. kafli, gr. 13.1.

¹⁰⁷ Sjá t.d.: Samtök atvinnulífsins og VR (n. 7) gr. 8.6.6.

¹⁰⁸ Sjá t.d.: Sama heimild.

vátryggingarskírteini og þar til hinn slasaði verður vinnufær eftir slysið. Þó greiðast bætur ekki lengur en í þann hámarkstíma sem tilgreindur er í vátryggingarskírteininu og eigi fyrir tímabil að loknum þremur árum frá slysdegi.¹⁰⁹ Skilmálar VÍS og Varðar eru sama efnis að því undanskildu að þar kemur fram að dagpeningar greiðist annað hvort svo lengi sem vátryggður er óvinnufær eða þar til örorkumat hefur farið fram.¹¹⁰

Meðan á biðtíma stendur eiga starfsmenn rétt á launum frá atvinnurekanda sínum, sbr. 4. gr. laga nr. 19/1979.¹¹¹ Þar segir: „Allt verkafólk, sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnuna, á beinni leið til eða frá vinnu ... skal fá greidd laun fyrir dagvinnu í allt að 3 mánuði samkvæmt þeim taxta, sem viðkomandi tók laun eftir, enda sé unnið hjá aðila sem fæst við atvinnurekstur í sömu starfsgrein.“ Þetta kemur einnig fram kjarasamningum SA.¹¹² Þessi réttur launþega til launa vegna vinnuslyss er óháður rétti hans til launa í veikindafríum vegna slysa sem verða utan vinnu og sjúkdóma, sbr. 5.-6. laga nr. 19/1979. Kemur þar fram mismunandi réttur launafólks til launa í veikindafríum eftir því hvað það hefur unnið lengi hjá sama atvinnurekanda.

Ef launþegi á rétt á launum frá atvinnurekanda sínum þann tíma sem hann á rétt á dagpeningum, greiðast dagpeningarnir til atvinnurekandans.¹¹³ Kemur þetta einnig fram í vátryggingarskilmálum vátryggingarfélaganna.¹¹⁴

¹⁰⁹ Sjóvá – Almennar tryggingar hf. (n. 18) gr. 8.2; Tryggingamiðstöðin hf. (n. 19) gr. 13.2.

¹¹⁰ Vátryggingafélag Íslands hf. (n. 20) gr. 13.3.1; Vörður tryggingar hf. (n. 21) 1. kafli, gr. 13.2.

¹¹¹ Lög um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, nr. 19/1979.

¹¹² Sjá t.d.: Samtök atvinnulífsins og VR (n. 7) gr. 8.1.2.

¹¹³ Sjá t.d.: Sama heimild, gr. 8.6.6.

¹¹⁴ Sjóvá – Almennar tryggingar hf. (n. 18) gr. 8.3; Tryggingamiðstöðin hf. (n. 19) gr. 13.3; Vátryggingafélag Íslands hf. (n. 20) gr. 13.3.5; Vörður tryggingar hf. (n. 21) 1. kafli, gr. 13.6.

Í váttryggingarskilmálum VÍS og Varðar segir að það ráðist af mati læknis hvenær starfsmaður er vinnufær.¹¹⁵ Í váttryggingarskilmálum allra félaganna kemur þó fram að váttryggingarfélögin ákveði hve mikill starfsorkumissirinn hafi verið og um varanleika hans á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.¹¹⁶ Af þessu er ljóst að læknir er fenginn til að meta hvenær launþegi er orðinn vinnufær.

Í váttryggingarskilmálum váttryggingarfélaganna kemur fram að stafi starfsorkumissir slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu, lækki dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar.¹¹⁷ Með hliðsjón af Hrd. 1996, 4067, verður þetta líklega að teljast eðlilegt. Í þeim dómi sagði Hæstiréttur að ekki væri hægt að fella áhættuna af því að starfsmaður byggji við eldri meiðsl á atvinnurekanda.

2.5.3 Bætur fyrir varanlega örorku

2.5.3.1 Hvað er varanleg örorka og hvernig er hún metin?

Mismunandi er í kjarasamningum og váttryggingarskilmálum hvaða orð er notað yfir varanlega örorku. Í kjarasamningum er talað um varanlega örorku.¹¹⁸ Sjóvá og Vörður nota orðin „varanlegt líkamstjón“ og „varanleg örorka“,¹¹⁹ TM „varanlegt heilsutjón“, en vísar til þess að í kjarasamningum sé það nefnt „varanleg örorka“,¹²⁰ og VÍS „varanleg læknisfræðileg örorka“ og „örorka“.¹²¹

¹¹⁵ Váttryggingafélag Íslands hf. (n. 20) gr. 13.3.1; Vörður tryggingar hf. (n. 21) 1. kafli, gr. 13.2.

¹¹⁶ Sjóvá – Almennar tryggingar hf. (n. 18) gr. 8.2; Tryggingamiðstöðin hf. (n. 19) gr. 13.2; Váttryggingafélag Íslands hf. (n. 20) gr. 13.3.3; Vörður tryggingar hf. (n. 21) 1. kafli, gr. 13.4.

¹¹⁷ Sjóvá – Almennar tryggingar hf. (n. 18) gr. 8.2; Tryggingamiðstöðin hf. (n. 19) gr. 13.2; Váttryggingafélag Íslands hf. (n. 20) gr. 13.3.4; Vörður tryggingar hf. (n. 21) 1. kafli, gr. 13.5.

¹¹⁸ Sjá t.d.: Samtök atvinnulífsins og VR (n. 7) gr. 8.6.5; Samband íslenskra sveitarfélaga og Samflot bæjarstarfsmannafélaga (n. 10) gr. 7.1.3; Fjármála- og efnahagsráðuneytið og SFR (n. 14) gr. 7.1.3.

¹¹⁹ Sjóvá – Almennar tryggingar hf. (n. 18) gr. 7; Vörður tryggingar hf. (n. 21) 1. kafli, gr. 10.

¹²⁰ Tryggingamiðstöðin hf. (n. 19) 12. gr.

¹²¹ Váttryggingafélag Íslands hf. (n. 20) gr. 13.2. Til einföldunar er hugtakið „varanleg læknisfræðileg örorka“ notað í grein þessari um varanlega örorku sem metin er á grundvelli læknisfræðilegs örorkumats, en „varanleg fjárhagsleg örorka“ um varanlega örorku sem metin er á grundvelli fjárhagslegs örorkumats.

Í váttryggingarskilmálum váttryggingarfélaganna kemur fram að örorku skuli meta samkvæmt töflum örorkunefndar um miskastig sem í gildi er þegar örorkumat fer fram.¹²² Um það segir í inngangi að nógildandi töflu:

Í töflu sem þessari er metin skerðing á líkamlegri og eftir atvikum andlegri færni hjá einstaklingum sem orðið hafa fyrir líkamstjóni. Í skaðabótalögum nr. 50/1993 er um læknisfræðilega örorku notað hugtakið varanlegur miski. Varanlegur miski er óháður orsök líkamstjóns í hverju tilviki og við mat á honum er ekki tekið tillit til menntunar, starfs eða áhugamála þess sem orðið hefur fyrir líkamstjóni.¹²³

Af þessu má vera ljóst að gert er ráð fyrir að varanleg örorka samkvæmt þessum skilmálum sé metin á grundvelli læknisfræðilegs örorkumats.

Niðurstaðan er sú sama í kjarasamningi SA, en það segir: „Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli [við] læknisfræðilegar afleiðingar slyss. Skal varanleg örorka metin til stiga samkvæmt töflu um miskastig, sem gefnar eru út af Örorkunefnd og skal matið miðast við heilsufar tjónþola eins og það er þegar það er orðið stöðugt“.¹²⁴

Eins og áður hefur verið fjallað um gilda skilmálar SÍT frá árinu 2000 um kjarasamninga SÍS (að undanskildum kjarasamningi SÍS og FG). Í þeim skilmálum er vísað til miskatöflu Örorkunefndar um miskastig og er því ljóst að átt er við varanlega læknisfræðilega örorka.¹²⁵

Í kjarasamningi SÍS og FG er hins vegar ekki vísað til neinna skilmála.¹²⁶ Með hliðsjón af Hrd. 15. nóvember 2001 í máli nr. 215/2001, telja höfundar að hægt sé að færa haldgöð rök fyrir því að með varanlegri

¹²² Sjóvá – Almennar tryggingar hf. (n. 18) gr. 7.2; Tryggingamiðstöðin hf. (n. 19) gr. 12.1; Váttryggingafélag Íslands hf. (n. 20) gr. 13.2.2; Vörður tryggingar hf. (n. 21) 1. kafli, gr. 10.2.

¹²³ Örorkunefnd, „Tafla um miskastig“ (Örorkunefnd 2006) < <https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/Utgafa/Ororkunefnd.pdf> > skoðað 24. febrúar 2018.

¹²⁴ Sjá t.d.: Samtök atvinnulífsins og VR gr. (n. 7) 8.6.5.

¹²⁵ Samband íslenskra tryggingafélaga, *Slysatrygging launþega (5. júní 2000)*, gr. 12.2.

¹²⁶ Samband íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands (n. 11).

örorku sé í þeim kjarasamningi átt við varanlega fjárhagslega örorku. Í því máli var í kjarasamningnum ekki vísað til neinna ákveðinna váttryggingarskilmála. Hafði orðalagi kjarasamningsins ekki verið breytt eftir gildistöku skaðabótalaga nr. 50/1993 en í lögnum var hugtakið varanleg örorka notað yfir fjárhagslega örorku en fyrir gildistöku þeirra hafði hugtakið verið notað yfir læknisfræðilega örorku. Komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að í því lagaumhverfi sem skrifað var undir kjarasamninginn, þ.e. eftir gildistöku skaðabótalaga, þýddi hugtakið varanleg örorka fjárhagsleg örorka.¹²⁷

Í kjarasamningum ríkisins nr. 30/1990 og 31/1990 og Reykjavíkurborgar nr. sl-1/90 og nr. 2-/90 kemur fram að við mat á varanlegri örorka skuli hafa til hliðsjónar töflu sem er í reglunum. Svipar henni til töflu örorkunefndar þó mun styttri sé.¹²⁸ Í dómi héraðsdóms í Hrd. 19. maí 2004 í máli nr. 4/2004 kemur fram að með orðinu varanleg örorka í reglum ríkisins er vísað til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Það sama myndi væntanlega gilda um reglur Reykjavíkurborgar.

Um tímasetningu mats á varanlegri örorku er fjallað í reglum ríkisins, Reykjavíkurborgar og váttryggingarskilmálum. Í váttryggingarskilmálum Sjóvá, TM og Varðar sem og reglum ríkisins nr. 30/1990 og 31/1990 og reglum Reykjavíkurborgar nr. sl-1/90 og nr. 2-/90, segir að meta skuli varanlega læknisfræðilega örorku í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi hins slasaða þá. Telji félagið/fjármálaráðuneytið/Reykjavíkurborg eða hinn slasaði hins vegar að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en þrjú ár frá slysdegi.¹²⁹ Í

¹²⁷ Sjá nánar um þennan dóm: Guðmundur Sigurðsson, „Mat á varanlegum afleiðingum líkamstjóna“ (2006) 3 Tímarit Lögréttu 101.

¹²⁸ Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Reglur nr. 30/1990 (n. 22) liður 3.1, gr. 10; Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Reglur nr. 31/1990 (n. 23) liður 3.1, gr. 10; Reykjavíkurborg, Reglur nr. sl-1/90 (n. 24) liður 3.1, gr. 10; Reykjavíkurborg, Reglur nr. 2-/90 (n. 25) liður 3.1, gr. 10.

¹²⁹ Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Reglur nr. 30/1990, sama heimild, liður 3.6, gr. 10; Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Reglur nr. 31/1990, sama heimild, liður 3.6, gr. 10; Reykjavíkurborg, Reglur nr. sl-1/90, sama heimild, liður 3.6, gr. 10; Reykjavíkurborg, Reglur nr. 2-/90, sama heimild, liður 3.6, gr. 10; Sjóvá – Almennar tryggingar hf. (n. 18) b-liður gr. 7.4; Tryggingamiðstöðin hf. (n. 19) b-liður gr. 12.4; Vörður tryggingar hf. (n. 21) 1. kafli, b-liður gr. 10.4.

skilmálum VÍS segir að, að jafnaði skuli örorkan metin einu ári eftir slysið, annars þegar læknir telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós.¹³⁰

Í váttryggingarskilmálum allra váttryggingarfélaganna sem og reglum ríkisins og Reykjavíkurborgar segir þó að undantekningarlaust skuli framkvæma mat á varanlegum afleiðingum slyssins í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Þetta gildir þó að gera megi ráð fyrir að ástand hins slasaða kunni að breytast.¹³¹ Hér má nefna sem dæmi Hrd. 7. júní 2017 í máli nr. 604/2017. Í því máli, sem að vísu snerist um almenna slysatryggingu, höfðu aðilar staðið sameiginlega að mati og málið gert upp á grundvelli þess. Í málinu byggði áfrýjandi hins vegar á mati dómkvadds matsmanns sem hafði verið gert eftir að þrjú ár voru liðin frá slysegi. Hæstiréttur sem taldi að orðalag skilmála tryggingafélagsins væri fortakslaust um að framkvæma bæri örorkumat innan þriggja ára frá tjónsatburði komst að þeirri niðurstöðu að áfrýjandi vera bundin af fyrra matinu. Var tryggingafélagið því sýknað.

Í skilmálum VÍS og Varðar er kveðið á um hver eigi að meta varanlega örorku. Þar kemur fram að ef slys leiðir til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku skuli félagið og váttryggður koma sér saman um einn hæfan matslækni til að meta afleiðingarnar.¹³² Þó ekki sé að finna sambærilegt ákvæði í skilmálum hinna félaganna virðist ljóst að framkvæmdin er þar með sama hætti. Þó að dómsmál hafi ekki verið höfðað fyrir héraðsdómi geta aðilar óskað eftir að matsmenn verði dómkvaddir, sbr. 1. mgr. 77. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Í váttryggingarskilmálunum sem og reglum ríkisins og Reykjavíkurborgar er kveðið á um hvernig matsmönnum beri að haga mati á

¹³⁰ Váttryggingafélag Íslands hf., (n. 20) gr. 13.2.5.

¹³¹ Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Reglur nr. 30/1990 (n. 22) liður 3.8, gr. 10; Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Reglur nr. 31/1990 (n. 23) liður 3.8, gr. 10; Reykjavíkurborg, Reglur nr. sl-1/90 (n. 24) liður 3.8, gr. 10; Reykjavíkurborg, Reglur nr. 2-/90 (n. 25) liður 3.8, gr. 10; Sjóvá – Almennar tryggingar hf. (n. 18) c-liður gr. 7.4; Tryggingamiðstöðin hf. (n. 19) c-liður gr. 12.4; Váttryggingafélag Íslands hf. (n. 20) gr. 13.2.5; Vörður tryggingar hf. (n. 21) 1. kafli, c-liður gr. 10.4.

¹³² Váttryggingafélag Íslands hf. (n. 20) gr. 13.2.7; Vörður tryggingar hf. (n. 21) kafli 1, d-liður gr. 10.4.

læknisfræðilegri varanlegri örorku. Eins og áður segir eiga þeir að hafa til hliðsjónar töflu örorkunefndar eða svipaða töflu sem er í reglum ríkisins og Reykjavíkurborgar. Miskatöfluna samdi örorkunefnd á grundvelli heimildar í 3. mgr. 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Fjallað er um örorkunefnd í 2. mgr. 10. gr. sömu laga sem og reglugerð nr. 335/1993. Upphafleg tafla örorkunefndar var frá árinu 1994 en árið 2006 var gefin út endurbætt tafla. Sem dæmi úr töflunni má nefna að missir á auga telst vera 25% miski. Missir á ganglim um hné er allt að 40% miski ef tjónþoli þolir illa gerviganglim, en 35% ef hann þolir hann vel. Ekki koma þó öll möguleg tilfelli fyrir í töflunni. Þannig segir í inngangi að töflunni:

Tafla sem þessi verður seint fullkomin og hún getur aldrei tekið til allra hugsanlegra líkamsáverka ... Áverka sem ekki er getið um í töflunum verður að meta með hliðsjón af svipuðum áverkum í töflunum og hafa til hliðsjónar miskatöflur annarra landa sem getið er um í hliðsjónarritum.¹³³

Dví geta matsaðilar þurft að leita fanga víðar en í töflu örorkunefndar til að komast að niðurstöðu um rétt miskastig. Í VIII. kafla örorkutöflunnar er listi yfir hliðsjónarrit sem matsaðilar gætu þurft að fletta upp í. Í skilmálum Sjóvár, VÍS og Varðar segir að sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig, skuli meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum.¹³⁴

Í skilmálum allra váttryggingarfélaganna kemur fram að missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið, gefi ekki rétt til bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Einnig segir að missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skuli metið til örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið.¹³⁵ Ef þær aðstæður koma upp að örorka er metin þremur árum eftir slys án þess að endanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós, þá

¹³³ Örorkunefnd (n. 124) 2.

¹³⁴ Sjóvá – Almennar tryggingar hf. (n. 18) gr. 7.2; Váttryggingafélag Íslands hf. (n. 20) gr. 13.2.2; Vörður tryggingar hf. (n. 21) 1. kafli, gr. 10.2.

¹³⁵ Sjóvá – Almennar tryggingar hf. (n. 18) a-liður gr. 7.4; Tryggingamiðstöðin hf. (n. 19) a-liður gr. 12.4; Váttryggingafélag Íslands hf. (n. 20) gr. 13.2.4; Vörður tryggingar hf. (n. 21) kafli 1, a-liður gr. 10.4.

segir í skilmálum Sjóvár, TM og Varðar að meta skuli varanlegu læknisfræðilegu örorkuna eins og gera má ráð fyrir að hún verði endanleg. Segir í sama ákvæði í skilmálum váttryggingarfélaganna að ef líkur séu til að ástand hins slasaða megi bæta með læknismeðferð eða þjálfun og hann veigri sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíka meðferð, beri samt sem áður við ákvörðun miskastigs að taka tillit til hugsanlegs bata, sem slík meðferð kynni að hafa í för með sér.¹³⁶

Í reglum ríkisins og Reykjavíkurborgar segir: „Missir eða bæklun útlíms, sem áður var bæklaður, skal metinn í hlutfalli við þann missi sem slasaði varð fyrir við slysið. Sama gildir um líffæri“.¹³⁷

Allt frá því að fyrst var samið um slysatryggingar launþega í kjarasamningum á Íslandi hafa bætur vegna varanlegrar örorku verið metnar á grundvelli læknisfræðilegs örorkumats. Í raun var ekki í íslenskum rétti farið að tala um hugtakið varanlega örorku sem varanlega fjárhagslega örorku fyrir en með lögfestingu skaðabótalaga nr. 50/1993.

Eins og áður segir fer örorkumat samkvæmt slysatrygginu launþega almennt þannig fram að læknir er fenginn til að meta líkamlega áverka tjónþola og bera þá saman við örorkumatstöflur. Í hreinu læknisfræðilegu örorkumati er þannig ekkert tillit tekið til þess hvort viðkomandi slys leiði til tekjutaps fyrir tjónþola. Aðeins er litið til þess hve mikið starfsorka skerðist eftir læknisfræðilegum sjónarmiðum. Töflurnar eru staðlaðar og því eru menn með sömu líkamlegu sköddun metnir með jafnmikla örorku.¹³⁸

Það má vissulega spyrja hvort eðlilegra væri að bætur fyrir varanlega örorku samkvæmt slysatryggingu launþega væru ákvarðaðar á grundvelli fjárhagslegs mats en ekki læknisfræðilegs mats eins

¹³⁶ Sjóvá – Almennar tryggingar hf. (n. 18) c-liður gr. 74; Tryggingamiðstöðin hf. (n. 19) c-liður gr. 12.4; Vörður tryggingar hf. (n. 21) 1. kafli, c-liður gr. 10.4.

¹³⁷ Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Reglur nr. 30/1990 (n. 22) gr. 3.4; Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Reglur nr. 31/1990 (n. 23) gr. 3.4; Reykjavíkurborg, Reglur nr. sl-1/90 (n. 24) gr. 3.4; Reykjavíkurborg, Reglur nr. 2-/90 (n. 25) gr. 3.4.

¹³⁸ Alþt. 1992 - 1993, A-deild, 3614, 3625.

og raunin er. Í því sambandi má taka eftirfarandi dæmi: A vinnur skrifstofustarf og er félagsmaður í VR. B vinnur við byggingarvinnu og er félagsmaður í Byggiðn (aðildarfélag Samiðnar).¹³⁹ Báðir starfsmenn slasast á fæti. A dettur niður stiga, en B dettur niður af vinnupalli. Hvorugur þeirra á rétt á skaðabótum. Tjón beggja er metið til 15% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Hins vegar er tjón A metið til 10% varanlegrar fjárhagslegrar örorku, en tjón B til 30% varanlegrar fjárhagslegrar örorku. Ræðst það af því að A getur að mestu sinnt sinni vinnu áfram, þar sem meirihluti af hans vinnu fer fram sitjandi við skrifborð. Hins vegar getur B í mun minna mæli sinnt sinni vinnu eftir slysið, þar sem að hann þarf að klifra upp vinnupalla, ganga um og nota líkamlegt atgervi í mun meira mæli. Tekjur A eftir slysið eru því nánast óskertar en tekjur B hafa lækkað varanlega um nærri þriðjung. Það virðist því hafið yfir vafa að fjártjón þessara tveggja tjónþola er ekki það sama. Báðir krefjast þeir bóta úr slysatrygginu launþega. Þar sem varanleg læknisfræðileg örorka þeirra beggja er sú sama fá þeir greiddar jafnháar bætur úr slysatryggingunni. Höfundar telja einsýnt að við þetta fyrirkomulag og niðurstöðu megi setja stórt spurningarmerki enda tilgangurinn með slysatryggingu launþega væntanlega fyrst og fremst sá að veita ákveðna vernd gegn fjárhagslegum afleiðinum af atvinnutengdri áhættu. Ekki verður með góðu móti séð að bætur á grundvelli læknisfræðilegs örorkumats séu endilega vel til þess fallnar að ná því markmiði.

2.5.3.2 Útreikningur bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku

Bætur til tjónþola vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku greiðast á grundvelli metins miskastigs og tryggingarfjárhæða sem er að finna í kjarasamningum. Við útreikning bóta vegur hvert örorkustig frá 1–25% einfalt og hvert örorkustig frá 26–50% tvöfalt. Samkvæmt kjarasamningum SA vegur síðan hvert örorkustig frá 51–100% fjórfalt, en í kjarasamningum SÍS, ríkisins og Reykjavíkurborgar er

¹³⁹ Kjarasamningur Samtaka atvinnulífsins og VR er í þessari grein tekinn sem dæmi um slysatryggingar aðildarféлага ASÍ. Sem dæmi má nefna að í kjarasamningi Samiðnar f.h. aðildarféлага í byggingariðnaði o.fl. við Samtök atvinnulífsins eru fjárhæðir slysatryggingarinnar nákvæmlega þær sömu og kjarasamningi SA og VR.

hlutfallið þrefalt.¹⁴⁰ Af þessu leiðir að bætur vegna mikillar varanlegrar læknisfræðilegrar örorku eru hlutfallslega mun hærri en bætur fyrir litla örorku.

Í Hrd. 1996, 4067 krafði S Reykjavíkurborg um slysabætur samkvæmt kjarasamningi og reglum nr. sl-1/90. S slasaðist í baki við vinnu sína á Borgarspítalanum í Reykjavík. Komust dómkvaddir matsmenn að þeirri niðurstöðu að aðeins 20% af örorku S mætti rekja til vinnuslyssins. Að öðru leiti stafaði örorkan af sjúkdómi sem S hafði glímt við frá því fyrir slysið. Krafðist S þess aðallega að þessi 20% örorka vegna slyssins, ætti að falla í efsta flokk, þ.e. að hvert örorkustig vægi þrefalt, þar sem að heildaröroka hennar væri á því bili. Í dómi Hæstaréttar segir um þetta:

Af orðalagi reglna áfrýjanda um slysatryggingu starfsmanna sinna verður ekkert það ráðið, sem leyst getur úr ágreiningi aðila um framangreint efni. Til þess verður hins vegar að líta, að slysatryggingin tekur til hóps manna. Áhætta þess, sem tryggir, er þar ekki metin sjálfstætt vegna aðstæðna hvers og eins, sem tryggður er. Eðli málsins samkvæmt er því ekki fært að fella á áfrýjanda áhættuna af því, að starfsmaður hans, sem verður fyrir slysi, búi við eldri meiðsl eða sjúkdóma, sem mynda meiri heildarörorku en slysið eitt út af fyrir sig. Samkvæmt þessu eru ekki efni til annars en telja stefndu eiga rétt til greiðslu úr hendi áfrýjanda, án þess að tekið sé tillit til örorku af fyrri sjúkdómum hennar.¹⁴¹

Rétturinn féllst því á þrautavarakröfu S um að hvert stig örorku hennar hefði einfalt vægi. Af þessum dómi má draga þá ályktun að vinnuveitandi eigi ekki að bera áhættu af örorku sem launþegi er haldinn fyrir slysið.

¹⁴⁰ Sjá t.d.: Samtök atvinnulífsins og VR (n. 7) gr. 8.6.5; Samband íslenskra sveitarfélaga og Samflots bæjarstarfsmannafélaga (n. 10) gr. 7.1.3; Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Starfsgreinasamband Íslands (n. 12) gr. 7.1.3; Reykjavíkurborg og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar (n. 15) gr. 8.2.

¹⁴¹ Hrd. 1996, 4067, 4068.

2.5.3.3 Nánar um fjárhæðir bóta

Í eftirfarandi töflum má sjá upphæðir bóta vegna varanlegrar örorku miðað við janúar 2018:

Tafla 1. Örorkubætur skv. kjarasamningum SA og SÍS¹⁴²

Samningsaðilar	Grunnfjárhæð	100% örorka
SA-VR	17.991.508	49.476.625
SA-BHM	17.991.508	49.476.625
SÍS-SGS	21.060.396	47.385.890
SÍS-Samflot	21.060.396	47.385.890

Tafla 2. Nánar um fjárhæðir bóta samkvæmt kjarasamningum SA samkvæmt töflu 1. Grunnfjárhæð kr. 17.991.508 (miðað við 1. janúar 2018) ¹⁴³

Læknisfræðileg örorka, %	Fjárhæð
25%	4.497.8751
50%	13.493.6252
75%	31.485.1253
100%	49.476.625

¹⁴² Að kjarasamningi SÍS og FG undanskildum.

¹⁴³ Fjárhæðir í töflum 1-3 gilda fyrir janúar 2018. Vísitala neysluverðs til verðtryggingar í janúar 2018 er 446,0. Sem dæmi má taka að í kjarasamningi SA og VR, gr. 8.6.3, kemur fram að váttryggingafjárhæðir miðast við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá 1. ágúst 2015 (429,3) og breytast fyrsta dag hvers mánaðar í réttu hlutfalli við breytingu vísitölunnar. Þá kemur jafnframt fram að bótafjárhæðir skulu reiknast á grundvelli váttryggingafjárhæða á slysdagi en þó þannig að þær breytist í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá þeim degi til uppgjörsdags. Sjá t.d.: Samtök atvinnulífsins og VR (n. 7) gr. 8.6.5; 8.6.3; Samband íslenskra sveitarfélaga og Samflot bæjarstarfsmannafélaga (n. 10) gr. 7.1.3; 7.1.4.

Tafla 3. Öorkubætur skv. kjarasamningum ríkisins, Rvk. og SÍS og FG.¹⁴⁴

Grunnfjárhæð 100% örorka				
Vátryggðir	Í starfi	Í frítíma	Í starfi	Í frítíma
Ríkið-SGS	21.095.320	7.995.776	47.464.362	17.990.495
Ríkið-FÍN	21.095.320	7.995.776	47.464.362	17.990.495
Ríkið-SFR	21.095.320	7.995.776	47.464.362	17.990.495
Rvk.-St. Rv.	21.098.667	7.997.075	47.472.001	17.993.419

Eins og sjá má eru bætur á almenna vinnumarkaðnum þær sömu innbyrðis. Hið sama gildir að mestu um kjarasamninga SÍS.

Öorkubætur skulu jafnframt taka mið af aldri tjónþola á slysdegi þannig að bætur lækki um 2% fyrir hvert aldursár eftir 50 ára aldur. Eftir 70 ára aldur lækki bætur um 5% af grunnfjárhæð fyrir hvert aldursár. Aldurstenging örorkubóta skal þó aldrei leiða til meiri skerðingar en 90%.

3. Niðurstöður

Eins og fram kom í inngangi er viðfangsefni þessarar greinar kjarasamningsbundin slysatrygging launþega.

Launþegar eiga að vera tryggðir hvort sem þeir eru félagar í stéttarfélagi eða ekki. Hins vegar gilda kjarasamningar almennt ekki um verktaka og aðra þá sem eru sjálfstætt starfandi. Af því leiðir að kjarasamningsbundin slysatrygging launþega gildir ekki um þá.

Launþegar sem kjarasamningar ríkisins sem og SÍS gilda um eru tryggðir allan sólarhringinn, en samkvæmt kjarasamningum SA eru launþegar tryggðir í vinnu og á eðlilegri leið til og frá vinnu.

¹⁴⁴ Sjá t.d.: Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Starfsgreinasamband Íslands (n. 12) gr. 7.1.3; 7.1.4; Reykjavíkurborg og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar (n. 15) gr. 8.2.; 8.3.1; Samband íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands (n. 11) gr. 7.2; 7.2.1.

Telja verður að hugtakið í vinnu nái að minnsta kosti til allra þeirra tilvika sem nefnd eru í a. og b. liðum 2. mgr. 5. gr. laga nr. 45/2015 um slysatryggingar almennatrygginga. Í vafatilfellum má ef til vill hafa til hliðsjónar viðmiðunarreglu dönsku laganna um vinnutjón um að starfsmaður sé í vinnu þegar hann telji sér það skylt. Í kjarasamningum SA er tekið fram að launþegar séu einnig tryggðir við íþróttaiðkun á vegum atvinnurekanda eða starfsmannafélags og í starfstengdum ferðum. Ákveðnar takmarkanir eru settar við bótaskyldu atvinnurekanda og váttryggingarfélags. Koma þær ýmist fram í kjarasamningi eða váttryggingarskilmálum. eru þetta til dæmis takmarkanir á ábyrgð vegna slysa sem verða við íþróttaiðkun og að bætur séu ekki greiddar fáist bætur úr ökutækjatrýggingu.

Misjafnt er eftir kjarasamningum, fyrir hverju launþegar eru tryggðir. Allir eru þeir t.d. tryggðir fyrir varanlegri örorku. Launþegar sem kjarasamningar SA gilda um eru að auki tryggðir fyrir tímabundinni örorku, en launþegar sem kjarasamningur SÍS og FG gildir um eru tryggðir fyrir útgjöldum vegna slysa sem almennatryggingar bæta ekki.

Tilvísanir til váttryggingarskilmála í kjarasamningum eru í sumum tilfellum óskýrar og í einstaka tilfellum alls engar. Leiðir þetta til óvissu um hvort váttryggingarskilmálar, sem eru hluti af váttryggingarsamningi atvinnurekanda við váttryggingarfélag, séu bindandi fyrir launþega. Reglur ríkisins nr. 30/1990 og 31/1990 og reglur Reykjavíkurborgar nr. sl-1/90 og nr. 2-/90 gilda fullum fetum um launamenn þeirra, þar sem skýrt er vísað til þeirra í kjarasamningum. Ákvæði kjarasamninga SA gilda framar ákvæðum váttryggingarskilmálanna. Skilmálar Sambands íslenskra tryggingafélaga gilda um skilmála kjarasamninga SÍS (að undanskildum kjarasamningi SÍS og FG).

Samkvæmt flestum kjarasamningum á að meta og reikna bætur fyrir varanlega örorku vegna vinnuslysa á grundvelli læknisfræðilegrar örorku. Er í váttryggingarskilmálum vísað í töflur örorkunefndar skv. 3. mgr. 10. gr. skaðabótalaga. Í greininni komust höfundar þó að þeirri niðurstöðu að sterk rök mæli með því að eðlilegra væri að reikna bætur fyrir varanlega örorku á grundvelli varanlegrar fjárhagslegrar örorku.

Heimildaskrá

Hér eru ekki taldir upp kjarasamningar, váttryggingarskilmálar, tölvupóstar, viðtöl við einstaklinga eða einstakar heimasíður sem vísað er til í greininni.

Ritaskrá

Dansk Karnov (netútgáfa), Lov om arbejdsskadesikring, lovbekendtgørelse nr. 217 af 27. februar 2017, (Karnov Group Denmark A/S).

Guðmundur Sigurðsson, „Bótaréttur launþega: Er breytinga þörf?“, (1999) 1 Lögmannablaðið.

Guðmundur Sigurðsson, „Vinnuslys, slysatrygging sjómanna, er um bótaskyld slys að ræða“, (2004) 1 Tímarit Lögréttu.

Guðmundur Sigurðsson, „Vinnuslys, slysatrygging sjómanna, hver á rétt á bótum? Ákvörðun bóta“ (2005) 2 Tímarit Lögréttu.

Guðmundur Sigurðsson, „Mat á varanlegum afleiðingum líkamstjóna“ (2006) 3 Tímarit Lögréttu

Guðmundur Sigurðsson, „Hugtakið slys í váttryggingarétti“, (2016) 2 Tímarit Lögréttu.

Guðmundur Sigurðsson og Ragnhildur Helgadóttir, Almannatryggingar og félagsleg aðstoð (JPV 2007)

Hákon Guðmundsson, „Kjarasamningar“ (1974) 24 Tímarit lögfræðinga

Lára V. Júlíusdóttir, Vinnumarkaðsréttur (2008)

Viðar Már Matthíasson, Skaðabótaréttur (Bókaútgáfan Codex 2005)

Íslenskir dómur og úrskurðarnefndir

Hæstaréttardómar

Hrd. 1984, 39

Hrd. 1996, 3647

Hrd. 1996, 4067

Hrd. 15. nóvember 2001 í máli nr. 215/2001

Hrd. 20. febrúar 2003 í máli nr. 421/2002

Hrd. 1. apríl 2004 í máli nr. 409/2003

Hrd. 27. maí 2004 í máli nr. 22/2004

Hrd. 23. mars 2017 í máli nr. 405/2016

Hrd. 7. júní 2018 í máli nr. 604/2017

Félagsdómur

Dómur Félagsdóms 25. september 1939 í máli nr. 7/1939

Dómur Félagsdóms 20. júní 1973 í máli nr. 6/1973

Dómur Félagsdóms 6. apríl 2006 í máli nr. 1/2006

Úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum

Úrskurður Úrskurðarnefndar í váttryggingarmálum 5. febrúar 2002 í máli nr. 2/2002

Úrskurðarnefnd í velferðarmálum

ÚRAL mál nr. 200/2002

ÚRAL mál nr. 64/2003

ÚRAL mál nr. 276/2003

ÚRAL mál nr. 233/2007

ÚRAL 7. apríl 2009 í máli nr. 89/2009

Abstract

This thesis covers employees' accidental insurance according to collective agreements. Ways will be sought to answer the questions who has the right of compensation according to insurance, when and what kind of compensation. Collective agreements were considered along with insurance agreements. An agreement concerning the accidental insurance of employees is made in the collective agreements of the working market. Employers are obligated to buy insurance for their employees according to collective agreements. The treasury and the city of Reykjavík however generally do not buy insurance for their employees and bear the risk themselves. The result of this thesis is that all employees are insured even though they are not members of a trade union. Some employees are insured at all hours, others are only insured while at work and on their way to and from work. Not all employees have the same insurance. However, all of them are insured for permanent disability. In addition, some of them are insured for temporary disability and other expenses due to an accident.

LANGTÍMALEIGA

GEYSIR



**Orkuskiptin eru hafin
Kynntu þér langtímaleigu Geysis**

www.geysirlangtímaleiga.is

Sjúkrasjóðir stéttarféлага

- » **Dr. Guðmundur Sigurðsson** prófessor við lagadeild HR
 - » **Sigrún Ísleifsdóttir** lögfræðingur
 - » **Bergþóra Ingólfssdóttir** héraðsdómari
-

Útdráttur
Sjúkrasjóðir stéttarféлага starfa á grundvelli kjarasamninga og laga nr. 19/1979 og nr. 55/1980, þar sem kveðið er á um greiðsluskyldu vinnuveitenda í slíka sjóði. Réttur til greiðslna úr sjúkrasjóðum er hluti af starfskjörum launþega á vinnumarkaði, en einnig mikilvægt bótaúrræði vegna tímabundins missis starfsorku. Sé litið á sögu sjúkrasjóða og hlutverk þeirra innan bótakerfisins er ljóst að réttindi í sjúkrasjóðum eru hluti efnahagslegra og félagslegra réttinda sem löggjafinn hefur talið nauðsynlegt að tryggja öllum launþegum. Þrátt fyrir það gilda engar heildstæðar réttarreglur um starfsemi sjúkrasjóða, heldur er hún að mestu ákveðin í reglum sem stéttarfélögin sjálf setja. Lögbundið hlutverk sjóðanna er að greiða dagpeninga þegar launþegi hefur fullnýtt kjarasamningsbundinn rétt til launa vegna veikinda og slysa.

Um inntak þess bótaréttar gilda reglur hvers sjóðs, en þar er ákveðin fjárhæð bóta, lengd greiðslutímabils og önnur skilyrði bótaréttar. Greining á reglum sjúkrasjóða sem varða dagpeningagreiðslur leiðir í ljós að um ýmis atriði getur borið töluvert á milli, hver réttur sjóðfélaga í mismunandi sjóðum er. Munar þar mestu um reglur sem varða skerðingu eða brottfall réttinda, auk reglna sem veita stjórn sjóðsins heimild til að taka matskenndar ákvarðanir um úthlutun bóta. Einnig er mjög misjafnt hversu ítarlegar og skýrar þær reglur eru sem sjúkrasjóðir birta á opinberum vettvangi, en engin skylda hvílir á sjúkrasjóðum að birta reglur sínar. Þetta getur leitt til þess að sjóðfélagar séu í vafa um rétt sinn og hafi ekki forsendur til að meta hvort ákvörðun um bótarétt sé réttmæt. Ákvarðanir sjóðstjórnar sæta takmörkuðu ytra eftirliti; sé sjóðfélagi ósáttur við ákvörðun á hann oft ekki annan kost en að leita til dómstóla. Ástæða er til að íhuga hvort rétt væri að skapa þessari starfsemi ítarlegri umgjörð, sem gæti betur tryggt réttaröryggi og jafnræði sjóðfélaga.

- 1 Inngangur
- 2 Markmiðið með sjúkrasjóðum stéttarfélaganna – frá upphafi til okkar daga
- 3 Reglur um dagpeningagreiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaganna
 - 3.1 Greiðsla dagpeninga er kjarninn í starfsemi sjúkrasjóðanna
 - 3.1.1 Stofnun réttinda
 - 3.1.2 Takmörkun eða brottfall réttinda
 - 3.1.3 Félagsaðild skilyrði?
 - 3.1.4 Upphafstími dagpeningagreiðslna
 - 3.1.5 Fjárhæðir og greiðslutímabil
 - 3.1.6 Skerðing dagpeninga vegna annarra greiðslna
 - 3.1.7 Heimild sjóðstjórna til matskenndra ákvarðana
- 4 Sjóðarmið um samræmi og jafnræði, réttaröryggi, nýtingu fjármuna og félagsleg og efnahagsleg réttindi
 - 4.1 Samræmi og jafnræði?
 - 4.2 Réttaröryggi
 - 4.3 Nýting fjármagns sjóðanna
 - 4.4 Efnahagsleg og félagsleg réttindi
- 5 Niðurstaða

1 Inngangur

Viðfangsefni þessarar greinar er sjúkrasjóðir stéttarfélaga.¹ Með 3. gr. laga nr. 9/1974 um starfskjör launþega o.fl. var vinnuveitendum í fyrsta sinn gert skylt að greiða í sjúkrasjóði stéttarfélaga „iðgjöld þau, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni, og samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar greina“.² Kjarasamningar höfðu þá um nokkurn tíma geymt ákvæði um slíkar greiðslur vinnuveitenda og litið var á framlag til sjúkrasjóða sem hluta af launakjörum,³ sem löggjafinn taldi nauðsynlegt að tryggja öllum launþegum.⁴

Ákvæði um skyldu vinnuveitenda til að greiða iðgjald í sjúkrasjóði fyrir starfsmenn sína eru nú í 7. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla og í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Setning laga nr. 19/1979 var hluti af umbótum í félags- og réttindamálum launþega, sem samkvæmt samkomulagi ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins skyldu koma í stað mikilla launahækkana og stemma stigu við verðbólgu.⁵ Réttindi í sjúkrasjóðum stéttarfélaga eru þannig skilgreind sem mikilvægur hluti af kjörum launamanna og ljóst að starfsemi sjóðanna skiptir miklu máli frá sjónarhóli vinnuréttar.

¹ Greinin byggir að nokkru á meistararitgerð um dagpeningagreiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga sem Sigrún Ísleifsdóttir skrifaði við lagadeild Háskólans í Reykjavík á vorönn 2016. Leiðbeinendur voru Bergþóra Ingólfssdóttir héraðsdómari og Guðmundur Sigurðsson prófessor. Að baki þeim ritgerðarskrifum lá ítarleg rannsóknarvinna höfundar á sjúkrasjóðunum. Leiddi sú rannsókn í ljós að á fyrri hluta árs 2015 voru starfandi 69 sjúkrasjóðir á grundvelli kjarasamninga og laga nr. 19/1979 og nr. 55/1980. Rannsakaði höfundur reglugerðir frá 65 sjúkrasjóðum, eins og þær voru birtar á vefsíðum eða fengust afhentar frá félögum á árunum 2015 og 2016.

² Sjóðirnir nefnast ýmist sjúkrasjóðir eða styrktarsjóðir án þess að munur sé á starfseminni. Í þessari grein er hugtakið sjúkrasjóður notað í almennri umfjöllun.

³ Alþt. 1957-1958, A-deild, þskj. 193 – 97. mál, um 5. gr.; Alþt. 1973-1974, B-deild, 70. mál, 28. fundur (Helgi Seljan).

⁴ Alþt. 1973-1974, A-deild, þskj. 76 – 70. mál, um 2. og 3. gr.

⁵ Alþt. 1978-1979, A-deild, þskj. 117 – 106. mál; Alþt. 1978-1979, A-deild, þskj. 273 – 159. mál, almennar athugasemdir.

Lög nr. 19/1979 og lög nr. 55/1980 taka aðeins til starfsmanna á almennum markaði og lengi vel starfræktu stéttarfélög opinberra starfsmanna ekki sjúkrasjóði.⁶ Í kjarasamningum árið 2000 sömdu stéttarfélögin við hið opinbera um framlag til sjúkrasjóða.⁷ Nú starfrækja öll stéttarfélög opinberra starfsmanna slíka sjóði, þó iðgjöld til þeirra séu nokkuð lægri en á almennum markaði.⁸

Einstaklingar ávinna sér réttindi í sjúkrasjóðum með þátttöku á vinnumarkaði og þar skoðast þau sem hluti af starfs- og launakjörum, en eru á sama tíma hluti af samspili bótaúrræða við starfsorkumissi. Ólíkt því sem gildir um flest önnur bótaúrræði hefur löggjafinn ekki séð ástæðu til að binda starfsemi sjúkrasjóða í lög nema að afar takmörkuðu leyti. Í lögum nr. 19/1979 og nr. 55/1980 eru ákvæði um skyldu atvinnurekenda til greiðslu iðgjalds í sjúkrasjóði, en að þeim slepptum er ekki fjallað frekar um sjúkrasjóði eða starfsemi þeirra í settum lögum. Þetta má vafalítið rekja til þess að tilvist sjóðanna byggir í grunninn á kjarasamningum; lítið hefur verið svo á að flest sem varðar hlutverk sjóðanna sé í eðli sínu samningsatriði milli aðila vinnumarkaðarins.⁹ Í stað þess að starfsemin ráðist af lögbundnu regluverki hefur samningsaðilum á vinnumarkaði og stéttarfélögunum sjálfum verið eftirlátið að ákveða starfsumhverfi sjóðanna, bæði með kjarasamningum en einkum með eigin reglusetningu hvers stéttarfélags og sjúkrasjóðs.

Öll helstu atriði varðandi starfsemi sjúkrasjóðanna eru ákveðin í reglugerðum þeirra sjálfra og nánari starfs- eða úthlutunarreglum sem stjórn hvers sjóðs setur. Þar er að finna bótareglur, málsmeðferðareglur, reglur um meðferð fjármuna og reglur um form sjóðanna og stjórn þeirra. Lög og aðrar réttarheimildir setja efni þessara reglna takmarkaðar skorður og hafa sjóðirnir því töluvert frelsi til að ákveða hvað skuli bætt úr sjóðunum og samkvæmt hvaða skilyrðum. Hér er þó rétt að hafa í huga að í lögum ASÍ er að finna samræmdar lágmarkskröfur sem gerðar eru til allra sjúkrasjóða aðilarfélaga sambandsins. Ákvæði

⁶ Lára V. Júlíusdóttir, *Stéttarfélög og vinnudeilur* (Alþýðusamband Íslands 1995) 63.

⁷ Alþt. 2000–2001, A–deild, þskj. 1084 – 501. mál, 1. spurning.

⁸ Sjá nánar umfjöllun í kafla 2.

⁹ Alþt. 2000–2001 (n. 7). Sjá einnig: Alþt. 2003–2004, A–deild, þskj. 461 – 244. mál.

reglugerða þeirra sjóða mega því ekki stangast á við þau lög. Auk þess hefur ASÍ gefið út viðmiðunarreglugerð fyrir sjúkrasjóði, sem aðildarfélögin skulu hafa til grundvallar við setningu reglna fyrir sjóði sína og þannig stuðlað að samræmingu réttinda innan sambandsins.¹⁰

Í upphafi var sjúkrasjóðunum einkum ætlað það hlutverk að mæta tekjutapi launþega sem forfallast frá vinnu vegna slysa eða veikinda. Róttin að stofnun þeirra var að bótaréttur úr sjúkrasjóði tæki við þar sem tiltölulega takmörkuðum kjarasamningsbundnum rétti til launa vegna veikinda- eða slysaforfalla sleppti. Dagpeningagreiðslum sjúkrasjóða var þannig ætlað að bæta félagslegt öryggi launþega og sú takmarkaða lagasetning sem varðar sjóðina miðar við það að greiðsla dagpeninga sé meginhlutverk þeirra.¹¹ Eftir því sem kjarasamningsbundinn réttur til launa í veikinda- og slysaforföllum hefur aukist hefur hins vegar dregið úr þörf launþega fyrir greiðslu dagpeninga úr sjúkrasjóðum. Það hefur aftur leitt til þess að sjóðirnir hafa í auknum mæli nýtt fjármagn sitt til að greiða aðrar bætur en dagpeninga.

Í fyrri hluta greinarinnar, kafla 2, er starfsemi sjúkrasjóða stuttlega skoðuð í sögulegu samhengi með áherslu á það hlutverk þeirra að greiða dagpeninga í veikinda- og slysaforföllum. Umfjöllun beinist því m.a. að uppruna sjúkrasjóðanna, markmiðinu með stofnun þeirra og rökum að baki greiðslu dagpeninga.

Í síðari hluta greinarinnar er sjónum beint að gildandi reglum um greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaganna. Megináherslan verður á greiðslu dagpeninga. Fjallað er um eftirtalið:

Hvernig réttur til dagpeningagreiðslna stofnast, hvaða skilyrðum hann er háður og hvaða aðstæður leiða til takmörkunar eða brottfalls bótaréttar. Sjá kafla 3.1.1 til .

¹⁰ Alþýðusamband Íslands, „Lög Alþýðusambands Íslands“ (samþykkt á 39. þingi ASÍ árið 2000, síðast breytt á 42. þingi 2016) 2. og 4. mgr. 49. gr. <<http://www.asi.is/um-asi/skipulag/log-og-reglugerdir-asi/>> skoðað 12. mars 2018.

¹¹ Alþt. 1957-1958 (n. 3) um 5. gr.; Alþt. 1978-1979, B-deild, 159. mál, 47. fundur (Magnús H. Magnússon); Arnmundur Backman og Gunnar Eydal, *Vinnuréttur: Um lög og rétt á vinnumarkaði* (Mál og menning 1978) 160.

Inntak dagpeningagreiðslna, þ.e. hvenær réttur til dagpeninga stofnast, hvernig lengd greiðslutímabils og upphæð dagpeninga er ákveðin og hvenær aðrar greiðslur geta leitt til brottfalls eða skerðingar á dagpeningum. Að lokum er litið á heimildir sjóðstjórna til að taka matskenndar ákvarðanir um ýmis atriði sem varða dagpeningagreiðslur. Sjá kafla 3.1.4–3.1.7.

Reglur sjúkrasjóða út frá sjónarmiðum um samræmi og jafnræði, réttaröryggi, nýtingu fjármuna og það markmið að efla efnahagsleg og félagsleg réttindi, sjá kafla 4.

Auk umfjöllunar um framangreint verður í greininni leitast við að meta hvort regluverkið um sjúkrasjóðina og starfsemi þeirra sé til þess fallið að tryggja með sem bestum hætti rétt þeirra sem greiðslnanna njóta eða hvort ástæða sé til breytinga.

2. Markmiðið með sjúkrasjóðum stéttarfélaganna – frá upphafi til okkar daga

Meðan efnahagsleg og félagsleg réttindi voru aðeins að takmörkuðu leyti tryggð í löggjöf reyndu stéttarfélagin sjálf, samhliða baráttu fyrir betri kjörum, að efla samhjálp félagsmanna og mynda eigið öryggisnet sem gæti komið til hjálpar í áföllum og erfiðleikum. Samtryggingarsjóðir sem veittu styrki til félagsmanna vegna veikinda eða slysa voru hluti af slíku öryggisneti. Erlendis var algengt að stéttarfélag eða annar félagsskapur starfsstétta starfræktu sjúkrasamlög, sem voru samtök um sjúkratryggingar og greiddu sjúkrakostnað félagsmanna sinna og sjúkradagpeninga.¹² Á Íslandi stofnaði Hið íslenska prentarafélag sjúkrasamlag 1897, en fleiri urðu sjúkrasamlög stéttarfélaganna ekki hérlendis. Sjúkrasamlag Hins íslenska prentarafélags var lagt niður við gildistöku laga nr. 26/1936 um alþýðutryggingar,

¹² Alþt. 1911, A–deild, þskj. 258 – 86. mál, athugasemdir landlæknis við frumvarp til laga um sjúkrasamlög, athugasemdir við 3. gr., 1. staflíð; Jón Blöndal (ritstj.), *Félagsmál á Íslandi* (Félagsmálaráðuneytið 1942) 74–76; Stefán Ólafsson, *Íslenska leiðin: Almennatryggingar og velferð í fjölþjóðlegum samanburði* (Tryggingastofnun ríkisins 1999) 23.

en á grunni þess var sjúkrasjóður félagsins stofnaður.¹³ Vegna þessara afdrifa sjúkrasamlagsins hefur verið litið svo á að þar hafi farið fyrsti sjúkrasjóður íslensks stéttarfélags.¹⁴

Ákveðin straumhvörf urðu í starfsemi stéttarfélaganna með stofnun Verkamannafélagsins Dagsbrúnar árið 1906, en stefna félagsins í verkalýðsmálum var mun ákveðnari en áður hafði þekkt. Meðal markmiða í stofnskrá Dagsbrúnar og í fyrstu lögum félagsins var að styrkja félagsmenn sem yrðu fyrir óhöppum eða slysum. Í samræmi við það tók styrktarsjóður félagsins til starfa árið 1911.¹⁵

Stéttarfélög náðu nokkrum árangri í samningum um rétt til launagreiðslna í veikindum á þriðja og fjórða áratug 20. aldar¹⁶ og með lögum nr. 26/1936 var lágmarksréttur fastráðinna starfsmanna til launa í veikindaforföllum lögfestur.¹⁷ Þau lög tryggðu þó aðeins greiðslur vegna fjórtán veikindadaga á ári. Félaglegt öryggi þeirra sem misstu úr vinnu vegna langvarandi veikinda þótti því enn ótryggt. Þegar leið á öldina brugðust stéttarfélög í auknum mæli við þessu með því að stofna og efla eigin sjúkrasjóði.¹⁸ Framan af voru sjúkrasjóðirnir fjármagnaðir með sérstöku iðgjaldi¹⁹ eða framlagi úr félagsjóði sem nam hluta iðgjalda félagsmanna, auk ýmis konar tilfallandi fjárföl-

¹³ Ingi Rúnar Eðvarðsson, „Prentarar í heila öld: Hið íslenska prentarafélag 100 ára“ (1996) 16 (2) Prentarinn 20.

¹⁴ Guðmundur Jónsson, „Velferðarkerfið: Ávöxtur af baráttu verkalýðshreyfingarinnar?“ í Sumarliði R. Ísleifsson og Þórunn Sigurðardóttir (ritstj.), *Samfélagsleg áhrif verkalýðshreyfingarinnar á 20. öld – Framtíðarsýn á 21. öldinni* (Efling stéttarfélag og Reykjavík Akadémían 2007) 88; Stefán Ólafsson (n. 12) 23.

¹⁵ Guðmundur Jónsson (n. 14) 87–88; Ingólfur Ingvarsson (ritstj.), *Með oddi og egg: Stéttarfélög á Íslandi* (Útgáfufélagið Frúin 2004) 15; Styrktarsjóður verkamanna í Dagsbrún, „Reglugerð fyrir Styrktarsjóð verkamanna í Dagsbrún“ (1911); Verkamannafélagið Dagsbrún, „Lög Verkamannafélagsins Dagsbrún“ (1906) 5. t. 3. gr.; Þorleifur Friðriksson, *Við brún nýs dags: Saga Verkamannafélagsins Dagsbrúnar 1906-1930* (Efling stéttarfélag, Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan 2007) 44 og 180–181.

¹⁶ Alþt. 1935, A–deild, þskj. 405 – 131. mál, um 39. gr.

¹⁷ Lög nr. 26/1936 um alþýðutryggingar. Stjúd 1936, A–deild, 59, 41. gr.

¹⁸ Stefán Ólafsson (n. 12) 106.

¹⁹ Styrktarsjóður verkamanna í Dagsbrún (n. 15) 5. gr.

unar.²⁰ Ekki var skylduaðild að sjóðunum og þátttaka í þeim oft dræm. Iðgjöld félagsmanna dugðu því ekki til að mynda nægilega stóra og stöðuga sjóði til að sinna því hlutverki sem að var stefnt heldur þurfti að leita annarra leiða til að efla sjóðina.²¹

Krafa stéttarfélaganna um tryggari fjármögnun sjúkrasjóða hóf að bera árangur á sjötta áratugnum, en þá tókst ýmsum félögum að semja svo um í kjarasamningum að vinnuveitendur greiddu framlag í sjúkrasjóð.²² Árið 1955 sömdu ellefu iðnaðarmannafélög um 1% lægri launahækkun en verkamannafélögin fengu, gegn því að greitt yrði í sjúkrasjóð.²³ Mikill árangur náðist í kjarasamningum árið 1961. Þá sömdu Kaupfélag Eyfirðinga og Samband íslenskra samvinnufélaga fyrst við stéttarfélög á Akureyri og skömmu síðar Dagsbrún í Reykjavík um að vinnuveitendur skyldu greiða 1% af greiddu dagvinnukaupi hvers starfsmanns í sjúkrasjóði félaganna. Í kjölfarið var gerður fjöldi kjarasamninga á sama grundvelli.²⁴ Með þessum samningum varð nokkuð almennt að vinnuveitendur greiddu framlag í sjúkrasjóði stéttarféлага vegna starfsmanna sinna, þó ekki væri það algilt.²⁵ Við þetta styrktist rekstargrundvöllur sjóðanna mjög og félögum fjölgaði sem stofnuðu og starfræktu slíka sjóði.

²⁰ Verkamannafélag Akureyrar, „Reglugjörð fyrir Sjúkrasjóð Verkamannafélags Akureyrar“, í *Lög Verkamannafélags Akureyrar* (1931) 2. gr.; Verkalýðsfélagið Brynja, „Skipulagsskrá sjúkrasjóðs verkalýðsfélagsins Brynja“, í *Lög og fundarskög Verkalýðsfélagsins Brynja* (1936) 3. gr.

²¹ Guðmundur Jónsson (n. 14) 88; Stefán Ólafsson (n. 12) 23; Þorleifur Friðriksson (n. 15) 181.

²² Lög nr. 16/1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Stjtið 1958, A–deild, 33, 5. gr. Sjá einnig: Félag íslenskra rafvirkja, „Reglugerð fyrir Styrktarsjóð Félags íslenskra rafvirkja“, í *Lög og reglugerðir Félags íslenskra rafvirkja* (1958) 3. gr.; Félag bifvélavirkja, „Reglugerð fyrir Styrktarsjóð Félags bifvélavirkja“, í *Lög Félags bifvélavirkja* (1960) 4. gr.

²³ Sumarliði R. Ísleifsson, *Saga Alþýðusambands Íslands, 2. bindi: Til velferðar* (Forlagið 2013) 251.

²⁴ „KEA og SÍS semja við verkalýðsfélögin á Akureyri um kaup og kjör“ *Alþýðumaðurinn* (Akureyri, 6. júní 1961) 1; „SÍS og Dagsbrún semja til eins árs“ *Alþýðublaðið* (Reykjavík, 10. júní 1961) 1; „Íhaldið í Reykjavík þverskallast enn“ *Verkamadurinn* (Akureyri, 16. júní 1961) 1.

²⁵ „Úr bæ og byggð: Nýir kjarasamningar“ *Vesturland: Blað vestfirzakra sjálfstæðismanna* (Ísaförður, 1. júlí 1961) 1.

Stofnun og eflingu sjúkrasjóða var ætlað að bæta öryggi og hag verkamanna sem áttu rýran rétt til veikindalauna hjá vinnuveitanda og innan hins opinbera velferðarkerfis. Sjóðirnir voru þannig dæmigert samhljálpar- eða samtryggingarkerfi félagsmanna. Þegar iðgjöld í sjóðina tóku að berast beint frá atvinnurekendum varð hins vegar nokkur breyting á því hvernig horft var á eðli sjóðanna og réttindi félagsmanna. Frá upphafi virðist hafa verið litið svo á að kjarasamningsákvæði um framlag atvinnurekenda í sjúkrasjóði væru hluti af launakjörum starfsmannsins, kjarabót sem hefði komið að einhverju leyti í stað launahækkana. Þar af leiðandi væri öll skerðing á þeim greiðslum í raun ígildi launalækkunar.²⁶

Skyldan til að greiða framlag í sjúkrasjóð var háð því að í það minnsta annar hvor aðili ráðningarsambands, vinnuveitandi eða launþegi, ætti aðild að kjarasamningi þar sem samið hefði verið um slíkt, sbr. dóm Hæstaréttar 6. júní 1972 í máli nr. 196/1971 (Hrd. 1972, 523). Þar var vinnuveitanda talið skylt að greiða í sjúkrasjóð vegna starfsmanna sinna, enda væru þeir félagsmenn stéttarfélags sem ætti aðild að kjarasamningi þar sem samið væri um slíkt framlag og tækju almennt kjör samkvæmt þeim samningi, jafnvel þó vinnuveitandinn sjálfur væri ekki aðili kjarasamningsins. Í dómi Hæstaréttar 7. júní 1971 í máli nr. 196/1970 (Hrd. 1971, 646) var niðurstaðan aftur á móti sú að vinnuveitanda væri ekki skylt að greiða framlag í sjúkrasjóð ef hvorki vinnuveitandi né starfsmenn væru aðilar að þeim samtökum sem gert hefðu kjarasamninginn sem greiðsluskyldan byggði á. Í niðurstöðu héraðsdóms, sem Hæstiréttur staðfesti, segir:

Telja verður, að á sama hátt og atvinnurekendum er frjálst að vera utan samtaka stéttar sinnar, er þeim, sem utan standa, frjálst að taka á sig skyldur, sem væru þeir innan samtakanna, ef þeir kjósa svo. Þannig verður atvinnurekanda, sem er utan samtaka og kýs að greiða eigi gjöld þessi, ekki gert að gera það, þegar og á það er litið, að starfsfólk hans er eigi í stéttarfélagi því, sem greiðslurnar eiga að renna til.

Þessi niðurstaða varð kveikjan að því að með 3. gr. laga nr. 9/1974 um starfskjör launþega o.fl. var skylda allra vinnuveitanda til að greiða

²⁶ Alþt. 1957-1958 (n. 3) um 5. gr.

iðgjald í sjúkrasjóði lögfest.²⁷ Vísað var til þess að um væri að ræða mikilsverð réttindi launþega og hluta þeirra starfskjara sem samið hefði verið um í kjarasamningum. Það væri andstætt jafnréttissjónarmiðum að launagreiðandi gæti komið sér undan að greiða þetta framlag, með því að standa utan samtaka vinnuveitenda og ráða aðeins til sín starfsfólk sem stæði utan stéttarféлага.²⁸ Þetta var fyrsta lagaákvæðið sem fjallaði beinlínis um sjúkrasjóði stéttarféлага.

Þegar lög nr. 9/1974 voru sett giltu lög nr. 16/1958 um veikindarétt launþega, en samkvæmt 4. gr. laganna skyldu „[f]astir starfsmenn og tíma- og vikukaupsmenn [...] eigi missa neins af í launum sínum [...] fyrstu fjórtán dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum veikinda eða slysa“. Með lögum nr. 19/1979 var þessi réttur verulega aukinn, án þess þó að talin væri ástæða til að endurskoða greiðslur vinnuveitenda í sjúkrasjóði. Í framsöguræðu félagsmálaráðherra, Magnúsar H. Magnússonar, vegna frumvarps sem varð að lögum nr. 19/1979, segir um sjúkrasjóðina:

Það kann að virðast ofrausn að viðhalda þessum greiðslum eftir þá miklu aukningu á launagreiðslum í veikinda- og sjúkdómstíffellum sem frv. gerir ráð fyrir. Hér er þó þess að gæta, að þótt þetta frv. verði að lögum eru réttindi nokkurs hluta verkafólks þó enn ótrygg og geta sjúkrasjóðir því vissulega haft mikilsverðu hlutverki að gegna áfram.²⁹

Við þessa miklu aukningu veikindaréttar er eðlilegt að álykta að almennt hafi dregið úr þörf á greiðslu dagpeninga úr sjúkrasjóðum vegna veikinda- eða slysaforfalla sjóðfélaga, þó vissulega væru ýmis tilvik þar sem enn reyndi á þær. Af ræðu félagsmálaráðherra er hægt að álykta að búist hafi verið við því að hlutverk sjúkrasjóðanna myndi breytast nokkuð við aukningu veikindaréttar á vinnumarkaði. Lítt er þó vikið að því hvernig áætlað væri að hlutverk sjóðanna myndi þróast, og litlar sem engar röksemdir færðar

²⁷ Í 3. gr. var fjallað um skyldu til að greiða í sjúkrasjóði „iðgjöld þau, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni“, en af 1. gr. laganna leiddi að þau kjör sem samið var um í kjarasamningum giltu óháð því hvort launþegi var félagsmaður í stéttarfélagi sem aðild átti að samningnum.

²⁸ Alþt. 1973–1974 (n. 4) um 2. og 3. gr.; Alþt. 1973–1974, B-deild, 70. mál, 20. fundur (Björn Jónsson); Alþt. 1973–1974, B-deild, 70. mál, 28. fundur (Helgi Seljan).

²⁹ Alþt. 1978–1979, B-deild, 159. mál, 47. fundur (Magnús H. Magnússon).

fram fyrir því að viðhalda iðgjaldagreiðslum vinnuveitenda í sjóðina. Þar gæti hafa spilað inn það sjónarmið að afnám eða skerðing iðgjaldagreiðslna í sjúkrasjóði jafngildi í raun kjaraskerðingu.³⁰

Eins og fram kemur í kafla 1 taka lög nr. 19/1979 og lög nr. 55/1980 aðeins til starfsmanna á almennum markaði, en stéttarfélög opinberra starfsmanna starfræktu framan af ekki sjúkrasjóði.³¹ Skýrist þetta að mestu af því að félagsleg réttindi opinberra starfsmanna voru jafnan betur tryggð en verkalýðsins. Þannig áttu embættismenn og fleiri opinberir starfsmenn styrktarsjóði og/eða lífeyrissjóði sem komið var á með lögum, löngu áður en alþýðu- og síðar almannatryggingar urðu einhvers megnandi.³² Veikindaréttur opinberra starfsmanna hefur líka löngum verið mun betri en á almennum markaði.³³

Eins og áður hefur komið fram sömdu stéttarfélög opinberra starfsmanna í kjarasamningum árið 2000 um að greitt yrði framlag í sjúkrasjóði. Þeim sjóðum var meðal annars ætlað að standa straum af skertum tekjum opinberra starfsmanna í fæðingarorlofi vegna nýrra laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof.³⁴ Á grundvelli laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna eru kjarasamningar sem stéttarfélög opinberra starfsmanna gera bindandi réttarheimild um kaup og kjör, á sama hátt og kjarasamningar á almennum markaði. Vinnuveitendum opinberra starfsmanna er skylt að greiða í sjúkrasjóði stéttarfélaga, rétt eins og vinnuveitendum á almennum markaði, á grundvelli kjarasamninga. Hins vegar gildir ekkert ákvæði sambærilegt 7. gr. laga nr. 19/1979 um lágmarksframlag í sjúkrasjóði stéttarfélaga

³⁰ Alþt. 1957-1958 (n. 3) um 5. gr.

³¹ Lára V. Júlíusdóttir, (n. 6) 63.

³² Jón Blöndal (n. 12) 78-79.

³³ Eftir ár í starfi fá opinberir starfsmenn greidda 133 daga í veikinda- og slysaforföllum, auk viðbótarréttar ef um vinnuslys er að ræða, sjá: „Dreifibréf 1/2007 – Veikindaréttur“ (Fjármálaráðuneytið, 20. nóvember 2007) 7.2 gr. <<https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannaudsmal-rikisins/kjarasamningar-laun-og-starfskjoir/dreifibref/dreifibref-1-2007-veikindarettur/>> skoðað 12. mars 2018. Eftir sama starfstíma eiga starfsmenn á almennum markaði lögbundinn rétt til veikindalauna í einn mánuð, sjá: Lög nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, 1. mgr. 5. gr.

³⁴ Alþt. 2000-2001 (n. 7) 1. spurning.

opinberra starfsmanna. Þeim er því heimilt að semja um lægra iðgjald en 1% og er það nú á bilinu 0,3–0,75%.³⁵

3. Reglur um dagpeningagreiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga

3.1 Greiðsla dagpeninga er kjarninn í starfsemi sjúkrasjóða

Greiðsla dagpeninga í veikinda- og slysatilfellum er ein þeirra megin skuldbindinga sem liggur til grundvallar starfsemi sjúkrasjóða. Þetta endurspeglast t.d. í viðmiðunarreglugerð ASÍ fyrir sjúkrasjóði. Þar segir, í gr. 12.10:

Við ráðstöfun fjármuna skv. 12.8 og 12.9 [heimild til greiðslu forvarnar- og endurhæfingarstyrkja, styrkja vegna sjúkra- og slyskostnaðar og styrkja í tengslum við fyrirbyggjandi aðgerðir sem snerta öryggi og heilsufar] skal þess gætt að möguleiki sjóðsins til að standa við *upphaflegar skuldbindingar sínar vegna sjúkdóma og slysa* skerðist ekki [áhersla höfundu].

Þær upphaflegu skuldbindingar sjúkrasjóðanna sem hér er vísað til eru greiðsla dagpeninga samkvæmt gr. 12.1–12.3 í reglugerðinni og dánarbóta samkvæmt gr. 12.4. Í athugasemdum við viðmiðunarreglugerð ASÍ kemur fram að meginhlutverk sjúkrasjóðanna sé að „greiða bætur þegar samnings- eða lögbundnum rétti lýkur eða bæta þann rétt í tiltekinn tíma og sem tiltekið hlutfall launa“.³⁶ Litið er svo á að réttur til dagpeningagreiðslna vegna eigin starfsorkumissis sé kjarni þeirra réttinda sem sjóðfélagi í sjúkrasjóði stéttarfélags nýtur.³⁷ Þetta fær stöð í lögum og lögskýringargögnum sem um sjúkrasjóðina fjalla, en af þeim verður ráðið að bótaskylda sjóðanna gagnvart sjóðfélögum nái fyrst og fremst til greiðslu dagpeninga. Af eldri reglugerðum sjúkrasjóða

³⁵ Guðmundur Sigurðsson, „Íslandsk kompensasjonsrett ved arbeidsulykker“ í Severin Blomstrand, Mia Carsson, Dag Mattsson, Anna Skarhed og Sven Unger (ritstj.), *Bertil Bengtsson 90 ár* (Jura Förlag AB 2016) 479.

³⁶ Guðmundur Rúnar Árnason, „Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands árið 2006“ (Alþýðusamband Íslands, 2006) 234 <<http://www.asi.is/media/6312/Skyrslaforseta2006.pdf>> skoðað 12. mars 2018.

³⁷ Sama heimild 231.

sést að lengi var lögð töluverð áhersla á greiðslu dánarbóta eða styrkja vegna andláts sjóðfélaga, sem einnig teljast til upphaflegra skuldbindinga sjóðanna. Dánarbætur eru enn hluti af þeim styrkjum sem flestir sjóðir greiða, en dregið hefur verið úr þeim greiðslum á síðustu áratugum.³⁸

3.1.1 Stofnun réttinda

Samkvæmt reglum sjóðanna stofnast réttur til dagpeningagreiðslna ávallt með greiðslu iðgjalds, en það er í samræmi við túlkun laga og dómaframkvæmd.³⁹ Nokkuð misjafnt er hversu lengi þarf að greiða iðgjald áður en rétturinn stofnast og hvort fjárhæð iðgjaldagreiðslu þarf að hafa náð einhverju lágmarki. Þá er einnig misjafnt hvort full réttindi stofnist í einu lagi eða hvort þau stofnist í áföngum eða í hlutfalli við greiðslutíma.

Í gr. 9.3 í viðmiðunarreglugerð ASÍ kemur fram að réttur til styrkveitinga sé háður því að greidd hafi verið „til sjóðsins 1% iðgjöld í a.m.k. 6 mánuði“. Flestir sjúkrasjóðir aðildarfélaga ASÍ nota þetta ákvæði í reglugerðum sínum. Af ákvæðinu verður ekki annað ráðið en að fyrstu fimm mánuði sem greitt er iðgjald í sjóðinn eigi sjóðfélagi ekki rétt á greiðslum úr sjóðnum, en fullur réttur til dagpeninga hafi áunnist eftir sjötta mánuð iðgjaldagreiðslu. Sjóðir margra félaga utan ASÍ hafa sama hátt á; fullur réttur til greiðslu dagpeninga stofnast í einu lagi þegar iðgjald hefur verið greitt í tiltekinn lágmarkstíma. Algengast er að miðað sé við sex mánuði.

Hjá öðrum sjóðum myndast réttindi hlutfallslega á fyrstu mánuðum sjóðsaðildar, þar til fullum rétti er náð. Það að réttur myndist hlutfallslega getur átt við fjárhæð dagpeninga, lengd greiðslutímabils, eða hvort tveggja. Ekki kemur alltaf skýrt fram í reglum sjóðanna hvað af þessu á við. Algengt er að tímabil dagpeningagreiðslna sé skert, þannig að það sé ekki lengra en sá tími sem iðgjald hefur

³⁸ Aldan stéttarfélag, „Reglugerð Sjúkrasjóðs Öldunnar stéttarfélags“ (samþykkt á aðalfundi félagsins 8. apríl 2010) athugasemdir við 11.3 gr. <<http://www.stettarfelag.is/files/8/20080221164310960.pdf>> skoðað 12. mars 2018; Guðrún Kr. Óladóttir, viðtal við Sigrúnu Ísleifsdóttur (29. apríl 2015).

³⁹ Sjá Hrd. 6. júní 1972 í máli nr. 196/1971 (Hrd. 1972, 523) og Hrd. 7. júní 1971 í máli nr. 196/1970 (Hrd. 1971, 646) sem reifaðir voru í kafla 2.

verið greitt í sjóðinn, þar til fullum réttindum er náð. Í b-lið 4. gr. úthlutunarreglna Sjúkrasjóðs BHM er þetta skýrt svona: „Hafi sjóðfélagi greitt í færri en 12 mánuði fær hann greitt hlutfallslega. Þannig hefur sjóðfélagi sem greitt hefur til sjóðsins í sex mánuði einungis áunnið sér rétt til dagpeninga í sex mánuði.“ Rétturinn eykst svo við hverja greiðslu uns hámarksrétti er náð. Önnur aðferð til að tengja tímabil dagpeningagreiðsla við það hve lengi iðgjald hefur verið greitt í sjóðinn er að réttur myndist í áföngum. Dæmi um slíkt er Styrktarsjóður BSRB. Í a- og b-lið 4. gr. úthlutunarreglna sjóðsins kemur fram að þegar greitt hefur verið í sjóðinn í sex mánuði myndast réttur til dagpeningagreiðslna í 45 daga, en eftir tólf mánaða iðgjaldagreiðslur lengist greiðslutímabil dagpeninga í 90 daga.

Þegar réttur til fullrar fjárhæðar dagpeninga myndast hlutfallslega miða full réttindi jafnan við sex mánuði. Fram að þeim tíma er fjárhæð dagpeninga miðuð við upphæð sem fundin er „með því að deila í laun á viðmiðunartímabili með 6 mánuðum, þó svo að greitt hafi verið skemur en í 6 mánuði“.⁴⁰ Hlutfallsleg réttindi myndast sjaldnast frá fyrstu iðgjaldagreiðslu⁴¹ heldur nokkru síðar, t.d. frá og með þriðja mánuði sem iðgjald er greitt⁴² eða eftir að iðgjald hefur verið greitt fyrir tíu vikur.⁴³

Dæmi eru um að réttur myndist hlutfallslega varðandi bæði fjárhæð dagpeninga og lengd greiðslutímabils hjá sama sjóðnum. Þannig er

⁴⁰ VR, „Starfsreglur sjúkrasjóðs VR“ (samþykktar í stjórn VR 24. september 1979, síðast samþykktar breytingar 7. júní 2017) 2.6 gr. <<https://www.vr.is/um-vr/log-og-reglugerdir/reglugerd-og-starfsreglur-sjukrasjods-vr/>> skoðað 12. mars 2018.

⁴¹ Sjá þó: VR, „Reglugerð sjúkrasjóðs VR“ (samþykkt á aðalfundi VR 23. mars 1980, síðast breytt 25. mars 2015) 9.2 gr. <<https://www.vr.is/um-vr/log-og-reglugerdir/reglugerd-og-starfsreglur-sjukrasjods-vr/>> skoðað 12. mars 2018; Grafa, „Reglugerð Sjúkrasjóðs“ (ó dags.) b-liður 7. gr. <http://grafa.is/wp-content/uploads/2017/01/Reglugerdir_sjoda_GRAFIU_04_2017.pdf> skoðað 12. mars 2018.

⁴² Efling stéttarfélag, „Reglugerð Sjúkrasjóðs“ (samþykkt á framhaldsaðalfundum Dagsbrúnar, Framsóknar, Sóknar og Félags starfsfólks í veitingahúsum í nóvember 1998 og á félagsfundi Iðju í nóvember 1999, síðast breytt á aðalfundi Eflingar 27. apríl 2017) 1. mgr. 8. gr. A <<http://www.efling.is/sjukrasjodur/reglugerd/>> skoðað 12. mars 2018.

⁴³ AFL Starfsgreinafélag, „Reglugerð Sjúkrasjóðs AFLs Starfsgreinafélags“ (tók gildi 12. maí 2013) 9.3 gr. <http://www.asa.is/images/stories/LogReglugerdirPdf/reglugerd_sjukrasjods.pdf> skoðað 12. mars 2018.

Því farið hjá Sjúkrasjóði VR. Hlutfallsleg réttindi í sjóðnum stofnast í áföngum frá fyrstu iðgjaldagreiðslu.⁴⁴ Fyrstu sex mánuðina er fjárhæð dagpeninga 80% af $\frac{1}{6}$ þeirra launa sem greitt hefur verið af (sbr. deiliregluna sem lýst var að framan). Á fyrstu níu mánuðum aðildar skal „ekki greiða sjúkra- og slysdagpeninga í fleiri daga en greitt hefur verið fyrir viðkomandi félagsmann í sjúkrasjóðinn“.⁴⁵ Réttindi í Sjúkrasjóði VR fara þannig stigvaxandi á fyrstu níu mánuðum sem iðgjald er greitt í sjóðinn, eins og sýnt er í eftirfarandi töflu:

	<i>Tímabil greiðslna</i>	<i>Mánaðarleg upphæð dagpeninga</i> ⁴⁶
Eftir 1 mánuð	30 dagar	400.000/6 x0,8 53.333 kr.
Eftir 3 mánuði	90 dagar	(3x400.000)/6 x0,8 160.000 kr.
Eftir 5 mánuði	150 dagar	(5x400.000)/6 x0,8 266.667 kr.
Eftir 6 mánuði	180 dagar	400.000 x0,8 320.000 kr.
Eftir 9 mánuði	270 dagar	320.000 kr.

Auk skilyrðis um lágmarksgreiðslutíma setja nokkrir sjóðir það skilyrði að iðgjaldagreiðslur nái ákveðnu lágmarki svo full réttindi stofnist í sjóðnum. Yfirleitt felst inntak slíkrar reglu í að tengja full réttindi í sjóðnum við iðgjald sem sé ekki greitt af lægri upphæð

⁴⁴ VR, „Starfsreglur sjúkrasjóðs VR“ (n. 40) 2.6 gr.

⁴⁵ VR, „Reglugerð sjúkrasjóðs VR“ (n. 41) 10.2 gr.

⁴⁶ Miðað er við 400.000 kr. meðalmánaðarlaun sjóðfélaga.

en tilteknum lágmarkstaxta.⁴⁷ Þá eru dæmi um að sjóðfélagi öðlist aukin réttindi eftir langa aðild að sjóðnum, ýmist þannig að fjárhæð dagpeninga hækkar,⁴⁸ eða greiðslutímabil lengist.⁴⁹

Af framangreindu er ljóst að almennt tekur 3–12 mánuði að öðlast full réttindi til greiðslna úr sjúkrasjóðum, þó í sumum tilfellum myndist hlutfallsleg réttindi á skemmri tíma. Skipti sjóðfélagi um starf sem leiðir til þess að greiðslur renna í nýjan sjúkrasjóð⁵⁰ getur hann því átt á hættu að vera án réttinda um nokkurra mánaða skeið (en réttindi í sjúkrasjóðum falla jafnan niður um leið og greiðslur hætta að berast, sjá kafla 3.1.2). Sumir sjóðir hafa brugðist við þessu með því að semja um flutning réttinda milli sjóða. Samkvæmt 1. mgr. 49. gr. laga ASÍ er aðildarfélögum sambandsins skylt að flytja réttindi milli sjúkrasjóða sinna og tekur flutningurinn gildi um leið og greitt hefur verið fyrir einn mánuð í nýjan sjóð, enda hafi sjóðfélagi átt rétt í fyrri sjóði fram að þeim tíma. Þau félög sem starfrækja tvo sjóði (sjúkrasjóð fyrir starfsmenn á almennum markaði og styrktarsjóð fyrir opinbera starfsmenn) heimila yfirleitt gagnkvæman flutning

⁴⁷ Matvæla- og veitingafélag Íslands, „Reglugerð fyrir sjúkrasjóð MATVÍS (samþykkt á ársfundi MATVÍS 17. maí 2006, síðast breytt á aðalfundi 12. mars 2013) 9.3 gr. <<http://www.matvis.is/um-matvis/loeg-og-reglugerddhir/47-reglugerddhir-fyrir-sjukrasjodh-matvi-s-medh-breytingum-fra-adhalfundi-2012>> skoðað 12. mars 2018; Félag málmíðnaðarmanna Akureyri, „Sjúkrasjóðsstyrkir“ (*fma.stettey.is*) <<https://fma.stettey.is/sjukrasjodur/styrkir>> skoðað 12. mars 2018.

⁴⁸ Bifreiðastjórafélagið Sleipnir, „Reglugerð sjúkrasjóðs“ (samþykkt á aðalfundi Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis í nóvember 2009) 2. t. 10. gr. A <http://www.islandia.is/sleipnir/log/regl_sjukrasjods.htm> skoðað 12. mars 2018; Efling stéttarfélag, „Reglugerð Sjúkrasjóðs“ (n. 42) 2. mgr. 11. gr. A.

⁴⁹ Verkstjórásamband Íslands, „Reglugerð Sjúkrasjóðs verkstjóra og stjórnenda“ (samþykkt á þingi VSSÍ 6. júlí 1975, síðast breytt 1. apríl 2017) 7.2 gr. <http://www.vssi.is/index.php?option=com_content&view=article&id=116:reglugere-sjukrasjoes-verkstjora&catid=1:loeg-og-reglugereir&Itemid=57> skoðað 12. mars 2018.

⁵⁰ Samkvæmt 7. gr. laga nr. 19/1979 og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 55/1980 skal greiða „í sjúkrasjóð viðkomandi stéttarfélags“ og ræðst af kjarasamningum hvaða sjóður það er; greiða skal í sjóð þess félags sem stendur að þeim kjarasamningi sem gildir um kjör viðkomandi starfsmanns. Fari sjóðfélagi í nýtt starf þar sem hann tekur kjör eftir öðrum kjarasamningi en áður renna greiðslurnar því í nýjan sjóð.

réttinda milli þeirra sjóða.⁵¹ Þá eru dæmi um að í reglum komi fram heimild til að semja um gagnkvæman flutning réttinda við aðra ótilgreinda sjóði.⁵²

3.1.2 Takmörkun eða brottfall réttinda

Algenget er að réttur til greiðslna úr sjúkrasjóði sé bundinn við þá sem „sannanlega greiða eða er greitt af til sjóðsins og *verið er að greiða fyrir* til sjóðsins *þegar réttur til aðstoðar myndast*“ [áhersla höfunda].⁵³ Réttur til greiðslna fellur því brott um leið og iðgjaldagreiðslur hætta að berast. Þá er stundum gert að skilyrði að iðgjöld hafi verið greidd samfelld um ákveðinn tíma áður en „atburður, sem veitir rétt til styrks úr sjóðnum, átti sér stað“.⁵⁴ Líklega er rétt að túlka reglur almennt á þann veg að nauðsynlegt sé að iðgjald hafi verið greitt fram að þeim tíma sem réttur til dagpeningagreiðslna myndast. Einstaka sjóðir víkja frá þessu, þannig að réttindi haldast í tiltekinn tíma eftir að sjóðfélagi hverfur úr starfi og iðgjöld hætta að berast.⁵⁵ Í öðrum tilvikum er sjóðfélögum veittur áframhaldandi réttur um nokkurn tíma eftir að þeir hefja töku lífeyris við starfslok. Greiðslutími dagpeninga er

⁵¹ Bandalag háskólamanna, „Skipulagsskrá fyrir Sjúkrasjóð Bandalags háskólamanna“ (samþykkt á aðalfundi BHM 18. maí 2017) 5. tl. 3. gr. <<https://www.bhm.is/media/sjukrasjodur/Skipulagsskra-SBHM-2017.pdf>>, skoðað 12. mars 2018; Verkfræðingafélag Íslands, „Starfsreglur Sjúkrasjóðs Verkfræðingafélags Íslands“ (samþykktar af stjórn KVFÍ 4. janúar 2017) 1. mgr. 2. gr. <https://www.vfi.is/media/kjaramal/Sjukrasjodur_VFI_starfsreglur_feb_2016.pdf> skoðað 13. mars 2018.

⁵² Styrktarsjóður BSRB, „Reglugerð fyrir Styrktarsjóð BSRB“ (samþykkt á aðalfundi Styrktarsjóðsins 4. september 2015) a-liður 10.1 gr. <<https://styrktarsjodur.bsrb.is/sjodurinn/reglugerd/>> skoðað 12. mars 2018.

⁵³ Alþýðusamband Íslands, „Viðmiðunarreglugerð fyrir sjúkrasjóði aðildarfélaga ASÍ“ (samþykkt á fundi miðstjórnar ASÍ 2. ágúst 2006) 9.2 gr. <<http://www.asi.is/um-asi/skipulag/log-og-reglugerdir-asi/reglugerdir-og-reglur/>> skoðað 12. mars 2018.

⁵⁴ Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, „Starfsreglur Styrktarsjóðs“ (samþykkt á aðalfundi Fih 20. maí 2016) Form og aðild, a-liður 3 gr. <<http://www.hjukrun.is/styrkir-og-sjodir/styrktarsjodur/#Tab5>> skoðað 12. mars 2018.

⁵⁵ Félag skipstjórnarmanna, „Reglugerð Styrktarsjóðs Félags skipstjórnarmanna“ (samþykkt á fundi stjórnar FS 9. maí 2007) 8.1.1 gr. <<http://www.skiptstjorn.is/index.php/styrktarsjodhur-fs>> skoðað 12. mars 2018.

þá yfirleitt skertur,⁵⁶ enda gengið út frá því að viðkomandi njóti lífeyrisgreiðslna óháð vinnufærni.

Hefjist iðgjaldagreiðslur síðar að nýju er ekki alltaf ljóst hvort sjóðfélagi þurfi að ávinna sér réttindi frá grunni, eða hvort eldri réttindi vakni að einhverju leyti.⁵⁷ Þó eru ákveðin tilvik sem leiða til þess að hægt er að viðhalda réttindum eða endurvekja þau. Í 11. gr. viðmiðunarreglugerðar ASÍ er fjallað um „geymd réttindi“ í sjúkrasjóðum. Þar kemur fram að hægt sé að viðhalda rétti í sjúkrasjóði við tímabundið brotthvarf af vinnumarkaði vegna fæðingarorlofs, atvinnuleysis eða námsleyfis og vegna heimilisaðstæðna eða veikinda. Slíkar heimildir er að finna í reglum margra sjóða. Viðhald réttinda í fæðingarorlofi eða vegna atvinnuleysis er yfirleitt háð því að greitt sé félagsgjald af atvinnuleysisbótum eða fæðingarorlofsgreiðslum, en þá er jafnframt hægt að sækja um styrki til sjóðsins á meðan fæðingarorlof eða atvinnuleysi varir. Missi sjóðfélagi rétt til atvinnuleysisbóta vegna veikinda eða slysa sem valda óvinnufærni ætti hann því jafnan rétt til dagpeninga, hafi hann kosið að viðhalda réttindum í sjúkrasjóði. Stundum gilda sérstakar reglur um dagpeningagreiðslur til atvinnulausra, svo sem um styttri greiðslutíma eða að fjárhæð dagpeninga miðist við hlutfall af atvinnuleysisbótum í stað meðallauna

⁵⁶ Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, „Starfsreglur Styrktarsjóðs“ (n. 54) Form og aðild, e-liður 3. gr.; Sjúkrasjóður Bandalags háskólanna, „Úthlutunarreglur Sjúkrasjóðs“ (síðast breytt 1. janúar 2018) e-liður 2. gr. <<https://www.bhm.is/media/sjukrasjodur/Uthlutunarreglur-SBHM-1.1.2018.pdf>> skoðað 12. mars 2018; Verkstjórasamband Íslands (n. 49) 6.4.1 gr. og 7.4.1 gr.

⁵⁷ Í reglum sumra sjóða er heimild til að stytta ávinnslutímabil þegar svo stendur á, sjá: SSF, samtök starfsmanna fjármálafrirtækja, „Samþykktir Styrktarsjóðs SSF“ (staðfestar af samninganefnd bankanna í Reykjavík 11. júní 1999, endurskoðaðar á 44. þingi SSF í mars 2010) 3.2 gr. <<http://www.ssf.is/styrktarsjodur-2/samthykktir/>> skoðað 12. mars 2018. Á vefsíðu VR kemur fram að „fullgildur félagsréttur“ geti vaknað á ný eftir að hlé hefur orðið á greiðslum við fyrstu greiðslu félagsgjalds, enda nái greiðslur sl. 12 mánaða lágmarksfjárhæð. Ekki er fullljóst hvort þetta á jafnframt við um réttindi í sjúkrasjóði félagsins, sjá: VR, „Félagsgjald og aðild“ (*vr.is*) Lágmarksfélagsgjald <<http://vr.is/um-vr/felagsgjald-og-adild/>> skoðað 12. mars 2018.

yfir ákveðið tímabil.⁵⁸ Dagpeningar eru ekki greiddir í fæðingarorlofi, enda greiðist fæðingarorlof óháð vinnufærni, en sjóðfélagi getur átt rétt til annarra styrkja og áunnin réttindi til dagpeninga eru til staðar frá þeim tíma sem sjóðfélagi hefur störf að nýju. Endurspeglar það meginreglu um varðveislu áunninna réttinda meðan á töku fæðingarorlofs stendur.⁵⁹ Þegar brotthvarf af vinnumarkaði er vegna námsleyfis, annars launalauss leyfis, veikinda eða heimilisaðstæðna, falla réttindi niður meðan leyfi varir (enda eru þá engar greiðslur inntar af hendi til að viðhalda þeim). Hins vegar er heimilt er veita endurnýjuð réttindi um leið og sjóðfélagi snýr aftur til vinnu og hefur greitt iðgjald til sjóðsins í einn mánuð.⁶⁰

Eigi sjóðfélagi rétt til greiðslna frá öðrum aðilum vegna tekjutaps eða tímabundinnar örorku hefur það yfirleitt áhrif á rétt til greiðslna úr sjúkrasjóði; ýmist þannig að réttur til dagpeninga úr sjúkrasjóði fellur alveg brott, eða þá að aðrar greiðslur (svo sem váttryggingabætur) skerða fjárhæð dagpeninga.⁶¹

Hverfi sjóðfélagi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku eða elli leiðir það jafnan til þess að réttur til dagpeninga úr sjúkrasjóði fellur niður. Dagpeningagreiðslum er aðeins ætlað að mæta tímabundnum starfsorkumissi; um leið og starfsorka er varanlega skert og ekki er búist við að sjóðfélagi snúi aftur á vinnumarkað eiga önnur bótaúrræði að taka við. Ekki er fjallað um afleiðingar varanlegs starfsorkumissis á rétt til dagpeninga í lögum ASÍ eða viðmiðunarreglugerð, en í reglum sjúkrasjóða eru gjarna ákvæði þess efnis. Í mörgum reglugerðum kemur fram að dagpeningar greiðist ekki „þegar um varanlega örorku

⁵⁸ Styrktarsjóður BSRB, „Úthlutunarreglur“ (gilda frá 1. janúar 2018) 7. mgr. 11. gr. <<https://styrktarsjodur.bsrb.is/sjodurinn/frettir/nr/1479/nyjar-uthlutunarreglur-styrktarsjods-bsrb-arid-2018/>> skoðað 12. mars 2018.

⁵⁹ Aldan stéttarfélag (n. 38) athugasemdir við 11.2 gr.

⁶⁰ Alþýðusamband Íslands, „Viðmiðunarreglugerð fyrir sjúkrasjóði“ (n. 53) 11.1 gr.; Sjúkrasjóður Bandalags háskólamanna (n. 56) d-liður 2. gr.; Styrktarsjóður BSRB, „Úthlutunarreglur“ (n. 58) 4. mgr. 11. gr.

⁶¹ Sjá kafla 3.1.6.

eða ellihrumleik er að ræða“,⁶² eða „verði styrkþegi metinn öryrki á bóta tímabilinu“.⁶³ Í öðrum tilvikum er brottfall réttinda hjá sjúkrasjóði tengt því að réttur stofnist til elli-, örorku-, eða endurhæfingarlífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins eða úr lífeyrissjóði.⁶⁴

Nokkuð önnur sjónarmið ráða för hvað varðar endurhæfingarlífeyri en aðrar greiðslur almannatrygginga og lífeyrissjóða. Endurhæfingarlífeyrir samkvæmt 7. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð greiðist þegar óvíst er hvort tímabundinn (en langvarandi) starfsorkumissir verður varanlegur. Rökin um varanlegan starfsorkumissi eiga því síður við um endurhæfingarlífeyri en lífeyrisgreiðslur vegna elli eða örorku. Þá er endurhæfingarlífeyrir greiddur á öðrum lagagrundvelli en aðrar lífeyrisgreiðslur almannatrygginga.⁶⁵ Því má efast um að réttur til dagpeninga úr sjúkrasjóði falli almennt niður þegar réttur stofnast til endurhæfingarlífeyris, sé þess ekki sérstaklega getið í reglum sjóðsins.

Í umfjöllun um brottfall réttinda vegna varanlegrar örorku eða vegna þess að réttur hefur stofnast til annarra greiðslna verður að hafa í huga að reglur sjóðanna eru mjög misjafnlega ítarlegar um þetta efni. Víða er ekkert fjallað um brottfall eða skerðingu réttinda í reglum sjóðsins, en sé slík ákvæði að finna er algengt að þau séu fáorð og opin fyrir túlkun.

⁶² VM – Félag vélstjóra og málmteknimanna, „Reglugerð Sjúkrasjóðs VM“ (samþykkt á stofnfundum VM 14. október 2006, síðast breytt á aðalfundi VM 27. mars 2015) 9.5 gr. <<http://www.vm.is/sjodir-vm/sjukrasjodur-vm/reglugerd-sjukrasjods.aspx>> skoðað 12. mars 2018.

⁶³ Graffa (n. 41) i-liður 7. gr.

⁶⁴ Verkalýðsfélagið Hlíf, „Reglugerð sjúkrasjóðs Verkalýðsfélagsins Hlíf“ (samþykkt á aðalfundi 18. apríl 2013) 12.13 gr. <http://hlif.is/files/sjukrasjoregluger_samykkt_18_04_2013.pdf> skoðað 12. mars 2018; Framsýn stéttarfélag, „Reglugerð fyrir Sjúkrasjóð Framsýnar, stéttarfélags“ (samþykkt á stofnfundum Framsýnar stéttarfélags 1. maí 2008) 8.2 gr. <<http://www.framsyn.is/framsyn/log-og-reglugerdir/#sjukrasjodur>> skoðað 12. mars 2018.

⁶⁵ Um endurhæfingarlífeyri fer samkvæmt lögum nr. 99/2007 um félagslega aðstoð en um aðrar lífeyrisgreiðslur fjalla lög nr. 100/2007 um almannatryggingar.

3.1.3 Félagsaðild skilyrði?

Í reglum nokkurra sjóða virðist réttur til greiðslna vera takmarkaður við þá sem eiga aðild að viðkomandi stéttarfélagi.⁶⁶ Spyrja má hvort heimilt sé að setja slíkt skilyrði, í ljósi dómaframkvæmdar um greiðsluskyldu vinnuveitanda í sjóði stéttarfélaga. Í dómi Hæstaréttar 24. nóvember 1988 í máli nr. 344/1988 (Hrd. 1988,1464) var deilt um greiðsluskyldu vinnuveitanda í sjúkrajóð stéttarfélags vegna starfsmanna sem ekki voru í félaginu. Vinnuveitandinn taldi sér ekki skylt að greiða í sjúkrajóð vegna þessara starfsmanna, enda taldi hann að þeir gætu ekki notið greiðslna úr sjóðnum. Í niðurstöðu héraðsdóms, sem staðfest var af Hæstarétti, segir að 1. mgr. 6. gr. laga nr. 55/1980 verði ekki skilin svo „að greiðsluskylda atvinnurekanda falli niður sé starfsmaður hans ekki í stéttarfélagi, a.m.k. ekki ef fyrir hendi er sjúkrajóður [...] sem starfsmaðurinn nýtur eða getur notið réttinda í.“ Greiðsluskylda vinnuveitanda er því óháð félagsaðild starfsmanns. Aftur á móti verður starfsmaður að öðlast „full og óskoruð réttindi til úthlutunar“ úr sjúkrajóði við greiðslu iðgjaldsins, ella verður vinnuveitanda ekki gert að greiða það.⁶⁷ Dómurinn svarar því ekki á beinan hátt hvort sjúkrajóðir megi binda réttindi í sjóðunum við aðild að stéttarfélagi, en því hefur verið haldið fram að túlka beri framangreinda niðurstöðu Hæstaréttar með þeim hætti að sjúkrajóðum sé „skylt að taka við iðgjöldum og *tryggja réttindi á grundvelli iðgjalda* hvort sem [er] vegna [félagsmanna] eða vegna ófélagsbundinna einstaklinga“ [áhersla höfunda].⁶⁸ Séu lagaákvæði um greiðsluskylduna skoðuð í samhengi við 1. gr. laga nr. 55/1980, um að starfskjör samkvæmt kjarasamningum skuli vera lágmarkskjör óháð stéttarfélagsaðild, ásamt 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar, um rétt manna til að standa utan félaga, er hæpið að telja sjúkrajóðum heimilt að gera félagsaðild að skilyrði fyrir rétti til greiðslna úr

⁶⁶ Rafiðnaðarsamband Íslands, „Reglugerð Styrktarsjóðs RSÍ“ (samþykkt á sambandsstjórnarfundi RSÍ 29.–30. apríl 2016) 1. tl. 4. gr. <<http://www.rafis.is/styrkir/reglugerd-styrktarsjods-rsi>> skoðað 12. mars 2018; Styrktarsjóður BSRB, „Reglugerð fyrir Styrktarsjóð BSRB“ (n. 52) 2.1 gr.

⁶⁷ Alþt. 2000–2001 (n. 7) 3. spurning; Lára V. Júlíusdóttir (n. 6) 62.

⁶⁸ Ástráður Haraldsson, „Nokkrar athugasemdir um almenn félög og sérstöðu stéttarfélaga meðal þeirra“ (2008) 1 (1) Grábrók: Tímarit lagadeildar Háskólans á Bifröst 23.

sjóðnum. Slíkt myndi þá væntanlega í það minnsta leiða til þess að skylda vinnuveitanda til greiðslu iðgjalds félli niður.

3.1.4 Upphafstími dagpeningagreiðslna

Hjá öllum sjúkrasjóðum stéttarféлага eru dagpeningagreiðslur vegna starfsorkumissis sjóðféлага háðar því að kjarasamningsbundinn réttur til greiðslna í veikinda- og slysaforföllum sé fullnýttur og tekjur sjóðféлага falli niður. Sumir sjóðir setja það skilyrði að fjarvera frá vinnu vari í nokkra daga (4-10) eftir að réttur til veikindalauna er fullnýttur, en þá er greitt frá fyrsta degi.⁶⁹ Einnig kunna reglur að innihalda sérstök ákvæði vegna sjálfstætt starfandi sjóðféлага, sem ekki eiga hefðbundinn veikindarétt hjá vinnuveitanda, um að dagpeningagreiðslur til þeirra hefjist að loknum tilteknum biðtíma. Þá er í slíkum tilvikum miðað við að ekki séu greiddir dagpeningar þann tíma sem kjarasamningsbundnar greiðslur vegna veikinda eða slysa hefðu varað. Stundum er beinlínis tekið fram að biðtími sjálfstætt starfandi „jafngildi veikindarétti á almennum markaði“.⁷⁰ Í öðrum tilvikum er lengd biðtíma tilgreind sérstaklega og er þá allt frá þrem vikum að þrem mánuðum.⁷¹

Margir sjóðir greiða einnig dagpeninga ef sjóðfélagi er frá vinnu og missir tekjur vegna veikinda barna eða maka. Dagpeningagreiðslur vegna veikinda barna hefjast almennt þegar réttur til kjarasamningsbundinna greiðslna vegna veikinda barna er fullnýttur.⁷² Dagpeningagreiðslur vegna veikinda maka eru yfirleitt tengdar því að veikindin hafi valdið sjóðfélagi tekjumissi, enda er enginn kjarasamningsbundinn réttur til greiðslna í slíkum tilvikum. Í sumum tilvikum er réttur til dagpeninga vegna veikinda barna og maka háður því að greidd hafi verið iðgjöld til sjóðsins í 12 mánuði, þó réttur til dagpeninga vegna

⁶⁹ Bifreiðastjórafélagið Sleipnir (n. 48) 2. mgr. 7. gr. A; Styrktar- og sjúkrasjóður Landssambands lögreglumanna, „Úthlutunarreglur styrktar- og sjúkrasjóðs Landssambands lögreglumanna“ (samþykktar á fundi stjórnar sjóðsins 26. janúar 2009, síðast breytt 2. desember 2016) b-liður 4. gr. <http://www.logreglumenn.is/skjol/Styrktarsjodur_2017.pdf> skoðað 14. mars 2018.

⁷⁰ Verkfræðingafélag Íslands (n. 51) e-liður 4. gr.

⁷¹ Félag hársnyrtisveina, „Styrktarsjóður F.H.S.“ (samþykkt á aðalfundi 19. mars 1983, síðast breytt 4. apríl 2013) 5.7 gr.; Matvæla- og veitingafélag Íslands (n. 47) 10.2 gr.

⁷² Alþýðusamband Íslands, „Viðmiðunarreglugerð fyrir sjúkrasjóði“ (n. 53) 12.2 gr.

eigin starfsorkumissis stofnist á skemmri tíma.⁷³ Þá er stundum áskilið að veikindi maka eða barns hafi varað ákveðinn lágmarkstíma eða teljist mjög alvarleg.⁷⁴ Í b-lið 4. mgr. 49. gr. laga ASÍ, sem kveður á um lágmarksrétt sem reglugerðir sjúkrasjóða aðildarfélaganna skulu tryggja, er sett það skilyrði fyrir dagpeningagreiðslum vegna barna að um sé að ræða langveik eða alvarlega fötlud börn; en samkvæmt c-lið ákvæðisins greiðast dagpeningar vegna „mjög alvarlegra veikinda“ maka. Fáeinir sjóðir veita einnig sérstakan rétt til dagpeningagreiðslna vegna tilfallandi veikinda barna, sem hægt er að nýta eftir að kjarasamningsbundinn réttur til greiðslna vegna veikinda barna er fullnýttur.⁷⁵ Greiðsla dagpeninga vegna veikinda barns eða maka er í sumum tilvikum háð matskenndri ákvörðun sjóðstjórnar. Þannig er ekki alltaf skylt að greiða dagpeninga í þessum tilvikum, heldur getur það ráðist af mati sjóðstjórnar á styrkþörf og aðstæðum.⁷⁶

3.1.5 Fjárhæðir og greiðslutímabil

Upphæð dagpeninga er oftast ákveðið hlutfall af tiltekinni viðmiðunar-
fjárhæð, sem tekur mið af þeim launum sem iðgjöld hafa verið greidd

⁷³ Styrktarsjóður BSRB, „Úthlutunarreglur“ (n. 58) d-liður 3. gr.; Styrktar- og sjúkrasjóður SFR, „Úthlutunarreglur sjúkradagpeninga hjá SFR“ (gilda frá 1. janúar 2018) e-liður 2. gr. <<https://sfr.is/styrkir-sjodir/sjodir/styrktar-og-sjukrasjodur/uthlutunarreglur-sjukradagpeninga/>> skoðað 13. mars 2018; Efling stéttarfélag, „Sjúkradagpeningar“ (*efling.is*) Tímalengd dagpeninga, skilyrði og tegundir <<https://efling.is/sjukrasjodur-og-styrkir/sjukradagpeningar/>> skoðað 13. mars 2018.

⁷⁴ Sjúkrasjóður Bandalags háskólanna (n. 56) c- og d-liður 4. gr.; Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, „Úthlutunarreglur Styrktarsjóðs“ (samþykktar á aðalfundi Fíh 20. maí 2016) Styrkir, b- og c-liður 1. gr. og c- og d-liður 2. gr. <<http://www.hjukrun.is/styrkir-og-sjodir/styrktarsjodur/#Tab6>> skoðað 13. mars 2018; Sjúkrasjóður Kennarasambands Íslands, „Úthlutunarreglur Sjúkrasjóðs Kennarasambands Íslands“ (gilda frá 1. desember 2017) 1.2 gr. <<http://ki.is/component/attachments/download/299>> skoðað 13. mars 2018.

⁷⁵ Grafa (n. 41) c-liður 7. gr.; Stéttarfélagið Samstaða, „Lög Sjúkrasjóðs Stéttarfélagins Samstöðu“ (Samþykkt á stofnfundi 31. október 2009, síðast breytt á aðalfundi 10. maí 2016) 12.3 gr. <<http://samstada.is/index.php/loeg-og-reglur>> skoðað 13. mars 2018. Stundum takmarkað við einstæða foreldra, sjá: AFL Starfsgreinafélag (n. 43) 12.4 gr.

⁷⁶ Félag skipstjórnarmanna (n. 55) 9.5 gr.; Sjúkrasjóður Bandalags háskólanna (n. 56) c-liður 4. gr.

af til sjóðsins. Dagpeningar eru þannig tekjutengdir hjá miklum meirihluta sjúkrasjóða. Samkvæmt a-lið 4. mgr. 49. gr. laga ASÍ skulu dagpeningar „ekki nema lægri fjárhæð en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum“ og eru sjóðir aðilarfélaga ASÍ bundnir af því lágmarki. Algengast er að upphæð dagpeninga miði við þessa reglu, en í fáeinum tilvikum er miðað við full laun eða grunnlaun sjóðfélaga.⁷⁷ Yfirleitt er horft á meðallaun síðustu 6–12 mánaða, vegna þeirra sem eiga fullan rétt til greiðslna úr sjóðnum.⁷⁸ Oft er heimilt að taka tillit til þess ef verulegar sveiflur hafa orðið í tekjum sjóðfélaga síðustu mánuðina áður en til dagpeningagreiðslna kemur.⁷⁹ Þá er upphæð tekjutengdra dagpeninga gjarna háð tilteknu hámarki. Í f-lið 4. mgr. 49. gr. laga ASÍ kemur fram að heimilt sé að ákveða hámark dagpeninga, upphæð sem breytist í takt við launavísitölu.

Hjá þeim sjóðum sem greiða ekki tekjutengda dagpeninga er greidd föst (en vísitölutengd) upphæð dagpeninga fyrir hvern dag. Greiðslur miðast ýmist við hvern almanaksdag eða hvern vinnudag.⁸⁰ Þessi aðferð við útreikning dagpeninga var nokkuð almenn hjá sjúkrasjóðum á 20. öld, en síðar tóku sífellt fleiri sjóðir upp tekjutengingu. Í dag eru það helst sjóðir opinberra starfsmanna sem greiða fasta upphæð dagpeninga.

Reglur sjúkrasjóða eru afar mismunandi þegar kemur að ákvæðum um hve lengi dagpeningar eru greiddir. Samkvæmt a-lið 4. mgr. 49. gr. laga ASÍ er sjúkrasjóðum aðildarfélaga sambandsins skylt að

⁷⁷ Styrktarsjóður Bládamannafélags Íslands, „Starfsreglur“ (gilda frá 1. janúar 2014) 1. mgr. <<https://www.press.is/is/moya/page/starfsreglur>> skoðað 13. mars 2018; VM – Félag vélstjóra og málmteknimanna (n. 62) 9.3 gr.

⁷⁸ Um full og hlutfallsleg réttindi, sjá kafla 3.3.1.

⁷⁹ Alþýðusamband Íslands, „Lög ASÍ“ (n. 10) f-liður 4. mgr. 49. gr.; Félag hársnyrtisveina (n. 71) b-liður 5. mgr. 5. gr.

⁸⁰ Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, „Úthlutunarreglur Styrktarsjóðs“ (n. 74) Styrkir, 1 gr.; Styrktar- og sjúkrasjóður Landssambands lögreglumanna (n. 69) a-liður 4. gr.; Styrktarsjóður Bandalags háskólanna, „Úthlutunarreglur Styrktarsjóðs Bandalags háskólanna“ (síðast breytt 1. janúar 2018) 4. gr. <<https://www.bhm.is/media/utgafa/Starfsreglur-Styrktarsjods-Bandalags-haskolamanna-1.-januar-2018.pdf>> skoðað 13. mars 2018.

tryggja sjóðfélögum sínum dagpeningagreiðslur í a.m.k. 120 daga vegna eigin veikinda. Töluverður fjöldi sjóða greiðir dagpeninga í lengri tíma, allt að 270 daga.⁸¹ Hjá sjóðum utan ASÍ eru reglur um greiðslutímabil dagpeninga afar mismunandi, allt frá því að tímabilið sé að jafnaði 45–90 dagar,⁸² til þess að dagpeningar séu greiddir í allt að tólf mánuði (360 daga).⁸³ Yfirleitt er greiðslutímabil dagpeninga vegna veikinda maka eða barna sjóðfélaga styttra en vegna eigin starfsorkumissis.⁸⁴ Samkvæmt b- og c-lið 4. mgr. 49. gr. laga ASÍ er sjóðum aðildarfélaganna skylt að greiða minnst 90 daga í slíkum tilvikum. Sumir sjóðir greiða lengur, einkum vegna barna.⁸⁵

Að einhverju leyti er dregið úr þessum mun með því að veita sjóðstjórn heimild til að framlengja greiðslutímabil dagpeninga. Einkum er það algengt hjá sjóðum aðildarféлага ASÍ. Þá eru dæmi þess að heimilt sé að greiða sérstakan styrk að loknum dagpeningagreiðslum, í stað þess að tímabilið sé beinlínis framlengt.⁸⁶ Stundum tilgreina reglur sjóðsins hve lengi má framlengja greiðslur.⁸⁷ Í öðrum tilvikum er aðeins mælt fyrir um „möguleika á framlengingu“, en stjórn sjóðsins tekur þá ákvörðun um hvernig ákvæðinu er beitt.⁸⁸ Reglur sjóðanna veita oft

⁸¹ VR, „Reglugerð sjúkrasjóðs VR“ (n. 41) 2. mgr. og 6. mgr. 10. gr. Margir sjóðir greiða dagpeninga í 150 eða 180 daga, en rúmur helmingur sjóða innan ASÍ halda sig þó við lágmarkið, 120 daga.

⁸² Styrktarsjóður BSRB, „Úthlutunarreglur“ (n. 58) b-liður 4. gr.; Styrktar- og sjúkrasjóður SFR (n. 73) a-liður 2. gr.

⁸³ Félag skipstjórnarmanna (n. 55) 9.2 gr.; Sjúkrasjóður Bandalags háskólanna (n. 56) a-liður 4. gr.

⁸⁴ Félag skipstjórnarmanna (n. 55) 2.2. gr. og 9.5 gr.; Styrktarsjóður Bandalags háskólanna (n. 80) d- og e-liður 4. gr. .

⁸⁵ Bifreiðastjórafélagið Sleipnir (n. 48) 2. tl. 10. gr. B; Efling stéttarfélag, „Reglugerð Sjúkrasjóðs“ (n. 42) 7. tl. 11. gr. B; VR, „Reglugerð sjúkrasjóðs VR“ (n. 41) 3. mgr. 10. gr.

⁸⁶ Verkalýðsfélag Akraness, „Reglugerð Sjúkrasjóðs Verkalýðsfélags Akraness“ (samþykkt með breytingum á aðalfundi félagsins 11. maí 2017) 12.5 gr. <<http://www.vlfa.is/sjukrasjodur/reglugerd-sjukrasjods/>> skoðað 13. mars 2018.

⁸⁷ AFL Starfsgreinafélag (n. 43) 12.2 gr.; Efling stéttarfélag, „Reglugerð Sjúkrasjóðs“ (n. 42) 4. tl. 11. gr. B; Grafía (n. 41) 2. tl. b-liðar 7. gr.

⁸⁸ Félag málmíðnaðarmanna Akureyri (n. 47); Framsýn stéttarfélag (n. 64) 11.2 gr.; Stéttarfélag Vesturlands, „Reglugerð Sjúkrasjóðs Stéttarfélags Vesturlands“ (samþykkt á stofnfundum Stéttarfélags Vesturlands 31. maí 2006, síðast breytt á aðalfundi 28. mars 2009) 12.8 gr. <<http://www.stettvest.is/sjukrasjodur/reglugerdir/>> skoðað 13. mars 2018.

litlar vísbendingar um hvaða skilyrði þurfi að uppfylla, annað en að framlenging komi til álita við „sérstakar aðstæður“ sem sjóðstjórn meti „til fjárhagslegs eða atvinnulegs tjóns fyrir sjóðfélaga“.⁸⁹ Þá er beiting slíkra heimilda stundum háð því að „fjárhagur sjóðsins leyfi“.⁹⁰ Allt eru þetta mjög matskenndar reglur sem veita sjóðstjórn töluvert frelsi til ákvarðana. Í sumum tilvikum er framlenging greiðslutímabils háð frekari skilyrðum, svo sem að ekki sé fyrir hendi bótaréttur í lífeyrissjóði.⁹¹ Upphæð dagpeninga á framlengdu greiðslutímabili kann að vera skert, ýmist þannig að stjórn sjóðsins taki ákvörðun um lægri fjárhæð⁹² eða reglur ákveði lægri viðmiðunarfjárhæð, til dæmis lágmarkslaun.⁹³

Ef greitt er lægra iðgjald vegna sjóðfélaga en 1% launa er tímabil greiðslna oft stýtt í samræmi við það. Samkvæmt gr. 12.5 í viðmiðunarreglugerð ASÍ fyrir sjúkrahjósóði er heimilt að skerða „[d]aga fjölda greiddra dagpeninga [...] í sama hlutfalli og iðgjaldið er lægra en 1%.“ Slík skerðing má teljast eðlileg í ljósi þess að réttur til dagpeninga stofnast fyrst og fremst með greiðslu iðgjalds. Þetta tekur fyrst og fremst til opinberra starfsmanna, sem yfirleitt hafa samið um lægra iðgjald en 1% í kjarasamningum. Fáeinir sjóðir hafa útfært bótareglur sínar með tilliti til þessarar heimildar, þannig að greiðslutímabil dagpeninga er sérstaklega tilgreint annars vegar vegna þeirra sem greitt er fyrir 1% iðgjald og hins vegar á grundvelli lægra iðgjalds.⁹⁴

⁸⁹ Stéttarfélag Vesturlands (n. 88) 12.8 gr.; Verkalýðsfélag Akraness (n. 86) 12.5 gr.

⁹⁰ Framsýn stéttarfélag (n. 64) 11.2 gr.

⁹¹ Byggðin, félag byggingamanna, „Reglugerð fyrir Sjúkrahjósóð Byggiðnar“ (samþykkt á aðalfundi 28. mars 2012) 12.1 gr. <<http://www.byggidn.is/sjukrasjodur/loeg-um-sjukrasjoei>> skoðað 13. mars 2018; FIT, félag iðn- og tæknigreina, „Reglugerð sjúkra- og styrktarsjóðs Félags iðn- og tæknigreina“ (samþykkt á tveimur félagsfundum 8. nóvember 2007) 4.–5. mgr. 10.1 gr. <<http://www.fit.is/sjukrasjodur-sp-1382165962>> skoðað 13. mars 2018.

⁹² Stéttarfélag Vesturlands (n. 88) 12.8 gr.

⁹³ Efling stéttarfélag, „Reglugerð Sjúkrahjósóðs“ (n. 42) 4. tl. 11. gr. B.

⁹⁴ Bifreiðastjórufélagið Sleipnir (n. 48) 1. tl. 10. gr. B; Efling stéttarfélag, „Reglugerð Sjúkrahjósóðs“ (n. 42) 1.–2. tl. 11. gr. B; Verkalýðsfélagið Hlíf (n. 64) 12.1–12.2 gr.

3.1.6 Skerðing dagpeninga vegna annarra greiðslna

Samspil við önnur bótaúrræði getur skipt töluverðu máli varðandi greiðslu dagpeninga úr sjúkrasjóði og hver fjárhæð þeirra er. Hér á eftir verður því stuttlega fjallað annars vegar um hvenær íslenskur bótaréttur gerir ráð fyrir að dagpeningar frá sjúkrasjóðum geti komi til frádráttar öðrum greiðslum sem sjóðfélagi kann að eiga rétt á frá öðrum stöðum bótaréttarins vegna sama atviks eða tímabils og hins vegar hvaða reglur gilda hjá sjúkrasjóðunum um það hvenær bætur frá öðrum geti eftir atvikum dregist frá dagpeningagreiðslum.

Í 2. mgr. 2. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 kemur fram að greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarféлага skuli draga frá bótum vegna tímabundins atvinnuþjóns. Aftur á móti hafa flestir sjúkrasjóðir sett ákvæði í reglur sínar um að ekki séu greiddir dagpeningar úr sjóðunum „vegna bótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. bifreiðaslysa, þar sem bætur greiðast skv. skaðabótalögum“.⁹⁵ Þá er í 7. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð gerð sú krafa að styrkþegi klári rétt hjá sjúkrasjóði áður en hann fær greiddan endurhæfingarlífeyri. Á móti hafa sumir sjúkrasjóðir sett þá reglu að réttur til dagpeningagreiðslna falli niður eigi sjóðfélagi rétt til endurhæfingarlífeyris.⁹⁶ Sömuleiðis er algengt að reglur sjúkrasjóða taki fyrir greiðslur úr sjúkrasjóði ef sjóðfélagi á rétt til bóta frá váttryggingafélagi vegna tímabundins missis starfsorku.⁹⁷ Þannig virðast reglur sjúkrasjóðanna miða að því að aðeins séu greiddir dagpeningar þegar ekki er til að dreifa bótarétti frá öðrum stöðum bótaréttarins.

Oft kveða reglur sjúkrasjóða einnig á um að aðrar bætur skerði dagpeningagreiðslur, þó réttur til dagpeninga falli ekki alfarið brott. Dragast þá greiðslur annarra aðila frá þannig að greiddir sjúkradagpeningar séu „mismunur þessara greiðslna og réttar til sjúkradagpeninga“.⁹⁸

⁹⁵ Alþýðusamband Íslands, „Lög ASÍ“ (n. 10) a-liður 4. mgr. 49. gr.; Alþýðusamband Íslands, „Viðmiðunarreglugerð fyrir sjúkrasjóði“ (n. 53) 12.11 gr.

⁹⁶ Efling stéttarfélag, „Reglugerð Sjúkrasjóðs“ (n. 42) 4. mgr. 8. gr. A; VR, „Reglugerð sjúkrasjóðs VR“ (n. 41) 4. mgr. 10. gr.

⁹⁷ Matvæla- og veitingafélag Íslands (n. 47) 10.6 gr.; Framsýn stéttarfélag (n. 64) 8.2 gr.

⁹⁸ AFL Starfsgreinafélag (n. 43) 9.7 gr.

Í a-lið 4. mgr. 49. gr. laga ASÍ er ákvæði um skerðingu vegna annarra greiðslna orðað svo:

„Dagpeningar skulu að viðbættum bótum almannatrygginga, greiðslum úr slysatryggingu launafólks eða annarri lögbundinni tryggingu, ekki nema lægri fjárhæð en 80% af [meðallaunum sl. 6 mánaða].“

Þetta ákvæði er tekið upp óbreytt hjá sjóðum flestra aðildarféлага ASÍ. Af orðalaginu virðist mögulegt að dagpeningar, að viðbættum öðrum greiðslum, nái hærri fjárhæð en 80% meðallauna. Engar vísbendingar eru þó í reglunum um hvort eða hvenær það yrði. Í öðrum tilvikum er miðað við að samanlagðar greiðslur verði ekki hærri en tekjutap.⁹⁹ Ekki er þó algilt að allar greiðslur annarra aðila komi til frádráttar dagpeningagreiðslum sjúkrasjóða. Í lögum ASÍ eru nefndar bætur almannatrygginga, auk greiðslna úr slysatryggingu launþega eða annarri lögbundinni tryggingu. Greiðslur úr frjálsum váttryggingum, svo sem slysatryggingu í frítíma og almennum sjúkra- og slysatryggingum virðast því ekki koma til frádráttar hjá þeim sjóðum sem taka þetta ákvæði upp. Að vissu leyti kann að þykja eðlilegt að slíkar greiðslur séu ekki dregnar frá dagpeningum, enda eru þetta tryggingar sem tjónþoli hefur sjálfur kosið að kaupa sér. Þannig má til samanburðar benda á að greiðslur „vegna slysatrygginga eða annarra bótaúrræða sem tjónþoli hefur sjálfur kostað með greiðslu iðgjalds“ koma ekki til frádráttar skaðabótum vegna tímabundins tekjutaps á grundvelli 2. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.¹⁰⁰ Aftur á móti getur þetta mögulega leitt til þess að tjónþoli fái hærri bætur en sem nemur tekjutapi hans. Hjá sumum sjóðum er hins vegar vísað almennt til „greiðsl[na] frá [...] tryggingafélagi“¹⁰¹ og í þeim tilvikum er tæpast vafi um að allar tryggingabætur skuli koma til frádráttar.

⁹⁹ Efling stéttarfélag, „Reglugerð Sjúkrasjóðs“ (n. 42) 6. tl. 11. gr. A; Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, „Úthlutunarreglur Styrktarsjóðs“ (n. 74) Styrkir, 1 gr.

¹⁰⁰ Alþt. 1998-1999, A-deild, þskj. 971 – 183. mál, mgr. 26.

¹⁰¹ AFL Starfsgreinafélag (n. 43) 12.1 gr

3.1.7 Heimild sjóðstjórna til matskenndra ákvarðana

Reglur sjúkrasjóða eru ekki fastmótaðar um öll atriði sem reynt getur á þegar ákvörðun er tekin um greiðslu dagpeninga. Því reynir stundum á matskenndar ákvarðanir. Í skipulagsskrá fyrir sjóði BHM segir beinlínis að sjóðstjórn skuli taka matskenndar ákvarðanir um úthlutun og/eða rökstyðja ákvarðanir um úthlutun „með vísan í reglur eða mat stjórnar“.¹⁰² Athyglisvert ákvæði er jafnframt í 2. gr. í skipulagsskránni, en þar segir: „Stöðlun reglna má þó ekki koma í veg fyrir að sjóðstjórn sé við ákveðnar aðstæður unnt að taka matskenndar ákvarðanir með hliðsjón af persónulegum aðstæðum sjóðfélaga“.¹⁰³ Svo opnar reglur setja matskenndum ákvörðunum litlar skorður.

Opnar matskenndar heimildir af þessu tagi virðast þó á undanhaldi.¹⁰⁴ Algengara er orðið að reglur sjúkrasjóðanna taki í það minnsta á helstu tilvikum og álítaefnum varðandi afgangi greiðslu bóta. Samt sem áður er víða að finna heimildir til töku matskenndra ákvarðana um einstök atriði, til dæmis að heimilt sé að hafna umsóknum sem stjórn telur ófullnægjandi,¹⁰⁵ að leggja önnur viðmið til grundvallar útreikningi dagpeninga en reglur gera annars ráð fyrir,¹⁰⁶ að lengja greiðslutímabil dagpeninga¹⁰⁷ eða hafna áframhaldandi bótagreiðslum.¹⁰⁸ Þá er nokkuð algengt að sjóðstjórn sé heimilt að veita „sérstakan styrk“ vegna alvarlegra veikinda, slyss, dauðfalls eða annarra óvæntra atburða „sem sjóðsstjórn metur til atvinnulegs eða fjárhagslegs tjóns fyrir félagsmann eða heimili hans“.¹⁰⁹

¹⁰² Bandalag háskólamanna (n. 51) 7.1 og 7.4 gr.; Styrktarsjóður Bandalags háskólamanna, „Skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Bandalags háskólamanna“ (samþykkt á stofnfundum fulltrúaráðs Styrktarsjóðs BHM 13. júní 2001) 7.1 og 7.4 gr. <<http://www.bhm.is/media/styrktarsjodur/Styrktarsjodur-skipulagsskra-2015.pdf>> skoðað 13. mars 2018.

¹⁰³ Sjá einnig: Fjölskyldu- og styrktarsjóður lækna, „Reglur Fjölskyldu- og styrktarsjóðs lækna“ (gilda frá 2. desember 2016) 3. mgr. 2. gr. <<https://www.lis.is/is/sjodir/fjolskyldu-og-styrktarsjodur/reglur-fosl>> skoðað 14. mars 2018.

¹⁰⁴ Þess má geta að frá því rannsókn vegna meistararitgerðar fór fram 2015–2016 hafa ákvæði af þessu tagi verið felld úr reglum nokkurra sjúkrasjóða.

¹⁰⁵ Styrktar- og sjúkrasjóður Landssambands lögreglumanna (n. 69) c-liður 3. gr.

¹⁰⁶ Bifreiðastjórafélagið Sleipnir (n. 48) 7. t. 10. gr. A og 1. t. 10. gr. B.

¹⁰⁷ Framsýn stéttarfélag (n. 64) 11.2 gr.

¹⁰⁸ Matvæla- og veitingafélag Íslands (n. 47) 10.3.3 gr.

¹⁰⁹ Aldan stéttarfélag (n. 38) 12.9 gr.

Þegar ákvörðun er matskennd verður mikilvægara en ella að sá sem hún beinist að geti treyst því að hún byggji á málefnalegum sjónarmiðum og sé að öðru leyti í samræmi við gildandi reglur. Í því samhengi skiptir máli hvort möguleiki er á endurskoðun ákvörðunar. Ekkert er getið um endurskoðun ákvörðana í lögum eða viðmiðunarreglugerð ASÍ og engin skylda hvílir á sjóðunum að veita sjóðfélögum slíkan möguleika. Samkvæmt reglum sjóðanna eru ákvörðanir sjóðstjórnar ýmist endanlegar,¹¹⁰ eða þá að hægt er að skjóta þeim til stjórnar félagsins til endurskoðunar.¹¹¹ Ákvörðun um rétt sjóðfélaga til dagpeningagreiðslna úr sjúkrasjóði sætir yfirleitt ekki annarri endurskoðun, nema hún sé borin undir dómstóla.

4. Sjónarmið um samræmi og jafnræði, réttaröryggi, nýtingu fjármuna og félagsleg og efnahagsleg réttindi

4.1 Samræmi og jafnræði?

Reglur sjúkrasjóða stéttarféлага eru útfærðar með ýmsum hætti. Samræmi milli þeirra er oft takmarkað og ytri rammi um starfsemina lítill.¹¹² Snemma árs 2001 beindi þingmaðurinn Pétur Blöndal ýmsum spurningum varðandi starfsemi sjúkrasjóða til þáverandi félagsmálaráðherra, Páls Péturssonar, þar á meðal varðandi réttindi sjóðfélaga til bóta. Í svörum ráðherrans kom fram að þó ekki væri kveðið á um markmið og hlutverk sjúkrasjóða í lögum þá virtust „meginmarkmið og hlutverk [sjóðanna] nokkuð sambærileg óháð því hvaða stéttarfélag á í hlut“.¹¹³ Aftur á móti væri réttur sjóðfélaga til bóta misjafn:

Í reglugerðum einstakra sjúkrasjóða er tekið á því hverjir eigi réttindi til greiðslna úr þeim. Um réttindi sjóðfélaga fer síðan eftir nánari reglum

¹¹⁰ Styrktar- og sjúkrasjóður Lands sambands lögreglumanna (n. 69) c-liður 3. gr.

¹¹¹ Bifreiðastjórafélagið Sleipnir (n. 48) 15. gr.; AFL Starfsgreinafélag (n. 43) 4.5 gr.; Efling stéttarfélag, „Reglugerð Sjúkrasjóðs“ (n. 42) 17. gr.

¹¹² Hér er þó rétt að hafa í huga að í lögum ASÍ er að finna ákvæði um lágmarksréttindi og eftirlitsheimildir, en sjúkrasjóðir aðildarféлага ASÍ eru bundir af þeim lögum.

¹¹³ Alþt. 2000–2001 (n. 7) 2. spurning.

hvers sjúkrasjóðs fyrir sig.¹¹⁴ [...] Hver einstakur sjóður ákveður þær reglur er gilda um réttindi félagsmanna til bóta úr sjóðnum. Enda þótt ákveðinn grunnréttindi sé að finna í flestum sjóðunum til samræmis við meginmarkmið þeirra má reikna með að réttindi sjóðfélaga í sjúkrasjóðum séu mismunandi og fari eftir styrk hlutaðeigandi stéttarfélags.¹¹⁵

Dá kom einnig fram að helsta hlutverk sjóðanna sé að „taka við greiðsluskyldu í veikinda- og slysatilfellum þegar veikindagreiðslur vinnuveitanda falla niður“.¹¹⁶ Að því slepptu hafa félögin töluvert frelsi um hvernig styrktar- eða bótahlutverk sjóðanna er afmarkað, í samræmi við heimild stéttarfélaga samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur til að ráða innri málum sínum sjálf. Könnun á bótareglum sjóðanna sem varða dagpeningagreiðslur sýnir að sjóðirnir virðast ganga út frá því að þeir hafi á grundvelli þessarar heimildar nokkuð fjálsar hendur um að ákveða skilyrði greiðslna, fjárhæð þeirra, tímabil og hvernig þeim er hagað að öðru leyti.

Í frumvarpi til laga nr. 9/1974 kemur fram sú skoðun að sjóðir stéttarfélaga, sjúkrasjóðir þar á meðal, gegni „mikilsverðu félagslegu og menningarlegu hlutverki“.¹¹⁷ Löggjafinn hefur þannig staðfest að hlutverk sjóðanna sé að auka við félagsleg réttindi launþega og að mikilvægt sé að þeir njóti jafnræðis hvað þau réttindi varðar.¹¹⁸ Reglur sjúkrasjóða verður að skoða í þessu ljósi. Huga þarf að því hvort reglurnar séu innan þeirra marka sem réttarheimildir setja þeim og í samræmi við sjónarmið um jafnræði sjóðfélaga og ríka hagsmuni einstaklinga af sjóðsaðild. Á þeim grundvelli er eðlilegt að spyrja hvort jafnræði þeirra sem réttindin eiga sé nægilega tryggt með reglum sem eru jafn margbreytilegar og raun ber vitni eða hvort ástæða sé til meiri samræmingar reglnanna. Eins og komið hefur fram í þessari grein getur talsvert borið á milli skilyrða og inntaks bótaréttar hjá einstökum sjúkrasjóðum. Að auki eru reglur sjúkrasjóða mjög

¹¹⁴ Sama heimild 3. spurning.

¹¹⁵ Sama heimild 6. spurning.

¹¹⁶ Sama heimild 2. spurning.

¹¹⁷ Alþt. 1973-1974 (n. 4) um 2. og 3. gr.

¹¹⁸ Sjá einnig: Alþt. 2000-2001 (n. 7) 11. spurning.

misjafnlega skýrar og ítarlegar. Því getur verið erfitt að fá heildstætt yfirlit yfir hvaða reglur gilda um greiðslu dagpeninga úr sjúkrasjóðum. Að framan hafa verið færð rök fyrir því að sjúkrasjóðir beri lögbundna skyldu til að haga starfsemi sinni þannig að sjóðfélagar eigi kost á greiðslum úr sjóðnum, sem taki við þegar kjarasamningsbundnum greiðslum vinnuveitanda í veikinda- og slysaforföllum sleppir. Aftur á móti afmarka lög ekki með frekari hætti inntak þessarar skyldu: hve lengi eigi að greiða, hvaða fjárhæðir og hvaða önnur skilyrði megi setja fyrir rétti til greiðslu. Könnun á reglum sjóðanna sýnir að allir sjóðir setja sama skilyrði fyrir því að greiðsla dagpeninga hefjist: að réttur til launagreiðslna samkvæmt kjarasamningi sé fullnýttur. Almennt gildir einnig að greiða þarf í sjóðinn um nokkurra mánaða skeið áður en full réttindi stofnast, oftast sex mánuði, en allur gangur er á því hvort hlutfallsleg réttindi stofnast fyrir. Þá greiðir mikill meirihluti sjóðanna tekjutengda dagpeninga eftir svipuðum reglum. Aftur á móti er mikill munur á því hve lengi dagpeningar eru greiddir, hvaða reglur gilda um skerðingu vegna annarra greiðslna og hvort frekari skilyrði eru sett fyrir rétti til dagpeningagreiðslna úr sjóðnum.

Réttindi sjóðfélaga í öllum sjúkrasjóðum stéttarfélaga stofnast á sama grunni: með iðgjaldgreiðslu vinnuveitanda til sjóðsins. Fjárhæð iðgjalds er ákveðin í kjarasamningum og er því sama hlutfall launa fyrir alla þá sem starfa samkvæmt sama kjarasamningi. Samt sem áður getur jafn hátt iðgjald stofnað mismunandi rétt, eftir því í sjóð hvaða stéttarfélags er greitt.¹¹⁹

Eins og fram kom í svari félagsmálaráðherra árið 2001 „má reikna með að réttindi sjóðfélaga í sjúkrasjóðum séu mismunandi og fari eftir styrk hlutaðeigandi stéttarfélags“.¹²⁰ Stærð og styrkur sjúkrasjóða getur verið ærið misjafn. Sjúkrasjóðir stéttarfélaga eru í edli sínu samtryggingarsjóðir: greiðsla iðgjalds stofnar ekki inneign sem sjóðfélagi getur síðar tekið út, heldur veitir aðgang að sjóði sem

¹¹⁹ Algengt er að reglur sjóða heimili að réttindi til dagpeninga séu skert vegna þeirra sem greitt er fyrir lægra en 1% iðgjald, sjá: Alþýðusamband Íslands, „Lög ASÍ“ (n. 10) 12.5 gr. Hér er aftur á móti átt við þegar greiðsla 1% iðgjalds stofnar betri rétt í einum sjóði en öðrum.

¹²⁰ Alþt. 2000–2001 (n. 7) 6. spurning.

tryggir gegn tekjutapi vegna tímabundins starfsorkumissis.¹²¹ Því fleiri sem greiða í tiltekinn sjóð, því meira dreifist áhættan sem tryggt er gegn. Spyrja má hvort það sé í anda jafnræðis að sá sem greiðir til stórs og öflugs sjóðs eignist betri réttindi til dagpeningagreiðslna en sá sem greiðir til minni sjóðs, sem ekki getur tryggt nema lágmarksrétt. Þá má ætla að það ráðist einnig nokkuð af áherslum hvers sjóðs, eða sjóðstjórnar, hvaða réttindi sjóðurinn veitir. Hafi sjóður bolmagn til þess að greiða annað og meira en það lágmark sem honum er skylt að tryggja hefur stjórn hans yfirleitt fullt vald til að ákveða hvort þeim fjármunum verði varið til að hækka fjárhæð dagpeninga, lengja það tímabil sem þeir eru greiddir, eða greiða aðra styrki.

Ekki verður litið fram hjá því að ólíkar reglur sjóða um þessi atriði leiða til nokkurs ójafnræðis milli þeirra sem greitt er fyrir í sjóðina, þá þannig að iðgjöld sem vinnuveitendur greiða á grundvelli sömu laga og kjarasamninga stofna mismunandi rétt. Þó stéttarfélögum verði tæplega gert skylt að tryggja félagsmönnum sínum sömu réttindi og þeir gætu haft í einhverju öðru félagi, má þó velta upp þeirri spurningu hvort það ætti ekki að vera eðlilegt markmið að jafnræði milli launþega hvað varðar réttindi í sjúkrasjóðum sé sem mest. Í því samhengi verður að líta til þess að um er að ræða lögbundna ráðstöfun fjármuna sem þriðja aðila (vinnuveitanda) er skylt að greiða og sem er ætlað að tryggja efnahagsleg og félagsleg réttindi. Hér má þó hafa í huga að áhætta einstakra sjúkrasjóða vegna afleiðinga slysa og sjúkdóma kann að vera misjöfn. Þar getur eðli starfa félagsmanna haft umtalsverð áhrif hvað varðar tíðni vinnuslysa, atvinnusjúkdóma og álagstengds heilsubrests, svo eitthvað sé nefnt. Kostnaður sjúkrasjóða vegna þessara þátta kann því að vera misjafnlega mikill og að einhverju marki eðlilegt að það hafi áhrif á ákvarðanir um ráðstöfun fjármuna úr sjóðunum.

¹²¹ Dómur gerðardóms frá 17. desember 2010, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga gegn Bandalagi háskólanna, 11.

4.2 Réttaröryggi

Mikill munur á reglum sjúkrasjóða er til þess fallinn að draga úr réttaröryggi sjóðfélaga. Þó reglur stjórnisýsluréttar gildi ekki um starfsemi stéttarfélaga hafa verið færð rök fyrir því að stéttarfélög þurfi að ýmsu leyti að lúta sömu leikreglum og stjórnvöld hvað varðar ákvarðanir gagnvart félagsmönnum.¹²² Þetta þarf að hafa í huga þegar kemur að greiðslum úr sjúkrasjóðum. Reglur sjóðanna þurfa að vera aðgengilegar, þannig að sjóðfélagi geti með auðveldum hætti kannað rétt sinn, og nægilega ítarlegar til þess að gefa rétta mynd af réttindum. Það dregur því úr réttaröryggi að engar samræmdar reglur skuli gilda um birtingu starfs- og úthlutunarreglna sjóðanna.

Í reglugerðum margra sjúkrasjóða er kveðið á um upplýsingaskyldu sjóðsins gagnvart sjóðfélögum; að „[s]tjórn sjóðsins [sé] skylt að upplýsa sjóðsfélaga um rétt þeirra til aðstoðar sjóðsins á aðgengilegan hátt m.a. með útgáfu bæklinga, dreifrita og/eða á heimasíðu félagsins“.¹²³ Sjóðunum er þó í sjálfsvald sett hvort þeir setja sér slíka reglu. Gera má ráð fyrir því að sjóðfélagi geti almennt fengið upplýsingar um bótarétt og bótareglur beint frá sjóðnum eða viðkomandi stéttarfélagi, en slík upplýsingagjöf tryggir ekki réttaröryggi á sama hátt og gott aðgengi að skýrum reglum.

Þær reglur sjúkrasjóða sem birtar eru á opinberum vettvangi eru mjög misjafnlega ítarlegar og skýrar. Þetta á sérstaklega við um ákvæði sem varða brottfall réttinda, skerðingu dagpeninga vegna annarra greiðslna og heimildir sjóðstjórna til að taka matskenndar ákvarðanir. Í raun væri þó sérstök ástæða til að reglur um einmitt þessi atriði væru skýrar og aðgengilegar. Annars vegar er um að ræða íþyngjandi ákvarðanir um brottfall og skerðingu réttinda, en nauðsynlegt er að slíkar ákvarðanir byggji á málefnalegum sjónarmiðum og skýrum reglum. Hins vegar er æskilegt að ákvæði sem varða heimildir sjóðstjórna til að taka matskenndar ákvarðanir veiti leiðbeiningar um þau sjónarmið sem leggja skal til grundvallar, nokkuð sem vantar töluvert upp á.¹²⁴

¹²² Ástráður Haraldsson (n. 68) 27–28.

¹²³ Alþýðusamband Íslands, „Viðmiðunarreglugerð fyrir sjúkrasjóði“ (n. 53) 17. gr.

¹²⁴ Um margt eiga hér við sömu sjónarmið og um matskenndar stjórnvaldsákvarðanir, sjá: Páll Hreinsson, *Starfskilyrði stjórnvalda* (Forsætisráðuneytið 1999) 21–24.

Samkvæmt reglum sjóðanna eru ákvarðanir sjóðstjórnar um bótarétt oft endanlegar og þar sem reglur kveða á um einhvers konar málskotsrétt er endurskoðunarvaldið jafnan í höndum félagsstjórnar, eða sambærilegs „yfirvalds“ innan stéttarfélagsins. Ákvarðanir sjóðstjórnar sæta því almennt litlu utanaðkomandi aðhaldi.¹²⁵ Þó reikna megi með því að sjóðfélagi eigi yfirleitt möguleika á að bera ágreining sinn við sjóðstjórn undir dómstóla, að því gefnu að hann hafi lögvarða hagsmuni af niðurstöðunni, dregur framangreint fyrirkomulag úr réttarörygginu.¹²⁶ Hér má því spyrja hvort ekki væri ástæða fyrir sjúkrasjóðina að hugleiða fyrirkomulag í anda úrskurðarnefnda sem t.d. eru starfræktar bæði á sviði almannatrygginga og váttrygginga.¹²⁷

4.3 Nýting fjármagns sjóðanna

Það hlýtur að vera markmið með starfsemi sjúkrasjóða að tryggja að fjármunir nýtist sjóðfélögum sem best. Sá sem verður fyrir tekjutapi vegna veikinda eða slysa kann eftir atvikum að eiga bótarétt frá fleiri en einni stoð bótaréttarins og á stundum getur það leitt til óþarfa flækjustigs.¹²⁸ Þannig kann sú staða að koma upp að annað hvort komi greiðslur frá einum til frádráttar greiðslum frá öðrum eða að greiðslur séu háðar því skilyrði að ekki sé fyrir hendi bótaréttur frá öðrum. Þetta er til þess fallið að skapa óvissu. Almennt virðist stefna sjúkrasjóðanna vera sú að greiða aðeins dagpeninga þegar engin önnur bótaúrræði eru til staðar. Í athugasemdum við viðmiðunarreglugerð ASÍ er ákvæði sem útilokar dagpeningagreiðslur vegna skaðabótaskyldra atvika rökstutt á eftirfarandi hátt:

¹²⁵ Það leiðir þó af 10. og 11. gr. laga ASÍ að talsvert eftirlit er með sjúkrasjóðum aðildarfélaga þess.

¹²⁶ Sjá aftur á móti Hrd. 23. janúar 2008 í máli nr. 9/2008, þar sem ekki var talið að fyrrverandi sjóðfélagi hefði lögvarða hagsmuni af úrlausn.

¹²⁷ Sjá: Lög nr. 100/2007 um almannatryggingar, 13. gr. sbr. lög nr. 85/2015 um úrskurðarnefnd velferðarmála; Samþykktir fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum nr. 1090/2005.

¹²⁸ Til dæmis við vinnuslys, sjá: Guðmundur Sigurðsson, „Bótaréttur launþega er breytinga þörf?“ (1999) 5 (1) Lögmannablaðið 10; Guðmundur Sigurðsson, „Mat á varanlegum afleiðingum líkamstjóna: Ólík nálgun í bótarétti“ (2006) 3 (2) Tímarit Lögréttu 101, 101–102.

Þegar bótaskylda vegna slyss eða atvinnusjúkdóms fellur á tjónvald og bætur reiknaðar skv. skaðabótalögum fást greiddar úr hendi hans eða á grundvelli ábyrgðatryggingar, bætist tjón að fullu, þar með talið tímabundið tjón. Í þeim tilvikum er það andstætt markmiðum sjúkrasjóðanna að þeir komi inn með greiðslu dagpeninga sem í uppgjöri eru síðan dregnir frá bótum til sjóðsfélaga úr hendi tjónvalds eða ábyrgðartryggjanda hans.¹²⁹

Hér kemur sú afstaða skýrt fram að skylda tjónvalds (eða ábyrgðartryggjanda hans) til greiðslu skaðabóta eigi að ganga fyrir skuldbindingum sjúkrasjóðs, þrátt fyrir að lög geri ráð fyrir því að dagpeningagreiðslur sjúkrasjóða dragist frá skaðabótum. Að því er höfundar best vita hefur ekki reynt á það fyrir dómstólum hvort þessi afstaða til forgangsréttar greiðslna stæðist lög.

Hvað nánar varðar markmiðið um sem besta nýtingu fjármuna sjúkrasjóðanna er einnig ástæða til að hafa í huga hin aukna slysa- og veikindarétt launamanna, sem lögfestur var með lögum nr. 19/1979. Eftir að þau tóku gildi dró talsvert úr þörf fyrir greiðslu dagpeninga úr sjúkrasjóðum. Í stað þess að dagpeningar greiðist jafnvel strax eftir tveggja til fjögurra vikna veikindaforföll, eins og var í upphafi, er það nú yfirleitt fyrst eftir nokkurra mánaða starfsorkumissi sem dagpeningagreiðslur sjúkrasjóðanna taka við. Þetta hefur vakið upp vangaveltur hjá sumum um hvort hætta sé á að óhóflegir fjármunir geti safnast upp í sjúkrasjóðum og hvort mögulega sé það orðin tímasekkja að vinnuveitendur greiði svo hátt framlag til þeirra.¹³⁰ Sjúkrasjóðirnir hafa aftur á móti brugðist við þessari breyttu stöðu með því að auka á ýmsan hátt við réttindi sjóðfélaga, m.a. með tekjutengingu dagpeninga og ýmis konar styrkjum vegna sjúkrakostnaðar og í forvarnarskyni.¹³¹ Í því samhengi er þó ástæða til að benda enn og aftur á þá staðreynd að allt frá upphafi hefur það verið meginhlutverk sjúkrasjóðanna að tryggja sjóðfélaga áframhaldandi greiðslur þegar slysa- og veikindarétti lýkur. Væntanlega þarf að hafa þetta í huga þegar meta á hversu vel fjármagni sjóðanna er varið.

¹²⁹ Guðmundur Rúnar Árnason (n. 36) 234.

¹³⁰ „Engin ástæða til að breyta reglum“ *Morgunblaðið* (Reykjavík, 24. mars 1993) 27.

¹³¹ Sama heimild; Guðrún Kr. Óladóttir (n. 38).

Í þessu sambandi er áhugavert að skoða upplýsingar úr ársreikningum og ársskýrslum sjúkrasjóða. Þar virðist koma fram að það er afar misjafnt milli sjóða hversu háu hlutfalli iðgjaldatekna er varið í úthlutanir á hverju ári. Af ársskýrslum nokkurra sjóða frá árunum 2012–2016¹³² verður ráðið að úthlutanir séu allt frá því að vera um helmingur iðgjaldatekna, yfir í að vera umtalsvert hærri en iðgjaldatekjur. Rekstrarkostnaður sjóðanna virðist svipaður hjá þeim sjóðum sem skoðaðir voru, yfirleitt um 10–15% allra útgjalda sjóðsins. Hjá þeim sjóðum sem verja hvað lægstu hlutfalli iðgjalda til úthlutana er því töluverður rekstrarafgangur og afkoma sjóðsins góð. Vangaveltur um að fjármunir safnist upp í sjóðunum kunna þannig að vera réttmætar í sumum tilvikum, en hjá öðrum standa iðgjöld ekki undir úthlutunum.

Úthlutunum úr sjúkrasjóði má gróflega skipta í tvennt. Annars vegar eru dagpeningar, sem eru „upphaflegar skuldbindingar“ sjóðanna og varða lögbundið hlutverk þeirra. Fæðingarstyrkir verða einnig að teljast til upprunalegra skuldbindinga hjá sjóðum opinberra starfsmanna, enda var þeim komið á fót til að greiða slíka styrki.¹³³ Ýmsir aðrir styrkir eru hins vegar viðbótarskuldbindingar sem sjóðirnir hafa tekist á hendur án þess að vera það skylt. Sé úthlutunum sjúkrasjóða skipt í þessa tvo flokka virðist afgerandi munur á hlutfalli úthlutana til hvors um sig eftir því hvort um er að ræða sjóði háskólamenntaðra stétta og opinberra starfsmanna eða sjóði aðildarfélaganna ASÍ. Hjá þeim fyrrnefndu eru dagpeningar (og fæðingarstyrkir opinberra starfsmanna) oftast á bilinu 20–50% allra úthlutana.¹³⁴ Sjóðirnir verja því helmingi úthlutunarfjár eða meira til annarra styrkja. Aftur á móti eru dagpeningar gjarna um 70–90% allra úthlutana hjá sjóðum

¹³² Aðgengi að þessum gögnum er takmarkað, enda er stéttarfélögum ekki skylt að birta ársreikninga sína, sjá: Alþt. 2000–2001 (n. 7) 2. spurning. Umfjöllunin byggir á ársreikningum og ársskýrslum 14 sjóða, sem aðgengileg voru á vefsíðum félaganna, sjá upptalningu í nmgr. 134–135.

¹³³ Sjá kafla 2.

¹³⁴ Sjúkrasjóður KTFÍ: 18–22% (dagpeningar), Fjölskyldu- og styrktarsjóður KTFÍ: 14–32% (dagpeningar og fæðingarstyrkir), Sjúkrasjóður BHM: 23–37% (dagpeningar), Styrktarsjóður BHM: 45–50% (dagpeningar og fæðingarstyrkir), SFR: 41–48% (dagpeningar og fæðingarstyrkir), KÍ: 57% (dagpeningar og fæðingarstyrkir).

aðildarfélagi ASÍ.¹³⁵ Þetta er ekki síst áhugavert í ljósi þess að afkoma sjóða opinberra starfsmanna er síst betri en sjóða starfsmanna á almennum markaði, auk þess sem iðgjald vinnuveitenda í þessa sjóði er lægra.

Þá er enn frekar ástæða til að skoða hvort réttlætunlegt sé að sjúkrasjóðir bjóði upp á svo fjölbreytt úrval „annarra styrkja“ að það ógni afkomu sjóðsins, meðan dagpeningagreiðslur eru aðeins lítið brot úthlutana. Sérstaklega getur það átt við þá sjóði sem taka við iðgjöldum opinberra starfsmanna, sem eru lægra hlutfall launa en á almennum markaði. Sem dæmi báru höfundar saman ársreikninga áráanna 2013–2016 fyrir sjóði Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands,¹³⁶ annars vegar Fjölskyldu- og styrktarsjóð sem starfsmenn ríkis og sveitarfélaga tilheyrðu og hins vegar Sjúkrasjóð starfsmanna á almennum markaði. Afkoma Styrktarsjóðsins var neikvæð árin 2013–2016, þannig að hvert ár voru útgjöld sjóðsins meiri en tekjur. Árið 2013 voru úthlutanir úr sjóðnum 129,7% iðgjalda; árið 2014 var hlutfallið 110,6%; árið 2015 var það 100,1% og árið 2016 voru úthlutanir 134,2% iðgjalda. Þar af voru greiðslur dagpeninga og fæðingarstyrkja aðeins lítið brot: 28,2% árið 2013; 14,3% árið 2014; 22,3% árið 2015 og 32,3% árið 2016. Aðrir styrkir (viðbótarskuldbindingar) námu því um 65–85% greiðslna Styrktarsjóðsins á þessum árum. Á sama tíma var afkoma Sjúkrasjóðs aftur á móti mjög góð. Sá sjóður varði um 55–60% iðgjaldatekna til úthlutana en þar af voru dagpeningar 18–22% allra greiðslna.¹³⁷

¹³⁵ Styrktar- og sjúkrasjóður VM: 76–77%, Sjúkrasjóður Einingar–Iðju: 78%, Sjúkrasjóður VSFS: 88–93%, Sjúkrasjóður FVSA: 44–48%, Sjúkrasjóður VR: 91–92% sjúkrasjóðs, en 65–69% að meðtöldum framlögum til varasjóðs.

¹³⁶ Tæknifræðingafélags Íslands var sameinað Verkfræðingafélagi Íslands undir nafni þess síðarnefnda 1. janúar 2017 og runnu þá sjóðir KTFÍ inn í sjóði Verkfræðingafélagsins.

¹³⁷ Tæknifræðingafélag Íslands, „Ársskýrsla starfsárið 2013–2014“ (Tæknifræðingafélag Íslands, apríl 2014) 15–16; Tæknifræðingafélag Íslands, „Ársskýrsla starfsárið 2014–2015“ 15–16 <https://www.vfi.is/media/um-vfi/TFI_arsskyrsla_net.pdf> skoðað 21. mars 2018; Tæknifræðingafélag Íslands, „Ársskýrsla starfsárið 2015–2016“ 15–16 <https://www.vfi.is/media/um-vfi/70589_Taeknifraedifelag_Net.pdf> skoðað 21. mars 2018; Tæknifræðingafélag Íslands, „Ársskýrsla starfsárið 2016–2017“ 15–16 <https://www.vfi.is/media/utgafa/Taeknifraedifelag_2017_Web.pdf> skoðað 21. mars 2018.

Í ljósi framangreinds má velta fyrir sér hvort aukin útgjöld sjúkrasjóða til „annarra styrkja“ séu á einhvern hátt afleiðing af því að áherslur stéttarfélaga hafi breyst; að félögin leggi orðið meiri áherslu á að styrkja og styðja við einstaklinga með ýmis konar þjónustustarfsemi.¹³⁸ Í könnun sem gerð var meðal 16–17 ára ungmenna árið 2010 kom fram að af þeim hluta hópsins sem hafði nýtt sér þjónustu stéttarfélags hafði „tæplega helmingur nýtt sér hana í tengslum við upplýsingar um laun og um þriðjungur í sambandi við styrki og einhvers konar fríðindi.“¹³⁹ Þó stéttarfélagsaðild sé meiri á Íslandi en víðast í Evrópu hefur hún farið minnkandi síðustu ár, en erlendar rannsóknir sýna að stéttarfélagsaðild er minnst meðal yngra fólks.¹⁴⁰ Hugsanlega eru auknar styrkveitingar ákveðið andsvar við þessu, þannig að sjúkrasjóðir séu notaðir til að veita þjónustu sem eykur sýnileika og aðdráttarafl stéttarfélaganna og gerir stéttarfélagsaðild að augljóslega fýsilegum kosti. Efast má um að slík ráðstöfun fjármuna samræmist upphaflegum markmiðum og lögbundnu hlutverki sjúkrasjóðanna, sem er ætlað að vera öryggisnet ef slys eða sjúkdómar ógna afkomu sjóðfélaga.

4.4 Efnahagsleg og félagsleg réttindi

Réttur til greiðslna úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga telst til efnahagslegra og félagslegra réttinda launþega. Með því að lögfesta skyldu vinnuveitenda til greiðslna iðgjalds hefur löggjafinn lýst þeirri afstöðu að tryggja skuli öllum launþegum þessi réttindi. Þá hefur verið litið svo á, einkum í ljósi dóms Hæstaréttar 24. nóvember 1988 í máli nr. 344/1988 (Hrd. 1988, bls. 1464), að sjúkrasjóðum sé jafnframt skylt að tryggja réttindi gegn greiðslna iðgjalds. Þannig eru ákveðin félagsleg réttindi bundin við reglulegar iðgjaldagreiðslur, en nauðsynlegt er að sinna reglulegri vinnu í iðgjaldaskyldu starfi til að ávinna rétt og viðhalda honum. Hverfi sjóðfélagi tímabundið af vinnumarkaði, án þess að fyrir því séu ástæður sem réttlæta geymslu eða viðhald réttinda

¹³⁸ Tinna Ástrún Grétarsdóttir og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, „Viðhorf íslenskra ungmenna til stéttarfélaga og þekking þeirra á réttindum og skyldum á vinnumarkaði“ í Ingjalður Hannibalsson (ritstj.), *Þjóðarspeggillinn: Rannsóknir í félagsvísindum XI - Viðskiptafræðideild* (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands 2010) 147, 147.

¹³⁹ Sama heimild 152.

¹⁴⁰ Sama heimild 148.

samkvæmt reglum sjóðsins, falla réttindi hans niður og stofnast ekki að nýju fyrr en iðgjald hefur verið greitt í tiltekinn tíma. Réttindi geta einnig glatast við það að sjóðfélagi skipti um starfsvettvang, þannig að hann greiði til sjóðs annars stéttarfélags en áður. Nokkur bót var ráðin á þessu með reglu ASÍ um að skylt sé að veita þeim sem flytjast úr sjóði eins aðildarfélags til annars réttindi frá fyrstu iðgjaldagreiðslu. Sú regla nær þó aðeins til sjóða innan ASÍ en ekki þeirra sem standa utan sambandsins. Óháð því er réttur til greiðslna úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga að miklu leyti háður samfelldri þátttöku á vinnumarkaði.

Þegar litið er á sjúkrasjóði stéttarfélaga í samhengi við önnur bótaúrræði sést að yfirleitt reynir ekki í framkvæmd á dagpeningagreiðslur sjúkrasjóðanna fyrr en annar réttur er fullnýttur. Eftir umtalsverða aukningu á rétti til launa í veikinda- og slysaforföllum má ætla að sjaldnast sé greitt úr sjúkrasjóðum nema starfsorkumissir sé mjög langvarandi, jafnvel þannig að vafi leiki á því hvort örorka verði varanleg; en auk þess eru sjúkrasjóðir stéttarfélaga oft eina bótaúrræðið þegar sjóðfélagi er frá vinnu vegna langvarandi veikinda barna eða maka. Þarna er í flestum tilvikum um að ræða langvarandi og erfiðan heilsufarsvanda, annað hvort sjóðfélagans sjálfs eða einhvers nákomins. Vert er að spyrja hvort bótaúrræði sem á uppruna sinn í samningum aðila á vinnumarkaði eigi að tryggja framfærslu í slíkum tilvikum.

5 Niðurstaða

Í greininni var að meginstefnu til lagt upp með að skoða gildandi bótareglur um dagpeningagreiðslur sjúkrasjóða, með það að markmiði að meta hvort þær tryggi nægilega vel ýmsa hagsmuni þeirra sem sækja greiðslur í sjóðina. Greining á bótareglum sjóðanna leiddi í ljós að grunn inntak bótaréttarins er í grófum dráttum hið sama: tiltekin föst eða tekjutengd fjárhæð sem greiðist frá því að kjarasamningsbundnum rétti til launa í veikinda- og slysaforföllum lýkur, yfirleitt í fjóra mánuði eða lengur. Aftur á móti ber töluvert á milli þegar kemur að reglum um stofnun réttinda, viðhald þeirra við flutning milli stéttarfélaga eða tímabundið brotthvarf af vinnumarkaði, skerðingu greiðslna og brottfall réttinda. Ekki aðeins eru þessi ákvæði nokkuð misjöfn milli sjóða, heldur virðast þau einnig í mörgum

tilfellum ekki nægilega skýr. Þá eru ákvæði um heimildir sjóðstjórna til töku matskenndra ákvarðana oft fremur opin og óljós.

Lög og aðrar réttarheimildir veita starfsemi sjúkrasjóða og inntaki réttinda afar litla umgjörð. Því telja höfundar eðlilegt að gera þá kröfu til sjóðanna að þær reglur sem liggja til grundvallar ákvörðunum um bótarétt séu skýrar, sérstaklega um atriði sem geta verið íþyngjandi fyrir þá sem sækja greiðslur í sjóðinn. Þá skiptir einnig miklu máli að aðgengi að reglum sé gott og að birtar reglur sjóðanna séu nægilega ítarlegar, svo sjóðfélagar geti gert sér grein fyrir því hvað liggja ákvörðunum sjóðstjórnar til grundvallar. Einkum er eðlilegt að gera auknar kröfur til þess að reglur séu gagnsæjar og tæmandi um þau tilvik þar sem bótaréttur fellur niður eða bætur skerðast. Þá telja höfundar rétt að huga sérstaklega að því að setja matskenndum ákvörðunum ramma, þannig að sjóðfélagar séu meðvitaðir um hvenær geti reynt á matskenndar ákvarðanir og á hvaða sjónarmiðum þær verði byggðar.¹⁴¹ Séu reglur sjúkrasjóða ekki nægilega skýrar eða ítarlegar, ásamt því að vera ólíkar frá einum sjóði til annars, er hættu á að sjóðfélagar verði minna meðvitaðir um réttindi sín og hafi síður forsendur til að bregðast við séu þeir ósáttir við afgreiðslu sjóðstjórnar. Slíkt er til þess fallið að skapa réttaróvissu og getur jafnvel rýrt traust sjóðfélaga til sjóðsins. Í því samhengi telja höfundar að sjóðirnir ættu að íhuga vel kosti þess að koma upp einhvers konar ytri endurskoðun einstakra ákvarðana.

Það er mat höfunda að hagur sé að meiri samræmingu reglna sjúkrasjóðanna. Þó þær lágmarkskröfur um bótarétt sem felast í 49. gr. laga Alþýðusambands Íslands og viðmiðunarreglugerð fyrir sjúkrasjóði aðildarfélaga hafa vissulega stuðlað að töluvert auknu samræmi og jafnað réttindi sjóðfélaga innan aðildarfélaganna, mættu sjóðir félaga

¹⁴¹ Hæstiréttur hefur fjallað um slík sjónarmið hvað varðar ákvörðun lífeyrissjóðs um takmörkun bótaréttar, sjá dóm Hæstaréttar 22. febrúar 2018 í máli nr. 177/2017. Í dómnum er lögð á það áhersla að jafnræði sjóðfélaga sé tryggt, málefnaleg sjónarmið lögð til grundvallar og meðalhófs gætt við ákvarðanatöku. Að mati höfunda er eðlilegt að gera sömu kröfu til sjúkrasjóða stéttarfélaga um vandaða ákvarðanatöku og þá enn frekar þegar litið er til þess að lög nr. 129/1997 setja inntaki bótaréttar í lífeyrissjóðum mun skýrari ramma en gildir um sjúkrasjóði.

utan Alþýðusambandsins huga að aukinni samræmingu. Hér skal þó tekið fram að það eru aðeins reglur um grunn inntak bótaréttar sem eru skuldbindandi fyrir sjúkrasjóði aðildarféлага ASÍ, auk reglu um yfirfærslu réttinda milli sjóða aðildarfélaganna.¹⁴² Reglur um geymslu áunninna réttinda, brottfall bótaréttar og skerðingu dagpeninga vegna annarra greiðslna eru síður samræmdar milli sjóða.

Samspil bótaúrræða vegna tímabundins starfsorkumissis getur verið flókið. Að mati höfunda þarf að kveða með skýrari hætti á um hvert hlutverk sjúkrasjóðanna eigi þar að vera, þ.e. hvort sjóðsfélagi eigi að geta gengið að réttindum sínum vísam í sjóðnum eða hvort þau eigi að vera bundin því skilyrði að ekki sé fyrir að fara bótarétti frá öðrum stoðum bótaréttarins. Ekki er ólíklegt að í þessum efnum þurfi löggjafinn að marka stefnuna.

Sjúkrasjóðirnir þurfa að hafa í huga að það er lögbundið hlutverk þeirra að mæta tekjutapi launamanna vegna starfsorkumissis. Önnur bótaúrræði hafa eflst verulega frá því að stofnað var til sjóðanna. Stóraukinn réttur til launa í veikindum með lögum nr. 19/1979 hefur þar mest að segja, en einnig efling lífeyrissjóða og aukin útbreiðsla ýmis konar váttrygginga gegn slysum. Ekki virðist hafa verið tekin sérstök afstaða til þess þegar lög nr. 19/1979 voru sett hvaða áhrif hinn aukni veikindaréttur hefði á nýtingu dagpeningagreiðslna úr sjúkrasjóðum. Raunin hefur því orðið sú að þeim tilvikum hefur fjölgað þar sem ekki reynir á dagpeningagreiðslur sjúkrasjóða fyrr en starfsorkumissir hefur varað um margra mánaða skeið, eða fjarvera frá vinnumarkaði tengist veikindum maka eða barns, en ekki eigin starfsorkumissi. Þegar svo háttar má velta fyrir sér hvort réttara væri að úrræði almannatrygginga eða lífeyrissjóða tækju við. Þannig geta höfundar ekki séð að sú skoðun sé hafin yfir vafa að hlutverk sjúkrasjóða stéttarféлага sé að brúa tekjutap allt frá því að veikindarétti samkvæmt kjarasamningi lýkur og þar til starfsorkumissir er orðinn varanlegur, þannig að réttur stofnist t.d. til örorkulífeyris hjá almannatryggingum og/eða lífeyrissjóði. Á sama hátt telja höfundar ástæðu til að spyrja hvort það eigi að vera hlutverk sjúkrasjóðanna að standa straum af

¹⁴² Alþýðusamband Íslands, „Lög ASÍ“ (n. 10) 1. mgr. og 4. mgr. 49. gr.

langvarandi tekjutapi sjóðfélaga sem er frá vinnu vegna umönnunar langveikra fjölskyldumeðlima.

Það er hlutverk sjúkrasjóða stéttarfélaga að ráðstafa tilteknu fé sem vinnuveitendum er skylt að greiða. Að mati höfunda felst helsta áskorun sjúkrasjóðanna í því að skilgreina það hlutverk sitt á markvissari hátt – að teknu tilliti til sögu sjóðanna, stöðu þeirra innan bótakerfisins og þeim verkefnum sem löggjafinn hefur ætlað þeim að sinna. Í því samhengi þarf að horfa á heildstætt á íslenskan bótarétt og taka afstöðu til þess hvert eigi þar að vera raunverulegt hlutverk sjúkrasjóðanna.

Í ljósi alls framangreinds ætla höfundar að skilja lesendur eftir með þessar spurningar: Er ekki ástæða til að auka samræmi og gagnsæi reglna sjúkrasjóða, stuðla að auknu réttaröryggi sjóðfélaga og ákveða hvert eigi að vera raunverulegt hlutverk sjóðanna í íslenskum bótarétti?

Heimildaskrá

- AFL Starfsgreinafélag, „Reglugerð Sjúkrasjóðs AFLs Starfsgreinafélags“ (tók gildi 12. maí 2013) <http://www.asa.is/images/stories/LogReglugerdirPdf/reglugerd_sjukrasjods.pdf> skoðað 12. mars 2018
- Aldan stéttarfélag, „Reglugerð Sjúkrasjóðs Öldunnar stéttarfélags“ (samþykkt á aðalfundi félagsins 8. apríl 2010) athugasemdir við 11.3 gr. <<http://www.stettarfelag.is/files/8/20080221164310960.pdf>> skoðað 12. mars 2018
- Alþýðusamband Íslands, „Lög Alþýðusambands Íslands“ (samþykkt á 39. þingi ASÍ árið 2000, síðast breytt á 42. þingi 2016) <<http://www.asi.is/um-asi/skipulag/log-og-reglugerdir-asi/>> skoðað 12. mars 2018
- Alþýðusamband Íslands, „Viðmiðunarreglugerð fyrir sjúkrasjóði aðildarféлага ASÍ“ (samþykkt á fundi miðstjórnar ASÍ 2. ágúst 2006) <<http://www.asi.is/um-asi/skipulag/log-og-reglugerdir-asi/reglugerdir-og-reglur/>> skoðað 12. mars 2018
- Arnmundur Backman og Gunnar Eydal, *Vinnuréttur: Um lög og rétt á vinnumarkaði* (Mál og menning 1978)
- Ástráður Haraldsson, „Nokkrar athugasemdir um almenn félög og sérstöðu stéttarféлага meðal þeirra“ (2008) 1 (1) Grábrók: Tímarit lagadeildar Háskólans á Bifröst 23
- Bandalag háskólamanna, „Skipulagsskrá fyrir Sjúkrasjóð Bandalags háskólamanna“ (samþykkt á aðalfundi BHM 18. maí 2017) <<https://www.bhm.is/media/sjukrasjodur/Skipulagsskra-SBHM-2017.pdf>>, skoðað 12. mars 2018
- Bifreiðastjórastjórnarskipun, „Reglugerð sjúkrasjóðs“ (samþykkt á aðalfundi Bifreiðastjórastjórnarskipun Sleipnis í nóvember 2009) <http://www.islandia.is/sleipnir/log/regl_sjukrasjods.htm> skoðað 12. mars 2018
- Byggingin, félag byggingamanna, „Reglugerð fyrir Sjúkrasjóð Bygginginnar“ (samþykkt á aðalfundi 28. mars 2012) <<http://www.byggidn.is/sjukrasjodur/loeg-um-sjukrasjoei>> skoðað 13. mars 2018
- Efling stéttarfélag, „Reglugerð Sjúkrasjóðs“ (samþykkt á framhaldsaðalfundum Dagsbrúnar, Framsóknar, Sóknar og Félags starfsfólks í veitingahúsum í nóvember 1998 og á félagsfundum Íðju í nóvember 1999, síðast breytt á aðalfundi Eflingar 27. apríl 2017) <<http://www.efling.is/sjukrasjodur/reglugerd/>> skoðað 12. mars 2018
- „Dreifibréfi 1/2007 – Veikindaréttur“ (Fjármálaráðuneytið, 20. nóvember 2007) <<https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannaudsmal-rikisins/kjarasamningar-laun-og-starfskjar/dreifibref/dreifibref-1-2007-veikindarettur/>> skoðað 12. mars 2018
- „Engin ástæða til að breyta reglum“ *Morgunblaðið* (Reykjavík, 24. mars 1993) 27
- Efling stéttarfélag, „Sjúkradagpeningar“ (*efling.is*) <<https://efling.is/sjukrasjodur-og-styrkir/sjukradagpeningar/>> skoðað 13. mars 2018

- Félag bifvélaþvirkja, „Reglugerð fyrir Styrktarsjóð Félags bifvélaþvirkja“, í *Lög Félags bifvélaþvirkja* (1960)
- Félag hársnyrtisveina, „Styrktarsjóður F.H.S.“ (samþykkt á aðalfundi 19. mars 1983, síðast breytt 4. apríl 2013)
- Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, „Starfsreglur Styrktarsjóðs“ (samþykkt á aðalfundi Fíh 20. maí 2016) <<http://www.hjukrun.is/styrkir-og-sjodir/styrktarsjodur/#Tab5>> skoðað 12. mars 2018
- Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, „Úthlutunarreglur Styrktarsjóðs“ (samþykktar á aðalfundi Fíh 20. maí 2016) <<http://www.hjukrun.is/styrkir-og-sjodir/styrktarsjodur/#Tab6>> skoðað 13. mars 2018
- Félag íslenskra rafvirkja, „Reglugerð fyrir Styrktarsjóð Félags íslenskra rafvirkja“, í *Lög og reglugerðir Félags íslenskra rafvirkja* (1958)
- Félag málmíðnaðarmanna Akureyri, „Sjúkrasjóðsstyrkir“ (*fma.stetey.is*) <<https://fma.stetey.is/is/sjukrasjodur/styrkir>> skoðað 12. mars 2018
- Félag skipstjórnarmanna, „Reglugerð Styrktarsjóðs Félags skipstjórnarmanna“ (samþykkt á fundi stjórnar FS 9. maí 2007) <<http://www.skipstjorn.is/index.php/styrktarsjodhur-fs>> skoðað 12. mars 2018
- FIT, félag iðn- og tæknigreina, „Reglugerð sjúkra- og styrktarsjóðs Félags iðn- og tæknigreina“ (samþykkt á tveimur félagsfundum 8. nóvember 2007) <<http://www.fit.is/sjukrasjodur-sp-1382165962>> skoðað 13. mars 2018
- Fjölskyldu- og styrktarsjóður lækna, „Reglur Fjölskyldu- og styrktarsjóðs lækna“ (gilda frá 2. desember 2016) <<https://www.lis.is/is/sjodir/fjolskyldu-og-styrktarsjodur/reglur-fosl>> skoðað 14. mars 2018
- Framsýn stéttarfélag, „Reglugerð fyrir Sjúkrasjóð Framsýnar, stéttarfélags“ (samþykkt á stofnundi Framsýnar stéttarfélags 1. maí 2008) <<http://www.framsyn.is/framsyn/log-og-reglugerdir/#sjukrasjodur>> skoðað 12. mars 2018
- Grafía, „Reglugerð Sjúkrasjóðs“ (ó dags.) <http://grafia.is/wp-content/uploads/2017/01/Reglugerdir_sjoda_GRAFIU_04_2017.pdf> skoðað 12. mars 2018
- Guðmundur Jónsson, „Velferðarkerfið: Ávöxtur af baráttu verkalýðshreyfingarinnar?“ í Sumarliði R. Ísleifsson og Þórunn Sigurðardóttir (ritstj.), *Samfélagsleg áhrif verkalýðshreyfingarinnar á 20. öld – Framtíðarsýn á 21. öldinni* (Efling stéttarfélag og ReykjavíkurAkademían 2007) 88
- Guðmundur Rúnar Árnason, „Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands árið 2006“ (Alþýðusamband Íslands, 2006) <<http://www.asi.is/media/6312/Skyrslaforseta2006.pdf>> skoðað 12. mars 2018
- Guðmundur Sigurðsson, „Bótaréttur launþega er breytinga þörf?“ (1999) 5 (1) Lögmannablaðið 10
- Guðmundur Sigurðsson, „Íslensk kompensasjonsrett ved arbeidsulykker“ í Severin Blomstrand, Mia Carsson, Dag Mattsson, Anna Skarhed og Sven Unger (ritstj.), *Bertil Bengtsson 90 år* (Jura Förlag AB 2016) 479

Ritrynd fræðigrein

- Guðmundur Sigurðsson, „Mat á varanlegum afleiðingum líkamstjóna: Ólík nálgun í bótarétti“ (2006) 3 (2) Tímarit Lögréttu 101
- Guðrún Kr. Óladóttir, viðtal við Sigrúnu Ísleifsdóttur (29. apríl 2015)
- Ingi Rúnar Eðvarðsson, „Prentarar í heila öld: Hið íslenska prentarafélag 100 ára“ (1996) 16 (2) Prentarinn 20
- Ingólfur Ingvarsson (ritstj.), *Með oddi og egg: Stéttarfélag á Íslandi* (Útgáfufélagið Frúin 2004)
- „Íhaldið í Reykjavík þverskallast enn“ *Verkamaðurinn* (Akureyri, 16. júní 1961) 1
- Jón Blöndal (ritstj.), *Félagsmál á Íslandi* (Félagsmálaráðuneytið 1942)
- „KEA og SÍS semja við verkalýðsfélögin á Akureyri um kaup og kjör“ *Alþýðumaðurinn* (Akureyri, 6. júní 1961) 1
- Lára V. Júlíusdóttir, *Stéttarfélag og vinnudeilur* (Alþýðusamband Íslands 1995)
- Matvæla- og veitingafélag Íslands, „Reglugerð fyrir sjúkrasjóð MATVÍS (samþykkt á ársfundi MATVÍS 17. maí 2006, síðast breytt á aðalfundi 12. mars 2013) <<http://www.matvis.is/um-matvis/loeg-og-reglugerddhir/47-reglugerdh-fyrir-sjukrasjodh-matvi-s-medh-breytingum-fra-adhalfundi-2012>> skoðað 12. mars 2018
- Páll Hreinsson, *Starfsskilyrði stjórnvalda* (Forsætisráðuneytið 1999) 21–24
- Rafíðnaðarsamband Íslands, „Reglugerð Styrktarsjóðs RSÍ“ (samþykkt á sambandsstjórnarfundi RSÍ 29.–30. apríl 2016) <<http://www.rafis.is/styrkir/reglugerð-styrktarsjods-rsi>> skoðað 12. mars 2018
- „SÍS og Dagsbrún semja til eins árs“ *Alþýðublaðið* (Reykjavík, 10. júní 1961) 1
- Sjúkrasjóður Bandalags háskólamanna, „Úthlutunarreglur Sjúkrasjóðs“ (síðast breytt 1. janúar 2018) <<https://www.bhm.is/media/sjukrasjodur/Uthlutunarreglur-SBHM-1.1.2018.pdf>> skoðað 12. mars 2018
- Sjúkrasjóður Kennarasambands Íslands, „Úthlutunarreglur Sjúkrasjóðs Kennarasambands Íslands“ (gilda frá 1. desember 2017) <<http://ki.is/component/attachments/download/299>> skoðað 13. mars 2018
- SSF, samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, „Samþykktir Styrktarsjóðs SSF“ (staðfestar af samninganefnd bankanna í Reykjavík 11. júní 1999, endurskoðaðar á 44. þingi SSF í mars 2010) <<http://www.ssf.is/styrktarsjodur-2/samthykkir/>> skoðað 12. mars 2018
- Stefán Ólafsson, *Íslenska leiðin: Almennatryggingar og velferð í fjölbjóðlegum samanburði* (Tryggingastofnun ríkisins 1999)
- Stéttarfélag Vesturlands, „Reglugerð Sjúkrasjóðs Stéttarfélags Vesturlands“ (samþykkt á stofnfundi Stéttarfélags Vesturlands 31. maí 2006, síðast breytt á aðalfundi 28. mars 2009) <<http://www.stettvest.is/sjukrasjodur/reglugerdir/>> skoðað 13. mars 2018

- Stéttarfélagið Samstaða, „Lög Sjúkrasjóðs Stéttarfélagsins Samstöðu“ (Samþykkt á stofnfundi 31. október 2009, síðast breytt á aðalfundi 10. maí 2016) <<http://samstada.is/index.php/loeg-og-reglur>> skoðað 13. mars 2018
- Styrktar- og sjúkrasjóður Landssambands lögreglumanna, „Úthlutunarreglur styrktar- og sjúkrasjóðs Landssambands lögreglumanna“ (samþykktar á fundi stjórnar sjóðsins 26. janúar 2009, síðast breytt 2. desember 2016) <http://www.logreglumenn.is/skjol/Styrktarsjodur_2017.pdf> skoðað 14. mars 2018
- Styrktar- og sjúkrasjóður SFR, „Úthlutunarreglur sjúkradagpeninga hjá SFR“ (gilda frá 1. janúar 2018) <<https://sfr.is/styrkir-sjodir/sjodir/styrktar-og-sjukrasjodur/uthlutunarreglur-sjukradagpeninga/>> skoðað 13. mars 2018
- Styrktarsjóður Bandalags háskólamanna, „Skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Bandalags háskólamanna“ (samþykkt á stofnfundi fulltrúaráðs Styrktarsjóðs BHM 13. júní 2001) <<http://www.bhm.is/media/styrktarsjodur/Styrktarsjodur-skipulagsskra-2015.pdf>> skoðað 13. mars 2018
- Styrktarsjóður Bandalags háskólamanna, „Úthlutunarreglur Styrktarsjóðs Bandalags háskólamanna“ (síðast breytt 1. janúar 2018) <<https://www.bhm.is/media/utgafa/Starfsreglur-Styrktarsjods-Bandalags-haskolamanna-1.-januar-2018.pdf>> skoðað 13. mars 2018
- Styrktarsjóður Blaðamannafélags Íslands, „Starfsreglur“ (gilda frá 1. janúar 2014) <<https://www.press.is/is/moya/page/starfsreglur>> skoðað 13. mars 2018
- Styrktarsjóður BSRB, „Reglugerð fyrir Styrktarsjóð BSRB“ (samþykkt á aðalfundi Styrktarsjóðsins 4. september 2015) <<https://styrktarsjodur.bsrb.is/sjodurinn/reglugerd/>> skoðað 12. mars 2018
- Styrktarsjóður BSRB, „Úthlutunarreglur“ (gilda frá 1. janúar 2018) <<https://styrktarsjodur.bsrb.is/sjodurinn/frettir/nr/1479/nyjar-uthlutunarreglur-styrktarsjods-bsrb-arid-2018/>> skoðað 12. mars 2018
- Styrktarsjóður verkamanna í Dagsbrún, „Reglugerð fyrir Styrktarsjóð verkamanna í Dagsbrún“ (1911)
- Sumarliði R. Ísleifsson, *Saga Alþýðusambands Íslands, 2. bindi: Til velferðar* (Forlagið 2013)
- Tinna Ástrún Grétarsdóttir og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, „Viðhorf íslenskra ungmenna til stéttarféлага og þekking þeirra á réttindum og skyldum á vinnumarkaði“ í Ingjaldur Hannibalsson (ritstj.), *Þjóðarspejillinn: Rannsóknir í félagsvísindum XI - Viðskiptafræðideild* (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands 2010) 147
- „Úr bæ og byggð: Nýir kjarasamningar“ *Vesturland: Blað vestfirzkra sjálfstæðismanna* (Ísafjörður, 11. júlí 1961) 1
- Verkalýðsfélag Akraness, „Reglugerð Sjúkrasjóðs Verkalýðsfélags Akraness“ (samþykkt með breytingum á aðalfundi félagsins 11. maí 2017) <<http://www.vlfa.is/sjukrasjodur/reglugerd-sjukrasjods/>> skoðað 13. mars 2018

Ritrynd fræðigrein

- Verkalýðsfélagið Brynja, „Skipulagsskrá sjúkrasjóðs verkalýðsfélagsins Brynja“, í *Lög og fundarsköp Verkalýðsfélagsins Brynja* (1936)
- Verkalýðsfélagið Hlíf, „Reglugerð sjúkrasjóðs Verkalýðsfélagsins Hlíf“ (samþykkt á aðalfundi 18. apríl 2013) <http://hlif.is/files/sjkrasjsregluger_samykkt_18_04_2013.pdf> skoðað 12. mars 2018
- Verkamannafélag Akureyrar, „Reglugjörð fyrir Sjúkrasjóð Verkamannafélags Akureyrar“, í *Lög Verkamannafélags Akureyrar* (1931)
- Verkamannafélagið Dagsbrún, „Lög Verkamannafélagsins Dagsbrún“ (1906)
- Verkfræðingafélag Íslands, „Starfsreglur Sjúkrasjóðs Verkfræðingafélags Íslands“ (samþykktar af stjórn KVFÍ 4. janúar 2017) <https://www.vfi.is/media/kjaramal/Sjukrasjodur_VFI_starfsreglur_feb_2016.pdf> skoðað 13. mars 2018
- Verkstjorasamband Íslands, „Reglugerð Sjúkrasjóðs verkstjóra og stjórnenda“ (samþykkt á þingi VSSÍ 6. júlí 1975, síðast breytt 1. apríl 2017) <http://www.vssi.is/index.php?option=com_content&view=article&id=116:reglugere-sjukrasjoes-verkstjora&catid=1:loeg-og-reglugereir&Itemid=57> skoðað 12. mars 2018
- VM – Félag vélstjóra og málmæknimanna, „Reglugerð Sjúkrasjóðs VM“ (samþykkt á stofnfundi VM 14. október 2006, síðast breytt á aðalfundi VM 27. mars 2015) <<http://www.vm.is/sjodir-vm/sjukrasjodur-vm/reglugerd-sjukrasjods.aspx>> skoðað 12. mars 2018
- VR, „Félagsgjald og aðild“ (*vr.is*) <<http://vr.is/um-vr/felagsgjald-og-adild/>> skoðað 12. mars 2018
- VR, „Reglugerð sjúkrasjóðs VR“ (samþykkt á aðalfundi VR 23. mars 1980, síðast breytt 25. mars 2015) <<https://www.vr.is/um-vr/log-og-reglugerdir/reglugerd-og-starfsreglur-sjukrasjods-vr/>> skoðað 12. mars 2018
- VR, „Starfsreglur sjúkrasjóðs VR“ (samþykktar í stjórn VR 24. september 1979, síðast samþykktar breytingar 7. júní 2017) <<https://www.vr.is/um-vr/log-og-reglugerdir/reglugerd-og-starfsreglur-sjukrasjods-vr/>> skoðað 12. mars 2018
- Porleifur Friðriksson, *Við brún nýs dags: Saga Verkamannafélagsins Dagsbrúnar 1906-1930* (Efling stéttarfélag, Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan 2007)

Brottfallin lög

Lög nr. 26/1936 um alþýðutryggingar. Stjtið 1936, A-deild, 59

Lög nr. 16/1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Stjtið 1958, A-deild, 33

Alþingistíðindi

Alþt. 1911, A-deild, þskj. 258 – 86. mál

Alþt. 1935, A-deild, þskj. 405 – 131. mál

Alþt. 1957-1958, A-deild, þskj. 193 – 97. mál

Alþt. 1973-1974, A-deild, þskj. 76 – 70. mál

Alþt. 1973-1974, B-deild, 70. mál, 20. fundur (Björn Jónsson)

Alþt. 1973-1974, B-deild, 70. mál, 28. fundur (Helgi Seljan)

Alþt. 1978-1979, A-deild, þskj. 117 – 106. mál

Alþt. 1978-1979, A-deild, þskj. 273 – 159. mál

Alþt. 1978-1979, B-deild, 159. mál, 47. fundur (Magnús H. Magnússon)

Alþt. 1998-1999, A-deild, þskj. 971 – 183. mál

Alþt. 2000-2001, A-deild, þskj. 1084 – 501. mál

Alþt. 2003-2004, A-deild, þskj. 461 – 244. mál

Dómaskrá

Hrd. 7. júní 1971 í máli nr. 196/1970 (Hrd. 1971, 646)

Hrd. 6. júní 1972 í máli nr. 196/1971 (Hrd. 1972, 523)

Hrd. 24. nóvember í máli nr. 344/1988 (Hrd. 1988, 1464)

Hrd. 23. janúar 2008 í máli nr. 9/2008

Dómur gerðardóms 17. desember 2010, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga gegn Bandalagi háskólamanna

Abstract

Union Sickness Benefit Funds are run by Trade Unions in accordance with the unions' collective agreements, along with Act No. 19/1979 and Act No. 55/1980, which require all employers to pay a premium to such funds. Benefit payments from Union Funds are regarded as part of a worker's compensation, as well as important social benefits to cover temporary incapacity. These benefits are part of social and economic rights that the state has seen fit to guarantee for all employees. Despite this, no cohesive rules apply to those funds, whose operating conditions are mainly decided in each union's regulations. According to law, Union Sickness Benefit Funds must pay an allowance to members who have exhausted their right to paid sick leave. All conditions of those payments, including amounts and duration, are set out in regulations for each fund. An analysis of the Union Funds' regulations shows that different rules apply to members of each fund, especially when it comes to suspension and termination of benefits, but also concerning the degree to which a funds' board may reach discretionary decisions on a member's right to benefits. In addition, Union Funds are under no obligation to publish regulations or decision making guidelines, and the quality of published material differs greatly. As a result, members may lack capacity to determine which benefits they are entitled to, or if a decision of the board is legitimate. Decisions of the board are usually final; if a member disagrees, they may have limited options other than to bring the case to court. It must be considered whether Union Sickness Benefit Funds should be subject to more coordinated regulations or law that could better ensure the legal protection and equality of their members.



LANDSLÖG



Ákvörðun bóta vegna varanlegrar örorku barna og námsmanna

-
- » Dr. Guðmundur Sigurðsson prófessor við lagadeild HR
 - » Sveinbjörn Claessen lögmaður
-

Ú

tdráttur

Greinin fjallar um ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku barna og námsmanna, þ.e. hvernig varanlegt fjártjón þessa hóps er reiknað samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Kemur fram að viðmiðunarlaun þau sem lögð eru til grundvallar útreikningi á bótum til yngri barna eru nánast undantekningalaust lágmarksárslaun 3. mgr. 7. gr. Engu er líkara en í skaðabótalögum sé beinlínis gert ráð fyrir að 3. mgr. 7. gr. gildi um börn hvort sem þau hafa vinnutekjur eða ekki. Ef hins vegar um er að ræða nemendur á framhaldsskóla- eða háskólastigi ræðst það af aðstæðum hverju sinni hvort viðmiðunarárslaun eru ákveðin á grundvelli 2. eða 3. mgr. 7. gr. Það ræðst í raun af mati á því hvort námslok viðkomandi teljast fyrirsjáanleg á slysegi hvort fallist er á að ákvarða árslaun á grundvelli 2. mgr. 7. gr. eða ekki. Dómaframkvæmt Hæstaréttar bendir til þess að gerð sé krafa um

að viðkomandi námi sé nánast lokið til þess að það skilyrði teljist uppfyllt. Í greininni er því haldið fram að dómaframkvæmdin hvað þetta atriði varðar sé þrengri en lögskýringargögn geti gefið ástæðu til, auk þess sem mat á því hvort námslok teljist vera fyrirsjáanleg eða ekki eigi að miðast við stöðugleikatímamark og ekki slysdag. Þá eru jafnframt færð rök fyrir því að ef oftar væri fallist á að námslok teldust fyrirsjáanleg mætti betur en nú er tryggja að útreikningur á bótum fyrir varanlega örorku tjónþola sé réttur. Þó í greininni sé bent á að sú breyting á lágmarksárslaunum er að finna í frumvarpi til breytinga á skaðabótalögum sem lagt var fyrir Alþingi vorið 2018 sé almennt til þess fallin að auka líkur á því að útreiknað brúttó framtíðarfértjón barna og námsmanna verði réttara en samkvæmt gildandi lögum, er jafnframt bent á að það sé þó ekki algilt. Er í því sambandi m.a. fjallað um álitaefni tengd því þegar um er að ræða tjónþola sem hafa takmarkaða vinnugetu áður en þeir verða fyrir bótaskyldu líkamstjóni. Þá er í greininni að finna nokkuð ítarlega umfjöllun um margfeldisstuðul skaðabótalaga og þær breytingar sem þar eru lagðar til í framangreindu frumvarpi.

- 1 Inngangur
- 2 Hvaða árslaun ber að leggja til grundavallar útreikningi?
 - 2.1 Almennt
 - 2.2 Eru lágmarksárslaun 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga rétt viðmiðun fyrir börn og námsmenn?
- 3 Margfeldisstuðull
 - 3.1 Almennt um margfeldisstuðulinn
 - 3.1.1 Vinnutekjur eru bætтар til 75 ára aldurs
 - 3.1.2 Miðað er við 4,5% ársafvöxtunarforsendu bótafjárhæðar og 3% hvað varðar bætтар til barna
 - 3.1.3 Miðað við 33,3% skerðingu vegna tekjuskatt-hagræðis og eingreiðslu bóta
 - 3.1.4 Álag til að mæta áhrifum fjármagnstekjuskatts
 - 3.1.5 Dreifing launatekna yfir starfsævina
 - 3.1.6 Margfeldisstuðullinn er sá sami fyrir bæði kyn
- 4 Niðurstöður

1 Inngangur

Viðfangsefni þessarar greinar er ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku barna og námsmanna.¹ Í raun má segja að viðfangsefnið sé hvernig varanlegt fjártjón þessa hóps er reiknað samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum.

Í stórum dráttum gera skaðabótalög ráð fyrir því að fjárhagslegar afleiðingar líkamstjóna skiptist í tvennt, þ.e. tímabundið atvinnutjón, sbr. 2. gr., og framtíðartjón vegna varanlegrar örorku, sbr. 5–9. gr. Auk þess leiðir af 1. gr. laganna að mögulegt er að greiða bætur fyrir sjúkrakostnað og annað fjártjón.

Tímamarkið milli tímabundins og varanlegs fjártjóns, þ.e. sá dagur þar sem tímabundnu atvinnutjóni lýkur og tjónið vegna varanlegru örorkunnar tekur við, er hinn svokallaði stöðugleikatímamarkur. Það er sú dagsetning þegar heilsufar tjónþola telst vera orðið stöðugt. Með því er átt við það tímamark þegar ekki er lengur hægt að reikna með að frekari læknisfræðileg meðferð skili varanlegum breytingum á heilsufari tjónþola, þ.e. að miskinn eða örorkan af völdum tjónsatburðar muni ekki taka frekari varanlegum breytingum.²

Eins og að framan greinir verður einungis í þessari grein fjallað um varanlega fjártjónið, þ.e. fjárhæð tjóns af völdum metinnar varanlegrar örorku. Við fjárhagslegt örorkumat er leitast við að meta til örorkustigs þau áhrif sem afleiðingar bótaskylds atviks hafa á fjárhag eða nánar tiltekið hæfi (tjónþola) til að afla tekna með vinnu.³ Að baki liggur hið almenna markmið skaðabótaréttarins að tryggja tjónþola fullar bætur fyrir varanlegt fjártjón. Reglum skaðabótalaga, þ.e. 5. til 9. gr., er því ætlað að tryggja að tjónþoli verði eins settur fjárhagslega og tjónið hefði ekki orðið.⁴

¹ Í greininni er að nokkru stuðst við BA ritgerð um örorkubætur vegna varanlegs líkamstjóns barna og ungmenna sem Sveinbjörn Claessen skrifaði við lagadeild Háskólans í Reykjavík á vorönn 2010. Leiðbeinandi hans var Guðmundur Sigurðsson.

² Hrd. 28. september 2000 í máli nr. 179/2000.

³ Alþt. 1992–1993, A-deild, 3625.

⁴ Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2005) 595.

Við setningu skaðabótalaga var gerð sú mikilvæga breyting að horfið var frá því að leggja læknisfræðilegt örorkustig til grundvallar við útreikning bóta fyrir framtíðar fjártjón og þess í stað ákveðið að bæta fjárhagslega örorku þeirra sem yrðu fyrir tjóni.⁵

Þrátt fyrir framangreint var engu að síður gert ráð fyrir því í 8. gr. skaðabótalaga frá 1993 að bætur til þeirra sem nýttu vinnugetu sína þannig að þeir hefðu engar eða litlar vinnutekjur, þar á meðal börn og námsmenn,⁶ væru reiknaðar á grundvelli metins miskastigs (læknisfræðilegrar örorku).

Með með lögum nr. 37/1999 var m.a. gerð sú breyting á skaðabótalögum að þeir sem falla undir 8. gr., þar með talið börn og námsmenn,⁷ skyldu nú einnig metnir til fjárhagslegrar örorku og bætur vegna varalegrar örorku reiknaðir með sambærilegum hætti og gilti um alla aðra tjónþola.

Brúttó framtíðarfjártjónið vegna varanlegrar örorku er því í dag ákvarðað á grundvelli eftirfarandi þriggja breytna, viðmiðunarárslauna skv. 7., sbr. 8. gr., margfeldisstuðli skv. 6. gr. og örorkuprósentu skv. 5. gr. Í 6. gr. er síðan gert ráð fyrir því að þessar þrjár breytur séu margfaldaðar saman í þeim tilgangi að finna úr heildar brúttó framtíðarfjártjónið.

Þó markmiðið sé að reikna sem nákvæmast út brúttó framtíðarfjártjón hvers tjónþola um sig er ljóst að þessi aðferð er að hluta til stöðluð,

⁵ Alþt. 1992-1993, A-deild, 3625.

⁶ Sama heimild, 3648-3649. Í greinargerð með 8. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 segir m.a.: „Þeir sem 8. gr. tekur til eru börn og tjónþolar sem að verulegu leyti nýta starfsgetu sína þannig að þeir hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur. Bætur til þeirra skulu ákveðnar á grundvelli miskastigs skv. 4. gr. Auk barna á 8. gr. við um maka eða sambúðarmaka sem vinna heimilisstörf, sbr. 3. mgr. 1. gr., og ungt fólk sem stundar nám.“

⁷ Alþt. 1998-1999 A-deild, 1295. Sjá greinargerð með 7. gr. laga nr. 37/1999. Þar segir m.a.: „Undir 8. gr. laganna falla að meginstefnu til þeir sem engar eða óverulegar vinnutekjur hafa. Í greininni er sérstaklega getið um börn, án þess að nánar sé tilgreint til hvaða aldurs það nái. Auk barna munu stærstu hóparnir sem greinin tekur til vera heimavinnandi húsmæður og námsmenn.“

nokkuð sem leiðir til þess að útreikningarnir geta seint orðið 100% réttir fyrir alla tjónþola. Þannig má segja að þó t.d. sé almennt reynt að finna rétt viðmiðunarárslaun fyrir tjónþola, þ.e. ekki stöðluð nálgun, feli þær forsendurnar sem búa að baki margfeldisstuðli 6. gr. í sér staðlaða nálgun. Auk þessa er eðli málsins samkvæmt alltaf ákveðin óvissa tengd mati á því hvert framtíðar örorkustig hvers og eins tjónþola er. Á það ekki hvað síst við um börn og námsmenn, enda er þar um að ræða hóp sem sjaldnast hefur hafið störf á vinnumarkaði. Af þessu má leiða að þó markmiðið með aðferðafræðinni sé að tryggja að tjónþoli fái framtíðarfjártjón sitt að fullu bætt er hér ekki um 100% vísindi að ræða. Aðferðafræðin byggir á stöðlun til að tryggja fullar bætur í öllum tilvikum. Eða sagt með öðrum orðum, þó heildabætur kunni að vera nálægt heildarfjártjóni ef t.d. er horft á 1000 uppgerð bótamál, kunna þó inn á milli að leynast uppgjör þar sem aðferðafræðin hefur annað hvort leitt til of hárra eða of lágra bóta. Eina leiðin til að draga enn frekar úr slíkri áhættu er að reikna tjón hvers og eins að fullu út frá einstaklingsbundnum mælikvarða, t.d. reikna margfeldisstuðul fyrir hvern tjónþola um sig. Það er hins vegar flóknari aðferð í framkvæmd en hin hálfstaðlaða aðferð skaðabótalaga. Með lögfestingu skaðabótalaga 1993 og með síðari breytingum á þeim valdi löggjafinn einfaldari leiðina.

Vegna framangreindrar aðferðafræði tók löggjafinn þá ákvörðun, þegar skaðabótalögum var breytt með lögum nr. 37/1999, að almennt beri að draga greiðslur frá þriðja aðila frá reiknuðu brúttó framtíðarfjártjóni. Forsendan að baki frádráttarreglu 4. mgr. 5. gr. var sú að um væri að ræða greiðslur sem tækju til sama tímabils og varanleg örorka.

Í athugasemdum um 4. gr. frumvarps sem síðar varð að lögum nr. 37/1999 um breyting á skaðabótalögum segir m.a.:

Samkvæmt gildandi lögum dragast bætur frá almannatryggingum og lífeyrissjóði ekki frá bótum fyrir varanlega örorku. Í greinargerð með frumvarpinu að skaðabótalögum, nr. 50/1993, kemur fram að margföldunarstuðull laganna hafi öðrum þræði verið ákveðinn með hliðsjón af því að tjónþoli héldi óskertum rétti til bóta frá þriðja manni, t.d. almannatryggingum og váttryggingum. Þessi sjónarmið eiga ekki

við í þessu frumvarpi. Margföldunarstuðull 5. gr. frumvarpsins er annars eðlis en í gildandi lögum og við það miðaður að tjónþoli fái að fullu bætt það tekjutap sem hann verður fyrir vegna varanlegrar örorku. Vegna þessa er lagt til að til frádráttar bótum komi greiðslur af félagslegum toga sem koma í hlut tjónþola vegna örorkunnar. Við frádráttinn þarf að huga að því að greiðslur séu sambærilegar með því að taka tillit til skattskyldu og greiðsluforms, áður en dregið er frá skattfjálsnum og afvöxtuðum bótum fyrir varanlega örorku. Ekki er lagt til að bætur skerðist vegna slysatrygginga eða annarra bótaúrræða sem tjónþoli hefur sjálfur kostað með greiðslu iðgjalds.⁸

Síðar, með lögum nr. 53/2009 um breytingu á skaðabótalögum, var frádráttarreglum skaðabótalaga breytt á þá leið að í stað allra greiðslna frá almannatryggingum varð einungis heimilt að draga frá eingreiddar örorkubætur almannatrygginga. Þessi breyting hefur sannanlega áhrif á bótarétt tjónþola, einkum í alvarlegri tjónstilvikum.⁹

Þó viðfangsefni greinarinnar sé ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku barna og námsmanna verður þó fyrst og fremst fjallað um eftirfarandi álitaeefni, rannsóknarspurningar:

1. Hvaða árslaun ber að leggja til grundvallar útreikningi á bótum fyrir varanlega örorku barna og námsmanna? Eru lágmarkslaun 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga til þess fallin að tryggja þessum hópi fullar bætur?
2. Hvaða sérsjónarmið geta átt við um mat á örorkuprósentu varanlegrar örorku barna og námsmanna?
3. Hvernig er margfeldisstuðli skaðabótalaga ætlað að tryggja tjónþolum, þar á meðal börnum og námsmönnum, fullar bætur?

Hér skal einnig bent á að á vorþingi 2018 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum. Þær breytingar sem þar voru lagðar til snertu með beinum hætti efni þessarar greinar. Kemur þar m.a. fram að bæði er lögð til breyting á margfeldisstuðli

⁸ Alþt. 1998-1999, A-deild, 1292.

⁹ Sjá einnig Guðmundur Sigurðsson, „Vinnuslys, slysatrygging sjómanna, hver á rétt á bótum? Ákvörðun bóta“ (2005) 2 Tímarit Lögretta 186-190.

skaðabotalaga og fjárhæð lágmarksárslauna skv. 3. mgr. 7. gr.¹⁰ Þó svo að frumvarpið hafi ekki verið afgreitt á því þingi verður í þessari grein engu að síður gerð grein fyrir því með hvaða hætti þessar breytingar gætu haft áhrif á bótarétt barna og námsmanna. Ef í þessari grein er vísað til frumvarps til laga um breytingu á skaðabotalögum, er því átt við þetta frumvarp.

2. Hvaða árslaun ber að leggja til grundavallar útreikningi?

2.1 Almenn

Eins og áður hefur komið fram eru viðmiðunarárslaun ein af þeim þremur breytum sem þurfa að liggja fyrir til þess að hægt sé að reikna brúttó framtidarfjártjón samkvæmt skaðabotalögum. Árslaunin hverju sinni ráðast í raun af 7. gr. skaðabotalaga þar sem eftirfarandi fjórir möguleikar eru í boði:

1. Almenn regla 1. mgr. 7. gr.
2. Árslaun eru metin sérstaklega á grundvelli 2. mgr. 7. gr.
3. Lágmarksárslaun 3. mgr. 7. gr.
4. Hámarksárslaun 4. mgr. 7. gr.

Meginregluna er að finna í 1. mgr. þar sem kemur fram að miða eigi við meðalatvinnutekjur tjónþola að meðtöldu framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs þrjú síðustu almanaksárin fyrir slysdag. Í athugasemdum um 7. gr. frumvarps sem síðar varð að skaðabotalögum segir eftirfarandi um árslaunahugtakið:

„Með árslaunum er átt við brúttóárstekjur, þ.e. tekjur eins og þær eru áður en skattur er dreginn frá þeim. Með tekjum skal bæði telja venjulegt framlag vinnuveitanda og launþega til lífeyrissjóðs. Til tekna teljast einnig hlunnindi, t.d. endurgjaldslaus bifreiðarafnot sem fylgdu starfi tjónþola áður en hann varð fyrir líkamstjóni.“¹¹

¹⁰ Alþt. 2017-2018, A-deild, þskj. 626 - 441. mál; <http://www.althingi.is/alttext/148/s/0626.html>, skoðað 6. apríl 2018.

¹¹ Alþt. 1992-1993, A-deild, 3647.

Til að taka af öll tvímæli kemur nú fram í 1. mgr. 7. gr. að framlag vinnuveitanda til lífeyrissjóðs er hluti af ársláunahugtakinu.

Þegar um bætur til barna og námsmanna er að ræða liggur það í hlutarins eðli að framangreind meginregla á sjaldnast við enda er hér ekki um að ræða hóp sem hefur verið á almennum vinnumarkaði þrjú síðustu árin fyrir tjónsdag. Hvað þennan hóp tjónþola varðar eru viðmiðunarlaun fyrir börn yngri en 18 ára almennt lágmarksársláun 3. mgr. 7. gr. Þannig segir t.d. eftirfarandi í athugasemdum um 7. gr. frumvarps sem síðar varð að lögum nr. 37/1999, en sú grein fól í sér breytingu á 8. gr. skaðabótalaga: „Launaviðmiðun barna yngri en 18 ára yrðu lágmarkslaun skv. 3. mgr. 7. gr. að viðbættum 30%, þ.e. 1.560.000 kr. á ári.“¹² Það virðist því eins og í skaðabótalögum sé beinlínis gert ráð fyrir að 3. mgr. 7. gr. gildi um börn hvort sem þau hafa vinnutekjur eða ekki. Ef hins vegar um er að ræða nemendur á framhaldsskóla- eða háskólastigi ræðst það af aðstæðum hverju sinni hvort viðmiðunarársláun eru ákveðin á grundvelli 2. eða 3. mgr. 7. gr. Dómaframkvæmd Hæstaréttar sýnir þó fram á að hér er almennt stuðst við lágmarksársláunin og þá sérstaklega ef tjónþoli stundar nám á framhaldsskólastigi.¹³

Hér á eftir verður í stuttu máli gerð grein fyrir efni 2. og 3. mgr. 7. gr. og hvenær þær geta átt við um þennan hóp tjónþola. Með vísan til þess sem að framan greinir tekur umfjöllunin þó fyrst og fremst mið af því að fastsetja hvenær það kemur til greina að ákvarða viðmiðunarársláun framhaldsskóla – (þar með talið iðnnema) og háskólanema á grundvelli 2. mgr. 7. gr.¹⁴

¹² Alþt. 1998–1999, A–deild, 1298.

¹³ Páll Hreinsson „Ákvörðun ársláuna við óvenjulegar aðstæður samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga (2010) 60 Tímarit Lögfræðinga 408.

¹⁴ Eftirfarandi umfjöllun er einungis ætlað að rissa upp meginlínu um þetta efni. Að öðru leiti vísast t.d. í eftirfarandi fræðiskrif um mörkin á milli 2. og 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga: Páll Hreinsson (n. 13) 399–412, Ólafur Örn Svansson, „Mörk 2. og 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. lög nr. 37/1999 í Jóhann Haukur Hafstein (ritstj.), *Bífröst. Rit lagadeildar Háskólans á Bífröst*. (Bífröst 2006) 377–397 og Eiríkur Jónsson „Er breytinga þörf á skaðabótalögum? í Berglind Bára Sigurjónsdóttir og fleiri (ritstj.), *Afmælissrit Tryggvi Gunnarsson sextugur 10. júní 2015* (Bókaútgáfan Codex) 125–146.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skal meta árslaun „sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi og ætla má að annar mælikvarði¹⁵ sé réttari á líklegar framtíðartekjur tjónþola“. Til þess að 2. mgr. verði beitt þurfa því að vera fyrir hendi óvenjulegar aðstæður á síðustu þremur almanaksárum fyrir tjónsatburð sem valda því að árslauin á því tímabili teljast ekki réttur mælikvarði á líklegar framtíðartekjur heldur sé annar mælikvarði betur til þess fallinn.

Í athugasemdum um 7. gr. frumvarps til skaðabótalaga, eins og þau voru lögfest 1993, segir m.a.: „Stundi tjónþoli nám þegar líkamstjón ber að höndum og þiggi laun í tengslum við það, t.d. iðnnám, verður venjulega að miða árslaun við tekjur sem tjónþoli mundi hafa haft ef hann hefði verið nýbúinn að ljúka námi.“¹⁶ Þá segir einnig í greinargerð með 7. gr. í frumvarpi til laga nr. 37/1999 um breytingu á 8. gr. skaðabótalaga:

Við þær aðstæður að námslok tengd starfsferli eða starfsréttindum megi teljast fyrirsjáanleg yrðu þó metnir möguleikar námsmannsins til þess að gegna því starfi sem hann stefndi að með menntun sinni. Þetta á við hvort heldur slys valdi því að hann verði að hætta námi eða það dragi úr starfsgetu í fyrirhuguðu starfi. Tekjuviðmiðun í slíku tilviki færi eftir sérreglunni í 2. mgr. 7. gr., svo sem lagt er til að henni verði breytt.¹⁷

Þessu til viðbótar segir í athugasemdum um 6. gr. frumvarps til laga nr. 37/1999 að: „[á] sama hátt yrði tekjuviðmiðun námsmanns, sem væri að ljúka starfsréttindanámi, eðlilegust miðað við það starf, sbr. umfjöllun um 8. gr.“¹⁸

Almenna reglan er sú að ákveða skal árslaunaviðmiðun þeirra sem falla undir 8. gr. skaðabótalaga skv. 3. mgr. 7. gr. Í athugasemdum um 8. gr. frumvarps sem síðar varð að skaðabótalögum segir m.a.:

¹⁵ Með orðalaginu annar mælikvarði er átt við annan mælikvarða en þann sem regla 1. mgr. 7. gr. kveður á um.

¹⁶ Alþt. 1992-1993, A-deild, 3648

¹⁷ Alþt. 1998-1999, A-deild, 1298.

¹⁸ Sama heimild, 1295.

Deir sem 8. gr. tekur til eru börn og tjónþolar sem að verulegu leyti nýta starfsgetu sína þannig að þeir hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur. ...Auk barna á 8. gr. við um maka eða sambúðarmaka sem vinna heimilisstörf, sbr. 3. mgr. 1. gr., og ungt fólk sem stundar nám....

Reglum 8. gr. skal beitt um ungt námsfólk þótt það afli tekna í vinnu með námi og án tillits til tekna af þess konar vinnu, svo framarlega sem nemandinn stundar í reynd nám með eðlilegum hætti.¹⁹

Af þessu má sjá að ef um er að ræða börn eða nemendur þar sem námslok eru ekki fyrirsjáanleg verða lágmarksárslaun skv. 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga lögð til grundvallar við útreikning brúttó framtíðarþjárfjárþjóns þeirra. Sem dæmi þessa má nefna eftirfarandi dóm Hæstaréttar:

Hrd. 19. desember 2006 í máli nr. 246/2006. Í dómi Hæstaréttir segir m.a.: „Fyrra ágreiningsefnið, hvort miða beri við 2. mgr. eða 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga þegar námsmenn eiga í hlut, hefur komið til kasta réttarins í allmörgum málum, eins og rakið er í dómum hans 13. febrúar 2003 í máli nr. 375/2002 og 4. nóvember 2004 í máli nr. 188/2004. Þar hefur verið slegið föstu að þegar tjónþoli er við nám þegar slys ber að höndum, en ekki kominn svo langt á veg að námslok séu fyrirsjáanleg, eigi regla 3. mgr. 7. gr. um lágmarkslaun við. Stefnda var 26 ára á slysdegi og hafði þá lokið 39 einingum af 120 í hjúkrunarfræði, eða tæplega þriðjungi námsins. Þótt hún hafi á þessum tíma fengist við störf á þeim vettvangi, sem nám hennar stefndi að, voru aðstæður hennar sambærilegar þeim, sem fyrir hendi voru í framangreindum dómsmálum. Með hliðsjón af þessu verður að fallast á með áfrýjendum að við uppgjör á tjóni stefndu skuli farið eftir núgildandi 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga.“²⁰

Eins og nefnt er hér að framan er gengið svo langt í athugasemdum um 8. gr. frumvarps til skaðabótalaga að segja að jafnvel þó námsmenn séu í launaðri vinnu samhliða námi falli þeir undir 8. gr., sbr. 3. mgr. 7. gr., ef þeir stunda námið með eðlilegum hætti. Sú varð t.d. niðurstaðan í Hrd. 17. febrúar 2000 í máli nr. 380/1999. Þrátt fyrir þetta má ætla að

¹⁹ Alþt. 1992-1993, A-deild, 3648-3649.

²⁰ Sjá einnig t.d. Hrd. 2002, 2307, Hrd. 2003, 535 og Hrd. 2004, 4106.

túlka verði orðalag greinargerðarinnar með tilliti til þeirra aðstæðna sem uppi eru hverju sinni. Að öðrum kosti gæti t.d. þannig farið að þrátt fyrir að laun þess sem stundar nám með eðlilegum hætti séu hærri en lágmarksárslaun skaðabótalaga yrðu lágmarkslaunin lögð til grundvallar uppgjöri. Varla ætlaðist löggjafinn til þess, enda myndi slík niðurstaða væntanlega leiða til þess að reiknaðar bætur væru lægri en raunverulegt brúttótjón viðkomandi einstaklings.²¹

Við rannsókn á dómafordæmum Hæstaréttar eru höfundar þeirrar skoðunar að rétturinn geri almennt þær kröfur að námi tjónþola sé nánast lokið svo skilyrði um „fyrirsjáanleg námslok“ séu uppfyllt og sérreglu 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga um ákvörðun árslauna verði beitt.²² Þó svo að höfundar séu þeirrar skoðunar, eins og reyndar fleiri fræðimenn sem skrifað hafa um efnið, að dómaframkvæmdin sé þrengri en lögskýringargögnin gætu gefið ástæðu til verður því trúlega ekki breytt nema með skýrri lagabreytingu.²³ Hér skal þó sérstaklega á það bent, t.d. hvað varðar háskólanema, iðnnema eða aðra sem leggja stund á nám til tiltekinna starfsréttinda, að eftir atvikum er unnt að færa haldgóð rök fyrir því að í dag séu námslok nemenda fyrir fyrirsjáanleg en Hæstiréttur virðist hafa gengið út frá. Í raun ætti að vera hægt að sýna fram á það með tölfræðilegum upplýsingum frá þeim skólum sem málið varðar. Hér má heldur ekki gleyma því að þó það sé viðkomandi tjónþola að sanna að námslok teljist fyrirsjáanleg

²¹ Sjá Hrd. 1. október 2009 í máli nr. 20/2009 og Hrd. 19. desember 2006 í máli nr. 246/2006 í þessu sambandi. Sjá einnig Páll Hreinsson (n. 13) 409–410.

²² Sem dæmi um dóma þar sem námslok töldust fyrirsjáanleg má nefna: Hrd. 1998, 1976, Hrd. 1. nóvember 2001 í máli nr. 201/2001, Hrd. 16. október 2003 í máli nr. 110/2003, Hrd. 16. desember 2004 í máli nr. 264/2004 og Hrd. 27. janúar 2005 í máli nr. 280/2004. Eftirfarandi dómur eru hins vegar dæmi um tilvik þar sem niðurstaðan varð öndverð: Hrd. 2002, 2307 (nr. 51/2002), Hrd. 2003, 535 (nr. 375/2002), Hrd. 2004, 4106 (nr. 188/2004), Hrd. 19. desember 2006 í máli nr. 246/2006 og Hrd. 1. október 2009 í máli nr. 20/2009. Reyndar hefur því verið haldið fram í fræðilegum skrifum að draga megi þá ályktun af þeim dómum Hæstaréttar sem gengið hafa eftir þá breytingu sem gerð var á skaðabótalögum með lögum nr. 37/1999 að slakað hafi verið nokkuð á því skilyrði að tjónþolar þyrftu nánast að vera að klára nám á slysdegi svo beita megi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Sjá einnig Páll Hreinsson (nr. 13) 409.

²³ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2015) 542, Ólafur Örn Svansson (n. 14) 388–389.

á tjónsdegi, eru skaðabótalögin að hluta til stöðluð. Því ætti að vera nægjanlegt að sýnt sé fram á að almennt sé brottfall út námi eftir ákveðið tímamark lítið til þess að hægt sé að draga þá ályktun að námslok séu fyrirsjáanleg. Þá er einnig ástæða til að hafa þá staðreynd í huga, varðandi mat á því hvort námslok hafi verið fyrirsjáanleg eða ekki, að atvinnuþátttaka á íslenskum vinnumarkaði er það almenn að það ætti að vera hægt að ganga út frá því sem meginreglu að ef viðkomandi námsmaður hefði ekki orðið fyrir tjóni hefði hann hafið störf á vinnumarkaði að námi loknu. Þessu til viðbótar má nefna að námsárangur tjónþola ætti hér að geta spilað inn í, enda á matið að vera einstaklingsbundið. Höfundar telja að framangreint ætti að skipta máli við lagatúlkunina, nokkuð sem aftur gæti leitt til þess að ef vafi er á ferð teldust námslok fyrirsjáanleg.

Þrátt fyrir framangreindar vangaveltur höfunda er dómaframkvæmd Hæstaréttar á annan veg, sbr. eftirfarandi dóm.

Hrd. 10. mars 2016 í máli nr. 331/2015. Í dómnum segir m.a.: „Er gagnáfrýjandi varð fyrir því slysi, sem mál þetta á rætur sínar að rekja til, var hún 22 ára og hafði lokið 126 námseiningum af þeim 240 einingum sem þarf til að ljúka grunnnámi í hjúkrunarfræði, eða rúmlega helmingi námsins. Af þeim sökum verður ekki talið að námslok hennar hafi verið fyrirsjáanleg á slysdegi. Fær því eigi breytt þótt af hálfu Háskólans á Akureyri séu taldar 90% almennar líkur á því að nemendur í hjúkrunarfræði við skólann, sem lokið hafa svonefndu „samkeppnisprófi“, svo sem gagnáfrýjandi hafði gert, ljúki náminu.“

Fram til þessa dags hefur það getað skipt umtalsverðu máli varðandi bótarétt námsmanna, hvort uppgjörið er byggt á 2. eða 3. mgr. 7. gr. Þar ræður miklu að almenn laun á vinnumarkaði, nokkuð sem einnig á við um þau byrjunarlaun²⁴ sem viðkomandi hefði mátt vænta, eru oftast hærri en lágmarksárslaun skaðabótalaga með því

²⁴ Dómaframkvæmd Hæstaréttar virðist fela í sér ákveðna tilhneigingu í þá átt að miða viðmiðunarárslaun, þegar reiknað er á grundvelli 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, við meðaltekjur viðkomandi starfsstéttar. Sem dæmi þessa má nefna Hrd. 9. október 2014 í máli nr. 149/2014 og Hrd. 8. júní 2017 í máli nr. 604/2016.

álagi sem er reiknað á þau fyrir ungt fólk.²⁵ Það er því engin furða að reynt hafi talsvert á þetta álitaefni fyrir dómstólum. Ef þær tillögur sem felast í frumvarpi til laga um breytingu á skaðabótalögum nr. 50/1993 með síðari breytingum, sem lagt var fyrir Alþingi vorið 2018, verða einhvern tíman að lögum gæti bótaréttur námsmanna breyst umtalsvert til hins betra. Eða sagt með öðrum orðum, ef horft er til þeirrar breytingar á útreikningi lágmarksárslauna og hækkunar á margfeldisstuðli sem þar er lagt til, er ástæða til að ætla að almennt myndi það skipta minna máli fyrir bótarétt námsmanna hvort bætur væru reiknaðar á grundvelli 2. eða 3. mgr. 7. gr. laganna. Nánar verður fjallað um þessar tillögur til breytinga á lágmarksárslaunum í kafla 2.2.

Framangreind umfjöllun hefur mikið snúið að því að staðreyna hvort ákvarða eigi viðmiðunarárslauna námsmanna á grundvelli 2. eða 3. mgr. 7. gr., enda getur það skipt máli varðandi fjárhæð bóta fyrir varanlega örorku. Hér er þó rétt að hafa í huga að þó svo að það kunni oft að leiða til hærri bóta fyrir námsmann ef fallist er á að námslok hans hafi verið fyrirsjáanleg á slysdegi og því beri að ákvarða viðmiðunarárslauna hans á grundvelli 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, þarf sú ekki alltaf að vera raunin. Í því sambandi er rétt að hafa í huga, nokkuð sem einnig kemur fram í 1. kafla, að samkvæmt skaðabótalögum er brúttó framtíðarfjártjónið vegna varanlegrar örorku ákvarðað á grundvelli eftirfarandi þriggja breytna, viðmiðunarárslauna skv. 7. sbr. 8. gr., margfeldisstuðuls skv. 6. gr. og örorkuprósentu skv. 5. gr. Í 6. gr. laganna er síðan gert ráð fyrir því að þessar þrjár breytur séu margfaldaðar saman í þeim tilgangi að finna úr heildar brúttó framtíðarfjártjónið. Af þessu leiðir að þegar verið er að fjalla um bætur fyrir varanlega örorku þarf að horfa á allar þessar þrjár breytur sem eina heild. Þannig er t.d. ekki í boði að horfa á mat á örorkuprósentu sem sjálfstæðan þátt án tengingar við árslaun og margfeldisstuðul.

²⁵ Sjá nánar umfjöllun í kafla 2.2. Hér er einnig rétt að hafa í huga, nokkuð sem einnig verður komið inn á í kafla 3.1.5, að það er ekki hafið yfir vafa að rétt sé að miða útreikning á margfeldisstuðli skaðabótalaga við þá reglu að almennt byrji fólk að afla launatekna við 18 ára aldur. Í raun virðist ýmislegt benda til þess að réttara væri að miða þar við hærri aldur. Það að leggja nógildandi lágmarksárslauna til grundvallar útreikningi á varanlegu fjártjóni 18 ára einstaklings er því e.t.v. ekki eins langt frá lagi og virðast kann við fyrstu sýn.

Í eftirfarandi umfjöllun verður kannað nánar hvernig það getur skipt máli varðandi mat á örorkustigi námsmanns, og þar að leiðandi fyrir útreikning á bótum til hans fyrir varanlega örorku, hvort talið er að námlok hans séu fyrirsjáanleg á slysdegi eða ekki. Í dæmaskyni varpa höfundar fram svohljóðandi dæmi til nánari skýringar:

Tjónþolar A og B sem verða fyrir líkamstjóni af völdum bílslyss eiga rétt á að fá tjón sitt bætt á grundvelli ákvæða skaðabótalaga. Miski beggja af völdum slyssins er metinn 10 stig. Báðir stunduðu þeir laganám á slysdegi, A var á 1. ári BA náms en B var á fimmta og síðasta námsári. A var 21 ára á stöðugleikapunkti 31. desember 2017 og B var 25 ára á þeim degi. Með vísan í fyrirbyggjandi dómaframkvæmd Hæstaréttar er gengið út frá því að lágmarksárslau 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga verði lögð til grundvallar útreikningi á bótum til A en að bótafjárhæð B verði reiknuð á grundvelli þeirra tekna sem hefði mátt vænta að námi loknu í starfi sem byggir á laganámi, þ.e. skv. 2. mgr. 7. gr. Við gefum okkur jafnframt að þau laun séu 7.000.000 kr. miðað við stöðuna á stöðugleikatímamarkaði. Lágmarksárslau á þeim degi eru 3.225.000 kr.²⁶ Viðmiðunarárslau liggja því fyrir og 6. gr. skaðabótalaga svarar því hver margfeldisstuðull fyrir A og B er. Hins vegar á eftir að meta örorkustig varanlegrar fjárhagslegrar örorku A og B. Framar í þessum kafla er vísað í athugasemdir um mat á varanlegri örorku námsmanna sem er að finna í greinargerð við 7. gr. frumvarps þess sem breytti 8. gr. skaðabótalaga, sbr. lög nr. 37/1999.

Hvað dæmið varðar þá leiðir af umfjölluninni í lögskýringargögnum að þar sem námslok A teljast ekki fyrirsjáanleg á slysdegi verði lágmarksárslau skv. 3. mgr. 7. gr. lögð til grundvallar útreikningi bóta fyrir varanlega örorku hans. Við mat á örorkupósentu er því nauðsynlegt að taka afstöðu til þess hver mismunurinn er á atvinnutækifærum fyrir og eftir slys, þ.e. horft er til þess hvort afleiðingar slyssins séu til þess fallnar að draga úr tekjum A til frambúðar. Aftur á móti má ráða af greinargerðinni að ekki er gert ráð fyrir því, ólíkt því sem gildir t.d. um B hvers námslok teljast fyrirsjáanleg á slysdegi, að metnir séu möguleikar A til þess að gegna því starfi sem hann stefndi að með menntun sinni. Matið verður því almennara þ.e. fremur er horft til getu A til að sinna almennum störfum í samfélaginu frekar

²⁶ $1.200.000 \times 8820/3282 = 3.225.000$.

en sérgreindum störfum sem byggja á tiltekinni menntun. Þetta þýðir væntanlega að mat A tekur mið af meira líkamlega krefjandi störfum en raunin hefði orðið ef fallist hefði verið á að á slysdagi hafi verið fyrirsjáanlegt að A myndi ljúka laganámi. Er það í samræmi við þá nálgun að lágmarkslaun 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga taka mið af meðallaunum verkafólks. Þessi staðreynd gæti því eðli málsins samkvæmt leitt til þess að metinn 10 stiga miski myndi leiða til hærri örorkuprósentu fyrir A en raunin væri fyrir B. Í þessu dæmi er því á því byggt að metin varanleg örorka A sé 15% en 5% hjá B.

Eins og gefur að skilja getur framangreind staða valdið þeim erfiðleikum sem taka að sér að meta varanlega örorku vegna afleiðinga líkamstjóna. Í raun sjá höfundar tvo möguleika í þeirri stöðu. Sá fyrri gengur út á að ekki komi til mats á örorkustigi fyrr en aðilar hafa orðið sammála um hvort skilyrðið um að námslok teljist fyrirsjáanleg er uppfyllt eða ekki. Hinn möguleikinn er að matsmenn meti varanlegt örorkustig viðkomandi tvisvar sinnum. Í annari niðurstöðunni yrði þá metið á þeim grundvelli að námslok teljist fyrirsjáanleg en í hinni að sú sé ekki raunin.

Í tengslum við framangreint dæmi er þó rétt að hafa í huga að matið getur vissulega verið háð því um hvaða menntun er að ræða hverju sinni. Ef í stað laganáms í dæminu að framan hefði verið um að ræða menntun fyrir meira líkamlega krefjandi starf gæti niðurstaðan því orðið önnur en í dæminu að framan, jafnvel sú að metin örorkuprósentu beggja tjonþola væri sú sama.

Hér á eftir er að finna nánari útreikning á brúttó framtíðarfjártjóni A og B. Útreikningarnir taka annars vegar mið af gildandi skaðabótalögum og hins vegar frumvarpi því til laga um breytingu á skaðabótalögum sem lagt var fyrir Alþingi vorið 2018. Hvað seinna atriðið varðar þá er miðað við lágmarksárslaun eins og þau eru lögð til í frumvarpinu uppreiknuð til desember 2017 (þ.e. 1. júlí 1993 (131,3), desember 2017 (632,8), þ.e. 5.783.500 kr.²⁷

²⁷ Nánar er fjallað um lágmarksárslaun þau sem lögð eru fram í frumvarpi til breytinga á skaðabótalögum í kafla 2.2.

Útreikningur á brúttó framtíðarfjártjóni A:

Gildandi skaðabótalög: $3.225.000 \times 17,106 \times 15\% = 8.275.028$ kr.

Frumvarp til breytinga: $5.783.500 \times 18,077 \times 15\% = 15.682.249$ kr.

Útreikningur á brúttó framtíðarfjártjóni B:

Gildandi skaðabótalög: $7.000.000 \times 17,106 \times 5\% = 5.987.100$ kr.

Fumvarp til breytinga: $7.000.000 \times 18,077 \times 5\% = 6.326.950$ kr.

Af framangreindu dæmi og útreikningum má sjá að ef námslok eru fyrirsjáanleg á slysdegi og laun eru ákveðin sérstaklega skv. 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, þá þýðir það ekki sjálfkrafa hærra heildarbætur til handa tjónþola fyrir varanlegt fjártjón en raunin væri ef námslok teldust ekki fyrirsjáanleg og lágmarkslaun 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga eru lögð til grundvallar. Þvert á móti getur niðurstaðan orðið sú að bætur lækki í þeim tilvikum þar sem starf það sem leiðir af viðkomandi menntun sé þess eðlis að metin örorka verður lægri en raunin hefði orðið ef matið tæki mið af almennum störfum í samfélaginu. Eins og dæmið að ofan sýnir gæti hækkun á lágmarksárslaunum eins og lögð var til í frumvarpinu um breytingu á skaðabótalögum, leitt til þess að þessi staða geti komið oftar upp en áður.

Þegar framangreindu til viðbótar er litið til þess að oftar en ekki lýkur tjónþoli því námi sem um ræðir, þó ekki sé fallist á að námslok hafi verið fyrirsjáanleg á slysdegi, fá höfundar ekki séð að núverandi þrönga túlkun Hæstaréttar á því skilyrði að námslok séu fyrirsjáanleg sé best til þess fallin að tryggja sem nákvæmastan útreikning á framtíðarfjártjóni tjónþola. Þvert á móti vilja höfundar halda því fram að haldgóð rök bendi til þess að ef oftar væri fallist á að námslok væru fyrirsjáanleg, myndi örorkumatið oftar en ella byggja á réttari forsendum, þ.e. taka mið af getu til að sinna því framtíðarstarfi sem líklegast er að tjónþoli hefði gengt ef slysið hefði ekki orðið. Þetta ætti aftur að leiða til meiri gæða matsgerða, enda væntanlega auðveldara að meta örorkuprósentu út frá getu til að gegna tilteknu starfi eða störfum sem

byggja á tiltekinni menntun, en getu til að gegna meira ótilgreindum almennum störfum í samfélaginu.

Þetta tengist einnig þeirri spurningu við hvaða tímamark eigi að miða mat á því hvort námslok teljist fyrirsjáanleg eða ekki, þ.e. hvort miða eigi við slysdag eða stöðugleikatímamark. Áður hefur komið fram að dómaframkvæmd Hæstaréttar bendir til þess að miðað sé við slysdag (tjónsdag).²⁸ Ef námslok teljast ekki fyrirsjáanleg á slysdegi tekur útreikningur bóta mið af lágmarksárslaunum 3. mgr. 7. gr., jafnvel þó viðkomandi tjónþoli hafi lokið umræddu námi þegar mál er höfðað eða dómur fellur.²⁹ Ekki verður með góðu móti lesið út úr dómaframkvæmdinni hvers vegna Hæstiréttur telur eðlilegt að miða matið við slysdag. Höfundar hallast frekast að þeirri skýringu að þar liggi að baki sú skoðun að hinn bótaskyldi verði ekki gerður ábyrgur fyrir öðrum afleiðingum en þeim sem sjá mátti fyrir þegar tjóninu er valdið. Ef námslok voru ekki fyrirsjáanleg á því tímamarki verði hinn bótaskyldi því ekki látinn bera áhættuna af því að tjónþoli ljúki engu að síður námi sínu. Höfundar leyfa sér að setja spurningamerki við þessa nálgun Hæstaréttar. Þannig segir t.d. eftirfarandi í tengslum við umfjöllun um mat á varanlegri örorku námsmanna í athugasemdum um 7. gr. frumvarps sem síðar varð að lögum nr. 37/1999 sem breytti 8. gr. skaðabótalaga:

Ýmist má ætla að **tjón** geti valdið vanhæfni til þess að gegna ákveðnum störfum eða almennt minnkaðri getu til þess að sinna að fullu starfi sem viðkomandi þó ræður við[...] Í tilviki námsmanns yrði almennt að líta til mismunar á atvinnutækifærum fyrir og eftir slys. Við þær **aðstæður að námslok tengd starfsferli eða starfsréttindum megi teljast fyrirsjáanleg** yrðu þó metnir möguleikar námsmannsins til þess að gegna því starfi sem hann stefndi að með menntun sinni. Þetta á við hvort heldur slys valdi því að hann verði að hætta námi eða það

²⁸ Sjá t.d. Hrd. 16. október 2003 í máli nr. 110/2003, Hrd. 331/2015 og Hrd. Hrd. 2. mars 2017 í máli nr. 460/2016.

²⁹ Eiríkur Jónsson (n.14). Þó virðist þess sjá merki í dómum Hæstaréttar að litid hafi verið til þess við mat á hvort skilyrðið um að námslok hafi verið fyrirsjáanleg sé uppfyllt, að viðkomandi hafi lokið umræddu námi. Sem dæmi má nefna Hrd. 16. október 2003 í máli nr. 110/2003 og Hrd. 27. janúar 2005 í máli nr. 280/2004. Sjá Ólafur Örn Svansson (nr. 14) 390.

dragu úr starfsgetu í fyrirhuguðu starfi. Tekjuviðmiðun í slíku tilviki færi eftir sérreglunni í 2. mgr. 7. gr., svo sem lagt er til að henni verði breytt. [leturbreyting höfunda]

Þó í umfjöllun í greinargerðinni sé m.a. talað um mismun á atvinnu-tækifærum fyrir og eftir slys, fá höfundar ekki séð að notkun orðsins slys þýði sjálfkrafa að þegar kemur að mati á því hvort námslok teljast fyrirsjáanleg eða ekki, eigi að miða við stöðu á slysdagi. Í raun fá höfundar þannig ekki séð að þetta skilyrði komi skýrlega fram í lögskýringargögnum³⁰ með skaðabótalögum, eða breytingarlögum nr. 37/1999.

Þá er í þessu sambandi einnig rétt að hafa í huga að bætur fyrir varanlegt fjártjón eru reiknaðar á grundvelli stöðunnar á stöðugleikatímamarkpunkti. Viðmiðurnarárslaunum er breytt með tilliti til breytinga á vísitölu til þess tímamarks og margfeldisstuðullinn tekur mið af aldri tjónþola á stöðugleikatímamarkpunkti svo og mat á örorkuprósentu varanlegrar örorku. Skaðabótalögin byggja á þeirri forsendu að þessi aðferðafræði sé best til þess fallin að reikna út framtíðarfjártjón tjónþola og tryggja þannig fullar bætur. Hér þarf einnig að hafa í huga að það er stöðugleikatímamarkpunkturinn sem skilur á milli tímabundins atvinnutjóns skv. 2. gr. skaðabótalaga og varanlegrar örorku skv. 5. til 9. gr. laganna. Vegna þessa virkar það órökrétt að nota slysdag, þ.e. tímamark sem tilheyrir tímabundnu atvinnutjóni, til að ákvarða eina af þeim grundvallar breytum sem útreikningur framtíðar fjártjóns námsmanna byggir á, þ.e. hvort námslok séu fyrirsjáanleg og hvort ákvarða eigi árslaun á grundvelli 2. eða 3. mgr. 7. gr. Að mati höfunda styður framangreint þá niðurstöðu að miða eigi mat á fyrirsjáanleika námsloka við stöðugleikatímamarkpunkt en ekki slysdag.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið má því að mati höfunda færa gild rök fyrir því að það væri betur til þess fallið að tryggja réttan útreikning á bótum fyrir varanlega örorku að oftar væri gengið út frá því að námslok teldust fyrirsjáanleg og að tímamarkpunkturinn, sem það mat miðaðist við, væri stöðugleikatímamarkpunktur en ekki slysdagur.

³⁰ Sjá í þessu sambandi Hrd. 4. mars 2004 í máli nr. 363/2003.

Höfundar telja því að þó að framan hafi verið bent á að líklega þurfi lagabreytingu til að breyta dómaframkvæmd Hæstaréttar sé ekki útilokað að rétturinn víki frá fyrri dómaframkvæmd líkt og fordæmi er fyrir, sbr. dómur réttarins í Hrd. 2001, 3451 (í máli nr. 129/2001).

2.2. Eru lágmarksárslaun 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga rétt viðmiðun fyrir börn og námsmenn?

Eins og að framan greinir voru lágmarksárslaun 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga lögfest með 6. gr. breytingarlaga nr. 37/1999. Voru þau ákveðin 1.200.000 krónur fyrir 66 ára og yngri. Samkvæmt 15. gr. skaðabótalaga skal uppreikna þá fjárhæð samkvæmt breytingum á lánskjaravísitölu frá gildistöku skaðabótalaga, 1. júlí 1993 (3282), til þess dags er heilsufar tjónþola telst vera orðið stöðugt, sbr. Hrd. 4. mars 2003 í máli nr. 363/2003.³¹ Í desember 2017 var fjárhæðin 3.225.000 kr.³²

Í tilvikum barna og ungmenna 18 ára og yngri er reiknað 30% álag í margfeldisstuðul 6. gr. skaðabótalaga, sbr. umfjöllun í kafla 2.1. Hækkar stuðullinn sem nemur álaginu. Þetta leiðir í raun til þess að lágmarksárslaun 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga hækka um allt að 30%. Fyrir börn og ungmenni 18 ára og yngri á stöðugleikatímamarki eru lágmarksárslaunin því 1.560.000 kr. Að tekju tilliti til breytinga á lánskjaravísitölu eru launin fyrir þessa tjónþola miðað við

³¹ Við lögfestingu skaðabótalaga 1993 var lánskjaravísitala sá almenni mælikvarði sem farið var eftir við verðtryggingu fjárskuldbindinga. Sjá Alþt. 1992-93, A-deild, 3655. Frá 1. apríl 1995 hefur vísitalan hækkað til samræmis við hækkan vísitölu neysliverðs, sbr. lög nr. 12/1995 og 13/1995. Í frumvarpi til breytinga á skaðabótalögum sem lagt var fyrir Alþingi vorið 2018 var lögð til orðalagsbreyting á 2. mgr. 15. gr. skaðabótalaga til að hnykkja á niðurstöðu í Hrd. 4. mars 2003 í máli nr. 363/2003. Reikna átti lágmarksárslaun hverju sinni miðað við breytingu á launavísitölu frá 1. júlí 1993 (vísitala var þá 131,1 stig) og til metins stöðugleikatímamarkts viðkomandi tjónþola. Sjá greinargerð með 4. gr. í frumvarpi til breytinga á skaðabótalögum (n. 10).

³² 1.200.000 x 8820/3282 = 3.224.863. Með vísan í 15. gr. skaðabótalaga verður fjárhæðin 3.225.000 kr.

desember 2017 því í raun 4.192.500 kr.³³ Eftirfarandi tafla sýnir sambærilega útreikninga fyrir einstaklinga sem eru 19–29 ára á stöðugleikatímamarki.

Aldur	Álag %	Lámarkslaun	Laun desember 2017
19	27	1.524.000	4.095.500
20	24	1.488.000	3.999.000
21	21	1.452.000	3.902.000
22	18	1.416.000	3.805.500
23	15	1.380.000	3.708.500
24	12	1.344.000	3.612.000
25	9	1.308.000	3.515.000
26	6	1.272.000	3.418.500
27	4	1.248.000	3.354.000
28	2	1.224.000	3.289.500
29	1	1.212.000	3.257.000

Ákvæði 3. mgr. 7. gr. um lágmarksárslaun hafa verið skýrð svo, að það séu brúttólaun. Því eigi t.d. ekki að bæta við þau framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs, heldur er það hluti af heildarjánhæðinni.³⁴ Er það í samræmi við niðurstöðu í Hrd. 2003, 4183.

Fyrstu tillögu um lágmarksárslaun er að finna í 3. mgr. 3. gr. frumvarps til laga um breytingu á skaðabótalögum sem fylgdi álitserð sem Gestur Jónsson lögmaður og Gunnlaugur Claessen, fyrrum hæstaréttardómari, unnu og skiluðu til allsherjarnefndar Alþingis 10. nóvember 1995. Þar lögðu þeir til að lágmarksárslaun yrðu 1.400.000 kr. Svareði sú

³³ Í greinargerð með 7. gr. laga nr. 37/1999, en sú grein fól í sér breytingu á 8. gr. skaðabótalaga, segir m.a.: „Launaviðmiðun barna yngri en 18 ára yrðu lágmarkslaun skv. 3. mgr. 7. gr. að viðbættum 30%, þ.e. 1.560.000 kr. á ári. Er þetta innifalið í töflu 6. gr. frumvarpsins.“ Í greinargerð með 5. gr. frumvarpsins segir m.a.: „Í stuðlinum er reiknað 30% álag á tekjur þess sem slasast 18 ára gamall eða yngri. Það álag stíglækkar fram til loka 29. aldursárs.“ Sjá: Alþt. 1998–99, A-deild, 1294, 1298 og <http://www.althingi.is/altext/123/s/0971.html>.

³⁴ Viðar Már Matthíasson (n. 4) 687.

fjárhæð nánast til meðallauna landverkafólks innan Alþýðusambands Íslands (ASÍ) á árinu 1994.³⁵

Í greinargerð með frumvarpi til laga um breytingu á skaðabótalögum, sem varð að lögum nr. 42/1996, kemur aftur á móti fram að sumir umsagnaraðilar, sem fengnir voru til að gefa álit sitt á frumvarpi þeirra Gests og Gunnlaugs, hafi gagnrýnt tillögur um ákvörðun lágmarksárslauna. Taldi allsherjarnefnd því of mörgum spurningum ósvarað. Því voru lágmarksárslaunin ekki lögfest árið 1996.³⁶

Í 6. gr. frumvarps til laga um breytingu á skaðabótalögum, sem síðar varð að lögum nr. 37/1999, var lagt til að lágmarksárslaunin yrðu 1.200.000 kr. Í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins segir að gagnrýni hefði komið fram í umfjöllun um breytingartillöguna árið 1995 sökum þess að lágmarksárslaunaviðmiðunin þætti of há og því hafi fjárhæðin verið lækkuð frá fyrri tillögu.³⁷ Minnihluti allsherjarnefndar lagði hins vegar til að eðlilegra væri að miða við meðallaun landverkafólks innan ASÍ, þ.e. 1.400.000 kr.³⁸

Eins og fram kom í fyrsta kafla greinar þessarar var vorið 2018 lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum. Þar var m.a. lögð til umtalsverð breyting á lágmarksárslaunum 3. mgr. 7. gr. Í athugasemdum um 4. gr. frumvarpsins segir m.a.:

Samkvæmt þessu virðist fjárhæðin [1.200.000 kr. lágmarksárslaun] hafa verið ákveðin sem u.þ.b. 85% af meðallaunum landverkafólks og hefur síðan uppfærst samkvæmt breytingum á lánskjaravísitölu frá gildistöku laganna. Launavísitala hefur hins vegar hækkað verulega umfram lánskjaravísitölu frá gildistöku laganna. Þannig hækkaði lánskjaravísitalan úr 3282 í 8658 frá júlí 1993 til desember 2016, sem felur í sér rúmlega 2,5-földun, eða 263,8% hækkun. Á sama tíma hækkaði launavísitalan úr 131,3 í 592,2, sem felur í sér u.þ.b. 4,5földun, eða 451% hækkun. Svo horft sé sérstaklega til meðaltekna verkafólks má benda á að þær námu 5.700.000 kr. á árinu 2015 (475.000 kr. á mánuði samkvæmt

³⁵ Gestur Jónsson og Gunnlaugur Claessen. „Endurskoðun skaðabótalaga (síðari hluti) (1997) 47 Tímarit lögfræðinga 249. Sjá einnig Alþt., 1995–1996, A-deild, 3315.

³⁶ Alþt. 1995–1996, A-deild, þskj. 703–399. mál.

³⁷ Alþt. 1998–99, A-deild, 1296

³⁸ Alþt. 1998–1999, B-deild, d. 4209.

vefsíðu Hagstofu Íslands, www.hagstofa.is, Laun eftir launþegahópi, starfsstétt og kyni 2015). Uppfærð lágmarksárslaun miðað við júlí sama ár námu 3.091.500 kr., sem svarar til u.þ.b. 54% af meðaltekjum verkafólks. Samkvæmt þessu hefur bilið á milli lágmarksárslaunanna í 3. mgr. 7. gr. og þeirra meðaltekna verkafólks, sem þau tóku mið af, breikkað umtalsvert, og nú er svo komið að lágmarksárslaunin, sem voru upphaflega 85% af meðallaunum landverkafólks, eru ekki nema rúmur helmingur af meðaltekjum verkafólks. Telja verður brýnt að leiðréttá þessa rýrnun á lágmarksárslaununum m.t.t. launatekna, enda felur hún í sér að þeir sem falla undir 3. mgr. 7. gr. hafa borið sífellt minna úr býtum í samanburði við þá sem falla undir almennu regluna í 1. mgr. 7. gr.

Einnig:

Til að gera framangreindar lagfæringar á fjárhæð lágmarks- og hámarksárslaunanna mætti auðvitað gera beinar breytingar á þeim fjárhæðum sem nefndar eru í 3. og 4. mgr. 7. gr. Hér er hins vegar lagt til að sú leið verði frekar farin að breyta vísitölutengingu fjárhæðanna, þ.e. að í stað þess að breytast samkvæmt lánskjaravísitölu breytist fjárhæðirnar mánaðarlega í hlutfalli við breytingar sem verða á launavísitölu frá gildistöku laganna. Þetta felur í sér talsverða hækkun miðað við stöðuna í dag. Sé til að mynda litið til desember 2016 nemur fjárhæð lágmarksárslaunanna 3.165.500 kr. ef uppfært er samkvæmt lánskjaravísitölu en 5.412.500 kr. ef uppfært er samkvæmt launavísitölu.

Hvað varðar þá staðreynd að námsmenn þurfa almennt að sætta sig við að bætur fyrir varanlega örorku þeirra eru reiknaðar á grundvelli 3. mgr. 7. gr. segir eftirfarandi í athugasemdum um fyrrnefnda fjórðu grein frumvarpsins.

Til að mynda verður að telja ljóst að háskólanemi, sem lokið hefur einu og hálfu ári í laganámi eða verkfræðinámi þegar hann lendir í slysi, þurfi að sæta lágmarksárslaununum í 3. mgr. 7. gr., svo fremi sem hann hefur ekki þegar einhverja tekjueynslu á vinnumarkaði. Telja verður allar líkur á því að slíkur einstaklingur muni njóta tekna talsvert yfir lágmarksárslaununum, en að óbreyttri dómaframkvæmd þarf hann hins vegar að sæta lágmarkinu. Með öðrum orðum, undir 3. mgr. 7. gr. falla fleiri aðilar en þeir sem lágra eða engra tekna munu njóta í reynd, og

meðan svo er verður að telja mikilvægt að fjárhæðin í ákvæðinu sé í vissum lágmarkstengslum við laun á almennum vinnumarkaði.

Af framangreindu má sjá að sú lausn sem lögð var til í frumvarpinu, þ.e. að reikna upp lágmarkslaun á grundvelli launavísistölu en ekki lánskjaravísitölu eins og nú er, myndi leiða til verulegrar hækkunnar árslauna þeirra sem falla undir 8., sbr. 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Hvað varðar börn og námsmenn er hægt að taka undir þau sjónarmið að sú breyting yrði væntanlega til þess fallin að auka líkur á því að sú aðferðafræði skaðabótalaga, að margfalda saman árslaun, margfeldisstuðul og örorkuprósentu, geti oftár en áður leitt til þess að reiknað brúttóframfjártjón þessa hóps samsvari raunverulegu framfjártjóni.

Hér skal þó einnig bent á eftirfarandi. Í fyrsta lagi eru fleiri en börn og námsmenn sem geta fallið undir 8., sbr. 3. mgr. 7 gr. skaðabótalaga. Sem dæmi má nefna heimavinnandi einstaklinga og aðra þá tjonþola sem að verulegu leyti nýta vinnugetu sína þannig að þeir hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur. Í öðru lagi er ekki víst að allir framangreindir tjonþolar, þar á meðal börn og námsmenn, hafi haft fulla vinnugetu áður en þeir verða fyrir bótaskyldu líkamstjóni. Ef lágmarksárslaun yrðu því lögð til grundvallar í öllum tilvikum án þess að jafnframt væri hugað að því hvert það hámarksfjártjón er sem viðkomandi getur orðið fyrir á ári, gæti niðurstaðan einfaldlega orðið röng. Hún gæfi einfaldlega ekki rétta mynd af raunverulegu brúttó framfjártjóni tjonþola. Áður var bent á að ekki er unnt að líta á árslaun, margfeldisstuðul og örorkuprósentu, eins og um sé að ræða þrjár ótengdar stærðir. Þvert á móti má aldrei gleyma því að þeim er ætlað í sameiningu að reikna úr framtíðar brúttó fjártjón tjonþola með sem nákvæmustum hætti. Í raun telja höfundar ástæðu til að ætla að þegar 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga var lögfest hafi löggjafinn fyrst og fremst haft í huga börn, námsmenn og heimavinnandi einstaklinga sem höfðu fulla vinnugetu áður en þeir urðu fyrir líkamstjóni. Hvernig lagabreytingin horfir við gagnvart útreikningi á framtíðar brúttó fjártjóni þeirra sem eru með takmarkaða vinnugetu fyrir eða eru vissulega í 100% starfi en laun þeirra eru engu að síður undir

lágmarksárslaunum, virðist löggjafinn minna hafa leitt hugann að. Það þýðir þó ekki að unnt sé að líta framhjá því fræðilega álitamáli.

Eftirfarandi tveimur dæmum er ætlað að sýna fram á að þó t.d. lágmarksárslaun uppfærð skv. launavísitölu geti eftir atvikum passað vel fyrir tjónþola sem hafa fulla vinnugetu fyrir bótaskyld líkamstjón, er ekki þar með sagt að sú sé raunin þegar kemur að tjónþolum sem hafa takmarkaða vinnugetu.³⁹

Þar sem skaðabótalög gera ráð fyrir að lágmarksárslaun séu lögð til grundvallar útreikningi hjá öllum framangreindum tjónþolum, verður metin örorkuprósentu hjá þeim sem höfðu skerta vinnugetu fyrir hinn bótaskylda atburð því stundum lægri en ella. Ástæðan er sú að þó löggjafinn hafi ákveðið að leggja lágmarksárslaunin til grundvallar útreikningi bóta hjá öllum sem falla undir 8. gr. þýðir það ekki að ætlunin hafi verið að víkja frá því markmiði laganna að útreiknaðar bætur fyrir varanlega örorku samsvari raunverulegu framtíðarfjártjóni tjónþola, hvorki meira né minna.

Dæmi: Tveir tjónþolar, A og B, falla báðir undir 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Eftirfarandi útreikningar taka mið af frumvarpi til laga um breytingu á skaðabótalögum sem lagt var fyrir Alþingi vorið 2018. Miðað er við lágmarksárslaun uppreiknuð til desember 2017, þ.e. frá 1. júlí 1993 (131,3) til desember 2017 (632,8), þ.e. 5.783.500 kr. Stöðugleikatímupunktur er 10. desember 2017. Þann dag voru báðir tjónþolar 22 ára. Fyrir slys höfðu þeir báðir 50% vinnugetu sem þeir töpuðu að fullu í slysinu.

Tjónþoli A hafði fyrir slysið nýtt vinnugetu sína til starfa á almennum vinnumarkaði. Meðallaun hans síðustu þrjú almanaksárin fyrir slys, uppreiknuð miðað við breytingar á launavísitölu til

³⁹ Sambærileg staða er uppi ef raunveruleg laun tjónþola í fullu starfi fyrir slys eru lægri en lágmarksárslaunin.

stöðugleikatímupukts, voru 3.493.500 kr.40 B sem nýtti vinnugetu sína fyrir slys til náms, var á 1. ári grunnnáms í háskóla er hann slasaðist.

Tjónþoli A

Raunverulegt brúttó framtíðarfjártjón A:

A hafði 50% vinnugetu fyrir slys og nýtti hana til að afla kr. 3.493.500 í laun á ári. Það er sú fjárhæð sem hann gat mest tapað á ári. Raunverulegt brúttó framtíðar fjártjón hans er því:

$3.493.500 \times 17,916 \times 50\% = 31.294.773$ kr. Sú fjárhæð samvarar heildar brúttó framtíðar fjártjóni A.

Útreikningur á tjóni A skv. skaðabótalögum:

Þar sem samkvæmt skaðabótalögum er gert ráð fyrir að lágmarksárslaunin verði lögð til grundvallar verður útreikningurinn eftirfarandi:

$5.783.500 \times 17,916 \times \% = 31.294.773$ kr. Þetta þýðir að til þess að aðferðafræði skaðabótalaga leiði til niðurstöðu sem samsvarar brúttó framtíðarfjártjóni A á metið örorkustig að vera um það bil 30% en ekki 50% eins og einhverjum kynni að hafa dottið í hug. Þessu veldur að í raun gat tjónþoli ekki tapað nema að hámarki kr. 3.493.500 á ári vegna afleiðinga slyssins, þ.e. það var verðmæti vinnugetu hans á ári. Ef horft væri fram hjá þessari staðreynd við útreikning skv. skaðabótalögum, þ.e. miðað við lágmarksárslaun og jafnframt byggt á því að örorkuprósentan væri 50% þar sem það hafi verið sú vinnugeta sem tapaðist, myndi útreikningurinn líta þannig út:

⁴⁰ Hér er í raun miðað við eftirfarandi forsendur. Meðal heildartekjur á almennum vinnumarkaði á Íslandi 2016 voru 5.900.000 kr. Við það bætist 8% framlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð. Samtals eru laun þá 6.372.000 kr. Ef þessi laun eru uppfærð miðað við breytingu á launavísitölu frá 2016 (meðaltalslaunavísitala fyrir 2016 er 577,1) til desember 2017(632,8) eru viðmiðunárslaun A, miðað við 100% starfshlutfall, 6.987.000 kr. og miðað við 50% vinnu, 3.493.500 kr. Sjá nánar; heimasíða Hagstofu Íslands, <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/laun-og-tekjur/tekjur-2016/>, skoðað 3. apríl 2018.

kr. $5.783.500 \times 17,916 \times 50\% = 51.808.593$ kr. Væntanlega sjá flestir að það er ólíklegt að sú fjárhæð gefi rétta mynd af varanlegu brúttó fjárhagslegu tjóni A.

Tjónþoli B

Raunverulegt brúttó framtíðarfjártjón B:

B sem var í námi sem sóttist eðlilega hafi ekki launatekjur. Það sem hann var einungis með 50% vinnugetu lítur reiknisdæmið þannig út:

$5.783.500/2 = 2.936.750 \times 17,916 \times 50\% = 26.307.407$ kr. Sú fjárhæð samvarar brúttó framtíðarfjártjóni B.

Útreikningur á tjóni B skv. skaðabótalögum:

Þar sem samkvæmt skaðabótalögum er gert ráð fyrir að lágmarksárslaunin verði lögð til grundvallar verður útreikningurinn eftirfarandi:

$5.783.500 \times 17,916 \times ?\% = 26.307.407$ kr. Þetta þýðir að til þess að aðferðafræði skaðabótalaga leiði til niðurstöðu sem samsvarar heildar brúttó framtíðarfjártjóni B á metið örorkustig að vera um það bil 26%.

3. Margfeldisstuðull

3.1 Almennt um margfeldisstuðulinn

Í kafla 1 kemur fram að með gildandi margfeldisstuði skaðabótalaga var markmiðið að tryggja að tjónþoli fái að fullu bætt það tekjutap sem hann verður fyrir vegna varanlegrar örorku.⁴¹ Þær breytingar á margfeldisstuðlinum sem er að finna í frumvarpi til breytinga á skaðabótalögum sem lagt var fyrir Alþingi vorið 2018 breyta ekki framangreindu, þ.e. áfram er stuðullinn þannig uppbyggður að hann

⁴¹ Sjá Alþt. 1998-1999, A-deild, 1292 og Viðar Már Matthíasson (n. 4) 669.

margfaldaður saman með árslaunum og örorkuprósentu á að mæla heildar brúttó framtíðarþjálfun tjónþola í hverju tilviki.

Þegar skaðabótalögin voru lögfest árið 1993 var miðað við að margfeldisstuðullinn næmi 7,5-földum árslaunum tjónþola. Stuðullinn var síðan háður breytingum frá 26 ára aldri samkvæmt þágildandi 9. gr. laganna. Með lögum nr. 42/1996 um breytingu á skaðabótalögum var margfeldisstuðullinn hækkaður upp í 10.

Með lögum nr. 37/1999 um breytingu á skaðabótalögum var horfið frá þeirri tilhögun að hafa fastan margfeldisstuðul og þess í stað kom breytilegur stuðull sem var hæstur við 18 ára aldur en lækkaði síðan með hækkandi aldri. Jafnframt var lækunarákvæði 9. gr. fellt inn í útreikning á margfeldisstuðlinum. Í 1. mgr. 6. gr. skaðabótalaga er því að finna töflu með mismunandi stuðlum fyrir hvert aldursár frá 0 ára upp í 74 ára. Stuðlarnir í töflunni eru miðaðir við upphaf aldursárs. Þar sem útreikningur bóta fyrir varanlega örorku miðast hins vegar við aldur tjónþola á þeim tíma sem upphaf varanlegra örorku miðast við, þ.e. stöðugleikatímamark, gerir 9. gr. laganna ráð fyrir að stuðullinn sé endurreiknaður miðað við það tímamark.⁴² Eftirfarandi er dæmi um útreikning stuðuls tjónþola:

Tjónþoli, fæddur 29. október 1995, lenti í bótaskyldu umferðarslysi 5. október 2017.

Metinn stöðugleikatímamarkur er 5. apríl 2018.

Tjónþoli var 22 ára og 157 daga á stöðugleikatímamarki.

Tafla í 6. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993:

22 ára = 16,626

23 ára = 16,130 Mismunur: 0,496

Mismunur $0,496 \times 157$ (dagarnir) / 365 (árið) = 0,213.

⁴² Alþt. 1998–1999, A–deild, 1298. Ef tjónþoli er orðin 75 ára á þeim tíma sem upphaf varanlegrar örorku miðast við á hann rétt á bótum með því skilyrði að hann hafi stundað vinnu þegar tjón varð, sbr. 2. mgr. 6. gr. skaðabótalaga. Er þá miðað við margfeldisstuðul fyrir 74 ára einstakling, þ.e. 0,667.

16,626 – 0,213 = 16,413

Margfeldisstuðull tjónþola er því 16,413.

Hér á eftir verður í stuttu máli gerð grein fyrir einstökum forsendum sem liggja að baki útreikningi margfeldisstuðulsins og hvaða meginbreytingar þar á er að finna í framangreindu frumvarpi til breytinga á skaðabótalögum.⁴³ Að baki margfeldisstuðlinum, eins og hann var lögfestur með 5. gr. laga nr. 37/1999, eru í meginatriðum sjö forsendur sem númeraðar eru a–g. Nálgunin í þessum kafla verður eftirfarandi. Fjallað verður um forsendur að baki margfeldisstuðlinum í þeirri röð sem gert var í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi sem síðar varð að lögum nr. 37/1999, sjá kafla 3.1.1–3.1.6. Fyrst verður vísað beint í umfjöllun um hverja forsendu fyrir sig. Síðan fylgir stutt umfjöllun um viðkomandi forsendu og hvort og þá hvaða breytingar voru lagðar til í frumvarpi til breytinga á skaðabótalögum vorið 2018.

Í athugasemdum um 3. gr. frumvarps um breytingu á skaðabótalögum kemur m.a. fram að sumar af þeim forsendum sem liggja til grundvallar margfeldisstuðlinum frá 1999 hafi breyst. Er þar sérstaklega bent á að hlutfall fjármagnstekjuskatts hefur breyst, auk þess sem gögn sem stuðst var við 1999 eru komin nokkuð til ára sinna. Síðan er undir liðum a–e gerð grein fyrir meginforsendum sem liggja til grundvallar hinum endurreiknaða stuðli. Þar kemur m.a. fram að þó vissulega séu lagðar til ákveðnar breytingar á gildandi margfeldisstuðli þýðir það ekki að það gildi um allar forsendur hans, þ.e. a–g. Þannig segir t.d. eftirfarandi í e-lið í frumvarpinu: „Að öðru leyti en að framan greinir er miðað við sömu forsendur og þegar núgildandi stuðlar voru reiknaðir út, þ.á.m. að skerðing vegna tekjuskattshagræðis og eingreiðslu sé 33,3%.“ Þá segir eftirfarandi í niðurlagi athugasemda um 3. gr. frumvarpsins:

Líkt og samanburður á núgildandi stuðlum og stuðlunum í frumvarpsgreininni ber með sér felur breytingin í sér nokkra hækkun á stuðlum, án þess þó að hún geti talist veruleg. Eru stuðlarnir óbreyttir fram að 18 ára aldri en hækkunin er hvað mest á bilinu 25 til 32

⁴³ Sjá Alþt. 1998–99, A–deild, 1293–1294 og 3909 og Alþt. 2017–2018, A–deild, þskj. 626 – 441, mál; athugasemdir um 3. gr. (n. 10).

ára. Svo dæmi sé tekið verður stuðullinn fyrir 27 ára 16,551 í stað 14,161 áður. Með þessu hafa stuðlarnir verið uppfærðir, til samræmis við nýjustu og bestu fánlegu upplýsingar og gögn, en á grundvelli sömu meginforsendna og lagt var upp með við útreikning nógildandi stuðla. Verður að telja stuðlana í frumvarpsgreininni mun nær því en nógildandi stuðlar að tryggja tjónþolum fullar bætur fyrir raunverulegt tjón þeirra, til samræmis við meginmarkmið skaðabótalaga.

3.1.1 Vinnutekjur eru bættar til 75 ára aldurs

Í athugasemdum um 5. gr. frumvarps sem varð að lögum nr. 37/1993 kemur fram um forsendu að notaðir voru tryggingafræðilegir stuðlar sem sýna hversu mikið árstekjur margfaldast ef bættar eru tapaðar vinnutekjur til 75 ára aldurs. Við útreikning stuðlanna var tekið tillit til dánar- og örorkulíkinda. Þá var tekið tillit til starfslíkinda eftir 67 ára aldur. Byggt var á íslenskum dánarlíkum árána 1991-1995. Örorkulíkur voru byggðar á danskri reyngslu. Starfslíkindi voru reiknuð út frá tölum um atvinnuþátttöku í vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands frá því í apríl 1998.⁴⁴

Við meðferð málsins hjá allsherjarnefnd Alþingis lögðu höfundar frumvarpsins til endurskoðaðan margfeldisstuðul. Við þá endurskoðun var forsendum við gerð stuðulsins breytt þannig að atriðum sem hafa áhrif á starfslíkindi er sleppt fram að 67 ára aldri nema tekið var tillit til dánar- og örorkulíkinda á sama hátt og áður. Meirihluti allsherjarnefndar lagði til að hinn endurskoðaði margfeldisstuðull yrði tekinn inn í frumvarpið, nokkuð sem varð raunin. Í töflu sem fylgdi með breytingatillögu meirihlutans er stillt upp undirstuðlum sem sameiginlega mynda hinn endurskoðaða margfeldisstuðul. Taflan er birt í fylgiskjali með nefndarálitinu.⁴⁵

Í tölulíð c í athugasemdum um 3. gr. frumvarps til breytinga á skaðabótalögum kemur fram að varðandi brottfall vegna andláts og örorku er annars vegar miðað við nýjustu íslensku eftirlifendatöflur sem byggja á reyngslu árána 2010 til 2014, og hins vegar íslenskar

⁴⁴ Alþt. 1998-99, A-deild, 1293.

⁴⁵ Alþt. 1998-1999, A-deild, þskj. 971-183. mál, nefndarálit frá meirihluta allsherjarnefndar.

örorkutöflur sem byggja á reynslu íslenskra lífeyrissjóða á árunum 1998 til 2002.⁴⁶ Þá er einnig vísað til þess, nokkuð sem nefnt hefur verið að framan, að við útreikning á gildandi margfeldisstuðli var miðað við fulla atvinnuþátttöku til 67 ára aldurs. Það jafngildir að ekki var reiknað með neinu brottfalli vegna atvinnumissis. Síðan segir að ekki sé ætlunin að breyta því í frumvarpinu.

Þetta þýðir með öðrum orðum að hvorki í gildandi margfeldisstuðli eða þeim stuðli sem er að finna í frumvarpinu er reiknað með að launþegar geti af ýmsum ástæðum misst úr vinnu tímabundið yfir starfsæfina. Þvert á móti er við það miðað að ef viðkomandi hefði ekki orðið fyrir hinu bótaskylda líkamstjóni hefði hann unnið fulla vinnu til 67 ára aldurs. Vart þarf að hafa mörg orð um það að staðreyndin er oft önnur. Stuðullinn er því ögn hærri en ef tekið væri tillit til almennra upplýsinga um líkur á því að fólk verði fyrir einhverjum atvinnumissi á starfsæfinni, þ.e. verði tímabundið frá vinnu af hinum ýmsu orsökum.

Í frumvarpi til breytinga á skaðabótalögum er áfram miðað við að bæta skuli vinnutekjur til 75 ára aldurs án þess að nánar sé fjallað um rökin þar að baki. Þessi 75 ára regla kom inn í skaðabótalögin með lögum nr. 37/1999. Ef frá er talið almennt orðalag um að notaður verði samfelldur margfeldisstuðull til 75 ára aldurs og að bótaréttur 70 ára og eldri vegna varanlegrar örorku verði aukinn,⁴⁷ er ekki í lögskýringargögnum að finna önnur rök fyrir reglunni. Fram að gildistöku skaðabótalaga árið 1993 voru bætur ákveðnar samkvæmt töflum tryggingafræðinga þar sem gert var ráð fyrir einhverri tekjuöflun fram yfir áttæðisaldur. Þessar töflur voru byggðar á meðaltalsreynslu um lífs- og starfslíkur. Hinn árlegi fjárhagslegi skaði var því metinn lægri með hækkandi aldri. Frá lögfestingu skaðbótalaga árið 1993 og þar til þeim var breytt með lögum nr. 37/1999 var tjónþolum á hinn bóginn einungis í undantekningatilvikum ætlaðar bætur eftir 70 ára aldur, sbr. þágildandi 2. mgr. 9. gr. laganna.⁴⁸

⁴⁶ Sjá einnig bréf frá Vigfúsi Ásgeirssyni tryggingastærðfræðingi til Eiríks Jónssonar prófessor, dags. 12. maí 2017.

⁴⁷ Alþt. 1998-1999, A-deild, þskj. 971-183. mál, nefnaralit frá meirihluta allsherjarnefndar.

⁴⁸ Alþt. 1995-1996, A-deild, 3311-3312.

3.1.2 Miðað er við 4,5% ársafvöxtunarforsendu bótafjárhæðar og 3% hvað varðar bætur til barna

Í athugasemdum um 5. gr. frumvarps sem síðar varð að lögum nr. 37/1999 segir eftirfarandi um forsendur b og c⁴⁹:

- b. Miðað er við 4,5% ársafvöxtunarforsendu frá 18 ára aldri tjónþola. Er sú forsenda í samræmi við niðurstöðuna í dómi Hæstaréttar frá 30. mars 1995⁵⁰ og í samræmi við þá ávöxtunarmöguleika sem telja má að séu fyrir hendi í þjóðfélaginu nú, þegar miðað er við áhættulitla ávöxtun.
- c. Í stuðlinum er miðað við að bætur til barna ávöxtuðust um 3% á ári til 18 ára aldurs, en 4,5% eftir það. Lagt er til grundvallar að barn er væri tjónþoli byrji að hafa tekjur 18 ára og er því ekki bættur tekjumissir að því aldursmarki.

Í tölulið b í athugasemdum um 3. gr. frumvarps til breytinga á skaðabótalögum segir:

Hvað varðar ávöxtun/afvöxtunarforsendu er áfram miðað við 4,5%. Í því sambandi athugast að þótt telja megi tryggingafræðilegar forsendur um langtímaávöxtun eðlilegra viðmið, þá voru þær forsendur hinar sömu þegar núgildandi stuðlar voru reiknaðir út þannig að þær hefur engin breyting orðið. Á hinn bóginn hefur fjármagnstekjuskattur hækkað í 20%. (sjá forsendu e hér fyrir neðan) Þess vegna eru stuðlarnir reiknaðir miðað við 4,5% vexti, að teknu tilliti til 20% fjármagnstekjuskatts, eða 3,6% nettóávöxtun á ári. Þessi forsenda var látin gilda fyrir alla aldurshópa.

Þá er einnig í frumvarpinu við það miðað að bætur til barna ávaxtist um 3% á ári til 18 ára aldurs.

Í ofangreindu felst að margföldunarstuðullinn lækkar í samræmi við þá forsendu að tjónþolum er gert að ávaxta bótafé sitt um 3% í tilviki átján ára og yngri og 4,5% fyrir tjónþola eldri en átján ára. Þannig er gerð sú krafa til tjónþola að hann geti náð framangreindri raunávöxtun á bótafjárhæð fyrir varanlega örorku. Eðli málsins samkvæmt getur

⁴⁹ Alþt. 1998-99, A-deild, 1293.

⁵⁰ Hrd. 1995, 937.

Ritrynd fræðigrein

hér verið um að ræða bótagreiðslu sem er ætlað að bæta launatap sem nær yfir langan tíma, eftir atvikum marga áratugi ef um ungan tjónþola er að ræða. Því verður að horfa á þetta álitaefni í því ljósi. Það þýðir aftur að ekki er unnt að horfa eingöngu á mögulega fjárfestingakosti á stöðugleikatímamarki hverju sinni heldur verður að líta til lengra tímabils.

Í töflunni hér að neðan er að finna yfirlit yfir margfeldisstuðullinn í frumvarpi til breytinga á skaðabótalögum eins og hann myndi vera ef reiknað væri á grundvelli ársávöxtunar á bilinu 2,0 til 4,5%.⁵¹

Aldur	4,5%	4,0%	3,5%	3,0%	2,5%	2,0%
0	11,438	11,438	13,008	15,139	17,682	20,728
1	11,746	11,746	13,399	15,527	18,058	21,080
2	12,064	12,064	13,790	15,915	18,434	21,432
3	12,389	12,389	14,181	16,303	18,810	21,784
4	12,724	12,767	14,572	16,691	19,186	22,136
5	13,067	13,155	14,964	17,080	19,563	22,487
6	13,420	13,610	15,414	17,518	19,979	22,869
7	13,782	14,065	15,864	17,956	20,395	23,251
8	14,155	14,520	16,314	18,394	20,811	23,633
9	14,537	14,975	16,764	18,832	21,227	24,015
10	14,929	15,431	17,216	19,271	21,644	24,395
11	15,332	15,966	17,736	19,767	22,106	24,811
12	15,746	16,501	18,256	20,263	22,568	25,227
13	16,171	17,036	18,776	20,759	23,030	25,643

⁵¹ Um er að ræða útreikninga Vigfúsar Ásgeirssonar tryggingastærðfræðings og eru þeir birtir með heimild frá honum. Eins og að framan segir eru útreikningar hans á margfeldisstuðlinum, sem miðast við 4,5% ársávöxtun, lagðir til grundvallar í frumvarpi til breytinga á skaðabótalögum. Ef frá er tallinn mismunandi ársávöxtun byggja allir útreikningarnir í töflunni á sömu forsendum. Sem dæmi má nefna að allir stuðlarnir eru reiknaðir miðað við tiltekna ársávöxtun að teknu tilliti til 20% fjármagnstekjuskatts. Þannig leiðir 4,5% ársávöxtun í raun til 3,6% nettóávöxtunar (raunávöxtunar) á ári, 4,0% til 3,2%, 3,5% til 2,8%, 3% til 2,4%, 2,5% til 2,0% og 2,0% til 1,60%.

14	16,608	17,571	19,296	21,255	23,492	26,059
15	17,057	18,108	19,814	21,751	23,956	26,476
16	17,517	18,721	20,400	22,303	24,463	26,927
17	17,990	19,089	20,752	22,634	24,767	27,197
18	18,499	19,946	21,572	23,406	25,478	27,828
19	18,369	19,780	21,363	23,144	25,152	27,425
20	18,238	19,613	21,153	22,881	24,826	27,021
21	18,077	19,414	20,909	22,583	24,464	26,582
22	17,916	19,215	20,665	22,285	24,102	26,143
23	17,755	19,016	20,421	21,987	23,740	25,704
24	17,594	18,817	20,177	21,689	23,378	25,265
25	17,433	18,619	19,932	21,391	23,014	24,825
26	16,992	18,124	19,377	20,766	22,308	24,026
27	16,551	17,629	18,822	20,141	21,602	23,227
28	16,110	17,134	18,267	19,516	20,896	22,428
29	15,669	16,639	17,712	18,891	20,190	21,629
30	15,226	16,146	17,155	18,264	19,484	20,830
31	14,774	15,648	16,605	17,655	18,809	20,079
32	14,322	15,150	16,055	17,046	18,134	19,328
33	13,870	14,652	15,505	16,437	17,459	18,577
34	13,418	14,154	14,955	15,828	16,784	17,826
35	12,968	13,658	14,407	15,221	16,108	17,075
36	12,675	13,334	14,047	14,822	15,664	16,581
37	12,382	13,010	13,687	14,423	15,220	16,087
38	12,089	12,686	13,327	14,024	14,776	15,593
39	11,796	12,362	12,967	13,625	14,332	15,099
40	11,504	12,037	12,609	13,225	13,890	14,607
41	11,142	11,645	12,185	12,765	13,391	14,064
42	10,780	11,253	11,761	12,305	12,892	13,521
43	10,418	10,861	11,337	11,845	12,393	12,978
44	10,056	10,469	10,913	11,385	11,894	12,435
45	9,693	10,078	10,488	10,926	11,393	11,891

Ritrynd fræðigrein

46	9,411	9,775	10,161	10,573	11,011	11,478
47	9,129	9,472	9,834	10,220	10,629	11,065
48	8,847	9,169	9,507	9,867	10,247	10,652
49	8,565	8,866	9,180	9,514	9,865	10,239
50	8,284	8,561	8,852	9,160	9,484	9,827
51	7,983	8,240	8,511	8,797	9,097	9,415
52	7,682	7,919	8,170	8,434	8,710	9,003
53	7,381	7,598	7,829	8,071	8,323	8,591
54	7,080	7,277	7,488	7,708	7,936	8,179
55	6,777	6,958	7,146	7,343	7,550	7,765
56	6,464	6,630	6,801	6,981	7,170	7,365
57	6,151	6,302	6,456	6,619	6,790	6,965
58	5,838	5,974	6,111	6,257	6,410	6,565
59	5,525	5,646	5,766	5,895	6,030	6,165
60	5,212	5,316	5,423	5,534	5,648	5,767
61	4,844	4,936	5,031	5,129	5,230	5,335
62	4,476	4,556	4,639	4,724	4,812	4,903
63	4,108	4,176	4,247	4,319	4,394	4,471
64	3,740	3,796	3,855	3,914	3,976	4,039
65	3,373	3,417	3,463	3,509	3,557	3,606
66	3,089	3,127	3,167	3,206	3,248	3,290
67	2,805	2,837	2,871	2,903	2,939	2,974
68	2,521	2,547	2,575	2,600	2,630	2,658
69	2,237	2,257	2,279	2,297	2,321	2,342
70	1,953	1,967	1,982	1,996	2,011	2,026
71	1,626	1,626	1,626	1,626	1,626	1,626
72	1,412	1,412	1,412	1,412	1,412	1,412
73	1,109	1,109	1,109	1,109	1,109	1,109
74	0,667	0,667	0,667	0,667	0,667	0,667

Líkt og sjá má vegur forsendan um ársávöxtun bóta þungt í útreikningi stuðulsins, enda lækkar stuðullinn, og þar með bætur til handa tjónþola, eftir því sem meiri kröfur eru gerðar til þeirra um ávöxtun bótafjár.

Í kafla 2.1 er að finna útreikning á brúttó framtíðarfjártjóni A þar sem stuðst er við lágmarksárslaun og margfeldisstuðul samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á skaðabótalögum. A var 21 ára á stöðugleikapunkti þann 31. desember 2017. Útreikningarnir voru eftirfarandi: $5.783.500 \times 18,077 \times 15\% = 15.682.249$ kr.

Í töflunni hér að neðan er þetta dæmi reiknað á grundvelli margfeldisstuðuls í töflunni að framan, þ.e. miðað við ávöxtunarkröfu umfram verðbólgu á bilinu 2,0 til 4,5%.

Ávöxtunarkrafa %	Margfeldisst.	Útreikningur
4,5	18,077	$5.783.500 \times 18,077 \times 15\% = 15.682.249$ kr.
4,0	19,414	$5.783.500 \times 19,414 \times 15\% = 16.842.130$ kr.
3,5	20,909	$5.783.500 \times 20,909 \times 15\% = 18.139.080$ kr.
3,0	22,583	$5.783.500 \times 22,583 \times 15\% = 19.591.317$ kr.
2,5	24,464	$5.783.500 \times 24,464 \times 15\% = 22.223.132$ kr.
2,0	26,582	$5.783.500 \times 26,582 \times 15\% = 23.060.550$ kr.

Eins og sjá má af töflunni getur ávöxtunarkrafa sem gerð er til tjónþola haft umtalsverð áhrif á útreikning stuðulsins og þar að leiðandi á fjárhæð bóta. Með vísan í framangreint verður hér á eftir fjallað um eftirfarandi:

Af hverju er miðað er við 4,5% ávöxtunarkröfu?

Er sú krafa forsvaranleg?

Í hverju er gert ráð fyrir að tjónþoli geti fjárfest?

Af hverju er miðað við 3% ávöxtunarkröfu vegna bóta til barna?

Eins og fram kemur í athugasemdum um 5. gr. frumvarps sem varð að lögum nr. 37/1999, virðist ljóst að sú ákvörðun að miða við að tjónþoli nái 4,5 % raunávöxtun á bætur fyrir varanlega örorku, byggir

á niðurstöðu Hrd. 1995, 937. Þess ber að geta að Hæstiréttur breytti með þessum dómi þágildandi dómvenju en vaxtafóturinn var áður 6%, allt frá Hrd. 1984, 917 (933).

Í útreikningi á margfeldisstuðli í frumvarpi til laga um breytingu á skaðabótalögum er valin sú leið að miða áfram við 4,5% raunávöxtunarkröfu. Í því sambandi er tekið fram að þótt við ákvörðun á vaxtafæti væru tryggingafræðilegar forsendur um langtímaávöxtun eðlilegt viðmið, þá hafi þær forsendur verið þær sömu þegar núgildandi stuðlar voru reiknaðir út.⁵²

Varðandi þá spurningu hvort krafa um 4,5% raunávöxtun bótafjárhæðar til framtíðar sé forsvaranleg er rétt að skoða nánar niðurstöðu Hæstaréttar í framangreindum dómi frá 1995. Þar var því m.a. haldið fram af hálfu tjónþola (gagnáfrýjanda) að við útreikning á eingreiðslubótum vegna framtíðar fjártjóns ætti að miða við 3% raunávöxtun enda væru vextir af óbundnum verðtryggðum innlánsreikningum almennt ekki hærri. Jafnframt lagði tjónþoli fram sérfræðiálit, þar sem fram kom að miða ætti við 3% raunvexti sem væru sömu vextir og talið var hæfilegt að nota við útreikning á lífeyrisskuldbindingum. Þá bað lögmaður aðaláfrýjanda (tryggingafélags) sérfræðinginn S um að láta í té „sérfræðilegt álit á því, við hvaða vaxtafót sé rétt að miða, þegar ákveðið er afvöxtun skaðabóta fyrir líkamstjón... Í dóminum segir síðan:

Í svarbréfi Sigurðar 6. maí sama ár kemur meðal annars fram, að við ákvörðun á vaxtafæti, sem notaður sé við afvöxtun á reiknuðum framtíðartekjum, skipti máli, hvort tekið sé tillit til þess, að tjónþoli hefði notið einhverrar hækkunar á kaupmætti atvinnutekna sinna í samræmi við aðra launþega að jafnaði, ef hann hefði ekki orðið fyrir skerðingu á starfsorku sinni, eða hvort bætur miðist algjörlega við kaupmátt, eins og hann sé á útreikningsdegi. Hann telur eðlilegt, að vaxtafótur til afvöxtunar bóta fyrir líkamstjón verði heldur lægri, til dæmis á bilinu 2–3%, ef bætur eigi að ná til væntanlegrar hækkunar á almennum kaupmætti á þeim árum, sem skerðing á aflahæfi tjónþola nái til. Ef bæturnar miðist hins vegar að fullu við

⁵² Sjá einnig Vigfús Ásgeirsson (n. 46).

kaupmátt atvinnutekna á greiðsludegi, leiði sú niðurstaða að öðru jöfnu til heldur hærrí vaxtafötur, sem ekki sé óeðlilegt, að sé á bilinu 4-6%. Mismunurinn á þessu tvennu, þ.e. 2-3% og 4-6%, ef til vill um 2,5% að jafnaði, nemi því áætlaðri aukningu kaupmáttar á ári á reikningstímabilinu.

Rétturinn komst að þeirri niðurstöðu að 4,5% vaxtakrafa væri í samræmi við fyrirbyggjandi ávöxtunarmöguleika að því er virðist þegar miðað er við áhættulitla ávöxtun. Segir m.a. orðrétt um þetta atriði í niðurstöðukafla dómsins:

Við áfvöxtun áætlaðra framtíðartekna tjónþola verður að líta til þess tilgangs bóta vegna varanlegrar örorku, að tjónþoli verði fjárhagslega settur sem líkast því, að slys hefði ekki borið að höndum. Örorkubætur eiga að nægja honum til framfærslu í réttu hlutfalli við örorkutjónið með svipuðum hætti og óskertar atvinnutekjur myndu gera. Er þá miðað við, að bæturnar verði gengnar til þurrðar, þegar áætlaðri ævilengd lýkur. Í samræmi við þetta verður að huga að því, hvernig varðveita megi raunvirði greiddra fébóta til frambúðar. Til þess verður ekki ætlast, að ávöxtun bótafjár verði háð bindingu fjármagns um óhæfilegan tíma eða seld undir óeðlileg áhættuviðskipti. Rétt er og að hafa til hliðsjónar að því leyti sem unnt er, að framfærslueyrir af bótafé geti fylgt þróun kaupmáttar atvinnutekna. Það er þeim mun brýnna sem aldur tjónþola er lægri á slysdagi. Þegar til þessa er litið auk núverandi ávöxtunarkjara sparifjár og þróunar í vaxta- og verðlagsmálum, þykir eðlilegt að miða nú framtíðarávöxtun bóta vegna varanlegrar örorku við 4,5% vaxtaföt. Þó ber að áréttu, að nákvæmum útreikningum örorkutjóns verður ekki að öllu leyti við komið vegna margvíslegra vafaatriða í sérhverju tilviki.

Af framangreindu má sjá að þegar dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að miða eigi við 4,5% raunvexti virðist vera byggt á eftirfarandi forsendum hvað varðar varðveislur (fjárfestingu) bótafjárhæðarinnar:

- Ekki er hægt að krefjast þess að ávöxtunin verði háð bindingu fjármagns um óhæfilega langan tíma.
- Ekki má vera um óeðlilegt áhættuviðskipti að ræða.⁵³

⁵³ Í þessu sambandi má benda á að í greinargerðinni með lögum nr. 37/1999 er talað um áhættulitla ávöxtun í tengslum við regluna um 4,5% vaxtaföt, sjá (n. 49).

- Eftir því sem unnt er ætti framfærslueyrir að geta fylgt þróun kaupmáttar atvinnutekna. Sérstaklega á þetta við ef um ungan tjónþola er að ræða.
- Síðan er tekið fram að nákvæmum útreikningum örorkutjóns verði ekki að öllu leyti komið við vegna margvíslegra vafaatriða.

Að mati höfunda eru forsendur Hæstaréttar fyrir 4,5% vaxtafæti fremur almennar. Höfundar ráða af dóminum að fjárfestingakostir tjónþola ættu að vera fjölbreytilegir að því gefnu að ekki sé um að ræða „óeðlileg áhættuviðskipti“. Það virðist því einsýnt að Hæstiréttur byggir ekki á þeirri forsendu að eingöngu fjárfesting í bundnum eða óbundnum verðtryggðum innlánsreikningum komi til greina. Þá yrði það varla ósamrýmanlegt framangreindum forsendum að t.d. ungur tjónþoli sem nýlega hefur fest kaup á íbúð myndi nota bótafjárhæðina til að greiða niður lán sem hvíla á íbúðinni eða eftir atvikum greiða niður önnur þau lán sem á viðkomandi hvíla, í það minnsta að því gefnu að slík lán beri 4,5% vexti. Væntanlega er hægt með haldgóðum rökum að sýna fram á að nákvæmlega slíkt myndi fela í sér góða ávöxtun bótafjársins. Sama ætti þá væntanlega einnig við um heimild ungs tjónþola til að nota bótafjárhæðina til að fjárfesta í fasteign enda eru talsverðar líkur á því að hann hefði fyrir eða síðar staðið frammi fyrir slíku ef hann hefði ekki orðið fyrir hinu bótaskylda líkamstjóni.

Hér á eftir verður stuttlega skoðað hvaða fjárfestingakostir standa til boða hjá íslenskum bönkum. Til að einfalda umfjöllunina verða eingöngu skoðaðir fjárfestingamöguleikar hjá Íslandsbanka hf. en rannsókn höfunda leiddi í ljós að ávöxtunarmöguleikar hjá öðrum bönkum eru svipaðir.

Annars vegar verða skoðaðir sparnaðarreikningar og hins vegar sjóðir.

Boðið er upp á þrjá verðtryggða innlánsreikninga:

1. Framtíðarreikningur fyrir börn með 1,9% vöxtum sem reiknaðir eru árlega og sem bundinn er til 18 ára aldurs.
2. Verðtryggður húsnæðissparnaður með 1,9% vöxtum sem reiknaðir eru árlega og með bindistíma í 36 mánuði.
3. Almennur innlánsreikningur, Sparileið 36, 48 og 60. Vextir eru reiknaðir mánaðarlega og eru 1,5% ef bindistími er í 36 mánuði, 1,6% ef bindistími er 48 mánuðir og 1,7% ef bindistími er 60 mánuðir.

Íslandsbanki býður einnig upp á nokkra óverðtryggða innlánsreikninga. Þrír þeirra eru annað hvort óbundnir eða bundnir í 10 daga. Vextir á þessum reikningum, sem reiknaðir eru mánaðarlega, eru á bilinu 1,7% til 3,1%. Þá er boðið er upp á óverðtryggðan fastvaxtareikning með einni innborgun og binditíma í 1, 3, 6 eða 12 mánuði og vexti 2,8, 3,65, 3,75 og 3,95%. Óverðtryggður húsnæðissparnaður er bundinn í 17 mánuði eftir fyrstu innlögn og ber 1,9% vexti sem reiknast mánaðarlega. Að lokum má nefna innlánsreikning með 31 dags úttektarfræstun með þrepaskiptum vöxtum sem reiknaðir eru mánaðarlega. Þar eru vextir af 5 milljónum eða lægri innistæðu 2,8%, 3,1% af 5–20 milljónum, 3,4% af 20–75 milljónum og 3,7% af 75 milljónum eða meira.⁵⁴

Fjárfesting í sjóðum getur leitt til betri ávöxtunar en gildir um innlánsreikninga. Aftur á móti er væntanlega almennt meiri áhætta tengd fjárfestingu í sjóðum, enda getur gengi þeirra bæði hækkað og lækkað. Kaup í sjóðum yrðu þó vart talin óeðlileg áhættuviðskipti þegar kemur að fjárfestingu bótafjár. Hvað sjóðina varðar eru kaup í skuldabréfasjóðum almennt ekki talin fela í sér mikla áhættu, ekki síst ef um er að ræða sjóði sem mikið til fjárfesta í ríkisskuldabréfum. Hér má taka IS Ríkisskuldabréf meðallöng og IS Ríkisskuldabréf löng sem dæmi. Í þessum sjóðum er t.d. nafnávöxtun síðustu 12 mánuði 7,1 og 9,2%. Hvað innlenda hlutabréfasjóði varðar má t.d. nefna IS Úrvalsvisitölusjóðinn og IS Hlutabréfasjóðinn. Í þessum sjóðum er nafnávöxtunin síðustu 12 mánuði 2,2 og -3,8% en árleg nafnávöxtunin síðustu 3 árin 10,0 og 8,5%.⁵⁵

Af framangreindum upplýsingum má sjá að miðað við fjárfestingamöguleika í dag yrði tjónþoli væntanlega að fjárfesta með öðrum hætti en í hefðbundnum innlánsreikningum til þess að hann geti vænst þess að raunávöxtun nái 4,5 eða 3,6% að teknu tilliti til fjármagnstekjuskatts.

⁵⁴ Sjá: <https://www.islandsbanki.is/einstaklingar/sparnadur/sparnadarreikningar/>, skoðað 3. apríl 2018.

⁵⁵ Sjá: https://islandsjodir.is/library/Files/Sjodir/Avoxtnarblad_Sjoda.pdf, skoðað 3. apríl 2018.

Í tengslum við framangreinda umfjöllun þykir höfundum áhugavert að fjalla um nýlegan norskan hæstaréttardóm sem telja má að geti haft raunhæfa þýðingu fyrir umfjöllun um 4,5% regluna í margfeldisstuðli skaðabótalaga.

Þann 12. desember 2014 felldi fullskipaður Hæstiréttur Noregs dóm í máli nr. HR-2014-02425-S (sak. Nr. 2014/604), Rt. 2014, 1203.⁵⁶ Málið varðaði að meginstefnu til ákvörðun á vaxtafæti fyrir eingreiðsluútreikning bóta fyrir afleiðingar líkamstjóns. Álitaefnið er því sambærilegt kröfunni í margfeldisstuðli skaðabótalaga um 4,5% raunávöxtun. Komst rétturinn að þeirri niðurstöðu að miða ætti við 4% vaxtafót.⁵⁷ Um var að ræða útreikning á bótum fyrir varanlega fjárhagslega örorku ungrar konu sem lenti í mjög alvarlegu bílslysi. Í dómnum kemur m.a fram að með ákvörðun á vaxtafæti væri átt við raunvexti, þ.e. vexti umfram verðbólgu, sjá málsgreinar 74-84. Þá taldi dómurinn m.a., ólíkt því sem leiddi af fyrirbyggjandi sérfræðiálitum, að ekki ætti við ákvörðun á vaxtafæti að taka tillit til áætlaðrar aukningar á kaupmætti á reikningstímabilinu, sjá málsgreinar 78-79. Meginviðfangsefni dómsins var síðan að ákveða hvaða forsendur leggja mætti til grundvallar við fjárfestingu bótafjárhæðarinnar, þ.e. í hverju tjónþola sé heimilt að fjárfesta. Í framlögðum sérfræðiálitum var byggt á því að við ákvörðun á vaxtafæti bæri að miða við að 80% bótafjárhæðarinnar væri fjárfest í ríkisskuldabréfum, 10% í norskum hlutabréfum og 10% í erlendum hlutabréfum. Töldu sérfræðingarnir að þetta ætti að leiða til þess að vaxtafóturinn yrði ákveðinn 2-3%, sjá málsgrein 87. Hæstiréttur féllst ekki á þessa nálgun. Benti dómurinn m.a. á, með vísan í hinn svokkaða Ølbergdóm Rt. 1993, 1524, að almennt yrði tjónþoli að vera undir það búinn að taka meiri áhættu varðandi fjárfestingar en sérfræðingarnir höfðu miðað við, þ.e. meiri áhættu en 80/20 reglan gerði ráð fyrir, sjá málsgreinar 90 og 91.

⁵⁶ Í dómum Hæstaréttar Noregs eru einstakar málsgreinar númeraðar. Í umfjöllun um dóminn hér á eftir verður því vísað í þær málsgreinar sem eiga við hverju sinni. Sjá einnig umfjöllun um þennan dóm í Trine-Lise Wilhelmsen og Birgitte Hagland, *Om erstatningsrett Med utgangspunkt i tekster av Peter Lødrup* (Gyldendal 2017) 337.

⁵⁷ Áður en þessi dómur féll hafði Hæstiréttur Noregs miðað við 5% vaxtafót, sbr. Rt. 1993, 1524 Ølberg, Rt. 1993, 1538 Horseng og Rt. 1993, 1547 Skotland.

Niðurstaða dómsins var sú að vaxtafóturinn ætti að vera 4%. Byggði sú niðurstaða á heildstaðu og breiðu mati þar sem m.a. var vísað til mikilvægis fyrirsjáanleika enda væri um að ræða útreikning fyrir langt tímabil, sjá málsgrein 99, auk þess sem óvissa tengd framtíðarfrárfestingarmöguleikum talaði gegn því að gerðar væru mjög miklar breytingar á gildandi rétti, sjá málsgrein 100.⁵⁸

⁵⁸ Í málsgreinum 87-101 í dómnum segir eftirfarandi:

(87) De tre rettsopnevnte sakkyndige har måttet forutsette et visst investeringsvalg for sine beregninger av kapitaliseringsrenten. De har lagt til grunn at 80 prosent av erstatningsbeløpet investeres i norske statsobligasjoner, 10 prosent i norske aksjer og 10 prosent i utenlandske aksjer i praksis i form av andeler i verdipapirfond som ikke er underlagt aktiv forvaltning. De sakkyndige har ansett dette for å være en portefølje som har meget lav risiko og derfor passer bra for et erstatningsbeløp. Administrasjonsgebyrene knyttet til slike fond forutsettes å være så små at man kan se bort fra dem i de videre beregningene.

(88) Med utgangspunkt i en slik portefølje har de sakkyndige gjort hvert sitt anslag over hva de mener den gjennomsnittlige realavkastning vil være i et tidsperspektiv på om lag femti år frem i tid. Deres konklusjoner ligger fra i overkant av to prosent til tre prosent. Alle tre sakkyndige regner med at realavkastningen de nærmeste årene som betyr mest for A fordi kapitalen hennes da vil være størst vil være lavere, for deretter å stige.

(89) De sakkyndige har gjort omfattende rede for hvilke forutsetninger om den økonomiske utviklingen nasjonalt og globalt som ligger til grunn for disse anslagene. De har alle understreket den usikkerheten som knytter seg til antakelsene, særlig langt frem i tid. Jeg finner det ikke nødvendig å gå nærmere inn på disse forutsetningene, utover å nevne at de alle går ut på at utviklingen vil være svakere i mange år fremover enn den har vært de siste par tiårene. Professor Johnsen pekte under sin forklaring for Høyesterett på at kapitaliseringsrenten på fem prosent som Høyesterett fastsatte i Ølberg-dommen, faktisk har vist seg å ligge nokså nær realavkastningen i tiden fra 1993 til 2014 på den 80:20-porteføljen som de sakkyndige har tatt utgangspunkt i.

(90) Spørsmålet er imidlertid om det er riktig å forutsette en slik investeringsportefølje. Dette er et rettslig spørsmål, for så vidt som det er tale om hvilken risiko det er rimelig å forvente at en skadelidt skal ta for å oppfylle sin tapsbegrensningsplikt. I Ølberg-dommen sies det følgende om dette på side 1533: "Mitt utgangspunkt - at erstatningen skal gi skadelidte en rimelig mulighet til å sikre seg mot fall i pengeverdien - innebærer ikke at kapitaliseringsrenten må fastsettes ut fra en vurdering av hva gjennomsnittlig realrente for investering i statsobligasjoner må antas å ville være i årene fremover, slik den ankende part hevder. Valg av kapitaliseringsrente må skje ut fra en bred vurdering av de ulike anvendelses- og investeringsmuligheter det knytter seg noen særlig risiko til. Markedet tilbyr i dag mange ulike former for kapitalplassering. Aktuelle alternativer for disponering av erstatningsbeløp kan være investering i fast eiendom, livrente, obligasjoner, aksje- og

rentefond eller plassering på ulike former for høyrentekonti i bank. Nedbetaling av gjeld vil ofte være et nærliggende og lønnsomt alternativ.

Investering i fast eiendom og i livrente har normalt vært ansett å gi god sikring mot inflasjon. Plassering som pantelån i fast eiendom vil kunne gi høy sikkerhet og høyere avkastning enn plassering i bank. Det er forutsatt fra skadelidtes side at investeringsplikten må begrenses til plasseringer som har en høy grad av likviditet. Etter min mening er høy likviditet ikke noe poeng i seg selv. Poenget må være at skadelidte gjennom disponering av erstatningen kan få et beløp til dekning av utgifter ved sin livsførsel. Jeg bemerker imidlertid at jeg ikke forutsetter at hele erstatningsbeløpet skal disponeres på samme måte. Det må eventuelt kunne fordeles på mer eller mindre likvide investeringsobjekter.”

(91) I dette sitatet pekes det på enkelte investeringsmuligheter som nok ikke er like aktuelle i dag som den gang. Det gjelder særlig livrente. For øvrig mener jeg imidlertid at disse uttalelsene fortsatt må ha gyldighet. Slik jeg leser dem, forutsetter de at en skadelidit normalt må være forberedt på å ta noe større risiko enn de sakkyndige har forutsatt med sin 80:20-portefølje basert på henholdsvis statsobligasjoner og aksjer.

(92) Jeg peker i denne sammenheng særlig på følgende:

(93) Kapitaliseringsrenten må fastsettes ut fra en forutsetning om at den skal dekke en rekke ulike situasjoner. Noen saker vil være som denne saken, med en ung voksen som er blitt 100 prosent varig ufør før vedkommende har rukket å etablere seg. I andre saker vil uførhetsgraden være lavere, og den skadelidte eldre. Som også de sakkyndige pekte på i sine forklaringer for Høyesterett, kan det i disse tilfellene være naturlig å ta noe større risiko enn den de har lagt til grunn. Målet må være å komme frem til en gjennomsnittrente. Det er altså ikke bare tale om å finne en portefølje som passer godt for en skadelidit i As situasjon.

(94) Videre gir trygden en inntektsgaranti som innebærer at skadelidte vil klare seg økonomisk selv om erstatningen ikke skulle gi den avkastningen som er forutsatt. Dette lå som en forutsetning for å innføre engangserstatning som hovedregel fremfor terminvis betaling ved erstatning for fremtidige tap. Jeg viser til Erstatningslovkomiteens innstilling av 1971 side 41.

(95) Forskningsjef Ådne Cappelen ved Statistisk sentralbyrå, som avga forklaring som privatengasjert sakkyndig vitne for A i lagmannsretten, ga i sin skriftlige erklæring uttrykk for at en finansiell formue plassert i hovedsak i statsobligasjoner, men med en tredjedel i aksjer på Oslo Børs, “ikke er en veldig risikopreget tilpasning”. Det sakkyndige vitnet Christian Dahl har i sin skriftlige forklaring for Høyesterett pekt på at en fordeling 50/50 i aksjer og obligasjoner er nokså vanlig ved forvaltning av pensjonsmidler.

(96) Ved siden av en større andel aksjer i porteføljen er det også rimelig å tenke seg investering i andre typer obligasjoner enn statsobligasjoner, forutsatt at også de obligasjonene anses som svært sikre. Jeg peker her på for eksempel fond som har obligasjoner med fortrinnsrett utstedt av norske banker i porteføljen.

(97) Både skadelidte som ennå ikke har rukket å etablere seg, og eldre skadelidte vil dessuten erfaringsmessig og fornuftig nok ofte bruke en del av erstatningen på bolig, enten de anskaffer sin første bolig eller benytter deler av erstatningen til å nedbetale gjeld på den boligen de allerede har. Jeg peker særlig på fordelene ved at de dermed slipper å måtte lånefinansiere et tilsvarende beløp.

Eins og komið hefur fram er við það miðað, bæði í gildandi margfeldisstuðli og í frumvarpi til breytinga á skaðabótalögum, að bætur til barna ávaxtist um 3% á ári til 18 ára aldurs, en 4,5% eftir það. Í stuðlinum er lagt til grundvallar að börn byrji að hafa tekjur 18 ára og er tekjumissir ekki bættur að því aldursmarki. Sökum þessa verður höfuðstóll bóta til barns lægri eftir því sem það er yngra, að gefnu sama örorkustigi, en hæstur við 18 ára aldursmarkið. Þannig er lagt á barnið sjálft, eða öllu heldur forráðamenn þess, að ávaxta bæturnar til 18 ára aldurs þess til að jafna muninn.⁵⁹

(98) I tråd med gjeldende rett siden Ølberg-dommen mener jeg på denne bakgrunn at det må legges til grunn en bredere sammensatt portefølje enn de rettsoppnevnte sakkyndige har lagt til grunn. I tillegg må det kunne legges inn som en normalforutsetning at en del av erstatningen brukes til å finansiere bolig.

(99) Når det så gjelder anslaget for fremtidig avkastning av en slik noe mer riskoutsatt portefølje, er det primært et spørsmål om faktum som krever økonomisk, ikke juridisk, innsikt. Det er likevel av betydning at det ville komplisere og fordyre erstatningsoppgjørene dersom den generelle kapitaliseringsrenten til stadighet skulle justeres av domstolene. Den kapitaliseringsrenten man nå kommer frem til, må følgelig forutsettes å stå fast i lang tid. Det er derfor begrenset i hvilken grad man kan ta hensyn til at realavkastningen særlig på spareprodukter med lav risiko sannsynligvis vil være svært lav de nærmeste årene. Om kapitaliseringsrenten i stedet ble fastsatt ved lov eller forskrift, ville man kunne ha en mer fleksibel ordning i så måte.

(100) Med hensyn til de økonomiske fremtidsutsiktene kan det spores en viss uenighet mellom de tre rettsoppnevnte sakkyndige på den ene side, og Ådne Cappelen og særlig Christian Dahl på den andre, om hvilken vekt utviklingen de seneste par tiårene bør tillegges som veiledende for den fremtidige utviklingen. Skjønt også de to sistnevnte legger til grunn at langtidsprognosen går ut på noe lavere vekst enn vi har opplevd de siste 20 årene. For meg tjener dette mest til å understreke usikkerheten man står overfor, og som også de tre rettsoppnevnte sakkyndige har fremhevet. Fra et domstolsperspektiv kan denne usikkerheten tilsi forsiktighet med å gjøre store endringer i forhold til dagens rettstilstand.

(101) Jeg er likevel kommet til at en allmenn kapitaliseringsrente på fem prosent nå er noe forhøy. Ut fra de forutsetningene jeg har gjort rede for om investeringsvalg, mener jeg at kapitaliseringsrenten bør settes til fire prosent.

⁵⁹ Alpt. 1998-1999, A-deild, 1293.

3.1.3 Miðað við 33,3% skerðingu vegna tekjuskattshagræðis og eingreiðslu bóta

Í athugasemdum um 5. gr. frumvarps sem varð að lögum nr. 37/1999 segir eftirfarandi um forsendu d: „Miðað var við að skerðing vegna tekjuskattshagræðis og eingreiðslu væri 33,3%.⁶⁰

Eins og nefnt er í kafla 3.1 kemur m.a. fram í athugasemdum um 3. gr. frumvarps til breytinga á skaðabótalögum að ekki sé ætlunin að breyta þessu, þ.e. áfram er lagt til að skerðing vegna tekjuskattshagræðis og eingreiðslu sé 33,3%.

Höfundar benda á að í grein Guðmundar Sigurðssonar og Önnu Lilju Ragnarsdóttur um skattalega meðferð bótagreiðslna, sem birt er í tölublaði þessu, er gerð grein fyrir þessari forsendu. Höfundar telja því ekki ástæðu til að fjalla hér efnislega um þessa forsendu enda væri þá um að ræða endurtekningu á því sem fram kemur í þeirri grein. Þess í stað er vísað til greinarinnar.

3.1.4 Álag til að mæta áhrifum fjármagnstekjuskatts

Í athugasemdum um 5. gr. frumvarps sem varð að lögum nr. 37/1999 segir eftirfarandi um forsendu e: „Inn í margföldunarstuðulinn var reiknað álag til þess að mæta áhrifum 10% fjármagnstekjuskatts. 61

Í tölulíð b í athugasemdum um 3. gr. frumvarps til breytinga á skaðabótalögum kemur hins vegar fram að þar sem fjármagnstekjuskattur hefur hækkað í 20% sé nú reiknað inn álag til að mæta þeirri hækkun.

Í þessu sambandi skal bent á að 1. janúar 2018 var fjármagnstekjuskattur hækkaður úr 20 í 22%.⁶² Þrátt fyrir það var eins og nefnt var að framan ákveðið að miða útreikning á margfeldisstuðli í frumvarpi til breytinga á skaðabótalögum við 20% fjármagnstekjuskatt.

⁶⁰ Sama heimild, 1293.

⁶¹ Sama heimild, 1294.

⁶² Sjá 3. mgr. 66. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt eins og því ákvæði var breytt með 2. gr. laga nr. 96/2017.

Hér telja höfundar ástæðu til að fjalla stuttlega um þennan þátt stuðulsins. Í kafla 3.1.3 kom fram að tjónþoli kann eftir atvikum að hafa úr mörgum möguleikum að velja þegar kemur að ávöxtun bóta fyrir varanlega örorku. Hvaða leið hann velur getur síðan haft áhrif á það í hvaða mæli komi til greiðslu fjármagnstekjuskatts. Það gefur aftur ástæðu til að fjalla um það álitaefni hvort rétt sé að miða kröfu til ársafvöxtunar við þá forsendu að fjármagnstekjuskattur muni leggjast á alla bótafjárhæðina. Í framhaldinu er einnig ástæða til að spyrja hvort réttara væri að miða útreikninginn við að fjármagnstekjuskattur er nú 22%.

Í C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt kemur fram að fjármagnstekjuskattur leggst á eignatekjur einstaklinga utan atvinnurekstrar, þ.e. vaxtatekjur, arð, söluhagnað og leigutekjur.⁶³ Á meðan fjármagnstekjuskattur leggst árlega á vexti af innstæðum á bankareikningum leggst hann t.d. einungis á tekjur af skuldabréfum eða hlutabréfum við sölu þeirra. Þá leggst fjármagnstekjuskattur eðli málsins samkvæmt ekki á ef bótafjárhæðin er notuð til að fjárfesta í fasteign eða greiða niður fyrirbyggjandi lán. Af þessu má sjá að það er í raun háð aðstæðum hverju sinni í hvaða mæli fjármagnstekjuskattur leggst á umræddar bótagreiðslur og því er mismikil þörf á að reikna inn í margfeldisstuðulinn álag til að mæta þeim skatti. Þar sem hugmyndin að baki margfeldisstuðlinum er að finna útreikningsaðferð sem beita megi á öll bótaskyld tjón er á hinn bóginn ljóst að ekki er unnt að reikna áhrif af fjármagnstekjuskatti fyrir hvern einstakan tjónþola, heldur þarf matið að vera almennt. Það þýðir þó alls ekki sjálfkrafa að réttast sé að miða við að fullur fjármagnstekjuskattur leggist alltaf á alla bótafjárhæðina sem greidd er. Framangreind rök ættu því í það minnsta að vera til þess fallin að draga úr þörf fyrir frekari breytingar á útreikningi margfeldisstuðuls en er að finna í frumvarpi til breytinga á skaðabótalögum, þótt fjármagnstekjuskattur hafi verið hækkaður í 22%. Rök standa sannanlega til þess að nægjanlegt sé að reikna með álagi sem miðast við 20% fjármagnstekjuskatt.

⁶³ Sjá einnig; <https://www.rsk.is/einstaklingar/skattar-og-gjold/fjarmagnstekjuskattur/>, skoðað 4. apríl 2018.

3.1.5 Dreifing launatekna yfir starfsævina

Í athugasemdum um 5. gr. frumvarps til laga nr. 37/1999 kemur fram í forsendu f að litið var til þeirrar staðreyndar að launatekjur manna dreifast ójafnt yfir starfsævina. Tekjur manna væru að jafnaði hæstar um miðbik starfsævinnar en lækkuðu síðan nokkuð fram að starfslokum. Í stuðlinum var reiknað 30% álag á tekjur þess sem slasast 18 ára gamall eða yngri, sem stíglækkar fram til loka 29. aldursárs.⁶⁴

Í töluðum a og d í athugasemdum um 3. gr. frumvarps til breytinga á skaðabótalögum segir:

- a. Launaþróun eftir aldri var reiknuð út frá atvinnutekjum samkvæmt skattframtölum. Þar sem skbl. tilgreina lágmarks- og hámarksárslaun var tekið tillit til þeirra þegar launaferilinn var reiknaður. Ríkisskattstjóri reiknaði meðallaun allra samkvæmt skattframtölum 2015, þó þannig að ef laun framteljanda voru lægri en lágmarksárslaunin voru lágmarksárslaunin notuð í stað raunverulegra launa. Að sama skapi voru hámarksárslaun laganna notuð í stað raunverulegra launa ef laun framteljanda voru hærri en hámarksárslaunin. Í ljósi þeirrar breytingar sem lögð er til í 4. gr. frumvarpsins, þess efnis að fjárhæð lágmarks- og hámarksárslauna breytist framvegis í hlutfalli við breytingar á launavísitölu fremur en lánskjaravísitölu, var fjárhæð lágmarks- og hámarksárslaunanna við útreikninginn miðuð við launavísitölu (þ.e. hækkun launavísitölu frá 131,3 í júlí 1993 til 483,5 meðallaunavístölu ársins 2014, en skattframtöl 2015 sýna launatekjur ársins 2014). Með þessum hætti fékkst fall yfir launaþróun eftir aldri, byggt á tölfræðilegum gögnum, sem stuðlarnir byggja síðan á, en slíku var ekki að heilsa þegar núgildandi stuðlar voru reiknaðir út.
- b. Sem fyrr segir var ekki, við útreikning á núgildandi stuðlum, tekið mið af breytilegum tekjum eftir aldri út frá tölfræðilegum gögnum, heldur var ákveðið álag lagt á tekjur hinna yngri. Útreikningar samkvæmt núgildandi forsendum gefa lægri stuðla fyrir þá yngstu vegna þess að álagið þá vegur þyngra en hækkun samkvæmt launaferli í hinum nýju útreikningum. Þess vegna var gamli stuðullinn látinn halda sér þegar hann var hærri en útreikningur samkvæmt núgildandi forsendum.

Með vísan í framangreinda umfjöllun er ljóst að bæði í gildandi skaðabótalögum og í frumvarpi til breytinga á skaðabótalögum er við það miðað að almennt séu raunverulegar launatekjur þeirra

⁶⁴ Alþt. 1998–99, A-deild, 1294.

einstaklinga sem eru staddir á fyrri hluta starfsævinnar lágur. Þær hækki síðan og eru almennt hæstar milli 40 og 50 ára en fari síðan lækandi aftur. Við útreikning margfeldisstuðulsins er byggt á þessari forsendu, þ.e. þar er í raun gert ráð fyrir því sem almennt er reglu að viðmiðunarársláun við útreikning bóta til yngri hóps tjónþola séu fremur lág enda er það í takt við raunverulega tekjudreifingu yfir ævina. Þetta leiðir aftur til þess að stuðullinn fyrir yngri hópinn er hærri sem þessu nemur, þ.e. gert er ráð fyrir því í útreikningi stuðulsins að ef viðkomandi hefði ekki slasast hefðu tekjur hans á starfsævinni orðið í samræmi við þá tekjukúrfu sem almennt gildir.

Í frumvarpi til breytinga á skaðabótalögum er valin önnur leið þó tilgangurinn sé nokkurn veginn sá sami og í gildandi lögum. Í fyrsta lagi er valin sú leið að leggja til verulega hækkun lágmarksárslauna laganna, sbr. fyrri umfjöllun. Síðan er byggt á því við útreikning margfeldisstuðuls að þrátt fyrir að fyrirliggjandi upplýsingar um tekjudreifingu yfir ævina bendi til þess að raunverulegar tekjur yngri hluta tjónþola séu undir lágmarksárslaunum laganna er við útreikning á tekjudreifingu yfir ævina ekki miðað við lægri árstekjur en sem nemur lágmarkinu. Í raun er því oft á tíðum við útreikning stuðulsins miðað við hærri tekjur fyrir unga tjónþola en raunin væri ef raunverulegar tekjur þeirra væru lagðar til grundvallar.⁶⁵

Í útreikningi, bæði fyrir gildandi margfeldisstuðul og í frumvarpinu, er byggt á því að einstaklingar byrji almennt að hafa tekjur 18 ára. Ef horft er til fyrirliggjandi upplýsinga um raunverulega tekjudreifingu yfir ævina má vafalaust setja spurningarmerki við þessa nálgun.⁶⁶ Í raun virðist margt benda til þess að eðlilegra væri að miða við hærri aldur en 18 ára enda virðast einstaklingar heilt yfir vera orðnir eldri þegar þeir hefja störf á vinnumarkaði. Það að byrja útreikning á

⁶⁵ Vigfúsi Ásgeirssyni (n. 46). Þar er m.a. að finna mynd þar sem annars vegar er sýndur ferill launaþróunar þegar búið er að taka tillit til lágmarks- og hámarkslauna og hins vegar ferill sem sýnir raunveruleg meðaltöl launa. Sjá einnig upplýsingar frá Hagstofu Íslands um meðalheildartekjur aldurshóps sem hlutfall af meðaltekjum allra 1990–2016; <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/laun-og-tekjur/tekjur-2016/>, skoðað 3. apríl 2018.

⁶⁶ Sömu heimildir.

fram tíðarfjártjóni við 18 ára aldur getur því í raun leitt til þess að verið er að reikna tjón fyrir fyrstu árin þó ólíklegt sé að viðkomandi líkamstjón hafi í raun leitt til fjártjóns fyrr en seinna. Í tilviki t.d. 20 ára tjónþola gæti þetta leitt til hærri útreiknaðs tjóns en raunin er. Þessu veldur að útreikningarnir gera ráð fyrir því að þessi 20 ára einstaklingur verði strax fyrir launatapi þó upplýsingar um launaþróun á Íslandi geti bent til þess að hann verði fyrst fyrir fjártjóni nokkrum árum seinna.

3.1.6 Margfeldisstuðullinn er sá sami fyrir bæði kyn

Í greinargerðinni segir eftirfarandi um forsendu g: „Stuðullinn var látinn gilda jafnt fyrir bæði kyn. Litið er fram hjá mismuni einstaklinga sem byggist á kynferði og reiknað út frá meðaltali fyrir bæði kyn.⁶⁷

Þessi forsenda er í samræmi við Hrd. 1997, 683 (nr. 147/1996). Í því máli var meðal annars deilt um hvort rétt væri að taka mið af óskertum meðaltekjum iðnaðarmanna eða einungis 75% þeirra tekna við útreikning tjóns 13 ára gamallar unglingsstúlku. Í dómnum segir orðrétt: „Þótt útreikningar sýni, að meðaltekjur kvenna hafi almennt verið lægri en karla, getur það ekki ráðið úrslitum, þegar til framtíðar er litið. Mismunun um áætlun framtíðartekna, þegar engar skýrar vísbendingar liggja fyrir um tjónþola sjálfan, verður ekki réttlætt með skírskotun til meðaltalsreikninga, en í 65. gr. stjórnarskrárinnar er boðið, að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og konur og karlar njóta jafns réttar í hvívetna, sbr. 3. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995. Ber því að hafa óskertar meðaltekjur iðnaðarmanna til hliðsjónar, þegar framtíðartjón áfrýjanda er metið.“

Höfundar hafa engu við framangreint að bæta enda um að ræða eðlilega nálgun um jafnræði kynjanna.

⁶⁷ Alþt. 1998-99, A-deild, 1294.

4 Niðurstöður

Í greininni er fjallað um ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku barna og námsmanna, þ.e. hvernig varanlegt fjártjón þessa hóps er reiknað samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum.

Megin rannsóknarspurningarnar eru eftirfarandi:

1. Hvaða árslaun ber að leggja til grundvallar útreikningi á bótum fyrir varanlega örorku barna og námsmanna? Eru lágmarkslaun 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga til þess fallin að tryggja þessum hópi fullar bætur?
2. Hvaða sérsjónarmið geta átt við um mat á örorkuprósentu varanlegrar örorku barna og námsmanna?
3. Hvernig er margfeldisstuðli skaðabótalaga ætlað að tryggja tjónþolum, þar á meðal börnum og námsmönnum, fullar bætur?

Í greininni kemur fram að viðmiðunarlaun þau sem lögð eru til grundvallar útreikningi á bótum til barna yngri en 18 ára eru nánast undantekningalaust lágmarksárslaun 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Engu er líkara en í skaðabótalögum sé beinlínis gert ráð fyrir að 3. mgr. 7. gr. laganna gildi um börn hvort sem þau hafa vinnutekjur eða ekki.

Ef aftur á móti um er að ræða eldri nemendur á framhaldsskóla- eða háskólastigi ræðst það af aðstæðum hverju sinni hvort viðmiðunarárslaun eru ákveðin á grundvelli sérreglu 2. mgr. eða lágmarkslauna 3. mgr. 7. gr. Það ræðst af mati á því hvort námslok viðkomandi teljast fyrirsjáanleg á slysdagi hvort fallist er á að ákvarða árslaun á grundvelli 2. mgr. 7. gr. eða ekki. Dómaframkvæmd Hæstaréttar bendir til þess að gerð sé krafa um að námi tjónþola sé lokið að stærstum hluta til þess að það skilyrði teljist uppfyllt.

Höfundar eru þeirrar skoðunar að dómaframkvæmd Hæstaréttar, hvað þetta atriði snertir, sé þrengri en lögskýringargögn gefi ástæðu til. Að auki þykir höfundum haldgóð rök standa til þess að mat á því hvort námslok teljist vera fyrirsjáanleg eða ekki eigi að miðast við stöðugleikatímamarkpunkt en ekki slysdag. Einnig er t.d. á það bent að hvað

háskólanema varðar ættu tölfræðilegar upplýsingar frá viðkomandi skóla að geta gefið góða vísbendingu um það hversu líklegt sé að viðkomandi nemandi hefði lokið námi ef líkamstjónið hefði ekki komið til. Þá er það jafnframt nefnt sem rök fyrir rýmri túlkun að þátttaka á vinnumarkaði á Íslandi er það mikil að væntanlega megi ganga út frá því sem meginreglu að ef viðkomandi nemandi hefði ekki slasast hefði hann hafið störf á vinnumarkaði að námi loknu. Auk þessa ætti góður námsárangur viðkomandi að geta auðveldað dómurum að komast að þeirri niðurstöðu að námslok hafi verið fjirsjáanleg. Að þessu leyti yrði að líta á hvert tilvik út frá atvikum hverju sinni. Að lokum er á það bent að oftar en ekki lýkur tjónþoli því námi sem um ræðir.

Hvað varðar spurninguna um hvort mat á því hvort námslok teljist fjirsjáanleg eigi að miða við stöðu á slysdagi eða stöðugleikatímamarkti, er m.a. í greininni bent á að í lögskýringargögnum komi ekki með óvíræðum hætti fram að mat á því hvort námslok teljast fjirsjáanleg eða ekki eigi að miða við slysdag. Jafnframt er bent á að bætur fyrir varanlega örorku eru reiknaðar á grundvelli stöðunnar á stöðugleikatímamarkti. Viðmiðurnarárslaunum er breytt með tilliti til breytinga á vísitölu til þess tímamarks og margfeldisstuðullinn tekur mið af aldri tjónþola á stöðugleikatímamarkti svo og mat á örorkuprósentu varanlegrar örorku. Skaðabótalög byggja á þeirri forsendu að þessi aðferðafræði sé best til þess fallin að reikna raunverulegt heildarframfjárfjártjón tjónþola og tryggja þannig fullar bætur eins og kostur er. Höfundar telja það styðja þá niðurstöðu að miða eigi mat á því hvort námslok séu fjirsjáanleg eða ekki við stöðugleikatímamarkti en ekki slysdag.

Auk framangreinds er í greininni færð rök fyrir því að ef oftar væri fallist á að námslok teldust fjirsjáanleg mætti betur en nú er raunin tryggja rétta útreikninga á bótum fyrir varanlega örorku. Er í því sambandi tekið dæmi sem er ætlað að sýna fram á að ef t.d. í tilviki háskólanema er ekki fallist á að námslok séu fjirsjáanleg þá gæti það leitt til þess að metið örorkustig verður hærra en annars yrði, nokkuð sem færa má haldgóð rök fyrir að geti leitt til þess að reiknað brúttó framfjárfjártjón tjónþola verði rangt.

Þó í greininni sé bent á að sú breyting á lágmarksárslaunum sem lögð er til í frumvarpi til breytinga á skaðabótalögum sem lagt var fyrir Alþingi vorið 2018 sé almennt til þess fallin að auka líkur á því að útreiknað brúttó framtíðarfrjártjón barna og námsmanna verði réttara en samkvæmt gildandi lögum, er jafnframt bent á að það sé þó ekki algilt. Í því sambandi er m.a. fjallað um álitaeftni tengd tjónþolum sem hafa takmarkaða vinnugetu áður en þeir verða fyrir bótaskyldu líkamstjóni.

Þá er í greininni að finna umfjöllun um margfeldisstuðul skaðabótalaga og þær breytingar sem lagðar eru til á honum í frumvarpi til breytinga á skaðabótalögum. Gerð er grein fyrir einstökum forsendum sem að baki stuðlinum búa. Þó margfeldisstuðlinum sé ætlað að tryggja að viðkomandi tjónþoli fái fjárhagslegt framtíðartjón sitt að fullu bætt liggur engu að síður að baki ákveðin stöðlun enda gildir einn og sami stuðull fyrir alla tjónþola. Það er því rétt að hafa í huga að þó umfjöllunin í greininni sýni fram á að vissulega sé hægt að setja spurningarmerki við vissar forsendur að baki stuðlinum, er mikilvægt að horfa á þær allar í heild sinni áður en rokið er í breytingar.

Heimildaskrá

- Bréf frá Vigfúsi Ásgeirssyni tryggingastærðfræðingi til Eiríks Jónssonar prófessor, dags. 12. maí 2017.
- Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, Bótaréttur I Skaðabótaréttur (Bókaútgáfan Codex 2015).
- Eiríkur Jónsson „Er breytinga þörf á skaðabótalögum? í Berglind Bára Sigurjónsdóttir og fleiri (ritstj.), Afmælisrit Tryggvi Gunnarsson sextugur 10. júní 2015 (Bókaútgáfan Codex).
- Gestur Jónsson og Gunnlaugur Claessen. „Endurskoðun skaðabótalaga (síðari hluti) (1997) 47 Tímarit Lögfræðinga.
- Guðmundur Sigurðsson, „Vinnuslys, slysatrygging sjómanna, hver á rétt á bótum? Ákvörðun bóta“ (2005) 2 Tímarit Lögréttu.
- Heimasíða Hagstofu Íslands, <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/laun-og-tekjur/tekjur-2016/>, skoðað 3. apríl 2018.
- Heimasíða Íslandsbanka hf.; <https://www.islandsbanki.is/einstaklingar/sparnadur/sparnadarreikningar/>, skoðað 3. apríl 2018.
- Heimasíða Íslandssjóða; https://islandssjodir.is/library/Files/Sjodir/Avoxtunarblad_Sjoda.pdf, skoðað 3. apríl 2018.
- Heimasíða Ríkisskattstjóra; <https://www.rsk.is/einstaklingar/skattar-og-gjold/fjarmagnstekjuskattur/>, skoðað 4. apríl 2018.
- Ólafur Örn Svansson, „Mörk 2. og 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. lög nr. 37/1999 í Jóhann Haukur Hafstein (ritstj.), Bifröst. Rit lagadeildar Háskólans á Bifröst. (Bifröst 2006).
- Páll Hreinsson „Ákvörðun árslauna við óvenjulegar aðstæður samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga (2010) 60 Tímarit Lögfræðinga.
- Úteikningar Vigfúsar Ásgeirssonar tryggingastærðfræðings.
- Trine-Lise Wilhelmsen og Birgitte Hagland, Om erstatningsrett Med utgangspunkt i tekster av Peter Lødrup (Gyldendal 2017).
- Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2005)

Alþingistiðindi

- Alþt. 1992-1993, A-deild, 3625
- Alþt., 1995-1996, A-deild
- Alþt. 1995-1996, A-deild, þskj. 703-399. mál
- Alþt. 1998-1999 A-deild
- Alþt. 1998-1999, B-deild
- Alþt. 2017-2018, A-deild, þskj. 626-441. mál

Dómaskrá

- Hrd. 1984, 917
Hrd. 1995, 937
Hrd. 1997, 683 (nr. 147/1996)
Hrd. 1998, 1976
Hrd. 17. febrúar 2000 í máli nr. 380/1999
Hrd. 28. september 2000 í máli nr. 179/2000
Hrd. 1. nóvember 2001 í máli nr. 201/2001
Hrd. 2002, 2307 (nr. 51/2002)
Hrd. 2003, 535
Hrd. 16. október 2003 í máli nr. 110/2003
Hrd. 2003, 535 (nr. 375/2002)
Hrd. 2004, 4106 (nr. 188/2004)
Hrd. 16. desember 2004 í máli nr. 264/2004
Hrd. 4. mars 2004 í máli nr. 363/2003
Hrd. 27. janúar 2005 í máli nr. 280/2004
Hrd. 19. desember 2006 í máli nr. 246/2006
Hrd. 1. október 2009 í máli nr. 20/2009
Hrd. 9. október 2014 í máli nr. 149/2014
Hrd. 10. mars 2016 í máli nr. 331/2015
Hrd. 2. mars 2017 í máli nr. 460/2016
Hrd. 8. júní 2017 í máli nr. 604/2016

Norskir dómar

- Rt. 1993, 1524 Ölberg
Rt. 1993, 1538 Horseng
Rt. 1993, 1547 Skotland
Rt. 2014, 1203

Abstract

The subject of the article is the determination of tort damages for the permanent disability of children and students, more specifically how the permanent disability of members of this group is determined on the basis of the Tort Damages Act No. 50/1993, as amended. The article reveals that the reference salary in cases of younger children is almost exclusively base salary in accordance with Article 7, Paragraph 3 of the Act. It appears that the Act presupposes that the base salary applies to children whether or not the person in question has been receiving an income. However, in cases involving high school, college or graduate students, the individual situation of the disabled seem to be given more weight in the decision of whether to apply Paragraph 2 or 3 of Article 7. Whether or not graduation was foreseen, on the day of the relevant accident, is a strong indicator of whether Paragraph 2 of Article 7 will be applied or not. Rulings by the Supreme Court indicate that studies need to have been all but completed for that provision to be applied. The article postulates that the precedence established by the courts on this matter is narrower than suggested by the original Tort Damages Bill. In addition, it is suggested that estimation of likelihood of graduation should take place on the stability date and not the accident date. Furthermore, the article argues that if more cases were based on findings of graduation having been foreseen, it would result in higher likelihood of tort damages for permanent disability being correctly determined. The article points out that while the changes in reference salary determination, proposed in a pending Bill for the changing of the Tort Damages Act, is generally suited for a more correct determination of gross future damages of children and students than under the current Act, this result would not be universal. In this regard, the article puts forth for consideration issues relating to those who have been challenged with diminished working capacity before suffering the relevant tortious act resulting in bodily harm. Finally, the article contains a comprehensive coverage of the Tort Damages Act multiplier and the changes thereto proposed in the pending Bill.

FJELDSTED & BLÖNDAL

Legal Services since 1909



FRAMTÍÐIN
ER ÓKANNAÐ
SVÆÐI

Við vísum veginn

LÖGMANNSSTOFA

Borgartúni 26
105 Reykjavík
Fax 590 2606

Sími 590 2600
lex@lex.is
www.lex.is

Nýtt fræðirit á sviði fjölmiðlaréttar

Bókaútgáfan Fons Juris hefur gefið út ritið Fjölmiðlaréttur eftir dr. Eirík Jónsson, prófessor og forseta lagadeildar Háskóla Íslands, og Halldóru Þorsteinsdóttur, lektor við lagadeild HR.

Í ritinu er fjallað um helstu reglur á sviði fjölmiðlaréttar, m.a. ákvæði stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs, ákvæði laga um fjölmiðla nr. 38/2011 og meiðyrðalöggjöf almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og skaðabótalaga nr. 50/1993. Þá er gert ítarlega grein fyrir þeim ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu sem á reynir á þessu sviði hér á landi og fjölmörgum dómum mannréttindadómstóls Evrópu þar sem reynt hefur á túlkun ákvæða hans um tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs.

Í fyrsta kafla er m.a. að finna kynningu á réttarsviðinu og hinum ýmsu réttarheimildum sem þar reynir á ásamt umfjöllun um stjórnarsýslu og stjórnskipulag á sviði fjölmiðlaréttar. Í öðrum kafla er fjallað um 73. gr. stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi og 71. gr. um friðhelgi einkalífs, auk þess sem hliðstæðum ákvæðum mannréttindasáttmálans eru gerð skil. Í þriðja kafla er síðan fjallað um réttindi og skyldur fjölmiðla og í fjórða kafla þær ábyrgðarreglur sem koma til skoðunar þegar reynir á möguleg brot gegn lögum á sviðinu. Í fimmta kafla er loks að finna ítarlega umfjöllun um ærumeiðingar og tengd einkalífsbrot, m.a. ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og hinar ýmsu reglur sem leiða af fyrrgreindum ákvæðum stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmálans í tengslum við meiðyrðamál. Loks er í sjötta kafla umfjöllun um auglýsingar og þær skorður sem þeim eru settar í íslenskum lögum. Að baki ritinu hvílir ítarleg rannsókn á íslenskum



*Halldóra Þorsteinsdóttir
og dr. Eiríkur Jónsson.*

fjölmiðlarétti, auk könnunar á þeim margvíslegu alþjóðlegu reglum sem áhrif hafa á héraðan rétt.

Ritið er ætlað laganemum og starfandi lögfræðingum ásamt fjölmiðlafólki og öðrum þeim sem hafa áhuga á þessu sífellt flóknara réttarsviði. Því er ætlað að vera allt í senn fræðirit, kennslubók og handbók eða uppflettirit fyrir fjölmiðla og almenning. Um er að ræða annað íslenska ritið þar sem fjallað er með heildstæðum hætti um fjölmiðlarétt, en fyrir tuttugu árum kom út samnefnt rit eftir Pál Sigurðsson prófessor. Segir í formála höfunda hins nýja rits að á þeim tveimur áratugum sem liðnir séu frá útgáfu rits Páls hafi svo verulegar breytingar orðið á réttarsviðinu að höfundar hafi talið nauðsynlegt að setja saman nýtt heildarrit um þetta efni. Vegna mikilsverðs framlags Páls til þessa réttarsviðs, m.a. með stofnun fyrsta námskeiðsins í fjölmiðlarétti og útgáfu fyrrgreindrar bókar, er nýja ritið tileinkað honum sem frumkvöðli á sviðinu.



FORVINNSLA



PRENTUN



FRÁGANGUR



Litla  **prent**
Stór verk lítið mál

 **MIDAPRENT**
Flestar gerðir límmiða



Litlaprent ehf.
Skemmuvegi 4 | 200 Kópavogi
Sími 540 1800 | litlaprent@litlaprent.is

Miðaprent ehf.
Skemmuvegi 4 | 200 Kópavogi
Sími 540 1818 | midaprent@midaprent.is

Réttaraðstoðar- vátryggingar¹

» **Sindri M. Stephensen** lögmaður og aðstoðarmaður dómara við EFTA-dómstólinn

Útdráttur
Í greininni er lagaumhverfi og efni hefðbundinna réttaraðstoðarvátrygginga lýst, meðal annars með hliðsjón af úrskurðum úrskurðarnefndar í vátryggingamálum sem fjallað hafa um slíkar tryggingar. Einnig er vikið að reglum EES-réttar um réttaraðstoðarvátryggingar og túlkun Evrópudómstólsins og EFTA-dómstólsins á því regluverki. Jafnframt er fjallað um skyldur lögmannna til þess að leiðbeina skjólstæðingum sínum um réttaraðstoðarvátryggingar.

¹ Höfundur færir þeim Ara Guðjónssyni lögmanni, Guðnýju Rögnu Ragnarsdóttur lögfræðingi, Ingibjörgu Pálmadóttur lögmanni, Ingvari Ásmundssyni lögmanni og Láru Herborgu Ólafsdóttur lögmanni þakkir fyrir góðar og gagnlegar ábendingar við samningu greinarinnar.



- 1 Inngangur
- 2 Réttaraðstoðarváttryggingar
 - 2.1 Almennt
 - 2.2 Skilmálar réttaraðstoðarváttrygginga
 - 2.3 Váttryggingaratburður, ábyrgðartími o.fl.
- 3 Reglur Evrópuréttar og EES-réttar
- 4 Góðir lögmannshættir
- 5 Niðurlag

1 Inngangur

Kostnaður vegna málareksturs getur reynst einstaklingum þungbær og jafnvel staðið í vegi fyrir því að fólk leiti réttar síns. Einstaklingar geta hins vegar í vissum tilvikum notið aðstoðar við að standa undir kostnaði við málarekstur fyrir dómstólum, svo sem ef skilyrði gjafsóknar eru fyrir hendi samkvæmt lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála eða ef þeir hafa samið um svonefnda réttarástoðarváttryggingu og málareksturinn fellur undir gildissvið váttryggingarinnar. Í grein þessari verður fjallað um síðarnefnda valmöguleikann.

Mikilvægt er fyrir einstaklinga að þekkja rétt sinn samkvæmt réttarástoðarváttryggingum sem eru hluti margra heimilis- og fasteignatrygginga váttryggingafélaga á Íslandi. Jafnframt verður að telja það nauðsynlegt fyrir lögmenn að þekkja almennt efni og gildissvið slíkra trygginga, enda getur það varðað skjólstæðinga þeirra miklu að leitað sé bóta úr slíkum tryggingum vegna málareksturs.

Í grein þessari er lagaumhverfi og efni hefðbundinna réttarástoðarváttrygginga lýst, meðal annars með hliðsjón af þeim úrskurðum úrskurðarnefndar í váttryggingamálum sem fjallað hafa um slíkar tryggingar. Í framhaldinu er vikið að reglum EES-réttar um réttarástoðarváttryggingar og túlkun Evrópudómstólsins og EFTA-dómstólsins á því regluverki. Jafnframt er fjallað um skyldur lögmanna til að leiðbeina skjólstæðingum sínum um réttarástoðarváttryggingar. Að lokum eru niðurstöður greinarinnar dregnar saman.

2. Réttaraðstoðarváttryggingar

2.1 Almennt

Váttryggingafélög hér á landi hófu að bjóða upp á réttaraðstoðarváttryggingar um síðustu aldamót og eru þær nú algengur hluti fjölskyldu- og fasteignatrygginga.² Réttaraðstoðarváttrygging er trygging sem váttryggingafélög bjóða upp á gegn greiðslu iðgjalds þannig að komi til málareksturs ber váttryggingafélag kostnað vegna hans í samræmi við nánari skilmála váttryggingarinnar. Raunar eru til tvenns konar váttryggingar sem taka til málareksturs, annars vegar tryggingar sem váttryggingartaki tekur án þess að vita hvort til málareksturs komi við síðara tímamark og hins vegar tryggingar sem bæta kostnað vegna fyrirsjáanlegs málareksturs. Þar sem fyrri

² Eyrún Ingadóttir, „Ef kemur til ágreinings. Málskostnaðar- og réttaraðstoðartryggingar tryggingafélaga“ (2014) 20 Lögmannablaðið 6-9. Tryggingamiðstöðin hf. („**TM**“) og Váttryggingafélag Íslands hf. („**VÍS**“) nefna réttaraðstoðarváttryggingar málskostnaðartryggingar í skilmálum sínum, sbr. váttryggingarskilmála TM4, 104 Heimatrygging, váttryggingarskilmála TM, 152 Fasteignatrygging, váttryggingarskilmála nr. GH25, F Plús 4 Fjölskyldutrygging og váttryggingarskilmála nr. GF25, H plús Húsnæðistrygging, Sjóvá–Almennar tryggingar hf. („**Sjóvá**“) og Vörður Tryggingar hf. („**Vörður**“) nota hins vegar hugtakið réttaraðstoðartrygging, sbr. Sjóvá Fjölskylduvernd 3, váttryggingarskilmáli nr. 204, Sjóvá Fasteignatrygging, váttryggingarskilmáli nr. 201, Vörður Heimilisvernd 4, váttryggingarskilmáli nr. E-34 og Vörður Húseigandatrygging, váttryggingarskilmáli nr. E-7. Telja verður haganlegra að notast sé við hugtakið réttaraðstoðarváttrygging, í samræmi við reglugerð nr. 510/2017 um réttaraðstoðarváttryggingar, eða eftir atvikum hugtakið réttaraðstoðartrygging, þar sem hugtakið málskostnaðartrygging hefur aðra lögmælda merkingu, sbr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sjá til hliðsjónar Sigurður Tómas Magnússon, „Aðgangur að dómstólum á sviði einkamála“ (2005) 55 Tímarit lögfræðinga 133, 166-168 og Þorgeir Ingi Njálsson, „Málskostnaðartrygging samkvæmt 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála“ (2012) 62 Tímarit lögfræðinga 193-228. Leiða má líkur að því að upphaf réttaraðstoðarváttrygginga á Íslandi megi meðal annars rekja til þess að tilskipun ráðsins 87/344/EBE frá 22. júní 1987 um samræmingu á lögum og stjórnislyfyrirmælum um réttaraðstoðarváttryggingar (Stjtið. EB nr. L 185, 4. 7. 1987, bls. 77) var innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 63/1997 um breyting á lögum um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994 og reglugerð nr. 99/1998 um réttaraðstoðarváttryggingar, svo sem nánar er rakið í kafla 3.

tegundin er til muna algengari hér á landi verður sjónum einkum beint að slíkum tryggingum.³

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga („**vsl.**“) er váttryggingum skipt í tvo yfirflokka, skaðatryggingar og persónutryggingar. Réttaraðstoðarváttrygging fellur í flokk skaðatrygginga, þ.e. sem váttrygging gegn kostnaði, sbr. 2. mgr. 1. gr. vsl. og 17. tölul. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi („**vtsl.**“).⁴

Í athugasemdum með frumvarpi til vsl. segir um 1. gr.:

Loks er í skilgreiningunni miðað við að til skaðatrygginga teljist váttrygging gegn kostnaði, en með því er t.d. átt við svonefnda réttaraðstoðartryggingu sem oftast er t.d. hluti af þeim samsettu fjölskyldu- og heimilistryggingum sem boðnar eru á markaði hér á landi.⁵

Helstu auðkenni skaðatrygginga eru þau að váttryggingafélagi ber ekki að greiða hærri bætur en sem nema því tjóni sem orðið hefur. Jafnframt er váttryggingafélagi almennt óskýlt að greiða bætur nema váttryggður hafi orðið fyrir tjóni sem hægt er að meta eftir fjárhagslegum mælikvarða. Tjón er aðeins bætt að því marki sem það er innan umsaminnar váttryggingarfjárhæðar, sbr. h-lið 2. gr.

³ Sjá Cristina Poncibò, „The European Legal Expenses Insurance Market“ (2010) 359 Geneva Papers on Risk and Insurance, Etudes et Dossiers, 1, 4-7. Sjá jafnframt úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 18. mars 2014 í máli nr. 347/2013 (After-the-event legal expences insurance policy).

⁴ Réttaraðstoðarváttryggingar geta veitt váttryggðum tryggingu fyrir málskostnaði sem hann er dæmdur til að greiða gagnaðila í dómsmáli. Dæmdur málskostnaður í skilningi XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála eru skaðabætur og mætti því velta vöngum yfir því hvort sá þáttur réttaraðstoðarváttrygginga falli í flokk ábyrgðartrygginga. Ekki verður þó séð að gert sé ráð fyrir þeirri skipan í reglum er snúa að réttaraðstoðarváttryggingum og virðist frumvarp til vsl. gera ráð fyrir því að umræddar tryggingar falli að öllu leyti undir váttryggingar fyrir kostnaði. Sjá til hliðsjónar Hrd. 18. nóvember 1999 í máli nr. 131/1999 (Hekla hf.), Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir, *Einkamálaréttarfar* (Úlfjótur 2013) 242-244 og Sindri M. Stephensen, „Málskostnaður stjórnslumáls“ (2017) 70 Úlfjótur 87, 99.

⁵ Alþt. 2003-2004, A-deild, þskj. 215-204. mál, athugasemdir við 1. gr.

vsl.⁶ Um skaðatryggingar gilda ákvæði 1. hluta vsl. og er óheimilt að víkja frá ákvæðum hans váttryggðum í óhag, nema í tilvikum atvinnurekanda, sbr. 3. gr. laganna. Gildir I. hluti vsl. því meðal annars um réttaraðstoðarváttryggingar og kemur til fyllingar sérreglum er gilda um slíkar váttryggingar.

Í 5. mgr. 20. gr. vtsl. segir að kveða skuli á um það í reglugerð hvernig tryggja skuli hagsmunum váttryggingartaka í ágreiningsmáli við váttryggingafélagið sjálft um réttaraðstoðarváttryggingar. Á grundvelli ákvæðisins hefur verið sett reglugerð nr. 510/2017 um réttaraðstoðarváttryggingar, sem á rætur að rekja til EES-réttar, sbr. og nánari umfjöllun í kafla 3.

Í 1. gr. hennar segir meðal annars að með réttaraðstoðarváttryggingu taki váttryggingafélag að sér, gegn greiðslu iðgjalds, að bera kostnað við málarekstur sem og að veita aðra þjónustu sem fellur innan gildissviðs váttryggingarinnar. Í því felst einkum að stuðla að því að váttryggður fái bætur fyrir bótaskyld tjón með uppgjöri utan dómstóla, í einkamáli eða sakamáli, eða verja hinn váttryggða og koma fram fyrir hans hönd í málarekstri í einkamáli, sakamáli eða öðrum málarekstri eða vegna kröfu sem sett er fram gagnvart honum og fellur innan gildissviðs váttryggingarinnar.

Samkvæmt orðanna hljóðan er ljóst að hugtakið málarekstur í skilningi reglugerðarinnar er nokkuð víðtækt, þ.e. það nær ekki einvörðungu til meðferðar máls fyrir dómstólum heldur nær það jafnframt til uppgjors utan dómstóla og annars málarekstrar en í einkamáli og sakamáli.⁷

⁶ Sjá Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur II. Váttryggingaréttur og bótareglur félagsmálaréttar* (Bókaútgáfan Codex 2015) 37-38. Arnlfjótur Björnsson, „Um váttryggingar“ (1971) 24 *Úlfjótur* 191, 199-204. Skaðatryggingar eru oft skilgreindar neikvætt, þ.e. sem þær váttryggingar sem ekki teljast til persónutrygginga. Sjá Alþt. 2003-2004, A-deild, þskj. 215-204. mál, almennar athugasemdir mgr. 14, athugasemdir við I. hluta, athugasemdir við 1. gr.

⁷ Í 3. gr. reglugerðarinnar segir að reglugerðin gildi ekki um: „1) Réttaraðstoðarváttryggingu, sem varðar ágreining eða áhættu vegna notkunar fars sem ætlað er til siglinga á sjó. 2) Starfsemi váttryggingafélags sem felst í því að veitt er ábyrgðartrygging í því skyni að verja hinn váttryggða eða koma fram fyrir hans hönd við hvers konar málsrannsókn eða málarekstur þegar váttryggjandinn hefði jafnframt eigin hagsmuna að gæta samkvæmt slíkri váttryggingu. 3) Þau tilvik þegar

Skilmálar váttryggingafélaganna mæla á hinn bóginn almennt fyrir um verulega takmarkaðra gildissvið réttaraðstoðarváttrygginga, svo sem nánar er rakið hér í framhaldinu.

Í 4. gr. reglugerðarinnar er tiltekið að sérstakir váttryggingaskilmálar skuli gilda um réttaraðstoðarváttryggingar, annaðhvort aðgreindir frá skilmálum annarra váttrygginga eða í sérstökum kafla ef um samsetta tryggingu er að ræða.⁸

Í a-lið 6. gr. reglugerðarinnar er mælt fyrir um þann mikilvæga rétt að í váttryggingarsamningi skuli skýrt kveðið á um að þegar váttryggður leitar aðstoðar lögmanns, eða annars sem hæfur telst samkvæmt lögum til að verja váttryggðan, koma fram fyrir hans hönd eða að gæta hagsmuna við málsrannsókn eða málarekstur, skuli váttryggðum *frjálst að velja sér lögmann* eða þann mann annan sem telst hæfur. Með ákvæðinu er meðal annars komið í veg fyrir að váttryggingafélag geti ákveðið hvaða lögmaður fer með hagsmunagæslu fyrir váttryggðan.⁹

réttaraðstoð er veitt í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins en því sem hinn váttryggði hefur fast aðsetur og réttaraðstoðin er hluti af samningi er aðeins tekur til aðstoðar sem veitt er fólki er lendir í erfiðleikum á ferðalagi, fjarri heimili eða föstu aðsetri. Í slíkum tilvikum skal koma skýrt fram í váttryggingasamningnum að váttryggingin sé takmörkuð við þessar aðstæður.“

⁸ Mælt er fyrir um það í 5. gr. reglugerðarinnar hvernig koma skuli í veg fyrir hagsmunaárekstra váttryggðs og váttryggingafélags, og er váttryggingafélögum gefinn kostur á að velja einn af þremur valkostum: 1) að starfsmenn sem hafa með höndum uppgjör krafna vegna réttaraðstoðar hafi ekki með höndum hliðstæða starfsemi vegna annars greinaflokks váttrygginga; 2) að sjálfstæður aðili sjái um uppgjör tjónakrafna vegna réttaraðstoðarváttrygginga; eða 3) að í váttryggingasamningi áskilji váttryggingafélag váttryggðum rétt á að fela lögmanni eða öðrum hæfum einstaklingi að gæta hagsmuna hans gagnvart félaginu. Rétt er að geta þess að í b-lið 6. gr. reglugerðar nr. 510/2017 er tiltekið að hafi váttryggjandi valið úrræði skv. 1. eða 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. er váttryggðum frjálst að velja sér lögmann eða, ef hann óskar, annan hæfan mann til þess að gæta hagsmuna sinna hvenær sem hagsmunaárekstrar koma upp.

⁹ Í 7. gr. reglugerðarinnar segir: „Váttryggingafélag skal sjá til þess að váttryggður samkvæmt réttaraðstoðarváttryggingu fái fullnægjandi upplýsingar um réttarstöðu sína vegna ágreinings sem upp hefur komið og rekja má til váttryggingasamnings hjá félaginu. Hinn váttryggði skal upplýstur um hvaða aðilar hafi með höndum þjónustu vegna kvörtunar- eða ágreiningsmála vegna váttryggingasamninga við váttryggingafélög án þess að skerða rétt hlutaðeigandi til þess að skjóta málum til dómstóla. Ef upp kemur hagsmunaárekstur eða ágreiningur um lausn deilumál

Auk framangreindra sérreglna er gilda um réttaraðstoðarváttryggingar eru jafnframt tiltekin ákvæði 1. hluta vsl., almennar reglur váttryggingarréttar sem og skilmálar tryggingafélaganna, sem rétt er að víkja sérstaklega að við afmörkun á umfangi réttaraðstoðarváttrygginga, sbr. umfjöllun í næstu tveimur köflum.

2.2 Skilmálar réttaraðstoðarváttrygginga

Réttaraðstoðarváttryggingar veita tryggingu gegn þeirri áhættu að váttryggður verði fyrir kostnaði við málarekstur í rúmri merkingu, svo sem fyrir er rakið. Þótt reglugerð nr. 510/2017 mæli fyrir um rúma skilgreiningu á réttaraðstoðarváttryggingu er váttryggingafélögum kleift að skilgreina til hvers konar áhættu váttryggingar þeirra taka í váttryggingarskilmálum, sbr. 5. gr. og 10. gr. vsl.¹⁰

Af lestri gildandi váttryggingarskilmála váttryggingafélaga hér á landi er ljóst að réttaraðstoðarváttryggingar í heimilistryggingum taka almennt til ágreinings sem snertir *váttryggðan sem einstakling* og kemur til úrlausnar fyrir héraðsdómi, Landsrétti og Hæstarétti, hvort sem er með dómi, úrskurði, réttarsátt eða endurupptöku, svo sem nánar er rakið í skilmálunum.¹¹ Undanþegin gildissviði váttrygginganna eru sakamál, dómsmál fyrir sérdómstólum svo og málsmeðferð á öðrum vettvangi áður en leitað er úrlausnar dómstóla, sbr. og jafnframt

skal váttryggingafélag eða þegar við á sá aðili sem sér um tjónsuppgjör skýra váttryggðum frá því sem kveðið er á um í 5.-6. gr.“

¹⁰ Um túlkun váttryggingarsamninga sjá Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur II. Váttryggingaréttur og bótareglur félagsmálaréttar* (Bókaútgáfan Codex 2015) 173-192.

¹¹ Í úrskurði úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 29. maí 2007 í máli nr. 86/2007 (dánarbúi) komst nefndin að þeirri niðurstöðu að þótt dánarbúi hefði átt aðild að dómsmáli þá varðaði dómsmálið meðal annars váttryggðan sem erfingja hins látna og því sem einstakling í skilningi váttryggingarskilmála. Gat váttryggður því fengið bætur úr réttaraðstoðarváttryggingu. Sjá jafnframt úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 15. apríl 2009 í máli nr. 86/2009 (arftökuréttur) og úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 4. maí 2010 í máli nr. 98/2010 (einkahlutafélag). Í úrskurði úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 7. apríl 2009 í máli nr. 87/2009 (úrskurður um málskostnað) var komist að þeirri niðurstöðu að úrskurður um málskostnað væri sambærilegur því að dómur gengi í málinu hvað varði málskostnað og útlagðan kostnað. Við slíkar aðstæður ætti váttryggður rétt til bóta úr réttaraðstoðarváttryggingu.

umfjöllun í kafla 3.¹² Réttaraðstoðarváttryggingar í fasteignatryggingum taka til ágreinings sem snertir váttryggðan sem *eiganda húseignar eða húseignarhluta* með sams konar takmörkunum hvað varðar úrlausnaraðila og raktar eru hér að framan um heimilistryggingar.

Í þessu sambandi má nefna úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamáli 1. ágúst 2006 í máli nr. 124/2006 (hljóðbærni) þar sem málavextir voru þeir að kaupendur íbúðar í fjöleignarhúsi höfðu aflað matsgerðar dómkvadds matsmanns vegna meints galla á íbúðinni.¹³ Seljendur íbúðarinnar stofnuðu til lögmannskostnaðar vegna þessa og kröfðust þess að hann yrði bættur úr réttaraðstoðarváttryggingu. Úrskurðarnefndin taldi seljendur ekki eiga lögvarða kröfu á hendur tryggingafélaginu þar sem skilmálar réttaraðstoðarváttryggingarinnar gerðu það að skilyrði að mál hefði verið til lykta leitt með dómi eða réttarsátt svo það félli undir gildissvið tryggingarinnar. Þar sem málinu hafði ekki lokið með þeim hætti komst nefndin að þeirri niðurstöðu að lögmannskostnaður fengist ekki bættur úr tryggingunni.

Í öllum skilmálum heimilistrygginga er tiltekið að réttaraðstoðarváttrygging bæti ekki málskostnað vegna *hjónaskilnaðar eða mál í tengslum við hjónaskilnað, sambúðarslit og önnur mál er varða ágreining um forræði barna og umgengnisrétt*. Sambærilega takmörkun er að finna í skilmálum fasteignatrygginga.¹⁴

Má til skýringar nefna úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamáli 16. mars 2007 í máli nr. 31/2007 (börn) þar sem faðir gerði þær kröfur fyrir dómstólum að börn hans yrðu tekin af barnsmóður hans með beinni aðfarargerð, sbr. 78. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

¹² Í umfjöllun þessari er stuðst við gildandi skilmála tryggingafélaganna fjögurra, við útgáfu greinarinnar, sem tilgreindir eru í nmgr. 2.

¹³ Úrskurðarnefndin í váttryggingamáli starfar samkvæmt 141. gr. vsl. og samþykktum sem birtar voru með auglýsingu nr. 1090/2005 í Stjórnartíðindum. Sjá nánari umfjöllun í Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur II. Váttryggingaréttur og bótareglur félagsmálaréttar* (Bókautgáfan Codex 2015) 84–87.

¹⁴ Réttaraðstoðarváttryggingar í fasteignatryggingum TM og VÍS undanskilja ekki sérstaklega ágreining um forræði barna og umgengnisrétt, enda ósennilegt að ágreiningur af slíkum toga falli undir almennt gildissvið trygginganna. Réttaraðstoðarváttrygging í fjölskyldutryggingu VÍS undanskilur faðernismál en ekki er að finna sambærileg ákvæði í skilmálum annarra tryggingafélaga.

Krafði hann tryggingafélag sitt um bætur úr réttaraðstoðarvátryggingu vegna málaarekstursins en félagið hafnaði kröfunni á grundvelli þess að ágreiningur dómsmálsins félli undir undanþáguákvæði vátryggingarskilmála um hjónaskilnað, forræði barna og umgengnisrétt. Úrskurðarnefndin taldi að ágreiningurinn félli ekki undir fyrrgreint undanþáguákvæði og tiltók í niðurstöðu sinni að með málshöfðuninni leitaðist hinn vátryggði við að ná fram rétti sínum sem forsjáradili. Taldi nefndin að faðirinn ætti rétt á greiðslu úr réttaraðstoðarvátryggingunni.

Í samanburðarskyni má nefna úrskurð úrskurðarnefndar í vátryggingamálum 19. mars 2013 í máli nr. 45/2013 (skemmtiferð til Danmerkur) þar sem málavextir voru þeir að vátryggð hafði tekið að sér að gæta sonardóttur sinnar á meðan sonur hennar fór í skemmtiferð til Danmerkur. Á meðan svo stóð á krafðist móðir barnsins þess að hún fengi umráð þess með beinni aðfarargerð og varð vátryggð fyrir kostnaði við að verjast þeirri kröfu. Krafði hún tryggingafélag sitt um bætur vegna tilfallins kostnaðar úr réttaraðstoðarvátryggingu en tryggingafélagið hafnaði bótaskyldu með vísan til þess að málið sneri að forræði barns. Úrskurðarnefndin féllst á málatilbúnað tryggingafélagsins og taldi að í umræddu aðfararmáli hafi vátryggð þurft að verjast kröfu um að forræði barns yrði tekið úr hennar höndum. Var því ekki fallist á bótaskyldu úr réttaraðstoðarvátryggingu.

Ljóst er af samanburði á fyrrgreindum úrskurðum að undanþáguákvæði vátrygginganna lutu í báðum tilvikum að forræði barns. Hugtakið forsjá hefur lögákveðna merkingu samkvæmt barnalögum nr. 76/2003, sbr. V. kafli laganna, en hugtakið forræði hafði áður sams konar merkingu í íslenskri löggjöf.¹⁵ Setja verður fyrirvara við úrlausn úrskurðarnefndarinnar í síðarnefnda úrskurðinum þar sem hugtakið forræði er túlkað með rúmum hætti í andstöðu við bæði almenna

¹⁵ Í ritstj. Páll Sigurðsson, *Lögfræðiorðabók með skýringum* (Bókaútgáfan Codex – Lagastofnun Háskóla Íslands 2008) 138 segir um forsjá: „Réttur og skylda foreldris til að ráða persónulegum högum barns og ákveða búsetustað þess, ásamt rétti barnsins til forsjár foreldra, sbr. 5. mgr. 28. gr. barnalaga 76/2003 og 25. og 31. gr. löggræðisлага 71/1997.“ Í sömu heimild segir á bls. 137 um forræði: „(í eldra lagamáli) Yfirráð foreldra yfir barni sínu. Nú notað hugtakið → **forsjá**, þess í stað.“

málvenju sem og þá lögákveðnu merkingu sem hugtakið hafði áður í settum lögum. Hefði nefndinni og borið að horfa til þess að hugtakið „umgengnisréttur“, sem hefur lögákveðna merkingu samkvæmt VIII. kafla laga nr. 76/2003, kom á eftir í ákvæðum skilmálanna, en sú orðaröð gefur til kynna að hugtakið forræði hafi ekki rúma merkingu. Skoðast það sérstaklega í ljósi þess að móður- eða föðurforeldrar fara vart með forræði yfir barni, í hefðbundnum skilningi þess orðs, sem dvelur hjá þeim um nokkurra daga skeið, svo sem talið var í síðarnefnda úrskurðinum.¹⁶

Af úrskurðaf framkvæmd má leiða að undantekningarákvæði er lúta að hjónaskilnuðum og sambúðarslitum hafa verið túlkuð með þeim hætti að ágreiningur sem stofnast við síðara tímamark vegna samninga sem gerðir voru vegna hjónaskilnaðar eða sambúðarslita, falli utan váttryggingarsviðs réttaraðstoðarváttrygginga.¹⁷

Heimilistryggingar sem og fasteignatryggingar undanskilja málskostnað sem til stofnast í *tengslum við atvinnu eða embætti váttrygginga*.¹⁸ Undantekningarákvæði af þessum toga gera það að verkum að einstaklingar eiga ekki rétt til bóta úr réttaraðstoðarváttryggingu vegna málareksturs um laun og annað endurgjald fyrir vinnu, hlunnindi og styrki tengda vinnu, vegna ágreinings um bætur vegna tjóns af

¹⁶ Í úrskurði úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 14. febrúar 2017 í máli nr. 7/2017 (meðlag) segir orðrétt: „Þegar litið er til atvika þessa máls verður ekki annað séð en að aðstæður þær er leiddu til þess að meðlagsgreiðslur frá M til barnsmóður sinnar áttu að falla niður hafi verið á grundvelli sérstakrar áætlunar á vegum barnaverndaryfirvalda, en ekki vegna ágreinings um forræði. Ekki verður heldur séð að hjónaskilnaður eða eftir atvikum sambúðarslit sem virðast hafa átt sér stað á árinu 2006 hafi verið grundvöllur þess fyrirkomulags sem komið var á á árinu 2011 og leiddi af sér samskipti M við þær stofnanir sem hann hyggst nú höfða mál gegn. Í ljósi þess að um undanþáguákvæði váttryggingarskilmála er að ræða verður það ekki túlkað með víðtækari hætti en orðalag þess nær til. Brestur V skilyrði til að beita gr. 25.4 gagnvart M í málinu og á hann því rétt til bóta úr málskostnaðartryggingu.“

¹⁷ Sjá úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 15. mars 2007 í máli nr. 38/2007 (sambúðarslitasamningur) og úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 21. mars 2011 í máli nr. 64/2011 (skipti á jörð).

¹⁸ Skilmálar Varðar og Sjóvár (Fjölskylduvernd 3) tiltaka sérstaklega að undantekningin nái til vinnuslysa.

völdum vinnuslyss sem og sökum ágreinings um einelti á vinnustað.¹⁹ Undantekningin nær og til málareksturs sem snýr að stjórnarsetu einstaklinga í hlutafélögum.²⁰ Einnig útiloka ákvæði af þessum toga bætur vegna málareksturs gegn yfirvöldum vegna tekna sem stafa frá atvinnu eða embætti, svo sem ágreining um skattlagningu launatekna.²¹ Ágreiningur vegna starfa váttryggðs sem verktaka fellur og utan heimildarinnar bæði á grundvelli umrædds ákvæðis sem og eftir atvikum vegna þess að réttaraðstoðarváttryggingin er bundin við váttryggðan sem einstakling, sem fyrr greinir.

Telji váttryggingafélag að undantekningarákvæði af þessum toga eigi við ber það almennt sönnunarbyrðina fyrir því ef málarekstur váttryggðs varðar ekki ljóslega atvinnu hans eða embætti. Má í því samhengi nefna úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 19. ágúst 2014 í máli nr. 177/2014 (verðbréfaeign) þar sem váttryggður höfðaði dómsmál á hendur L um skaðabætur vegna þess að hann hafði ekki fengið aðgang að verðbréfaeign sinni um nokkra hrið og hafði sökum þessa þurft að taka lán.²² Í úrskurði nefndarinnar segir að ekki liggi skýrt fyrir að lántakan hafi verið í þágu fyrirtækis eða tengst atvinnurekstri váttryggðs og þeirri staðhæfingu, að lánin hafi

¹⁹ Sjá úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 21. maí 2007 í máli nr. 82/2007 (styrktarsjóður), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 9. september 2008 í máli nr. 147/2008 (slys á veitingastað), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 2. desember 2008 í máli nr. 232/2008 (starfslok í Danmörku), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 29. júní 2010 í máli nr. 171/2010 (vangreidd laun), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 17. ágúst 2010 í máli nr. 210/2010 (starfsmannalán til hlutabréfakaupa), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 14. júní 2011 í máli nr. 191/2011 (vinnuslys), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 12. ágúst 2014 í máli nr. 208/2014 (skuldajöfnuður), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 10. febrúar 2015 í máli nr. 3/2015 (framkvæmdastjóri), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 25. október 2016 í máli nr. 309/2016 (flugliði) og úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 10. apríl 2017 í máli nr. 51/2017 (einelti).

²⁰ Sjá úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 19. ágúst 2014 í máli nr. 147/2014 (stjórn einkahlutafélags).

²¹ Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 21. apríl 2015 í máli nr. 95/2015 (skattskyld hlunnindi).

²² Sjá einnig úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 1. júlí 2008 í máli nr. 92/2008 (leiga á tækjum) og úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 10. september 2013 í máli nr. 252/2013 (hús byggt til eigin nota).

verið notuð í persónulega þágu hans, hafi hvorki verið mótmælt né hnekkt. Var því fallist á bótaskyldu úr réttaraðstoðarvátryggingu.

Jafnframt má nefna úrskurð úrskurðarnefndar í vátryggingamálum 13. maí 2015 í máli nr. 124/2015 (ísskápur) þar sem málavextir voru þeir að vátryggður fékk hnykk á bakið í vinnu sinni þegar hann bar ísskáp og féll jafnframt síðar við störf sín í hálfu þegar hann var að ýta hjólavagni. Vátryggður höfðaði mál á hendur tryggingafélaginu L til þess að fá viðurkenndan bótarétt úr starfstryggingu vegna fyrrgreindra slysa. Vátryggður krafðist þess að tryggingafélagið V bætti kostnað vegna málarekstursins úr réttaraðstoðarvátryggingu en tryggingafélagið hafnaði því með vísan til þess að málareksturinn sneri að atvinnu eða embætti vátryggðs.

Um þetta segir orðrétt í forsendum úrskurðarnefndarinnar:

Í máli M gegn vátryggingafélaginu Liberty Corporate Capital Limited, vegna Liberty Syndicate 4472, er ekki að sjá annað en [sic] réttarlegur ágreiningur þess máls takmarkist við túlkun vátryggingarsamnings sem í gildi er þeirra á milli. Tengsl þess réttarlega ágreinings við atvinnu M eða embættisrekstur eru því fjarlæg og atvinna M langt í frá nauðsynlegt skilyrði þess að ágreiningur sem þessi stofnist. Í ljósi stöðu V, sem þess aðila að vátryggingasamningnum um málskostnaðartrygginguna sem einhliða semur umrætt undanþáguákvæði gr. 47.3, verður að túlka þann vafa vátryggingartakanum í hag. Að teknu tilliti til að réttarlegur ágreiningur takmarkist við túlkun vátryggingarsamnings hans við Liberty Corporate Capital Limited, vegna Liberty Syndicate 4472, telst málskostnaðartrygging M taka til þess ágreinings, að því gefnu að önnur skilyrði í skilmálum vátryggingarinnar séu uppfyllt, en ekki virðist ágreiningur um það. M á því rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Skilmálar tryggingafélaganna varðandi réttaraðstoðarvátryggingu í heimilistryggingum sem og fasteignatryggingum tilgreina að þær bæti ekki málskostnað vegna ágreiningsmála sem varða *ábyrgð sem vátryggður hefur gengið í; fjárhagslegar ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða óvenju umfangsmiklar fyrir einstakling eða sem stafa af því að einstaklingur gengur í ábyrgð fyrir annan; og kröfu eða annað tilkall sem framselt hefur*

verið hinum váttrygðða.²³ Undanþáguákvæðið sem lýtur að fjárhagslegum ráðstöfunum sem eru óvenjulegar eða óvenju umfangsmiklar fyrir einstaklinga er óneitanlega óljóst og ætti að sæta þröngri skýringu í framkvæmd með hliðsjón af almennum lögskýringarsjónarmiðum.

Heimilistryggingar tilgreina sérstaklega að þær nái ekki til ágreinings sem varðar váttrygðan *sem eiganda fasteignar*.²⁴ Ágreiningur um bætur sem eru tilkomnar vegna fasteigna fellur undir undanþáguákvæði af þessum toga svo og deilur um skattlagningu slíkra bóta.²⁵ Ljóst er að hluti þess ágreinings sem fellur undir undantekninguna getur fallið undir gildissvið réttaraðstoðarváttrygginga í fasteignatryggingum sem tryggja, sem fyrr greinir, ágreining sem varðar váttrygðan sem eiganda húseignar eða húseignarhluta. Á hinn bóginn er hugtakið fasteign rýmra en húseign og hefur því reynt töluvert á það fyrir

²³ Í F plús 4 skilmálum VÍS er sérstaklega tiltekið að undantekning er lýtur að ábyrgð nái jafnframt til lánsveðs í fasteignum. Sjá úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 25. nóvember 2014 í máli nr. 327/2014 (ábyrgðarmaður) og úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 10. nóvember 2015 í máli nr. 378/2015 (yfirdráttarskuld).

²⁴ Sjá úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 7. ágúst 2007 í máli nr. 130/2007 (byggingarleyfi), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 15. júní 2007 í máli nr. 102/2007 (verktaki), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 27. janúar 2009 í máli nr. 302/2008 (fasteignaviðskipti), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 2. mars 2009 í máli nr. 23/2009 (timburhús), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 24. mars 2009 í máli nr. 67/2009 (riftun kaupsamnings), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 14. apríl 2011 í máli nr. 95/2011 (þinglýstur eigandi), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 14. apríl 2011 í máli nr. 96/2011 (Haukabergr), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 19. apríl 2011 í máli nr. 98/2011 (húsbygging), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 9. apríl 2013 í máli nr. 83/2013 (eignarhald fasteignar), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 13. ágúst 2013 í máli nr. 215/2013 (eftirstöðvar kaupverðs), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 5. ágúst 2014 í máli nr. 160/2014 (deilt um eignarhald), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 9. september 2014 í máli nr. 237/2014 (landspilda) og úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 20. desember 2016 í máli nr. 369/2016 (landspilda II).

²⁵ Sjá úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 21. apríl 2009 í máli nr. 109/2009 (eignarnám), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 29. janúar 2013 í máli nr. 540/2012 (skattlagning bóta vegna Kárahnjúkavirkjunar) og úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 23. maí 2017 í máli nr. 133/2017 (Jökuldalur).

úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, annars vegar hvort ágreiningur varði fasteign eða ekki og hins vegar hvort ágreiningur varði húseign eða húseignarhluta.²⁶ Jafnframt er gildissvið réttaraðstoðarváttryggingar í fasteignatryggingu almennt takmarkað við þá húseign eða þann húseignarhluta sem tilgreindur er í váttryggingarskírteini.²⁷

Nefna má í þessu samhengi úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 19. ágúst 2014 í máli nr. 170/2014 (nauðungarsala) þar sem málavextir voru þeir að váttryggð krafðist bóta úr réttaraðstoðarváttryggingu í fjölskyldutryggingu vegna málareksturs gegn fjármálafyrirtæki um nauðungarsölu fasteignar. Nefndin hafnaði því að váttryggð ætti rétt til bóta þar sem ágreiningurinn félli undir undanþáguákvæði réttaraðstoðarváttryggingarinnar varðandi váttryggðan sem eiganda fasteignar.

Jafnframt má nefna úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 13. maí 2014 í máli nr. 103/2014 (veðsetning) þar sem váttryggður krafðist þess fyrir dómi að veðsamningi vegna veðláns yrði vikið til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Váttryggingafélagið hafnaði að greiða kostnað vegna málarekstursins úr réttaraðstoðarváttryggingu í fjölskyldutryggingu þar sem ágreiningurinn varðaði váttryggðan sem eiganda fasteignar. Nefndin féllst á sjónarmið váttryggingafélagsins og tiltók að ágreiningurinn væri ekki sambærilegur þeim sem reyndi á í máli nefndarinnar nr. 366/2013, sem reifað er neðar í þessum kafla, þar sem fallist var á að deilur um endurútreikning eftirstöðva lánessamnings

²⁶ Sjá til dæmis skilgreiningu fasteignar í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna og skilgreiningu húss í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

²⁷ Í fasteignatryggingaskilmálum Sjóváar er sérstaklega tiltekið að réttaraðstoðarváttrygging nái ekki til ágreinings sem varðar váttryggðan sem eiganda annarrar fasteignar eða réttaha annarrar lóðar en getið er í váttryggingarskírteini.

fellu undir gildissvið réttaraðstoðarváttryggingar. Ágreiningur um veðsetningu varðaði ljóslega váttryggðan sem eiganda fasteignar.²⁸

Í úrskurði úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 22. september 2011 í máli nr. 326/2011 (landamerkjámál) reyndi á gildissvið réttaraðstoðarváttrygginga fasteignatrygginga, þ.e. að þær nái almennt einungis til ágreinings vegna húseignar eða húseignarhluta. Váttryggður stóð í landamerkjamáli og vildi fá kostnað vegna þess bættan úr fasteignatryggingu sinni. Nefndin taldi að þar sem landamerkjadeilan sneri ekki að húseign heldur að öðrum hlutum fasteignar, þ.e. sjálfri jörðinni, þá félli deilan ekki innan váttryggingarsviðs réttaraðstoðarváttryggingarinnar.²⁹

Hérlendis hafa váttryggingafélög undanskilið í réttaraðstoðarváttryggingum, bæði heimilistrygginga og fasteignatrygginga, ágreining sem varðar váttryggðan *sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis, hjólhýsis, fellihýsis eða annarra tengivagna, loftfars, skips, gufubáts, vélbáts eða seglskútu*.³⁰ Umrætt undanþáguákvæði gerir það meðal annars að verkum að málarekstur vegna kaupa á og slysa í fyrrgreindum farartækjum, ágreiningur um lán með veði í fararskjótunum sem og málarekstur um skyldu til að kaupa tryggingar vegna hagnýtingar

²⁸ Sjá jafnframt úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 10. nóvember 2015 í máli nr. 368/2015 (naudungarsala II). Sjá og sams konar sjónarmið í úrskurði úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 1. október 2013 í máli nr. 291/2013 (þjónustusamningur) þar sem segir orðrétt: „Ágreiningur sá sem M lýsir í málskoti sínu lýtur að því að hann hyggst freista þess að fá tilteknum ákvæðum þjónustusamnings vikið til hliðar á grundvelli ákvæða gildandi samningalaga. Sá þjónustusamningur var gerður vegna kvaðar sem hvílir á fasteign þeirri sem M festi kaup á nokkrum árum áður. Ágreiningur vegna mögulega ósanngjarnra ákvæða umrædds samnings væri ekki tilkominn nema vegna þess að M var bundinn við þessa kvöð sem eigandi fasteignar. Því verður ekki litið framhjá því að ágreiningur í málinu varði hann sem eiganda fasteignar og undanþáguákvæði gr. 25.9 í váttryggingarskilmálum V eigi við.“

²⁹ Sjá úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 7. júní 2016 í máli nr. 101/2016 (fasteignatrygging húsfélags).

³⁰ Umrædda undantekningu er ekki að finna í váttryggingarskilmálum VÍS (H plús Húsnæðistrygging). Í váttryggingarskilmálum Varðar er tiltekið að undantekningin nái einnig til mála sem varða váttryggðan sem tjónþola í tengslum við skráningarskylt ökutæki.

þeirra falla almennt utan váttryggingarsviðs réttaraðstoðarváttrygginga.³¹ Í þessu samhengi má nefna úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 10. desember 2013 í máli nr. 366/2013 (endurútreikningur) þar sem málavextir voru þeir að váttryggður stóð í ágreiningi við fjármálafyrirtæki um endurútreikning gengistryggðs lánsammans. Váttryggður krafði váttryggingafélagið um greiðslu kostnaðar vegna málareksturs gegn fjármálafyrirtækinu en váttryggingafélagið hafnaði því með vísan til þess að umþrættur lánsamningur væri tilkominn vegna bifreiðakaupa.

Í forsendum nefndarinnar segir orðrétt um ágreininginn:

Í váttryggingarskilmálum vegna málskostnaðartryggingar M kemur fram að hlutverk málskostnaðartryggingarinnar sé að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. Í gr. 25 í váttryggingarskilmálum kemur fram að váttrygginging [sic] tekur til ágreinings sem snertir váttryggðan sem einstakling og kemur til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi skv. nánar tilgreindum skilyrðum. Í váttryggingunni eru síðan okkuð [sic] víðtækar takmarkanir á bótasviði sem tilgreindar eru meðal annars tilgreindar [sic] í gr. 25.2–25.12. Takmarkanir þessar eru hluti af stöðluðum samningsskilmálum sem váttryggingafélagið setur einhliða fram við gerð váttryggingasammansins. Þegar metið er hvort réttarlegur ágreiningur, sem upp er kominn milli M og fjármálafyrirtækis um endurútreikning lánsammans, tengist M sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis í skilningi gr. 25.10, verður að líta til þessa. Í málalíbúnaði M gagnvart fjármálafyrirtækinu er ekki að sjá annað en ágreiningur takmarkist við endurútreikning í ljósi dómafordæma um svipuð mál. Í

³¹ Sjá úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 25. október 2006 í máli nr. 182/2006 (kaskótrygging), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 4. mars 2008 í máli nr. 11/2008 (innbrot í bifreið), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 24. maí 2011 í máli nr. 144/2011 (ökutæki), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 26. janúar 2012 í máli nr. 504/2011 (brunatjón), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 30. maí 2012 í máli nr. 172/2012 (umferðaróhapp), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 11. september 2012 í máli nr. 355/2012 (flugslýs), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 23. febrúar 2013 í máli nr. 112/2013 (vörubifreið), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 16. september 2014 í máli nr. 206/2014 (kaupleiga), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 23. september 2014 í máli nr. 256/2014/ (galli í bifreið), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 3. júlí 2015 í máli nr. 221/2015 (riftun á bifreiðakaupum) og úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 15. desember 2016 í máli nr. 368/2016 (fjárnám í bifreið).

ljósi stöðu váttryggingafélagsins, sem þess aðila að átryggingasamningnum [sic] sem einhliða semur umrætt undanþáguákvæði gr. 25.10, verður að túlka þann vafa váttryggingartakanum í hag. Að teknu tilliti til að [sic] réttarlegur ágreiningur takmarkist við endurútreikning lánsammansins telst málskostnaðartrygging M taka til þess ágreinings að því gefnu að önnur skilyrði í skilmálum váttryggingarinnar [sic] séu uppfyllt, en ekki virðist ágreiningur um það.

Af úrskurðinum leiðir að ef ágreiningur milli váttryggðs og fjármála-fyrirtækis er sannanlega bundinn við útreikning láns, en tengist ekki andlagi sammingsins að öðru leyti, þá eigi váttryggður rétt til bóta úr réttaraðstoðarváttryggingu.³²

Réttaraðstoðarváttryggingar hér á landi undanskilja allar *ágreining sem varðar skaðabætur eða aðrar kröfur sem varða verknad sem leiðir til gruns eða ákæru á hendur váttryggðum vegna brots sem er saknæmt*. Auðvelt er að leiða í ljós hvort aðili hafi sætt ákæru vegna tiltekinnar háttsemi og fer um slíkt eftir ákvæðum laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Öðru máli gegnir hins vegar um undantekningarregluna er lýtur að

³² Þótt ekki verði gerð sérstök athugasemd við niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar í málinu er rétt að benda á að nefndin hefur ekki ávallt í úrskurðum sínum skýrt undantekningarákvæði réttaraðstoðarváttrygginga með svo hagfelldum hætti fyrir váttryggðan. Sjá einkum í þessu samhengi til samanburðar úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálu 1. október 2013 í máli nr. 291/2013 (þjónustusamningur) sem reifaður er í nmgr. 30. Sjá jafnframt úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálu 1. júlí 2016 í máli nr. 149/2016 (skoðun á bifreið). Sjá og til samanburðar úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálu 19. apríl 2016 í máli nr. 67/2016 (bílasamningur) þar sem málavextir voru þeir að váttryggðum var stefnt af fjármálafyrirtæki vegna uppgjörs á bílasamningi sem hafði verið rift. Váttryggður taldi að ágreiningurinn félli innan gildissviðs réttaraðstoðarváttryggingar fjölskyldutryggingar þar eð ágreiningurinn lyti að endurútreikningi á forsendum sammingsins. Váttryggingafélagið hafnaði því og taldi ágreininginn falla undir undantekningarákvæði tryggingarinnar varðandi eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins ökutækis. Orðrétt segir um þetta í forsendum úrskurðarnefndarinnar: „*Samningur sá sem fyrrgreint dómsmál snýst um snertir afnot M á tiltekinni bifreið og fjármögnunarsamning sem er tengdur þeim afnotum. Þótt ágreiningurinn líti fyrst og fremst að ágreiningi aðila um uppgjör samkvæmt samningnum verður ekki fram hjá því litið að samningurinn varðar M sem notanda eða eftir atvikum eiganda bifreiðar og með því að svo háttar til telst ágreiningurinn varða M sem notanda bifreiðar og telst V því undanþegið greiðsluskyldu með vísan til gr. 25.10 í skilmálum váttryggingarinnar, eins og t.d. er vísað til í máli nefndarinnar nr. 455/2015.*“

grun um saknæmt brot, enda verður ekki ráðið af orðalagi hennar að umræddur grunur þurfi að vera rökstuddur grunur í skilningi fyrrgreindra laga, sbr. t.d. 90. gr. laganna, eða sé bundinn við að háttsemi hafi sætt kæru til lögreglu.

Í því samhengi má nefna úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 14. ágúst 2007 í máli nr. 146/2007 (líkamstjón á veitingastað) þar sem málavextir voru þeir að M var stefnt til að greiða bætur fyrir að hafa valdið starfsmanni veitingastaðar líkamstjóni. Til átaka hafði komið milli M og starfsmanns veitingastaðarins og hafði M verið sýknaður af bótakröfu starfsmannsins í einkamáli en málið sætti aldrei kæru til lögreglu. M krafði váttryggingafélag sitt um bætur vegna kostnaðar af einkamálinu en váttryggingafélagið hafnaði kröfunni með vísan til þess að M hefði í málinu sætt grun um refsiverðan verknað.

Orðrétt segir í forsendum úrskurðarins:

M var sakaður um líkamsárás þrátt fyrir að hann hafi ekki verið kærður til lögreglu. Höfðað var einkamál gegn M þar sem því var haldið fram að hann hafi veitt stefnanda í málinu áverka með líkamsárás. Hér er um undanskilda áhættu að ræða samkvæmt váttryggingaskilmálum. Skilmálar gera ekki kröfu til þess að viðkomandi sé kærður til lögreglu eða verði sakfelldur fyrir refsiverðan verknað til þess að fyrirgera rétti sínum til bóta. Í skilmálunum segir að "váttryggingin bætir ekki málskostnað sem varðar skaðabætur eða aðrar kröfur sem varða verknað sem leiðir til gruns eða ákæru á hendur váttryggðum vegna brots sem er saknæmt". Í því tilviki sem hér um ræðir var um slíkan grun að ræða.

Velta má því fyrir sér, í ljósi fyrrgreinds úrskurðar, hve langt megi teygja undantekningarákvæði um að váttryggður hafi sætt grun um saknæman verknað. Ef váttryggður er ekki kærður til lögreglu og sætir hvorki rannsókn né ákæru af hálfu ákæruvaldsins er örðugt að slá því föstu að hann hafi í raun legið undir grun um saknæmt brot. Vart á það heldur undir váttryggingafélög eða úrskurðarnefnd í váttryggingamálum að heimfæra tiltekna háttsemi undir refsilöggjöf þannig að slá megi því föstu að tiltekinn grunur hafi beinst að saknæmu broti. Telja verður að þessi þáttur undantekningarákvæðisins

í réttaraðstoðarváttryggingum, sem er óneitanlega óljós, ætti almennt að sæta þröngri skýringu váttryggðum til hagsbóta.

Í skilmálum réttaraðstoðarváttrygginga er undanskilinn *ágreiningur sem varðar víxilmál og innheimtumál gegn váttryggðum þar sem krafa er óumdeild eða óumdeilanleg og mál sem snúast um gjaldþrota- eða nauðasamninga þar sem váttryggður er sjálfur gjaldþrota eða leitar nauðasamninga.*

Á undanþáguákvæði af þessum toga reyndi í úrskurði úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 16. ágúst 2016 í máli nr. 219/2016 (námslán) þar sem málavextir voru þeir að bú váttryggðs var tekið til gjaldþrotaskipta í febrúar 2010 og skiptum þess lauk í maí 2014. Lánasjóður íslenskra námsmanna höfðaði mál á hendur váttryggðum með stefnu í maí 2016 og krafðist viðurkenningar á fyrningarslitum á kröfu sjóðsins á hendur váttryggðum, sbr. 165. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Váttryggður krafðist þess að kostnaður vegna málarekstursins yrði greiddur úr réttaraðstoðarváttryggingu fjölskyldutryggingar en váttryggingafélagið hafnaði því með vísan til undanþáguákvæða um að málið snerist um gjaldþrota- eða nauðasamninga þar sem váttryggður væri sjálfur gjaldþrota eða leitaði nauðasamninga. Í úrskurði nefndarinnar segir að óljóst sé hvað átt sé við með gjaldþrotasamningi. Þótt í dómsmálinu muni reyna á 165. gr. laga nr. 21/1991 verði ekki ráðið að umrætt undanþáguákvæði váttryggingarskilmálanna nái til dómsmálsins. Var því fallist á kröfur váttryggðs um rétt til bóta úr réttaraðstoðarváttryggingu.

Í skilmálum almennra réttaraðstoðarváttrygginga er tiltekið að tryggingin bæti ekki kostnað nema fyrir hendi séu *réttmætir hagsmunir* af því að fá dóm í viðkomandi máli. Slíkir hagsmunir eru t.d. ekki taldir vera fyrir hendi ef umsókn um gjafsókn hefur af þeirri ástæðu verið hafnað eða veiting gjafsóknar hefur verið afturkölluð. Í 1. mgr. 126. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála segir meðal annars að gjafsókn verði aðeins veitt ef málstaður umsækjanda gefur tilefni til og annaðhvort kostnaður af gæslu hagsmuna er umsækjanda

ofviða eða úrlausn málsins hefur verulega almenna þýðingu.³³ Í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 45/2008 um skilyrði gjafsóknar og starfshætti gjafsóknarnefndar segir að heimilt sé að synja um gjafsókn eða veita takmarkaða gjafsókn, sbr. 9. gr., í þeim tilfellum þegar umsækjandi nýtur málskostnaðartryggingar hjá váttryggingafélagi sem bætir málskostnað umsækjanda. Af ákvæðinu leiðir að líkur standa til þess að gjafsóknarnefnd synji einfaldlega beiðni um gjafsókn á þeim grundvelli að umsækjandi sé með réttaraðstoðarváttryggingu þannig að ekki reyni á úrlausn nefndarinnar um það hvort um „réttmæta hagsmuni“ sé að ræða.³⁴

Þegar ekki er fyrir að fara afstöðu gjafsóknarnefndar getur reynst ördugt fyrir váttryggingafélag að synja um greiðslu kostnaðar vegna málareksturs á grundvelli skorts á réttmætum hagsmunum ef ágreiningurinn fellur sannanlega undir gildissvið tryggingarinnar að öðru leyti. Þó er ekki útilokað ef váttryggður hyggst höfða mál ljóslega að ófyrirsynju, að váttryggingafélagið geti borið undanþáguákvæðið fyrir sig. Í því samhengi má hafa til hliðsjónar 26. gr., 27. gr. og 28. gr. vsl. sem mæla fyrir um varúðarreglur, reglur ef váttryggður veldur váttryggingaratburði og skyldu váttryggðs til að hindra váttryggingaratburð og tilkynna um hann.³⁵ Tvö fyrstnefndu ákvæðin eiga þó vart beinlínis við réttaraðstoðarváttryggingar sem eru sérstaks eðlis þar sem váttryggður veldur í raun ávallt váttryggingaratburði með eigin ákvörðun, þ.e. hann ákveður hvort standa skuli í málarekstri eða grípa skuli til varna. Þó má leiða af undanþáguákvæði váttryggingarskilmálanna, sbr. og einkum

³³ Orðrétt segir í 1. mgr. 126. gr. laga nr. 91/1991: „1. Gjafsókn verður aðeins veitt ef málstaður umsækjanda gefur nægilegt tilefni til málshöfðunar eða málsvarnar og öðru hvoru eftirfarandi skilyrða er að auki fullnægt: a. að fjárhag umsækjanda sé þannig háttáð að kostnaður af gæslu hagsmuna hans í máli yrði honum fyrirsjáanlega ofviða, enda megi teljast eðlilegt að öðru leyti að gjafsókn sé kostuð af almannafé, b. að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda.“

³⁴ Í váttryggingarskilmálum TM segir að váttryggðum sé skylt að láta reyna á að fá málskostnað greiddan frá hinu opinbera, t.d. að leita umsagnar gjafsóknarnefndar, nema augljóst sé að hann uppfylli ekki skilyrði þess. Ákvæðið virðist hafa takmarkaða þýðingu í ljósi 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 45/2008.

³⁵ Sjá almennt um ákvæðin í Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur II. Váttryggingaréttur og bótareglur félagsmálaréttar* (Bókauktáfan Codex 2015) 297–353.

1. mgr. 28. gr. vsl., að váttrygðum ber að gera sanngjarnar ráðstafanir til að takmarka bótafjárhæð áður en mál er höfðað fyrir dómstólum, til dæmis með því að senda innheimtubréf vegna kröfu til gagnaðila áður en ráðist er í frekari aðgerðir.³⁶ Ef þeirri skyldu er ekki sinnt má fella niður rétt til bóta í heild eða að hluta, sbr. 4. mgr. 28. gr. vsl., ef vanrækslan var af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Nánar er vikið að reglum um tilkynningu váttryggingaratburðar í næsta kafla.

Auk framangreinds er almennt að finna í skilmálum réttar- aðstoðarváttrygginga hér á landi undantekningarákvæði þar sem tiltekið er að váttryggingin nái ekki til ágreinings milli váttrygðs og váttryggingafélagsins.³⁷ Ákvæði af þeim toga hafa sætt þröngri skýringu í úrskurðum úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Í úrskurði úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 9. ágúst 2005 í máli nr. 113/2005 (Fasteignasalan Bakki) voru málavextir þeir að váttrygður átti í málaferlum við fasteignasölu og löggiltan fasteignasala. Váttrygður leitaðist eftir því að fá kostnað vegna málaferlanna greiddan úr réttaraðstoðarváttryggingu fjölskyldutryggingar en váttryggingafélagið hafnaði því á þeirri forsendu að váttrygður ætti í ágreiningsmáli við váttryggingafélagið sjálf. Váttryggingafélagið var réttargæslustefndi í málinu þar sem viðkomandi fasteignasali var ábyrgðartrygður hjá félaginu.

Orðrétt segir í úrskurði úrskurðarnefndarinnar:

Samkvæmt váttryggingaskilmálum bætir váttryggingin ekki málskostnað váttrygðs sé um að ræða ágreining við félagið. Nefndin telur að skýra verði umrætt ákvæði þröngt því gæta verður jafnræðis milli váttryggingataka félagsins eftir því sem unnt er. Telja verður að skýra verði ákvæðið á þann veg að um beinan ágreining þurfi að vera að ræða milli váttrygðs og félagsins sjálfs en að ákvæðið eigi ekki við þegar

³⁶ Sjá til hliðsjónar í þessu samhengi 36. gr. síðareglna lögmannna þar sem segir: „Lögmaður skal jafnan fyrir lögsókn kynna gagnaðila framkomnar kröfur skjólstæðings síns og gefa kost á að ljúka máli með samkomulagi. Þetta gildir þó ekki, ef lögsókn má ekki bíða vegna yfirvofandi réttarspjalla eða annars tjóns á hagsmunum skjólstæðings, eða ef atvikum að öðru leyti hagar svo til að rétt sé og nauðsynlegt að hefja lögsókn án tafar.“

³⁷ Þá undantekningu er ekki að finna í Fasteignatryggingu TM og Húsnaðstryggingu VÍS.

félagið er réttargæslustefndi líkt og í því tilviki sem hér er til umræðu. Nefndin telur óeðlilegt ef það að mótaaðili váttryggðs/M í þessu tilviki skuli vera með lögboðna starfsábyrgðartryggingu hjá félaginu eigi að valda því að um undanskilda áhættu sé að ræða. Tilgangur þess ákvæðis sem hér um ræðir er sá, að því er telja verður, að koma í veg fyrir að félagið þurfi að greiða málskostnað í ágreiningsmáli sem það á beint í við viðskiptavin sinn þ.e. váttryggðan í þessu tilviki. Svo er ekki í því tilviki sem hér um ræðir. Umrætt ákvæði skilmála er villandi og það verður því skýrt váttryggðum í hag.

Í úrskurði úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 19. janúar 2016 í máli nr. 439/2015 (skvass) voru málavextir þeir að M slasaðist í frítíma við að spila skvass. M voru greiddar bætur af S vegna afleiðinga læknismeðferðar í kjölfar slyssins. M hafði jafnframt í gildi fjölskyldutryggingu hjá V sem fól meðal annars í sér frítímaslysáttryggingu og réttaraðstoðarváttryggingu. M fékk greiddar bætur úr frítímaslysáttryggingunni og virðist sem fyrrgreind ákvörðun S um mat á varanlegum miska hafi verið lögð til grundvallar við ákvörðun bótanna. M tók við bótum úr hendi S og V með fyrirvara um að bætur skyldi ákveða á grundvelli matsgerðar sem hann hafði sjálfur aflað. Með stefnu þingfestri 3. desember 2015 krafðist M bóta úr hendi S á grundvelli umrædds mats. M krafðist þess að kostnaður hans vegna málarekstursins gegn S yrði greiddur úr réttaraðstoðartryggingunni. V hafnaði greiðslu úr váttryggingunni þar eð váttryggingin tæki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni sem varðaði málarekstur gegn félaginu.

Orðrétt segir um þetta í forsendum úrskurðarnefndarinnar:

Í 3. gr. skilmálanna eru tilgreind þau atvik sem váttryggingin tekur ekki til og samkvæmt gr. 3.10 tekur váttryggingin ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðna sem varða málarekstur gegn félaginu sjálfu. Hér er um tilvik að ræða sem eru undanþegin bótasviði váttryggingarinnar sem lýst er í 1. gr. Undanþáguákvæðið verður að skýra í ljósi þessa. Það varðar einvörðungu takmörkun á greiðsluskyldu úr váttryggingunni þegar málareksturinn beinist að sjálfu félaginu. Málarekstur M gegn S beinist ekki gegn V. Skiptir engu máli í því sambandi þótt V eigi einnig hagsmuna að gæta vegna þeirra atvika sem málareksturinn á hendur

S er sprottinn af. Þegar af þessari ástæðu getur V ekki synjað M um greiðslu úr réttaraðstoðartryggingunni.

Í úrskurði úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 17. janúar 2017 í máli nr. 403/2016 (byggingarstjóri) voru málavextir þeir að váttryggður höfðaði ásamt meðeiganda sínum að tiltekinni fasteign mál á hendur byggingarstjóra og váttryggingafélaginu V til réttargæslu. Váttryggður krafðist þess að kostnaður vegna málarekstursins yrði greiddur úr réttaraðstoðarváttryggingu fasteignatryggingar hans hjá V. Greiðsluskyldu var hins vegar hafnað af hálfu V á grundvelli undanþáguákvæðis í skilmálum tryggingafélagsins þess efnis að váttryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni sem varðar málarekstur gegn félaginu sjálfu.

Orðrétt segir um þetta í úrskurði nefndarinnar:

Í gildi er reglugerð um réttaraðstoðartryggingar, nr. 99/1998. Í 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar segir að hún hafi að markmiði að koma í veg fyrir hagsmunaárekstur váttryggðs og váttryggingafélags vegna réttaraðstoðarváttryggingar, einkum þegar váttryggingafélag váttryggir aðila deilumáls sem jafnframt eru váttryggðir hjá sama váttryggingafélagi. Samkvæmt þessu ákvæði er út frá því gengið að váttryggður geti átt rétt til bóta jafnvel þótt aðilar deilumáls séu váttryggðir hjá sama félagi. Í ljósi þessa verður að skýra hið umdeilda undanþáguákvæði í váttryggingarskilmálum V svo að það eigi ekki við þegar um er að tefla málarekstur við félagið á grundvelli váttryggingarsamnings við það. Þar sem sú staða er uppi varðandi þá kröfu sem M hefur gert á hendur V í máli því sem hér er til úrlausnar getur V ekki borið undanþáguákvæðið fyrir sig. M á því rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingunni hjá V.

Af framangreindum úrskurðum er ljóst að undanþáguákvæði réttaraðstoðarváttrygginga um að váttryggingin nái ekki til réttarágreinings milli váttryggðs og váttryggingafélagsins eru skýrð á þann hátt að það útiloki ekki bætur vegna ágreinings þótt váttryggingafélagið eigi hagsmuna að gæta vegna úrlausnar málsins hjá báðum og/eða öllum aðilum þess. Eingöngu þegar váttryggður á í beinum ágreiningi við váttryggingafélagið getur undanþáguákvæðið átt við. Ekki er um beinan ágreining við

vátryggingafélag að ræða þegar því er stefnt til réttargæsluáðildar í dómsmáli enda er ekki hægt að hafa uppi kröfur á hendur slíkum aðila í dómsmáli og dómur í málinu bindur hann ekki, sbr. 21. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Síðastnefndi úrskurðurinn gefur jafnframt til kynna, þótt hann sé ekki með öllu skýr, að undanþáguákvæðið komi ekki í veg fyrir að réttaraðstoðarvátryggður geti krafist bóta vegna málareksturs gegn vátryggingafélagi sem hann er réttaraðstoðarvátryggður hjá vegna vátryggingar sama vátryggingafélags til handa þriðja manni. Í því samhengi er rétt að líta til þess að samkvæmt 44. gr. vsl. getur sá sem verður fyrir tjóni sem fellur undir ábyrgðartryggingu tjónvalds krafist bóta beint frá vátryggingafélaginu. Heimild þessi nær jafnframt til málshöfðunar vegna tjónsatviks, sbr. og nánar 3. mgr. 44. gr. vsl.³⁸

Telja verður eðlilegt að réttaraðstoðarvátryggður geti fengið kostnað vegna málareksturs bættan vegna málshöfðunar gegn vátryggingafélagi á grundvelli 44. gr. vsl., jafnvel þótt það sé sama vátryggingafélagið og veitir honum réttaraðstoðarvátryggingu. Það getur vart verið eðlilegt að vátrygging hans takmarkist af því hvaða vátryggingafélag ábyrgðartryggður hefur ákveðið að semja við. Auk framangreinds myndi önnur tilhögun geta stuðlað að því að mál væri höfðað gegn tjónvaldi og vátryggingafélaginu stefnt til réttargæslu, en skýrt er samkvæmt ofangreindu að kostnaður vegna slíks málareksturs er bættur úr réttaraðstoðarvátryggingu. Slík tilhögun getur vart verið haganlegri fyrir vátryggingafélagið.

Af framangreindu má ætla að undanþáguákvæðið um að vátrygging nái ekki til ágreinings milli vátryggðs og vátryggingafélagsins nái eingöngu til ágreinings við tryggingafélagið vegna vátrygginga sem vátryggður hefur sjálfur tekið hjá vátryggingafélaginu. Er þessi skýring og í samræmi við markmið reglugerðar nr. 510/2017 um

³⁸ Sjá Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur II. Vátryggingaréttur og bótareglur félagsmálaréttar* (Bókaútgáfan Codex 2015) 424–435. Sjá jafnframt Tinna Björk Gunnarsdóttir, „Skaðabótamál vegna vinnuslysa: Um sönnun, hlutverk Vinnueftirlits ríkisins o.fl.“ (2011) 8 Tímarit Lögréttu 45, 48–50.

réttaraðstoðarváttryggingar, sbr. 2. gr. hennar, að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra þegar báðir aðilar deilumáls eru váttryggðir hjá sama váttryggingafélaginu.

2.3 Váttryggingaratburður, ábyrgðartími o.fl.

Þau atvik sem valda því að til greiðslu bóta geti komið úr réttaraðstoðarváttryggingu, þ.e. svonefndur váttryggingaratburður, sbr. f-lið 2. gr. vsl., er málarekstur eða ágreiningur í einkamáli, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 510/2017 og umfjöllun í kafla 2.1 um gildissvið gildandi réttaraðstoðarváttrygginga tryggingafélaganna. Þýðingarmikið er að ákvarða hvenær váttryggingaratburður á sér stað þar sem váttryggður hefur ársfrest, frá því að sá atburður á sér stað, til þess að tilkynna váttryggingafélagi um hann, sbr. 1. mgr. 51. gr., sbr. og 3. mgr. 28. gr. vsl. Jafnframt ber váttryggðum að takmarka tjón váttryggingafélags, sbr. 1. mgr. 28. gr. vsl., og gera það sem með sanngirni má ætlast til af honum til að tryggja endurkröfu váttryggingafélags á hendur þriðja manni, sbr. 2. mgr. 28. gr. vsl.³⁹

Engu breytir við afmörkun váttryggingaratburðar réttaraðstoðarváttrygginga þótt kostnaður vegna öflunar álitserðar fyrir málshöfðun sé bættur úr tryggingu, þar sem váttryggingafélögin hafa afmarkað í skilmálum sínum að váttryggingaratburðurinn sé „ágreiningur í einkamáli“.⁴⁰ Telja verður eðlilegt, í ljósi þess hve óljóst er hvenær váttryggingaratburður á sér stað samkvæmt gildandi skilmálum

³⁹ Í þessu samhengi má nefna úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 31. maí 2011 í máli nr. 186/2011 (takmörkun tjóns) þar sem málavextir voru þeir að váttryggður hafði fengið dóm þar sem gagnaðila hans var gert að greiða honum málskostnað. Hann hafði áður fengið nokkurn hluta málskostnaðar síns greiddan úr réttaraðstoðarváttryggingu en vildi fá frekari greiðslur úr tryggingunni. Váttryggingafélagið vísaði til váttryggingarskilmála þar sem tiltekið var að félagið greiddi nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað sem váttryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila. Þar sem ekki var sýnt fram á að sá málskostnaður fengist ekki greiddur af gagnaðila var greiðsluskyldu váttryggingafélagsins hafnað.

⁴⁰ Sjá Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur II. Váttryggingaréttur og bótareglur félagsmálaréttar* (Bókaútgáfan Codex 2015) 496–497 þar sem kemur meðal annars fram að afar óljóst sé hvenær frestur réttaraðstoðarváttrygginga byrjar að líða samkvæmt 3. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 51. gr. vsl.

vátryggingafélaganna, að sú staða sé almennt skýrð með nokkuð hagfelldum hætti gagnvart vátryggðum.⁴¹

Á hinn bóginn verður væntanlega að túlka skilmálana í ljósi þess að þeir útlista jafnframt að lögmanni beri án tafar að tilkynna vátryggingafélögum að hann hafi tekið tiltekið mál að sér áður en frekar er aðhafst. Ber á þeim tímapunkti jafnframt að veita vátryggingafélaginu fullnægjandi upplýsingar um málið. Af þeim sökum hefst vátryggingaraburður vart þegar málarekstri er lokið, þ.e. þegar endanlegur kostnaður af málarekstri liggur fyrir, heldur við fyrra tímamark.⁴² Í tilvikum þegar vátryggður er stefnandi í einkamáli má segja að við birtingu stefnu gagnvart stefnda hafi hann sannanlega fullnægjandi upplýsingar undir höndum um ágreiningsmálið fyrir dómstólum til þess að geta tilkynnt vátryggingafélaginu um málareksturinn. Sama á við að breyttu breytanda sé vátryggður stefndi í máli þar sem hann er sannanlega upplýstur um málarekstur frá því honum er birt stefna eða með öðrum hætti kunnugt um málshöfðun fyrir dómstólum.⁴³ Sjá í þessu samhengi að samkvæmt 93. gr. laga nr. 91/1991 telst mál höfðað er stefna er birt eða árituð um viðtöku samrits hennar, sbr. 3. mgr. 83. gr., eða stefndi mætir að öðrum kosti fyrir dómi þar sem stefnandi afhendir honum samrit stefnu og

⁴¹ Má í þessu samhengi meðal annars horfa til andskýringarreglu samningaréttar sem felur meðal annars í sér að sá sem semur óljósa skilmála ber hallann af þeim óskýrleika. Sjá Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur II. Vátryggingaréttur og bótareglur félagsmálaréttar* (Bókaútgáfan Codex 2015) 184-185. Páll Sigurðsson: *Samningaréttur* (Bókaútgáfa Orators 1987) 57. Sjá og til hliðsjónar um upphaf ársfrests samkvæmt 1. mgr. 51. gr. vsl. Hildur Ýr Viðarsdóttir, „Um upphaf ársfrests samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.“ (2008) 58 *Tímarit lögfræðinga* 497, 501-505.

⁴² Sjá Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur II. Vátryggingaréttur og bótareglur félagsmálaréttar* (Bókaútgáfan Codex 2015) 257 þar sem vikið er að mismunandi upphafstíma vátryggingaraburða. Í fyrirbyggjandi samhengi virðist svonefnd áhætturegla eiga við um réttaraðstoðarvátryggingar, þ.e. að vátryggingaraburður á sér stað þegar orsök sú sem leiðir til tjóns hefur verið leyst úr læðingi. Sjá jafnframt úrskurð úrskurðarnefndar í vátryggingamálu 24. febrúar 2006 í máli nr. 15/2006 (tilkynnt eftir dómsmál).

⁴³ Í athugasemdum með frumvarpi til vsl. segir um 51. gr. vsl.: „Upphaf frestsins miðast við þann tíma er vátryggður fékk upplýsingar um þau atvik sem eru tilefni kröfu hans um vátryggingarbætur.“ Alþt. 2003-2004, A-deild, þskj. 215-204. mál, athugasemdir við 51. gr.

þingfestir mál. Horfa ber jafnframt til þeirra sjónarmiða sem rakin eru í kafla 4, m.a. um skyldur lögmannna til þess að tryggja réttindi skjólstæðinga sinna, en réttaraðstoðarváttryggingar snúa að miklu leyti að kostnaði vegna þjónustu slíkra sérfræðinga. Af framangreindu verður því að telja sanngjarnt að ársfrestur samkvæmt 1. mgr. 51. gr. vsl. byrji að líða við höfðun einkamáls í skilningi laga.⁴⁴

Í fyrirbyggjandi samhengi verður að gera greinarmun á váttryggingar- atburði annars vegar og ábyrgðartíma váttryggingar hins vegar.⁴⁵ Það leiðir af 1. mgr. 13. gr. vsl. að hægt er að semja um að váttrygging taki gildi við annað tímamark en þegar váttryggingartaki hefur samþykkt tilboð váttryggingafélags. Í öllum réttaraðstoðarváttryggingum er tiltekið að málskostnaður sé greiddur ef váttrygging er í gildi þegar *ágreiningur kemur upp* og hún hefur þá verið í gildi í að minnsta kosti tvö samliggjandi ár hjá félaginu.⁴⁶ Ef váttryggður hafði sams konar tryggingu hjá öðru váttryggingafélagi þá fær hann þá váttryggingu reiknaða sér til góða. Þrátt fyrir framangreint getur váttryggður eftir sem áður fengið greiddan málskostnað ef *þeir atburðir eða þau atvik* sem liggja til grundvallar kröfunni hafa gerst eftir að váttryggingin tók gildi.⁴⁷ Með öðrum orðum þá koma fyrrgreind ákvæði í veg fyrir að váttryggingartaki geti aflað sér tryggingar vegna fyrrsjáanlegs málskostnaðar.

⁴⁴ Í 2. mgr. 51. gr. vsl. kemur fram að ef váttryggingafélag hafnar kröfu váttryggs í heild eða að hluta glatar hann rétti til bóta ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd skv. 141. gr. innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað. Sjá úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamáli 26. janúar 2012 í máli nr. 499/2011 (sumarhús) og úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamáli 14. júní 2016 í máli nr. 119/2016 (lífeyrisréttindi).

⁴⁵ Sjá Viðar Lúðvíksson, „Ábyrgðartakmarkanir í skilmálum váttrygginga og ófrávikjanlegar reglur laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga“ (2004) 54 Tímarit lögfræðinga 49, 101-104. Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur II. Váttryggingaréttur og bótareglur félagsmálaréttar* (Bókaútgáfan Codex 2015) 194-196.

⁴⁶ Sjá úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamáli 20. maí 2014 í máli nr. 113/2014 (samliggjandi ár).

⁴⁷ Í váttryggingunum er jafnframt tiltekið að ef váttryggður hefur ekki lengur réttaraðstoðarváttryggingu eða sambærilega váttryggingu þegar ágreiningur kemur upp, getur hann þrátt fyrir það fengið málskostnað greiddan úr váttryggingunni ef hún hefur verið í gildi þegar þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar kröfunni gerðust og ekki eru liðin fjögur ár frá atburðinum eða atvikinu.

Fyrirnefnda skilyrðið um það þegar *ágreiningur kemur upp* lýtur að því hvenær ljóst er af samskiptum milli váttryggðs og gagnaðila hans að þeir eru ósammála um tiltekið álitaefti. Við mat á því hvenær ágreiningur kemur upp hefur úrskurðarnefnd í váttryggingamálum meðal annars lagt til grundvallar dagsetningar á bréfum stjórnvalda eða lögaðila þar sem tilteknum erindum er hafnað, kröfubréf lögmanna, þegar haldið var eftir greiðslu vegna meints galla o.þ.u.l.⁴⁸

Síðarnefnda skilyrðið um að *atburðir eða þau atvik* sem liggja til grundvallar kröfunni hafi gerst eftir að váttryggingin tók gildi snýr einfaldlega að því að upphaf ágreiningsins megi sannanlega rekja til atvika eftir gerð váttryggingarsamnings. Í því samhengi má nefna úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 27. september 2016 í máli nr. 166/2016 (skordýr) þar sem krafist var bóta úr ferðatryggingu vegna skordýrsbits og fyrirhuguð var málshöfðun vegna þessa. Í úrskurði úrskurðarnefndarinnar kemur meðal annars fram að *atvik eða atburður* sem leiddi til málarekstursins væri einfaldlega skordýrsbitið sem átti sér stað 29. nóvember 2011, sem var eftir að réttaraðstoðarváttrygging hafði tekið gildi.

Í váttryggingarskilmálum er tilgreint með nákvæmum hætti hvaða kostnaðarliðir eru bættir í tengslum við málarekstur.⁴⁹ Umræddir kostnaðarliðir skulu vera „nauðsynlegir og eðlilegir“ en ef upp kemur ágreiningur um réttmæti málf lutningsþóknunar er lögð sú skylda á váttryggðan að bera ágreining um þóknunina undir úrskurðarnefnd Lögmannafélags Íslands á grundvelli 26. gr. laga

⁴⁸ Sjá í dæmaskyni úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 14. október 2003 í máli nr. 181/2003 (örorkumat), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 17. júlí 2007 í máli nr. 118/2007 (haldið eftir greiðslu), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 13. nóvember 2007 í máli nr. 195/2007 (dómsuppkvaðning), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 20. apríl 2009 í máli nr. 99/2009 (bréf lögmanna), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 13. október 2009 í máli nr. 309/2009 (matsgerð), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 9. mars 2010 í máli nr. 25/2010 (bréf til byggingarfulltrúa), úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 31. október 2013 í máli nr. 333/2013 (stjórnsýslukæra) og úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 28. október 2016 í máli nr. 320/2016 (lækkun láns hafnað).

⁴⁹ Sjá meðal annars umfjöllun um váttryggða hagsmuni í Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur II. Váttryggingaréttur og bótareglur félagsmálaréttar* (Bókaútgáfan Codex 2015) 234–236.

nr. 77/1998 um lögmennt („**lml.**“). Ekki virðast í framkvæmd hafa risið mörg ágreiningsmál um fjárhæð málflytningabóknaana í tengslum við réttaraðstoðarváttryggingar.⁵⁰ Skoðast það í ljósi þess að váttryggingarsamningar útlista alla jafna hámarksfjárhæð vegna réttaraðstoðarváttrygginga, sbr. h-lið 2. gr. vsl. Rétt er að geta þess í fyrirliggjandi samhengi að hvert ágreiningsmál telst eitt „tjónsatvik“, burtséð frá því hve langan tíma tekur að leysa það, þannig að einungis er hægt að krefja um bætur upp að tilgreindri váttryggingarfjárhæð í váttryggingarsamningi í eitt skipti vegna hvers ágreiningsmáls.⁵¹

3. Reglur Evrópuréttar og EES-réttar

Í kafla 2.1 hér að framan eru rakin helstu efnisákvæði reglugerðar nr. 510/2017 um réttaraðstoðarváttryggingar sem á sér lagastoð í 5. mgr. 20. gr. vtsl. Reglugerðin var sett til innleiðingar á 198.-205. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/ESB, um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga („**gjaldþoltilskipun II**“).⁵² Reglur gjaldþoltilskipunar II um réttaraðstoðarváttryggingar má rekja til brottfallinnar tilskipunar ráðsins 87/344/EBE frá 22. júní 1987 um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum um réttaraðstoðarváttryggingar („**eldri tilskipun**““) sem var innleidd í íslenskan rétt með þágildandi lögum nr. 63/1997 um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994 og reglugerð nr. 99/1998 um réttaraðstoðarváttryggingar

⁵⁰ Kostnaðarliðirnir eru váttryggingarverðmæti réttaraðstoðarváttrygginganna, sbr. i-lið 2. gr. vsl. Sjá Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur II. Váttryggingaréttur og bótareglur félagsmálaréttar* (Bókaútgáfan Codex 2015) 383.

⁵¹ Sjá úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 20. apríl 2009 í máli nr. 114/2009 (eitt tjónsatvik).

⁵² Þann 1. júlí 2011 tók sameiginlega EES-nefndin ákvörðun um innleiðingu tilskipunarinnar, sbr. 102 gr. EES-samningsins, sem skyldi taka gildi 2. júlí 2011 að fengnum tilkynningum frá EES-ríkjum í samræmi við 103. gr. samningsins. Tilskipunin tók hins vegar ekki gildi fyrr en 1. desember 2012, að fengnum tilkynningum um að stjórnskipuleg skilyrði væru uppfyllt, sbr. 103. gr. EES-samningsins, og varð hún frá þeim degi skuldbindandi gagnvart Íslandi að þjóðarétti.

(brottfallin).⁵³ Efnisákvæði gildandi gjaldþoltilskipunar II um réttaraðstoðarváttryggingar eru sambærileg ákvæðum eldri tilskipunar þannig að réttarframkvæmd er snýr að túlkun eldri tilskipunarinnar hefur almennt leiðsagnargildi við skýringu gildandi tilskipunar.

Meginmarkið EES-samningsins er að koma á fót einsleitu Evrópsku efnahagssvæði, svo sem leiða má af 1. gr. hans sem og aðfararorðum samningsins. Með einsleitni er átt við að sömu reglur skuli gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um þau atriði sem falla innan efnissviðs samningsins og að þær skuli túlka og beita með samræmdum hætti.⁵⁴ Í 3. gr. EES-samningsins segir jafnframt að samningsaðilar skuli gera allar viðeigandi almennar eða sérstakar ráðstafanir til að tryggja að staðið verði við þær skuldbindingar sem leiða af samningnum. Í 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið er tiltekið að skýra skuli lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja. Við skýringu reglna landsréttar, sem rætur eiga að rekja til reglna EES-réttar, ber dómstólum hér á landi því meðal annars að túlka ákvæði landsréttar til samræmis við dóma Evrópudómstólsins, auk EFTA-dómstólsins, ef umræddir dómur varða reglur sem eru efnislega samhljóða reglum EES-samningsins.⁵⁵

⁵³ Tilskipun ráðsins 87/344/EBE frá 22. júní 1987 um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum um réttaraðstoðarváttryggingar var hluti EES-samningsins þegar hann var undirritaður í Óportó 2. maí 1992. Í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 63/1997 sagði um 7. gr. laganna: „Sérstök tilskipun er í gildi um réttaraðstoðarváttryggingar (87/344/ESB). Eru þar m.a. ákvæði um með hvaða hætti réttaraðstoð skuli látin í té til þess að tryggja hagsmuni váttryggingataka í ágreiningsmáli við váttryggingafélagið sjálf. Ákvæði þessi geta verið íþyngjandi fyrir váttryggingafélög og þarf því trausta og skýra lagaheimild til þess að innleiða þau. Ekki þykir ástæða til þess að gera það í lögnum sjálfum heldur verði sett reglugerð sem byggist á ákvæðum tilskipunarinnar. Þessi váttryggingagrein er lítt stunduð hér á landi.“ Alþt. 1996-1997, A-deild, þskj. 121-485. mál, athugasemdir við 7. gr.

⁵⁴ Páll Hreinsson, „Samræmd EES-túlkun“ (2014) 64 Tímarit lögfræðinga 273, 275-276. Sjá jafnframt 6. gr. og 7. gr. EES-samningsins.

⁵⁵ Páll Hreinsson, „Samræmd EES-túlkun“ (2014) 64 Tímarit lögfræðinga 273, 275-276. Sjá og nánar til demis Davíð Þór Björgvinsson, *EES-réttur og landsréttur* (Bókaútgáfan Codex 2006) 111-123, 303-334. Dóra Sif Tynes, „Ys og þys út af engu? Hugleiðingar um bókun 35 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið“ (2002) 55 Úlfjótur 473, 476-480. Gunnar Þór Pétursson, „Forgangur EES-reglna. Hvað er að fréttu af bókun 35?“ í Svala Ísfield Ólafsdóttir (ritstj.), *Fullveldi*

Löggjöf Evrópusambandsins sem tekin hefur verið upp í EES-samninginn og snýr að váttryggingarétti hefur einkum lotið að starfsemi váttryggingafélaga en síður að inntaki váttryggingarsamninga.⁵⁶ Ákvæði gjaldþolstilskipunar II um réttaraðstoðarváttryggingar hafa það að markmiði að samræma reglur um réttaraðstoðarváttryggingar, einkum varðandi hagsmunaárekstra sem stafa af ágreiningi milli váttryggðs og váttryggingafélags, sbr. 82. mgr. formálsorða tilskipunarinnar. Ekki er ástæða til þess að rekja öll ákvæði tilskipunarinnar er lúta að réttaraðstoðarváttryggingum, en þau eru efnislega sambærileg ákvæðum reglugerðar nr. 510/2017 sem rakin eru í kafla 2.1. Á hinn bóginn er rétt að gefa einu ákvæði hennar sérstakan gaum, þ.e. ákvæði 201. gr. er snýr að frjálstu vali á lögmanni og umfangi réttaraðstoðarváttryggingar.⁵⁷ Ákvæðið, og sambærilegt ákvæði

í 99 ár. *Safn ritgerða til heiðurs dr. Davíð Þór Björgvinssyni sextugum* (Hið íslenska bókmenntafélag 2017) 200, 213–223. Margrét Einarisdóttir, „Forgangsráttur EES-réttar í íslenskum rétti. Er ákvæði 3. gr. esl. fullnægjandi innleiðing á þeirri skuldbindingu sem felst í bókun 35 við EES-samninginn?“ (2014) 10 Tímarit Lögréttu 75, 79–84. Margrét Einarisdóttir, „Forgangsráttur réttilega innleiddra EES-reglna“ (2010) 7 Tímarit Lögréttu 25, 29–35. M. Elvira Méndez-Pinedo, *EC and EEA Law: A Comparative Study of the Effectiveness of European Law* (Europa Law Publishing 2009) 136–141. Ólafur Jóhannes Einarsson, „Bókun 35 og staða EES-samningsins að íslenskum rétti“ (2007) 57 Tímarit lögfræðinga 371, 379–392. Stefán Már Stefánsson, *Evrópusambandið og Evrópska efnahagsvæðið* (Bókaútgáfa Orators 2000) 122–128.

⁵⁶ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur II. Váttryggingaréttur og bótareglur fjélagsmálaréttar* (Bókaútgáfan Codex 2015) 53.

⁵⁷ Í þessari grein er notast við hugtakið lögmaður, sem er að mestu notað í þýðingu gjaldþolstilskipunar II í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, nr. 4/1365, þótt yfirskrift 201. gr. sé raunar „Frjálst val á lögfræðingi“. Rétturinn getur raunar náð til annarra aðila en lögmanna en stuðst er við þá hugtakanotkun til hægðarauka. Orðrétt segir í þýðingu 201. gr. tilskipunarinnar: „201. gr. *Frjálst val á lögfræðingi* 1. Í sérhverjum váttryggingarsamningi í tengslum við málsvarnarkostnað skal kveðið skýrt á um: a) að þegar leitað er aðstoðar lögmans eða annars sem hæfur telst samkvæmt landslögum að verja váttryggðan, reka erindi hans eða gæta hagsmuna við málsrannsókn eða málshöfðun, skuli váttryggðum frjálst að velja sér lögmann eða þann mann annan sem telst hæfur, b) að váttryggðum sé frjálst að velja sér lögmann, eða ef þeir óski eftir því, annan hæfan mann, að því marki sem landslög leyfa, til þess að gæta hagsmuna þeirra hvenær sem hagsmunaaðreklar koma upp. 2. „Lögmaður“ er í þessum þætti hvaða einstaklingur sem hefur rétt til að stunda atvinnustarfsemi samkvæmt einhverju þeirra heita sem tilgreind eru í tilskipun ráðsins 77/249/EBE frá 22. mars 1977 um að auðvelda lögmönnum að neyta réttar til að veita þjónustu.“

eldri tilskipunar, hafa sætt skýringu Evrópudómstólsins og EFTA-dómstólsins, svo sem nánar er rakið hér í framhaldinu.

A-liður 1. mgr. 4. gr. eldri tilskipunar hljóðaði svo í íslenskri þýðingu:

1. Í váttryggingarsamningi um réttaraðstoð skal skýrt tekið fram: a) að þegar leitað er aðstoðar lögmanns eða annars sem hæfur telst samkvæmt landslögum að verja váttryggðan, reka erindi hans eða gæta hagsmuna við málsrannsókn eða málarekstur, skuli váttryggðum frjálst að velja sér lögmann eða þann mann annan sem telst hæfur,

Í núgildandi a-lið 1. mgr. 201. gr. gjaldþolstilskipunar II segir í íslenskri þýðingu:

1. Í sérhverjum váttryggingarsamningi í tengslum við málsvarnarkostnað skal kveðið skýrt á um: a) að þegar leitað er aðstoðar lögmanns eða annars sem hæfur telst samkvæmt landslögum að verja váttryggðan, reka erindi hans eða gæta hagsmuna við málsrannsókn eða málshöfðun, skuli váttryggðum frjálst að velja sér lögmann eða þann mann annan sem telst hæfur,

Umræddur a-liður 1. mgr. 201. gr. síðarnefndu tilskipunarinnar var innleiddur í íslenskan rétt með a-lið 6. gr. reglugerðar nr. 510/2017 sem er svohljóðandi:

Í váttryggingasamningi um réttaraðstoð skal skýrt kveðið á um eftirfarandi: a) Að þegar leitað er aðstoðar lögmanns eða annars sem hæfur telst samkvæmt lögum að verja váttryggðan, koma fram fyrir hans hönd eða að gæta hagsmuna við málsrannsókn eða málarekstur, skuli váttryggðum frjálst að velja sér lögmann eða þann mann annan sem telst hæfur.

Í dómi Evrópudómstólsins 10. september 2009 í máli nr. C-199/08 (Eschig) var deilt um það hvort heimilt væri, í ljósi reglunnar um frelsi váttryggðs til þess að velja sér lögmann samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. eldri tilskipunar, að mæla fyrir um það í váttryggingarsamningi að váttryggingafélag gæti áskilið sér rétt til að velja löglaerðan aðila til þess að koma fram fyrir hönd hóps váttryggðra einstaklinga sem orðið hefðu fyrir tjóni vegna sama atburðar. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins áleit

við rekstur málsins að ákvæði af þessum toga væru heimil þar sem ákvæðið um rétt til að velja sér lögmann sneri, meðal annars í ljósi markmiða tilskipunarinnar, eingöngu að ágreiningi milli váttryggingafélagsins og hins váttrygga. Evrópudómstólinn komst að gagnstæðri niðurstöðu og taldi að réttur váttryggs til þess að velja sér lögmann væri almennur og sjálfstæður réttur, meðal annars með hliðsjón af lögskýringargögnum við samningu tilskipunarinnar og aðfaraorða hennar. Af þeim sökum stæði ákvæðið í vegi fyrir því að váttryggingafélag gæti áskilið sér þann rétt í váttryggingarsamningi að velja sjálft löglærðan aðila til að koma fram fyrir hönd hóps váttryggra sem orðið hefðu fyrir tjóni vegna sama atburðar.⁵⁸ Í dómi Evrópudómstólsins 26. maí 2011 í máli nr. C-293/10 (Stark) voru málavextir þeir að austurrískur dómstóll óskaði eftir forúrskurði Evrópudómstólsins um það hvort 1. mgr. 4. gr. eldri tilskipunar stæði í vegi fyrir því að landsréttur gæti heimilað ákvæði í skilmálum réttaraðstoðarváttrygginga þess efnis að váttryggður geti eingöngu valið lögmann, sem kemur fram fyrir hans hönd í stjórnslu- eða dómsmáli, sem hefur starfsstöð í þeirri þinghá eða stjórnsluumdæmi þar sem mál er rekið á fyrsta stigi. Í forsendum dómsins er rúmt umfang réttarins til að velja sér lögmann ítrekað, meðal annars með vísan til forsendna dóms Evrópudómstólsins 10. september 2009 í máli nr. C-199/08 (Eschig). Hins vegar tilmála dómurinn að rétturinn til þess að velja sér lögmann gerði það ekki að verkum að landslöggjöf þyrfti í öllum tilvikum að mæla fyrir um það að fullur kostnaður vegna réttargæslu væri bættur úr réttaraðstoðarváttryggingu, óháð því hvar viðkomandi lögmaður hefur aðsetur. Slíkar reglur væru heimilar svo fremi sem þær gerðu ekki réttinn til frjáls vals þýðingarlausan, enda sneri takmörkunin einvörðungu að kostnaði.

⁵⁸ Sjá álit lögsögumanns Evrópudómstólsins, Trstenjak, 14. maí 2009 í máli nr. C-199/08 þar sem komist er að sams konar niðurstöðu og í dómi Evrópudómstólsins. Í Jules Stuyck, „Enforcement and Class Actions in the Area of Financial Transactions? Comments from a European Perspective“ í Stefan Grundmann og Ye im M. Atamer (ritstj.), *Financial Services, Financial Crisis and General European Contract Law* (Kluwer Law 2011) 299, 307 segir að lesa megi dóm Evrópudómstólsins sem skilaboð til löggjafans um að bæta mætti löggjöfina svo hún stæði ekki í vegi fyrir skilvirkni hóp málsókna.

Af forsendum dómsins er ljóst að váttryggður hefur rétt til þess að velja sér lögmann óháð aðsetri hans. Á hinn bóginn getur váttryggingafélag takmarkað ábyrgð sína á kostnaði sem leiðir af þeirri staðreynd að lögmaður hefur aðsetur fjarri þinghá eða stjórnarsýsluumdæmi þar sem mál er rekið.

Í dómi Evrópudómstólsins 7. nóvember 2013 í máli nr. C-442/12 (Sneller) var leitað forúrskurðar Evrópudómstólsins um það hvort frelsi váttryggs til þess að velja sér lögmann samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. eldri tilskipunar kæmi í veg fyrir að í váttryggingarsamningi um réttaraðstoðarváttryggingu mætti áskilja að lögfræðileg aðstoð væri fyrst og fremst veitt af starfsmönnum váttryggingafélagsins og aðeins ef félagið teldi nauðsynlegt að leita aðstoðar utan þess hefði váttryggður fjálsar hendur um val á lögmanni. Evrópudómstóllinn taldi að slíkir skilmálar væru í andstöðu við umrætt ákvæði, meðal annars með vísan til markmiða tilskipunarinnar, orðalags ákvæðisins og fyrri réttarframkvæmdar. Dómurinn tók þó fram að rétturinn til þess að velja sér lögmann fæli ekki í sér að váttryggingafélag gæti ekki í vissum tilvikum áskilið takmarkanir á fjárhæð bóta vegna lögmannskostnaðar.⁵⁹

Í dómi Evrópudómstólsins 7. apríl 2016 í máli nr. C-460/14 (Massar) voru málavextir þeir að Massar hafði samið um réttaraðstoðarváttryggingu við váttryggingafélag í Hollandi. Þann 14. janúar 2014 fór vinnuveitandi Massar þess á leit við Vinnutryggingastofnun (e. Employee Insurance Agency), sem er stjórnarsýslustofnun í Hollandi, að ráðningarsamningi hans yrði sagt upp vegna fækkunar starfsmanna. Þann 17. janúar 2014 fór Massar þess á leit við váttryggingafélag sitt að það bæri kostnað vegna þjónustu lögmanns sem kæmi fram fyrir hans hönd við meðferð málsins fyrir Vinnutryggingastofnuninni. Váttryggingafélagið hafnaði þeirri kröfu með vísan til þess að málsmeðferðin fyrir fyrrgreindri

⁵⁹ Sjá til hliðsjónar D.B. Holthinrichs, „Free Choice of a Lawyer in Dutch Legal Aid Insurance Policies: A Highly Controversial Topic in the Netherlands“ (2013) 5 European Journal of Commercial Contract Law 95, 110 þar sem Evrópudómstóllinn er gagnrýndur fyrir niðurstöðu sína í málinu, með hliðsjón af skipan réttaraðstoðarváttrygginga í Hollandi, meðal annars í ljósi þess að niðurstaðan sé kostnaðarsöm fyrir váttryggingafélög þar í landi.

stofnun teldist hvorki til „málsrannsóknar“ né „málareksturs“ í skilningi innlendra laga þannig að Massar hefði engan rétt til þess að velja sér lögmann og jafnframt myndi váttryggingafélagið ekki bæta neinn kostnað vegna lögmanns á þessu stigi. Ágreiningur vegna þessa rak á fjörur hollenskra dómstóla. Hæstiréttur Hollands fór þess á leit við Evrópu dómstólinn að hann veitti forúrskurð um það hvort hugtakið málsrannsókn (e. inquiry) í skilningi a-liðar 1. mgr. 4. gr. eldri tilskipunar skyldi túlkað á þá leið að það næði til málsmeðferðarinnar fyrir Vinnutryggingastofnuninni í málum líkt og þessu. Jafnframt var óskað eftir forúrskurði um það til hvers bæri að líta við mat á því hvort um málsrannsókn væri að ræða.

Í dómi Evrópu dómstólsins segir að við skýringu orðsins „málsrannsókn“ verði að telja það hafa aðra merkingu en hugtakið „málarekstur“, sem jafnframt kemur fyrir í ákvæðinu. Í forsendum dómsins er tiltekið að skýring tryggingafélagsins á hugtakinu málsrannsókn, á þá leið að það nái einvörðungu til málsmeðferðar fyrir dómstólum, myndi í raun gera það merkingarlaust. Dómurinn tiltekur jafnframt að skýra beri hugtakið í ljósi samhengis og markmiða regluverksins sem það er hluti af, en í því ljósi bendir dómurinn á að markmið tilskipunarinnar sé, í meginatriðum að tryggja hagsmuni váttryggðra. Evrópu dómstóllinn tiltekur að í máli Massar hafði hann enga möguleika á að fá endurskoðun á ákvörðun Vinnutryggingastofnunarinnar um að heimila uppsögn. Þótt starfsmaður geti krafist skaðabóta fyrir dómstólum vegna ólögætrar uppsagnar þá haggi það ekki ákvörðun stofnunarinnar. Í tilvikum sem þessum áleit dómstóllinn að ljóslega væri hagsmunum starfsmanns raskað með ákvörðun Vinnutryggingastofnunarinnar og að gæta þyrfti hagsmuna hans við meðferð málsins fyrir henni. Komst dómurinn því að þeirri niðurstöðu að málsrannsókn í skilningi tilskipunarinnar næði til málsmeðferðar á vettvangi opinberrar stofnunar sem hefði vald til að heimila uppsögn starfsmanns sem nýtur verndar réttaraðstoðarváttryggingar.

Í dómi Evrópu dómstólsins 7. apríl 2016 í máli nr. C-5/15 (Büyüktipi) voru málavextir þeir að Büyüktipi hafði samið um réttaraðstoðarváttryggingu við hollenskt váttryggingafélag. Hann leitaði síðar eftir því við stjórnvaldið Sjúkratryggingar Hollands (e.

Care Assessment Centre) að sér yrði veitt tiltekin sjúkráþjónusta. Sjúkratryggingar Hollands höfnuðu beiðninni en Büyüktipi krafðist endurskoðunar á ákvörðuninni fyrir sömu stofnun. Vegna þessa ágreinings leitaði Büyüktipi eftir aðstoð lögmanns en kostnað vegna hans áleit hann að skyldi greiða úr réttaraðstoðarváttryggingunni. Váttryggingafélagið hafnaði hins vegar umræddri beiðni og rataði ágreiningurinn fyrir hollenska dómstóla. Áfrýjunardómstóll Hollands leitaði í kjölfarið forúrskurðar Evrópudómstólsins um það hvort skýra bæri „málsrannsókn“ í skilningi a-liðar 1. mgr. 4. gr. eldri tilskipunar þannig að hugtakið næði til andmæla fyrir opinberri stofnun sem tekur ákvörðun sem hægt er að bera undir dómstóla. Um skýringu hugtaksins „málsrannsókn“ rekur dómurinn sams konar sjónarmið um orðalag og tilgang og í dómi Evrópudómstólsins 7. apríl 2016 í máli nr. C-460/14 (Massar), sbr. hér að framan, en dómarnir voru kveðnir upp sama dag. Í framhaldinu segir í dóminum að ljóst sé að bæði ákvörðun Sjúkratrygginga Hollands sem og ákvörðun stofnunarinnar í kjölfar andmæla hafi réttarlega þýðingu gagnvart váttryggðum, þar sem efnislega matið sem framkvæmt er á stjórnsýslustiginu sé grundvöllur málsins þegar það fer fyrir dómstóla. Í slíkum tilvikum sé óvefengjanlegt að váttryggður þarfnist réttaraðstoðar við meðferð málsins á stjórnsýslustigi sem er nauðsynlegur undanfari málsmeðferðar fyrir stjórnsýsludómstól. Komst Evrópudómstóllinn því að þeirri niðurstöðu að „málsrannsókn“ í skilningi eldri tilskipunar næði til andmæla fyrir stjórnsýslustofnun sem tekur ákvörðun sem getur í kjölfarið komið til kasta dómstóla.

Í dómi EFTA-dómstólsins 27. október 2017 í máli nr. E-21/16 (Nobile) voru málavextir þeir að Nobile hafði samið um réttaraðstoðarváttryggingu við svissneskt váttryggingafélag en samkvæmt skilmálum tryggingarinnar náði hún meðal annars til deilna við leigusala.⁶⁰ Síðar kom upp ágreiningur vegna leiguhúsnaðis og leitaði Nobile til lögmanns án þess að bera skipan hans áður undir váttryggingafélagið. Í kjölfarið óskaði lögmaðurinn eftir því að váttryggingafélagið greiddi kostnað vegna málareksturs gagnvart leigusala. Váttryggingafélagið hafnaði beiðninni á grundvelli þess að Nobile hefði brotið váttryggingarskilmála með því að leita ekki fyrst

⁶⁰ Sjá til hliðsjónar dóm EFTA-dómstólsins 5. desember 2001 í máli nr. E-5/01.

til félagsins og eftirláta því meðal annars val á lögmanni. Ágreining um rétt til réttaraðstoðarváttryggingar rak í kjölfarið á fjörur dómstóla í Liechtenstein en áfrýjunardómstóll þar í landi óskaði í framhaldinu eftir ráðgefandi álitu EFTA-dómstólsins varðandi túlkun á a-lið 1. mgr. 201. gr. gjaldþolstilskipunar II um frjálst val á lögmanni.

EFTA-dómstóllinn tók fram í álitu sínu að a-liður 1. mgr. 201. gr. tilskipunarinnar kvæði á um rétt hins váttryggða til að velja sér lögmann til að reka erindi hans eða gæta hagsmuna hans við hvers kyns málsrannsókn eða málshöfðun. Ákvæðið hefði almennt gildi og væri í eðli sínu ekki valkvætt. Þar að auki mælti samhengi ákvæðisins, markmið þess og orðalag gegn því að orðin „hvers kyns málsrannsókn eða málshöfðun“ væru skýrð þröngt.

Orðrétt segir í forsendum dómsins um skilmála váttryggingafélagsins:

Third, Article 19(4) of DAS's general terms and conditions provides that the insured person's right freely to choose a lawyer only arises where it becomes necessary to instruct an external lawyer due to the existence of a lawyer's monopoly in the matter. However, under Article 201(1) (a) of the Solvency II Directive it is not relevant whether specific legal assistance is compulsory under national law (compare the judgment in Sneller, cited above, paragraphs 30 to 32).

Dómstóllinn benti jafnframt á nokkur önnur atriði sem gæfu til kynna að almennir skilmálar og skilyrði váttryggingafélagsins kvæðu ekki fyllilega á um rétt váttryggðs til frjáls vals á lögmanni. Í reynd virtust ákvæðin hafa þau áhrif að réttur hins váttryggða næði einungis til þess að gera tillögu um lögmann, en ákvörðunin yrði endanlega í höndum váttryggingafélagsins. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að slíkir skilmálar og skilyrði væru ósamrýmanleg a-lið 1. mgr. 201. gr. tilskipunarinnar. Þar af leiðandi gæti váttryggingafélagið ekki losnað undan skyldu til greiðslu váttryggingabóta á grundvelli þess að hinn váttryggði hefði brotið gegn skilmálum og skilyrðum váttryggingarsamningsins.

Framangreindir dómar sýna að reglur gjaldþolstilskipunar II hafa að geyma ákvæði sem snúa að inntaki réttaraðstoðarváttryggingarsamninga. Váttryggingafélag getur til dæmis ekki, á grundvelli váttryggingarskilmála, takmarkað rétt váttryggðs til þess að velja sér lögmann, svo sem á grundvelli þess að lögmaður sé staðsettur í annarri þinghá eða með vísan til þess að margir váttryggðir hjá sama tryggingafélagi standi í málarekstri vegna sama atviks. Váttryggingafélögum er á hinn bóginn heimilt að takmarka í skilmálum sínum hvaða kostnað það greiðir í bætur vegna lögmannna sem valdir eru af váttryggðum á grundvelli fyrrgreindra sjónarmiða. Ef litið er til skilmála íslenskra tryggingafélaga verður í fljótu bragði ekki betur séð en að þeir samrýmist almennt fyrrgreindum kröfum hvað varðar fjálst val váttryggðs á lögmanni.⁶¹

Af dómunum í málum Massar og Büyüktipi má draga þá ályktun að gjaldþolstilskipun II geri vissar kröfur til gildissviðs réttaraðstoðarváttrygginga. Váttryggingafélög semja við viðskiptavinum sína um það til hvers konar ágreinings réttarvernd tryggingarinnar nær. Ef tiltekinn ágreiningur fellur hins vegar undir váttrygginguna virðist tilskipunin gera ákveðnar kröfur um það frá hvaða tíma megi leita bóta úr tryggingunni. Af dómunum leiðir því meðal annars að það telst til „málsrannsóknar“, þannig að krefjast megi bóta úr réttaraðstoðarváttryggingu, ef stjórnvaldsákvörðun í kjölfar málsmeðferðar fyrir stjórnvöldum verður ekki efnislega hrundið fyrir dómstólum þótt hafa megi uppi skaðabótakröfu vegna hennar. Jafnframt telst það til „málsrannsóknar“ þegar málsmeðferð fyrir stjórnvöldum er þess eðlis að eftirfarandi dómsmál um lögmati hennar snýr einvörðungu að efnislegu mati stjórnvaldsins við meðferð málsins á stjórnarsýslustigi. Í fyrirleggjandi samhengi er rétt að geta þess að dómar í málum Massar og Büyüktipi sneru að skýringu gjaldþolstilskipunar II í tengslum við landsrétt en ekki að skilmálum váttryggingarsamninga sem takmarka eftir atvikum gildissvið réttaraðstoðarváttryggingar. Á hinn

⁶¹ Sjá til hliðsjónar í F plús 4 skilmálum VÍS, grein 28.2, þar sem segir orðrétt: „Nú tekur sami lögmaður og/eða sama lögmannsstofa að sér mál, þar sem fimm eða fleiri váttryggðir eiga sömu lögvörðu hagsmunum að gæta og málarekstur þeirra uppfyllir skilyrði laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 um samlagsaðild og/eða málsóknarfélög, þá greiðir félagið aldrei herra hlutfall af váttryggingarfjárhæð málskostnaðar sem kemur fram, á váttryggingarskrifteini eða endurnýjunarkvittum, en sem kemur fram í töflunni hér á eftir: Fjöldi Hlutfall 5r15 80% 16-30 65% 31-50 40% 51+ 30%“.

bóginnt má leiða af forsendum EFTA-dómsins í Nobile-málinu, sem vísað er til orðrétt hér að framan, að skilmálar váttryggingarsamnings skuli ekki takmarka það gildissvið sem a-liður 1. mgr. 201. gr. tilskipunarinnar mælir fyrir um.

Í þessu samhengi má velja því fyrir sér hvort váttryggingarskilmálar váttryggingafélaganna á Íslandi, sem takmarka allir greiðslur úr réttaraðstoðarváttryggingu við málsmeðferð fyrir dómstólum, fái að öllu leyti staðist í ljósi inntaks tilskipunarinnar. Skoðast það í ljósi þess að í a-lið 6. gr. reglugerðar nr. 510/2017 segir, sem fyrr greinir, að í váttryggingarsamningi um réttaraðstoð *skuli skýrt kveðið á um að þegar leitað er aðstoðar lögmanns eða annars sem hæfur telst samkvæmt lögum til að verja váttryggðan, koma fram fyrir hans hönd eða gæta hagsmuna við málsrannsókn eða málarekstur, skuli váttryggðum frjálst að velja sér lögmann eða þann mann annan sem telst hæfur.*⁶² Ef ákvæði íslensku reglugerðarinnar er skýrt í ljósi fyrrgreindra dóma er ekki loku fyrir það skotið að váttryggður hér á landi geti í vissum tilvikum haft uppi kröfur um bætur vegna lögmannskostnaðar við meðferð máls á stjórnáslustigi, burtséð frá efnisákvæðum váttryggingarsamnings sem takmarkar gildissvið tryggingarinnar.⁶³

⁶² Reglugerð nr. 510/2017 um réttaraðstoðarváttryggingar er sett með stöð í 5. mgr. 20. gr. vtsl. þar sem segir að með reglugerð skuli kveðið á um hvernig tryggja skuli hagsmuni váttryggingartaka í ágreiningsmáli við váttryggingafélagið sjálf. Sjá til hliðsjónar Páll Hreinsson, „Lagaheimild reglugerða – Greining á dómum Hæstaréttar og álitum umboðsmanns Alþingis“ (2015) 65 Tímarit lögfræðinga 143, 259-267.

⁶³ Vísast í þessu samhengi til 60. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 33/1944, þar sem segir: „Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þó getur enginn, sem um þau leitir úrskurðar, komið sér hjá að hlýða yfirvaldsboði í brád með því að skjóta málinu til dóms.“ Dómstólar á Íslandi hafa almennt vald til þess að ógilda stjórnvaldsákvörðun en yfirleitt ekki til þess að taka nýja ákvörðun. Sjá í þessu samhengi Hrd. 1. september 2003 í máli nr. 327/2003 (Flugstöð Leifs Eiríkssonar) þar sem segir orðrétt í úrskurði héraðsdóms, sem staðfestur var með vísan til forsendna í dómi Hæstaréttar: „Dómstólar eru almennt ekki bærir að taka efnislega ákvörðun um þau málafni, sem eiga undir stjórnvöld. Eru engin efni til að víkja frá þeirri meginreglu í máli þessu. Á hinn bóginn er á valdi dómsins að kveða upp úr um það, hvort lögættra aðferða hafi verið gætt við meðferð máls hjá umræddu stjórnvaldi og hvort niðurstaða þess sé í samræmi við lög.“ Sjá í dæmaskyni Einar Karl Hallvarðsson, „Hvernig er þetta með ríkið?“ (2005) 58 Úlfjótur 495, 504. Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir, *Einkamálaréttarfar* (Úlfjótur 2013), 31.

4. Góðir lögmanshættir

Í 18. gr. lml. segir að lögmönnum beri í hvívetna að rækja af alúð þau störf sem þeim er trúað fyrir og neyta allra lögmætra úrræða til að gæta lögvarinna hagsmuna umbjóðenda sinna. Ákvæðið er vísiregla, þ.e. regla sem vísar meðal annars til siðferðilegra eða sérfræðilegra viðmiða eða sjónarmiða utan reglunnar sjálfar sem geta að inntaki breyst án þess að orðalag reglunnar breytist.⁶⁴ Nánari útlistun á þeim kröfum sem almennt má gera til starfa lögmanna má meðal annars finna í siðareglum Lögmannafélags Íslands („**siðareglurnar**“), sem settar eru með stoð í 2. mgr. 5. gr. lml.

Siðareglurnar eru þess eðlis, svo sem fram kemur meðal annars í 44. gr. þeirra, að þær eru ekki tæmandi taldar um það sem getur talist til svonefndra góðra lögmansháttá. Góðir lögmanshættir vísa til siðferðilegra krafna sem gera má til lögmanna. Ekki er ávallt hægt að byggja á góðum lögmansháttum við sakarmat, svo sem ef höfð er uppi skaðabótakrafa á hendur lögmanni, en hins vegar geta háttarnisreglur af slíkum toga haft töluvert leiðsagnargildi við slíkt mat.⁶⁵

Róbert R. Spanó, „Kröfugerð í málum gegn ríkinu og stjórnskipuleg valdmörk dómstóla“ (2005) 2 Tímarit Lögréttu 23, 26–30.

⁶⁴ Arnaldur Hjartarson, „Aðferðir við lagasetningu um fjármálafyrirtæki og fjármálamarkaði – Samspil reglna og vísireglna –“ (2015) 68 Úlfjótur 5, 14–18. Gaukur Jörundsson, „Eignarnám og takmarkanir á eignarréttindum“ (1964) 14 Tímarit lögfræðinga 62, 88–91. Hafsteinn Dan Kristjánsson, „„Eignarrétturinn er friðhelgur.“ eru upphafsorð 72. gr. stjórnarskrárinnar aðeins stefnuyfirlýsing?“ (2013) 66 Úlfjótur 29, 44–45.

⁶⁵ Oddný M. Arnardóttir, „Um samningsamband lögmans og viðskiptavinar hans“ (1994) 47 Úlfjótur 323, 328. Í Arnljótur Björnsson, „Stutt yfirlit um skaðabótaskyldu lögmanna og önnur bótaúræði“ (1993) 43 Tímarit lögfræðinga 77, 80 segir orðrétt: „Siðareglur lögmanna geta stundum verið til leiðbeiningar, þegar dæma skal um réttmæti hegðunar, en oftast felst í ákvæðum siðareglanna aðeins það, sem annars myndi leitt af eðli máls [...]“. Í Gestur Jónsson, „Skaðabótaábyrgð lögmanna“ (1993) 43 Tímarit lögfræðinga 153, 156 segir orðrétt: „Í siðareglum fyrir Lögmannafélag Íslands eru margar reglur um það hvernig lögmanni beri að rækja starfa sinn. Þessar reglur eru án nokkurs vafa til leiðbeiningar við sakarmatið.“ Vísast jafnframt til frekari umfjöllunar um skaðabótaábyrgð sérfræðinga til Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I. Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2015), 178–181, 184–185, 352–354 og 572–573. Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2005), 501–516. Sjá og til hliðsjónar Benedikt Sigurjónsson, „Ábyrgð lögmanna“ (1970) 20 Tímarit lögfræðinga 103, 110–

Í 4. mgr. 10. gr. siðareglanna segir orðrétt:

Lögmanni ber að vekja athygli skjólstæðings á möguleika á gjaf-sóknarheimild eða annarri opinberri réttaraðstoð þar sem það á við.

Ákvæðið leggur tiltekna athafnaskyldu á lögmenn sem starfa fyrir skjólstæðinga sem eftir atvikum geta átt rétt á gjafsókn eða annarri opinberri réttaraðstoð.⁶⁶ Réttaraðstoðarváttryggingar teljast ekki hluti opinberrar réttaraðstoðar enda eru váttryggingarsamningar einkaréttarlegir gerningar. Þótt slíkar tryggingar falli ekki undir efnisákvæði 4. mgr. 10. gr. siðareglanna verður ekki gagnályktað frá ákvæðinu á þann hátt að ekki hvíli jákvæð skylda á lögmönnum til að vekja athygli skjólstæðinga sinna á því að þeir gætu verið tryggðir vegna kostnaðar við málarekstur. Telja verður að slík háttsemi teljist til *góðra lögmannahátta* þótt hún sé ekki skrásett í siðareglur. Réttaraðstoðarváttryggingar eru nú á dögum algengur hluti heimilis- og fasteignatrygginga þannig að gera verður þær kröfur til lögmanna, sem sérfræðinga á sínu sviði, að þeir þekki þann möguleika að skjólstæðingar þeirra gætu fengið kostnað vegna málareksturs bættan með umræddum hætti, enda þótt upplýsingar þar að lútandi séu jafnan í förum skjólstæðinga þeirra sem váttryggingartaka.⁶⁷ Skoðast það, auk framangreinds, bæði í ljósi hinnar almennu vísireglu 18. gr. lml. og 1. mgr. 8. gr. siðareglanna þar sem segir að lögmaður skuli leggja sig fram um að gæta hagsmuna skjólstæðinga sinna.⁶⁸ Telja verður skylduna ríka þegar ágreiningur sá er skjólstæðingur lögmanns stendur í er þess eðlis að hann fellur almennt undir gildissvið gildandi réttaraðstoðarváttryggingar.

Haganlegt verður að telja fyrir lögmann að upplýsa skjólstæðing sinn sannanlega strax við upphaf samningssambands bæði um möguleikann á opinberri réttaraðstoð sem og hugsanlegar réttaraðstoðarváttryggingar.

116. Benedikt Sigurjónsson, „Um fébótaábyrgð lögmanna“ (1956) 6 Tímarit lögfræðinga 65-76.

⁶⁶ Sjá í dæmaskyni úrskurð úrskurðarnefndar lögmanna 8. september 2017 í máli nr. 9/2017 (gjafsóknarbeiðni ekki send).

⁶⁷ Sjá Eyrún Ingadóttir, „Ef kemur til ágreinings. Málskostnaðar- og réttaraðstoðartryggingar tryggingafélaga“ (2014) 20 Lögmannablaðið 6-9.

⁶⁸ Sjá til hliðsjónar Arnar Þór Jónsson, „Dul og rangvirðing? Þankar um samfélagslegt hlutverk lögmanna“ (2013) 66 Úlfjótur 243, 247-249.

5. Niðurlag

Reglur um gjafsókn og aðra opinbera réttaraðstoð hér á landi eru strangar þannig að örðugt getur reynst einstaklingum að sækja fjárhagsstuðning úr opinberum sjóðum komi til málareksturs. Sú nýjung váttryggingafélaga, sem fram kom um síðustu aldamót, að bjóða upp á réttaraðstoðarváttryggingar var því jákvætt skref í að greiða fyrir aðgangi almennings að dómstólum.

Af umfjöllun greinarinnar leiðir að gildandi skilmálar helstu réttaraðstoðarváttrygginga váttryggingafélaganna eru efnislega svipaðir og takmarka þau sakarefni sem falla undir gildissvið trygginganna. Töluverðan fjöldi mála hefur rekið á fjórum úrskurðarnefndar í váttryggingamálum frá því váttryggingarnar litu dagsins ljós og hefur að meginstefnu til gætt samkvæmni í úrlausnum nefndarinnar um skýringu skilmála réttaraðstoðarváttrygginga.

Í greininni er tiltekið að þótt váttryggingafélög hafi ríkt svigrúm við afmörkun ábyrgðar í váttryggingarskilmálum þá geti reglur EES-réttarins, sem innleiddar hafa verið í íslenskan rétt, haft áhrif á efnislegt inntak váttrygginga, bæði hvað varðar rétt váttryggðs til að velja sér lögmann sem og við hvaða tímamark váttryggingarvernd réttaraðstoðarváttryggingar hefst.

Almennt virðast gildandi skilmálar réttaraðstoðarváttrygginga vera í samræmi við rétt váttryggðs til þess að velja sér lögmann. Hvað tímamark váttryggingarverndar áhrærir þá gætu á hinn bóginn gildandi réttaraðstoðarváttryggingarskilmálar, sem mæla almennt aðeins fyrir um váttryggingarvernd þegar mál er komið til meðferðar fyrir dómstólum, verið þrengri en umfang þeirrar tryggingaverndar sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/ESB, sbr. einnig reglugerð nr. 510/2017, líkt og ákvæði tilskipunarinnar hafa verið skýrð í dómum Evrópu dómstólsins og EFTA-dómstólsins. Ekki hefur reynt á umrætt álitaefni fyrir íslenskum dómstólum, en ekki er loku fyrir það skotið að váttryggður hér á landi geti í vissum tilvikum haft uppi kröfur um bætur vegna lögmannskostnaðar við meðferð máls á stjórnarsýslustigi, burtséð frá efnisákvæðum váttryggingarsamnings sem takmarkar gildissvið tryggingarinnar.

Þegar lögmenntaka að sér málarekstur ber þeim að rækja störf sín af alúð og neyta allra lögmætra úrræða til þess að gæta lögvarinna hagsmuna skjólstæðinga sinna. Í ljósi þess hve algengar réttaraðstoðarváttryggingar eru orðnar hér á landi verður það að teljast til góðra lögmennshátta að lögmaður upplýsi skjólstæðing sinn sannanlega strax við upphaf samningssambands bæði um möguleikann á opinberri réttaraðstoð sem og hugsanlegar réttaraðstoðarváttryggingar.

Heimildaskrá

Alþingistíðindi

- Arnaldur Hjartarson, „Aðferðir við lagasetningu um fjármálafyrirtæki og fjármálamarkaði – Samspil reglna og vísireglna“ (2015) 68 Úlfjótur 5
- Arnar Þór Jónsson, „Dul og rangvirðing? Þankar um samfélagslegt hlutverk lögmanna“ (2013) 66 Úlfjótur 243
- Arnlfjótur Björnsson, „Stutt yfirlit um skaðabótaskyldu lögmanna og önnur bótaúrræði“ (1993) 43 Tímarit lögfræðinga 77
- Arnlfjótur Björnsson, „Um váttryggingar“ (1971) 24 Úlfjótur 191
- Benedikt Sigurjónsson, „Ábyrgð lögmanna“ (1970) 20 Tímarit lögfræðinga 103
- Benedikt Sigurjónsson, „Um fébótaábyrgð lögmanna“ (1956) 6 Tímarit lögfræðinga 65
- Cristina Poncibò, „The European Legal Expenses Insurance Market“ (2010) 359 Geneva Papers on Risk and Insurance, Etudes et Dossiers 1
- Davíð Þór Björgvinsson, *EES-réttur og landsréttur* (Bókaútgáfan Codex 2006)
- D.B. Holthinrichs, „Free Choice of a Lawyer in Dutch Legal Aid Insurance Policies: A Highly Controversial Topic in the Netherlands“ (2013) 5 European Journal of Commercial Contract Law 95
- Dóra Sif Tynes, „Ys og þys út af engu? Hugleiðingar um bókun 35 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið“ (2002) 55 Úlfjótur 473
- Einar Karl Hallvarðsson, „Hvernig er þetta með ríkið?“ (2005) 58 Úlfjótur 495
- Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I. Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2015)
- Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur II. Váttryggingaréttur og bótaegglur félagsmálaréttar* (Bókaútgáfan Codex 2015)
- Eyrún Ingadóttir, „Ef kemur til ágreinings. Málskostnaðar- og réttarástoðartryggingar tryggingafélaga“ (2014) 20 Lögmannablaðið 6
- Gaukur Jörundsson, „Eignarnám og takmarkanir á eignarréttindum“ (1964) 14 Tímarit lögfræðinga 62
- Gestur Jónsson, „Skaðabótaábyrgð lögmanna“ (1993) 43 Tímarit lögfræðinga 153
- Gunnar Þór Pétursson, „Forgangur EES-reglna. Hvað er að fréttu af bókun 35?“ í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstj.), *Fullveldi í 99 ár. Safn ritgerða til heiðurs dr. Davíð Þór Björgvinsyni sextugum* (Hið íslenska bókmenntafélag 2017)
- Hafsteinn Dan Kristjánsson, „„Eignarrétturinn er friðhelgur.“ Eru upphafsorð 72. gr. stjórnarskrárinnar aðeins stefnuyfirlýsing?“ (2013) 66 Úlfjótur 29

Ritrynd fræðigreina

- Hildur Ýr Viðarsdóttir, „Um upphaf ársfrests samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004“ (2008) 58 Tímarit lögfræðinga 497
- Jules Stuyck, „Enforcement and Class Actions in the Area of Financial Transactions? Comments from a European Perspective“ í Stefan Grundmann og Ye im M. Atamer (ritstj.), *Financial Services, Financial Crisis and General European Contract Law* (Kluwer Law 2011)
- Margrét Einarsdóttir, „Forganáhrif EES-réttar í íslenskum rétt. Er ákvæði 3. gr. esl. fullnægjandi innleiðing á þeirri skuldbindingu sem felst í bókun 35 við EES-samninginn?“ (2014) 10 Tímarit Lögréttu 75
- Margrét Einarsdóttir, „Forganáhrif réttilega innleiddra EES-reglna“ (2010) 7 Tímarit Lögréttu 25
- Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediksdóttir, *Einkamálaréttarfar* (Úlfjótur 2013)
- M. Elvira Méndez-Pinedo, *EC and EEA Law: A Comparative Study of the Effectiveness of European Law* (Europa Law Publishing 2009)
- Oddný M. Arnardóttir, „Um samnings samband lögmanns og viðskiptavinar hans“ (1994) 47 Úlfjótur 323
- Ólafur Jóhannes Einarsson, „Bókun 35 og staða EES-samningsins að íslenskum rétti“ (2007) 57 Tímarit lögfræðinga 371
- Páll Hreinsson, „Lagaheimild reglugerða – Greining á dómum Hæstaréttar og álitum umboðsmanns Alþingis“ (2015) 65 Tímarit lögfræðinga 143
- Páll Hreinsson, „Samræmd EES-túlkun“ (2014) 64 Tímarit lögfræðinga 273
- Páll Sigurðsson: *Samningaréttur. Yfirlit um meginreglur íslensks samningaréttar* (Bókaútgáfa Orators 1987)
- Ritstj. Páll Sigurðsson, *Lögfræðiorðabók með skýringum* (Bókaútgáfan Codex – Lagastofnun Háskóla Íslands 2008)
- Róbert R. Spanó, „Kröfugerð í málum gegn ríkinu og stjórnskipuleg valdmörk dómstóla“ (2005) 2 Tímarit Lögréttu 23
- Sigurður Tómas Magnússon, „Aðgangur að dómstólum á sviði einkamála“ (2005) 55 Tímarit lögfræðinga 133
- Sindri M. Stephensen, „Málkostnaður stjórnáslumáls“ (2017) 70 Úlfjótur 87
- Stefán Már Stefánsson, *Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið* (Bókaútgáfa Orators 2000)
- Tinna Björk Gunnarsdóttir, „Skaðabótamál vegna vinnuslysa: Um sönnun, hlutverk Vinnueftirlits ríkisins o.fl.“ (2011) 8 Tímarit Lögréttu 45
- Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2005)

Viðar Lúðvíksson, „Ábyrgðartakmarkanir í skilmálum váttrygginga og ófrávíkjanlegar reglur laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga“ (2004) 54 Tímarit lögfræðinga 49

Þorgeir Ingi Njálsson, „Málskostnaðartrygging samkvæmt 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála“ (2012) 62 Tímarit lögfræðinga 193

Dóma- og úrskurðaskrá

Dómar Hæstaréttar Íslands

Hrd. 18. nóvember 1999 í máli nr. 131/1999 (Hekla hf.)

Hrd. 1. september 2003 í máli nr. 327/2003 (Flugstöð Leifs Eiríkssonar)

Dómar Evrópuðómstólsins

Dómur Evrópuðómstólsins 10. september 2009 í máli nr. C-199/08 (Eschig)

Dómur Evrópuðómstólsins 26. maí 2011 í máli nr. 293/10 (Stark)

Dómur Evrópuðómstólsins 7. nóvember 2013 í máli nr. C-442/12 (Sneller)

Dómur Evrópuðómstólsins 7. apríl 2016 í máli nr. C-460/14 (Massar)

Dómur Evrópuðómstólsins 7. apríl 2016 í máli nr. C-5/15 (Büyüktipi)

Álit lögsögumanns Evrópuðómstólsins

Álit lögsögumanns Evrópuðómstólsins, Trstenjak, 14. maí 2009 í máli nr. C-199/08

Dómar EFTA-dómstólsins

Dómur EFTA-dómstólsins 5. desember 2001 í máli nr. E-5/01

Dómur EFTA-dómstólsins 27. október 2017 í máli nr. E-21/16 (Nobile)

Úrskurðir úrskurðarnefndar lögmanna

Úrskurður úrskurðarnefndar lögmanna 8. september 2017 í máli nr. 9/2017 (gjafsóknarbeiðni ekki send)

Úrskurðir úrskurðarnefndar í váttryggingamálum

Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 14. október 2003 í máli nr. 181/2003 (örorkumat)

Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 9. ágúst 2005 í máli nr. 113/2005 (Fasteignasalan Bakki)

Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 24. febrúar 2006 í máli nr. 15/2006 (tilkynnt eftir dómsmál)

Ritrynd fræðigrein

- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 1. ágúst 2006 í máli nr. 124/2006 (hljóðbærni)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 25. október 2006 í máli nr. 182/2006 (kaskótrygging)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 15. mars 2007 í máli nr. 38/2007 (sambúðarslitasamningur)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 16. mars 2007 í máli nr. 31/2007 (börn)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 21. maí 2007 í máli nr. 82/2007 (styrktarsjóður)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 29. maí 2007 í máli nr. 86/2007 (dánarbú)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 15. júní 2007 í máli nr. 102/2007 (verktaki)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 17. júlí 2007 í máli nr. 118/2007 (haldið eftir greiðslu)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 7. ágúst 2007 í máli nr. 130/2007 (byggingarleyfi)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 14. ágúst 2007 í máli nr. 146/2007 (líkamstjón á veitingastað)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 13. nóvember 2007 í máli nr. 195/2007 (dómsuppkvaðning)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 4. mars 2008 í máli nr. 11/2008 (innbrot í bifreið)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 1. júlí 2008 í máli nr. 92/2008 (leiga á tækjum)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 9. september 2008 í máli nr. 147/2008 (slys á veitingastað)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 2. desember 2008 í máli nr. 232/2008 (starfslok í Danmörku)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 27. janúar 2009 í máli nr. 302/2008 (fasteignaviðskipti)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 2. mars 2009 í máli nr. 23/2009 (timburhús)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 24. mars 2009 í máli nr. 67/2009 (riftun kaupsamnings)

- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 7. apríl 2009 í máli nr. 87/2009 (úrskurður um málskostnað)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 15. apríl 2009 í máli nr. 86/2009 (arftökuréttur)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 20. apríl 2009 í máli nr. 99/2009 (bréf lögmanns)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 20. apríl 2009 í máli nr. 114/2009 (eitt tjónsatvik)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 21. apríl 2009 í máli nr. 109/2009 (eignarnám)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 13. október 2009 í máli nr. 309/2009 (matsgerð)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 9. mars 2010 í máli nr. 25/2010 (bréf til byggingarfulltrúa)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 4. maí 2010 í máli nr. 98/2010 (einkahlutafélag)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 29. júní 2010 í máli nr. 171/2010 (vangreidd laun)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 17. ágúst 2010 í máli nr. 210/2010 (starfsmannalán til hlutabréfakaupa)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 21. mars 2011 í máli nr. 64/2011 (skipti á jörð)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 14. apríl 2011 í máli nr. 95/2011 (þinglýstur eigandi)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 14. apríl 2011 í máli nr. 96/2011 (Haukabergr)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 19. apríl 2011 í máli nr. 98/2011 (húsbygging)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 24. maí 2011 í máli nr. 144/2011 (ökutæki)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 31. maí 2011 í máli nr. 186/2011 (takmörkun tjóns)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 14. júní 2011 í máli nr. 191/2011 (vinnuslys)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 22. september 2011 í máli nr. 326/2011 (landamerkjамál)

Ritrynd fræðigrein

- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 26. janúar 2012 í máli nr. 499/2011 (sumarhús)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 26. janúar 2012 í máli nr. 504/2011 (brunatjón)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 30. maí 2012 í máli nr. 172/2012 (umferðaróhapp)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 11. september 2012 í máli nr. 355/2012 (flugslýs)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 29. janúar 2013 í máli nr. 540/2012 (skattlagning bóta vegna Kárahnjúkavirkjunar)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 23. febrúar 2013 í máli nr. 112/2013 (vörubifreið)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 19. mars 2013 í máli nr. 45/2013 (skemmtiferð til Danmerkur)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 9. apríl 2013 í máli nr. 83/2013 (eignarhald fasteignar)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 13. ágúst 2013 í máli nr. 215/2013 (eftirstöðvar kaupverðs)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 10. september 2013 í máli nr. 252/2013 (hús byggt til eigin nota)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 1. október 2013 í máli nr. 291/2013 (þjónustusamningur)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 31. október 2013 í máli nr. 333/2013 (stjórnslýslukæra)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 10. desember 2013 í máli nr. 366/2013 (endurútreikningur)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 18. mars 2014 í máli nr. 347/2013 (After-the-event legal expences insurance policy)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 13. maí 2014 í máli nr. 103/2014 (veðsetning)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 20. maí 2014 í máli nr. 113/2014 (samliggjandi ár)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 5. ágúst 2014 í máli nr. 160/2014 (deilt um eignarhald)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 12. ágúst 2014 í máli nr. 208/2014 (skuldajöfnuður)

- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 19. ágúst 2014 í máli nr. 147/2014 (stjórn einkahlutafélags)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 19. ágúst 2014 í máli nr. 170/2014 (nauðungarsala)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 19. ágúst 2014 í máli nr. 177/2014 (verðbréfaeign)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 9. september 2014 í máli nr. 237/2014 (landspilda)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 16. september 2014 í máli nr. 206/2014 (kaupleiga)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 23. september 2014 í máli nr. 256/2014 (galli í bifreið)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 25. nóvember 2014 í máli nr. 327/2014 (ábyrgðarmaður)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 10. febrúar 2015 í máli nr. 3/2015 (framkvæmdastjóri)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 21. apríl 2015 í máli nr. 95/2015 (skattskyld hlunnindi)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 13. maí 2015 í máli nr. 124/2015 (ísskápur)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 3. júlí 2015 í máli nr. 221/2015 (riftun á bifreiðakaupum)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 10. nóvember 2015 í máli nr. 368/2015 (nauðungarsala II)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 10. nóvember 2015 í máli nr. 378/2015 (yfirdráttarskuld)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 19. janúar 2016 í máli nr. 439/2015 (skvass)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 19. apríl 2016 í máli nr. 67/2016 (bílasamningur)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 7. júní 2016 í máli nr. 101/2016 (fasteignatrygging húsfélags)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 14. júní 2016 í máli nr. 119/2016 (lífeyrisréttindi)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 1. júlí 2016 í máli nr. 149/2016 (skoðun á bifreið)

Ritrynd fræðigrein

- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 16. ágúst 2016 í máli nr. 219/2016 (námslán)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 27. september 2016 í máli nr. 166/2016 (skordýr)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 25. október 2016 í máli nr. 309/2016 (flugliði)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 28. október 2016 í máli nr. 320/2016 (lækkun láns hafnað)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 15. desember 2016 í máli nr. 368/2016 (fjárnám í bifreið)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 20. desember 2016 í máli nr. 369/2016 (landspilda II)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 17. janúar 2017 í máli nr. 403/2016 (byggingarstjóri)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 14. febrúar 2017 í máli nr. 7/2017 (meðlag)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 10. apríl 2017 í máli nr. 51/2017 (einelti)
- Úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 23. maí 2017 í máli nr. 133/2017 (Jökuldalur)

Abstract

The article describes the legal framework of legal expenses insurance in Iceland and the common content of legal expenses insurance agreements, inter alia in light of applicable decisions of the Insurance Complaints Committee. Further, the EEA rules on legal expenses insurance and the applicable case law stemming from the Court of Justice of the European Union and the EFTA Court is outlined. Moreover, it is considered whether, and to what extent, attorneys are obliged to inform their clients about legal expenses insurance.

Sáttamiðlun í sakamálum

» Pétur Hrafn Hafstein saksóknarfulltrúi

Ú

tdráttur

Uppbyggileg réttvísi er heiti á hugmyndafræði sem boðar nýja nálgun þegar tekist er á við afbrot og afleiðingar þeirra í samfélaginu og gengur út á að ná sáttum með aðilum máls eftir að brot hefur verið framið. Sáttamiðlun í sakamálum er ein af þeim aðferðum sem á rætur sínar að rekja til hugmyndafræðinnar, en almennt er talið að hún feli í sér uppbyggilegan og framsækinn valkost við úrlausn ágreiningsmála í stað þess hefðbundna.

Viðfangsefni þessarar greinar sem ber heitið „Sáttamiðlun í sakamálum“ er staða sáttamiðlunar í sakamálum í íslensku refsivörslukerfi með sérstakri áherslu á afdrif úrræðisins eftir tveggja ára tilraunaverkefni sem lauk árið 2008. Í öðrum kafla er fjallað á almennan hátt um uppbyggilega réttvísi, hefðbundna meðferð sakamáls og sakarforræði í sögulegu ljósi. Þriðji kafla fjallar um inntak og eðli sáttamiðlunar í sakamálum, kosti úrræðisins og vankanta þess. Sáttamiðlun á Íslandi frá aldamótum eru gerð ítarleg skil og farið er yfir helstu niðurstöður skýrslu nefndar um fyrrnefnt tilraunaverkefni og upplifun þátttakenda þess. Þá er fjallað stuttlega um beitingu úrræðisins á Norðurlöndunum. Í fjórða kafla er farið yfir þróun mála frá lokum tilraunaverkefnisins árið 2008 og rýnt í svör ráðherra við fyrirspurnum þingmanna um



stöðu sáttamiðlunar í sakamálum, mat á árangri við beitingu úrræðisins og framtíðarstefnu stjórnvalda í málaflokknum. Að lokum er farið yfir svör innanríkisráðuneytisins og embættis ríkissaksóknara við fyrirspurnum höfundar um stöðu þessara mála.

Svör ráðuneytisins bera með sér að engin framþróun hefur orðið í þessum málaflokki frá lokum tilraunaverkefnisins sem endurpeglast í tölum frá ríkissaksóknara sem sýna svart á hvítu að beiting úrræðisins fer minnkandi ár frá ári. Það gefur til kynna að mun fleiri mál en þau sem lokið er með sáttamiðlun komi til greina sem sáttamál og þá blasir við sú staðreynd að fjöldi sambærilegra mála fær mismunandi meðferð sökum þess að beiting úrræðisins er ekki nægjanlega fastmótuð. Í því sambandi vekur framkvæmd þessara mála upp áleitnar spurningar um samræmi við meðferð sakamála í ljósi grundvallarreglunnar um jafnræði allra fyrir lögum. Með því að gera sáttamiðlun í sakamálum að varanlegum hluta íslensks réttarkerfis má auka veg úrræðisins og festa það í sessi þannig að sá valkostur standi öllum jafnt til boða þegar við á.

- 1 Inngangur
- 2 Uppbyggileg réttvísi
 - 2.1 Almennt
 - 2.2 Hefðbundin meðferð sakamáls og sakarforræði
- 3 Sáttamiðlun í sakamálum
 - 3.1 Almennt
 - 3.2 Sáttamiðlun á Íslandi
 - 3.2.1 Tilraunaverkefnið Hringurinn
 - 3.2.2 Tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum
 - 3.2.2.1 Um verkefnið
 - 3.2.2.2 Úrvinnsla og upplifun þátttakenda
 - 3.2.2.3 Helstu niðurstöður skýrslu nefndar um tilraunaverkefnið
 - 3.3 Norðurlönd
- 4 Þróun frá árinu 2008
- 5 Niðurlag

1 Inngangur

Afbrot er „hver sú háttsemi, athöfn eða athafnaleysi, sem refsing liggur við samkvæmt þeim refsilheimildum sem gildandi eru taldar á hverjum tíma“ en sátt er „samkomulag aðila um ráðstöfun sakarefnis eða lausn á ágreiningi áður en til málshöfðunar kemur eða áður en dómur gengur.“¹ Með sáttamiðlun í sakamálum gefst brotamönnum og brotþolum tækifæri til sáttar í kjölfar afbrots fyrir tilstuðlan hins opinbera að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Umfjöllunarefni þessarar greinar er staða sáttamiðlunar í sakamálum í íslensku refsivörslukerfi með sérstakri áherslu á afdrif úrræðisins eftir tveggja ára tilraunaverkefni sem lauk árið 2008. Í upphafi verður fjallað um uppbyggilega réttvísi sem hugmyndafræðilegan grundvöll sáttamiðlunar og farið yfir hefðbunda meðferð sakamáls og sakarforræði í ljósi sögunnar. Þá tekur við almenn umfjöllun um sáttamiðlun í sakamálum, bæði hér á landi og á Norðurlöndum, þar sem einkum verður litið til fyrrnefnds tilraunaverkefnis og niðurstaðna þess. Í framhaldi af því verður skoðað hver þróun úrræðisins hefur verið frá árinu 2008 til dagsins í dag. Að lokum verða niðurstöður dregnar saman og lagt mat á það hvers má vænta miðað við þá þróun sem orðið hefur.²

2. Uppbyggileg réttvísi

2.1 Almennt

Uppbyggileg réttvísi (e. restorative justice) er heiti á hugmyndafræði sem boðar nýja nálgun þegar tekist er á við afbrot og afleiðingar þeirra í samfélaginu og gengur út á að ná sáttum með aðilum máls eftir að brot hefur verið framið. Það er skilgreiningaratriði að afbrot er brot gegn einstaklingi og samfélaginu sem slíku og gerð er krafa

¹ *Lögfræðiorðabók með skýringum* (Bókaútgáfan Codex - Lagastofnun Háskóla Íslands 2008) 7 og 374.

² Grein þessi er byggð á ritgerð höfundar frá árinu 2017 í námskeiðinu „Úrlausn ágreiningsmála“ í meistaranámi við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

um úrbætur. Sáttin er fyrst og fremst milli brotaþola og brotamanns, en hún hefur einnig víðari skírskotun í samfélagslegu samhengi. Réttlætinu sé best þjónað ef samfélagið í heild, ásamt brotamanni og brotaþola, hjálpast að við að finna lausn mála með sáttum, endurbótum og huggun. Brotamaður verður að viðurkenna ábyrgð sína af fúsum og fjálsum vilja og hafa löngun til að lina afleiðingar háttsemi sinnar á jákvæðan og lærdómsríkan hátt. Lögð er áhersla á sameiginlega aðkomu aðila við úrlausn máls í stað ópersónulegrar stofnunar þar sem teknar eru ákvarðanir án tillits til þeirra er málið snertir.³

Markmiðin eru margvísleg, meðal annars að fækka afbrotum og draga úr neikvæðum áhrifum þeirra. Þá er einblínt á að bæta það tjón sem brotaþoli hefur orðið fyrir með því að brotamaður axli ábyrgð á þeim afleiðingum sem brot hans hefur valdið þannig að sem bestu jafnvægi verði komið á í samfélaginu. Skaðinn sem afbrot valda skapar einnig þarfir hjá þeim sem fyrir þeim verða á beinan eða óbeinan hátt. Með aðferðum uppbyggilegrar réttvísi er leitast við að draga úr skaðlegum afleiðingum með því að koma til móts við þarfir fólks, einkum brotaþola, með það fyrir augum að fullnægja þörfum þess og losa það undan vanlíðan á eins sanngjarnan og réttlátan hátt og frekast er unnt. Það er ekki aðeins brotaþoli sem líður fyrir afbrot heldur að jafnaði brotamaður sjálfur, vinir, ættingjar og samfélagið í heild. Með sátt sem allir geta fellt sig við er stigið skref í átt að endurreisn og innlimun málsaðila í heilbrigðara samfélag.⁴

Til aðgreiningar á aðferðum uppbyggilegrar réttvísi og hefðbundinnar meðferðar sakamála hefur verið bent á mismunandi áherslur þessara úrræða. Með síðarnefnda úrræðinu er kappkostað að sanna sök sakbornings og fá hann dæmdan til refsingar með aðstoð brotaþola við ákærvaldið en með hinu fyrrnefnda er lögð áhersla á hagsmuni

³ „Skýrsla nefndar um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna“ (Dómsmálaráðuneyti 24. apríl 2004) 19–20 <https://www.innanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/Nyjar_leidir_vegna_afbrota_ungmenna.pdf> skoðað 15. mars 2017.

⁴ sama heimild 19–20; „Skýrsla nefndar um tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum“ (Dómsmálaráðuneyti 18. febrúar 2009) 7 <https://www.innanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/Skyrsla_sattamidlun.pdf> skoðað 15. mars 2017.

brotþola og tekið tillit til hans við málsmeðferðina. Við sáttamiðlun og í samræðum á milli aðila komi brotamaður ekki fram sem sakborningur heldur gerandi.⁵ Grundvallarmuni þessara úrræða hefur verið lýst þannig að með hefðbundinni meðferð sé miðað að því að brotamenn fái makleg málagjöld en með uppbyggilegri réttvísi sé áhersla hins vegar lögð á þarfir brotþola og ábyrgð brotamanna á því að bæta fyrir orðinn skaða. Nánari aðgreiningu þeirra má sjá á myndinni hér að neðan.⁶

Two Different Views	
<i>Criminal Justice</i>	<i>Restorative Justice</i>
<ul style="list-style-type: none">● Crime is a violation of the law and the state.● Violations create guilt.● Justice requires the state to determine blame (guilt) and impose pain (punishment).● <i>Central focus: offenders getting what they deserve.</i>	<ul style="list-style-type: none">● Crime is a violation of people and obligations.● Violations create obligations.● Justice involves victims, offenders and community members in an effort to put things right.● <i>Central focus: victim needs and offender responsibility for repairing harm.</i>

The Little Book of Restorative Justice, bls. 19.

Það er síður en svo óumdeilt hvaða úrræði teljist til uppbyggilegrar réttvísi. Almenn er þó talið að hugmyndafræðin feli í sér uppbyggilegan og framsækinn valkost við úrlausn ágreiningsmála í stað þess hefðbundna. Meta verði hverju sinni hvort tiltekið úrræði uppfylli skilyrði uppbyggilegrar réttvísi. Hætt sé við að tiltrú á hugmyndafræðina dvíni ef skilgreiningin er of víðtæk. Við mat á því hvort tiltekið úrræði teljist til uppbyggilegrar réttvísi hafa nokkur atriði verið höfð til viðmiðunar.

⁵ „Skýrsla nefndar um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna“ (n. 3) 19–20.

⁶ Howard Zehr og Ali Gohar, *The Little Book of Restorative Justice* (Good Books 2003) 19.

Í fyrsta lagi verður að eiga sér stað eitthvert ferli sem miðar að því að fá brotþola, brotamann og nátengda aðila að borðinu til samræðu um hvað gerðist, hvaða afleiðingar háttsemin hafði í för með sér og hvernig megi bæta það tjón sem orðið hefur og koma í veg fyrir endurtekin brot eða deilur. Í annan stað er lögð áhersla á að styrkja þá einstaklinga sem orðið hafa fyrir skaðlegum áhrifum vegna afbrots. Í þriðja lagi að þeir sem stýri ferlinu, sáttamenn, leitist við að finna lausn sem miði að því að brotamaður viðurkenni brotið og axli ábyrgð á áþreifanlegan hátt fremur en að í henni felist fordæming eða refsing. Í fjórða lagi að sáttamenn tryggji að ferlið sjálft og lausn aðila grundvallist á meginreglum og gildum sem eru eftirsóknarverð í mannlegum samskiptum, svo sem virðingu fyrir náunganum, samstöðu í stað útskúfunar og að forðast beri ofbeldi og þvingun. Ennfremur að þeir veiti tjóni og þörfum brotþola verðskuldaða athygli þannig að þörfum hans verði mætt á áþreifanlegan máta. Að lokum að lögð sé áhersla á að styrkja og stuðla að heilbrigðu sambandi milli aðila.

Felist öll fyrrnefnd atriði í úrræði til úrlausnar vegna afbrots er óumdeilt að það telst til uppbyggilegrar réttvísi. Yfirleitt eru þó aðeins sum þessara atriða til staðar en það er ekki þar með sagt að úrræðið teljist einskis virði í þessu tilliti. Það er mismunandi milli einstakra mála hver áherslan er og hugtakið er opið og í sífellndri þróun – vera má að það sé einmitt þess vegna sem merking þess er umdeild.⁷

2.2 Hefðbundin meðferð sakamáls og sakarforræði

Eftir að afbrot hefur verið framið og að lokinni lögreglurannsókn er hefðbundinn ferill sakamáls með þeim hætti að málið er sent ákæranda til frekari meðferðar. Ákærandi tekur ákvörðun um framvindu máls á grunni þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu. Eftir ákvæðum XXII. kafla laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 (hér eftir sml.) eru nokkrar leiðir færar, allt eftir eðli máls. Til greina kemur að endursenda lögreglu málið til framhaldsrannsóknar ef ætla má að frekari upplýsingar um einhverja þætti máls geti haft áhrif á ákvörðun ákæranda um framvindu þess. Telji ákærandi það sem fram er komið

⁷ Gerry Johnstone og Daniel W. Van Ness, „The meaning of restorative justice“ í Gerry Johnstone og Daniel W. Van Ness (ritstj.) *Handbook of Restorative Justice* (Willan Publishing 2007) 5–8.

ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis fellir hann mál niður en ella höfðar hann mál á hendur sakborningi, sbr. 145. gr. sml. Þó kemur til greina að falla frá saksókn eftir ákvæðum 146. gr. sml. enda þótt ákærandi telji það sem fram er komið nægilegt eða líklegt til sakfellis ef einhverjar þær aðstæður eru uppi sem lýst er í greininni, þar á meðal að sakborningur og brotaþoli hafi komist að samkomulagi og sakborningur hafi efnt það fyrir sitt leyti, sbr. b-lið 3. mgr. 146. gr. sml.

Samkvæmt nýjustu tölfræði ákærvaldsins frá árinu 2016 voru gefnar út ákæru í miklum meirihluta afgreiddra brota það árið eða í 83% tilvika. Svipaðar tölur er að finna frá árunum áður, en ákært var í 76% tilvika árið 2015, 65,6% árið 2014 og 76,2% árið 2013.⁸ Það er því algengast að sakamál sem komin eru úr lögreglurannsókn í ákærumeðferð rati fyrir dómstóla en aðilar slíkra mála eru annars vegar ákærvaldið fyrir hönd hins opinbera og hins vegar sakborningur, einn eða fleiri. Brotaþoli á ekki beina aðild að sakamáli, en honum gefst eftir atvikum kostur á því að fá skipaðan réttargæslumann, sbr. 42. gr. sml., og hafa uppi bótakröfu í sakamáli, sbr. XXVI. kafla sömu laga, og á hann þannig einkaréttarlega aðild að málinu. Í hugmyndafræðinni um uppbyggilega réttvísi felst gagnrýni á hefðbundin viðbrögð yfirvalda á Vesturlöndum sem þykja fela í sér of ríka áherslu á að refsa brotamanninum án þess að gefa þörfum og viðhorfum brotaþola nægan gaum.⁹ Miðað við framangreindar tölur um afdrif afgreiddra brota hjá ákærvaldinu má ætla að það eigi jafnframt við hér á landi. Þó má ekki líta fram hjá fyrrnefndri aðkomu brotaþola að meðferð mála með aðstoð réttargæslumanna, en þeirra hefur ekki ávallt notið við í sakamálum. Vegna aukins vægis hugmyndafræðinnar

⁸ „Tölfræði ákærvaldsins 2016“ (Ríkissaksóknari 2016) 6 <http://www.rikissaksoknari.is/media/arsskyrslur/Rikissaksoknari_2016_Web.pdf> skoðað 8. febrúar 2018; „Tölfræði ákærvaldsins 2015“ (Ríkissaksóknari 2015) 6 <http://www.rikissaksoknari.is/media/arsskyrslur/Rikissaksoknari_2015_WEB.pdf> skoðað 3. apríl 2017; „Tölfræði ákærvaldsins 2014“ (Ríkissaksóknari 2014) 6 <http://www.rikissaksoknari.is/media/arsskyrslur/Rikissaksoknari_2014_lokaWEB.pdf> skoðað 3. apríl 2017; „Ársskýrsla 2013“ (Ríkissaksóknari 2013) 12 <http://www.rikissaksoknari.is/media/arsskyrslur/Rikissaksoknari_2013_Web.pdf> skoðað 3. apríl 2017.

⁹ „Skýrsla nefndar um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna“ (n. 3) 19.

um uppbyggilega réttvísi í refsipólitískri umræðu hin síðari ár hafa stjórnvöld margra ríkja gert úrbætur á réttarkerfum sínum. Þolendum afbrota er þannig veittur aukinn aðgangur að meðferð sakamála með aðstoð réttargæslumanna.¹⁰

Norski afbrotafræðingurinn Nils Christie hefur fært rök fyrir því að afbrot skaði fyrst og fremst persónuleg sambönd einstaklinga. Það tjón sem afbrot valda slíkum samböndum sé í raun „eign“ þeirra sem málið snertir, það er brotþola, brotamanns og samfélagsins. Þannig hafi refsivörslukerfið í raun „stolið“ afbrotinu frá þeim og fyrir vikið komið í veg fyrir að aðilar máls leysi úr því í sameiningu með því að ræða saman og bæta þær aðstæður sem urðu til þess að afbrot var framið áður en hið opinbera tekur fram fyrir hendurnar á þeim.¹¹

Á þjóðveldisöld var handhöfn ákærvalds í höndum þess er misgert var við og varð hann að reka mál sitt sjálfur þar sem ekkert eiginlegt stjórnvald var til sem fór með saksókn vegna refsiverðra athafna einstaklinga. Afbrot voru aðeins talinn varða brotþola sjálfan og nánustu ættingja hans, en hann naut gjarnan stuðnings þeirra sem og þess goða sem hann heyrði undir. Með tímanum urðu landsmenn þó þreyttir á þeim ófriði sem þessu fyrirkomulagi fylgdi og fleiri urðu þeirrar skoðunar að afbrot vörðudu ekki aðeins þá sem áttu hlut að máli, heldur hefðu þau áhrif á þjóðfélagið í heild. Með von um frið í landinu og almennt réttaröryggi þótti ekki tækt að þjóðfélagið léti sig með engu varða afbrot einstaklinga. Það var þó ekki fyrr en á 18. öld sem meðferð refsimála færðist að öllu leyti frá einstaklingum til sýslumanna.¹² Því verður þó ekki haldið fram að refsivörslukerfi þjóðveldisins hafi grundvallast á hugmyndafræði uppbyggilegrar réttvísi, en sögulegur samanburður varpar að minnsta kosti ljósi á þá staðreynd að margar leiðir eru færar og hafa verið farnar í baráttunni við afbrot og afleiðingar þeirra og sakarforræðið

¹⁰ „Skýrsla nefndar um tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum“ (n. 4) 7.

¹¹ Nils Christie, „Conflicts as Property“ (1977) 17 *The British Journal of Criminology* 1.

¹² Bogi Nilsson, „Brot úr sögu ákærvaldsins á Íslandi“ (2011) 61 *Tímarit lögfræðinga* 147, 147-148; Simon Sigvaldason, „Nýskipan ákærvalds“ (2011) 61 *Tímarit lögfræðinga* 179, 180.

hefur ekki alltaf verið í höndum hins opinbera. Ein af þeim leiðum er sáttamiðlun í sakamálum sem hefur verið valkostur við meðferð slíkra mála hér á landi frá því að tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum hóf göngu sína 1. október 2006, en nánar verður fjallað um tilraunaverkefnið síðar í grein þessari.

3. Sáttamiðlun í sakamálum

3.1 Almennt

Í Lögfræðiorðabók Lagastofnunar Háskóla Íslands er hugtakið *sáttamiðlun í sakamálum* skýrt svo:

Í sakamálum er sáttamiðlun aðferð sem felst í því að brotamaður og brotaþoli eru leiddir saman til að koma hinum brotlega í skilning um þau rangindi sem hann hefur viðhaft og fá hann til að fríðmælast við brotaþola með það fyrir augum að þeir nái sáttum.¹³

Af þeim aðferðum sem kenndar eru við uppbyggilega réttvísi er sáttamiðlun (e. mediation) sú aðferð sem sögð er hafa notið mestrar hylli. Ofangreind skilgreining er ekki tæmandi enda fyrirfinnast hinar ýmsu útfærslur sáttamiðlunar í heiminum, en þær eiga það flestar sammerkt að leiða saman brotaman og brotaþola með aðkomu sáttamanns til að ræða saman um hvað gerðist þeirra á milli og að reyna að ná sáttum. Birtingarmynd sáttamiðlunar er mismunandi frá einu refsivörslukerfi til annars. Hún getur verið reglubundinn þáttur í því með sérstakri löggjöf, tengd kerfinu beint sem eitt af úrræðum ákæranda við meðferð máls að tilteknum skilyrðum uppfylltum eins og hér á landi, tengd kerfinu með óbeinum hætti sem sérstakt skilyrði fyrir annars konar skilorðsbundinni lúkningu máls eða verið sjálfstæð starfsemi utan refsivörslukerfisins. Tilraunir með úrræðið hófust við upphaf áttunda áratugar síðustu aldar í Kanada og Bandaríkjunum og hefur sáttamiðlun náð mikilli útbreiðslu í hinum vestræna heimi

¹³ *Lögfræðiorðabók með skýringum* (Bókaútgáfan Codex - Lagastofnun Háskóla Íslands 2008) 375.

frá þeim tíma. Í Evrópu hófust slíkar tilraunir um áratugi síðar og er sáttamiðlun nú orðin fastmótaður og samþykktur þáttur í réttarkerfi margra Evrópuríkja, þótt lagagrundvöllur og útfærslur séu afar mismunandi.¹⁴

Til vitnis um útbreiðslu sáttamiðlunar í hinum vestræna heimi hafa alþjóðlegar stofnanir á borð við Evrópuráðið og Sameinuðu þjóðirnar hvatt aðildarríki sín til þess að kynna sér kosti uppbyggilegrar réttvísi og gera sáttamiðlun að raunverulegum valkosti í réttarkerfum sínum.¹⁵ Gefin var út handbók á vegum skrifstofu Sameinuðu þjóðanna (UNODC)¹⁶ um úrræði uppbyggilegrar réttvísi. Þar er skilgreint hvað felst í úrræðum uppbyggilegrar réttvísi (e. restorative justice programme), en það er hvert það úrræði sem byggir á uppbyggilegu ferli (e. restorative process) sem leitast við að ná uppbyggilegri útkomu. Þá er uppbyggilegt ferli skilgreint sem sérhvert það ferli þar sem brotamaður, brotþoli og eftir atvikum aðrir þeir sem afbrot hefur haft áhrif á sameinast um úrlausn ásamt því að bregðast við afleiðingum afbrotsins, almennt undir handleiðslu sáttamanns.¹⁷ Sáttamiðlun í sakamálum er dæmi um uppbyggilegt ferli.

Sáttamaður nefnist sá aðili sem stjórnar sáttafundi og er hlutverk hans aðallega að vera brotamanni og brotþola til aðstoðar og gæta þess að á hvorugan aðila sé hallað en ekki að leysa úr ágreiningi þeirra, líkt og á við um dómstóla. Hver sá sem hefur fengið viðeigandi þjálfun til starfans eða hver sá sérfræðingur sem að lögum hefur það hlutverk að leita satta, svo sem dómarmar og lögmenn, getur verið sáttamaður. Í

¹⁴ Jón Þór Ólason „Auga fyrir auga – Markmið refsinga og þróun viðurlagakerfisins“ (2004) 57 Úlfjótur 201, 221-223.

¹⁵ Sjá (1) Recommendation No. R (99)19 of the Committee of Ministers to member States concerning mediation in penal matters (Council of Europe Committee of Ministers 15. september 1999) <https://search.coe.int/cm/Pages/result_details.aspx?ObjectID=090000168062e02b>; (2) Basic Principles on the Use of Restorative Justice Programmes in Criminal Matters res. 2000/14 (ECOSOC 2000) <<https://www.un.org/ruleoflaw/blog/document/basic-principles-on-the-use-of-restorative-justice-programmes-in-criminal-matters/>>.

¹⁶ United Nations Office on Drugs and Crime (Vienna).

¹⁷ Handbook on Restorative Justice Programmes (UNODC 2006) 7 <https://www.unodc.org/pdf/criminal_justice/06-56290_Ebook.pdf> skoðað 10. apríl 2017.

fyrirnefndu tilraunaverkefni hér á landi voru lögreglumenn í hlutverki sáttamanns. Það er meginregla að báðir aðilar samþykki að farin sé þessi leið, enda væri árangur sáttamiðlunar að öðrum kosti fyrir bord borinn. Aðalatriðið er að brotamaður og brotaþoli komi saman og ræði málið. Náist sáttasamningur milli aðila sem sáttamaður staðfestir er hlutverki hans yfirleitt lokið. Efni sáttar getur nánast verið hvað sem er, svo sem greiðsla skaðabóta til brotaþola, brotamaður bæti það tjón sem hann hefur valdið eða samkomulag um samfélagsþjónustu brotamanns í tiltekinn tíma.¹⁸

Eins og við er að búast hefur í umræðunni um sáttamiðlun verið bent á jákvæðar og neikvæðar hliðar. Sáttamiðlun hefur verið talin fela í sér ábata fyrir brotaþola, brotamann og samfélagið í heild. Helsti kostur úrræðisins í samamburði við hina hefðbundnu dómstólaleið er hversu hagkvæmt það er – málum sé lokið með skjótari og kostnaðarminni hætti og fleiri eiga þess kost að fá úrlausn sinna mála. Á sama tíma er ákveðnum þunga létt af ákærvaldi og dómstólum. Það er ekki síður mikilvægur kostur, og í anda hugmyndafræðinnar að baki sáttamiðlun, að réttarstaða brotaþola er styrkt. Hann hefur beina aðkomu að máli, veigameira hlutverk en verið hefur og þar með áhrif á hvernig máli er lokið. Hafi brotaþoli orðið fyrir andlegu áfalli getur það hjálpað til við bata og að komast yfir ótta að mæta brotamanni og ræða við hann um það tilfinningalega tjón sem brot hans hefur valdið, enda er alvanalegt að brotaþoli sé haldinn ranghugmyndum um útlit og persónu brotamanns sem ekki eiga sér stoð í raunveruleikanum. Þá getur það hjálpað til að fá skýringar brotamanns á hegðun sinni. Samleiðing aðila þykir líklegri til þess að hafa sérstök varnaðaráhrif á brotamann en hinar hefðbundnu aðferðir. Með því að mæta þeim sem hann hefur brotið gegn er brotamaður knúinn til þess að horfast í augu við gjörðir sínar og afleiðingar þeirra, útskýra hvað honum gekk til og komast í framhaldinu að samkomulagi við brotaþola. Hefur það verið talið vel til þess fallið að brotamaður átti sig betur á afleiðingum gjörða sinna og endurtaki síður leikinn, sérstaklega þegar um unga brotamenn er að ræða. Í umfjöllun um vankanta úrræðisins hefur verið bent á að með því að sveigja fram hjá formreglum

¹⁸ „Skýrsla nefndar um tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum“ (n. 4) 8.

dómstólaleiðarinnar sé réttaröryggi teft í tvísýnu og að óvíst sé hvort sambærileg mál fái samskonar meðferð. Fyrir vikið kann brotamönnum að vera mismunad. Sum þeirra mála sem annars væru felld niður hjá ákærvaldinu fari nú í sáttameðferð. Standi brotamaður ekki við gerðan sáttasamning þurfi að taka málið aftur til meðferðar hjá ákærvaldinu. Úrræðið geti því valdið óþarfa málstöfum. Þá hefur verið rætt um að ójafnræði milli aðila geti haft áhrif á niðurstöðu máls þannig að sterkari aðilinn geti í krafti aðstöðumunar knúið fram þá niðurstöðu sem honum hugnast. Ákveðnir hópar í samfélaginu sem hafa í gegnum tíðina staðið höllum fæti í jafnréttismálum, til dæmis konur og þjóðernislegir minnihlutahópar, gætu farið á mis við þá vernd og aðstoð sem aðrir eru aðnjótandi. Þá sé hætta á því að persónuleg afstaða sáttamanns geti haft áhrif á niðurstöðu máls. Þá hefur því verið haldið fram að sáttamiðlun dragi úr mikilvægi opinbers valds, leiði til útþenslu félagsþjónustu, sé aldagömul aðferð sem verði ekki yfirferð á nútímasamfélag með sinni formlegu beitingu laga, reglna og úrskurðarvaldi dómstóla og að í mörgum tilvikum varði ágreiningsmál fleiri en þá sem leita sátta í máli án þess að tekið sé tillit til þeirra í sáttasamningi brotamanns og brotaþola.¹⁹

3.2 Sáttamiðlun á Íslandi

3.2.1 Tilraunaverkefnið Hringurinn

Tilraunaverkefnið Hringurinn var samvinnuverkefni Miðgarðs, fjölskylduþjónustunnar í Grafarvogi, og lögreglunnar í Reykjavík til eins árs um ný úrræði vegna afbrota ósakhæfra ungmenna sem hófst formlega 1. september 2001. Verkefnið var sniðið að bandarískri fyrirmynd, Restorative Justice Circle, og miðaði að því að gefa barni sem framið hefur afbrot tækifæri til að læra af reynslu sinni, hjálpa til við að skapa öruggara umhverfi og þannig bæta fyrir hegðun sína á uppbyggilegan máta.

¹⁹ Jón Þór Ólason (n. 14) 223-224; „Skýrsla nefndar um tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum“ (n. 4) 8-10; „Skýrsla nefndar um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna“ (n. 3) 22-24.

Tilraunverkefnið takmarkaðist við skemmdarverk og þjófnaði, sem voru algengustu brotaflokkar barna árin áður. Börnum sem brotið höfðu af sér stóð til boða að taka þátt í Hringnum ásamt forráðamönnum sínum ef stýrihópur mat það svo að gerandinn gæti nýtt sér úrræðið. Starfið hófst þannig að ábyrgðarmaður hélt fund með geranda og forráðamönnum hans, þolanda og fulltrúa samfélagsins, svo sem slökkviliðsmanni ef um íkveikju var að ræða. Fyrsti fundur var markmiðsfundur þar sem unnið var að því að ná jákvæðum samskiptum og tengslum á milli aðila þar sem öllum var fjálst að tjá sig um sína upplifun og skoðanir. Niðurstaða markmiðsfundar fól í sér raunhæft markmið fyrir geranda til að bæta fyrir það tjón sem varð af háttsemi hans. Að fundinum loknum var gerandi kynntur fyrir tengilið, fullorðnum einstaklingi sem hélt utan um þá vinnu sem gerandi hafði sett sér að vinna til að bæta fyrir brot sitt, og gerðu þeir með sér samning. Að loknu vinnutímabili gaf tengillinn umsögn og haldinn var lokafundur þar sem metið var hvernig til tókst og hvort markmiðum hafi verið náð.²⁰

Í september 2003 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til þess að fara yfir verkefnið, fylgjast með því og leggja mat á afraksturinn. Lagt var fyrir nefndina að meta hvort rétt væri að taka slíkt fyrirkomulag upp almennt er varðar ósakhæf ungmenni og jafnframt hvort rétt væri að taka upp sambærileg úrræði fyrir sakhæf ungmenni og gera tillögur að lagabreytingum í því sambandi. Ítarleg skýrsla nefndarinnar kom út 21. apríl 2004.

Niðurstöður nefndarinnar endurspeglar afar jákvæða afstöðu til sáttamiðlunar almennt og var eindregið mælt með því að sáttamiðlun yrði tafarlaust tekin upp í íslenskt réttarkerfi. Nefndin taldi augljósa kosti mæla með úrræðinu og að hún hefði orðið þess áskynja að ákærendur og dómara teldu sáttamiðlun vænlegan kost í minni háttar málum. Nefndin lagði meðal annars til að sáttamiðlun yrði tekin upp sem tilraunaverkefni í tvö ár. Sett yrði á laggirnar sakaråd sem héldi utan um sakamál í sáttameðferð sem færi fram á heimilis- eða

²⁰ „Skýrsla nefndar um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna“ (n. 3) 4-7.

dvalarvarnarþingi brotamanns, í smærri málum til að byrja með undir handleiðslu sáttamanns. Ríkissaksóknari gæfi út almenn fyrirmæli til lögreglustjóra um sáttamiðlun og að mál sem lyki með þeim hætti færu ekki á sakaskrá brotamanns. Hvað varðar ósakhæf ungmenni var lagt til að boðið yrði upp á sáttamiðlun byggða á reynslu Hringsins. Í viðauka við skýrsluna eru drög að lagafrumvarpi um sátttaumleitun í sakamálum.²¹

3.2.2 Tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum

3.2.2.1 Um verkefnið

Með vísan til fyrrnefndra tillagna nefndar um tilraunaverkefnið Hringinn ákvað dómismálaráðherra 17. maí 2006 að setja á fót tilraunaverkefni til tveggja ára um sáttamiðlun í sakamálum. Af því tilefni var skipuð nefnd til að annast eftirlit með verkefninu og gæta samræmingar milli þeirra aðila sem að því kæmu. Tilraunaverkefnið stóð frá 1. október 2006 til 30. september 2008.²²

Í upphafi sótti verkefnið lagastoð í 113. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, en með tilkomu nýrra laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 færðist lagastoðin yfir í b-lið 3. mgr. 146. gr. þeirra laga en þar er ákæranda veitt heimild til þess að falla frá saksókn „ef sakborningur og brotþoli hafa komist að samkomulagi og sakborningur hefur efnt það fyrir sitt leyti.“ Athygli vekur að í frumvarpi til laga um meðferð sakamála var heimild b-liðar bundin því skilyrði að samkomulag aðila væri fengið „að undangenginni sáttamiðlun“.²³ Samþykkt var breytingartillaga allsherjarnefndar Alþingis um að falla frá þeirri kröfu.²⁴ Í nefndaráriti allsherjarnefndar var brottfallið rökstutt svo: „Þótt sú aðferð við að ná sáttum milli hins brotlega og þess, sem hann hefur brotið gegn, hafi margt til síns ágætis verður ekki séð að þessi heimild til niðurfellingar saksóknar

²¹ Sama heimild 40–44.

²² „Skýrsla nefndar um tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum“ (n. 4) 4–5.

²³ Alþt. 2007–2008, A-deild, þskj. 252 – 233. mál.

²⁴ Alþt. 2007–2008, A-deild, þskj. 1154 – 233. mál.

skuli einskorðuð við hana.²⁵ Að mati höfundar gefur þessi breyting á b-lið 3. mgr. 146. gr. sml. til kynna áhersluleysi löggjafans í þessum málum, en nánar verður fjallað um stöðu sáttamiðlunar í 4. kafla.

Verkefnið náði til alls landsins, en innleiðing þess hófst hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og var svo fært til annarra embætta smám saman. Lögreglumenn sem fengið höfðu sérstaka þjálfun voru í hlutverki sáttamanna og unnu eftir fyrirframgefnu handriti. Unnið var á grundvelli sáttaaðferðar að erlendri fyrirmynd sem nefnist „Real Justice“, en sú aðferð ber einkenni fjöldafundar (e. conferencing) sem er sáttaaðferð byggð á því að fleiri aðilar en gerandi og þolandi eru á sáttafundi, ólíkt hefðbundinni sáttamiðlun (e. mediation) þar sem aðeins brotamaður og brotþoli koma saman ásamt sáttmanni. Ætlast var til að brotþoli og brotamaður tækju með sér þá aðila á sáttafund sem þeir teldu hentuga sér til aðstoðar.²⁶

Dómsmálaráðherra fól ríkissaksóknara að útfæra tiltekna þætti tilraunaverkefnisins, þar á meðal hvaða sakarefni væru tæk til þessarar meðferðar og skilyrði þess að mál yrði sent í sáttamiðlun. Ríkissaksóknari gaf út fyrirmæli um sáttamiðlun þar sem kveðið var á um þessa þætti, RS: 1/2006, sem tóku gildi 1. október 2006. Síðan þá hafa fyrirmælin verið endurútgefin fjórum sinnum, nú síðast RS: 8/2017 sem tóku gildi 25. janúar 2017, en núgildandi fyrirmæli eru í meginatriðum samhljóða fyrstu fyrirmælum embættisins. Í fyrirmælunum er kveðið á um hvaða brotum gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940 ákærandi getur vísað til sáttamiðlunar að öðrum skilyrðum uppfylltum. Það eru brot gegn hegningarlagaákvæðum 244. gr. (þjófnaður), 245. gr. (gripdeild), 231. gr. (húsbrot), 233. gr. (hótun), 257. gr. (eignaspjöll), 217. gr. (minni háttar líkamsárás) og 259. gr. (nytjastuldur). Í fyrstu þremur fyrirmælum ríkissaksóknara var einnig kostur á að vísa til sáttamiðlunar brotum gegn 106. gr. (minniháttar brot gegn valdstjórninni) en ákvörðun um það skyldi tekin á skrifstofu ríkissaksóknara. Það hegningarlagaákvæði

²⁵ Alþt. 2007–2008, A–deild, þskj. 1153 – 233. mál.

²⁶ „Skýrsla nefndar um tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum“ (n. 4) 12.

var fellt út með fyrirmælum RS: 1/2011.²⁷ Þá kom brot gegn 209. gr. (brot gegn blygðunarsemi) nýtt inn í núgildandi fyrirmælum.²⁸

Önnur skilyrði þess að máli verði vísað til sáttamiðlunar eru þau að málinu yrði að öðrum kosti lokið með skilorðsbundinni ákærufrestun eða ætla mætti að refsing við brotinu færi ekki fram úr sektum eða skilorðsbundnu fangelsi. Máli verður þó aðeins vísað til sáttamiðlunar að gerandi hafi játað brot og að málið sé talið nægilega upplýst og að gerandi og brotþoli hafi samþykkt að málið fái þá meðferð. Ef gerandi eða brotþoli er yngri en 18 ára skal samþykki veitt af lögráðamanni. Tiltekið aldurshámark geranda er ekki gert að skilyrði sáttamiðlunar en áréttað er í fyrirmælum ríkissaksóknara að sáttamiðlun sé sérstaklega æskilegur kostur í málum vegna brota ungmenna 15 – 21 árs. Kallast það á við ákvæði 1. tl. 56. gr. hgl. um skilorðsbundna ákærufrestun og refsidóma sem sett er til verndar hagsmunum sama aldurs hóps. Það er ákærandi sem metur hvort mál, sakarefni og málavextir, er til þess fallið að verða vísað til sáttamiðlunar og er lögð áhersla á að „sérstök varnaðaráhrif mæli með slíkri meðferð og að almenn varnaðaráhrif mæli því ekki í mót.“²⁹ Á tilraunatímabilinu var það jafnframt ófrávíkjanlegt skilyrði samkvæmt RS: 1/2006 að gerandi hafi ekki áður gerst sekur um alvarleg eða ítrekuð hegningarlagabrot en með fyrstu endurútgáfu fyrirmælanna, RS: 1/2008, var það skilyrði fellt á brott. Þá var jafnframt með RS: 1/2008 gerð sú breyting að mál varð að vera „nægilega“ upplýst en í eldri útgáfu fyrirmælanna var krafan orðuð þannig að mál væri

²⁷ Þess ber að geta að minnihluti eftirlitsnefndar með tilraunaverkefningu var mótfallinn því að brotum gegn 106. gr. hgl. gæti verið vísað til sáttamiðlunar. Meðal annars vegna þess að aðeins þriðjungur lögreglumanna sem brotið var gegn á tilraunatímabilinu samþykktu þessa meðferð á meðan brotþolar í öðrum brotaflokkum voru almennt samþykkir sáttamiðlun. Verndarhagsmunir ákvæðisins væru annars eðlis, þ.e. brot gegn valdstjórninni sem slíkri og því ekki hlutverk lögreglumanna að taka afstöðu til sáttamiðlunar og að það skyti skökku við að slík brot færu í þennan farveg þar sem refsiramminn hafi nýlega verið þyngdur. Minnihlutinn lagði til að fyrirmæli ríkissaksóknara yrðu endurskoðuð hvað 106. gr. hgl. varðar (*sjá bls. 29-31 í skýrslu nefndar um tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum*).

²⁸ RS: 1/2006, RS: 1/2008, RS: 7/2009, RS: 1/2011 og RS: 8/2017.

²⁹ RS: 8/2017 og „Skýrsla nefndar um tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum“ (n. 4) 13.

upplýst. Það vafðist fyrir rannsóknarlögreglumönnum hversu vel mál þyrfti að vera upplýst þannig að þau væru tæk til sáttamiðlunar og er nú miðað við þá þumalputtareglu að sé brot játað teljist það almennt nægilega upplýst og tækt til sáttamiðlunar.³⁰

Hefðbundinn ferill máls, eftir að það hefur verið kært til lögreglu, hefst með því að rannsóknari annast frumgreiningu þess og metur hvort það uppfylli fyrrnefnd skilyrði sáttamiðlunar. Að fenginni niðurstöðu um að mál sé tækt til sáttamiðlunar er það sent til ákæranda sem tekur ákvörðun um hvort máli verði komið í þann farveg, en eftir fyrirmælum ríkissaksóknara skal slík ákvörðun liggja fyrir ekki síðar en 30 dögum eftir að mál berst lögreglu. Meti ákærandi málið tækt til sáttamiðlunar er því vísað til sáttamanns til frekari meðferðar. Sáttamaður gengur úr skugga um að aðilar séu enn sáttir við að málið fái þessa meðferð og boðar þá til sáttafundar þegar endanlegt samþykki er fyrirbyggjandi. Áður en að sáttafundi kemur undirbýr sáttamaður aðila undir fundinn, afhendir þeim upplýsingar um sáttamiðlun, gerir þeim nánari grein fyrir því um hvað sáttamiðlun snýst og hvernig sáttafundi verður hagað. Sáttamaður skal ljúka meðferð máls innan þriggja vikna frá því máli er vísað til hans, nema sérstakar ástæður réttlæti lengri málsmeðferðartíma. Takist sátt á fundi er sáttasamningur undirritaður í lok fundar.³¹

Sáttamaður tilkynnir ákæranda um málalok og á grundvelli staðfestingar sáttamanns um efndir sáttasamnings má ákærandi falla frá saksókn á grundvelli b-liðar 3. mgr. 146. gr. sml. og færast það ekki á sakaskrá brotamanns. Að fenginni slíkri tilkynningu sáttamanns skal ákærandi ljúka máli tafarlaust og tilkynna aðilum um málalok samkvæmt 147. gr. sml. Almennt er brotamanni ekki veittur lengri frestur en þrjár mánuðir til þess að efna sáttasamning. Hafi ekki borist tilkynning um vanefndir frá brotaþola innan viku frá efndatíma samnings er litið svo á að hann hafi verið efndur af hálfu brotamanns. Ákæranda ber að taka málið til viðeigandi meðferðar samkvæmt lögum um meðferð sakamála ef sættir takast ekki eða hafi tilkynning um lok

³⁰ sama heimild 13, 32-33.

³¹ sama heimild 14.

sáttameðferðar ekki borist ákæranda innan fjögurra vikna frá því máli var vísað til sáttameðferðar, en þá ber ákæranda að tilkynna það sáttamanni. Teknar voru saman upplýsingar um málsmeðferðartíma sáttamáls en samkvæmt þeim tekur að meðaltali 2 klukkustundir og 53 mínútur að ljúka einu sáttamáli að meðtöldum undirbúningstíma.³²

3.2.2.2 Úrvinnsla og upplifun þátttakenda

Á tímabili tilraunaverkefnisins var samtals 95 málum vísað til sáttamiðlunar. Meirihluti þeirra, 51 mál, voru líkamsárásarmál, 23 mál vegna eignaspjalla, 8 mál vegna brota gegn valdstjórninni, 8 þjófnaðarmál, 4 hótanir og 1 húsbrot. Tekið er fram í skýrslu eftirlitsnefndar með tilraunaverkefninu að tölfræðin miðast við fjölda brota en ekki fjölda mála „sem þýðir að ef háttsemi hefur falið í sér brot á fleiri en einu lagaákvæði, til dæmis ef þjófnaður hefur falið í sér húsbrot og eignaspjöll þá skráist það sem þrjú brot þótt einungis sé um eitt mál að ræða.“ Öllum 95 málum tilraunatímabilsins lauk með sátt, en sáttasamningur var ekki efndur í tveimur tilvikum með þeim afleiðingum að mál fékk hefðbundna meðferð í réttarkerfinu. Ekki var haldin skrá um það hversu margir afþökkuðu boð um sáttamiðlun þegar hún var í boði.³³

Lagðir voru spurningalistar fyrir alla þátttakendur sáttamiðlunar á tilraunatímabilinu, það er brotamenn, brotapolá og aðstandendur þeirra sem tóku þátt. Gerð var veigamikil tölfræðiúrvinnsla úr svörum aðila í skýrslu eftirlitsnefndarinnar sem óþarfi er að rekja í grein þessari. Það vakti þó sérstaka athygli höfundar að 77,5% þátttakenda voru sátt eða mjög sátt með það hvernig tekið var á málum í heild í réttarkerfinu og var afstaða aðila mjög svipuð. Þá voru rúmlega 84% þátttakenda ánægð eða mjög ánægð með niðurstöðu sáttafundar. Það var frekar brotamaður sem var ósáttur eða mjög ósáttur við niðurstöðu sáttafundar eða í 8,6% tilvika samanborið við 4,3% brotapolá og stuðningsaðila. Spurðir um afstöðu sína til þess hvort sáttaaðferðin hafi verið sanngjörn töldu 98% þátttakenda hana hafa verið sanngjarna eða að mestu leyti sanngjarna en einungis lítill hluti

³² sama heimild 15.

³³ sama heimild 16.

brotamanna taldi meðferðina ekkert sérstaklega sanngjarna eða 4,8%. Afstaða til þess hvort sáttasamningurinn hafi verið sanngjarn var nánast sú sama. Rúmlega 88% þátttakenda myndu taka aftur þátt í sáttamiðlun ef tilefni stæði til og 93% myndu mæla með sáttamiðlun við aðra í sömu sporum.³⁴ Að mati höfundar sýna þessar tölur þannig að ekki verður um deilt að sáttamiðlun í sakamálum er árangursríkt og jákvætt úrræði við meðferð sakamála.

3.2.2.3 Helstu niðurstöður skýrslu nefndar um tilraunaverkefnið

Í samantekt eftirlitsnefndarinnar á helstu niðurstöðum tilraunaverkefnisins kemur fram að hún telji að árangur af tilraunaverkefninu hafi verið góður og leggur til að sáttamiðlun verði gerð að varanlegum hluta íslenska réttarkerfisins. Þá leggur meirihluti nefndarinnar til að sömu brot og tilraunaverkefnið náði til verði andlag sáttamiðlunar en á því hefur orðið nokkur breyting líkt og fjallað var um í kafla 3.2.2.1. Nefndin leggur til að breytingar verði gerðar á lögum um meðferð sakamála eða að sérlög verði sett til að festa úrræðið betur í sessi, en líkt og áður kom fram fylgdu drög að lagafrumvarpi um sáttaumleitun í sakamálum með skýrslu nefndar um tilraunaverkefnið Hringinn. Þá lagði nefndin til að sérstök nefnd yrði skipuð til að halda utan um sáttamiðlun og stuðla að framþróun úrræðisins, að áfram yrði haldið með stefnumótun í málefnum ósakhæfra ungmenna, boðið yrði upp á sáttamiðlun á öllum stigum réttarkerfisins, það er á rannsóknarstigi, ákærustigi, fyrir dómstólum og í afplánun. Að lokum lagði nefndin til að sérstökum gagnagrunni yrði komið upp til skráningar sáttamála til að auðvelda eftirfylgni með úrræðinu og mat á árangri þess.³⁵

Það vekur sérstaka athygli hve skamman tíma það tekur að afgreiða eitt sáttamál. Liggur í augum uppi það hagræði sem sáttamiðlun hefur í för með sér fyrir hið opinbera samanborið við hefðbundna meðferð sakamáls. Það er langur vegur frá þeim tæpu þremur klukkustundum sem það tekur einn mann að ljúka sáttamáli til dómsmeðferðar með

³⁴ sama heimild 17-24.

³⁵ sama heimild 6.

tilheyrandi þinghöldum, aðkomu dómara, verjanda, sækjanda og réttargæslumanns.

3.3 Norðurlönd

Fyrst Norðurlandþjóða til að koma á laggirnar sérstöku tilrauna- verkefni um sáttamiðlun var Noregur árið 1981 en Finnar fylgdu í fótspor Norðmanna árið 1983. Nokkru síðar eða á árunum 1993-1994 fóru Svíar og Danir að beita úrræðinu og höfðu reynslu Norðmanna og Finna að leiðarljósi. Tilraunaverkefnið Hringurinn var fyrsti vísirinn að sáttamiðlun á Íslandi. Framkvæmdin er mismunandi eftir löndum en skipan mála og grunngildi eru yfirleitt þau sömu, það er samleiðing brotaþola og brotamanns, beitt í tilvikum minni háttar brota, til styrktar stöðu brotaþola og áhersla á unga gerendur þótt framkvæmdin hafi færst í átt að eldri gerendum. Á öllum Norðurlöndum var farið af stað með tilraunarverkefni í upphafi en sett sérstök lög síðar, fyrir utan Ísland sem notast enn við fyrirmæli ríkissaksóknara og heimild í réttarfarslöggiöf.³⁶

Í Noregi hófst sem fyrr segir tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum árið 1981. Þá var sett á laggirnar sáttaráð í sveitarfélaginu Lier sem hafði aðeins til meðferðar minni háttar mál ungra brotamanna og barna undir sakhæfisaldri. Árið 1991 voru sett sérlög um sáttamiðlun í sakamálum, lög nr. 3/1991 (n. konfliktrádsloven), og samhliða því voru stofnuð sáttaráð í öllum sveitarfélögum landsins. Tilgangur laganna var að setja skýrar reglur um úrræðið og gera það varanlegan hluta af norska refsivörslukerfinu. Í kjölfar brots sem vísað er til sáttamiðlunar koma brotamaður og brotaþoli saman á fundi til að leita lausna og ná sáttum með aðstoð hlutlauss sáttamanns, en þeir eru sjálfboðaliðar sem fengið hafa sérstaka þjálfun til starfars.³⁷ Sáttamiðlun kemur til greina í minniháttar málum sem hefði annars lokið með því að fallið hefði verið frá saksókn, með sektum eða skilorðsbundnum dómi en sáttamiðlunin á sér stað eftir að rannsókn

³⁶ „Skýrsla nefndar um tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum“ (n. 4) 10-11; „Skýrsla nefndar um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna“ (n. 3) 24-25.

³⁷ Betækning 2008 nr. 1501 om Konfliktråd (Justitsministeriet 2008) 11-12.

brots er lokið en áður en dómsmeðferð hefst. Takist skrifleg sátt með aðilum er fallið frá saksókn og brotið er ekki fært inn á sakaskrá brotamanns en að öðrum kosti er málið endursent ákærvaldinu til hefðbundinnar málsmeðferðar.³⁸ Að efninu til er málsmeðferðin í Noregi í öllum meginatriðum sú sama og hér á landi.

Í Finnlandi fór fram tilraunaverkefni í tveimur borgum á árunum 1983–1984. Að tilraun lokinni var ákveðið að gera úrræðið að varanlegum valkosti í minniháttar málum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Fyrir árið 2004 var engin skýr heimild í lögum til að falla frá saksókn eftir að sátt komst á milli aðila, en litið var til þess af ákærvaldinu við ákvörðun um meðferð sakamáls. Með lagabreytingu sem tók gildi í byrjun þess árs var þessi heimild staðfest, en þótt sáttmiðlun hafi borið ávöxt er ekki þar með sagt að fallið verði frá saksókn heldur kann sátt að leiða til refsímildunar eða refsibrottfalls. Það var ekki fyrr en á árinu 2007 að sett voru sérstök lög um sáttamiðlun í Finnlandi.³⁹ Í Svíþjóð voru sett sérlög um sáttamiðlun í sakamálum árið 2002, lög nr. 445/2002 (s. lag om medling med anledning av brott), en tilraunaverkefni hafði þá staðið frá árinu 1999. Lögin eru að miklu leyti byggð á tilmælum Evrópuráðsins nr. R(99)19. Skilyrði þess að máli verði vísað til sáttamiðlunar er að það hafi verið kært til lögreglu, báðir aðilar séu samþykkir þeirri málsmeðferð og að brotamaður hafi játað brotið eða þátttöku í því. Gert er ráð fyrir að sáttamiðlun komi til greina á frumstigum máls með samstarfi lögreglu og sáttamanns. Engin skýr heimild er í sænskum lögum til að falla frá saksókn né milda refsingu hafi komist á sátt með aðilum en ákærvaldinu er heimilt að líta til þess þegar brotamenn hafa axlað ábyrgð á háttsemi sinni og bætt það tjón sem þeir hafa valdið.⁴⁰

Í Danmörku var í tvígang sett á fót tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sáttaráði, á árinu 1994 og svo þremur árum síðar og þá á grundvelli laga nr. 349/1997.⁴¹ Úrræðinu var beitt á grundvelli þeirra laga þar

³⁸ „Skýrsla nefndar um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna“ (n. 3) 27–28.

³⁹ sama heimild 30–31.

⁴⁰ sama heimild 29.

⁴¹ sama heimild 25.

til sérlög voru nýlega sett um sáttaráð, lög nr. 467/2009 (d. Lov om konfliktråd i anledning af en strafbar handling) sem tóku gildi í byrjun árs 2010. Lögin setja ramma utan um sáttamiðlun og heimila ráðherra að móta nánari reglur. Gert er ráð fyrir sáttaráði í öllum lögregluumdæmum. Sáttamiðlun í sáttaráði getur aðeins farið fram hafi brotamaður játað verknaðinn og báðir aðilar samþykkt að taka þátt í sáttaráði. Sáttamaður aðstoðar aðila við að ræða saman um afbrotið og að móta sáttasamning. Sáttamiðlun kemur ekki í stað refsingar eða annarra lögbundinna úrræða vegna afbrota.⁴²

4. Þróun frá árinu 2008

Frá því að tilraunaverkefnið lauk 30. september 2008 hefur úrræðinu um sáttamiðlun í sakamálum áfram verið beitt á grundvelli gildandi fyrirmæla ríkissaksóknara hverju sinni.⁴³ Ráðherra hefur í tvígang verið spurður um stöðu þessara mála af þingmönnum á Alþingi. Í fyrra skiptið, 11. nóvember 2010, beindi Álfheiður Ingadóttir skriflegri fyrirspurn í þremur liðum til þáverandi dómsmála- og mannréttindaráðherra Ögmundar Jónassonar. Var fyrirspurnin svohljóðandi:⁴⁴

1. *Er ráðherra sammála niðurstöðu nefndar um mat á árangri tilraunar með sáttamiðlun í sakamálum og ef svo er, hyggst ráðherra hrinda tillögum nefndarinnar í framkvæmd?*
2. *Telur ráðherra ástæðu til að heimildir til sáttamiðlunar nái til fleiri brotaflokkna en tilraunin tók til?*
3. *Hefur ráðherra hug á að beita sér fyrir því að ákvæði um sáttamiðlun verði tekin upp í lög?*

Stuttu áður en ofangreindri fyrirspurn var beint til ráðherra, nánar til tekið 30. september 2010, sendi ráðherra ríkissaksóknara, ríkislögreglustjóra og félagsmálaráðuneytinu bréf um áframhaldandi framkvæmd sáttamiðlunar í sakamálum, en skriflegt svar ráðherra

⁴² Lov nr. 467/2009 om konfliktråd i anledning af en strafbar handling.

⁴³ „Skýrsla nefndar um tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum“ (n. 4) 26.

⁴⁴ Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 210 - 193 mál.

frá 22. febrúar 2011 við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur er efnislega samhljóða þeim bréfum.

Í svari ráðherra við fyrstu spurningu þingmannsins kemur fram að hann sé sammála því að árangur af tilraunaverkefninu hafi verið góður og með vísan til niðurstaðna nefndarinnar sé það mat ráðherra að sáttamiðlun ætti að geta orðið varanlegur hluti af íslenska réttarkerfinu. Þá segir svo í svari ráðherra:

Því hefur verið beint til ríkissaksóknara að beita úrræðinu áfram, til samræmis við framkvæmd á tilraunatímabilinu, þar á meðal að sömu brot og tilraunaverkefnið náði til verði andlag sáttamiðlunar. Hefur því enn fremur verið beint til ríkissaksóknara að hann kynni fyrirmæli sín um sáttamiðlun að nýju fyrir lögregluumdæmum landsins og hvetji til notkunar á úrræðinu. Með hliðsjón af niðurstöðum nefndarinnar ber að geta þess að stefnumótun í málefnum ósakhæfra ungmenna er utan verkefnasviðs innanríkisráðuneytisins en lokaskýrsla nefndarinnar um tilraunaverkefnið hefur verið send velferðarráðuneytinu til kynningar.

Í svari ráðherra við annarri spurningu þingmannsins kemur fram að ráðherra telji ekki ástæðu til að láta úrræðið ná til fleiri brotaflokka en tilraunaverkefnið tók til. Þá segir í svari við þriðju spurningu að sáttamiðlun hafi lagastöð í b-lið 3. mgr. 146. gr. sml. Það sé ótímabært að ráðast í viddtæka vinnu við laga- og/eða reglugerðarbreytingar á þessu stigi og heppilegra sé að fá meiri reynslu á úrræðið áður en slík vinna hefst. Þá fullyrðir ráðherra að gerð verði úttekt á framkvæmd og nýtingu sáttamiðlunar að tveimur árum liðnum og að þörf á frekari lagabreytingum verði endurmetin í kjölfarið.⁴⁵

Í seinna skiptið, 2. febrúar 2016, beindi þingmaðurinn Helgi Hrafn Gunnarsson fyrirspurn til þáverandi innanríkisráðherra Ólafar Nordal um stöðu sáttamiðlunar í sakamálum.⁴⁶ Í munnlegu svari ráðherra fór hún stuttlega yfir þróun þessa málaflokks frá upphafi tilraunaverkefnisins árið 2006 og benti á að unnt væri að beita sáttamiðlun í sérstökum

⁴⁵ Alþt. 2010–2011, A–deild, þskj. 871 – 193 mál.

⁴⁶ Alþt. 2015–2016, A–deild, þskj. 800 – 503 mál.

tilvikum á grundvelli fyrirmæla ríkissaksóknara nr. 1/2011, frá 1. apríl 2011, sem enn væru í gildi. Þá kom eftirfarandi fram í svari ráðherra:

Samkvæmt upplýsingum frá ríkissaksóknara hefur sáttameðferð verið beitt í um 40 málum á ári að meðaltali frá árinu 2007. Hefur þeim flestum lokið með sátt, eða í um 80% tilfella. Þetta eru þó ekki mörg mál þegar á heildina er litið og hefur óformlegur vinnuhópur sem í sitja fulltrúar lögreglu og ríkissaksóknara rætt hvernig auka mætti veg þessa úrræðis. Sáttamiðlun er, eins og áður sagði, hluti af þeim úrræðum sem unnt er að beita við lausn sakamála og getur verið betri lausn á máli, bæði hvað varðar brotþola og brotamann, en dómur og refsing. Hins vegar hefur ekki verið gerð formleg könnun á því hvernig árangurinn hefur verið af þeim málum sem farið hafa í gegnum sáttamiðlunarferli. Að mínu mati er fullt tilefni til að fara yfir það hver árangurinn af þessu hefur verið og hvaða áhrif það hefur haft bæði á brotþola og brotamann. Í framhaldi af slíkri könnun yrði þá unnt að meta hvort standa ætti að sáttamiðlun á annan hátt en nú er gert og líta til dæmis til nágrannalanda okkar um slíka útfærslu.⁴⁷

Í lok mars 2017 sendi höfundur innanríkisráðuneytinu fyrirspurn um stöðu þessara mála hjá ráðuneytinu og vinnu þess óformlega starfshóps sem innanríkisráðherra vísar til í svari sínu við fyrirspurn þingmanns frá 2. febrúar 2016. Í svari ráðuneytisins segir að ekki verði séð að unnið hafi verið að verkefni við lagasetningu og þess háttar er varðar sáttamiðlum í sakamálum frá því fyrrnefnd bréf ráðuneytisins voru send 30. september 2010, önnur verkefni hafi kallað.⁴⁸ Af öllu því sem fram hefur komið er ljóst að engin framþróun hefur verið í þessum málaflokki frá lokum tilraunaverkefnisins þrátt fyrir háleitar hugmyndir um framtíð úrræðisins í skýrslu nefndar um tilraunaverkefnið. Frá lokum verkefnisins til dagsins í dag hefur beiting sáttamiðlunar staðið ákærendum til boða sem valkostur við meðferð tiltekinna mála á grundvelli gildandi fyrirmæla ríkissaksóknara um sáttamiðlun með stöð í b-lið 3. mgr. 146. gr. sml. til að falla frá saksókn takist sættir og brotamaður efnir sáttasamning fyrir sitt leyti.


⁴⁷ Alþt. 2015–2016, B-deild, 503. mál, 83. fundur (innanríkisráðherra, Ólöf Nordal) skoðað 14. apríl 2017.

⁴⁸ Svar ráðuneytisins til höfundar í tölvupósti (3. apríl 2017).


Með það fyrir augum að afla upplýsinga um umfang sáttamiðlunar í sakamálum frá lokum tilraunaverkefnisins sendi höfundur eftirfarandi fyrirspurn til ríkissaksóknara í lok mars 2017:

1. *Hversu mörgum málum hefur verið vísað til sáttamiðlunar frá 30. september 2008 til dagsins í dag?*
2. *Hversu mörgum málum lauk með sáttum aðila, þannig að fallið var frá saksókn á grundvelli b-liðar 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála, á sama tímabili?*

Í svari embættisins við fyrri spurningunni voru tölulegar upplýsingar úr málaskráningarkerfi lögreglunnar, LÖKE, sem sjá má á neðangreindum súluritum.



Súlurit 1



Súlurit 2

Meðfylgjandi skýringar skrifstofustjóra bera það með sér að skráningu þessara mála í LÖKE er afar áfátt. Í svarinu segir að rétt væri að skrá þau mál sem er lokið með sáttamiðlun þannig að fallið hafi verið frá saksókn. Mál sem hafa þá skráningu ásamt málum þar sem skráð er að sáttasamningur hafi komist á eða að hann hafi verið efndur falla undir flokk mála sem teljast samþykkt. Undir flokk mála sem hefur verið hafnað falla þau mál sem hafa verið skráð þannig að sáttafundi var hafnað, mál fellt niður, máli lokið með dómi, skilorðsbundin ákærufrestun og mál með skráninguna „sáttamiðlun“ en óljóst er um málalok þeirra. Ekki er fært inn sérstaklega hvor aðilinn það er sem hafnar sáttamiðlun og ekki eru til upplýsingar um meðferð mála í kjölfar vanefnda sáttasamnings. Þau mál sem eru skráð ólokin hafa ekki fengið viðhlitandi afgreiðslu í LÖKE kerfinu. Svar við seinni spurninginni var á þá leið að gera mætti ráð fyrir því að flestum samþykktum málum sé lokið á grundvelli b-liðar 3. mgr. 146. gr. sml., en slíkar upplýsingar séu ekki alltaf skráðar.⁴⁹

Tölurnar ber að lesa þannig að samtalan merkir þann fjölda mála sem vísað var í sáttamiðlun á hverju ári. Þar af lauk tileknum fjölda mála með sáttum aðila, og teljast þau samþykkt, en öðrum var hafnað eða er ólokið. Að meðaltali er um það bil 39 málum vísað til sáttamiðlunar árlega og um 30 þeirra er lokið með sátt. Fjöldi mála sem vísað er til sáttamiðlunar hefur farið minnkandi frá árinu 2013, en almennt eru litlar sveiflur í málafjölda milli ára, að undanskildu árinu 2008 en á því ári stóð tilraunaverkefnið um sáttamiðlun í sakamálum sem hæst. Samkvæmt nýjustu tölfræði ákærvaldsins frá árinu 2016 voru 6777 mál afgreidd það árið, þar af var gefin út ákæra í 5620 málum, fallið frá saksókn í 274 málum, 830 mál voru felld niður og ákæru frestað í 53 málum.⁵⁰ Samkvæmt fyrrnefndu svari ríkissaksóknara til höfundar var sáttamiðlun samþykkt í 14 málum það sama ár og samsvarar það um það bil 0,2% allra mála, en 5,1% þeirra mála þar sem fallið var frá saksókn. Ljóst er að sáttamiðlun er mjög sjaldgæft úrræði við meðferð sakamála, en að sjálfsgöðu kemur aðeins til greina að afgreiða tiltekinn hluta allra mála með sáttamiðlun. Því er

⁴⁹ Skrifstofustjóri ríkissaksóknara, tölvupóstur til höfundar (6. apríl 2017).

⁵⁰ „Tölfræði ákærvaldsins 2016“ (n. 8) 6.

vandkvæðum bundið að bera tölur um fjölda mála sem vísað var til sáttamiðlunar saman við heildarfjölda brota þegar ekki liggur fyrir sá fjöldi brota sem hefði komið til greina að vísa til sáttamiðlunar. Aukinn metnaður við skráningu mála í LÖKE kerfi lögreglu væri að mati höfundar til mikilla bóta við mat á framvindu og árangri úrræða líkt og sáttamiðlunar.

5. Niðurlag

„Önnur verkefni hafa kallað“ sagði í svari innanríkisráðuneytisins 3. apríl 2017 þegar leitað var upplýsinga um stöðu sáttamiðlunar í sakamálum. Í stjórnkerfinu er fjöldi mála sem bíður afgreiðslu, enda nánast algilt lögmál að fjármunir eru af skornum skammti og verkefnaálag stjórnsýslunnar jafnan mikið. Það virðist ekki skipta máli þótt allir hlutaðeigandi séu sammála um ágæti sáttamiðlunar í sakamálum, kosti úrræðisins og jákvæðar afleiðingar þess bæði fyrir þolendur og gerendur. Það sýnist heldur engu skipta þótt fjárhagslegur ábati ríkisins sé augljós og ánægja aðila óumdeilanleg. Af hálfu innanríkisráðuneytisins, nú dómsmálaráðuneytisins, hefur málefnið staðið óhreyft frá árinu 2010 og nýjustu tölur benda til þess að beiting úrræðisins fari dvínandi. Það gefur til kynna að í færri málum en áður sé aðilum kynntur þessi valkostur. Skráningu mála í málaskráningarkerfi lögreglunnar er ábótavant eins og úrræðinu er beitt í dag og því nánast ógerlegt að leggja mat á þann fjölda mála sem uppfylla skilyrði sáttamiðlunar. Ætla má að mun fleiri mál en þau sem lokið er með sáttamiðlun komi til greina sem sáttamál og þá blasir við sú staðreynd að fjöldi sambærilegra mála fær mismunandi meðferð. Í því sambandi ber að hafa í huga grundvallarregluna um jafnan rétt að lögum og bann við mismunun sem á sér stoð í 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 33/1944, 14. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Drýgsta leiðin til úrbóta er sú að festa úrræðið betur í sessi, en fram að þeim tíma sem það verður gert – verði það nokkurn tíma gert – er í raun óboðlegt að halda áfram á sömu braut.

Það verður ekki betur séð af skýrslum nefnda um bæði tilraunaverkefnin, svörum ráðherra tveggja ríkisstjórna og bréfum ráðuneytisins frá 2010

en að sáttamiðlun ætti að geta orðið varanlegur hluti af íslenska réttarkerfinu. Á þeim tíma þótti ráðherra þó rétt að nýta úrræðið enn um sinn til samræmis við framkvæmd á tilraunatímabilinu. Það væri ótímabært að leggjast í umfangsmikla vinnu við breytingar á lögum og reglum vegna þess að reynslu skorti. Til stóð að gera úttekt á framkvæmd og nýtingu sáttamiðlunar með það fyrir augum að endurmeta þörfina á lagabreytingum til að festa úrræðið betur í sessi að tveimur árum liðnum frá því að bréf ráðuneytisins voru send. Nú verða brátt liðin átta ár án þess að nokkuð hafi verið aðhafst og handahófskennd beiting úrræðisins er í andarslitrunum.

Hvort sem fjárskortur eða áhugaleysi stjórnvalda veldur þessari stöðnun er ljóst að refsivörslukerfið, þolendur og gerendur, nærsamfélag þeirra, ákærvaldið og dómstólar líða fyrir það stefnuleysi sem einkennt hefur meðferð þessa úrræðis undanfarin ár. Sáttamiðlun í sakamálum er jákvæður og uppbyggilegur kostur við meðferð sakamála sem á skilið aukna athygli stjórnvalda svo að beitingu þessa úrræðis verði þannig fyrir komið að taka verði afstöðu til þess þegar það á við og kynna það jafnt fyrir öllum málsaðilum, hvort sem þeir svo fallast á að fara þá leið eða ekki.

Heimildaskrá

Alþingistíðindi

„Árskýrsla 2013“ (Ríkissaksóknari 2013) <http://www.rikissaksoknari.is/media/arsskyrslur/Rikissaksoknari_2013_Web.pdf> skoðað 3. apríl 2017

„Árskýrsla 2012“ (Ríkissaksóknari 2012) <http://www.rikissaksoknari.is/media/arsskyrslur/Rikissaksoknari_2012_Net.pdf> skoðað 3. apríl 2017

Betækning 2008 nr. 1501 om Konfliktaráð (Justisministeriet 2008)

Bogi Nilsson, „Brot úr sögu ákærvaldsins á Íslandi“ (2011) 61 Tímarit lögfræðinga 147

Fyrirmæli ríkissaksóknara, RS: 1/2006

Fyrirmæli ríkissaksóknara, RS: 1/2008

Fyrirmæli ríkissaksóknara, RS: 7/2009

Fyrirmæli ríkissaksóknara, RS: 1/2011

Fyrirmæli ríkissaksóknara, RS: 8/2017

„Handbook on Restorative Justice Programmes“ (UNODC 2006) <https://www.unodc.org/pdf/criminal_justice/06-56290_Ebook.pdf> skoðað 10. apríl 2017

Innanríkisráðuneytið, tölvupóstur til höfundar (3. apríl 2017)

Johnstone G og Van Ness D W, „The meaning of restorative justice“ í Johnstone G og Van Ness D W (ritstj.), *Handbook of Restorative Justice* (Willan Publishing 2007)

Jón Þór Ólason, „Auga fyrir auga – Markmið refsinga og þróun viðurlagakerfisins“ (2004) 57 Úlfjótur tímarit laganema 201

Lögfræðiorðabók með skýringum. Bókaútgáfan Codex – Lagastofnun Háskóla Íslands 2008

Nils Christie, „Conflicts as Property“ (1977) 17 *The British Journal of Criminology* 1

Símon Sigvaldason, „Nýskipan ákærvalds“ (2011) 61 Tímarit lögfræðinga 179

Skrifstofustjóri ríkissaksóknara, tölvupóstur til höfundar (6. apríl 2017)

„Skýrsla nefndar um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna“ (Dómsmálaráðuneyti 24. apríl 2004) <https://www.innanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/Nyjar_leidir_vegna_afbrota_ungmenna.pdf> skoðað 15. mars 2017

„Skýrsla nefndar um tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamállum“ (Dómsmálaráðuneyti 18. febrúar 2009) <https://www.innanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/Skyrsla_sattamidlun.pdf> skoðað 15. mars 2017

„Tölfraði ákæruvaldsins 2016“ (Ríkissaksóknari 2016) 6 <http://www.rikissaksoknari.is/media/arsskyrslur/Rikissaksoknari_2016_Web.pdf> skoðað 8. febrúar 2018

„Tölfraði ákæruvaldsins 2015“ (Ríkissaksóknari 2015) <http://www.rikissaksoknari.is/media/arsskyrslur/Rikissaksoknari_2015_WEB.pdf> skoðað 3. apríl 2017

„Tölfraði ákæruvaldsins 2014“ (Ríkissaksóknari 2014) <http://www.rikissaksoknari.is/media/arsskyrslur/Rikissaksoknari_2014_lokaWEB.pdf> skoðað 3. apríl 2017

Zehr H og Gohar A, *The Little Book of Restorative Justice* (Good Books 2003)

Lagaskrá

Dönsk lög

Lov nr. 467/2009 om konfliktråd i anledning af en strafbar handling

Íslensk lög

Almenn hegningarlög nr. 19/1940

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

Lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991

Stjórnsýslulög nr. 37/1993

Lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu

Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008

Norsk lög

Lov nr. 3/1991 om megling i konfliktråd (konfliktrådsloven)

Sænsk lög

Lag nr. 445/2002 om medling med anledning av brott

Abstract

Restorative justice is the name of an ideology which advocates a new approach in dealing with criminal offences and their social consequences, and which is centered on achieving reconciliation between the parties to a case following an offence. Mediation in criminal cases is one of the procedures that originate in this ideology that is generally considered as a constructive and progressive alternative to traditional methods of settling disputes.

The topic of this article, entitled „Mediation in Criminal Cases“, is the current state of mediation in criminal cases in the Icelandic criminal justice system, with a special emphasis on the fate of this legal remedy following a two-year pilot project which ended in 2008. The article's second section is a general discussion of restorative justice and traditional criminal proceedings in a historical context. The third section deals with the essence and nature of mediation in criminal cases, discussing its advantages and disadvantages. This section furthermore provides a detailed account of mediation in Iceland since the turn of the century, and an overview of the main findings of a committee report on the aforementioned pilot project and the experiences of its participants. This is followed by a short discussion of the application of this legal remedy in the other Nordic countries. The fourth section chronicles the course of events following the end of the pilot project in 2008 as well as providing an analysis of the answers given by the Minister of Justice to questions from members of parliament about the state of mediation in criminal cases in Iceland, the results of the application of the legal remedy and the government's future policy in this domain. Finally, it includes a review of the answers given by the Ministry of the Interior and the Directorate of Public Prosecutions to questions from the author on the state of these affairs.

The answers from the Ministry of the Interior reveal that no progress has been made in this field since the end of the pilot project – a fact also manifest in the data provided by the Directorate of Public Prosecutions, which clearly demonstrate a decline in the application of the legal remedy from year to year. This indicates that the number

of cases in which mediation could be used vastly exceeds the number of cases actually settled through mediation, revealing the fact that many similar cases are treated differently due to how insufficiently standardized the application of the legal remedy is. In that context, the administration of these cases raises important questions on consistency in criminal procedure in light of the principle of equality before the law. By making mediation a permanent feature of the Icelandic criminal justice system, this legal remedy can be advanced and secured, ensuring that this option is equally available to everyone when appropriate.

LOGOS

REYKJAVÍK • LONDON



9 789979 727507